Einar Arnórsson - Lög Íslands, öll þau, er nú gilda - II. bindi (1924-1927)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Landsbókasafnsins (Íslandssafn).
Ýmsir misalvarlegir blekgallar víðsvegar um prenteintakið.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

II. BINDI, 1.—5. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON

PRÓFESSOR JURIS

REYKJAVÍK

ÚTGEFANDI: EGILL GUTTORMSSON

FELAGSPRENTSMIÐJAN

1924

342.491
Ís1

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR
EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS

II. BINDI

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI: EGILL GUTTORMSSON
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN
1924

Landsbókasafn Íslands

113021

Tilskipun um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir. 1874 5. jan.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — 1. gr. Landshöfðinginn yfir Íslandi getur ákveðið hegningu fyrir minni háttar yfirsjónir, sem fangar þeir, er dæmdir eru í hegningarhúsið í Reykjavík, verða sekir í, ef hann álítur, að þær verði afplánaðar með einhverri af refsingum þeim, sem hér skulu taldar: — a. harðari hegningarvinnu um alt að 8 vikna tima; — b. líkamlegri refsingu, alt að 27 höggum með hnúta-kaðli, kaðal-enda, eða reyrpriki, þá er karlmenn eiga í hlut, sem eru eldri en 18 ára; alt að 18 höggum með reyrpriki, sé þeir frá 15 til 18 ára að aldri, en ef börn eiga í hlut, sem ekki eru eldri en 15 vetra, með alt að 18 vandar-höggum; — c. hegningu við vatn og brauð, alt að þrisvar sinnum 5 dögum, sem skal út tekin í kompu sér, en þess skal samt gætt, sem fyrir er mælt í hinum almennu hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869, 23. gr.; — d. fangelsi sér í kompu, alt að 6 mánuðum, eftir því, sem atvik eru til, annaðhvort án þess að þeim seka leyfist að hafa það, sem hann hefir unnið sér inn með aukavinnu, til þess að fá sér aðra eða meiri fæðu, en ákveðin er, eða án þess hann sé látinn vinna, en samt má ekki beita síðarnefndri hegningu lengur í senn en í mesta lagi 4 vikur, og skal líða á milli minst 1 vika. — 2. gr. Líkamlegri refsingu má eigi beita, fyr en búið er að leita álits læknis um, hvort fanginn geti þolað hana, og skal hún ávalt framkvæmd í viðurvist bæjarfógetans í Reykjavík, en ekki í augsýn hinum föngunum, nema landshöfðingi hafi beinlínis ákveðið það. — Sérhver sá fangi, sem

1871 út tekur slíka refsingu, skal þegar á eftir settur í kompu
5. jan. einn sér til næsta dags. — Það er að öðru leyti vitaskuld, að líkamlegum refsingum verði venjulega ekki beitt, nema það hafi sýnt sig, að vægari aðferð, t. a. m. ofanígjöf eða fangelsi í kompu sér um tíma, hafi verið árangurslaus. — 3. gr. Áliti landshöfðinginn, að afbrotið sé svo saknæmt, að það eigi verði afplánað með nokkurri af þeim refsingum, sem nefndar eru í 1. gr., skal málið ganga til dóms og laga eftir þeim reglum, sem um sakamál gilda, og skal þeim einnig fylgt, ef dómum, sem falla í þessum málum, verður skotið til æðra réttar. — 4. gr. Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir vald til, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 2. gr., að hegna föngunum fyrir yfirsjónir, er lúta að óreglu, með alt að 9 höggum með reyrpriki eða vendi, eða með fangelsi í kompu sér alt að 2 sólarhringum; samt má eigi beita hýðingu með reyrpriki við kvenmenn, sem eru í fangelsi. — 5. gr. Sérhverja hegning, sem samkvæmt þessari tilskipun er beitt við einhvern fanga, skal færa inn í hegningarbók, sem landshöfðingi löggildir, og skal þar jafnframt skýrt frá afbrotinu.

22. júní **Reglur fyrir fangana í hegningarhúsinu í Reykjavík.** (St. B. 2).

24. júní **Reglur fyrir fanga, sem settir eru til gæzlu í fangelsi það, sem sameinað er í hegningarhúsinu í Reykjavík.** (St. B. 9).

3. júlí **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Jóhannesar Kristjánssonar handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða-, Húsavíkur- og Ljósavatns-hreppum.** (LfI. 21. b. 844, St. B. 1875 23).

17. júlí **Rgbr. um útgáfu stjórnartíðinda fyrir Ísland.** (LfI. 21. b. 850).

Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Örums & Wulffs. (St. B. 1875. 24). 1874 18. júlí

Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins níunda í minningu þúsundára hátíðar Íslands, (var í fyrstu staðfest af konungi 7. nóvbr. 1874, en er hér prentuð eins og hún varð við breytingar á 2. grein hennar, er staðfestar voru af konungi 8. júlí 1887). 7. nóv.

1. Styrktarsjóðurinn er stofnaður til þess með árlegum heiðursgjöfum sumpart að veita verðlaun þeim af innbúum landsins, er í landbúnaði, hestarækt, iðnaði, fiskiveiðum, sjóferðum eður verzlun hafa sýnt hina mestu og merkilegustu framtakssemi til að auka og bæta atvinnuvegi þessa, sem miklu skiftir landið, sumpart að hvetja aðra til að vinna að framförum landsins og gerast verðuga hinna sömu verðlauna. — 2. Stofnfé sjóðsins er 8000 krónur, og skal gera þær arðberandi með því að kaupa fyrir þær innritunarskírteini í innritunarbók fjármálaráðgjafans með 3½% ársvöxtum. — Vöxtunum af nefndu fé skal á ári hverju skift í 2 heiðursgjafir, og skulu þær eftir því, sem landshöfðingi nákvæmar ákveður, vera að stærð annaðhvort 140 kr. hvor, eða 180 kr. önnur þeirra en hin 100 kr. — Nú er eitthvert ár enginn álitinn verður nefndra heiðursgjafa, og skal þá leggja upphæð gjafar þeirrar eða gjafa, er eigi hefir verið veitt, við stofnféð og gera hana arðberandi á sama hátt og það. Þá er stofnféð fyrir slíkar viðbætur og vöxtu þá, er sparast á ári hverju, er orðið 10000 krónur, skal hvor hinna árlegu heiðursgjafa nema 175 krónum. — Skyldi styrktarsjóðurinn aukast enn þá meira, skal í hvert sinn, er hann hefir náð 2000 kr., ákveða, hvort verja skuli hinum auknu árlegu vöxtum til þess að hækka ársupphæðir hinna nefndu heiðursgjafa eður til þess að stofna fleiri slíkar gjafir. — 3. Í ágústmánuði árs hvers, í fyrsta sinn 1875, veitir landshöfðinginn yfir Íslandi heiðursgjafir sjóðsins tveimur af þeim íbúum landsins, sem hafa sent honum bónarbréf um, að tillit verði haft til þeirra við veitingu

1871 7. nóv. heiðursgjafanna á ári því, sem spurning er um. Slíku bónarbréfi á að fylgja vottorð 2 áreiðanlegra og heiðvirðra manna um það, sem sagt er í bónarbréfinu, og á að senda bónarbréfin hlutaðeigandi sýslunefnd áleiðis til landshöfðingja, en nefndin lætur álit sitt fylgja þeim. — Skýrslu um veitingu heiðursgjafanna skal birta í hinum íslenzku stjórnartíðindum og á einnig að prenta í þeim hinn árlega reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, en landshöfðinginn semur hann. — 4. Þegar veita á heiðursgjafirnar, skal einkum taka tillit til þess, hvort hlutaðeigandi með aðgerðum þeim, sem verðlaunanna er beiðst fyrir, verulega hefir stuðlað til þess að auka og bæta atvinnuvegi landsins, að svo miklu leyti, sem þessir snerta landbúnað, hestarækt, iðnað, fiskiveiðar, sjóferðir eða verzlun, en jafnframt á að taka tillit til þess, hvort hlutaðeigandi hefir með tilraunum sínum getað bætt eigin hag sinn, samt á þetta atriði að hafa minni þýðingu en hitt. — Sem dæmi þeirra aðgerða, er menn geta búist við að heiðursgjafirnar verði veittar fyrir, skal nefna: — 1. fyrir landbúnað, þegar menn með því að byggja upp jarðir, er hingað til hafa legið í eyði, með umfangsmiklum vatnsveitingum, með ágætri og hagfeldri húsaskipun og byggingu á jörðum sínum, með skynsamri hagnýtingu áburðarefna, með ágætri rækt og umönnun á kúm og sauðfé, með vandaðri meðferð á afrakstri þeirra, með því að stofna umfangsmikið mjólkurbú, með því vandlega að velja skepnur til undaneldis, með friðun á æðarvarpi og öðru þvíliku — ekki að eins hafa bætt einstakar jarðir, en einnig veitt öðrum eftirbreytnisvert dæmi. — 2. fyrir hestarækt, þegar menn með því, að vera vandir í valinu á skepnum til undaneldis, stuðla til þess að varðveita og bæta eiginlegleika þeirra, sem einkennir hið íslenzka hestakyn. — Skyldi sýningar á gráðhestum og merum eður öðrum húsdýrum verða stofnaðar annaðhvort fyrir alt landið eða mikla hluti þess, og verði þeim hagað svo, að ætla megi að þær geti stuðlað til að bæta hestaræktina, getur landshöfðinginn varið

vöxtum sjóðsins eður parti af þeim fyrir eitt ár í senn til verðlauna fyrir hin beztu dýr, sem verða leidd fram til slíkra sýninga. — 3. fyrir iðnað, þegar menn verulega bæta iðnaðar-atvinnu þá, sem þegar á sér stað, eður stofna nýja iðnaðarvegi, sem stuðla að hinum verklegu framförum landsins, þegar menn innleiða betri verkun á einni eða fleiri af aðalvörum landsins. — 4. fyrir fiskiveiðar, þegar menn verulega bæta skip og veiðarfæri, eður meðferðina á sjálfum fiskinum og auka-vörum þeim, sem vinnast af honum o. s. frv. — 5. fyrir sjóferðir og verzlun, þegar menn verulega stuðla til þess, að atvinnuvegir þessir bætist á Íslandi. — Það, sem hér segir að framan, er einungis til greint sem dæmi, en það er skilmáli fyrir að verða aðnjótandi hinna nefndu heiðursgjafa, að hlutaðeigandi hafi fast heimili í landinu sjálfu. Heiðursgjafirnar má veita ekki að eins einstökum mönnum, heldur einnig félögum, sem stuðla til þess, að hinir nefndu atvinnuvegir aukist. Fyrir tilraunir einar til þess, sem um er getið, má ekki búast við, að heiðursgjafirnar verði veittar, fyr en tilraunin hefir náð svo langt, að enginn efi er um þýðingu hennar fyrir framför landsins. 1874 7. nóv.

Auglýsing um verksvið landshöfðingjans yfir Íslandi.[1] — — **4. gr.** — Landshöfðingi[2] veitir ferðaleyfi öllum íslenzkum embættismönnum. — — **8. gr.** Landshöfðingi[3] ákvarðar, hvar hinir íslenzku embættismenn skuli vera búsettir, að svo miklu leyti, sem búsaðar þeirra eigi er fast ákveðinn — — — **14. gr.** Vald það, sem veitt er stiptamtmanni samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, 25. júní 1869, og tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, skal landshöfðingi framkvæma. Hann ákveður fyrir hönd hins opinbera, hvort skjóta skuli sakamálum til hæstaréttar. — 1875 nr. 2 22. febr.

1) Sbr. 9. og 10. gr. Stjskr.
2) Nú ráðherra.
3) Nú ráðherra.

1875 nr. 2 22. febr. — — **15. gr.** Landshöfðinginn — — veitir gjafsókn og önnur leyfisbréf viðvíkjandi málaferlum,[1]) sem áður var falið stiptamtmanni á hendur að gefa út. — — **17. gr.** Landshöfðinginn gefur út samkvæmt tilskipunum þeim, sem um það gilda, eftirfylgjandi kgl. leyfisbréf o. s. frv.: b. leyfisbréf þau til ættleiðingar, sem nefnd eru í konungsúrskurði 13. desbr. 1815, og í konungsúrskurði 23. desbr. 1864. I. 2; — c, uppgjöf þá, eða lækkun á sektum, sem fyrir er mælt um í síðar nefndum úrskurði I., 1, þó því að eins, að sektin fari ekki fram úr 50 kr.

nr. 12 9. okt. **Auglýsing um að konungsúrskurður 18. sept. 1793, viðvíkjandi því, að leggja skuli niður Gufunes-spítala o. fl., sé úr gildi numinn.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins hefir hans hátign konunginum þóknast 7. þ. m. allramildilegast að fallast á, að konungsúrskurður 18. septbr. 1793 viðvíkjandi því, að leggja skuli niður Gufunes-spítala o. fl., skuli úr gildi numinn, þannig, að veitt verði eftirleiðis úr styrktarsjóði þeim, sem stofnaður var með allrahæstum úrskurði 14. marz 1832, samkvæmt reglugerð þeirri um sjóð þennan, sem allramildilegast var staðfest 7. júní s. á.[2]), svo mikið fé til styrktar handa heiðvirðum, öldruðum og fátækum leiguliðum og ekkjum á hinu konunglega jarðagózi í Gullbringusýslu og Mosfellssveit, og ef til kemur annarstaðar í suðuramtinu, sem hinar árlegu tekjur téðs styrktarsjóðs hrökkva til, og að landssjóðurinn leggi til það, sem á vantar, ef hinar árlegu tekjur sjóðsins eigi nægja til þess að greitt verði nú sem stendur að öllu leyti styrktarfé það, sem þegar er veitt samkvæmt hinum gildandi reglum.

nr. 16 15. okt. **Lög um sölu prentsmiðju Íslands í Reykjavík.** (St. A. 82).

---

1) Sbr. 28. gr. hæstaréttarl. $^6/_{10}$ 1919.

2) Á að vera: $^7/_6$ 1833.

Lög um brunamál í Reykjavík.[1])

1875 nr. 20 15. okt.

Vér Chr. IX., o. s. frv., gjörum kunnugt: — **1. gr.** Hver og einn er skyldur til að fara varlega með eld eða ljós, eða hvað annað, sem valdið getur eldsvoða, eða stuðlað til þess, að hann komi upp. Allir húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra, eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sér svo í þessu tilliti, að eigi verði að fundið. Það skal að endingu einnig vera skylda húseiganda, að hafa gætur á því, þegar leiguliðar þeirra eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanrækja það, sem að framan er fyrir mælt, og skulu þeir svo sem unt er koma í veg fyrir eða hindra það. — **2. gr.** Það skal með öllu bannað: — að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hör, hey og hálm og því um líkt við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm; — að reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefir verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður, eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjár- eða hesthús, heyhlöður, loft eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af hálmi, lokarspónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum; — að geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi, og öðru því um líku, nema það sé í kerum úr málmi, steini eða leiri, eða að snara því út fyrr en helt hefir verið á það vatni eður með öðru móti komist hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni; — að hleypa úr skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu; — að kveikja skotelda og tendra blys eða bikhringa, án leyfis lögreglustjórnarinnar; — að kveikja í sorphaugum af eldfimum úrgangi eða öðrum eldfimum hlutum, án leyfis lögreglustjórnarinnar. — **3. gr.** Að nota eldstór, sem fluttar verða úr einum stað í annan og hafðar eru um stundarsakir, á götu og opinberu svæði

1) Sbr. l. nr. 85, $^{22}/_{11}$ 1907.

1875 eður vegi, er að eins leyft með því móti, að þeim varúð-
nr. 20 arreglum sé fylgt, sem settar verða með reglugjörð þeirri,
15. okt. sem bæjarstjórnin semur, sbr. 16. gr. Hið sama er um lýsis- og tólgarbræðslu og tjöru- og bikgjörð, þegar það er gjört undir beru lofti. Í húsum inni má eigi hafa slíkt um hönd á náttarþeli, heldur eingöngu á daginn, og verður þá að viðhafa tilhærilega varúð. — **4. gr.** Að því leyti er snertir reykháfa, ofna og arin, sem eftirleiðis verða upp settir, skulu þær reglur gilda, sem hér segir: — Reykháfar skulu hlaðnir upp rammbyggilega úr tígulsteini eða grjóti og kalki, og vera hvervetna að minsta kosti á þykt við hálfan tígulstein. Þar sem reykháfurinn gengur gegnum bitana og borð, sem lögð eru undir bita, skal að minsta kosti vera 8½ þumlungur milli þeirrar hliðar hans, sem inn veit, og alls viðarins, og má heldur eigi þilja reykháfinn eða klæða hann borðum, eða láta utan um hann veggfóður, sem limt er utan á lista. Reykháfurinn skal hlaðinn annaðhvort frá grundvelli, eða liggja á hvolfi milli tveggja steinveggja, og má með engu móti liggja á bitunum. — Ofna og arin má eigi setja nær timbrinu en að 8 þumlungar séu á milli; skulu þeir standa á undirstöðu, sem hlaðin sé eingöngu úr kalkbundnum steini, eða járni; sé neðst í ofninum grind og því öskudraghvolf í undirstöðunni, og sé ofninn settur á járnundirstöðu, sem er hol innan, skal rétt undir öskudraghvolfið, og að minsta kosti 2 þuml. frá, setja járnþynnu á gólfið, sem fellur að öllu leyti að undirstöðunni innanverðri. Af gólfinu fyrir framan eldstóna skal að minsta kosti 12 þumlunga rúm vera þakið einhverju efni, sem eigi sé eldfimt, og að minsta kosti 6 þumlunga rúm til hliðanna og fyrir aftan eldstóna. Pípur úr ofnum og kamínum skulu ganga inn í steinhlaðna reykháfa, og má eigi vera skemra milli ofnpípnanna og loftsins eða viðarins, en 8 þumlungar. Lokaðar eldstór, sem elda má í (komfúr), má setja á bita, þegar lagt er undir tvöfalt lag af tígulsteinum, sem lagðir eru á flathliðina þannig, að samfestingarnar á neðri steinunum séu þaktar af efri stein-

unum, og járnumgjörð sett í kring, eða annað, sem sé jafnörugt. Að öðru leyti gildir hið sama um þær, sem um ofna og arin. — Brunamálanefndin getur veitt tilslökun í því, sem fyrir er mælt í þessari grein, þegar hún kemst að raun um, að gjörð sé einhver önnur ráðstöfun, sem hamlar eldsvoða. — 5. gr. Sérhver húseigandi hefir ábyrgð á því, að öllum eldstóm í húsum þeirra, og reykháfum, sem úr þeim ganga, sé haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tækan tíma hefir skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða brunamálanefndinni, ef nauðsyn krefur. — Hvað oft hreinsa skuli reykháfa, skal ákveðið af bæjarstjórninni, eftir að hún hefir borið sig saman um það við brunamálanefndina. Sóturum (reykháfa-hreinsöndum) þeim, sem bæjarstjórnin ræður til þess, ber að sjá um hreinsunina fyrir það kaup, sem bæjarstjórnin ákveður með gjaldskrá[1]), og má, ef þörf gjörist, taka það lögtaki. Brunamálanefndin ákveður hinar nákvæmari reglur um störf sótara. — Sótari hefir ábyrgð á því, hvernig hreinsað sé, en það skal vera ábyrgðarhluti eigandans, ef hann tálmar fyrir hreinsuninni, eða með ósönnum skýrslum veldur því, að reykháfar eigi verði hreinsaðir á þeim tímum, sem ákveðið er. — Að hreinsa reykháfa með því að brenna innan úr þeim, er eigi leyft, nema brunamálanefndin leggi á samþykki sitt, og skal þá gæta þeirra varúðarreglna, sem henni finst ástæða til að skipa fyrir um. — Að hreinsaðar séu ofnpípur og reykháfar, sem liggja úr eldstóm, hefir sá ábyrgðina á, sem býr í þeim húsum, er reykháfurinn heyrir til. — 6. gr. Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti, má eigi leggja upp fyrir utan hús, þegar brunamálanefndin álítur, að hætt sé við, að af því geti hlotist eldsvoði. Mikið af við og borðum má að eins hafa fyrir utan hús, á þeim stöðum, þar sem brunamálanefndinni þykir henta, og að öðru leyti skal þeirra skilyrða gætt,

1875 nr. 20 15. okt.

1) Nú lög um bæjargjöld í Reykjavík frá 1924, 6. gr.

1875 nr. 20 15. okt.

sem sett verða í reglugjörð bæjarstjórnarinnar. — **7. gr.** Sérhver sá, sem í húsi hefir forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það upp undir þaki fyrir ofan efstu bitana. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt. — Samt skal það vera leyft, að hafa alt að 4 pd. af púðri í búð, eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum kerum úr pjátri eða eiri. Þeir, sem verzla með púður, skulu tvisvar sinnum á ári skýra slökkviliðsstjóranum frá þeirri verzlun, og skal hann halda sérstaka bók um það, og tvisvar sinnum á ári grenslast eftir, hvort púðrið sé geymt á þann hátt, sem að framan er fyrir mælt, og senda lögreglustjóra ritaða skýrslu um það. Sérhver sá, sem flytur sjóleiðis púður til bæjarins, skal, áður en því er skipað upp, senda brunamálanefndinni ritaða tilkynningu um það, og skal nefndin sjá um, að fylgt sé þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þá er púðrinu er skipað upp. — Verði skotbaðmull, nitroglýserin, dýnamít og þess konar sprengiefni, flutt til bæjarins, má eigi skipa því upp nema með leyfi brunamálanefndarinnar, og skal hún í hverju einstöku tilfelli ákveða, hvernig því skuli skipað upp og hvernig það skuli geymt. — **8. gr.** Birgðir af steinolíu (petroleum), terpentínu og kamfínu og þess konar lýsingar-vökvum, hvort heldur það er um stundarsakir eða að staðaldri, má að eins hafa á þeim stöðum, þar sem brunamálanefndin álítur að eigi geti hlotist af þeim sérstök hætta fyrir eldsvoða. — Þetta gildir samt ekki um minni birgðir en 20 tunnur (3,500 potta), þegar þær eru geymdar í jörð undir húsum, sem enginn býr í, og skulu þar að auki verzlunarmenn og verksmiðir hafa leyfi til að geyma alt að því 800 potta af fyrnefndum efnum í tré-ílátum eða flöskum í sölubúðum og smiðjum, sem eigi liggi ofanjarðar og sé undir húsum, en alt að því 200 potta af hinum sömu efnum í sölu- og smíðahúsum, sem séu ofanjarðar. — Um allar birgðir skal gæta þeirra varúðarreglna, sem sagt er fyrir um í reglugjörð

þeirri, sem getið er að framan, og þar að auki getur brunamálanefndin, þegar sérstaklega til hagar, skipað fyrir um enn ítarlegri varúðarreglur. — **9. gr.** Sérhver sá, sem flytur efni þau, sem getið er um í 7. og 8. gr., til Reykjavíkur, skal láta með fylgja ritaða tilkynningu um, hverjum þau séu ætluð, og skal tilkynning þessi send brunamálanefndinni, áður en það verður leyft að skipa þeim upp. — **10. gr.** Stærri birgðir af áfengum drykkjum, tjöru og brendu en óbleyttu kalki, eru háðar tilsjón brunamálanefndarinnar, og eru þeir, sem hafa birgðir af téðum hlutum, skyldir til að hlýða þeim reglum, sem brunamálanefndin finnur ástæðu til að setja, með tilliti til þess staðar, þar sem þær eru geymdar, stærðar þeirra og þeirra varúðarreglna, sem gæta ber. — **11. gr.** Til þess að byggja verksmiðjur, sem mjög hætt er við að eldsvoði geti komið upp í, á lóð kaupstaðarins, og hafa í þeim iðnað, útheimtist leyfi landshöfðingja, og skal það vera bundið því skilyrði, að þeim varúðarreglum sé fylgt, bæði með tilliti til byggingar verkstaðarins og notkunar hans, sem brunamálanefndin álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir hættu fyrir eldsvoða. Hinar sömu reglur gilda, þegar verksmiðjur þessar eru fluttar og bygðar upp aftur, svo og þegar bygt er við þær, og viðbót þessi að áliti brunamálanefndarinnar er þess eðlis, að hún í meira lagi gjöri verksmiðjuna brunahættari en áður. — Hvenær sem brunamálanefndinni þykir þess við þurfa, má láta menn, sem vit hafa á, rannsaka téðar smiðjur. — Brunamálanefndin gjörir út um það, hvort verksmiðja eða einhver atvinnuvegur komi undir þessa grein. — **12. gr.** Smiðjur trésmiða, stólasmiða, laggara og handiðnamanna, sem fást við trésmíði, skulu vera aðgreindar frá íveruhíbýlum, sem eru áföst við þær, með veggjum, sem eru steinhlaðnir eða reyrlagðir og dregnir kalkhimnu, og þegar íveruhíbýli eru uppi yfir eða undir þess konar smiðjum, skulu loftin í smíðahúsinu eða í herbergjunum, sem undir eru, vera gipsuð. — Úr þess konar smíðahúsum skulu spænir af því, sem smíðað er daglega,

1875 nr. 20 15. okt.

fluttir burt á hverjum degi og látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós. — Hinar nánari reglur til að koma í veg fyrir hættu af bruna í téðum smiðjum, einkum með tilliti til þess, að koma þar fyrir eldstó, og notkun smiðjanna, svo og um geymslu á trjáviði þeim, sem til þeirra heyrir, skulu ákveðnar í fyrnefndri reglugjörð. Um fyrirkomulag á smiðjum skulu hinar nákvæmari reglur ákveðnar í reglugjörð þeirri, sem bæjarstjórnin semur. — **13. gr.** Verksmiðjur, þar sem eldur er hafður, t. a. m. brauðgjörðarhús og ölgjörðarhús o. s. frv., og allar þess konar minni háttar smiðjur, sem, ef stærri væru, yrðu taldar með þeim smíðahúsum, sem eru mjög brunahætt, t. a. m. tólgarbræðsluhús og kertasteypuhús, og önnur þvílík hús, eru háð tilsjón brunamálanefndarinnar, og skal það vera skylt með tilliti til þeirra, að fylgja bæði hinum almennu varúðarreglum, sem ákveðnar verða í nefndri reglugjörð, og hinum sérstaklegu reglum, sem brunamálanefndin álítur nauðsynlegar, til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Í nýjum bakaraofnum skulu ávalt vera tvöföld hvolf. — **14. gr.** Kirkjur, leikhús, gripasýningarhús, skemtistaðir og önnur hús, þar sem margmenni kemur saman í stór húsakynni, eru háð sérstaklegri tilsjón brunamálanefndarinnar. Brunamálanefndin getur sér í lagi krafist þess, að nógu margir útgangar séu á þess konar húsum, og að þeim fylgi slökkvitól þau, sem þörf er á við bruna, svo og, að þar eftir kringumstæðunum sé haldinn brunavörður, þegar húsin eru notuð, alt á kostnað eigandans. — **15. gr.** Allir húseigendur, sem hafa hús sín í ábyrgð kaupstaðarins fyrir eldsvoða, eru skyldir til, auk þeirra slökkvitóla, sem til fengin eru og sem haldið er við á kostnað kaupstaðarins, að útvega á eiginn kostnað slökkvitól þau, sem hér skal getið, og ávalt halda þeim í tilhlýðilegu standi: Eigendur húsa eða margbygginga, sem fengin er ábyrgð fyrir,

er nemur 10,000 kr. og þar fram yfir 1 brunastiga, 1 brunakrókstjaka, 5 brunaskjólur.

er nemur	8,000 kr.	alt að	10,000 kr.	5	brunaskjólur	1875
—	6,000 —	—	8,000 —	4	—	nr. 20
—	4,000 —	—	6,000 —	3	—	15. okt.
—	2,000 —	—	4,000 —	2	—	
minni en	2,000 —			1	—	

— Áhöld þessi skulu ávalt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta né aðra skuld. — Hinar nánari reglur um, að útvega slökkvitól þessi og halda þeim við, verða ákveðnar í nefndri reglugjörð.[1]) — **16. gr.** Reglugjörð sú, sem getið er í lögum þessum, og sem þar að auki skal taka upp í nákvæmari ákvarðanir um það, hverjir sitja eigi í brunamálanefndinni, og um verkahring hennar, skal samin af bæjarstjórninni, og send landshöfðingja til samþyktar.[1]) Virðist honum ísjárvert, að samþykkja reglugjörðina eða einstök atriði í henni, skal hann, áður en hann leggur úrskurð á málið, semja um málið við bæjarstjórnina, og reyna til að koma sér saman við hana um breytingar þær, er hann álítur nauðsynlegar. Engin sú ákvörðun, er hefir kostnaðarauka fyrir bæjarsjóðinn í för með sér, verður tekin upp í reglugjörðina, sé bæjarstjórnin henni mótfallin. Þykist bæjarstjórnin hafa ástæðu til, að kæra yfir úrskurði landshöfðingja, getur hún borið málið upp fyrir ráðgjafanum fyrir Ísland. — **17. gr.** Reglugjörðin skal prentuð á kostnað kaupstaðarins og birt almenningi samkvæmt reglum þeim, sem landshöfðingi setur í því tilliti. — Breytingar á reglugjörðinni og viðaukar við hana skulu gjörðir og birtir á sama hátt og hin upphaflega reglugjörð. — **18. gr.** Það er skylda hvers og eins, sem verður var við, að eldsvoði sé að koma upp, að hefja upp viðvörunarkall. Eigandi húss þess, sem eldur kemur upp í, og sé hann eigi við staddur, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu, hið fyrsta unt er, annast um, að slökkviliðsstjóranum og lögreglustjóranum verði sagt til um brunann. — **19. gr.** Hver og einn skal, þá er bruni

1) Reglugj. 83, $^{24}/_{6}$ 1913, 5. gr.

1875 nr. 20 15. okt.

kemur upp í húsi hans eða híbýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má hann eigi af þessari sök láta það hjá líða, að segja til um brunann, eins og fyrir er mælt í næstu grein á undan. — 20. gr. Sérhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa slökkviliðinu að komast að húsi sínu og lóð sinni með sprautur og önnur áhöld, og láta sér það lynda, að það verði gjört með því að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er. — Eigi heldur getur neinn bannað það, að bygging sem hann á, verði rifin, ef brunamálanefndinni eða, þegar brýn nauðsyn ber til, sá, sem stendur fyrir því að slökkva brunann, álítur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins. — 21. gr. Það tjón, sem hlýzt af ráðstöfunum þeim, sem getið er í greininni á undan, verður skoðað sem brunatjón, og svo framarlega sem hlutir, er brunabótaábyrgð eigi er fengin fyrir, verða fyrir því, skal brunastjórnin greiða skaðabætur fyrir. — Sá, sem vill krefjast skaðabóta hjá brunastjórninni fyrir slíkt tjón, skal, svo fljótt auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga frá því, að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir bæjarfógeta, sem þar á eftir sér um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unt er í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara, til þess að meta brunatjónið á eignum þeim, sem ábyrgð fyrir eldsvoða er fengin fyrir, og að öðrum kosti með því, að láta tvo menn, sem sérstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. — Þeir menn, sem til þessa eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin lengur yfir en 8 klukkustundir, fá þeir fæðispeninga fyrir 2 daga; skulu þeir greiddir af brunastjórninni. — 22. gr. Það er skylda hvers og eins, þegar eldsvoði verður, að láta þá aðstoð í té, til þess að slökkva eldinn, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórnin krefst þess, hvort heldur með því, að hann sjálfur leggur verk til, eður hann lætur af hendi við slökkviliðsstjórnina vatnsforða, slökkvitól, hesta, vagna eða aðra hluti.

Fyrir þær skemdir, sem áhöld þau og hlutir, sem notað- 1875
ir hafa verið, kynnu að verða fyrir við það, getur hlutað- nr. 20
eigandi heimtað skaðabætur af slökkviliðsstjórninni. — 15. okt.
23. gr. Enginn má við eldsvoða undir nokkru yfirskyni ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess, að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar eða slökkviliðsstjórnarinnar um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Sérhver sá, sem verður brotlegur í því, skal þegar tekinn fastur. — **24. gr.** Enginn má við eldsvoða, nema slökkviliðsstjórnin leyfi það, kasta hlutum út úr húsum eða gluggum ofan á stræti, torg eða í húsgarða, þar sem slökkviliðið er við starf sitt, eða menn fyrir. — **25. gr.** Með húsum þeim, sem eru svo skamt frá brunanum, að hætt sé við, að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eftirlit, og skal hann þar að auki gjöra alt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tækan tíma skýra slökkviliðsstjórninni frá, ef hætta vofir yfir. — **26. gr.** Enginn getur meinað brunamálanefndinni eða þeim, sem eru út sendir af henni, inngöngu á lóð sína eða í hús sitt, þegar þeir koma til að halda rannsóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og er sérhver húseigandi skyldur til að sýna fram slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafist af brunamálanefndinni eða þeim, sem hún hefir út sent. — **27. gr.** Skipanir þær og forboð þau, sem út ganga frá brunamálanefndinni, til þess því verði fullnægt, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, skulu, þegar þess verður krafist af þeim, er skipunin eða forboðið á við, vera bygð á áliti, sem rök séu leidd að um það, hvernig kringumstæðunum á þeim stað er varið, hvort þær séu þannig, að hætt sé við eldsvoða, og hvort nauðsyn sé til, að gjöra breytingu á því, og skal þá einnig eftir því, sem á stendur, skýrt frá, hvernig það skuli gjört. — Úrskurði bruna-

1875 málanefndarinnar má bera undir landshöfðingja, en
nr. 20 enginn getur með því að bera sig upp við landshöfð-
15. okt. ingja, komið sér hjá að hlýða úrskurði brunamála-
nefndarinnar í bráð. — **28. gr.** Með afbrot gegn lög-
um þessum, að svo miklu leyti sem þau eigi koma und-
ir hin almennu hegningarlög, svo og brot gegn reglu-
gjörðinni um brunamál kaupstaðarins, og þeim skip-
unum og forboðum, sem út eru gengin frá brunamála-
nefndinni, skal farið sem opinber lögreglumál, og
liggja sektir við, sem séu alt að því 200 krónur, eða
einfalt fangelsi í alt að því 2 mánuði. Sektirnar renna
í sjóð kaupstaðarins. — **29. gr.** Í þeim málum, sem
hafin verða gegn einhverjum út af því, að hann eigi
hafi hlýðnast skipunum eða forboðum brunamála-
nefndarinnar, skal með dóminum beita þeirri venju-
legu þvingun, sem lög leyfa. Álíti brunamálanefndin,
að eitthvað sé eftir ásigkomulagi sínu svo brunahætt,
að gjöra skuli breytingu á því þegar í stað, til þess al-
menningi eigi sé nein hætta búin af því, og ef sá, sem
hlut á að máli, eigi þegar í stað hlýðnast því, sem hon-
um verður lagt fyrir í því tilliti, skal lögreglustjórnin
skyld til, eftir beiðni brunamálanefndarinnar og á henn-
ar ábyrgð, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf,
með því að beita beinlínis valdi sínu. — **30. gr.**[1])
Landshöfðingi skal hafa heimild til, að gjöra breyting-
ar þær á þeim reglum, sem snerta lögreglustjórn á
brunamálum, og viðauka þá við þær, sem reynslan sýn-
ir að þörf sé á, og skal þá í hvert skifti gefa út um það
almenna auglýsingu. — **31. gr.** Lög þessi öðlast gildi
1. janúar 1876.

nr. 21 **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Blönduós í**
15. okt. **Húnavatnssýslu.** (St. A. 110).

---

1) Sbr. reglugj. nr. 83, $^{24}/_{6}$ 1913.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Vestdalseyri við Seyðisfjörð. (St. A. 116). . 1875 nr. 24 12. nóv.

Lög um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefir inni að halda. nr. 29 17. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Þegar úttektir þær á brauðum, sem getið er um í tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, fara fram, skal það vera undir prófastinum komið, hvort og að hve miklu leyti gjörðin skuli ná til lénsjarðanna og kirkjujarðanna;[1]) þó skal presturinn, sem við tekur, hafa rétt á að heimta, að úttekt sé gjörð, enda þótt prófasti virðist hún óþörf, en þá skal hann einsamall greiða kostnaðinn, sem af því rís, nema því að eins, að presturinn, sem fer frá, hafi vanhirt að gjöra tilhlýðilegan skriflegan samning um bygging á jörðinni, enda þótt honum hafi verið gjört það að skyldu, eða ef sú raun verður á, að kirkjujörð sé leigð þeim ábúanda, sem eigi sé fullveðja fyrir ábúð jarðarinnar. — Þegar taka skal út lénsjörð eða kirkjujörð, sem er í öðru prófastsdæmi, skal prófastur skýra biskupi frá því, og skal hann þá fela prófastinum í því prófastsdæmi, þar sem jörðin er, að framkvæma gjörðina. — **2. gr.** Fyrir téðar úttektir skal auk ferðakostnaðar eftir reikningi ennfremur gjalda prófasti í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem hann gjörðarinnar vegna er fjarverandi frá heimili sínu. Skoðunarmönnum þeim, eða yfirskoðunarmönnum, sem nefndir eru í tilsk. 24. júlí 1789, 3. og 4. gr., skal borga 2 kr. hverjum um hvern dag, sem þeir eru við gjörðina.[2]) Þegar til taka á fæðispening-

1) Sjá l. nr. 45, $^{16}/_{11}$ 1907, 8.—11. gr.
2) Sbr. l. nr. 64, $^{14}/_{11}$ 1917, 6. og 7. gr.

1875 nr. 29 17. des. ana og ákveða endurgjaldið fyrir ferðakostnaðinn, skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í aukareglugjörð fyrir réttarins þjóna á Íslandi, 10. septbr. 1830, 15. og 16. gr.[1]) — Fyrnefndan kostnað skal greiða á þann hátt, sem ákveðið er í 6. gr. áðurnefndrar tilskipunar, þannig, að presturinn, sem fer frá, og presturinn, sem tekur við, borgi sinn helminginn hvor, en samt með þeirri tilbreytingu, er leiðir af því, sem fyrir er mælt í 1. gr. hér að framan.

1876 nr. 2 14. jan. **Lög um skipströnd.**[2])

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Hver sem verður var við, að hafskip sé í hættu, eða strandað góz reki á land, er skyldur að gjöra alt það, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og gózi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra frá óförum þeim, sem orðið hafa, eða óttast má. — **2. gr.** Nú verður skipreiki, og skal hreppstjóri tafarlaust skýra lögreglustjóra frá. Til þess má hafa skyndiboða, og greiðist honum borgun af gózi því, sem bjargað verður. Lögreglustjóri skal skýra amtmanni frá skipbroti með fyrstu ferð. — **3. gr.** Skyldur er lögreglustjóri að fara þegar í stað þangað, sem skipreiki hefir orðið, og skipa fyrir um björgun; skal hann og vera einlægt við, meðan verið er að bjarga, og bóki hann alt það, er gjörist. — Nú getur lögreglustjóri eigi farið vegna sjúkleika, eða embættisanna, og skal hann þegar í stað senda mann í umboði sínu, er framkvæmi störf þau, er honum ber að leysa af hendi, þangað til hann sjálfur getur komið; enda ábyrgist hann það, er umboðsmaður hans gjörir. — Hreppstjóri er skyldur að gjöra, fyrir hönd lögreglustjóra, allar þær ráðstafanir, sem kostur er á, til þess að bjarga hinu strandaða skipi, mönnum eða gózi, þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kem-

1) Sbr. l. nr. 2, $^2/_2$ 1894, 4. gr.
2) Sjá l. nr. 18, $^2/_{11}$ 1914.

ur til. Slíkt er og skylda annara, sem við eru staddir, þar til hreppstjóri kemur; en ávalt skal gæta þess, að ekkert sé gjört, er varni valdsmanni, þá er hann kemur, að rannsaka málið, og fá vissu fyrir, að engu sé spilt eða týnt. — **4. gr.** Nú rekur brot af skipi, sem orðið hefir fyrir tjóni annarstaðar, eða nokkuð af farmi þess, og skal hreppstjóri skýra lögreglustjóra frá því hið fyrsta, en eigi má hafa skyndiboð til þess, nema stórt vogrek sé á land rekið, svo að auðsætt sé, að það geti borið kostnað þann, er þar af leiði. Lögreglustjóri ákveður, hvort nauðsyn beri til, að hann fari sjálfur á rekafjöru, en að öðrum kosti segir hann fyrir um það, hvernig fara skuli með vogrekið. Hreppstjóri skal gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að bjarga vogrekunum, þangað til sýslumaður kemur, eða tilkynnir fyrirskipanir sínar. Sýslumaður skal með næstu póstferð skýra amtmanni frá vogrekum. — **5. gr.** Nú er skipstjóri eða annar, sem er í hans stað, við staddur, og má enginn, undir því yfirskyni, að veita honum hjálp, bjarga nokkru móti vilja hans. En ef hjálpar er leitað, annaðhvort með merki eða á annan hátt, skal hún mótmælalaust í té látin. Þó verður það enn að vera undir skipstjóra komið, hvort hann vilji semja um björgun við einstaka menn (8. gr.), eða fela valdsmanni að annast um hana. Sömuleiðis geta réttir eigendur, hvenær sem vera skal, látið afhenda sér skip það og góz, sem bjargað er, ef þeir eða umboðsmenn þeirra annaðhvort ná samkomulagi við hlutaðeigendur um bjarglaun og kostnað, eða ef lögreglustjóri álítur, að nægilegt sé boðið, og nægt veð verður sett til tryggingar því, að það verði goldið jafnskjótt sem hlutaðeigendur vilja taka við því. — **6. gr.** Skyldir eru allir verkfærir alþýðumenn að vinna að björgun, þegar hreppstjóri eða lögreglustjóri kveður þá til þess. Nú er maður hjú annars manns, og skal húsbóndi skyldur að ljá hann, er hann er þar til kvaddur. Svo skulu og þeir, sem eiga báta, hesta og áhöld, sem á þarf að

1876 nr. 2 14. jan.

1876 nr. 2 14. jan.

halda við björgunina, vera skyldir að láta það alt í té, er þeir eru til þess kvaddir. — **7. gr.**[1]) — — — **8. gr.**[2]) — — — Eigi má fresta björgun, þótt mönnum komi eigi saman um bjarglaunin, og skal tafarlaust láta í té þá hjálp, sem kostur er á, enda skal þá ákveða bjarglaunin samkvæmt 7. gr., ef eigi verði síðan gjörður samningur. — **9. gr.** Nú hefir eigi verið gjörður neinn löglegur samningur um björgun, og skal þá valdsmaður sjá um, að alt sem gjört verður til að bjarga skipshöfninni, skipi og gózi, sé unnið svo fljótt, sem verða má, og á þann hátt, sem bezt hentar eftir atvikum. Séu líkur til, að skipinu verði komið af grunni og það gjört haffært, skal valdsmaður og bjargendur kosta kapps um, að svo megi verða. Verði þessu eigi við komið, skal fyrst og fremst bjarga öllum skipsskjölum og varðveita þau. Af gózi skal einkum fyrst bjarga því, sem mest er vert. Muni þá, sem bjargað verður, skal flytja þangað, er eigi sé hætt við, að þá taki út. Til þess að varðveita gózið, getur valdsmaður heimtað, að látin séu í té hús einstakra manna, sem annaðhvort eru auð eða þeir mega án vera og eigi geta skemst við slíka notkun. Ef mönnum semur eigi um húsaleigu, skal ákveða hana á sama hátt sem annan bjargkostnað (7. gr.). Ef bjargað góz eigi verður varðveitt á þenna hátt, skal setja áreiðanlegan vörð, til þess því eigi verði stolið eða spilt. Þegar ráða skal varðmenn, verður þó að sýna tilhlýðilega sparsemi, eins og við sérhverja aðra ráðstöfun, sem til björgunar kemur. — **10. gr.** Ef skipbrotsmenn geta eigi sjálfir útvegað sér við sanngjörnu verði húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal hæfilega aðhjúkrun á sjúkum, skal valdsmaður hlutast til um, að þeim verði komið fyrir og útvegað það, sem þeir við þurfa, við sanngjörnu verði, og kveður hann á um það. Valds-

---

1) L. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, X. kap. sbr. 281. gr.
2) L. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, X. kap. sbr. 281. gr.

maður sér um greftrun dáinna skipverja, og skal gjöra hana með svo mikilli sparsemi, sem verða má, ef ekki er annað fyrir höndum til þess, en það, sem bjargað hefir verið, og skipstjóri og aðrir, sem hlut eiga að máli, ekki heimta, að útförin sé gjörð nokkuð viðhafnarmeiri, enda greiði þeir sjálfir kostnaðaraukann við hana. — Svo skal og valdsmaður sjá um, að skipbrotsmönnum veitist fararbeini heimleiðis, er þeir mega frá strandi hverfa, og þeir hafa eigi sjálfir fararbeina. Geti skipbrotsmenn eigi þegar komist heim, annaðhvort vegna árstíma, eða fyrir aðrar sakir, og eigi er þar í nánd umboðsmaður hinnar útlendu þjóðar, sem þeir eru af, né nokkur sá, er geti tekið þá að sér, skal lögreglustjóri sjá um, að þeim verði komið fyrir í bráð. Ef það, sem bjargað er, hrökkur eigi fyrir öllum kostnaði, má eftir ósk lögreglustjóra greiða það, sem á vantar, úr landssjóði til bráðabirgða, mót endurgjaldi frá réttum hlutaðeigendum. — **11. gr.** Strandbókin, sem lögreglustjóri skal rita í samkvæmt 3. gr., skal bera með sér dag og stund, er honum var skýrt frá strandinu, hver hafi fært honum fregn um það, og dag og klukkustund, er hann samkvæmt henni hafi komið til strandsins. Svo skal og þar skýra frá, hvar skipið og gózið var, og frá ásigkomulagi þess, þegar hann kom að, hvort skipstjóri, skipverjar eða farþegar hafi verið á skipi, og skal greina nöfn þeirra. Próf skal og halda yfir þeim, sem hlut eiga að máli, og bóka, hvenær og hvar fyrst varð vart við strandið, og hvað því hafi valdið; og enn alt annað, sem getur leitt í ljós aðgjörðir þeirra, sem hlut eiga að máli, eða það, hver skipið eigi og hvað um mennina hafi orðið, sem á skipinu voru, o. s. frv. Enn skal bóka skýrslu um, hverjar ráðstafanir gjörðar hafa verið til þess að bjarga, áður en lögreglustjóri kom til, t. a. m. hve margir menn hafi verið fengnir til að bjarga og halda vörð, hverjir bátar og önnur áhöld hafi verið við höfð o. s. frv. Svo skal og bóka ályktanir þær, sem lögreglustjóri gjörir, til

1876 nr. 2 14. jan.

1876 nr. 2 14. jan.

þess að koma björgun við eða halda henni áfram. Skrifa skal og upp allt það góz, sem bjargað er, og skýra frá því svo nákvæmlega, sem unt er. Að endingu skal getið alls þess í strandbókinni, sem fram fer og annaðhvort getur haft áhrif á réttindi eigenda og bjargenda sin á milli, eða orðið ábyrgðarhluti einhvers. — Lögreglustjóri skal hafa svo nákvæmt eftirlit, sem verða má, með því, að flutt verði burt það, sem bjargað er, því fengin geymsla og það varðveitt eftir ráðstöfun hans. Leiki grunur á, að nokkuð hafi glatast af því, sem bjargað er, eða sætt illri meðferð, skal rita bráðabirgða rannsóknir um þetta í strandbókina. Í hana skal einnig rita skýrslu um það, sem fram hefir farið til fullnustu því, sem fyrirskipað er í 8. gr., og, ef gjörður er björgunarsamningur, skal geta þess. — 12. gr. Hafa má hina venjulegu lögreglubók til gjörða þeirra, sem að framan eru nefndar, en sé hún eigi við, má búa til sérstaka bók til afnota við einstakt strand. Í bók þessa skal lögreglustjóri sjálfur rita blaðsíðutal, gegnum-draga hana og innsigla, og skal síðan senda amtmanni hana, til þess hann rannsaki hana og riti á hana vottorð sitt. — Í hvert skifti, sem hætt er að bóka, skal eigi að eins lögreglustjóri rita nafn sitt undir hið bókaða, heldur einnig skipstjóri, hreppstjóri og tveir hinir helztu af bjargendum. Svo skulu og einnig vottar þeir skrifa undir, sem verið hafa viðstaddir við rannsóknir þær, sem gjörðar hafa verið, til þess að komast fyrir afbrot þau, sem orðið hafa. Ef lögreglustjóri og skipstjóri, eða sá, sem er fyrir hans hönd, ekki geta skilið hvor annan, skal, ef því verður við komið, hafa tvo lögfasta votta, sem kunni mál þeirra, og skulu þeir vera túlkar, enda riti þeir nöfn sín undir bókina. Bókina skal lesa upp greinilega, svo öllum hlutaðeigöndum gefist kostur á að heyra, áður en skrifað er undir hana. — Strandgjörðina má eigi leiða til lykta, fyr en búið er að spyrja alla, sem hlut eiga að máli, hvort þeir viti af nokkru, sem óbjargað sé, og lögreglustjór-

inn sjálfur hefir ritað vottorð sitt í bókina um, að hann hafi ekki getað fundið neitt annað, sem bjarga skyldi, en það, sem nefnt er í gjörðinni. — **13. gr.** Lögreglustjóri hefir rétt til, að vísa burt öllum þeim mönnum, sem enga hlutdeild eiga í björgun eða gæzlu á hinu strandaða gózi, og að öðru leyti eru óviðriðnir strandið. Svo skal hann og vísa burt þeim bjargöndum, sem gjöra sig óhæfa til þess starfs sökum ofdrykkju, óspekta eða ótrúmensku. Taka skal þá fasta, sem eigi vilja fara með góðu, er þeim er vísað burt, enda skal slíkur mótþrói varða þeim ábyrgð (sbr. 29. gr. c.). Lögreglustjóri sker úr öllum þrætum, sem rísa af framkvæmdunum við björgunina, og skal hann síðar bóka úrskurð þann, sem hann kveður upp munnlega. — **14. gr.** Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau og drykkjarföng, sem skemst hafa, og, ef til vill kynnu að vera skaðvæn fyrir heilsu manna, verði rannsökuð, annaðhvort af næsta héraðslækni, eða, ef hann getur ekki komið, af tveimur mönnum, sem vit hafa á. Skulu þeir þá láta uppi álit sitt um, hvort nota megi vörurnar að eins með tilteknum sérstaklegum skilyrðum, eða hafa þær til einhverra sérstakra afnota, án þess að skaði hljótist af; og, ef svo er, má að eins selja vörurnar með því skilyrði, að það verði gjört kaupöndum að skyldu, að verja þeim ekki til annars. Skal lögreglustjóri sjá um, að þessu verði hlýtt, og sé brotið gegn því, skal hegna þeim, sem hlut eiga að máli, með því að gjöra vörurnar upptækar og eftir atvikum með hæfilegri sekt, sem rennur í landssjóð. Verði vörurnar ekki gjörðar upptækar, skal dæma þann, sem hlut á að máli, í sekt, er að því skapi sé meiri, og fellur hún til landssjóðs.. Nú eru vörur svo spiltar, að heilsu manna sé hætta búin, ef nýttar eru, og skal ónýta þær undir umsjón lögreglustjóra sjálfs, eða eftir boði hans með umsjón tveggja áreiðanlegra manna, sem hann skipar til þess. — **15. gr.** Nú er grunsemd um, að næm sótt flytjist inn í landið með skipbrotsmönnum, eða

1876 nr. 2 14. jan.

1876 nr. 2 14. jan.

strönduðu gózi, og skal lögreglustjóri sjá um, að farið sé eftir lögum þeim og reglum, sem sett eru um sóttvarnir.[1]) — **16. gr.** Séu vínföng eða aðrar vörur, sem toll skal af greiða að lögum, meðal þess, sem bjargað er, skal lögreglustjóri sjá um, að tollur verði goldinn af þeim.[2]) — **17. gr.** Sé annað hvort, að góz, sem bjarg að er, skemmist, ef það er geymt, eða líkindi séu til, að það annara hluta vegna falli svo mjög í verði, ef geymt er, eða geymslan hafi svo mikinn kostnað í för með sér, að það sé óhagur fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að gózið sé geymt, skal selja það við opinbert uppboð svo fljótt sem verða má. — Svo má og selja við aukauppboð nokkurn hluta af því, sem bjargað er, til þess að útvega það fé, sem til útgjalda þarf, er eigi verður frestað, ef eigi fæst fé að láni, eða að eins með svo miklum afarkostum, að öllum hlutaðeigendum sé það meiri hagur, að féð verði útvegað með slíku uppboði. Skal helzt taka til þess þær vörur, sem mestur kostnaður yrði við að geyma. — Jafnskjótt sem búið er að bjarga, skal selja alt bjargað góz á uppboðsþingi, nema sá, sem komið hefir fram með heimildir sínar fyrir því, að hann að réttu eigi hlut að máli, heimti, að sér sé fengið það í hendur með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í 5. gr., og skal ával leita atkvæða hans um það. — **18. gr.** Lögreglustjóri skal gjöra allar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að halda uppboðið, og skal gjöra þær þannig, að vænta megi, að gózið verði selt við sem mestu verði; enda skal líta á atvik öll í hvert skifti. Hann skal þannig sjá um, að uppboðið verði vandlega birt þeim, sem í grend búa, og í sveitum þeim, sem vænta má að uppboðsþingið verði sótt frá. Sé um mikið góz eða skip að ræða, skal birta uppboðið á verzlunarstöðum þeim, sem í grend eru. Lögreglustjóri skal ennfremur semja uppboðsskilmál-

---

1) Sbr. l. nr. 34, $^{6}/_{11}$ 1902.
2) Sbr. l. nr. 91, $^{14}/_{11}$ 1909, 6. gr.

ana, og skulu þeir vera svo, að þeir fæli engan frá kaupi. Eigi má leggja neinn þann kostnað á kaupendur, að ekki sé nákvæmlega skýrt frá, hve mikill sé. Svo skal og setja gjaldfrestinn eins og venja er í hverju lögsagnarumdæmi, og má hann eigi vera skemri en 14 dagar. Rétt er að lögreglustjóri annist um gjaldheimtu, ella feli hana öðrum skilvísum manni, nema eigandi eða umboðsmaður hans kjósi annan gjaldheimtumann. Eigi má gjaldheimtumaður heimta meira en 4% að launum, en hálfu minna, ef goldið er þegar við hamarshögg. — Lögreglustjóri skal leita atkvæðis skipstjóra, eður umboðsmanns eiganda eður annara hlutaðeigenda, um það, hve nær uppboðið skuli halda, um birtingu uppboðsins og uppboðsskilmála. Skal lögreglustjóri taka atkvæði þetta til greina sem mest má verða eftir atvikum, og einkum gæta þess, hvernig það geti farið saman við hag hlutaðeigenda, t. a. m. þeirra er bjarga. — Þessa skal og valdsmaður gæta ávalt í úrskurðum sínum, sem framast má verða, þegar skipbrot verða. — **19. gr.** Eigi það ríki, sem hið strandaða skip er frá, umboðsmann á landi hér, skal hann, ef enginn annar er við, sem fult umboð hefir fyrir alla, sem hlut eiga að máli, hafa heimild til að vera sjálfur viðstaddur, eða fulltrúi hans, þegar verið er að bjarga, til þess að gæta þar gagns hlutaðeiganda, og láta í ljós álit sitt um ráðstafanir þær, sem kynnu að vera hagfeldar í því efni. — Sama rétt á sá, sem sannar heimildir sínar til þess að vera erindsreki strandbótafélags þess, sem tekið hefir hið strandaða skip eða góz í ábyrgð. — **20. gr.** Jafnskjótt og uppboð er haldið á því, sem bjargað er, skal lögreglustjóri þegar semja reikning um strandið, og leggja hann fram í aukarétti, svo hlutaðeigendum gjörist kostur á, að kveða upp álit sitt um hann. Skal síðan tafarlaust, og áður uppboðsandvirði sé greitt, senda amtmanni reikning þenna tvíritaðan með fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar. Senda skal og eftirrit af sölubókinni, sjóferðaprófinu, gjörðabók-

1876 nr. 2 14. jan.

inni um strandið og björgunina, svo og skipsskjöl þau, sem bjargað er, og önnur þess konar skjöl. — Amtmaður skal, er hann hefir lagt úrskurð á strandreikninginn, senda hann hlutaðeigandi umboðsmanni, ef skipið er frá riki því, er á slíkan umboðsmann hér á landi, eða útgjörðarmanninum, eða öðrum, sem eftir löglega gjörðum skiptapajöfnuði verða álitnir réttir aðilar, og eigi þeir heimili á Íslandi eða í Danmörku; en landshöfðingja ella beina leið, ásamt öllum skjölum um strandið, sem nefnd eru að framan, og skal amtmaður jafnframt skýra frá, hve nær vænta megi, að hann geti sent andvirði skipbrotsgózins, að kostnaði frá dregnum. Skal amtmaður setja lögreglustjóra frest til þess að gjöra skil eftir reikningi þeim, er hann hefir gjört. Sé frestur sá að öllum jafnaði eigi lengri en 4 vikur frá eindaga uppboðsgjaldsins; og skal amtmaður hafa gætur á, að eigi dragist greiðslan lengur, en hann hefir ákveðið. — **21. gr.** Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans skal hafa 6 kr. í fæðispeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjarverandi frá heimili sínu, að uppboðsdögunum einum undanskildum. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 kr.) þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni, til þess að skipa fyrir um björgun, lengur en 8 stundir; en þar með má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, ferðakostnað að heiman og heim, eins og fyrir er mælt í reglugjörð 10. september 1830, 16. gr.[1]) — Lögreglustjóri fær 8 kr. fyrir sjóferðapróf það, sem halda skal, þegar lifandi menn fylgja skipi eða gózi, til skýrslu um, hvernig strandið hafi að borið og hvað því hafi valdið, svo og fyrir próf það, er taka skal og senda amtmanni, þegar allir skipverjar hafa týnzt, til nákvæmari skýrslu um atvik við

---

1) Sjá l. nr. 2, $^{2}/_{2}$ 1894, 6. gr.

skipbrotið. Lögreglustjóri skal án sérstaks gjalds framkvæma og rita í strandbókina aðrar gjörðir, er að strandinu lúta, og skipbrotsmenn eða aðrir, sem hlut eiga að máli, álíta nauðsynlegar; en jafnskjótt sem bjarggjörðin er til lykta leidd og bókuð, og lögreglustjóri er farinn frá strandinu, skal greiða borgun fyrir gjörðir þær, sem síðar kunna að verða heimtaðar samkvæmt reglugjörð 10. september 1830. Þar að auki skal amtmaður hafa gætur á, að lögreglustjórinn haldi eigi að nauðsynjalausu aukarétt í þessum málum, eða greini í sundur gjörðir þær, sem snerta sama strandið, ef þær að lögum verða framkvæmdar í einu lagi. — Lögreglustjórinn á gjald það, sem ákveðið er í röglugjörð 10. september 1830 fyrir uppboð og eftirrit þau, sem senda skal amtmanni.[1]) — **22. gr.** Verði skipi eða gózi bjargað, án þess að skipstjóri eða nokkur annar, er gengur í hans stað, sé með, og ef enginn hefir gefið sig fram, sá er sannar fyllilega heimildir sínar til þess, sem bjargað er, skal amtmaður tafarlaust birta strandið í fréttablöðum, og skýra jafnframt nákvæmlega frá, hvar og hve nær björgunin hafi orðið, og frá einkennum skipsins og gózins og því öðru, er geti gjört það einkennilegt; þar að auki skal amtmaður skora á eigendur, að segja til sín innan árs og dags frá síðustu auglýsingu, sanna heimildir sínar til þess, sem strandað er, og taka við því eða andvirði þess, eftir ávísun hans, gegn því að borga kostnaðinn. — Auglýsinguna skal birta þrisvar sinnum samfleytt í [frétta-] blöðum þeim á Íslandi, sem opinberar auglýsingar á að birta í, [og ef andvirði þess, sem bjargað er, að frádregnum kostnaði, nemur 400 kr. eða meira, einnig í fréttablaði Berlinga]. Svo skal og senda umboðsmönnum annara ríkja, sem settir eru á Íslandi, eftirrit af auglýsingunni. — Þessi grein tekur að eins til vogreka þeirra, sem 1. gr. í opnu bréfi 4. maí 1778 ræðir um, en

1876 nr. 2 14. jan.

1) Sbr. l. nr. 2, $^{9}/_{2}$ 1894, 6. gr., og l. nr. 27, $^{27}/_{6}$ 1921, V. kap.

1876 nr. 2 14. jan.

ekki þeirra vogreka, sem getið er um í 2. og 3. gr. sama bréfs (sbr. opið bréf 2. april 1853, og kansellíbréf 26. ágúst 1809). — **23. gr.** Þegar einhver helgar sér það, sem bjargað er, skal amtmaður[1]) prófa sannanir þær, er hann leiðir að eignarrétti sínum. Rétt er að amtmaður skjóti málinu til úrskurðar landshöfðingja.[2]) ef vafasamt er, og má landshöfðingi, þó sönnuninni sé í einhverju ábótavant, leggja þann úrskurð á eftir ár og dag, að gózið komi í eigu þess, sem kallað hefir til þess, enda sé mjög mikil líkindi til þess, að hann sé réttur eigandi. Fyr má eigi selja gózið í hendur tilkallsmanni þeim, er lögsönnun vantar fyrir eign sinni, nema hann setji fult veð fyrir því, að gózinu verði skilað aftur, ef annar kemur, er helgi sér það að lögum. Ef tilkallsmanni þykir sem amtmaður hafi borið rétt sinn fyrir borð, má hann skjóta málinu fyrir landshöfðingja, og skal hann leggja úrskurð á það. Rétt er og, að tilkallsmaður skjóti máli sínu til dóms. — **24. gr.** Góz það, sem enginn helgar sér innan þess frests, sem nú var greindur, rennur í landssjóð, og skal landshöfðingi sjá um, að fé það greiðist. Nú ber það að, að ástæða sé til að greiða aftur fé þetta úr landssjóði, og leggur þá konungur úrskurð á málið. — **25. gr.** Nú finnur maður mannlaust skip á sjó, eða skipsbrot, og skal hann flytja það til lands, og þegar í stað segja hreppstjóra til. Fer þá um björgun og sölu á skipi og gózi, sem fyrr var sagt. Finnist skip á hafi úti, ber finnöndum fyrir flutning þess til lands þriðjungur andvirðis að frádregnum öllum kostnaði við björgun og sölu; en finnist það á fjörðum, víkum eður skamt frá landi, einn fimtungur. Nú þykir finnendum eigi laun þessi nægilegt endurgjald fyrir starf sitt, og eiga þeir kost á að gefa reikning fyrir það, sem lögreglustjóri úr-

---

1) Tilsk. $^{22}/_{8}$ 1904, I. 11.

2) Störf amtmanns og landshöfðingja þessi annast ráðherra nú.

skurðar. Ef andvirði vogreka hrökkur eigi fyrir kostn- 1876
aði öllum, taka finnendur og bjargendur hlut í þeim nr. 2
halla að réttri tiltölu. — **26. gr.** Ályktanir lögreglustjóra 14. jan.
liggja undir rannsókn og úrskurð amtmanns, og skal hann sjálfur, ef sérleg þörf gjörist, koma á strandið. — Amtmaður skal, auk ferðakostnaðar, sem landshöfðingi ákveður í hvert skifti eftir atvikum, fá að fæðispeningum 8 kr. hvern dag, sem hann dvelst við strand og fer heiman og heim. Þetta gjald greiðist á sama hátt sem annar kostnaður við strönd. — **27. gr.**[1]) Rétt er að bera úrskurði amtmanna í strandmálum undir landshöfðingja, ef nokkur þeirra, er hlut eiga að máli, heimtar það; en verði veruleg réttarþræta af skipstrandi, t. d. um það, hve mikil bjarglaun megi heimta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 25. gr., eða um réttargildi bjargsamninga, eða um þýðingu þeirra, mega slík mál ganga til dóms og laga. — **28. gr.**[2]) Enginn embættismaður, sem gæta á hags skipbrotsmanna, má í sínu umdæmi eiga hlut í nokkrum bjargsamningi, eða þiggja gjafir eða þóknun af skipbrotsmönnum, bjargendum eða öðrum viðkomendum, að launum fyrir frammistöðu sína í strandmálum. Þessir embættismenn mega eigi heldur eiga þátt í öðrum fyrirtækjum einstakra manna, sem eru í sambandi við strandmál, að þeir verði grunaðir um hlutdrægni. Enginn nefndra embættismanna má kaupa á uppboðsþingum strandað góz. Embættismenn og þar á meðal hreppstjórar, sem hafa umboð lögreglustjóra, sæti hegningu samkvæmt hegningarlögum 25. júní 1869, 13. kap.. fyrir afbrot gegn því, sem fyrir er mælt í grein þessari. — **29. gr.** a. Sá, sem vanrækir það, sem honum er gjört að skyldu í 1. og 2. grein laga þessara, skal sæta 10 til 100 króna sektum, eða fangelsishegningu eða meiri sektum eftir atvikum, ef hann hefir gjört

---

1) Sjá bls. 30, nmgr. 2.
2) Sbr. l. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, 232. gr.

1876 nr. 2 14. jan.

sig valdan að óafsakanlegu hirðuleysi um líf og heilsu manna. — b. Sama hegning liggur við, ef einhver gegn því, sem fyrir er mælt í 3. gr., beitir einræði við björgun og varnar þannig valdsmanni að hafa nauðsynlegt eftirlit á því, sem bjargað er. — c. Nú sýnir maður mótþróa, hirðuleysi eða óhlýðni við björgun, og skal hann eftir málavöxtum sæta sektum eða fangelsi, nema önnur lög leggi meiri hegningu við. Enda er rétt að færa niður eftir atvikum bjarglaun þau, sem hinum seka ella hefðu borið, eða svifta hann þeim að öllu. — Hafi hreppstjóri eða annar, sem sérstökum skyldum á að gegna við björgun, gjörst sekur í afbrotum þeim, sem nefnd eru í a—c, skal hann þar að auki hafa fyrirgjört sýslu sinni eftir málavöxtum. — Mál, sem rísa af afbrotum þeim, sem þessi grein ræðir um, eru lögreglumál, ef afbrot heyra ekki undir ákvarðanir hinna almennu hegningarlaga. — Sektir renna í landssjóð. — **30. gr.** Lög þessi, er leggja skal út á enska og frakkneska tungu, skal hver lögreglustjóri og hreppstjóri í þeim héruðum, þar sem skipströnd geta að borið, hafa í vörzlum sínum, bæði nokkur exemplör af lögunum sjálfum og þýðingum þeirra.

nr. 3 14. jan.

Lög um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Vér Chr. IX.. o. s. frv. — **1. gr.**[1]) Enginn má koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi fengið sérstaklegt leyfi til þess. Sérhver sá verður álitinn útflutningastjóri, sem á sjálfs síns eða annara kostnað tekst á hendur að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en þeir, sem eru löggiltir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara um slíkan flutning, eða bjóða fram milligöngu sína, til þess að gjöra slíka samninga. Samt skulu þessi lög eigi eiga við flutninga beina leið frá

1) Sjá l. nr. 9, ¼ 1896, 1. gr.

höfnum á Íslandi, ef útfarar þeir, sem vilja fara þaðan með einhverju skipi, eru allir frá sama heimili og þar hjá eigi fleiri en 10. — **2. gr.** Leyfi það, sem með þarf samkvæmt 1. gr., verður að eins veitt mönnum, sem hafa óflekkað mannorð og eru orðnir fulltíða og sem eru búsettir á Íslandi og hafa haft þar fast heimili í 5 ár. Samt getur landshöfðingi veitt undanþágur frá því, sem ákveðið er um þá tímalengd, er þeir skuli hafa verið heimilisfastir á Íslandi. Sé leyfið vanbrúkað, einkanlega til þess að tæla menn til útflutnings með ósönnum fortölum, getur yfirvald það, sem hefir veitt leyfið, tekið það aftur, hvenær sem vera skal. — Umboð til þess að koma fram fyrir hönd útflutningastjóra verður eigi veitt neinum, sem ekki fullnægir skilyrðum þeim, sem eftir því, sem sagt er að framan, útheimtast að því leyti, er snertir útflutningastjórann sjálfan. Útflutningastjórinn hefir að öllu leyti ábyrgð á afbrotum umboðsmannsins gegn lögum þessum. — Um flutninga beina leið. **3. gr.** Landshöfðinginn einn getur veitt leyfi til þess að flytja útfara frá Íslandi beina leið í aðrar heimsálfur. Beiðninni um slíkt leyfi skal fylgja nákvæm skýrsla um nafn skipsins, sem á að hafa til flutningsins, tegund þess, stærð og fyrirkomulag, og um það, hvað marga útfara megi taka á skipið. Áður en leyfið er veitt, getur landshöfðingi sett þau skilyrði og heimtað það veð, sem hann álítur nauðsynlegt til tryggingar útförunum. — Landshöfðinginn skýrir lögreglustjóranum á þeim stað, er honum er sagt, að skipið eigi að leggja frá, frá leyfinu og þeim skilyrðum, sem það er bundið. Án skriflegs samþykkis lögreglustjórans má eigi afgreiða skipið til útsiglingar. Áður en samþykkið er veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skilyrðunum sé nákvæmlega fullnægt, og að þeir útfarar, sem tekið er við á skipið, hafi löggilda samninga. — Um flutninga, sem eigi ganga beina leið. **4. gr.** Leyfi til þess að takast á hendur flutning útfara yfir hafnir í

1876 nr. 3 14. jan.

1876 nr. 3 14. jan. Norðurálfunni veitir lögreglustjórinn á þeim stað, þar sem sá er búsettur, er sækir um leyfið. — Sá, sem sækist eftir slíku leyfi, skal segja til, hvort hann ætli að reka erindi fyrir sjálfan sig eða í umboði annara; sé svo, skal hann sýna fram umboðsskrá sína frá útflutningafélagi því eða skips-útgjörðarmönnum, sem hann kemur fram fyrir, og fá lögreglustjóra í hendur eitt exemplar af félagslögunum eða þeim reglum, er almenningi hefir verið skýrt frá, að þeir ætli að fylgja. — 5. gr. Áður en leyfið er veitt, verður sá, sem í hlut á, að setja veð eftir nákvæmari ákvörðun lögreglustjóra, sem sé að minsta kosti 6,000 kr. og alt að því 20.000 kr., annaðhvort á þá leið, að annar maður, sem þykir áreiðanlegur, ábyrgist eins og hann sjálfur ætti í hlut, eða með því að láta af hendi skuldabréf sem geymslufé. Þegar tiltaka skal upphæðina, skal sérstaklega tekið tillit til þess, hvort erindsrekinn ætlar að fá leyfi til að flytja útfara lengra áleiðis, en til þess staðar, þar sem lenda á skipinu í annari heimsálfu, og ef svo er, má eigi tiltaka minni upphæð en 14,000 kr. Veðið er til tryggingar fyrir öllum þeim skyldum, sem erindsrekinn bakar sér gagnvart útförunum, eða ef brotið er gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og hvernig sem á stendur verður veðið eigi heimtað aftur, fyrr en eitt ár er liðið frá því, að erindsrekinn hætti við þessi störf. — Í hvert skifti, sem lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, skal hann skýra landshöfðingja frá því og frá, hvernig veði því, sem sett er, er varið, og svo upphæð þess, og má leggja undir úrskurð hans allar þær spurningar, sem snerta veiting á leyfi því, sem verið er að ræða um. — Bæði landshöfðingi og lögreglustjórinn geta hve nær sem vera skal krafist þess, að veð það, sem sett er, verði fært upp í hina hæstu upphæð, sem getið var að framan. — 6. gr. Ætli útflutningastjóri að hafa um hönd störf þessi annarstaðar en þar, sem hann er búsettur, skal skýra þeim lögreglustjóra frá því, sem hefir veitt leyfið, og skal

þar að auki sýna það lögreglustjórunum á þeim stöðum, þar sem áformað er að nota það. — Umboð handa öðrum til þess að koma fram fyrir hönd erindsrekans skal vera skriflegt, og eftir að lögreglustjórinn, sem veitt hefir erindsrekanum leyfið, hefir ritað vottorð sitt á umboðsskrána, skal hún sýnd lögreglustjóranum á sérhverjum þeim stað, þar sem hana á að nota. — **7. gr.**[1]) Öll skip, að hinu konunglega póstgufuskipi einu undanteknu,[2]) er fluttir eru á útfarar frá höfnum á Íslandi til hafna í Norðurálfunni, skulu vera undirgefin umsjón lögreglustjórnarinnar, og má eigi taka útfara á skip, fyrr en lögreglustjórinn á þeim stað, er skipið leggur út frá,[3]) hefir gefið skriflegt leyfi til þess. — Áður en leyfi þetta verður veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skipið sé hentugt til þess augnamiðs, sem til er ætlast, sumpart með því að láta menn, sem vit hafa á, undir sinni tilsögn, halda skoðunargjörð, sumpart með því að rannsaka skoðunarskírteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, þar sem skipið á heima, en skírteini þessi gilda þó eigi lengur en eitt ár frá því, að þau eru gefin út. — Í leyfinu skal nákvæmar tiltekið, hvað marga útfara megi taka á skipið, og má setja þar þær nákvæmari reglur, sem nauðsyn þykir á að segja fyrir um að því leyti, er snertir tilhlýðilega meðferð á útförunum. — Útflutningastjóri sá, er í hlut á, tekur þátt í ábyrgðinni á því, að enginn útfari, sem hann hefir tekið að sér að flytja, verði látinn ganga á nokkurt skip, sem ákvörðun sú, sem hér er sett, á við, fyrr en leyfi það, sem með þarf handa skipinu, er útvegað. — **8. gr.** Áður en útflutningaskip leggur af stað frá Íslandi, skulu bæði skipverjar og farþegar rannsakaðir af lækni, er lögreglustjórinn fær til þess; skal hann ganga úr skugga um,

1) Sbr. l. nr. 49, $^{27}/_{11}$ 1903, 2. gr., sbr. 3. gr.
2) L. nr. 9, $^{1}/_{4}$ 1896, 2. gr.
3) þ. e. til útlanda, sbr. landsh.br. $^{8}/_{11}$ 1887.

1876 nr. 3 14. jan.

að hvorugir sé veikir af neinni næmri sótt, er valda má faraldri, og enginn af farþegjunum svo sjúkur eða heilsutæpur, að álita megi, að hann sé ekki ferðafær. Útflutningastjóri skal ábyrgjast, að allir menn á skipinu geti sig fram til læknis-rannsóknar. — **9. gr.** Fyrir tilsjón með útflutningum skal lögreglustjóra og lækni greiðast 20 kr. hvorum, fyrir hvert útflutninga-skip, er þeir skoða, en þurfi þeir að verja lengri tíma en einum degi til þessa, þá skulu þeim þar að auki greiðast 6 kr. um hvern dag. Hin sömu daglaun bera skoðunarmönnum þeim, er lögreglustjóri kveður til að gjöra skoðunina með sér, og skal útflutningastjóri greiða kostnað þann allan, er af skoðunargjörðinni leiðir, og fá í hendur hlutaðeigandi lögreglustjóra. — **10. gr.**[1]) Rúm það, er hverjum farþegja á útflutningaskipi er ætlað, má eigi minna vera en 12 ferhyrningsfet, ef það er á efri miðþiljum, eður í lyfting á efstu þiljum, og eigi minna en 30 ferhyrningsfet, sé það á neðri miðþiljum (Banjerdæk). Skal þetta rúm autt af öllu öðru en rekkjum farþegja, fötum þeirra og öðru, er þeir nauðsynlega þurfa að hafa við hönd á ferðinni. Sérstök svefnherbergi skulu höfð fyrir ógiftar konur, og önnur fyrir ókvænta menn, og skal það ekki haft saman. Sé skipið fermt kaupvöru jafnframt og það flytur fólk, skal að minsta kosti vera 6 feta bil frá yfirborði farmsins til yfirþilja farþegjarúmsins. — **11. gr.** Rúm það, er farþegjum er áskilið í næstu grein hér á undan, skal vera svo, að það veiti farþegja nóg loft og birtu, svo og nóga hlífð fyrir vætu og kulda. Ekki má skip, er fólk flytur, taka til flutnings jafnframt neina þá vöru, er illur þefur er af, eður hættu getur valdið fyrir heilsu farþegja, heldur ekki púður né eldspýtur þær, er af brennisteini eru gjövar, nema hið minsta sem þörf er á fyrir sjálfa skipverja. — **12. gr.** Ekki skal á útfara skipum búa til rekkjupall fyrir fleiri en 3 full-

1) Sbr. l. nr. 49, $^{27}/_{11}$ 1903, 1. gr.

ordna menn til að sofa eður hvílast í. Rekkja handa hverjum fullorðnum manni skal eigi minni vera að innanrúmi en 5,75 fets á lengd og 1,5 fets á breidd. Eigi skal hafa rekkjupalla hvern nær öðrum en svo, að í millum hverrar raðar sé tveggja feta breitt gangrúm. Ekki skal hafa fleiri en tvo rekkjupalla hvorn yfir öðrum, og skal tveggja feta bil vera frá botni hins neðra rekkjupalls upp að botni hins efra, og sömuleiðis frá botni hans upp undir þiljur tvö fet. Ætla skal ⅛ af öllum rekkjum farþegja fyrir sjúka menn, og skal bilið milli botnanna í þeim vera þrjú fet, og eins frá botni hinnar efri rekkjunnar upp undir þiljur; upp að botni þeirrar rekkjunnar, sem neðar er, skal vera 4 þuml. bil frá þiljum. Það segir sig sjálft, að jafn mörg þurfa rekkjustæði og fullorðnir menn eru með skipinu. Rétt er að telja hvern þann fullorðinn, sem er 14 ára og þaðan af eldri, tvö börn frá 1—14 ára jöfn einum fullorðnum. Börn yngri en ársgömul teljast ekki. — Almennar ákvarðanir. **13. gr.** Útflutningastjóri skal gjöra skriflegan samning við sérhvern útfara. Skal í samningi þessum skýrt frá því, frá hverjum stað og til hvers staðar útfarinn skuli fluttur, og svo frá kaupi því, sem greitt er eða greiða skal fyrir flutninginn; en auk þessa skal samningurinn hafa inni að halda nákvæma og ítarlega skýrslu: 1. um tölu þeirra manna, sem fluttir skulu samkvæmt samningi þessum; fult nafn þeirra, aldur, heimili þeirra hingað til, svo og stétt þeirra; — 2., um leiðina, fargögn, og nær útfarinn eigi að leggja af stað á leið til þeirrar hafnar, þaðan sem ferðin hefst til annarar heimsálfu, um hvort hann verði fluttur ofan skips eða undir þiljum, og um það, hvernig séð verði um, að útfaranum verði komið fyrir, og um viðurværi hans á sjálfri ferðinni, á þeim stöðum, er koma skal við á á leiðinni, og þeim stað, er leggja skal út frá; — 3., um skipsútgjörðarmenn þá eða félag það, sem tekur að sér flutninginn frá Norðurálfunni, og að svo miklu leyti, sem unt

1876 nr. 3 14. jan.

1876 nr. 3 14. jan.

er, um nafn á skipi því, sem skal haft til flutningsins, en að minsta kosti hvort það sé seglskip eða gufuskip, hvar í skipinu útfaranum skuli komið fyrir, og um hve nær leggja eigi af stað frá Norðurálfunni; — 4., um það, hvort sá, sem tekur að sér flutninginn, einnig takist á hendur að veita útfaranum fæði á leiðinni, og ef svo er, að hve miklu leyti; skal ávalt áskilið, að fæðið sé látið til tilbúið; — 5., um það, hvort greiða skuli sérstaka borgun fyrir flutning á munum útfarans bæði til þess staðar, er leggja skal út frá, og þaðan til hinnar heimsálfunnar, og 6., um það, hvernig séð sé um flutning útfarans lengra áleiðis, ef til þess skyldi koma, að skipinu hlekkist á og komist ekki alla leiðina. — Verði útfari fluttur beina leið frá Íslandi til Englands, til þess hann verði fluttur þaðan lengra áleiðis, og verði eigi landsettur í þeirri höfn á Englandi, er hann að síðustu skal fara frá, skal í samningnum gjört þeim, sem flytur útfarann, að skyldu, að flytja hann lengra áleiðis til þeirrar hafnar, þar sem hann á að ganga á skip, áður en dægur sé liðið frá því að tollrannsókn á útfaranum er lokið á þeim stað, þar sem hann var settur á land, eða að minsta kosti með hinni fyrstu venjulegu járnbrautarferð, sem fellur til þaðan eftir að tollrannsóknin er á enda. — Sé svo ákveðið í samningnum, að útfarar skuli vinna af sér flutningskaup það, sem samið er um, alt eða að nokkru leyti, þegar þeir eru komnir í aðra heimsálfu, er samningurinn ógildur, og sérhver samningur, sem gjörður er um þetta við útfarann á annan hátt, skal eigi vera skuldbindandi fyrir hann, og bakar útflutningastjóranum hina mestu sekt, sem til tekin er í 15. gr. — Erindsrekinn skal fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samninginn, sem skal vera ritaður á íslenzku og útlagður á ensku, ásamt með endurriti af honum. Eftir að lögreglustjórinn er genginn úr skugga um, að samninguriun fullnægi þeim ákvörðunum, sem þessi grein hefir inni að halda, sendir hann útfaranum frumritið, eftir

að hann hefir ritað á það vottorð sitt. — Ákvörðunum í þessari grein má breyta, og setja ítarlegri reglur um innihald samninga þeirra, sem gjörðir eru milli útfara og erindsreka, með konunglegri tilskipun. — **14. gr.** Hafi útfari nokkra kæru fram að bera yfir því, að samningurinn hafi verið rofinn, skal það tafarlaust tilkynt hinum næsta danska verzlunarfulltrúa erlendis Verði eigi sætzt á málið fyrir milligöngu verzlunarfulltrúans, skal hann, eftir að hafa leitað nákvæmra upplýsinga, senda skýrslu um það, og skal landshöfðinginn á Íslandi þar eftir gjöra út um málið. þannig, að útflutningastjóri er bundinn við þann úrskurð innan takmarka veðs þess, sem sett er, og svo framarlega sem ákveðið er í úrskurðinum, að erindsrekinn skuli greiða skaðabætur, sér landshöfðingi um, að þær einnig verði goldnar af veðinu, að svo miklu sem það hrökkur til. — **15. gr.** Mál, sem rísa af því, að brotið er gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál, og ef harðari hegning eigi liggur við samkvæmt almennum lögum, varðar það 20—2000 króna sektum; þó má hækka hegninguna fyrir afbrot gegn 1. grein þannig, að beitt verði einföldu fangelsi í 2 mánuði eða öðru fangelsi í samsvarandi tíma. Sektirnar renna í landssjóð. 1876 nr. 3 14. jan.

Lög um stofnun læknaskóla í Reykjavík. nr. 5 11. febr.

— — — **4. gr.** Auk þess skal héaðslæknirinn í Reykjavík skyldur að gegna læknakenslu í einni eða fleirum vísindagreinum, og skal hann fyrir þenna starfa hafa 800 kr. í árlega þóknun.[1])

Lög um stofnun barnaskóla á Ísafirði. nr. 6 11. febr.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Á Ísafirði skal stofna skóla, sem öll börn þau, sem þar eiga heima, geti notið þeirrar kenslu í, er þykir nauðsynleg fyrir mentaða

1) Sjá l. nr. 35, $^{30}/_{7}$ 1909, 33. gr., og l. nr. 36, s. d., 1. og 3. gr.

1876 nr. 6 11. febr. menn yfir höfuð. — Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í. Kostnaðinn til skóla þessa skal greiða úr bæjarsjóði, að svo miklu leyti sem kenslukaup barnanna og aðrar tekjur skólans ekki hrökkva til. — — —

nr. 9 11. febr. **Lög um að afnema alþingistollinn.** (St. A. 50).

4. júlí **Auglýsing um, í hvaða fangelsi afbrotamenn eigi að taka út hegningu sína.** (St. B. 72).

10. júlí **Erindisbréf handa lögreglustjórum um fangelsisstjórn þá, er þeim ber að hafa á hendi samkv. 7. gr. tilsk. 4/3 1871.** (St. B. 73).

1877 nr. 11 24. ág. **Lög um birting laga og tilskipana.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Frá 1. ágúst 1878 skal þinglýsing sú á lögum og tilskipunum fyrir Ísland, sem nú er í gildi, vera af tekin, og frá sama tíma skal birting sú á lögum og tilskipunum, hvort heldur þær eru konunglegar eða út gefnar af stjórnarráðunum (en þar með eru talin opin bréf, auglýsingar, reglugjörðir, erindisbréf og samþyktir o. s. frv.), sem á sér stað í stjórnartíðindunum fyrir Ísland (deildinni A), vera skuldbindandi fyrir alla. Að svo miklu leyti sem eigi er sagt sérstaklega fyrir um það í sjálfum lögunum eða tilskipununum, hve nær þau skuli öðlast gildi, þá verður það þann dag, þegar 12 vikur eru liðnar frá þeim degi, er það tölublað kom út af stjórnartíðindunum (deildinni B), er það er birt í, að lögin eða tilskipunin sé út komin. Á sérhverju tölublaði skal tilgreindur sá dagur, er það kemur út. — **2. gr.** Hreppstjórar skulu lesa upp á kirkjufundum eða hreppaskilaþingum lög þau og tilskipanir, sem getið er í 1. gr., án þess þó að þetta skuli vera skilyrði fyrir því, að þau séu skuldbindandi; en um birting þeirra tilskipana, sem

yfirvöld á Íslandi sjálfu samkvæmt lögum geta gefið út, skulu þær reglur haldast, sem hingað til hafa gilt. 1877 nr. 11 24. ág.

Lög, er nema úr lögum að skírn sé nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarétti. nr. 12 24. ág.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Ákvörðun sú, sem N. L. 5—2—30 og 31, sbr. tilskipun 4. júní 1828, hafa inni að halda um það, að skírnin skuli vera skilyrði fyrir erfðarétti, skal úr lögum numin. — **2. gr.** Þessum lögum verður eigi beitt, þegar gjöra skal út um það, hvort maður eigi erfðatilkall eftir menn, sem þegar eru látnir, eða erfðatilkall, sem byggist á erfðarétti manna, sem þegar eru dánir.

Lög um löggildingu verzlunarstaðar í Þorlákshöfn í Árnessýslu. (St. A. 42). nr. 13 24. ág.

Lög um verzlun á Geirseyri við Patreksfjörð. (St. A. 44). nr. 14 24. ág.

Lög um kosningar til alþingis. nr. 16 14. sept.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — — — K j ö r d æ m i — — — **18. gr.**[1]) Sérhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaftafells og Þingeyjar sýslum, sem hvorri um sig skal skift í 2 sérstök kjördæmi, með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig. — Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 14. gr., skal skift niður á þann hátt, að tveir alþingismenn séu kosnir í sérhverju af kjördæmum þeim, sem hér skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarð-

1) Sjá l. nr. 19, $^{3}/_{10}$ 1903, l. nr. 36, $^{9}/_{11}$ 1902, l. nr. 11, $^{18}/_{5}$ 1920, og l. nr. 17, $^{19}/_{6}$ 1922.

1877 nr. 16 14. sept. arsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaftafells og Þingeyjar sýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjósa einn alþingismann. — — —

nr. 19 2. nóv. **Lög um breytingu á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðunum.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Kostnaðinn til viðhalds fangahúsa þeirra, sem þegar eru bygð, eða bygð kunna að verða hér eftir, og sem greiða ber úr jafnaðarsjóðum amtanna og bæjarsjóði Reykjavíkur eftir tilsk. 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, skal eftirleiðis greiða úr landssjóði.[1]) — **2. gr.** Kostnaður til sakamála og lögreglumála skal að því leyti, sem hann ber að greiða úr opinberum sjóði, greiðast hér eftir úr landssjóði. — **3. gr.** Sá kostnaður, sem leiðir af embættisskoðunarferðum landshöfðingja, biskups og landlæknis, skal og greiðast úr landssjóði. — **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1878, og eru þá afnumdar allar eldri lagaákvarðanir um greiðslu gjalda þessara, sem koma í bága við lög þessi.

nr. 20 2. nóv. **Lög um afnám ákvarðana um styrk úr landssjóði til útbýtingar á gjafameðulum.** (St. A. 86).

nr. 26 14. des. **Lög um, að launum lögregluþjóna í Reykjavíkurkaupstað sé létt af landssjóði.** (St. A. 114).

---

1) L. nr. 28, $^{8}/_{11}$ 1895, 4. gr.

Lög um skattgjöld á Vestmannaeyjum. 1877
nr. 25
14. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Frá 1. degi janúarmánaðar 1879 skal fiskitíund til prests á Vestmannaeyjum falla úr gildi. — **2. gr.** Hina sömu skatta og gjöld bæði af fasteign og lausafé, sem annarstaðar á landinu, skal greiða á Vestmannaeyjum til landssjóðs, kirkju, prests og fátækra.

Lög um réttindi Ábæjarkirkju í Skagafirði. (St. A. 116). nr. 27
14. des.

Lög um að selja kornvörur og kol eftir vigt.[1]) nr. 29
14. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Allir kaupmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi, skulu, hvort sem verzlun þeirra fram fer á sjó eða landi, selja eftir vigt kornvöru alla og kol, nema kaupandi æski mælis. — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða 5—50 kr. sektum, er renna í landssjóð. — **3. gr.** Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Lög um að skifta Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu, hvorri um sig, í tvö sýslufélög. (St. A. 128). nr. 31
14. des.

Stofnunarskrá fyrir alþýðuskóla í Flensborg. (St. B. 28). 1878
18. febr.

Lög um afnám konungsúrskurðar $13/3$ 1833. (St. A. 4). — (Með kgsúrsk. þessum var lyfsala í Reykjavík ákveðinn 150 rd. húsaleigustyrkur árlega). nr. 2
27. febr.

Lög um skifti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl. nr. 3
12. apr.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — Fyrsti þáttur. — Um tilkynning andlátsins og hin almennu skilyrði fyrir því, að skiftaráðandi

1) Sbr. l. nr. 37, $^6/_{11}$ 1902.

1878 nr. 3 12. apr. skifti dánarbúi. — 1. kapituli. — 1. gr. Þegar maður deyr, skal tafarlaust, eða að minsta kosti svo fljótt sem unt er, tilkynna það skiftaráðanda eða hreppstjóra, en hann gefur ókeypis vottorð um tilkynninguna, þegar þess er krafist. Hafi látið verið tilkynt hreppstjóra, skal hann þegar skýra skiftaráðanda frá því. — Ef annað hjóna er eftir á lífi og viðstatt, er það skylda þess, að tilkynna látið, ella erfingja þeirra, sem komnir eru til lögaldurs, ef viðstaddir eru; en að öðrum kosti er það skylda þess, er hinn framliðni var til húsa hjá, eða heimilismanna hans, þeirra sem til lögaldurs eru komnir. – Eigi má prestur jarða lík fyrri, en honum hefir verið sýnt vottorð skiftaráðanda eða hreppstjóra um tilkynningu látsins.[1]) Þó má út af þessu bregða, ef eigi hefir verið unt að tilkynna látið; en þegar svo er, skal presturinn tafarlaust skýra hreppstjóra frá látinu og greftruninni. — 2. gr. Ef vanrækt er að tilkynna lát, svo sem mælt er fyrir í 1. gr., varðar það sekt, alt að 100 kr., er rennur í landssjóð, og skal sækja mál það sem opinbert lögreglumál. Hin sama sekt liggur við, ef prestur vanrækir skyldur þær, er honum ber að gæta eftir sömu grein. — 3. gr. Lát má tilkynna bæði skriflega og munnlega, og skal þá, ef unt er, tilgreina, hvar hinn framliðni hafi átt heimili eða dvöl, hverjir erfingjar hans séu, og hvar fjármunir hans séu niður komnir. — Það er skylda þess, sem skýrir frá látinu, og annara, er hafa eigur hins dána í vörzlum sínum, að gæta þeirra vandlega, þangað til skiftaráðandi ráðstafar þeim. — 4. gr. Rétt er, að einn erfingja krefjist þess, að skiftaráðandi skifti búi, þótt allir hinir séu á það sáttir, að skifta sjálfir. Þar á móti geta hvorki þeir, er eiga gjafir, né þeir, er eiga skuldir að heimta í búinu, krafist opinberra skifta. — 5. gr. Skiftaráðandi tekur dánarbú til skifta, hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki: — a) þegar ein-

1) Sbr. l. nr. 30, 11/7 1911.

hver erfingjanna eigi er kominn til lögaldurs, þá er skifti byrja; — b) þegar einhver erfingjanna er sviftur fjárforræði, þá er skiftin byrja. En ef það er kvæntur maður, er býr saman við konu sína, og þau eiga félagsbú saman, þá má fjárhaldsmaður hans ásamt konunni taka þátt í erfingjaskiftum fyrir hönd þess, er sviftur hefir verið fjárforræði; — c) þegar einhver erfingjanna er erlendis, þá er skifti byrja. eða eigi er kunnugt, hvar hann er, og hann hefir eigi veitt öðrum manni umboð til að gæta hags síns við skiftin. Nú er eigi kunnugt, hvar erfingi er niður kominn, og engin vissa fyrir, að hann hafi lifað arfleifanda, og mega erfingjar samt sjálfir skifta með sér, ef fimm ár eru liðin frá því, er síðast spurðist til hans. — Skiftaráðandi skal og taka til skifta dánarbú eftir gjaldheimtumenn og reikningshaldara, þegar hið opinbera eða ómyndugir eiga forgöngurétt eða lögboðinn veðrétt í eigum þeirra, og má þá eigi selja erfingjunum búið í hendur fyrri, en séð hefir verið borgið kröfum hins opinbera eða hinna ómyndugu. — **6. gr.** Hvort sem erfingjar æskja þess eða ekki, skal skiftaráðandi ennfremur taka til skifta dánarbú þau, er hinn látni hefir löglega ákveðið að þannig skuli skifta. Jafnvel þó arfleifandi láti eftir sig arfgengt afkvæmi, skal honum heimilt að ákveða með gjörningi, í því formi sem fyrir skipað er um arfleiðsluskrár, að búinu skuli skift af skiftaráðanda, eða tilnefndum skiftaforstjórum, er eigi hafi dómsvald. Sömu ákvörðun getur það hjóna, er eftir lifir og situr í óskiftu búi, gjört um alt félagsbúið. — **7. gr.** Nú hafa erfingjar tekið sjálfir bú til skifta, og kemur eigi til opinberra skifta, þó slík breyting verði á, meðan á skiftum stendur, að skiftaráðandi hefði átt að skifta búi, ef þannig hefði verið ástatt frá fyrstu. — **8. gr.** Ef erfingjar, er sjálfir skifta, verða missáttir, er hverjum þeirra heimilt að krefjast, að skiftaráðanda sé selt búið í hendur til skifta samkvæmt því, sem fyrir er mælt um dánarbú, þegar gengist er við arfi og

1878 nr. 3 12. apr.

1878 nr. 3 12. apr.

skuldum. — 9. gr. Nú hefir skiftaráðandi byrjað á skiftum, en nauðsyn til opinberra skifta hefir horfið, áður en skiftum er lokið, og geta erfingjar þá krafist, að búið sé fengið sér í hendur, ef þeir allir eru á eitt sáttir um það. Til þessa þarf þó samþykki skuldheimtumanna þeirra, er hafa gefið sig fram, nema skuldir þeirra séu þeim borgaðar, eða þeir fái fulla tryggingu fyrir greiðslu skuldanna á gjalddaga. Ef innköllun til skuldheimtumanna hefir verið út gefin, má eigi selja erfingjum bú í hendur fyrri, en innköllunarfresturinn er liðinn. — Sama er og um skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eftir lifir og má sitja í óskiftu búi, geti heimtað búið sér fram selt til frjálsra umráða. — **10. gr.** Þegar ætla má eftir því, sem fram er komið, þegar látið er tilkynt, að dánarfé sé eigi meira en fyrir útfararkostnaði, má skiftaráðandi þá þegar selja þeim það í hendur, sem kostar útförina. — Nú hyggur skiftaráðandi, eftir því sem honum er þannig kunnugt orðið, að dánarfé nemi eigi 200 krónum, og hrökkvi þó fyrir skuldum, og fara þá eigi fram opinber skifti, þó annars bæri nauðsyn til þess eftir fyrirmælum 5. gr. a—c, ef einn eða fleiri af erfingjum eru myndugir, og bæði þeir og fjárhaldsmenn hinna ómyndugu lýsa því yfir þá þegar, að þeir gangist við arfi og skuldum. — Ákvarðanirnar í 76.—79. gr. ná eigi til þessara búa. — **11. gr.** Að öðru leyti ber að fara eftir því, sem fyrir er mælt í 7. kapítula laga þessara, um það, hvers erfingjum ber að gæta, þá er þeir vilja neyta réttar síns til að skifta sjálfir búi, og um það, hver skilríki þurfi af þeirra hálfu í þessu efni.

Annar þáttur. — Um opinber skifti. — 2. kapituli. — Um byrjun og fyrstu aðgjörðir á opinberum skiftum. — **12. gr.** Þegar skilyrðin fyrir opinberum skiftum eiga sér stað, og lög þessi ákveða eigi öðruvísi, þá skal skiftaráðandi byrja skiftagjörð eins fljótt og því verður við komið, eftir að látið hefir verið tilkynt honum, eða honum á annan hátt hefir orðið það

kunnugt, og tekur hann þá eigur búsins undir um- 1878
sjón sína, annaðhvort með því að innsigla þær, eða á 12. apr.
annan hagkvæman hátt; svo ber honum og að sjá um, nr. 3
að þeir munir búsins, sem eru í öðrum lögsagnarumdæmum, verði annaðhvort innsiglaðir, eða að skiftaráðandinn þar taki þá undir sína umsjón. — Að svo miklu leyti, sem því verður við komið, ber skiftaráðanda að sjá um, að bókað sé nafn eiganda og ritað á skuldabréf þau, er finnast í búinu, og bera með sér að vera handhafa-eign. Verði skiftaráðandi þess vísari, að hinn framliðni hafi átt fé á skuldastöðum, ber honum að gjöra um það þá ráðstöfun, sem þörf er á. — Þessi gjörð skiftaráðanda nær eigi til þeirra muna, sem ætla má að séu annara eign, og þeir þegar geta heimtað sér selda í hendur. — **13. gr.** Nú eru skilyrðin fyrir því, að það hjóna, sem eftir lifir, megi sitja í óskiftu búi, eða að erfingjar megi taka bú til skifta án íhlutunar skiftaráðanda, að vísu eigi fyrir hendi, þá er látið er tilkynt, en þó þykir mega sjá fyrir, að þeim verði fullnægt innan skams tíma, og má skiftaráðandi þá fresta gjörðinni um hríð, nema honum þyki hætt við, að eigum búsins sé spilt, eða að þær misfarist. — **14. gr.** Skiftaráðanda ber, sem fyrst eftir að hann hefir tekið við búinu, að rannsaka hverjir eigi arf og gjafir að taka, svo og tilkynna þeim látið hverjum um sig, ef á þarf að halda; ber honum að gjöra það á þann hátt, sem honum þykir bezt við eiga eftir því sem á stendur, og má hann til þess hafa handfalið bréf. Sé einhver erfingja eða gjaftökumanna ómyndugur, á skiftaráðandi að sjá um, að honum sé skipaður fjárhaldsmaður sem fyrst, ef það ekki þegar hefir verið gjört. Nú er erfingi fjarstaddur og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega fresta skiftum þangað til ráðstöfun hans er fengin, enda mætir enginn með umboð af hans hálfu, og ber skiftaráðanda einnig að sjá um, að honum sé skipaður fjárhaldsmaður, og hefir hann í öllum greinum sömu réttindi

1878 nr. 3 12. apr.

og skyldur og er háður sama eftirliti, sem fjárhaldsmenn ómyndugra. — 15. gr. Jafnsnemma þessu, eða svo fljótt, sem því verður við komið, ber skiftaráðanda að láta upp skrifa og virða dánarbúið; svo skal og tilgreina kröfur og skuldir búsins, eftir því sem þá er kunnugt, nema haganlegra þyki að fresta þessu, þangað til farið hefir verið yfir reikningsbækur búsins og skjöl þess, en það ber skiftaráðanda að gjöra sem fyrst, þó svo, að erfingjunum gefist kostur á að vera viðstaddir. — 16. gr. Gjörðir þær, sem nú hafa verið nefndar, framkvæmir skiftaráðandi eða hreppstjóri fyrir hans hönd með tveimur vottum, er virða skulu eignir búsins og leggja eið við; en ef sérstakrar þekkingar þarf við, tilnefnir skiftaráðandi virðingarmenn, sem til þess eru hæfir. Skiftaráðandi lætur vottana vinna eið að virðingunni á skiftafundi, ef þess er krafist, áður skiftum er lokið. Þegar hreppstjóri framkvæmir gjörðir þessar, ritar hann þær í bók, er skiftaráðandi löggildir, og sendir honum eftirrit sem fyrst, eftir að gjörðinni er lokið. — Þegar gjörðir þessar eiga fram að fara, skal kalla til erfingja og þá, er til gjafa eiga að telja, ef því verður við komið, án þess að það valdi drætti. Annaðhvort við lok uppskriftarinnar, eða á skiftasamkomu, er haldin sé sem fyrst þar á eftir, ber skiftaráðanda að fá tillögur erfingjanna um ráðstafanir þær á búinu, sem eigi má fresta, og ráða síðan af, hvað gjöra skuli; svo skal hann og skora á þá að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sér ábyrgð á skuldum hins framliðna eða ekki. Sama er og um hreppstjóra, þegar hann skrifar upp bú. Veita má erfingjum stuttan umhugsunarfrest til þessarar yfirlýsingar. Nú er erfingi ómyndugur eða fjarstaddur, og hefir honum verið skipaður fjárhaldsmaður eftir 14. gr., og lýsir fjárhaldsmaður því þá yfir fyrir hönd erfingja, hvort hann taki ábyrgð á skuldum. Rétt er að skiftaráðandi varni því, að fjárhaldsmaður gangist við arfi og skuldum, þótt hann vilji, ef skiftaráðandi

álítur, að erfingi bíði tjón af því. — **17. gr.** Nú hafa erfingjar, sem verið hafa viðstaddir gjörð þá, sem um er getið í næstu grein á undan, lýst því yfir, að þeir takist á hendur ábyrgð á skuldum búsins, eða að minsta kosti eigi skorast undan slíkri ábyrgð, en sumir erfingja eru fjarstaddir og hafa eigi látið í ljósi vilja sinn, og ber skiftaráðanda þá tafarlaust að kveðja á skiftafund alla þá, er til arfs og gjafa eiga að telja í búinu. — Þegar þeir, er arf eða gjafir eiga að taka, allir eru innanlands og skiftaráðanda er kunnugt um heimili þeirra eða verustaði, skal hann gjöra þeim aðvart hverjum fyrir sig, annaðhvort með handföldu bréfi, eða á annan hátt, er honum þykir við eiga. — Nú er eigi kunnugt um alla þá, er arf eða gjafir eiga að taka, eða hvort þeir séu innanlands, eða hvar þeir séu, og skal boða þá á skiftafund með auglýsingu, sem þrisvar sinnum sé birt í blöðum þeim, sem ætluð eru til almennra auglýsinga. — Skiftaráðandi tiltekur boðunarfrestinn eftir atvikum. — **18. gr.** Á skiftafundi þeim, sem um er rætt í 17. gr., ber skiftaráðanda að skýra erfingjum og gjaftökumönnum frá efnahag búsins, að því leyti kunnugt er; síðan skal hann skora á erfingja að lýsa yfir, hvort þeir vilji taka að sér ábyrgð á skuldum hins dána eða ekki. — Nú fæst eigi á fundum þeim, sem um er rætt í 16. og 17. grein, yfirlýsing af hálfu allra erfingja um, að þeir vilji taka að sér ábyrgð á skuldum búsins, og skal þá fara með búið svo sem segir í 3. kap. laga þessara, þannig, að ábyrgð á skuldum þess nái eigi lengra, en efni þess hrökkva til. — 3. kapítuli. — Um skifti á dánarbúum, þegar erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum. — I. Almennar ákvarðanir. — **19. gr.** Nú hafa erfingjar eigi gengist við arfi og skuldum, og ber skiftaráðanda þá að fara sem mest eftir tillögum skuldheimtumanna um meðferð á búinu, þangað til skuldir þeirra hafa verið þeim goldnar, eða þeir hafa fengið tryggingu fyrir greiðslu þeirra; en upp frá því ber að telja erfingjana rétta

1878 nr. 3 12. apr.

1878 nr. 3 12. apr.

umráðamenn búsins. — Ef nauðsyn ber til að láta af hendi fjármuni úr búinu, eða gjöra aðra samninga í þarfir þess, áður en útgjört er um það eftir fyrirmælum 16. og 17. greinar, hvort erfingjar gangist við arfi og skuldum eða ekki, þá er skiftaráðanda þetta heimilt; en gæta skal hann þess, að réttur skuldheimtumanna sé í engu skertur. — **20. gr.**[1]) Þegar erfingjar gangast eigi við arfi og skuldum, skal tafarlaust gefa út innköllun til skuldheimtumanna, og taka það með berum orðum fram í henni, að erfingjar hafi eigi tekið að sér ábyrgð á skuldum búsins, sbr. þó 42. gr. — Ákvæði eldri laga[2]) um, að skiftaráðanda beri sérstaklega að skýra sumum skuldheimtumönnum eða öðrum frá skiftum, skulu standa óbreytt. — **21. gr.** Í innköllun til skuldheimtumanna skal og með sama fyrirvara skora á þá, er arf og gjafir eiga að taka, ef eigi er þegar kunnugt, hverjir þeir eru og hvar þeir eru, að gefa sig fram; en eigi hafa þeir mist réttar síns, þó þeir eigi gefi sig fram eftir innkölluninni. Annarar eða frekari innköllunar til erfingja þarf eigi við, og þegar innköllun til skuldheimtumanna löglega hefir verið slept (sbr. 42. gr.), þarf skiftaráðandi eigi að bíða með skifti á búinu lengur, en annara orsaka vegna er nauðsynlegt. — **22. gr.**[3]) Ef ekki eru líkindi til, að hinn framliðni hafi átt skuldaskifti erlendis eða eigi þar erfingja, er innköllunarfresturinn 6 mánuðir, en ella 12 mánuðir, og ber frest þenna ávalt að telja frá síðasta birtingardegi; en[4]) innköllunina ber að birta á þann hátt, er segir í opnu bréfi 4. jan. 1861, 2. gr. Rétt er að skiftaráðandi þar að auki birti innköllun á annan hagkvæman hátt, ef honum þykir við eiga. — — Um fyrningu skulda eftir innköllun fer eftir eldri lögum. — **23. gr.** Halda skal skiftafundi í búum svo oft, sem

1) L. nr. 35, $^{11}/_{7}$ 1911.
2) Op. br. $^{19}/_{4}$ 1795, kgsúrsk. $^{20}/_{4}$ 1823 (Kbr. $^{17}/_{5}$ s. á.).
3) Sjá 2. gr. laga um nauðasamninga $^{4}/_{6}$ 1924.
4) Nú l. nr. 35, $^{7}/_{11}$ 1911, sbr. l. nr. 32, $^{16}/_{11}$ 1907.

þurfa þykir, og boðar skiftaráðandi til þeirra á þann hátt, sem bezt á við á hverjum stað. Svo ákveður hann og fyrirvara, stund og stað. — **24. gr.** Um málefni þau, sem til umræðu koma á skiftafundi, og um meðferð búsins, skal fara eftir tillögum fundarmanna þeirra, er atkvæðisrétt hafa (19. gr.); þó má skiftaráðandi hafna tillögum fjárhaldsmanns, ef hann ætlar, að þær séu skjólstæðing hans í óhag. Meðan innköllunarfresturinn eigi er liðinn, á skiftaráðandi eigi heldur að taka til greina ályktanir þær, er gætu komið í bága við hag skuldheimtumanna, er eigi hafa enn gefið sig fram, eða skerða réttindi nokkurs manns. — Nú greinir fundarmenn á, og sker skiftaráðandi úr ágreiningi þeirra, og ber honum, svo sem unt er, að taka tillögur þeirra til greina, en þó má hann ráða ágreiningnum til lykta á annan hátt en tillögurnar hafa orðið, og fara eftir því, er hann ætlar haganlegast fyrir alla hlutaðeigendur, einkum þá, sem ómyndugir eru og fjarstaddir, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. — **25. gr.** Nú sækir maður eigi skiftafund, er honum hefir verið löglega boðaður, og hefir hann þá fyrirgjört rétti sínum til að mótmæla ályktunum þeim, er þar hafa gjörðar verið um stjórn búsins; en eigi hefir hann fyrir þá sök afsalað sér neinum rétti eða kröfu. — **26. gr.** Nú kemur enginn þeirra á skiftafund, er atkvæðisrétt hafa um málefni búsins, og gjörir skiftaráðandi út um málefni þau, er til umræðu áttu að koma á þeim fundi, á þann hátt, er hann ætlar bezt henta. Þó ber skiftaráðanda, ef um áríðandi málefni er að gjöra og því verður við komið, að kveðja til fundar af nýju, áður en því sé ráðið til lykta. — **27. gr.** Þegar selja á fjármuni bús, skal það gjört á almennu uppboðsþingi, er fram fer samkvæmt fyrirmælum laganna um nauðungaruppboð. Selja má þó fjármuni án uppboðs, ef meiri hluti þeirra, er koma á fund og atkvæðisrétt hafa, samþykkir, og skiftaráðandi er á sama máli, og þess hefir þar að auki gætt verið, sem fyrir

1878 nr. 3 12. apr.

1878 nr. 3 12. apr.

er mælt í fyrra kafla 24. gr., sbr. 25. gr. Sama er og, ef skiftaráðandi ræður af að selja muni, sem hætt er við að skemmist eða rýrni í verði, ef þeir eru geymdir. — 28. gr. Ríkisskuldabréf, skuldabréf lánsfélaga, hlutabréf í bönkum og í járnbrautum og önnur slík igildisskjöl, sem gangverð hafa innanríkis, skal selja eftir gangverði, nema skuldheimtumenn eða erfingjar vilji láta leggja sér þau út eftir gangverði. — Nú á bú skuldakröfur, sem eigi eru þess eðlis, að þær verði lagðar út skuldheimtumönnum eða erfingjum með fullri upphæð þeirra, en eigi þykir tiltækilegt að kosta málssókn fyrir þeirra sakir, annaðhvort af því að krafan sé óvís, eða vegna tafar þeirrar, er hlytist af málssókninni, eða annara orsaka vegna, og skulu þær þá seldar á uppboðsþingi, nema erfingjar eða skuldheimtumenn vilji láta leggja sér þær út eftir tiltölu, eða einn þeirra eða fleiri bjóðist til að taka þær fyrir ákveðið verð, og hinir samþykki. — **29. gr.** Skiftaráðandi sér um, að fjármunir búsins séu seldir, jafnskjótt og haganlegt þykir; eiga skuldheimtumenn, meðan greiðslu á skuldum þeirra eigi er borgið, rétt á að heimta, að sem bráðast verði að því undið, og þarf eigi að bíða eftir því, að innköllunarfresturinn sé liðinn. Nú er greiðslu skulda lokið, og er það þá komið undir erfingjum eða úrskurði skiftaráðanda, eftir grundvallarreglum 50. gr., sbr. 46., 48., 59. og 62. gr., hvort og hvenær selja skuli fjármunina. — **30. gr.** Skiftaráðandi framkvæmir öll þau störf, er lúta að meðferð búsins; en krefja má hann þess, að innheimtumaður sé fenginn, og skal hann kosinn með atkvæðafjölda á skiftafundi, sem kvatt hefir verið til, af þeim, er þar eiga atkvæðisrétt; en skiftaráðandi sér um, að sá, sem kosinn er, setji veð eða aðra ábyrgð, ef þurfa þykir. — **31. gr.** Þegar selja á lausafé búsins á uppboðsþingi, semur innheimtumaður frumvarp til söluskilmála og ber undir skiftaráðanda. Ræður hann, hver boð skuli taka gild, og ábyrgist sem sína skuld, að uppboðsand-

virði verði greitt skiftaráðanda innan 6 vikna frá því gjaldfrestur sá er liðinn, sem settur er í uppboðsskilmálunum. Svo má skiftaráðandi og fela innheimtumanni á hendur að heimta inn skuldir búsins, og skal hann þá greiða skiftaráðanda það fé, jafnskjótt sem það heimtist. — Þóknun innheimtumanns fyrir starfa hans skal ákveða með samningi, eða með úrskurði skiftaráðanda, ef eigi hefir verið um samið. — **32. gr.** Meðan á skiftum stendur, er skiftaráðanda heimilt að neyta þeirrar aðstoðar, er hann kynni þurfa til að gegna þeim störfum í búinu, sem hann eigi sjálfur að lögum er skyldur að gegna, svo sem er málaflutningur, stjórn og umsjón á fasteignum, rannsókn á bókum og skjölum, svo og að ljúka við fyrirtæki, er hinn framliðni hefir byrjað á. — Þóknun þeirra, sem hafa störf á hendi í þarfir búsins, ákveður skiftaráðandi, ef ágreiningur verður um. — II. Um stöðu skuldheimtumanna. — **33. gr.** Upp frá því, er dánarbú er tekið til opinberra skifta, skal bera upp fyrir skiftaráðanda allar kröfur á hendur hinum framliðna og til eftirlátinna muna hans. — Nú hefir málssókn verið hafin gegn hinum framliðna og stefna verið honum löglega birt, og er þá rétt, að því máli sé haldið áfram gegn búinu til dóms á því varnarþingi, þar sem það var löglega höfðað. — **34. gr.** Þegar dánarbú er tekið til opinberra skifta, fellur kyrsetning á munum þess úr gildi, og eigi má framar kyrrsetja muni þess né gjöra fjárnám í því og halda nauðungaruppboð til greiðslu skuldakröfum. En eigi breytist fyrir þá sök í neinu réttur þeirra, sem fyrir lát hins dána hafa gjört fjárnám í eigum hans, eða fengið fjármuni setta í löggeymslu. Rétt er og, að menn selji muni, sem eru til tryggingar og selja má án undanfarandi lögsóknar, svo sem er um þá, er hafa handselt veð, eða veð samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr.[1]), eða hið opinbera

1878 nr. 3 12. apr.

1) Sbr. l. nr. 18, 4/11 1887, 1. og 3. gr.

1878 nr. 3 12. apr.

samkvæmt lögum 15. apríl 1851, 9. gr., og tilsk. 26. febr. 1872, 7. gr.[1]) — **35. gr.** Skiftaráðandi ákveður og úrskurðar, hvernig fara skuli með búið og úthluta því, hann sker úr, hvort kröfur gegn búinu verði teknar til greina eða ekki, sbr. þó 33. grein. Þar á móti getur hann eigi skyldað neinn til að greiða búinu fé, eða leysa verk af hendi fyrir það, eða að öðru leyti lagt dóm á kröfur búsins gegn öðrum. Nú hefir verið lýst til skuldar í búinu, en búið hefir skuldakröfu á móti, og úrskurðar skiftaráðandi þá, að hve miklu leyti hún megi koma upp í skuldina. Ef heimtað er, að fram séu seldir munir úr búinu eða afsalaðir, má skiftaráðandi binda það því skilyrði, að efndar séu við búið skuldbindingar þær, er þar af leiða. Nú hefir fé verið greitt úr búinu gegn ábyrgðar-kvittun, og sker skiftaráðandi þá einnig úr, hvort það skuli aftur goldið að nokkru eða öllu sökum nýrra sannana eða atvika. — **36. gr.** Hver, sem á til skuldar eða annarar kröfu að telja í búi, skýri frá því á skiftafundi eða í bréfi til skiftaráðanda, er lætur í té vottorð um það, ef þess er krafið, og getur þess í skiftabókinni eða annari bók, sem til þess er ætluð. — Sá, er segir til skuldar á þenna hátt, verður aðnjótandi allra þeirra réttinda, sem kæra til sáttarnefndar eða málshöfðun hefir í för með sér, að því er snertir borgun á vöxtum, riftingu á skuldafyrningu og fleira þess konar. — **37. gr.** Þegar innköllunarfrestur til skuldheimtumanna er liðinn, ber skiftaráðanda innan mánaðar að semja skrá um skuldir þær, sem sagt hefir verið til, og raða þeim niður, ef þess gjörist þörf; síðan leggur hann fram skrána á skiftafundi, sem löglega hefir verið boðaður, ásamt skírteinum skuldheimtumanna. Á fundi þessum ber að yfirskoða skrána ásamt athugasemdum skiftaráðanda um hana, og skora á hlutaðeigendur að láta í ljósi álit

---

1) Sbr. nú l. nr. 18, $^{4}/_{11}$ 1887, 3. gr., l. nr. 54, $^{11}/_{7}$ 1911, 9. gr., og l. nr. 38, $^{27}/_{6}$ 1921, 10. gr.

sitt um skuldakröfurnar. Nú vefengja þeir skuld eða halda því fram, að hún sé ekki á réttum stað í skuldaröðinni, og skulu þeir þá bera upp mótmæli sín á fundinum, eða í síðasta lagi áður en fjórar vikur eru liðnar frá fundardegi, og þar eftir fram fylgja þeim tafarlaust. Skuld, sem eigi hefir verið mótmælt innan þess tíma, ber að telja samþykta. Á fundi þeim, sem hér er um rætt, skal einnig, ef verða má, leggja fram yfirlit yfir fjárhag búsins. — **38. gr.** Nú er skuldakröfu mótmælt, og skal þá skiftaráðandi leita um sættir, en ef sættum eigi verður á komið, leggur hann úrskurð á, hvort taka skuli kröfuna til greina að nokkru eða öllu leyti, og skal fara með það mál eftir réttarfarsreglum þeim, sem í gildi eru. Á sama hátt skal ráða til lykta ágreiningi um forgöngurétt skulda, og hverjum öðrum ágreiningi um úthlutun búsins. Skiftaráðandi útvegar búinu talsmann í slíkum málum, ef þurfa þykir. — **39. gr.** Eigi má leggja úrskurði skiftaráðanda til grundvallar fyrir meðferð búsins, fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn, án þess að áfrýjað hafi verið (96. gr.), nema málspartar lýsi því yfir, að þeir uni úrskurðinum, eða honum eigi verði áfrýjað að lögum. — Nú er úrskurði áfrýjað, og honum breytt eða hann ónýttur, og skal þá taka það til greina við skiftin, og, ef þörf gjörist, breyta því, sem gjört hefir verið, ef skiftum eigi er lokið; en sé skiftum lokið, verður þeim í engu breytt, nema úthlutunargjörðinni sé áfrýjað. — [Sama er um yfirréttardóma, sem kveðnir hafa verið upp, er úrskurði skiftaráðanda hefir verið áfrýjað]. — **40. gr.** Nú vill einhver þeirra, er atkvæðisrétt hafa í búinu, áfrýja skiftaúrskurði eða dómi, enda hafi hann ei í því máli verið mótpartur búsins, en búið vill una úrslitum málsins, og er honum það heimilt, nema málspartar hafi sín á milli gjört samning um ágreiningsefnið, eða málskotið geti valdið missi réttinda, er úrskurðurinn eða dómurinn heimilar búinu. — **41. gr.** Hafi búinu græðst fé við málskotið, eiga

1878 nr. 3 12. apr.

1878 nr. 3 12. apr.

áfrýjendur rétt á að krefja þess, að búið endurgjaldi þeim það, er þeir hafa til kostað, þó eigi fram yfir það, er búinu hefir græðst. Ef skiftum er lokið, þegar fullnaðardómur er uppkveðinn, fá áfrýjendur kostnað sinn borgaðan af því, er græðst hefir. Með það, sem umfram kann að verða, skal fara á þann hátt, er segir í 45. gr. — III. Um lok skifta. — **42. gr.** Ef eigur búsins nema eigi meiru en útfararkostnaði, má skiftaráðandi láta þær fara upp í útfararkostnaðinn og lúka þar með skiftunum. Nú verður eigi meira afgangs útfararkostnaði, en þarf til greiðslu á kröfum skuldheimtumanna, þeirra er forgöngurétt hafa, og má skiftaráðandi leggja þeim út fjármuni búsins eftir skuldaröð réttri, og lúka þar með skiftunum. — **43. gr.** Þegar liðnar eru þær 4 vikur, sem getið er um í 37. gr., frá því skuldayfirlit hefir verið lagt fram, ber skiftaráðanda, ef fé er fyrir hendi, að greiða skuldheimtumönnum skuldir þeirra. — **44. gr.** Nú er fé umfram, þá er skuldum er lokið, og ber skiftaráðandanum að skifta því meðal erfingja og gjaftökumanna, þá er eigur búsins eru saman komnar og innheimtar. — **45. gr.** Eigi þarf að fresta skiftalokum sökum skuldbindinga, sem bundnar eru óvísum skilyrðum, en þegar svo langt er komið, að búinu fyrir annara hluta sakir má skifta, skal taka frá það, sem þurfa kann til að fullnægja þessum skuldbindingum. Ef síðar verður sú raun á, að eigi þarf alls þess, sem frá hefir verið tekið, til að fullnægja skuldbindingunum, skal því, sem umfram er, skift milli erfingja og gjaftökumanna. — Svo má og lúka skiftum, þótt hinn framliðni hafi átt arf í óskiftu búi, eða aðra kröfu, sem óvís er að upphæð og standa verður ógreidd um óákveðinn tíma, en þegar þar að kemur, skulu skiftin tekin fyrir að nýju. — **46. gr.** Hver erfingi á heimtingu á, að arfahlutur hans sé lagður honum út eftir virðingu, og hið sama er um búshluta þess hjóna, er eftir lifir; en sé erfingi ófullтíða, og fjárhaldsmaður hans vilji neyta

þessa réttar fyrir hans hönd, þarf til þess samþykki skiftaráðanda. Ef fleiri en einn erfingja krefja þess, að hinn sami hlutur sé þeim út lagður, skal hlutkesti ráða, en það hjóna, sem eftir lifir, gengur ávalt fyrir. — Um rétt þess hjóna, sem eftir lifir, gagnvart erfingjum til að halda öllu búinu, eða meiru af búinu en nemur búshluta þess og erfðahluta, skal fara eftir því sem fyrir er mælt í 59. og 62. gr. laga þessara. — **47. gr.** Þegar leggja á út eftir virðingu alla fjármuni búsins eða nokkra þeirra, og hlutaðeigendur ekki vilja una við virðinguna, er hverjum þeirra heimilt að heimta nýja virðingu á þeim hlutum, er hann eigi álítur rétt virta. Kveður þá skiftaráðandi menn til að virða af nýju, og gjörir áður viðvart öllum hlutaðeigendum. Þegar virðingargjörð er lokið, skal vinna eið að henni fyrir skiftaráðanda, ef krafið er. — **48. gr.** Eigi má, nema með samþykki landshöfðingja, leggja ófulltíða erfingja út erlend skuldabréf, sem eigi ganga kaupum og sölum innanríkis, eða eru þeim annmörkum bundin, að erfitt er að fá vitneskju um gjalddaga, er þeim er sagt upp, eða vextir af þeim eru greiddir utanríkis. — **49. gr.** Skiftum ber að lúka á skiftafundi, ef því verður við komið, og ef allir hlutaðeigendur lýsa því yfir, að þeir uni við þau, á úthlutun þegar fram að fara. — Ef skiftum af einhverjum orsökum ekki verður lokið á skiftafundi, en alt að öðru leyti undir það búið, ber skiftaráðanda að taka búið til fullnaðarskifta, og, áður en sex vikur eru liðnar, semja frumvarp til úthlutunargjörðar. Að því búnu kveður hann hlutaðeigendur af nýju á fund, og ef þeir þá eigi allir lýsa því yfir, að þeir fallist á frumvarpið, eða eigi allir koma á fundinn, skal frumvarpið vera enn tvær vikur til sýnis hjá skiftaráðanda, og verða þeir, er mótmæli vilja hefja, að koma fram með þau, áður sá tími er liðinn. Virðist skiftaráðanda aðfinning við frumvarpið til greina takandi, leiðréttir hann frumvarpið, en að öðrum kosti, eða hafi engin mótmæli fram kom-

1878 nr. 3 12. apr.

ið í tækan tíma, verður frumvarpið óbreytt að fulln-
aðarskiftum, er eigi verður breytt, nema þeim sé
áfrýjað. Ef allir hlutaðeigendur eigi hafa lýst því yfir,
að þeir uni við skiftin, má úthlutun eigi fram fara, fyrr
en áfrýjunarfrestur (96. gr.) er liðinn og hafi eigi verið
áfrýjað. — 4. kapituli. — Um skifti á dánarbúum,
þegar gengist er við arfi og ábyrgð skulda. — **50. gr.**
Þegar gengist er við arfi og ábyrgð skulda, ber að haga
skiftum á búinu eftir því, sem fulltíða erfingjum og
fjárhaldsmönnum þeirra, sem ófulltíða eru og fjar-
staddir, um semur; þó má skiftaráðandi neita, að sam-
þykkja tillögur fjárhaldsmanns, ef hann hyggur, að
þær séu skjólstæðing hans í óhag. — Nú eru erfingjar
ósamþykkir, eða koma eigi á skiftafund, þegar gjöra
skal út um eitthvert málefni, og skal þá skiftaráðandi
gjöra út um málið, og meta tillögur þær, sem fram
hafa komið, og líta á hag allra hlutaðeigenda, einkum
þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir. — **51. gr.** Við
skifti á þessum búum þarf eigi að gefa út innköllun
til skuldheimtumanna, þegar allir erfingjar eru full-
tíða og viðstaddir, nema einhver erfingi krefji þess; en
sé einhver þeirra ófulltíða eða fjarstaddur, skal gefa
út innköllun, nema skiftaráðanda þyki þess eigi þörf.
— Eigi má skifta búinu með erfingjum nema með sam-
þykki skuldheimtumanna þeirra, er gefið hafa sig
fram, eða ef skuldheimtumenn hafa fengið skuldir sín-
ar goldnar eða tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjald-
daga. Hafi innköllun verið út gefin, má eigi skifta, fyrri
en innköllunarfresturinn er liðinn. — **52. gr.** Eftir að
skiftum er lokið, ábyrgjast erfingjar, einn sem allir
og allir sem einn, skuldir þær, sem lýst hefir verið og
búið krafið um, áður en skifti fóru fram. Skuldir þær,
sem búið ekki hefir verið krafið um, en ekki eru fyrir
þá sök gengnar úr gildi, ábyrgjast erfingjar að tiltölu
við arftökurétt, nema þeir eftir samningi séu skuld-
bundnir einn sem allir og allir sem einn, eða hinn fram-
liðni hafi átt að gjöra skil fyrir konungsfé, ómyndugra-

fé, fátækrafé eða kirknafé, en erfingjar hafi skift með sér án þess að gjöra reikningsskil fyrir — **53. gr.** Þegar gengist er við arfi og ábyrgð skulda, má kyrrsetja eigur búsins, svo og taka þær fjárnámi og selja við nauðungaruppboð, ef lögboðin skilyrði eru fyrir því. Nú hafa eigur búsins verið kyrrsettar, áður en erfingjar tóku að sér skulda-ábyrgð, og fer þá um kyrrsetninguna sem hún aldrei hefði mist gildi sitt. — **54. gr.** Nú vill skuldheimtumaður hins framliðna öðlast fjárnámsrétt fyrir skuld sinni, og má hann þá hefja málssókn á hendur erfingjum á varnarþingi því, er skifti fara fram. — Rétt er að stefna til erfingjanna sé birt fyrir skiftaráðanda einum, og að stefnufresturinn sé ákveðinn eftir heimili hans, að við bættum 4 vikum, en skylt er skiftaráðanda að gjöra erfingjum aðvart um stefnuna. — **55. gr.** Að öðru leyti skal fara með bú þessi á þann hátt, er segir í 3. kap., nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. — 5. kapituli.[1]) — Um skifti á dánarbúum, þegar það hjóna, er eftir lifir, ábyrgist skuldir. — **56. gr.** Þegar það hjóna, sem eftir lifir, ábyrgist skuldir búsins, enda sé búinu eigi skift sem þrotabúi, skal gæta þess, sem segir hér á eftir, hvort sem erfingjar eru útarfar eða afkvæmi hins látna; en ábyrgist það eigi skuldir, fer um skiftin, sem hér á undan segir. — **57. gr.**[2]) Þegar skifta á með erfingjum hins framliðna, og því hjóna, sem eftir lifir og ábyrgist skuldir, ber skiftaráðanda að sjá um, að því sé sem minst tálmun gjör í afnotum búsins. — Nú þykir mjög hætt við, að það hjóna, sem eftir lifir, muni fara illa með eigur búsins, meðan á skiftum stendur, og má skiftaráðandi annaðhvort ótilkvaddur, eða eftir áskorun erfingja eða fjárhaldsmanna, svifta það forráðum búsins og fá þau í hendur vönduðum manni, sem á að gæta búsins sem fjárhaldsmaður þess,

1878 nr. 3 12. apr.

---

1) Sbr. nú l. nr. 20, $^{20}/_{6}$ 1923, VII. kafla.
2) Sbr. l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 28. gr.

1878 nr. 3 12. apr.

meðan á skiftum stendur. — Ráðstöfun þessa skal birta á þingum, og einnig auglýsa hana í blöðum eða á kirkjufundum, ef þurfa þykir. — **58. gr.** Hið eftirlifandi hjóna tilgreinir, hverjir erfingjar séu, en skiftaráðandi sér um, að þeim verði tilkynt skiftin samkvæmt 14. og 23. gr. Ef erfingi eða gjaftökumaður er fjarstaddur, og ókunnugt um verustað hans, eða hann er í þeirri fjarlægð, að eigi þykir mega draga skiftin fyrir hans sakir, enda mætir enginn með umboð af hans hálfu, annast skiftaráðandi um, að fjárhaldsmaður verði kvaddur til að gæta hagsmuna hans við skiftin. — **59. gr.** Skiftin skal byggja á framtölu hins eftirlifanda á eigum og skuldum búsins, ef erfingjar og fjárhaldsmenn taka hana gilda, og skiftaráðanda eigi þykir ástæða til að rengja hana fyrir hönd ófulltíða eða fjarstaddra erfingja, og þótt framtalan þyki ekki í alla staði rétt, ber samt eigi að selja fjármuni búsins, heldur láta virða þá af óvilhöllum mönnum samkvæmt 47. gr. Eigi þarf heldur að rannsaka, hvort skuldir þær, sem fram hafa verið taldar, séu sannar, fremur en skiftaráðanda þykir nægja, svo sem að þær séu bornar undir skuldheimtumenn o. s. frv. — Hið eftirlifandi hjóna má halda öllu búinu eða nokkru af því, hvort sem eru fasteignir, skip eða aðrir munir, þó meira nemi en búshluta þess og arfi, enda skuldbindi það sig til, ef til kemur, að greiða samerfingjum sínum í peningum það, sem umfram er.[1]) — **60. gr.** Nú er fé umfram skuldir eftir framtölu hins eftirlifanda, og þarf eigi fyrir þá sök að gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema búið verði síðar tekið til skifta sem þrotabú. — Þótt erfingjar taki við arfi eða andvirði arfs eftir það hjóna, sem dáið er, lendir eigi á þeim nein ábyrgð á skuldum búsins. En hafi hið eftirlifandi úthlutað eða greitt erfingjum hins framliðna meira en þeim ber að réttu, og þannig gjört

1) L. nr. 20, 20/6 1923, 58. og 59. gr.

á hluta skuldheimtumanna sinna, geta skuldheimtumennirnir krafið þess, að því sé aftur skilað, ef sú verður raun á, að bú hins eftirlifandi hrökkvi eigi fyrir skuldum. Ef skuldheimtumenn þá rengja framtölu hins eftirlifandi hjóna, sem farið hefir verið eftir við úthlutunina, geta þeir heimtað, að hið eftirlifandi vinni eið að henni. — **61. gr.** Þótt hið eftirlifandi hjóna skifti með erfingjum hins framliðna á þenna hátt, geta skuldheimtumenn félagsbúsins eins fyrir það fylgt fram rétti sínum gagnvart hinu eftirlifanda. — Þegar hið eftirlifandi hjóna hefir verið svift búsforráðum samkvæmt 57. gr., annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviftur búsforráðum. — **62. gr.** Nú skifta börn eða barnabörn hins framliðna með foreldri því, afa eða ömmu, sem eftir lifir, eða börn og barnabörn skifta eftir lát hins eftirlifandi með stjúpforeldri, eða með stjúpafa eða stjúpömmu, og mega þá erfðahlutir hinna ómyndugu standa inni hjá því hjóna, sem eftir lifir, gegn veði í gjörvöllu búinu eftir þinglýstu ágripi af skiftagjörð, ef arfur barna eða barnabarna eigi verður greiddur af hendi, án þess að selja verði það af lausafé eða fasteignum búsins, sem hið eftirlifandi með þarf til atvinnu sinnar eða til daglegra nauðsynja. — 6. kap.[1]) — Um skifti á félagsbúi, þegar hjón skilja. — **63. gr.** Þegar hjón skifta félagsbúi í lifanda lífi með aðstoð skiftaráðanda, sér hann um, að búsafnot þess hjóna, er eftir býr, bíði eigi af því meiri tálmun, en brýn nauðsyn krefur til þess, að hag hins verði borgið. Ef mjög þykir uggvænt, að það hjóna, sem eftir býr, muni fara illa með fjármuni búsins, má skiftaráðandi annaðhvort ótilkvaddur eða eftir áskorun hins hjónanna, svifta það hjóna, er eftir býr, búsforráðum samkvæmt 57. gr., þar til skiftum er lokið. — **64. gr.**[2])

1878 nr. 3 12. apr.

---

1) L. nr. 20, 20/6 1923, VII. kafli.
2) S. l. 58. og 59. gr.

1878 nr. 3 12. apr.

Muni búsins skal skrifa upp og virða á vanalegan hátt, og ef málspartar eigi heimta hluta sinn úr búinu lagðan sér út eftir virðingu, hvort heldur í fasteign eða lausafé, skal selja fjármunina samkvæmt 27. og 28. gr. Nú verða málspartar eigi ásáttir um, hvernig úthluta skuli, og gengur sá fyrir, er fært hefir inn í búið þann hlut, sem ágreiningur er um, ella ræður hlutkesti. — **65. gr.** Ef kona rengir framtölu mannsins á skuldum búsins, leggur skiftaráðandi úrskurð á, hvort taka skuli til greina við skiftin þær kröfur, sem rengdar eru. — **66. gr.** Ef maðurinn fargar eigum búsins eða heimtir inn útistandandi skuldir þess, eftir að hann hefir skilið við konu sína að fullu og öllu eða að borði og sæng, ber honum að gjöra skiftaráðanda skil fyrir því, er honum hefir greitt verið. — **67. gr.**[1]) Eigi skal gefa út innköllun til skuldheimtumanna, nema maðurinn æski þess. Konan hefir eigi ábyrgð á skuldum búsins, þó hún taki við því, sem henni er lagt út í búshluta hennar. Um það, hvort henni sé skylt að láta það aftur af hendi við skuldheimtumenn, skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 2. lið 60. gr. — **68. gr.** Þótt hjón skifti með sér búi, geta skuldheimtumenn engu að síður fylgt fram rétti sínum gagnvart manninum, eins og skifti ekki stæðu yfir. Ef það hjóna, sem eftir býr, hefir verið svift búsforráðum eftir 57. og 63. gr., annast fjárhaldsmaður um, að skuldir búsins verði greiddar, eins og þegar maður annars er sviftur fjárforráðum. — **69. gr.** Nú hefir konan ábyrgð á nokkrum hluta af skuldum félagsbúsins, og skal þá fara eftir því, sem fyrir er mælt í 65., 67. og 68. gr., með þeim breytingum, sem þörf er á.

Þriðji þáttur. — Um erfingjaskifti. — 7. kapituli. — **70. gr.** Ef erfingjar vilja sjálfir skifta búi án íhlutunar skiftaráðanda, enda sé það leyfilegt eftir því, sem að framan segir, ber þeim að skýra skiftaráð-

---

1) Sbr. l. nr. 3, $^{12}/_{1}$ 1900, 30. og 31. gr.

anda frá því, og láta honum í té skilríki þau, er honum þykja nauðsynleg. Þó ber eigi að heimta af lögörfum sannanir fyrir skýrslu þeirra um skuldugleika við arfleifanda, nema skiftaráðanda þyki ástæða til að rengja sögusögn þeirra, og getur hann þá krafið þess, að þeir útvegi skýrslur henni til styrkingar. Ef farið er fram á, að þau skilyrði séu fyrir hendi, er heimila að ganga fram hjá manni við skiftin, sem arf ætti að taka, ef hann hefði lifað arfleifanda, þá ber skiftaráðanda að prófa skírteinin fyrir því og leggja síðan úrskurð á; og ef erfingjum þá veitist leyfi til að skifta sjálfir, býður hann þeim að gefa sem fyrst út innköllun til erfingja (22. gr.) með þeim fyrirvara, er hann sjálfur ákveður. Ef erfingjar vilja leiða vitni um málsatriði þau, er skýra þarf, áður en þeim er veitt skiftaleyfi, má skiftaráðandi taka móti framburði vitnanna og láta þau vinna eið að honum, ef þurfa þykir. — **71. gr.** Nú fara erfingjar þess eigi á leit, að skifta sjálfir, eða láta eigi í té skýrslur þær, er skiftaráðandi krefst, eða gefa eigi út innköllun til erfingja innan þess tíma, er skiftaráðandi hefir ákveðið, sbr. 3. málsgrein í næstu grein á undan, og skal fara með búið, svo sem segir um opinber skifti. En ef skiftaráðanda þykja næg skilríki vera fram komin fyrir því, að selja megi erfingjunum búið í hendur, byrjar hann eigi á skiftum. Nú gefa sig síðar fram fleiri erfingjar, og geta þeir þá krafið þess, að búið sé tekið til opinberra skifta; þó ber þeim áður að sanna að fullu arftökurétt sinn, ef hinir erfingjarnir vilja eigi við hann kannast. — **72. gr.** Skiftaráðandi má eftir tilmælum erfingja þeirra, sem mætt hafa, skora á fulltíða erfingja, sem eigi hafa mætt, ef kunnugt er um bústað þeirra, að lýsa yfir, hvort þeir æski opinberra skifta, og skal með berum orðum taka fram í áskoruninni, að ef þeir lýsi eigi yfir vilja sínum um þetta, þá verði það skilið á þann hátt, að þeir vilji skifta búinu með hinum erfingjunum. Nú koma þeir eigi á skiftafund, og senda eigi ann-

1878
nr. 3
12. apr.

1878 an mann með umboð sitt, og skipar skiftaráðandi
nr. 3 vandaðan mann til að gæta hagsmuna þeirra við erf-
12. apr. ingjaskiftin, og skýrir þeim síðan frá. Nú kemur erfingi síðar sjálfur á skiftafund, eða sendir mann með umboð sitt, og lýkur þá umboði þess, er skiftaráðandi skipaði. — **73. gr.** Þegar svo er ástatt, sem segir í þriðju málsgrein 70. gr., má eigi lúka skiftum, fyrr en innköllunarfresturinn er liðinn, nema erfingi sá, er gengið hefir verið fram hjá, hafi látið mæta fyrir sína hönd við skiftin. En ef út af því er brugðið, ábyrgist hinir erfingjarnir honum, allir sem einn og einn sem allir, tjón það og skaða, er hann biður af því. — **74. gr.** Nú hefir bú verið skrifað upp og virt, eða framtala hins eftirlifandi hjóna á eigum og skuldum búsins hefir reynst rétt samkvæmt 59. gr., og fulltíða erfingjar og fjárhaldsmenn ófulltíða og fjarstaddra erfingja allir samt beiðist þess, að búið verði selt sér í hendur til umráða og skifta, og má skiftaráðandi veita þeim það, hvort sem búið er stórt eða lítið, nema sérstök lög hamli eða lögmæt ráðstöfun hins framliðna, enda virðist skiftaráðanda, eftir efnahag búsins, högum erfingja og öðrum atvikum, að hag þeirra, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, sé engin hætta búin af því. Ef skiftaráðanda þykir þörf á því, getur hann áður leitað álits sveitarstjórnar eða áreiðanlegra og kunnugra manna. Þó má því að eins selja búið erfingjunum í hendur, að skuldheimtumenn þeir samþykki, er gefið hafa sig fram, nema skuldir þeirra séu þeim borgaðar eða þeir fái tryggingu fyrir greiðslu þeirra á gjalddaga, og hafi verið gefin út innköllun til skuldheimtumanna, verður innköllunarfresturinn að vera liðinn. — Þegar bú þannig er selt erfingjum í hendur, skulu fulltíða erfingjar ábyrgjast hinum, sem ófulltíða eru eða fjarstaddir, að farið sé eftir fyrirmælum 77. gr., og að skilað verði aftur því, sem úthlutað hefir verið, ef skiftaráðandi ákveður svo samkvæmt 79. gr. — Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við, þar sem erfingjar allir

eru ófulltíða eða fjarstaddir. — **75. gr.** Nú kemur erf- 1878
ingjum eigi saman um skiftin, og geta þeir, ef þeir nr. 3
verða ásáttir um það, borið ágreininginn undir skifta- 12. apr.
ráðanda þann, er búinu hefði átt að skifta, ef opinber skifti hefðu fram farið, og sker hann úr eftir réttarfarsreglum í skiftamálum, en leita skal hann fyrst um sættir. — **76. gr.** Nú er búi skift án íhlutunar skiftaráðanda, þótt erfingjar ekki séu allir fulltíða eða séu ekki innanlands (sbr. 5. gr. b., 7. gr. og 74. gr.), og skal þá lúka skiftum, ef unt er, áður en ár er liðið frá láti arfleifanda. Við erfingjaskifti er það undir erfingjum komið, hvort gefa skuli út innköllun til skuldheimtumanna; en í búum þeim, sem um er rætt í þessari grein, skal þó gefa út innköllun til skuldheimtumanna, ef líkindi eru til, að hinn framliðni hafi átt óvanaleg skuldaskifti út af verzlun eða öðru þess konar. — **77. gr.** Í þeim búum, sem um er rætt í 76. gr., ber eigi að leggja út annað en peninga í erfðahlut ófulltíða erfingja og fjarstaddra, nema skiftaráðandi samþykki, eða þannig sé ástatt, sem um er getið í 62. gr. Þegar þeim er skift, skal rita á eitt skjal skrá yfir eigur og skuldir búsins, útreikning á erfðahlutum, og hvað hverjum hafi verið lagt út í hans hluta. Skjali þessu skulu fylgja skírteini um, að fjárhaldsmenn hafi tekið við fjármunum þeim, er skjólstæðingum þeirra hafa hlotnast; rita erfingjar og fjárhaldsmenn nöfn sín undir skjalið, og skal síðan senda skiftaráðanda það sem fyrst til endurskoðunar. Nú þykir skiftaráðanda ekkert athugavert við skiftin, að því er snertir hagsmuni ófulltíða og fjarstaddra erfingja, og ritar hann þá samþykki sitt á skjalið, og færir það síðan inn í skiftabókina eða lætur eftirrit af því fylgja henni. Að öðrum kosti boðar hann alla erfingja og fjárhaldsmenn á fund með sér, á þann hátt sem segir í 17. gr., og skorar á þá að gjöra betur grein fyrir skiftunum, og ef til kemur, leiðrétta þau samkvæmt aðfinningum hans; en ef þeir skorast undan því, getur skiftaráðandi

1878 ónýtt skiftin með úrskurði sínum, og þá þegar tekið
nr. 3 búið til skifta samkvæmt fyrirmælum laga þessara um
12. apr. skifti á dánarbúum, þegar tekið er við arfi og skuldum. — Þegar svo stendur á, sem um er getið í 62. gr., skal þinglýsa útdrætti úr skjali því, sem um er rætt í þessari grein, og skal hann þinglesinn á sama hátt og fyrir sama gjald, sem útdráttur úr skiftagjörð. — **78. gr.** Ef erfingjar eigi lúka skiftum innan árs, og hafa eigi nægar afsakanir fyrir sig að bera, getur skiftaráðandi einnig tekið búið til skifta á þann hátt, er segir í 77. gr. — **79. gr.** Nú tekur skiftaráðandi bú til skifta, og úthlutar því samkvæmt fyrirmælum undanfarandi greina, og eru erfingjar þá skyldir að skila aftur fjármunum þeim, er þeim kunna að hafa verið úthlutaðir, ef skiftaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess að skiftin verði leiðrétt. — **80. gr.**[1]) Um réttindi hjóna, erfingja, gjaftökumanna og skuldheimtumanna við skifti á búum þeim, sem skift er án íhlutunar skiftaráðanda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum eldri laga og fyrirmælum þessara laga, að því leyti sem þau eiga við.

Fjórði þáttur. — Um skiftingu á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum. — 8. kapituli. — A. Almenn ákvörðun. — **81. gr.** Um skifti á dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 2. og 3. kapítula laga þessara, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru, og þeim ákvörðunum, sem hér fara á eftir, um niðurröðun skulda. — B. Um niðurröðun skulda. — I. Um niðurröðun skulda þeirra, er lúkast eiga úr búinu sem heild. — **82. gr.** Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga: — a. Útfararkostnaður hins framliðna eftir reikningi úrskurðuðum af skiftaráðanda. — b. Skiftakostnaður, það er gjöld, sem rísa af skiftunum sjálfum og löglegum samningum, sem

1) Sbr. l. nr. 20, 20/6 1923, VII. kafla.

skiftaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gjöra vegna skiftanna. — c. Skiftalaun. — Kröfur þær, sem nefndar eru í staðlið a og b, ganga fyrir skiftalaunum (staflið c). — **83. gr.** Næstar þessum kröfum ganga þær, er nú skal greina og í þessari röð: — a. Skuldir, sem rísa af því, að hinn framliðni hefir haft undir höndum fé landsins, kirkna, sveitarfélaga, stofnana, ómyndugra, eða annara einstakra manna, annaðhvort sem embættismaður, sýslunarmaður, eða í umboði af hálfu hins opinbera. — b. Þessu næst ganga jafnhliða hverjar öðrum þær kröfur, er nú skal greina: — 1. Leiga af híbýlum og öðru húsrúmi, þó eigi fyrir lengri tíma en eitt ár á undan síðasta fardegi fyrir lát hins framliðna. — 2. Landskuld, leigur af innstæðukúgildum, og önnur jarðarafgjöld. — 3. Skattar og gjöld til landssjóðs, sveitarfélaga, prests og kirkju, þó eigi fyrir lengri tíma en 2 ár á undan síðasta gjalddaga fyrir lát hins framliðna. — 4. Ofanálag á jarðir, jarðarhús og innstæðu, er jörðu fylgir, eftir löglegri úttektargjörð. — 5. Kaup og matarverð vinnuhjúa og annara þjónustumanna fyrir eitt ár, svo og kaup daglaunamanna og sveina, og kenslupilta hjá iðnaðarmönnum fyrir vinnu síðasta árið. — c. Næstar þar á eftir koma skuldir til lyfsölumanna og lækna fyrir læknislyf, gjald til lækna fyrir lækningar og ferðir og til yfirsetukvenna, og fyrir hjúkrun í veikindum, fyrir það ár, sem yfir stendur, og næsta ár á undan. — **84. gr.** Næstar á eftir skuldum þeim, sem nefndar eru í 83. gr., koma þær skuldir, sem trygðar eru með veðrétti í öllu lausafé búsins, hvort sem veðrétturinn er lögákveðinn eða bygður á samningi.[1]) og gengur hin eldri veðskuldin fyrir hinni yngri. — **85. gr.** Þegar lokið er öllum þeim skuldum, sem tilgreindar eru í 82.—84. gr., skal verja því, sem eftir er af fé búsins, til greiðslu allra annara skulda þess að réttri tiltölu við upphæð hverr-

1878 nr. 3 12. apr.

1) Sbr. l. um veð, $^{4}/_{11}$ 1887, 4. gr.

1878 nr. 3 12. apr.

ar skuldar. Gjafir, sem eigi hafa verið af hendi leystar fyrir lát hins framliðna, verða eigi heimtaðar úr búinu, nema skuldheimtumenn biði engan halla af greiðslu þeirra. — II. Um rétt skuldheimtumanna, er hafa tryggingu fyrir greiðslu skulda sinna í einstökum hlutum eða réttindum, sem eru eign búsins. — **86. gr.** Um hlutfallið milli skuldheimtumanna, er kröfur þeirra veita þeim umráð yfir eða forgöngurétt í einstökum hlutum eða réttindum, sem eru eign búsins, skal fara eftir því, sem lög ákveða; þó skal þess einnig gætt, sem hér á eftir segir. — **87. gr.** Þá fjármuni búsins, sem veðbundnir eru, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiftaráðanda, hvort sem veðrétturinn er lögákveðinn eða bygður á samningi; síðan skal greiða veðhafanda skuld hans af andvirði veðsins, en afgangurinn rennur saman við aðrar tekjur búsins. Sama er, ef skuldheimtumaður hefir önnur réttindi í einstökum hlutum búsins til tryggingar fyrir kröfu sinni. — **88. gr.** Fyrir kröfum þeim, sem nefndar eru í 87. gr., ganga: — a. Útfararkostnaður (82. gr. a.). — b. Skiftakostnaður og skiftalaun (82. gr. b. og c.), að því leyti, sem gjöld þessi að öllu eða nokkru snerta hina veðbundnu hluti eða réttindi. — **89. gr.** Skuldir þær, sem nefndar eru í 83. gr., ganga fyrir sjálfsvörzluveði í einstökum lausum aurum, er veðrétturinn er bygður á samningi.

Fimti þáttur. — Viðaukagreinir. — 9. kapítuli. — **90. gr.**[1]) Um skifti á öðrum búum en dánarbúum, t. a. m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, fer sem um opinber skifti á dánarbúum, með þeim breytingum, sem leiða af eðli þeirra. Svo skal einnig við skifti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eftir fyrirmælum 8. kap., sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum með þeim breytingum, sem

1) Sbr. l. nr. 7, $^{13}/_{4}$ 1894.

nauðsynlegar eru. — **91. gr.**[1]) Eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, má eigi skipa skiftanefndarmenn né veita skiftastjórum, sem tilnefndir eru í erfðaskrá, dómsvald. — Til þess að skiftaforstjórar án dómsvalds geti tekið bú til skifta, þurfa þeir að hafa löggilding yfirvalds. — Amtmaður veitir umboðið, þegar skiftaforstjórarnir eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, enda sé því að öðru leyti ekkert til fyrirstöðu, og menn þeir, er tilnefndir hafa verið, áreiðanlegir og fullveðja. Þar á móti veitir landshöfðingi umboðið, þegar beðið er um að skipa skiftaforstjóra, sem eigi eru tilnefndir í löglegri erfðaskrá, og þegar skiftaforstjóri, sem tilnefndur er í löglegri erfðaskrá, er fallinn frá, eða getur eða vill eigi skifta búinu, og enginn annar hefir verið tilnefndur í erfðaskránni til að ganga í hans stað. Skiftaforstjórum ber að haga sér eftir lögum þessum, en að öðru leyti fer um skyldur þeirra og störf eftir þeim reglum, sem nú eru í gildi.[2]) — **92. gr.** Nú er hafin lögsókn til arfs eða gjafar úr dánarbúi eða mál höfðað gegn erfingjum til greiðslu skulda hins framliðna, og má höfða slík mál á því varnarþingi, er hinn framliðni átti á dánardægri. — **93. gr.** Þegar lögsókn er hafin til þess, að erfingi eða skuldheimtumaður skili aftur því, er honum hefir verið úthlutað við opinber skifti, af því að sú úthlutun hefir síðar reynst röng, þá má höfða það mál í þeirri þinghá, sem skiftin fara fram. — **94. gr.** Mál þau, sem um er rætt í 54., 92. og 93. gr., má kæra fyrir sáttanefnd í þeirri þinghá, þar sem hefja má lögsókn eftir fyrirmælum nefndra greina; þó skal veita þeim, er búa utan sáttaumdæmisins, að minsta kosti fjögra vikna frest á undan sáttaumleitun. — **95. gr.** Um það, hver sé réttur skiftaráðandi, fer

1878 nr. 3 12. apr.

---

1) Tilsk. nr. 12, $^{23}/_{8}$ 1904, I. 11. Sbr. l. nr. 36, $^{27}/_{6}$ 1921, 33. gr., og l. nr. 77, $^{27}/_{6}$ 1921, 38.—41. gr.

2) Op. br. $^{14}/_{9}$ 1771 o. fl.

1878 nr. 3 12. apr.

eftir gildandi lögum.[1]) En ef íslenskur maður, sem eigi á fast heimili á Íslandi, deyr erlendis, og búi hans eigi er skift þar, ákveður landshöfðingi, hver skiftaráðandi á Íslandi skuli skifta búinu. — **96. gr.**[2]) Skiftagjörð verður að áfrýja innan 12 vikna, frá því skiftum er lokið (49. gr.). — Úrskurðum, sem upp eru kveðnir, meðan á skiftunum stendur, má áfrýja út af fyrir sig, og skal það þá gjört innan 12 vikna, frá því úrskurðurinn var kveðinn upp. Hið sama er um aðrar ályktanir skiftaráðanda. Þó skal eigi að síður halda skiftunum áfram, en skiftaráðanda ber að sjá um, að þau raski eigi rétti áfrýjanda, meðan á áfrýjuninni stendur. — Eigi skal veita uppreist, úr því ár og dagur er liðinn, frá því áfrýjunarfrestur var á enda. — **97. gr.** Nú heldur skiftaráðandi eigi tilhlýðilega áfram skiftum á búi, og skal þá amtmaður áminna hann, en ef sú áminning verður árangurslaus, má landshöfðingi skipa annan mann til að skifta búinu í hans stað. Skal skiftaráðandi þá tafarlaust selja búið í hendur þeim, er skipaður hefir verið; ella skal víkja honum frá embætti um stundarsakir og lögsækja hann til að hafa fyrirgjört embætti sínu; þar að auki skal hann sæta sektum og bæta skuldheimtumönnum og erfingjum skaða þann, er þeir hafa beðið af vanhirðingu hans. Skiftaráðandi greiðir þeim, er skipaður hefir verið, þóknun fyrir starfa hans, en landshöfðingi tiltekur upphæð hennar. — Nú er búi skift af skiftaforstjórum, er tilnefndir hafa verið í erfðaskrá, og það kært, að skifti dragist um of, og skal þá fyrst gefa skiftaforstjórum kost á að svara kærunni; en reynist hún síðan á rökum bygð, má landshöfðingi[3]) skipa svo fyrir, að búið verði selt í hendur skiftaráðanda þeim, er skiftin bera undir. — **98. gr.** Að því leyti er skiftaráðendur hafa

---

1) Sjá tilsk $^{21}/_{6}$ 1793.
2) Sbr. l. nr. 19, $^{2}/_{10}$ 1895.
3) L. nr. 17, $^{3}/_{10}$ 1903, 6. gr.

undir höndum fjármuni dánarbúa og þrotabúa, ber þeim að gjöra reikningsskil á sama hátt og hingað til; svo skulu og haldast óbreytt ákvæði laganna um eftirlit með því, að skifti séu eigi dregin um skör fram, um endurskoðun skifta, og um eftirlit með fjárforráðum ómyndugra. — Með konunglegri tilskipun má setja nákvæmari ákvæði um þessi atriði, svo og um það, hverri þvingun skuli beita, ef eigi er hlýtt. — **99. gr.**[1]) Skiftaráðandi veitir leyfi til að sitja í óskiftu búi; þó á sá, er um leyfið biður, kost á, að skjóta úrskurði skiftaráðanda undir háyfirvaldið. — **100. gr.** Ef embættismaður er skyldaður til að greiða skaðabætur fyrir aðgjörðir sínar við skifti, eða fyrir skort á eftirliti með þeim, hvort sem er í dánarbúum, þrotabúum eða öðrum búum, ábyrgist landssjóðurinn greiðslu skaðabótanna, ef þær fást eigi hjá embættismanninum eða úr búi hans. — **101. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmán. 1879, og ná þau ekki einungis til þeirra búa, sem eftir það verða tekin til skifta, heldur ber skiftaráðendum einnig upp frá því að hegða sér eftir þeim við skifti á eldri búum, sem þá eigi eru leidd til lykta, að því leyti, sem því verður eftir atvikum við komið. 1878 nr. 3 12. apr.

Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa þeim, er bíða tjón af jarðeldi á Íslandi. (St. B. 158). 31. júlí

Lög um löggiltan verzlunarstað við Jökulsá á Sólheimasandi. (St. A. 34). 1879 nr. 14 19. sept.

Lög um kaup á þremur hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli o. fl. (St. A. 36). nr. 15 19. sept.

Lög um kauptún við Kópaskersvog í Norður Þingeyjarsýslu. (St. A. 82). nr. 26 24. okt.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Hornafjarðarósi í Austur-Skaftafellssýslu. (St. A. 84). nr. 27 24. okt.

1) L. 20, 20/6 1923, VIII. kafli.

1879 nr. 28 7. nóv. **Lög um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Leiðarbréf verzlunarskipa og lestagjald það, sem ákveðið er með lögum 15. apríl 1854, skal af numið. — **2. gr.** Rétt eiga menn í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum á því, að verzla, ef leyst er til þess borgarabréf hjá sýslumanni eða bæjarfógeta og greitt er fyrir 50 kr., er renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð. Borgarabréf gildir að eins fyrir kauptún það, sem leyfi er fengið til að verzla í. — Til þess að geta fengið borgarabréf, þarf eigi að hafa vörubirgðir þær, sem opið bréf 28. desbr. 1836, 6. gr., og tilsk. 13. júní 1787, 2. kap., 12. gr., áskilja. — **3. gr.** Heimilt skal kaupmönnum þeim, er reka fasta verzlun hér á landi, að verzla á skipum hvar sem þeir vilja, án alls tímatakmarks; þó skulu þeir á einhverju löggiltu kauptúni vera búnir að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir. En eigi mega þeir þó selja vínföng né áfenga drykki annarstaðar en á löggiltum kauptúnum.[1]) — **4. gr.** — — —[2]) Utanríkisskip þurfa eigi að koma fyrst á nokkurn af hinum sex verzlunarstöðum, sem fyrir er mælt í 2. gr. laga 15. apríl 1854; þó skal þess gætt, sem fyrirskipað er um tollgreiðslu og sóttvarnir. — **5. gr.** Rétt er hverjum þeim búanda, er sýslunefnd hans telur til þess hæfan, að verzla með allan varning, nema vínföng og áfenga drykki[3]), en til þess skal hann leysa leyfisbréf, er sýslumaður veitir, og greiða 50 kr., er renni í sýslusjóð. Þó hefir sýslunefnd vald til að neita um slíkt leyfi, þar sem hún álítur slíka verzlun óþarfa, eða hætt við að hún verði vanbrúkuð. — **6. gr.** Brot gegn 3. og 4. gr. varða alt að 2000 kr. sektum, og gegn 2. og 5. gr. alt að 100 kr. til landssjóðs. Nemi brot gegn lögum þessum þyngri hegningu að lögum, skal og með dómi

1) Sjá l. nr. 91, $^{11}/_{11}$ 1917.
2) Sbr. l. nr. 28, $^{2}/_{12}$ 1887, 4. gr., og l. nr. 78, $^{22}/_{11}$ 1907.
3) L. 91, $^{11}/_{11}$ 1917.

ákveða, að hinn seki hafi fyrirgjört rétti sínum til verzlunar. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál. — **7. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1880.

1879 nr. 28 7. nóv.

Lög um eftirlaun presta.[1])

1880 nr. 4 27. febr.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Prestar þeir, er veitt hefir verið prestsembætti og hafa þjónað því lengur eða skemur, hafa rétt til eftirlauna, þá er þeim er veitt lausn frá embætti sínu fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um. — **2. gr.** Eftirlaun presta skulu talin eftir þjónustualdri þeirra á þá leið, að upphæð efirlaunanna er 10 kr. fyrir hvert þjónustu ár þeirra. Þjónustuár prests skulu talin öll þau ár, er hann gegnir prestsembætti. Prestur sjötugur að aldri hefir rétt á að fá lausn frá embætti með eftirlaunum eftir lögum þessum. — **3. gr.** Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestskap, skal fá eftirlaun, sem nemi 250 kr., ef hann hefir ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eftirlaun hans nemi því, eða meiru. — **4. gr.** Prestur sá, er fyrirgjörir kjóli og kalli, missir rétt til eftirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aftur, og hefir hann þá rétt til eftirlauna samkvæmt 2. gr. — **5. gr.** Nú hefir prestur fengið eftirlaun, og missir hann þau: — 1. ef hann fær aftur embætti og laun, enda séu laun þau eigi minni en eftirlaunin voru; — 2. ef hann fyrir konungs leyfi fram gengur í þjónustu annara ríkja; — 3. ef hann tekur sér bústað í öðru ríki utan konungs samþykki komi til; — 4. ef hann verður sannur að því, að hafa kastað trú þjóðkristninnar; — 5. ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svift mundi

---

1) Sjá l. nr. 48, $^{10}/_{11}$ 1907, 11. gr., l. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 7. gr., og l. nr. 51, $^{27}/_{6}$ 1921.

1880 nr. 4 27. febr. hafa hann embætti, hefði hann í því verið, og er það jafnt, hvort hann hefir framið brotið áður hann fékk lausn frá embætti, eða síðan. — **6. gr.** Ef tekjur brauðs þess, er uppgjafaprestur hefir fengið lausn frá, eru yfir 1200 kr. eftir síðasta brauðamati, þá skal greiða uppgjafapresti svo eftirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr. En séu tekjur brauðsins 1200 kr. eða minni, þá fær uppgjafaprestur öll eftirlaun sín úr landssjóði. Svo og hvar þess, er uppgjafaprestur fær eigi öll eftirlaun sín greidd af brauðinu, skal það, er til vantar, greitt úr landssjóði. — **7. gr.** Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja kirkjujörð í brauðinu til ábúðar, og skal hann eiga forgangsrétt fyrir öðrum, en gegna verður hann öllum hinum sömu skyldum, sem hver annar leiguliði. — **8. gr.** Uppgjafaprestar þeir, sem búnir eru að fá hærri eftirlaun en til eru tekin í lögum þessum, skulu halda þeim fyrir sjálfa sig. Svo skulu og prestar þeir, er nú sitja í embættum, halda rétti sínum til þeirrar eftirlaunaupphæðar, er hingað til hafa lög og venja verið til, og greiðist upphæð eftirlaunanna samkvæmt 6. gr. — **9. gr.** Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1880.

28. febr. **Konungsúrskurður um verðlagsskrár.** (St. B. 61).

Konungsúrskurði 16. júlí 1817 breytt á þá leið, að hvert sýslufélag landsins skal eftirleiðis fá sérstaka verðlagsskrá, en Reykjavíkurkaupstaður hafa verðlagsskrá saman við Gullbringusýslu, og aðrir kaupstaðir landsins saman við þær sýslur, er þeir liggja í.

29. apr. **Reglugjörð fyrir hreppstjóra.**

I. Almennar skyldur. — **1. gr.** Hreppstjóri er umboðsmaður sýslumanns bæði gagnvart hreppsnefndinni og gagnvart almenningi. — Með því að sýslumaður, bæði sem oddviti sýslunefndarinnar og sem lögreglustjóri (sbr. 22. gr. sveitarstjórnartilskipunar-

innar 1. maí 1872)[1]), stendur í sambandi við hrepps- 1880
nefndina, ber hreppstjóranum að vinna saman við 29. apr.
hreppsnefndina, sveitinni til heillar, í eindrægni og góðu samkomulagi, og ber hreppstjóranum að veita hreppsnefndinni alla þá aðstoð og leiðbeiningu, sem hann getur í té látið, jafnvel þó málið beri undir hreppsnefndina, svo sem mál um framfærslu þurfamanna, uppfóstur og uppeldi barna, almenn heilbrigðismál, viðhald á aukavegum, notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur, refaveiðar, umsjón um þinghús hreppsins og aðrar fasteignir o. fl. — Hann á að kynna sér sem bezt lög þau, sem snerta stöðu hans, einkum hin almennu hegningarlög og ákvarðanir þær„ sem fylgja ber um góða lögreglu. Sé honum eitthvað í þessu efni óljóst, á hann að leita skýringa til sýslumannsins og nákvæmlega íhuga það, sem honum er sagt eður skipað. Geti hann, þegar til hans er leitað, eigi náð til sýslumanns, verður hann að bera sig saman við prestinn eða aðra merka menn í sveitinni og þá ráðstafa því, sem honum með ráði þeirra þykir bezt fara, en sýslumanni skal hann þar eftir sem fyrst skýra frá framkvæmdum sínum. — **2. gr.** — — — Ennfremur er hreppstjóri skyldur að hafa nákvæmt eftirlit með því, að rétt sé skýrt frá öðrum gjaldstofnum (t. a. m. sjávarafla og atvinnutekjum), og ber honum að aðstoða sýslumann í öllum embættismálefnum og að framkvæma vegna sýslumanns einstakar réttargjörðir í einkamálum, og á hann í hvert sinn, er slíkt mál er falið honum á hendur, nákvæmlega að breyta eftir þeim reglum, sem honum eru fyrir settar. — **3. gr.** Hreppstjóri má ekki heimta, taka á móti eða láta lofa sér fyrir embættisverk sín, gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann hefir ekki tilkall til samkvæmt lögunum og þessari reglugjörð, og varðar slíkt bæði hreppstjóranum og þeim, sem gaf, lofaði eða bauð, hegningu

1) Nú l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905.

1880 29. apr. eftir 118.—120. grein hegningarlaganna samanbornum við 145. grein þeirra. — 4. gr. Í embættisrekstri sínum er hreppstjóra skylt að sýna sýslumanni og öðrum yfirbjóðöndum sínum lotningu og hlýðnast vandlega skipunum þeirra. Sé hreppstjóri í vafa um, hvort einhver embættisskipun sýslumanns sé lögleg eða rétt, skal hann sem fljótast leita nýrra skýringa og skipana frá sýslumanni, ef tími er til; en þoli skipunin eigi slíka bið, er hann skyldur að framkvæma hana á ábyrgð sýslumanns; en heimilt er honum að bera málið síðan upp fyrir amtmanni eða landshöfðingja. — 5. gr. Allar skýrslur hans um embættismál eiga að vera greinilegar og nákvæmar, en umfram alt sannleikanum samkvæmar. Semji hreppstjóri af ásettu ráði ranga embættisskýrslu, varðar það honum hegningu samkvæmt 135. og 145. grein hegningarlaganna. — 6. gr. Honum er skylt að vera þögull og orðvar, og má hann ekki segja öðrum en yfirbjóðöndum sínum frá því, er hann verður áskynja í embættisrekstri sínum, og sem ekki má berast út meðal almennings. Segi hann frá nokkru viðvíkjandi embætti sínu, er á að fara leynt, varðar það honum refsingu eftir 140. og 145. grein hegningarlaganna. — 7. gr. Hann á með staðfestu og hugrekki að fylgja fram embætti sínu og ekki láta sannast á sig neina vanrækt eður hirðuleysi. Gagnvart sveitungum sínum og öðrum, er leita aðstoðar hans, á hann að sýna kurteisi og velvild, og ber honum jafnan að vera fús á að leiðbeina mönnum og aðstoða þá í öllu því, sem miðar til hagsældar sveitarinnar. Verði hann fyrir ofbeldi, meiðyrðum, hótunum eður öðrum árásum eður mótþróa í embættisgjörðum sínum, skal hann skýra sýslumanni frá því, og mun sýslumaður þá lögsækja hinn seka, samkvæmt 99.—102. grein hegningarlaganna; en hreppstjóri verður sjálfur vel að gæta þess, að gjalda ekki líku líkt, og aldrei láta leiða sig til að viðhafa skammaryrði eður koma öðruvísi fram en stiltu og gætnu yfirvaldi vel sæmir.

II. Meðferð á glæpamálum. — 8. gr. Ef menn, sem hafa verið dæmdir fyrir glæpi, eður af öðrum ástæðum hafa ilt orð á sér fyrir óráðvendni, koma til sveitarinnar, eður eru þar heimilisfastir, á hreppstjóri að hafa vakandi auga á slíkum mönnum. Sé maðurinn dæmdur til að vera undir sérlegri tilsjón lögreglustjórnarinnar, er hann skyldur að segja hreppstjóra frá vist sinni í sveitinni, og frá því, er hann fer úr sveitinni, og á þá hreppstjóri sem fyrst að tilkynna þetta sýslumanni; að öðru leyti á hreppstjóri að haga sér eftir því, sem sýslumaðurinn skipar fyrir um slíka tilsjón. — Ef að hneykslanleg sambúð karls og konu á sér stað í sveitinni, á hann að leggjast á eitt með prestinum til að koma hlutaðeigöndum til að skiljast hvort frá öðru, eður ef ekkert er því til fyrirstöðu, að ganga í hjónaband saman; en verði slíkar áminningar árangurslausar, á hann að skýra sýslumanni frá sambúðinni, svo að málið verði lagt til yfirvalds úrskurðar samkvæmt 179. gr. hegningarlaganna (sbr. tilskipun 21. desbr. 1831, V). — 9. gr. Nú verður hreppstjóri þess áskynja, að einhver glæpur hafi verið drýgður, og á hann þá við fyrstu hentugleika að yfirheyra þá, er geta sagt frá glæpnum, og þar eftir rita svo nákvæma skýrslu, sem honum er unt um það, er honum hefir verið sagt. — Skal þá einkum skýra frá: 1. nafni og heimili þess, sem orðið hefir fyrir glæpnum; séu þeir fleiri, þá nafni og heimili sérhvers einstaks; 2. í hverju glæpurinn er innifalinn; sé það þjófnaður eða svik, sem sagt er frá, á að skýra sem nákvæmlegast frá hinum einstöku fjármunum, sem talað er um, og frá verði sérhvers hlutar; 3. hvar glæpurinn er framinn, og hvenær ætlað er, að hann hafi átt sér stað; um stolna muni á að segja frá því, er menn vita, að hluturinn eða féð síðast var þar, sem eigandinn hafði látið það, og frá því, er menn fyrst söknuðu þess; 4. hver eða hverjir eru grunaðir um glæpinn, og ástæður þær, er menn byggja þenna

1880 29. apr.

1880 29. apr.

grun á; 5. nöfnum og heimilum þeirra, sem auk eigandans eður þess, sem misgjört er við, hafa gefið eður geta gefið skýrslu um glæpinn. — Þessa skýrslu sendir hreppstjóri sem fyrst sýslumanni, og hefir hann, þangað til sýslumaður getur komið á staðinn, vakandi auga á hinum grunaða, en reynir samt, eins og sagt var í 8. grein, að sporna við því, að nokkuð berist hinum grunaða um það, sem hefir verið sagt um hann eður ráðstafað af hreppstjóranum. — Þyki það ísjárvert, að fresta framkvæmdum í málinu, þangað til sýslumaður kemur að, má hreppstjóri með ráði prestsins eður annara merkra manna og í viðurvist 2 valinkunnra manna, fara sjálfur til hins grunaða og bera á hann gruninn. Meðkenni hann þá það, sem borið er á hann, og komi fram með hina stolnu muni, eður aðra hluti, sem fengist hafa fyrir glæp, eður hafðir hafa verið eður ætlaðir til að drýgja með afbrot, á hreppstjórinn í votta viðurvist að rita skýrslu hans um hin einstöku atvik við glæp þann, er hann hefir framið, og senda hana sem fyrst sýslumanni. Þar að auki tekur hreppstjórinn til varðveizlu hina nefndu muni, eftir að þeir eru auðkendir með innsiglum eður á annan hátt, svo að vottar þeir, er viðstaddir eru, síðan geti þekt þá aftur með vissu. Ef þar í mót hinn grunaði þrætir fyrir að hafa orðið sekur í glæp þeim, sem borinn er á hann, skal hreppstjóri, ef spurning getur verið um, að sakborningur hafi undir hendi hlut viðkomandi glæpnum, gefa honum kost á að fá hús sín og hirzlur rannsakaðar þegar í stað, og má þá með samþykki hlutaðeiganda húsleit fara fram á heimili hins grunaða. Vilji hinn grunaði ekki leyfa hreppstjóra að gjöra húsleit, þarf dómsúrskurðar með til þess að hún fari fram, sjá 49. gr. stjórnarskrárinnar[1]); en séu megnar líkur á móti hinum grunaða og þyki það nauðsynlegt að sjá um, að hann komi ekki undan stolnum mun-

1) Nú 61. gr. stjskr. 1920.

um, eður öðrum slíkum hlutum, eður á annan hátt 1880
tálmi rannsókninni, má hreppstjóri taka hinn grunaða 29. apr.
fastan. Í húsum þeim eða hirzlum, sem þörf þykir á að rannsaka, ber hreppstjóranum að sjá um, að ekkert raskist, fyrr en leitin fer fram; má hann því læsa þeim með innsigli sínu, setja þar vörð og gjöra aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja. Sé glæpur sá, er borinn er á hinn grunaða, mjög þungur, svo sem stórþjófnaður, manndráp, brenna og rán, skal hreppstjórinn, þó hinn grunaði játi það, sem borið er á hann, taka hann fastan til að varna því, að hann strjúki eður að hann beri sig saman við þá, sem kynnu að vera í vitorði með honum. Samkvæmt 48.[1]) gr. stjórnarskrárinnar skal sérhver sá, sem tekinn er fastur, leiddur fyrir dómara svo fljótt, sem auðið er. Það er því brýn embættisskylda hreppstjórans í hvert sinn, og hann finnur tilefni til að svifta mann frelsi sínu, tafarlaust að flytja hann til sýslumanns, eða ef því verður ekki við komið, að gjöra gangskör til þess, að sýslumaðurinn verði sem fyrst sóttur, rannsaki málið þar á staðnum og gjöri út um það, hvort hinn handsamaði skuli settur í varðhald. — **10. gr.** Hreppstjórinn á ekki einungis að gjöra sitt ítrasta til að koma upp um glæpamenn þá, sem verða sekir í hans eigin sveit, en hann á einnig að gjöra það, er í hans valdi stendur, til að skýra glæpamál, sem koma fyrir í öðrum sveitum, og ber honum þegar að tilkynna sýslumanni sínum það, sem hann í þessu tilliti verður áskynja, þó sveitin sé í annari sýslu. Verði honum send lýsing á manni, sem strokið hefir úr varðhaldi eður frá heimili sínu, og er grunaður um glæp, skal hann halda spurnum fyrir um slíkan mann við kirkju, í kaupstað eður á ferjustað, þar sem margir menn koma saman, og fá kirkjubónda, kaupmanni eður ferjumanni eftirrit af lýsingunni. Komi maðurinn fyrir, skal hreppstjóri taka hann fastan, ef þess er

1) Nú 50. gr. stjskr. 1920.

1880 krafist, og flytja hann til sýslumanns; en nafi hann eigi
29. apr. fengið skipun frá sýslumanni um að handsama hinn grunaða, verður hann sem fyrst að segja sýslumanni sínum frá verustað hlutaðeiganda og hafa vakandi auga á honum, þangað til honum verður sagt nákvæmar til um það, sem á að gera. Verði hreppstjóra sagt frá, að munum sé stolið, og liggi eigi grunur á neinum vissum manni, á hann sem fyrst að lýsa hinu stolna á næstu bæjum, við kirkju eða ferju, í kaupstað eða annarstaðar, þar sem von getur verið um, að þjófurinn hafi komið með fóla sinn. — **11. gr.** Til að framkvæma það, sem honum verður skipað, eður sem honum að öðru leyti ber að gera í glæpamálum, skal hann, ef nauðsynlegt er, með tilstyrk hreppsbænda beita valdi, en hann verður vel að gæta þess, að það er ekki hann, sem á að refsa glæpamanninum og að hann, með því að beita höggum, barsmíð eður öðru ofbeldi, getur bakað sér ábyrgð eftir 126. og 145. grein hegningarlaganna. Hvernig sem ástatt er, má hann alls eigi beita nokkurri kúgun eður þvingun til að koma þeim, er hann hefir grunaðan um einhvern glæp, til játningar eður sagna. — **12. gr.** Til að halda vörð yfir föngum og flytja þá, má hreppstjóri ráða nægilega marga menn fyrir sanngjarna borgun, og mun hann, ef það reynist, að ráðstafanir hans hafa verið nauðsynlegar, eftir því sem þá á stóð, fá kostnað sinn til þessa og annan kostnað sinn og vinnumissi, er meðferð á glæpamálum hefir í för með sér, endurgoldinn eftir sanngjörnum reikningum. — Fyrir varðhald[1]) á föngum skulu hreppstjóra goldnar 2 krónur um vikuna, samkvæmt 72. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, nema einhverjar sérstakar ástæður heimili honum meira kaup.

III. Framkvæmd á góðri lögreglu og málum, er skylt eiga við hana. — **13. gr.**

---

1) Sbr. l. nr. 3, $^{13}/_{1}$ 1882, 12. sbr. 14. gr. Sbr. l. nr. 64, $^{14}/_{11}$ 1917, 12. gr.

Samkvæmt 22. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar[1]) á hreppsnefndin að koma í veg fyrir húsgang og flakk og að öðru leyti að styðja að því, að lögregla eflist og við haldist í sveitinni, og á hreppstjóri að vera nefndinni samtaka í því. — Verði fyrir honum menn, er flækjast iðjulausir um sveitina, á hann að vísa þeim til heimila sinna, ef þeir eiga heima í hreppnum, eður úr hreppnum til sveita sinna, ef þeir eru utansveitarmenn. Hann á þar að auki að brýna fyrir þeim, að það sé bannað í lögum að ganga við vonarvöl, og að þeir með því að lifa á bónbjörgum, baki sér refsingu eftir 22. gr. reglugj. 8. janúar 1834.[2]) Jafnframt þessu skal hann skora á hreppsnefndina, að koma slíkum umhleypingum fyrir á kostnað sveitarsjóðsins, annaðhvort til stöðugrar framfærslu, ef þeir eru innanhrepps, eður til framfærslu um stundarsakir, þangað til þeir verði sendir heim til átthaga sinna. — **14. gr.**[3]) — — — **15. gr.** Samkvæmt 8. gr. reglugjörðar 8. janúar 1834[4]) á sýslumaður eða bæjarfógeti, eftir að búið er að ákveða að flytja eigi sveitarómaga heim á hrepp sinn, að skipa fyrir um, hvernig flutningurinn eigi að fara fram, og er hreppstjóri skyldur, þegar ómagi er fluttur til hans með vegabréfi einhvers sýslu- eða kaupstaðar-yfirvalds, að ráðstafa flutningi ómagans samkvæmt vegabréfinu til næsta hreppstjóra, eða ef ómaginn á heima þar í hreppi, til oddvita hreppsnefndarinnar. Þegar flutningurinn er um garð genginn, sendir hann sýslumanni skýrslu um hann með reiknigi yfir kostnaðinn, og mun sýslumaður sjá um, að kostnaður þessi verði honum endurgoldinn samkvæmt opnu bréfi 17. apríl 1868.[5]) — **16. gr.** Fyrir utan löggilt kauptún má alls ekki selja brenni-

1880 29. apr.

1) Nú l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 32. gr.
2) L. nr. 60, $^{22}/_{11}$ 1907, 7. og 8. gr.
3) Sömu lög, II. kafli.
4) Lög nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 69.—75. gr.
5) Sömu lög, 74. gr.

1880 29. apr.

vín né aðra áfenga drykki.[1]) Að öðru leyti eiga þeir, sem vilja verzla, að leysa borgarabréf eða leyfisbréf til þess hjá sýslumanni, og eru um það ítarlegar ákvarðanir í lögunum um siglingar og verzlun frá 7. nóvbr. 1879 (Stjórnartíð. A. 28). — Hreppstjóra ber að kynna sér nákvæmlega þessi lög og aðrar ákvarðanir um verzlun, og verði hann þess vís, að vínsala eða önnur ólögleg verzlun hafi átt sér stað í sveitinni, ber honum að senda sýslumanni ítarlega skýrslu um það. — Samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 (Stjórnartíð. A. 29) skulu að viðlögðum 5—50 kr. sektum allir kaupmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi, selja eftir vigt kornvöru alla eg kol, nema kaupandi æski mælis. — 17. gr. Sá, sem býr til eður notar röng eður fölsuð mælinga- eður vogaráhöld, sætir hegningu eftir fyrri hluta 279. greinar hegningarlaganna, og í síðari hluta hinnar sömu greinar er ákveðin hegning fyrir þá, sem þurfa á mælingar- og vogaráhöldum að halda í atvinnuvegi sínum, en nota áhöld, sem ekki hafa verið löggilt á réttan hátt, eður hafa breyzt af sliti, þó þau hafi ekki verið fölsuð eður röng.[2]) — 18. gr. Um helgidagabrot er meðal annars skipað fyrir í tilsk. frá 28. marz 1855 og opnu bréfi frá 26. septbr. 1860[3]) og skulu hér teknar fram þessar ákvarðanir: a. Daginn fyrir sunnudaga og helgidaga má ekki halda neina dansleiki og engar almennar skemtanir lengur en í mesta lagi þangað til 1 stundu fyrir miðnætti (9. gr. tilsk. 28. marz 1855). — b. Á sunnudögum og öllum öðrum helgidögum má, einkum um messutímann, enginn maður starfa að utanbæjarvinnu, eður vinna þá vinnu neina, sem svo mikill skarkali fylgir, að það trufli aðra í guðrækilegum hugleiðingum þeirra, eigi heldur mega almennar eða hávaðamiklar skemtanir fara fram á þeim dögum. — Þar í mót er það leyfilegt

1) L. nr. 91, $^{11}/_{11}$ 1917, 8. og 12. gr.
2) Lög $^{4}/_{6}$ 1924 um mælitæki og vogaráhöld.
3) L. nr. 47, $^{20}/_{12}$ 1901.

að stunda nauðsynleg heimilisstörf, eður þau störf, sem menn við þurfa, sér eður öðrum til bjargar. — Um heyskapartímann má á helgidögum þurka hey og hirða það, þegar ekki má draga þenna starfa vegna veðurs, eður af öðrum slíkum ástæðum. Í fiskileysisárum eða þegar brim og fiskileysi lengi hafa hamlað sjósóknum, má róa til fiskjar, eður leggja net eða lóðir á sunnudögum og helgidögum. Mala má og í mylnum á þessum dögum. Fiskimönnum er heimilt að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum; farmönnum, er í neyð hafa leitað til hafnar, skal leyft að ferma og afferma og bæta skip sín; og önnur skip má einnig ferma og afferma á þessum dögum, þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind. Þó má, nema brýn nauðsyn beri til, eigi vinna neina af þessum athöfnum, meðan á sjálfri messunni stendur á staðnum (1.—8. gr. tilsk. 28. marz 1855, og op. br. 26. septbr. 1860). — Í dymbilviku og á hinum almenna bænadegi og kvöldin fyrir frá miðaftni má ekki halda neina dansleiki og engar almennar skemtanir (9. gr. tilsk. 28. marz 1855). — Enginn má koma með hund til kirkju. — Samkvæmt 6. gr. laga 27. febr. 1880 (Stjtíð. A. 5)[1] skal sóknarnefnd vera prestinum til aðstoðar í því að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum. Hreppstjórinn á með presti og sóknarnefnd að styðja að þessu, sér í lagi má hann ekki láta viðgangast neitt drykkjuslark, neinar ryskingar eður neinn hávaða við kirkju, en í kirkjunni á hann að aðstoða prestinn og meðhjálpara hans til að afstýra slíkum ósóma. Skyldu menn koma ölvaðir til kirkju, á hann að meina slíkum mönnum inngöngu í guðshús og beita valdi, ef nauðsynlegt er, og gefa skýrslu um það til sýslumanns, svo að hlutaðeigöndum verði refsað samkvæmt konungsbréfi frá 26. júní 1782 og 158. gr. hegningarlaganna. — Að aflokinni messu ber hreppstjóra samkvæmt

1880 29. apr.

1) L. nr. 36, $^{16}/_{11}$ 1907, 7. gr.

1880 2. gr. laga 24. ágúst 1877 (Stj.tíð. A. 11) að lesa upp
29. apr. lög þau og tilskipanir, er honum hafa verið sendar. — 19. gr. Samkvæmt opnum bréfum frá 4. maí 1778 og frá 2. apríl 1853 á landssjóður alt vogrek, er enginn lýsir sig eiganda að, af skipum og vörum, svo sem skipsskrokka, skipsbáta, akkeri, kaðla, siglutré og önnur skipaáhöld, heilar tunnur og allar aðrar vörur, sem verið hafa í skipum, þar á móti á jarðeigandi alt eigandalaust vogrek af eik, greni eða furu, svo sem höggginn og sagaðan við, tré, borð, og lítil stykki af skipum og bátum, sem eru lítils virði (30 kr. og þaðan af minna, sbr. kansellíbréf 26. ágúst 1809), ásamt nöglum þeim og öðru járni, er þeim fylgja. Nú kemur vogrek á fjöru manna, og skal jarðeigandi skyldur hið bráðasta að lýsa nákvæmlega stærð þess, ásigkomulagi og merkjum, ef nokkur eru, fyrir sýslumanni, er þá skal láta tvo eiðsvarna menn virða vogrek. Hreppstjóra ber að brýna þetta fyrir hlutaðeigendum og senda sýslumanni skýrslu um málið, ef jarðeigandi vanrækir skyldu sína í þessu tilliti. — **20. gr.** Eftir veiðilögunum frá 26. júní 1849[1]) á hver jarðeigandi einn veiði fugla annara en æðarfugla, og annara dýra en refa, bjarndýra og hreina í landeign sinni, nema slík veiði sé með lögum frá jörðinni komin, eður sýslumaður hafi friðhelgað nokkurn stað í landinu. Skal hreppstjóri með ráði sýslumanns leiðbeina bændum til að friða veiði sína sér í lagi um þann tíma árs, er fuglar eru að verpa og ungar þeirra eigi orðnir fleygir. — Enginn má nokkursstaðar á sjó eða landi drepa æðarfugl með skotum, eður hundum, eður netum, eður nokkrum öðrum hætti.[2]) — Frá aprílmánaðarlokum til 1. ágústmánaðar má enginn leggja hrognkelsanet eður önnur veiðinet nær eggveri æðarfugla eður öðru friðhelgu eggveri, en að 200 faðma tólfræð séu þangað á báðar hliðar og á sjó út frá grynnra hálsi netanna að

---

1) Sbr. l. nr. 15, $^{20}/_{6}$ 1923, XIII. kafla.
2) L. nr. 58, $^{10}/_{11}$ 1913.

stórstraums fjörumáli. Enginn má, nema nauðsyn beri til, skjóta úr fallbyssu nær friðhelgu eggveri en í ½ mílu fjarlægð, né úr annari byssu nær en fjórðung úr mílu; þó eru herskipaskot í konungs þjónustu undan skilin banni þessu. — Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum. Á Breiðafirði eru með opnu bréfi 22. marz 1855 öll byssuskot á allskonar sel bönnuð. — Nú verður hreppstjóri þess áskynja, að brotið hafi verið móti þessum ákvörðunum, og skal hann þá undir eins skýra sýslumanni frá brotinu og nöfnum og heimilum þeirra, sem grunaðir eru. — Sé gerð samþykt um fiskiveiðar á opnum skipum úr sveitinni, ber hreppstjóra að kynna sér nákvæmlega þessa samþykt, og ef brotið verður gegn henni hlutast til um, að hlutaðeigendur verði fyrir þeim 1—100 kr. sektum, er ákveðnar eru í 7. gr. laga 14. desbr. 1877[1]) (Stjtíð. A. 28). Í sveitunum við Faxaflóa eiga hreppstjórar að sjá um, að þorskanet verði ekki lögð fyrir 14. dag marzmán. á ári hverju (sjá lög 12. nóvbr. 1875). — Í sveitum þeim, þar sem laxveiði er, skulu hreppstjórar gæta þess, að fyrimælum viðaukalaga frá 11. maí 1876[2]) við Jónsbókar landsleigubálks 56. kap., um friðun á laxi sé hlýtt, og sendir hann sýslumanni skýrslu um það, ef hann verður vís, að nokkurt brot gegn téðum lögum hafi átt sér stað. — **21. gr.** Í konungsbréfi 28. febrúar 1758 er skipað fyrir um fiskiveiðar, að hásetar eigi að koma að skipi á þeim tíma, sem þeir eru kallaðir af formanni, að þeir eigi að sitja á sjó, svo lengi sem formaðurinn mælir fyrir, að þeir eigi að haga veiði sinni eftir skipun formannsins, og að þeir, þegar ekki gefur að róa, eigi eftir skipun formannsins að bæta sjóklæði sín, að líta eftir veiðarfærum, og að verka veiði

1880 29. apr.

1) L. nr. 86, $^{14}/_{11}$ 1917, 8. gr.
2) L. nr. 5, $^{19}/_{2}$ 1886.

1880 sína; en formenn eru skyldir að sækja vel sjó, þegar
29. apr. veður og vindur leyfir, og að sjá um, með tilstyrk há-
setanna, að skipinu með árum og þeim áhöldum, er
fylgja því, verði haldið vel við. Ef leitað er til hrepp-
stjóra með kvartanir um brot gegn þessum og öðrum
fyrirskipunum, á hann að reyna að koma með góðu
hlutaðeigandi formönnum eða hásetum til að gæta
skyldu sinnar, en takist það ekki, verður hann að leið-
beina þeim, sem orðið hefir fyrir lagabrotinu, til sýslu-
manns, svo að hinum seka verði refsað á tilhlýðilegan
hátt. — 22. gr. Tilskipun frá 26. janúar 1866 mælir
fyrir um skyldur og réttindi húsbænda og vinnu-
hjúa, og á hreppstjórinn að kynna sér þessa tilskipun
sem bezt. Eftir 14.—16. grein tilskipunarinnar skal
hjúið vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn
setur á heimilinu, og vera honum auðsveipið. Það skal
af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns og ganga
til allra verka þeirra, er því verður skipað, nema ein-
hver sérstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa
þau af hendi eftir fremstu kröftum, en húsbóndi skal,
eftir því sem venja er til í hverri sveit, veita hjúum
viðunanlegt og nægilegt fæði, næga þjónustu, og leggja
því rúmfatnað og skæðaskinn auk umsamins kaups.
Ef kært er fyrir hreppstjóra, annaðhvort af hjúi eða
húsbónda, að brotið hafi verið gegn fyrirmælum þess-
arar tilskipunar, á hann að reyna að koma hinum seka
með góðu að gera skyldu sína, og bæta fyrir yfirsjón
sína; en takist honum það ekki, verður hann að beina
sækjanda leið til sýslumanns. — 23. gr.[1]) Hreppstjóri
hefir samkvæmt nánari fyrirmælum sýslumanns um-
sjón yfir fjallvegum og sýsluvegum, ferjum, brúm,
vörðum, sæluhúsum, sjávarljóskerum og öðrum merkj-
um eða miðum, sem sett eru upp farmönnum til leið-
beiningar. — Verði hann þess áskynja, að slík merki
hafi verið tekin burt eða skemd eða villumerki sett

1) Vegalög $^{4}/_{6}$ 1924, II. og III. kafli.

upp, ber honum að sjá um, að gert verði sem fyrst við hin réttu merki, en að villuvörðúrnar verði rifnar og önnur villumerki tekin niður, og er hreppsnefnd skyld til að aðstoða hann í þessu. Þar að auki ber honum að grenslast eftir, hverjir hafi orðið sekir í slíkum afbrotum, og senda sýslumanni skýrslu um það og aðrar aðgerðir sínar. — **24. gr.** Hafi reglugjörð um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur, ráðstafanir til þess að eyða refum o. fl. verið samin, samkv. 39. gr. 2. tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872[1]), ber hreppstjóra að kynna sér nákvæmlega reglugjörð þessa, og veita hreppsnefndinni alla þá aðstoð, er hann getur í té látið til þess að framkvæma það, sem fyrirskipað hefir verið. — **25. gr.** Á almennum mannfundum í sveitinni, þar sem sýslumaður ekki er viðstaddur, skal hreppstjóri sjá um, að alt fari vel og skipulega fram, og er honum samkvæmt 56. gr. stjórnarskrárinnar[2]) og nákvæmari leiðbeiningu sýslumanns heimilt að vera við alla slíka fundi. Þegar uggvænt þykir, að óspektir muni leiða af almennum mannfundi, getur sýslumaður bannað slíkan fund, og ber hreppstjóra að fylgja fram slíku banni; en ekki má hann beita valdi í þessu tilliti, fyrr en hann er búinn þrisvar sinnum í nafni konungs og laganna að skora á mannfundinn að sundrast. Hverjum, sem þá ekki hlýðnast þessari skipun, skal refsað með sektum eða fangelsi samkvæmt 105. gr. hegningarlaganna og að nánari ráðstöfun sýslumanns. — **26. gr.** Eins og hreppsnefndin á að hvetja menn til að setja ekki fleiri skepnur á vetur, en þeir hafa nægilegt fóður fyrir, og einkum sjá um, að þeir, er þiggja af sveit, geri sig ekki seka í slíku fyrirhyggjuleysi, þannig á hreppstjóri að hafa vakandi auga á, að enginn felli skepnur úr hor, ef hann á fóður handa þeim, eða getur fengið það hjá öðrum, og að enginn fari illa

1880 29. apr.

---

1) L. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 71. gr.
2) Nú 70. gr.

1880 29. apr.

með skepnur, eða sýni þeim miskunarlausa harðýðgi. Verði hann áskynja um þessháttar brot, á hann að senda sýslumanni um það skýrslu sína, sbr. 299. gr. hegningarlaganna[1]). — **27. gr.** Samkvæmt tilskipun um hundahald 25. júní 1869[2]) skal hver húsbóndi skýra frá því á hreppaskilaþingum á vorin, hve margir hundar séu á heimili hans, en hreppstjóri skal með alt að 4 kosnum mönnum ákveða, hve marga hunda þurfi á hverju heimili til þess að hirða skepnur og verja tún og engjar. Fyrir hvern hund, sem haldinn er fram yfir hina ákveðnu tölu, skal gjalda 4 krónur, en ef undanbrögð eru höfð, eða nokkur hundur er haldinn, sem ekki er sagt til, varðar það fésekt. [Hreppstjóra ber að heimta saman gjald þetta, fær hann helming í innheimtulaun, en helmingurinn greiðist í sveitarsjóð]. — Hreppstjóri skal brýna fyrir almenningi, að sulli úr hausum af höfuðsóttar kindum og sollið slátur skuli brenna, eða grafa svo djúpt í jörð, að hundar ekki geti náð því. Hann á að hafa vakandi auga á, að þessum og öðrum ákvörðunum nefndrar tilskipunar sé nákvæmlega hlýtt, en beri út af því, ber honum að senda sýslumanni um það skýrslu sína. — **28. gr.** Komist hreppstjóri eftir því, að tjón hafi hlotizt af ólöglegum lækningum, eður að lífi og heilsu manna hafi verið hætta búin, á hann að senda sýslumanni skýrslu um það, svo að hlutaðeigendum verði refsað samkvæmt tilsk. 4. des. 1672 og 5. sept. 1794[3]). Komi upp skæðar og næmar sóttir[4]) í hreppnum, skal hann sem fyrst gefa það sýslumanni og héraðslækni til kynna, og á hann síðan að haga sér nákvæmlega eftir fyrirmælum þeirra um varúðarreglur gegn slíkum sjúkdómum, en þangað til þessi fyrirmæli koma, á hann eftir sam-

1) L. nr. 34, $^{3}/_{11}$ 1915, sbr. l. nr. 42, $^{28}/_{11}$ 1919, l. nr.73, $^{14}/_{11}$ 1917, l. nr. 24 $^{9}/_{7}$ 1909, og l. nr. 44 og 47, $^{10}/_{11}$ 1913.

2) L. nr. 18, $^{22}/_{5}$ 1890, sbr. l. $^{4}/_{6}$ 1924.

3) L. nr. 38, $^{11}/_{7}$ 1911.

4) L. nr. 64, $^{10}/_{11}$ 1905.

komulagi við sóknarprestinn og hina helztu bændur að gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að varna samgöngum milli þess heimilis, þar sem sjúkdómurinn er kominn upp, og annara heimila. — Svo ber hreppstjóra og að vera hreppsnefndinni samtaka í eftirliti með öllu því, sem til almenns þrifnaðar og hreinlætis horfir, svo sem að fær og þokkaleg heimreið sé að bæ hverjum, að salerni og bygðar forir séu á hverjum bæ, helzt á afviknum stöðum, og að íbúðarhús og fénaðarhús séu nægilega björt og rúmgóð. — Verði gefin út heilbrigðisreglugjörð [samkvæmt 15. gr. tilsk. um sveitarstjórn 4. maí 1872], ber hreppstjóra nákvæmlega að kynna sér hana og styðja að því, að henni verði fylgt fram. — Verði samkvæmt sóttvarnarlögunum frá 17. desbr. 1875 og 24. okt. 1879[1]) (Stjtíð. A. 25) bannaðir vöruflutningar frá einstökum löndum, eða skipaferðir þaðan bundnar tilteknum skilyrðum, skal hreppstjóri sjá um, að slíkum ákvörðunum verði fylgt fram. — **29. gr.**[2]) Hann á samkvæmt tilsk. 5. jan. 1866 um næm fjárveikindi að gefa gætur að heilbrigðisástandi kvikfjárins í hreppnum, og á hann eftir samráði við hreppsnefndina, svo oft sem nauðsynlegt þykir, einkum á haustin, þá er fé kemur af afrétt og á vorin fyrri hluta aprílmánaðar, að láta tilkvadda menn skoða fé í hreppnum. — Verði vart næmra fjárveikinda í hreppnum, skal hreppstjóri sjá um, að hið sjúka fé verði þegar í stað stranglega skilið frá heilbrigðu fé, og að það verði annaðhvort þegar látið í hús, er engar aðrar skepnur geti komið í, eður að minsta kosti látið liggja inni á hverri nóttu, og á hverjum degi hirt af manni, er stöðugt fylgir því, svo á heppstjóri einnig að hlutast til um, að skepnurnar og fje það, sem ætla má, að hafi komið saman við þær, verði sem fyrst teknar til lækninga. Eftir að lækningar eða skurð- 1880 29. apr.

1) L. nr. 34, $^{6}/_{11}$ 1902, og l. nr. 24, $^{16}/_{11}$ 1907.
2) Sbr. l. nr. 40, $^{5}/_{11}$ 1901, og l. nr. 41, $^{13}/_{11}$ 1903.

1880 ur (tilsk. 4. marz 1871) er um garð gengin, skal hreinsa
29. apr. og svæla hús þau, þar sem hinar sjúku eða grunuðu skepnur hafa verið. — Um alt það, sem þannig á að gera til að varna útbreiðslu næmra fjárveikinda, sem komið hafa upp í hreppnum, skipar hreppstjóri fyrir með ráði aðstoðarmanna sinna, ef slíkir eru skipaðir samkvæmt tilsk. 5. jan. 1866, en annars með ráði hreppsnefndaroddvitans og annara góðra manna í hreppnum, en við fyrsta tækifæri sendir hann sýslumanni skýrslu um veikindin og hinar gerðu ráðstafanir og hagar hann sér síðan nákvæmlega eftir fyrirskipunum sýslumanns. Ef viðkomandi fjáreigandi sýnir mótþróa eður óhlýðni gegn fyrirskipunum hreppstjóra eður aðstoðarmanna hans, má, ef nauðsynlegt þykir, með valdi taka af honum kindur þær, sem veikar eru eður grunaðar, og láta lækna þær og hirða þær á kostnað eigandans, og á hann þar að auki að sjá um, að fjáreigandinn verði lögsóttur til sekta samkvæmt 7. gr. tilsk. 5. jan. 1866. — Að öðru leyti vísast til fyrirmælanna í tilskipununum frá 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 og varðar það hreppstjóra eður aðstoðarmenn hans ábyrgð eftir 5. gr. tilsk. 5. janúar 1866, ef þeir sýna nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á skyldum sínum. — Um tilsjón með, að næmur fjársjúkdómur flytjist eigi til landsins frá útlöndum, vísast til umburðarbréfs landshöfðingja frá 14. apríl 1875 (Stjtíð. B. 27). — 30. gr. Í tilskipun 13. maí 1776[1]) er fyrirskipað: — 1. að um alla bæi og tún skuli byggjast 2 álna háir garðar, 2. að sérhver bóndi, sem hefir þýft tún, skuli árlega slétta og jafna 6 ferhyrningsfaðma fyrir sjálfan sig og eins mikið fyrir hvern vinnufæran karlmann, sem hann hefir til verknaðar, 3. að bændur láti sér ant um að yrkja jarðepli, næpur og kál. — Hreppstjóra ber eftir samráði við hreppsnefndina að leitast við að fá þessum fyrirskipunum fylgt fram, og ef ein-

1) Sbr. l. nr. 66, $^{22}/_{11}$ 1913.

stakir búendur skeyta ekki um fyrirmæli hreppsnefnd- 1880
arinnar og hreppstjórans í þessu tilliti, kæra þá fyrir 29. apr.
sýslumanni til sekta og annara fjárútláta. — Enn fremur ber hreppstjóra eftir samráði við hreppsnefndina að hafa eftirlit með meðferð á skógi, kvisti, mótaki, lyngi og meltaki[1]). — **31. gr.** Skyldur þær, sem hreppstjórar áður höfðu samkvæmt 15. gr. reglugj. 17. júní 1782[2]) með tilliti til hleðslu og viðhalds á kirkjugörðum, kirkjuveggjum og kirkjuþökum og til flutnings á við og öðru efni í kirkjur og kirkjugarða, hvíla nú á hreppsnefndum, en hreppstjóra ber að vera nefndum þessum samtaka um, að slík verk verði leyst sem fljótast og bezt af hendi. — **32. gr.** Samkvæmt lögum frá 14. jan. 1876[3]) (Stjtíð. A. 3), sbr. landshöfðingjabréf 28. júnímán. s. á. (Stjtíð. 1876 B. 73) um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, má enginn á sjálfs sín eða annara kostnað takast á hendur að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur, nema hann hafi fengið sérstakt leyfi landshöfðingja eða lögreglustjóra til þess. Sömuleiðis eru öll skip, að hinu konunglega póstgufuskipi einu undanteknu, er fluttir eru á útfarar frá höfnum á Íslandi, háð umsjón lögreglustjórnarinnar, og má eigi taka útfara á skip, fyrr en lögreglustjóri á þeim stað, er skipið leggur frá, hefir gefið skriflegt leyfi til þess. — Verði hreppstjóri þess áskynja, að brotið hafi verið gegn þessum ákvörðunum, ber honum þegar að senda sýslumanni skýrslu sína um það. — **33. gr.** Beri skipstrand, eldsvoða, sjávarflóð eður annan voða að höndum, skal hreppstjóri ganga á undan öðrum í því að bjarga mönnum og fjármunum úr háskanum, að útvega hinum nauðstöddu húsnæði, og að geyma og varðveita fé það, sem bjargað verður, og á hann sem fyrst

1) Sbr. l. nr. 11, $^{13}/_{4}$ 1894, l. nr. 54, $^{22}/_{11}$ 1907, l. nr. 51, $^{30}/_{7}$ 1909, l. nr. 21, $^{23}/_{10}$ 1912, og l. nr. 45, $^{20}/_{6}$ 1923.

2) L. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, II. kafli.

3) Sbr. l. nr. 49, $^{29}/_{11}$ 1903.

1880 29. apr. að gefa sýslumanni skýrslu um aðgerðir sínar. Skyldir eru allir verkfærir alþýðumenn að vinna að björgun, þegar hreppstjóri eða lögreglustjóri kveður þá til þess. Hreppstjóri er skyldur að gera fyrir hönd lögreglustjóra allar þær ráðstafanir, sem kostur er á, þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til, sbr. lög um skipströnd 14. jan. 1876 (Stjtíð. A. 2). Þá er hallæri og óáran ganga, á hann að leggjast á eitt með hreppsnefndinni og prestinum, til að reyna að afstýra þeim sveitar vandræðum, sem af slíku ástandi kynni að leiða. — Verði einstakir menn fyrir slysförum, drukni þeir eða verði úti, eða fyrirfari þeir sjálfum sér, á hreppstjóri að leita nákvæmrar skýrslu um, hvernig slíkt hafi við borið, hvort manni þeim, sem varð úti, hafi verið úthýst eða verið sagt rangt til vegar, eða hvort nokkur hafi vanrækt að koma þeim, er varð fyrir slysinu, til hjálpar, eður að við hafa þær lífgunartilraunir, sem við eiga. Um alt það, er hreppstjóra þannig verður kunnugt, sendi hann sýslumanni skýrslu sína, og segi þá um leið álit sitt um það, hvort ástæða sé til að lögsækja nokkurn eftir 199. og 201. gr. hegningarlaganna. — Í skýrslu hreppstjóra um sjálfsbana á einkum að skýra frá þessum atriðum: — 1. kyni sjálfsbanans, öllum nöfnum hans, og hvers son eða dóttir sjálfsbani hafi verið; 2. heimili, atvinnuvegi og efnahagi sjálfsbana; 3. aldri sjálfsbana (fæðingardegi og ári, ef það er kunnugt); 4. hvort sjálfsbani hafi lifað í hjónabandi og átt börn; 5. hvort sjálfsbani hafi verið kristinnar trúar; 6. hvar og hvenær (dag og klukkustund) sjálfsbani hafi fundist dauður; 7. með hverju móti hann hafi ráðið sér bana; 8. hvort lífgunartilraunir hafa verið við hafðar, og þær byrjaðar undir eins og sjálfsbani fanst; eða hvort nokkur hafi orðið sekur samkv. 201. gr. hegningarlaganna um hirðuleysi í þessu tilliti; 9. hvað menn ætli, að hafi komið sjálfsbana til að fyrirfara sér sjálfum; 10. hvort sjálfsbani

hafi verið hneigður fyrir ofnautn áfengra drykkja, og hve nær hann síðast hafi sézt ölvaður. 1880 29. apr.

IV. Meðferð á réttargjörðum þeim í málum einstakra manna, sem hreppstjóri má eður skal framkvæma. — 34. gr.[1]) Stefnufarir. — — — Auk stefnu og fyrirkalla eru stefnuvottar skyldir, þegar þess er krafizt, að birta dóma, aðrar réttargjörðir, áskoranir, yfirlýsingar, uppsagnir á lánum, útbyggingar á jörðum og önnur þvílík erindi. Slíkar birtingar mega með samþykki hlutaðeiganda fara fram annarsstaðar en á heimili hans. Sje það dómur í opinberu máli, sem birta á, skulu stefnuvottar spyrja hlutaðeiganda, hvort hann vilji una við hinn uppkveðna dóm eða óski honum skotið til æðra dóms, og ber að rita svar hans um það í birtingarátteiknunina. — 35. gr. Fógetagjörðir.[2]) Að boði sýslumanns eður amtmanns ber hreppstjóra að taka lögtaki ýms gjöld, sem fjárnámsréttur fylgir, þó eigi hafi gengið dómur um þau. — Fyrr en nokkurt slíkt lögtak getur átt sér stað, á hreppstjóri að gæta þess, að lögtaksskipun sé gefin út af [amtmanni eða] sýslumanni, og birt þeim, er fyrir fjárnáminu eiga að verða. Á þessi birting að fara fram að minsta kosti 8 dögum fyrir lögtakið, annað hvort með auglýsingu á kirkjufundi ellegar með birtingu fyrir sérhverjum gjaldþegni af stefnuvottum. Hreppstjóri skal taka við gjaldinu, sem hlutaðeigandi er í skuld um, ef það er boðið honum í reiðum peningum, og þar að auki er fram boðinn kostnaður sá, sem birting á lögtaksskipuninni hefir haft í för með sér. Komi ekki slíkt framboð fram innan 8 daga eftir birtinguna, á hreppstjóri að kveðja 2 góða menn í hreppnum til að vera votta við fjárnámið. — Með þessum mönnum gengur hann á heimili við-

1) L. nr. 63, $^{14}/_{11}$ 1917.

2) L. nr. 29, $^{10}/_{12}$ 1885, 5. og 9. gr., l. nr. 32, $^{11}/_{7}$ 1911, 12. gr., og l. nr. 64, $^{14}/_{11}$ 1917.

1880 komandi skuldunauts, sýnir þar skuldunauti eður því
29. apr. af heimilisfólki hans, sem viðstatt er á heimilinu, lögtaksskipunina og vottorð um að birting sú, er að framan er getið, hefi átt sér stað, og krefur þar eftir skuldunautinn um skuldina að viðbættum gjöldum fyrir fyrirkallið og lögtaksgjörðina sjálfa. Verði þetta fé alt greitt af hendi, er fjárnámsgjörðinni þar með lokið; en segist sá, sem krafinn var, ekki vilja eður ekki megna að gjalda það, er hann er um krafinn, skal hreppstjóri rita ummæli hans um það, og þar eftir, ef það eigi þegar er honum ljóst og vottunum, að skuldunautur sé ólöglega krafinn um gjaldið, fremja fjárnámsgjörðina með því að rita upp og virða þær eigur skuldunauts, sem skuldunautur sjálfur eður sá, sem heldur uppi svörum fyrir hann, bendir á, og honum og vottunum kemur saman um, að nægja muni fyrir gjaldinu. Þó má ekki rita upp nauðsynleg íveruföt og rúmföt skuldunauts og ómaga hans, og ekki matvæli þau, er ætluð eru nauðsynleg til nautnar á heimilinu þangað til skuldunautur getur leitað sér bjargar annars staðar, eigi heldur nauðsynleg verkfæri og áhöld, er skuldunautur þarf að leita sér atvinnu með, ef aðrar eigur eru til[1]). Það sem þannig er ritað og virt, segir hreppstjóri þar eftir löglega tekið til fullnustu skuldarupphæð þeirri, sem krafin var með síðar áfallandi kostnaði, og tekur hann það þegar í vörzlur sínar, ef skuldunautur eigi býðst til að varðveita það, þangað til það verður selt, eður ef honum ekki má fyrir því trúa. Skuldunautur hefir þar eftir 14[2]) daga frest til að leysa hina skrifuðu muni úr lögtakinu, en þá á hann, ef féð hefir eigi verið í vörzlum hans sjálfs, auk upphæðar þeirrar, sem féð var lögtekið fyrir, að greiða kostnað hreppstjórans fyrir varðveizlu hins lögtekna fjár. Verði féð ekki leyst innan 14 daga,[3]) á hreppstjóri að aug-

1) L. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 27. gr.
2) L. nr. 29, $^{10}/_{12}$ 1885, 10. gr.
3) L. nr. 29, $^{10}/_{12}$ 1885, 10. gr.

lýsa, að hið lögtekna verði selt á almennu uppboðs- 1880
þingi, og þar eftir halda þetta uppboð, eins og síðar 29. apr.
mun verða frá skýrt. Hlaupi hið selda fé meira, en það var lögtekið fyrir með uppboðskostnaði, og öðrum eftir fjárnámið áföllnum kosnaði, á það, sem afgangs verður, að endurgjaldast skuldunauti. Að öðru leyti skal vísað til ákvæðanna í opnu bréfi frá 2. apr. 1841.[1]) — Verði hreppstjóri skipaður til að framkvæma í umboði sýslumanns aðrar fógetagjörðir en fjárnám fyrir gjöldum þeim, er fjárnámsrétttur fylgir að lögum, á hann að haga sér eftir því, sem sýslumaður í hvert skifti sérstaklega mælir fyrir. — Hinar framkvæmdu fógetagjörðir skal hreppstjóri skrásetja og staðfesta með nafni sínu og innsigli, og senda síðan sýslumanni, eftir að þær þar að auki hafa verið staðfestar með undirrituðum nöfnum viðstaddra votta og þeirra, sem hlut eiga að máli. — **36. gr.** Skiftagjörðir.[2]) Þegar maður deyr, eiga samkvæmt 1. gr. laga 12. apríl 1878 (Stjtíð. A. 3) náungar hans eða heimilismenn, að viðlagðri alt að 100 kr. sekt, tafarlaust að tilkynna það skiftaráðanda eða hreppstjóra, en hann gefur ókeypis vottorð um tilkynninguna, og má prestur eigi jarða hinn framliðna, fyr en honum hefir verið sýnt þetta vottorð. Hafi mannslátið verið tilkynt hreppstjóra, skal hann þegar skýra sýslumanni frá því, og undir eins gefa honum svo nákvæma skýrslu, sem unt er, um efnahag hins dána, og hverjir erfingjar hans séu. — Eftir skipun skiftaráðanda eða þegar svo stendur á, að annaðhvort ekkja hins framliðna eða ekkjumaður eða myndugur erfingi óskar þess, að búið sé strax uppskrifað, án þess að bíða fyrirmæla sýslumanns, eða að einhver erfingi er ómyndugur eða fjarverandi og hinn framliðni hefir eigi látið eftir sig ekkju eða ekkil, sem má halda búinu óskiftu (sbr. 99.

1) L. nr. 29, $^{16}/_{12}$ 1885.
2) L. nr. 3, $^{12}/_{4}$ 1878, 16. gr., l. nr. 64, $^{14}/_{11}$ 1917.

1880 29. apr. gr. laga 12. apríl 1878 og 18. gr. tilskipunar 25. septbr. 1850)[1], á hreppstjóri að skrifa dánarbúið upp og virða það. — Þegar hreppstjóri framkvæmir virðingar- eða uppskriftargjörðir, kveður hann 2 góða menn til að vera viðstadda sem votta, er virða skulu eigur búsins og leggja eið við. Með vottum þessum gengur hann á síðasta heimili hins framliðna, og skorar á þá, sem þar eru viðstaddir, að selja fram allar eigur hins látna, um leið og hann brýnir fyrir þeim, að þeir með því að skjóta nokkru undan eða draga dulur á kröfur þær, sem hinn framliðni átti hjá öðrum, geti bakað sér þunga ábyrgð, og jafnvel sætt refsingu eftir 254. gr. hegningarlaganna. Hann ritar þar eftir upp hvern einstakan hlut af fjármunum þeim, sem sagt er til, og virðir hann með vottum til þess verðs, sem þeir ætla, að hann muni geta selzt í hreppnum. Skyldi hinn framliðni láta eftir sig arfleiðsluskrá, skuldabréf eður önnur slík skjöl, á hreppstjóri eftir að hafa sagt í uppskriftinni frá innihaldi þeirra, að taka þau til sín, eins ritar hann upp þá upphæð, sem fyrir finst af reiðum peningum, og tekur þá í sinar vörzlur, en aðrar eigur búsins má hann fela á hendur heimilismönnum, ef þeim er trúandi fyrir. Hafi hinn framliðni haft nokkurt bú á höndum, og vilji heimilisfólk hans ekki sjá fyrir því, án sérstaks endurgjalds, má hreppstjóri ráða mann til að standa fyrir búinu. Öll þau skjöl og peninga, er hreppstjóri tekur til geymslu, ber honum tafarlaust að senda skiftaráðanda. Við lok uppskriftarinnar skal hreppstjóri fá tillögur erfingja um ráðstafanir þær á búinu, er eigi má fresta. — Alt það, er þannig fer fram, skrifar hreppstjóri nákvæmlega upp. Nöfn erfingja og heimili skulu ávalt rituð með fullum stöfum, og sé gift kona erfingi, skal eins rita nafn og heimili manns hennar. Um þá, sem bornir eru til arfs, skal um leið skýrt frá skyldleika þeirra og hins látna.

---

1) Nú l. nr. 20, 20/6 1923, VIII. kafli.

Aldur erfingja þeirra, sem yngri eru en 25[1]) ára, sé tilgreindur. Sem fyrst eftir að gjörðinni er lokið og staðfest með undirrituðum nöfnum þeirra, er viðstaddir hafa verið, skal senda sýslumanni, sem er skiftaráðandi, eftirrit af henni. — **37. gr.** Uppboðsgjörðir.[2]) Samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar frá 19. desbr. 1693, má enginn halda uppboð, er almenningur hefir aðgang að, annar en sýslumaður eður umboðsmaður hans. Verði hreppstjóra falið á hendur að halda þess konar uppboð, sem um er rætt í 71. gr. aukatekjureglugjörðar 10. septbr. 1830[3]) og ráðgjafabréfi 19. oktbr. 1878 (Stjtíð. B. 167.) á hann, eins og sjálfsagt er um fógetagjörðir og skiftagjörðir, að kveðja tvo menn til að vera votta og aðstoðarmenn við uppboðsgjörðina. Sé honum eigi fengin skrá yfir fjármuni þá, sem á að bjóða upp, skal hann með aðstoðarmönnum sínum semja slíka skrá, fyrr en uppboðið fer fram. Uppboðsauglýsingar þær, sem sýslumaðurinn sendir hreppstjóra, á hann að sjá um að verði birtar á sem haganlegastan hátt, á hann því að lesa þær eftir messu við kirkju og festa þær upp þar og annarsstaðar, er ókunnungir oft koma, t. a. m. við veitingahús, ferjustað eður verzlunarstað, sé hann í hreppnum. — Á þeim degi og þeirri stundu, sem til tekin er í uppboðsauglýsingunni, kemur hreppstjórinn með vottum sínum á uppboðsstaðinn. Hann les fyrst upp uppboðsskilmálana, býður þar eftir upp samkvæmt skránni fjármuni þá, sem selja skal, ítrekar skilmerkilega þau boð, sem koma fram, og slær með hamri eða öðru verkfæri högg, þegar hið hæsta boð er komið, og má þar eftir afhenda hinn uppboðna hlut þeim, er bauð, ef hann borgar það, sem hann hefir boðið, í peningum, eður, ef hreppstjóri treystir sér til að lána honum hið uppboðna sam- 1880 29. apr.

1) L. nr. 60, $^{14}/_{11}$ 1917.
2) L. nr. 32, $^{11}/_{7}$ 1911, 12. gr., og l. nr. 64, $^{14}/_{11}$ 1917.
3) L. nr. 64, $^{14}/_{11}$ 1917.

1880 kvæmt uppboðsskilmálunum. Geti sá, sem hið upp-
29. apr. boðna er til slegið, ekki borgað það þegar í stað, og vilji hreppstjóri eigi gefa honum gjaldfrest, skal bjóða hið uppboðna upp aftur, og má hreppstjóri þá síðan neita að taka við boðum af hlutaðeiganda. — Eftir uppboðið heimtar hreppstjóri inn andvirði hins selda, ef ekki sérstakur gjaldheimtumaður er ráðinn af þeim, er beiddist uppboðsins, og á hreppstjóri að hafa gert reikning fyrir andvirði uppboðsins innan 4 vikna efir gjalddaga þann, sem til er tekinn í uppboðsskilmálunum fyrir þá kaupendur, er gjaldfrestur veitist. Alt það, sem fram fer við uppboðið, ritar hreppstjóri nákvæmlega, og sendir hann sýslumanni sem fyrst hina þannig skráðu uppboðsgjörð, staðfesta með nafni og innsigli sínu og nöfnum vottanna, svo og gjaldheimtumanns og annara, er hlut eiga að máli. — 38. gr. Úttektar- og skoðunargjörðir[4]). — Eftir skipun sýslumanns er hreppstjóri skyldur að framkvæma með öðrum þar til skipuðum manni skoðunar- og virðingargjörðir á jörðum, húsum eður lausafé, til að meta ábata þann eður skaða, er menn hafa orðið fyrir, eður andvirði einhverrar eignar. — Skoðunargjörðir þessar eiga hreppstjóri og meðskoðunarmaður hans að framkvæma eftir reglum þeim, sem sýslumaður leggur fyrir þá, um leið og hann skipar gjörðina, en hér skal farið nokkrum orðum um skoðunargjörðir þær, er geta farið fram án skipunar sýslumanns, þá er ábúandaskifti verða á jörð, og nefnast þær, eins og kunnugt er, Úttektir. — a. Skoðunargjörð á jörð, sem eigandi þangað til hefir setið á, en nú er leigð eða seld öðrum, er að henni flytur, er mest innifalin í því að lýsa sem nákvæmlegast ástandi því, er jörðin er afhent í, og á þá að segja frá: — 1. húsum þeim, hlöðum og heygörðum og heytóttum, sem afhendast, efni og byggingarlagi sérhvers húss, hve gam-

---

4) L. nr. 1, $^{12}/_{1}$ 1884, 30.—33. gr., l. nr. 60, $^{22}/_{11}$ 1907, 16. gr., l. nr. 64, $^{14}/_{11}$ 1917 og l. nr. 15, $^{20}/_{6}$ 1923, 147. gr.

alt það sé, ástandi viðanna í því, hleðslunni á veggj- 1880
unum o. s. frv. — 2. Stærð og tölu kálgarða þeirra, 29. apr.
sem eru á jörðinni, hvort túnið sé þýft eður slétt, og í hverju ástandi túngarðurinn sé, hvort vatnsveitingaskurðir séu í túnum eður engjum, og hvernig þeir eru gjörðir eður þeim haldið við, þá á að nefna hlandforir, traðargarða, kvíar, stekki, flóruð og girt haugstæði m. fl., sé nokkuð verulegt mannaverk á þeim, hvort jörðunni tilheyrir meltak, skógar, rekafjara, grasatekja, sölvatekja, mótak, þang til eldsneytis, eggvarp, dúntekja, veiði, og ennfremur, hvernig hagar eru sumar og vetur, hve margar skepnur hafi verið hafðar á jörðunni, hvort eigi hafi vantað áburð á túnið, í hvaða ástandi engjar og aðrar utantúnsslægjur séu, og ber að öllu samtöldu, að skýra frá sérhverju því atviki, sem getur miðað til að skýra hugmyndina um, hvernig góð ábúð þurfi að vera á henni, hvað gjöra þurfi til þess að hún haldist í góðri rækt, og hve mörg vinnuhjú þurfi að hafa til að vinna upp tún og engjar. — 3. Loks eiga skoðunarmennirnir að skoða kúgildi þau, sem leigð eru með jörðinni, skýra frá aldri kúgildis-kúa og ásauðar, og hvort hver skepna sé í leigufæru standi. — **b.** Nú eru úttektarmenn kvaddir til að skoða jörð við fráför leiguliða, og þá er annaðhvort annar leiguliði eður eigandinn flytur að jörðunni, og skulu þeir þá hafa fyrir sér byggingarbréf hins fráfarandi leiguliða og úttekt þá, er fór fram, þegar hann tók við jörðunni, og ber þeim auk þess að lýsa jörðinni, eins og að framan er sagt undir a. 1., að bera ástand hennar, sem nú er, saman við ástand hennar eins og því er lýst í eldri úttektum, og eins og það ætti að vera samkvæmt byggingarbréfinu. Getur þá orðið spurning um annaðhvort álag handa þeim, er við jörðunni tekur, eða uppbót handa þeim, er frá henni fer. — 1. Þegar meta skal jarðarálag, ber að taka til greina ábúðarskyldur leiguliða, eins og þær eru áskildar í byggingarskilmálunum eða ákveðnar í lögum. Samkvæmt

1880 29. apr. landsleigubálki Jónsbókar og síðari lögum[1]) er maður skyldur að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann til jarðar kom, ábyrgjast fyrningu á þeim og byggja þau upp á eiginn kostnað. Að því leyti hús jarðarinnar eru ekki nýbygð og í gildu standi, skal meta álag á þau, hvert út af fyrir sig, svo að landsdrottinn fær ekki að eins skaða þann bættan, er leiðir af illri eða hirðulausri meðferð leiguliða, heldur og fyrning þess, sem leigt er. Á sama hátt skal meta skemdir og fyrningu á öðrum mannvirkjum jarðarinnar, ef leiguliði er skyldur að halda þeim við. Svo skal og meta rækt á túnum og engjum og meðferð og umhirðingu á innstæðu-kúgildum jarðarinnar og hlunnindum þeim, er henni fylgja. Fyrir hvað eina, er vantar á, að hús eða önnur mannvirki jarðarinnar verði talin leigufær og ófyrnd, skal gjöra hinum fráfarandi leiguliða álag. — 2. Komist úttektarmenn að þeirri niðurstöðu, að jörðin, mannvirki þau, sem á henni eru, eður leigufé sé nú alt, eður nokkuð af því, í töluvert betra standi, en þá er landsetinn kom að jörðunni, eiga þeir eins að meta þær endurbætur, sem jörðin m. m. þannig hefir tekið, frá því er hún síðast var tekin út, og um leið kveða upp álit sitt um það, hvort leiguliðinn þannig hafi tilkall til þokkabótar fyrir endurbætur á jörðunni eður til að slíkar endurbætur komi upp í ofanálag það, sem honum fyrir bresti í öðrum greinum ábúðar sinnar beri að gjalda. — Úttektarmenn eiga að dagsetja úttektina svo, að báðir málspartar eður umboðsmenn þeirra fái nægilegan fyrirvara til að koma til úttektarinnar. Málspörtum ber þannig að gefa færi á að vera viðstöddum við úttektargjörðina, og koma fram með það, er þeir hafa að athuga við ályktanir úttektarmanna, og eiga málsaðilar að lokinni úttektargjörð og henni skráðri, að staðfesta með undirrituðum nöfnum sínum, að alt sé ritað, eins og það

1) L. nr. 1, $^{11}/_{1}$ 1884, 15. gr.

hefir fram farið. Allar úttektir skal rita í þar til gjörða bók. 1880 29. apr.

V. Skyldur hreppstjóra til að sjá um framtal til tíundar[1]) og annara alþjóðlegra gjalda, og um samning ýmsra skýrslna. — **39. gr.**[2]) — — — Þegar hinum eiginlegu þingstörfum er lokið, má hreppstjóri leyfa frjálsar umræður um mál þau, sem varða almenning, en vel ber að gæta þess, að alt fari friðsamlega og vel fram á þinginu, og er hver sekur 6 álnum, er verður sannur að harki og háreysti á þinginu, þrátt fyrir það að hreppstjóri hafi gjört honum áminningu. — Þing skal halda í þinghúsi hreppsins. Hreppstjóri kveður sér tvo votta að, og skulu þeir með honum sjá um bókun þinggjörðanna og staðfesta þær. — **40. gr.** Á vorþingi skal hreppstjóri leita skýrslna um lausafé og um búnaðarástand[3]) í hreppnum í síðastliðnum fardögum, og er hver bóndi samkvæmt rentukammerbréfi frá 7. ágúst 1787, konungsúrskurði frá 19. júní 1793, stjórnarbréfi frá 10. ágúst 1852 og 1. og 4. gr. tíundarlaganna 12. júlí 1878, skyldur að segja hreppstjóra greinilega og réttilega frá: — 1. Tölu allra gripa, sem hann hafði undir höndum í fardögum að meðtöldum innstæðukúgildum og skepnum þeim, er hjú hans eiga og aðrir, sem á hans vegum eru. — 2. Tölu skipa þeirra og báta, er hann á eða hefir undir hendi, og sem ganga til fiskiveiða. — 3. Tölu og stærð [í ferhyrndum föðmum] lands þess, sem ræktað er og yrkt á jörðinni, en stærðina má finna með því að mæla lengd og breidd landsins og margfalda breiddartöluna með lengdartölunni. — 4. Hve margir faðmar hafi hið síðastliðna fardagaár verið grafnir af vatnsveitingaskurðum, og hlaðnir af túngörðum, hve mikið hafi verið sléttað í

1) Sbr. l. nr. 74, $^{27}/_{6}$ 1921, 24. gr., sbr. og 29. gr.
2) L. nr. 69, $^{27}/_{6}$ 1921.
3) L. nr. 29, $^{18}/_{11}$ 1895.

1880 29. apr. [ferhyrndum föðmum] af þúfum, hve mikill jarðargróðinn hafi verið af rótarávöxtum og heyi, hvort mótak hafi verið notað, og hve margir hestar eða tunnur af mó þar hafi verið teknar á téðu fardagaári. — Hafi hreppstjóri ástæðu til að halda, að skýrsla einhvers bónda sé ónákvæm eða röng, á hann þegar í stað að halda spurnum fyrir um gripatöluna og búnaðarástandið á viðkomandi jörð, en hina lagfærðu skýrslu ritar hreppstjóri á viðkomandi eyðublað, og tilfærir í áframhaldandi röð þar fyrst alla búendur í hreppnum, og síðan alla húsmenn, lausamenn og vinnumenn, sem nokkurt tiundarbært[1]) lausafé eiga eða hafa nokkra garðyrkju. — Um leið og fyrrnefnd skýrsla er gefin, skal hver búandi maður skýra frá, á hve mörgum jarðarhundruðum hann búi eftir dýrleika þeim, sem settur er á ábýlisjörð hans í jarðabók þeirri, sem lögleidd var með tilsk. 1. apríl 1861.[2]) Dýrleiki á þrætulöndum, er sérstaklega eru metin, skal talin fram af ábúanda þeirrar jarðar, er landið er notað frá. Noti það fleiri jarðir, og verði ekki tiltekið víst hlutfall fyrir afnotin, ber að skifta dýrleikanum jafnt á milli allra þessara jarða. — Um hundaframtalið vísast í 27. grein hér að framan. — 41. gr.[3]) — — — Á haustþingum á hreppstjóri lokskins, samkvæmt konungsúrskurðum frá 16. júlí 1817, 2. marz 1853[4]) og 28. febr. 1880 (Stjtíð. B. 60) og rentukammerbréfi frá 23. ágúst 1817, að leita skýrslna um verðlag það í reiðum peningum, sem verið hefir hið síðastliðna ár, frá 1. október til 30. september, í hreppnum á landaurum þeim, sem taldir eru í hinum árlegu verðlagsskrám, og skulu þeir nefndir í hinni sömu röð, sem þeir þar eru til greindir. Verðið skal sett, eftir því sem vörurnar hafa gengið í kaupum og sölum manna á milli, eður á verzlunarstöðum þeim, er

1) L. nr. 46, $^{2}/_{11}$ 1914 og l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, I. kafli og 5. gr.
2) L. nr. 22, $^{3}/_{11}$ 1915.
3) L. nr. 46, $^{2}/_{11}$ 1914 og l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, I. kafli og 5. gr.
4) L. nr. 16, $^{6}/_{11}$ 1897, 4. gr.

hreppurinn sækir að. — 42. gr.[1]) — — — 43. gr.[2]) — — —. 44. gr.[3]) — — —. 45. gr[4]) Hreppstjóri á að semja þessar skýrslur: 1. — — —. 2. um búnaðarástand (sjá 40. gr. hér að framan). 3. um þá, sem tekjuskatt eiga að greiða (sjá 42. gr. hér að framan)[5]). 4. um fiski og hákarlaveiði og fuglatekju í hreppnum (sjá 44. gr. hér að framan). 5. um hundahald á hverjum bæ í hreppnum (sjá 27. og 40. gr. hér að framan). 6. um verðlag á landaurum (sjá 41. gr. hér að framan). 7. um verkfæra menn í hreppnum, sem eru eldri en 20 ára, en yngri en sextugir og án tillits til stöðu þeirra (sjá tilskipun um vegina frá 15. marz 1861, 16. gr.)[6]). — — — Hreppstjóri sendir sýslumanni a) fyrir nóvembermánaðarlok[7]) skýrslurnar um búnaðarástand (2) og um verðlag landaura (6)[8]), b) — — —, c) fyrir febrúarmánaðarlok[9]) skýrsluna um sjávarafla og fuglatekjur (4), d) fyrir sumarmál skýrsluna um verkfæra menn (7), e) fyrir septembermánaðarlok skýrsluna um hundahald (5)[10]). 1880 29. apr.

VI. Skipun hreppstjóra, eiður hans, bækur og laun. — **46. gr. a.** Eins og til er tekið í 12. grein, á hreppstjóri heimting að fá hin nauðsynlegu útlát sín í glæpamálum endurgoldin og hæfilega þóknun fyrir vinnumissi þann, er leiðir af aðgerðum hans í slíkum málum. Sömuleiðis getur hreppstjóri eins og meðal annars er tiltekið í tilskipun 5. jan. 1866 um fjárveikindi, átt von á álíku endurgjaldi og álíkri þóknun í þýðingarmiklum lögreglumálum; en aðgerð-

1) L. nr. 74, $^{27}/_{6}$ 1921, 24. gr.
2) L. nr. 66 $^{27}/_{6}$ 1921.
3) L. nr. 28, $^{8}/_{11}$ 1895, og rglgj. 56, $^{20}/_{4}$ 1897.
4) Reglugj. nr. 56, $^{20}/_{4}$ 1897.
5) L. nr. 74, $^{21}/_{6}$ 1921, 46. gr.
6) Vegalög nr. 41, $^{4}/_{6}$ 1924, 18. og 19. gr.
7) Reglugj. nr. 56, 1897, 1. gr.
8) Reglugj. nr. 56, $^{20}/_{4}$ 1897.
9) Reglugj. 1897, 2. gr.
10) L. nr. 18, $^{22}/_{5}$ 1890, 3. gr.

1880 um sínum í minni háttar lögreglumálum ber hrepp-
29. apr. stjóra, ef unt er, að haga svo, að þær hafi ekki neinn kostnað fyrir almenning í för með sér. — **b.** Réttargjörðir þær, sem getur um í IV. þætti reglugjörðar þessarar, er hreppstjóra skylt að framkvæma án borgunar, ef hlutaðeigandi málsaðili hefir fengið gjafsókn, eður ef málið er höfðað af valdstjórninni, þó ber hreppstjóra sami ferðakostnaður í slíkum málum og í hinum eiginlegu einkamálum. Réttarlaun hreppstjóra í málum einstakra manna, sem gjafflutningur hefir eigi verið veittur, er þessi:[1]). — — — **c.**[2]) — — — **d.** Hafi fjárskoðanir og önnur slík störf í för með sér verkfall og ferðir, á hreppstjórinn, eins og fyrr var ávikið, tilkall til hæfilegrar borgunar samkvæmt tilsk. 5. janúar 1866[3]). — **e.**[4]) — — f. — — Ber hreppstjóra nokkur hluti af sektum fyrir ýms lagabrot, og munu honum verða dæmdir eða úrskurðaðir af sýslumanni [eður amtmanni] slíkir hlutir í hvert sinn, er slíkar sektir falla. — Samkvæmt konungsúrskurði frá 21. júlí 1808 mega amtmenn leyfa hreppstjórum að bera embættisbúning.[5]) — 47. gr.[6]) — — — Embættisbækur hreppstjóra eru: 1. Hreppaskilabók, er rita skal í lausafjárframtal[7]) og aðrar þær skýrslur, er hreppstjóri á að semja, nema hundahaldsskýrsluna, hana skal rita í — 2. Hundahaldsbók. — 3. Uppskriftar- og uppboðsbók, og skal þar einnig rita fógetagjörðir og úttektir. — 4. Bréfabók, og skal í henni vera skrá yfir öll embættisbréf, er hreppstjóri tekur við, og eftirrit eftir þeim embættisbréfum, er hann ritar. — Bækur þessar skulu

---

1) L. nr. 64, $^{14}/_{11}$ 1917.
2) L. nr. 18, $^{22}/_{5}$ 1890, 8. gr.
3) Sbr. l. nr. 40, $^{8}/_{11}$ 1901.
4) L. nr. 60, $^{22}/_{11}$ 1907, 2. gr.
5) Ráðgjbr. $^{21}/_{2}$ 1899.
6) Tilsk. nr. 12, $^{23}/_{8}$ 1904, I. 1, e. 1., l. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911, 1. gr., og l. nr. 63, $^{14}/_{11}$ 1917, 4. gr.
7) Reglugj. 56, $^{20}/_{4}$ 1897.

kostaðar af sýslusjóði, og skal sýslumaður löggilda þær og sjá um, að þær verði reglulega og rétt ritaðar. — Auk bóka þessara og þeirra skjala, er þeim fylgja, á hreppstjóri að geyma vel og vandlega Stjórnartíðindi þau, er honum eru send, og halda þeim saman. Ber honum í hvert sinn og hann meðtekur sendingu af þeim, að gæta að, hvort nokkurt vanti, og ef hann getur ekki fengið það á næstu póststöðvum, bera sig upp um það sem fyrst við sýslumann. 1880 29. apr.

Lög um löggildingu verzlunarstaðar á Hesteyri við Hesteyrarfjörð innan Ísafjarðarsýslu (St. A. 64). 1881 nr. 17 4. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Kolbeinsárós í Skagafirði (St. A. 66). nr. 18 4. nóv.

Víxillög fyrir Ísland. 1882

Vér Chr. IX., o. s. frv. — Fyrsti kafli. — Um víxla á hendur öðrum manni. — 1. kapituli. — Um form víxla. — **1. gr.** Víxil skal svo gjöra, að hann til greini: nafnið víxil með berum orðum í sjálfum textanum, eður, ef víxillinn er saminn á útlendu tungumáli, samsvarandi nafni á því máli; hve mikla peninga borga skuli (fjárhæð víxilsins); nafn þess manns, er taka á við borguninni (viðtakandi, remittent); nafn þess, er á að leysa til sín víxilinn (greiðandi, trassat); stund og stað, þá er víxillinn er útgefinn; hvar borgun skuli greiða; undirskrifað nafn þess, er gefur út víxilinn (útgefandi, trassent). — **2. gr.** Víxill getur hljóð að um borgun til útgefanda sjálfs (víxill til eiginnar ráðstöfunar). — Ef víxill, sem ræðir um í þessum kafla, kveður svo á, að útgefandi eigi sjálfur að leysa hann til sín (trasseret egen Vexel), skal hann skoða sem eiginn víxil (95. gr.). — **3. gr.** Einn skal vera gjalddagi allrar fjárhæðar víxilsins. — Víxill skal að eins hljóða um borgun: tilgreindan dag; jafnskjótt sem hann er sýndur (ved Sigt, a vista); tilteknum tíma eftir að nr. 1 13. jan.

1882 nr. 1 13. jan.

hann er sýndur (eftir Sigt, a viso); eða tilteknum tíma eftir að hann er gefinn út (a dato). — Sé enginn gjalddagi ákveðinn, skal álíta hann vera þá, er víxillinn er sýndur. — 4. gr. Víxill getur hljóðað um borgun á öðrum stað, en á heimili greiðanda (domicileraður víxill). — Sé greiðslustaður eigi til tekinn, skal borgun lúka á þeim stað, sem getið er við nafn greiðanda, og sé þar álitið að vera heimili hans. — 5. gr. Sé skjal eigi svo lagað, sem nú var mælt, veitir það eigi víxilrétt. Yfirlýsingar þær, sem ritaðar eru á slíkt skjal, svo sem greiðslusamþykki, framsal eður ábyrgð, veita heldur eigi nein víxilréttindi. — 6. gr. Sé fjárhæð víxils nefnd oftar en einu sinni, og eigi hin sama, þá gildir hún minsta. — 7. gr. Sé á víxli gefið loforð um leigur, skal álíta loforð það sem óskráð. — 2. kapituli. — Um ábyrgð útgefanda. 8. gr. Útgefandi hefir eftir víxilrétti ábyrgð á því, að víxill verði samþyktur og borgaður. — 3. kapituli. — Um framsal víxils (endossement, giro). — 9. gr. Víxil má selja öðrum manni (endossatar) með framsali, þótt eigi sé neitt ákveðið um það í víxlinum. Nú hefir útgefandi bannað framsal víxils í sjálfum texta hans með orðunum „eigi til framsals“ (Ordre), eða því um líku, og veitir framsalið þá engin víxilréttindi. — 10. gr. Við framsalið hverfa öll þau réttindi, sem víxli fylgja til þess, sem hann er framseldur, og þar á meðal réttur til að fram selja aftur víxilinn. Víxil má einnig fram selja útgefanda, greiðanda, samþykjanda, eða fyrri framseljanda, og mega þeir fram selja öðrum hann aftur. — 11. gr. Framsal skal rita á sjálfan víxilinn eður á eftirrit hans (kopi) eða á miða (alonge), sem festur er við víxilinn eða eftirritið. — 12. gr. Framsal getur annaðhvort verið á þá leið, að framseljandi (endossent) ritar á víxilinn nafn þess manns, er hann fram selur hann, og nafn sitt undir (fullkomið endossement), eða með því móti, að framseljandi að eins ritar sitt nafn aftan á víxilinn eður eftirritið, eður á miðann, sem við er festur (en-

dossement in blanco). — 13. gr. Eigandi víxils getur fylt eyðuframsal (blancoendossement) með því að rita nafn einhvers manns, sem víxillinn er framseldur. — 14. gr. Hver framseljandi hefir eftir víxilrétti ábyrgð á samþykki og borgun víxils gagnvart öllum þeim, er síðar eignast hann, nema hann hafi skýlaust áskilið sér að vera laus við þá ábyrgð, með því að rita í framsalið orðin „án skuldbindingar", „án ábyrgðar" „án obligo", „án retúr" eða því um líkt. — 15. gr. Sé í framsali skýlaust bannað að framselja víxil öðrum, en það sé þó gjört eigi að síður, hafa síðari eigendur víxils eigi víxilrétt gagnvart þeim framseljanda, er bannaði. — 16. gr. Þegar að eins er gefið með framsali umboð eða heimild til innheimtu eða þess konar (procura endossement), veitir framsalið eigi eignarrétt yfir víxlinum, en heimilar umboðsmanni að eins að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að varðveita víxilréttinn og til þess að heimta fjárhæð víxilsins og taka við henni, sem og til að framselja víxilinn að nýju til umboðs, ef það er eigi beinlínis bannað í framsalinu. — 4. kapítuli. — Um það, hvernig sýna skuli víxil til samþykkis. 17. gr. Hverjum þeim, er víxil hefir í höndum, er heimilt þegar í stað að sýna hann til samþykkis, og fáist samþykki eigi innan þess tíma, sem ákveðinn er í 21. gr., að láta afsagnargjörð fram fara fyrir skort á samþykki (de non acceptatione). Sé nokkur samningur gjörður, sem kemur í bága við þetta, þá hefir hann engin áhrif á víxilréttinn. — 18. gr. Ef annar greiðslustaður er tiltekinn í víxli en þar, sem greiðandi býr, og hafi útgefandi eigi til greint í víxlinum, hver eigi að annast greiðsluna á hinum staðnum, skal sýna víxilinn greiðanda til samþykkis fyrir gjalddaga, og fáist samþykki eigi, afsagnargjörð fram fara. Sé þetta vanrækt, týnist víxilréttur gegn útgefanda og framseljendum. — 19. gr. Kveði víxill á um greiðslu eftir sýning, skal sýna hann til samþykkis innan þess tíma, sem tilgreindur er í texta víxilsins. Nú er enginn

1882 nr. 1 13. jan.

1882 nr. 1 13. jan.

tími tilgreindur, og skal sýna víxilinn innan 6 mánaða frá dagsetning hans, sé hann útgefinn á Íslandi og eigi að borgast innanlands, en innan árs, sé hann útgefinn á Íslandi og eigi að borgast erlendis, eða útgefinn erlendis og eigi að borgast á Íslandi. Sé víxill eigi samþyktur eða samþykki eigi dagsett, skal afsegja (protestera) víxilinn áður en sýningarfresturinn er útrunninn, og telst þá gjalddagi frá afsagnardegi. Sé það vanrækt, sem hér er fyrirskipað, týnist víxilréttur gegn útgefanda og framseljendum. — Hafi framseljandi ákveðið sýningarfrest, þá er hann framseldi slíkan víxil, er hann laus við ábyrgð eftir víxilrétti, ef fresturinn er látinn hjá líða. — Gagnvart þeim samþykkjanda, sem eigi hefir dagsett samþykki sitt, skal gjalddagi talinn frá síðasta degi, er sýna mátti víxilinn, hafi afsagnargjörð eigi fram farið. — 20. gr. Þá er afsagnargjörð hefir fram farið fyrir skort á samþykki, skal það ávalt tilkynt (notification), á þann hátt og með þeirri ábyrgð, sem fyrir er mælt í 45—47. gr. — 5. kapituli. — Um samþykki víxils. 21. gr. Þegar víxill er sýndur til samþykkis, skal svarað skýlaust innan sólarhrings, hvort hann verði samþyktur eður eigi. Nú er ekki svar gefið innan þess tíma, og skal svo álíta, sem samþykkis sé synjað. — Samþykki skal rita á víxil, og skal samþykkjandi rita nafn sitt undir. Þá er samþykki gilt, er samþykkjandi að eins ritar nafn sitt framan á víxilinn. — Nú er samþykki, sem ritað hefir verið á víxil, strykað út, aftur kallað, eða því breytt, og hefir samþykkið engu að síður fullt lagagildi. — 22. gr. Víxil skal samþykkja, svo sem hann er, án skilyrðis eða fyrirvara; þó má takmarka samþykkið við nokkurn hluta fjárhæðar víxilsins. Sé aðrar takmarkanir settar eður aðrir skilmálar, skal álíta þá sem óritaða. — 23. gr. Sá, sem samþykt hefir víxil, ábyrgist eftir víxilrétti, að hin samþykta fjárhæð greiðist á gjalddaga. — Samþykkjandi er fyrir samþykki sitt einnig skuldbundinn útgefanda eftir víxilrétti. Aft-

ur á móti hefir samþykkjandi eigi víxilrétt gegn útgef- 1882
anda. — 24. gr. Ef víxill kveður svo á, að borga skuli nr. 1
annarstaðar en á heimili greiðanda, enda hafi útgef- 13. jan.
andi eigi til greint í víxlinum, hver greiða skuli borg-
unina á þeim stað, skal samþykjandi bæta því við á
víxilinn. Láti hann það ógjört, skal svo álíta, sem hann
sjálfur vilji borga víxilinn á greiðslustaðnum. — 6.
kapítuli. Um fullnustu fyrir synjun samþykkis eða ef
samþykkið er eigi tryggjandi. — 25. gr. Sé víxill eigi
samþykktur innan þess tíma, sem ákveðinn er í 21.
gr., eður að eins samþyktur að nokkrum hluta, og af-
sagnargjörð hefir fram farið, hefir eigandi víxilsins
heimild að krefjast tryggingar með víxilrétti hjá hverj-
um framseljanda eða hjá útgefanda fyrir borgun víx-
ilsins á gjalddaga eða þess hluta hennar, sem eigi er
samþyktur, enda kostnaðar þess, er leitt hefir af því,
að samþykki fékst eigi eða var ófullkomið, en selja
skal hann þá af hendi afsagnargjörðina. — 26. gr.
Hver framseljandi hefir og heimild til eftir afsagnar-
gjörð, sökum þess, að semþykki hefir brugðist eða ver-
ið ófullkomið, að krefjast tryggingar hjá hverjum hinna
fyrri framseljenda, eða hjá útgefanda gegn því, að
selja honum í hendur afsagnargjörðina. — 27. gr. Nú
hefir víxilskuldari sett trygging einhverjum síðari eig-
anda, og kemur hún þá einnig öðrum síðari eigendum
að notum, ef þeir krefjast þess. Enginn þeirra, er víx-
ilinn eignast eftir veðsetjanda, getur krafizt frekari
tryggingar af neinum víxilskuldara, nema sýnt verði,
að hin setta trygging sé ónóg. — 28. gr. Vilji greiðandi
eftir afsögn samþykkja að fullu, og endurgjaldi hann
kostnaðinn, sem leitt hefir af synjun hans, getur sýn-
andi víxils eigi hafnað samþykkinu, ef víxillinn er enn
í vörzlum hans. Þá er samþykki er þannig gefið, hverf-
ur heimildin til að heimta trygging. Hafi trygging þeg-
ar verið sett, skal skila henni aftur. Nú er mál eigi
höfðað gegn veðsetjanda til lúkningar víxli, áður ár sé
liðið frá fjalddaga hans, og skal þá tryggingunni aftur

1882 nr. 1 13. jan.

skilað; sama er og, ef víxill er borgaður, eða skuldbindingin eftir víxilrétti á annan hátt fallin niður. — **29. gr.** Hafi sá víxil í höndum, er sökum afsagnar fyrir skort á samþykki á heimting á trygging eftir 25. eða 26. gr., getur hann í stað tryggingar, án þess að bíða gjalddaga, heimtað sér borgaða fjárhæð víxilsins, eða þann hluta hennar, er eigi var samþyktur, svo og endurgjald fyrir kostnað þann, er leitt hefur af synjun samþykkis og þóknun eftir 50.—52. gr. Þó má skuldari draga frá hinni ósamþyktu fjárhæð 5 af hundraði í ársleigu fyrir tímann, sem eftir er til gjalddaga. — Krefjist eigandi víxils tryggingar, en skuldari kýs heldur að leysa til sín víxilinn þegar í stað með þeim skilmálum, sem nefndir voru, þá er honum það frjálst. — **30. gr.** Nú er samþykkjandi orðinn gjaldþrota fyrir gjalddaga, eða bert hefir orðið af fjárnámsgjörð, að hann hefir eigi efni til að borga skuldir sínar, eða hann er verzlunarmaður og hefir hætt fjárgreiðslum, enda setur hann eigi handhafa trygging fyrir greiðslu víxilsins á gjalddaga, er handhafi krefst þess, og hefir þá eigandi hans og framseljendur, þegar þetta er sannað með afsagnargjörð, heimild til að krefjast tryggingar eftir 25.—27. gr. hjá hinum fyrri framseljendum eða hjá útgefanda, enda skal þá afsagnargjörðin seld af hendi. — Afsagnargjörð skal tilkynna á þann hátt og með þeirri ábyrgð, sem fyrir er mælt í 45.—47. gr. — 7. kapituli. Um gjalddaga víxils og borgun. — **31. gr.** Víxil skal borga í gjalddaga, og frestdagar eiga sér þannig eigi stað. — **32. gr.** Víxil, sem kveður á greiðslu við sýning, skal borga, þá er hann er sýndur. Það sem fyrir er mælt í 19. gr. um sýning víxla til samþykkis, er þeir kveða á um borgun eftir sýning, á einnig við um sýningarfrest til greiðslu þeirra víxla, er ákveða borgun við sýning, sem og um afleiðingar þess, er fresturinn er látinn hjá líða. — **33. gr.** Sje gjalddagi víxils ákveðinn í upphafi, miðju eða enda mánaðar, þá skal borga hinn 1., 15., eða síðasta dag mánaðarins.

— Ef gjalddagi víxils er miðaður við ákveðna daga- 1882
tölu eftir dagsetning, eður eftir sýning, skal hvorki dag- nr. 1
setningardagur né sýningardagur talinn með. Hálfur 13. jan.
mánuður telst 15 dagar; sé greiðslufrestur einn eða fleiri heilir mánuðir og hálfur mánuður, skal hálfi mánuðurinn talinn síðast. — **34. gr.** Sé víxill útgefinn þar, sem tímatal eftir gamla stíl er við haft, skal svo álita, sem tímabil þau, er nefnd eru í víxlinum, séu miðuð við gamla stíl, ef víxillinn sýnir eigi annað. — **35. gr.** Víxil skal borga í þeirri mynt, sem hann til skilur. Nú er mynt sú eigi gjaldgeng á greiðslustaðnum, enda hefir eigi útgefandi með orðinu „effectiv" eða með samsvarandi orðatiltæki sérstaklega ákveðið greiðslu í þeirri mynt, og má þá greiða féð í innlendum peningum eftir verðlagi á víxlum, er miðað er við hina útlendu peninga og greiðslu við sýning á þeim tíma, er víxillinn er borgaður á greiðslustaðnum, eður á hinum næsta innlenda víxilstað. — **36. gr.** Leysi eigi samþykkjandi víxilinn til sín, þá er hann er sýndur honum til borgunar í gjalddaga eður eftir gjalddaga, er hann skyldur að greiða 6 af hundraði í ársleigu af fjárhæð víxilsins frá sýningardegi og endurgjald fyrir kostnað þann, er eigandi víxilsins hefir haft af drættinum, Eigi að greiða borgun eftir verðlagi víxla, og hafi það lækkað eftir sýningu víxilsins, skal fara eftir því verðlagi, sem var í gildi á sýningardegi; þó getur eigandi víxilsins eigi talið til hærra verðlags en þess, sem gilti á gjalddaga, ef hann hefir dregið að sýna víxilinn. — **37. gr.** Eigandi víxils getur eigi skorazt undan að taka við borgun upp í fjárhæð víxilsins. — **38. gr.** Víxilskuldari er eigi skyldur að borga, nema víxill sé fenginn honum í hendur með áritaðri kvittun. Borgi hann nokkuð af fjárhæð víxilsins, skal afborgunin rituð á víxilinn; svo skal og veita honum sjerstaka kvittun á eftirrit af víxlinum, ef þess er krafizt. — **39. gr.** Þá er gjalddagi er kominn, hefir handhafi víxils heimild til að heimta og taka borgun fyrir víxilinn, ef það sést af

1882 nr. 1 13. jan.

texta hans eður af fullkomnum framsölum eður eyðuframsölum, sem í óslitinni röð ná til handhafa, að hann sé eigandi víxilsins. Sá, sem þá leysir til sín víxilinn, er eigi skyldur að rannsaka, hvort framsölin séu rétt. — **40. gr.** Sé víxill borgaður fyrir gjalddaga og það reynist síðar, að borgun sé greidd heimildarlausum handhafa, skal sá, sem víxilinn leysti til sín, svara til skaða þess, er af því hlýzt. — 8. kapituli. Um fullnustu fyrir greiðslufall. — **41. gr.** Vilji eigandi víxils geyma rétt sinn til fullnustu fyrir greiðslufall gegn útgefanda og framseljendum, skal hann sýna greiðanda víxilinn, þá er hann er kominn í gjalddaga, og hvort sem hann hefir verið samþyktur eða ekki, krefjast borgunar. Ef greiðandi þá eigi geldur upp, skal eigandi láta afsagnargjörð (de non solutione) fram fara á greiðsludeginum, eða í síðasta lagi á öðrum virkum degi þar eftir. Þó er þessi sýning og afsagnargjörð óþörf, ef afsagnargjörð fyrir synjun samþykkis hefir áður fram farið, og víxillinn þar að auki er borgaður samkvæmt 29. gr. eða mál hafið til borgunar eftir sömu grein. — **42. gr.** Áskorun um að afsagnargjörð eigi skuli fram fara („án afsagnar", „án kostnaðar" eða því líkt) afnemur þá skyldu, að láta afsagnargjörð fram fara, en eigi þá, að sýna víxil til borgunar á réttum tíma. Bregðist borgun, er eigandi skyldur að skýra frá því á þann hátt og með þeirri ábyrgð, sem fyrir er mælt í 45.—47. gr. Ef víxilskuldari ber það fyrir, að sýning eigi hafi átt sér stað á réttum tíma, ber honum að sanna það. Eigi er hann undanþeginn þeirri skyldu, að endurgjalda afsagnarkostnað, ef afsagnargjörð hefir fram farið þrátt fyrir áskorunina. — **43. gr.** Eigi að borga víxil á öðrum stað en á heimili greiðanda, skal sýna hann á greiðslustaðnum þeim manni, sem á að lúka borgun (domiciliatus), eða samþykkjanda sjálfum, ef hinn er eigi nefndur í víxlinum. Fáist eigi borgun, eða sá hittist eigi á greiðslustaðnum, er víxilinn skal sýna, skal eigandi víxilsins láta afsagnargjörð þar fram fara, sem

fyrir er mælt í 41. gr., ef hann vill geyma rétt sinn til fullnustu gegn útgefanda og framseljendum. Eigi annar að borga en samþykkjandi, og vanræki eigandi víxils að láta afsagnargjörð fram fara hjá honum, týnist víxilrétturinn einnig gegn samþykkjanda. — **44. gr.** Hvorki þarf sýning víxils til greiðslu né afsagnargjörð til þess að varðveita víxilrétt gegn samþykkjanda, nema þegar svo hagar til, sem getið er um í 43. gr. — **45. gr.** Nú hefir víxill verið afsagður sökum greiðslufalls, og skal handhafi hans innan tveggja virkra daga frá afsagnardegi tilkynna afsögnina bréflega (notification) hinum næsta fyrir ofan hann, er staður er tilgreindur við á víxlinum. — Skyldu þessari er fullnægt, þegar skriflegri tilkynning er komið á póstinn áður þessi frestur er liðinn, eða hún send á annan tilhlýðilegan hátt, þar sem enginn póstur fer um. — Hver framseljandi, sem fengið hefir tilkynning um afsögnina, er skyldur innan tveggja virkra daga, eftir að hann hefir fengið tilkynninguna, að tilkynna á sama hátt hinum næsta fyrir ofan hann, er staður er tilgreindur við á víxlinum. Sömuleiðis er sá útgefandi, sem hefir fengið tilkynningu um, að víxill, er borga skal á öðrum stað, en þar sem greiðandi á heima, sé afsagður hjá þeim, sem á að annast borgun, skyldur að tilkynna það samþykkjanda. — **46. gr.** Sá, sem vanrækir að gefa þá tilkynning, sem skipuð er í 45. gr., hefir ábyrgð á því tjóni, sem leiðir af þessari vanrækt, gegn þeim, er standa fyrir ofan hann á víxlinum, og þannig er gengið fram hjá. Getur hann eigi krafizt endurgjalds hjá þeim fyrir kostnað sinn, en á að eins tilkall til fjárhæðar víxilsins og að auki 5 af hundraði í ársleigu frá þeim degi, er mál er hafið til borgunar. — **47. gr.** Sýni sá, sem gefa átti tilkynning, vottorð póstmanns um, að hann hafi komið á póstinn bréfi til þess, er stendur fyrir ofan hann á víxlinum, er það gild sönnun fyrir því, að tilkynning hafi verið send honum á þeim tíma, sem vottorð póstmannsins greinir, nema það sannist, að

1882 nr. 1 13. jan.

1882 nr. 1 13. jan.

bréfið hafi verið annars efnis. — 48. gr. Hver víxilskuldari, sem greiðir fjárhæð víxils með leigum og kostnaði, á heimting á, að eigandi víxilsins selji honum í hendur hinn afsagða víxil með áritaðri kvittun og afsagnargjörðina. — 49. gr. Hefja má málsókn til fullnustu fyrir greiðslufall gegn fleiri víxilskuldurum í senn eða öllum þeim, eða gegn hverjum þeirra, er hann kýs. Eigandi víxils þarf ekki að fara eftir þeirri röð, er framsölin hafa farið fram í, eða halda fram sókn gegn þeim, sem hann eitt sinn hefir kosið. — Nú hefir eigandi víxils strykað út nafn útgefanda eða einhvers framseljanda á víxlinum eða það hefir verið gjört með samþykki hans, og er víxilskuldari, sem út er strykaður, og allir þeir, sem eftir hann koma, lausir við víxilábyrgð. — 50. gr. Þegar krafist er fullnustu fyrir greiðslufall, á eigandi víxils heimting á: hinni ógreiddu fjárhæð víxilsins, með 6 af hundraði í ársleigu frá gjalddaga; endurgjaldi fyrir kostnað við afsagnargjörð, burðareyri og önnur nauðsynleg gjöld og þóknun, er sé $\frac{1}{3}$ af hundraði í fjárhæð víxilsins. — 51. gr. Ákveði víxill borgun í útlendum peningum, fer um greiðslu í innlendum peningum sem segir í 35. gr.; en greiða skal eftir verðlagi á gjalddaga víxilsins, þótt verðlag hafi síðar lækkað. — 52. gr. Nú hefir framseljandi leyst til sín víxil, svo sem sagt var, og á hann þá heimting á: allri fjárhæð þeirri, er hann hefir verið neyddur til að borga eftir 50. og 51. gr. með 6 af hundraði í ársleigu af henni frá borgunardegi; endurgjaldi fyrir nauðsynjakostnað sinn; svo og þóknun, er sé $\frac{1}{3}$ af hundraði í fjárhæð víxilsins. Þó mega þóknunargjöldin ekki vera fleiri en svo, að meiru nemi en 2 af hundraði í fjárhæð víxilsins. — 53. gr. Fullnustugjald má taka með nýjum víxli á hendur þeim, sem borgunar er krafist hjá (recambiovíxill, gagnvíxill). Má þá bæta við kröfuna gjaldi til miðils og stimpilgjaldi, ef það ber að greiða. — Slíkur víxill skal ákveða borgun við sýning, og vera gefinn út beina

leið (a drittura). — 54. gr. Sá maður, sem krafinn er um fullnustu, er ekki skyldur að borga, nema því að eins, að afsagnargjörðin og kvittaður reikningur um það, sem greiða skal (retúrreikningur), sé fenginn honum í hendur með víxlinum. — 55. gr. Hver framseljandi, sem hefir fullnægt einhverjum þeirra, sem fyrir neðan hann standa á víxli, má stryka út framsal sitt og framsöl þau, er á eftir koma. — 9. kapítuli. Um samþykki eða borgun víxils fyrir nauðleit eða milligöngu. — 56. gr. Hafi verið rituð á víxil, sem afsagður er sökum þess, að samþykki hefir eigi fengist eða verið tryggjandi, áskorun til einhvers manns á greiðslustaðnum, eða ef ákvæði 18. gr. á við um víxilinn, til einhvers á sýningarstaðnum um, að samþykkja víxilinn, ef þörf gjörist (nauðleit), þá skal heimta samþykki að þeim, er þannig er leitað til (Nödsadressat), áður en krafist verður fullnustu sökum afsagnarinnar. Synji hann samþykkis, skal afsagnargjörð einnig fram fara hjá honum. Séu fleiri af þeim, sem skorað er á til vara, fúsir á að samþykkja, gengur sá fyrir, sem leysir flesta víxilskuldara. — 57. gr. Sé víxill eigi samþyktur af neinum þeirra, sem nefndir eru í 56. gr. og skorað var á til vara, getur einhver annar (intervenient), eftir að afsagnargjörð hefir fram farið, samþykt víxilinn í heiðursskyni við útgefanda eða einhvern framseljanda. Eigi er þó eigandi víxilsins skyldur að taka móti slíku samþykki, nema greiðandi bjóði það fram. Ef einhver, sem á er skorað til vara, býðst einnig til að samþykkja víxilinn, og hann leysir jafnmarga víxilskuldara, þá gengur hann fyrir. — 58. gr. Þegar maður, sem skorað hefir verið á til vara, eða milligöngumaður, samþykkir víxil, skal rita samþykkið á sjálfan víxilinn; þó má rita samþykki eftir áskorun eða í heiðursskyni við framseljanda á eftirritið, þar sem frumrituð nauðleit eða frumritað framsal stendur á eftirriti. Sýni eigi samþykkið eitt, eða í sambandi við nauðleitina, í hvers þágu samþykkið er gefið, skal svo álíta, sem það sé í

1882 nr. 1 13. jan.

1882 þágu útgefanda. — **59. gr.** Nú hefir maður samþykt
nr. 1 víxil fyrir nauðleit eða sem milligöngumaður, og á
13. jan. hann heimting á, að afsagnargjörð sú, er fram hefir farið sökum þess, að samþykki hefir brugðist eða eigi verið tryggjandi, sé honum í hendur seld, en borga skal hann afsagnarkostnaðinn. Senda skal hann afsagnargjörðina þeim, sem víxillinn er samþyktur fyrir, með pósti, eða, þar sem póstur eigi fer um, með annari vissri ferð, og eigi síðar en öðrum virkum degi eftir samþykkisdag. Sé þessa eigi gætt, ábyrgist hann þann skaða, sem af því hlýzt. — **60. gr.** Sá, er samþykt hefir víxil fyrir nauðleit eða sem milligöngumaður, ábyrgist, sem hver annar samþykkjandi, borgun víxilsins, hverjum þeim, er stendur fyrir neðan þann, sem hann hefir samþykt víxilinn fyrir, svo framarlega víxillinn með gjörðri afsögn er sýndur honum til borgunar innan þess tíma, sem ákveðinn er í 62. gr. — **61. gr.** Hafi sá, sem skorað er á til vara, eða einhver milligöngumaður, samþykt víxil, hefir hvorki eigandi hans né nokkur annar þeirra, er standa fyrir neðan þann, sem víxillinn er samþyktur fyrir, heimting á fullnustu fyrir það, að samþykki hefir brugðist eða eigi verið tryggjandi. Aftur á sá, sem víxillinn er samþyktur fyrir, heimting á fullnustu, svo og þeir, er standa fyrir ofan hann á víxlinum. — **62. gr.** Nú er nauðleit eða milligöngusamþykki ritað á víxil, sem afsagður er sökum greiðslufalls, enda er nauðleitin eða milligöngusamþykkið miðað við greiðslustaðinn, og skal sýna víxilinn til borgunar með afsagnargjörðinni eigi síðar en annan virkan dag eftir gjalddaga. Fáist eigi borgun, skal afsegja víxilinn hjá öllum þeim, sem skorað var á til vara, sem og þeim, er samþykt hefir víxilinn sem milligöngumaður. Sé þetta vanrækt, missir eigandi víxilsins fullnusturétt sinn gegn hverjum þeim víxilskuldara, sem hefði orðið leystur fyrir borgun víxilsins. Hið sama er og, ef eigandi víxilsins skorast undan að taka við borgun, sem boðin er í heiðursskyni við einhvern

víxilskuldara. — **63. gr.** Hver sá, sem fyrir nauðleit eða sem milligöngumaður greiðir fjárhæð víxils með leigum og endurgeldur afsagnarkostnaðinn, má heimta víxilinn og afsagnargjörðina sér í hendur selda með áritaðri kvittun, er tilgreini borgunina og fyrir hvern hún sé greidd. Fær hann þá rétt eiganda víxilsins gegn þeim, er hann hefir borgað fyrir, og þeim, sem fyrir ofan hann standa á víxlinum, sem og gegn samþykkjanda. — **64. gr.** Bjóðist fleiri til að borga, eftir að afsögn hefir fram farið, gengur sá fyrir, sem leysir flesta víxilskuldara. Nú verður maður til að bjóða borgun, þótt víxillinn eða afsögnin beri með sér, að öðrum, sem hafði boðið borgun, hafi staðið nær að leysa til sín víxilinn, og hefir hann þá engan fullnusturétt gegn þeim víxilskuldurum, sem leystir hefðu orðið, ef hinn hefði borgað. — **65. gr.** Nú hefir maður samþykt víxil fyrir nauðleit eða sem milligöngumaður, en er varnað að borga sökum þess, að annar leysir til sín víxilinn, og á hann þá heimting á ⅓ af hundraði í þóknun hjá hinum. — 10. kapituli. Um samrit og eftirrit víxla. — **66. gr.** Víxil má gefa út í samritum (dúplíköt), og skal í texta hvers þeirra greina, hvert það sé í röðinni, svo sem fyrsta, annað, þriðja o. s. frv. (prima, secunda, tertia o. s. frv.), en sé að öðru eins orðuð. Sé samritin eigi þannig einkend, gildir hvert þeirra sem víxill fyrir sig sem gefinn er út einritaður (solavíxill). — **67. gr.** Bæði viðtakandi og síðari eigendur víxils geta krafið útgefanda um samrit hans, ef þeir endurgjalda kostnaðinn. Svo getur og síðari eigandi víxils farið hins sama á leit við þann, sem næstur er fyrir ofan hann á víxlinum, og hann aftur við þann, sem er fyrir ofan hann, og svo hver af öðrum, unz komið er að útgefanda. Framseljendur eru skyldir að rita framsölin á samritin í réttri röð. — **68. gr.** Þá er eitt samrit víxils er borgað, eru hin ógild. Þó ábyrgist samþykkjandi eftir sem áður hvert samrit, er samþykki hans er ritað á, og sem gengur manna á milli eftir að borgun er greidd. Eins ábyrgist

1882 nr. 1 13. jan.

1882 nr. 1 13. jan.

framseljandi sá, er framselt hefir ýmsum mönnum samrit víxils, og síðari framseljendur þeirra hvert samrit, er framsal þeirra er á ritað, og sem gengur manna á milli, eftir að borgun er greidd. — **69. gr.** Nú er eitt samrit víxils sent til samþykkis, en annað samrit framselt, og skal tilgreina á því samriti, hjá hverjum hitt sé, sem sent var til samþykkis. Sá, sem hefir þetta samrit að geyma, er skyldur að láta það af hendi við þann, er sannar rétt sinn til að fá það, eftir 39. gr., eða á annan hátt. — **70. gr.** Handhafi að samriti víxils, sem greinir hjá hverjum það samrit sé, er sent var til samþykkis, hefir eigi rétt að krefjast fullnustu fyrir samþykkis- eða greiðslufall, fyrri en hann hefir sannað með afsagnargjörð, að hann hafi eigi getað fengið samrit það í hendur, né samþykki eða borgun eftir samriti sínu. — **71. gr.** Nú er eftirrit gjört af víxli í þeim tilgangi að rita á það framsal, og skal á eftirriti því standa eftirrit af framsölum og öðru, sem þegar hefir verið ritað á víxilinn. Þá skal þess og getið á eftirritinu, hve langt eftirritunin nær, eða hvar hin frumrituðu framsöl byrja, sem og hjá hverjum frumritið er. — **72. gr.** Sá, sem hefir frumrit víxils að geyma, er skyldur að láta það af hendi við þann, sem sannar rétt sinn til að fá það samkvæmt 39. gr. eða á annan hátt. Sá, sem hefir eftirrit víxilsins í höndum og getur eigi fengið frumritið, hefir rétt til að krefjast fullnustu hjá þeim framseljendum, sem hafa frumritað framsöl sín á eftirritið, en láta skal hann áður afsagnargjörð fram fara hjá þeim, er synjaði honum um frumritið. — 11. kapítuli. Um víxla, sem glatast hafa. — **73. gr.** Ef víxill glatast, má dæma hann ógildan eftir sem lög ákveða um ógildingardóma. — **74. gr.** Þegar stefna í ógildingarmáli er löglega birt, er útgefandi skyldur að gefa út nýjan víxil. Hafi hinn glataði víxill verið samþyktur, er samþykkjandi skyldur að borga á gjalddaga réttum þeim, sem sannar rétt sinn til að taka við borgun. Setja skal þó útgefanda eða samþykkjanda næga trygging,

unz víxillinn er dæmdur ógildur eða ábyrgð þeirra eftir hinum glataða víxli er horfin á annan hátt. — **75. gr.** Sé víxilréttur undir því kominn, að víxill sé sýndur eða afsagður innan ákveðins tíma, getur sá, er glatað hefir víxli, varðveitt rétt þann, sem honum er veittur í 74. gr. gegn útgefanda og samþykkjanda, með því að láta afsagnargjörð fram fara um glötun víxilsins, áður en afsagnarfresturinn er liðinn. Þá afsögn skal tilkynna þeim á þann hátt og með þeirri ábyrgð, sem segir í 45.—47. gr. — **76. gr.** Sá, sem víxil hefir í höndum með þeirri heimild, sem 39. gr. til skilur, er eigi skyldur að láta hann af hendi við þann, sem hefir glatað honum, nema það sannist, að hann hafi fengið víxilinn með óréttu móti, þótt hann vissi betur, eða hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi. — 12. kapituli. Um fyrning víxla. — **77. gr.** Víxilkrafa gegn samþykkjanda fyrnist á þrem árum frá gjalddaga víxils að telja. Eigi að borga víxil við sýning, skal telja frá því, að sá frestur er liðinn, sem ákveðinn er í 32. gr., eða frá sýningardegi, ef víxillinn hefir áður sýndur verið til borgunar. — **78. gr.** Fullnustukrafa sú, sem eigandi víxils á, eftir 29. eða 50. gr., fyrnist gegn útgefanda og framseljendum á sex mánuðum frá gjalddaga, ef borga skal á Íslandi, en á einu ári frá gjalddaga, ef borga skal erlendis. — **79. gr.** Fullnustukrafa framseljanda þess, er leyst hefir til sín víxil, fyrnist gegn útgefanda og fyrri framseljendum á sex mánuðum, ef framseljandi sá, er leyst hefir til sín víxilinn, býr á Íslandi, og á einu ári, ef hann býr erlendis. Nú hefir hann leyst til sín víxilinn án lögsóknar, og skal telja frá borgunardegi, en ella frá þeim degi, þá er stefna í víxilmálinu var birt honum, eða sagt var til víxilkröfunnar í búi hans, hafi það verið tekið til opinberra skifta. — **80. gr.** Fyrning víxils stöðvast, ef stefna er birt eða sagt til víxilkröfunnar í búi skuldunauts, ef það hefir verið tekið til opinberra skifta, svo og ef sá, er sóttur er, tilkynnir málsóknina (litis denunciatio) einhverjum þeim, sem

1882 nr. 1 13. jan.

1882 nr. 1 13. jan.

stendur fyrir ofan hann á víxlinum. Sá, sem fengið hefir tilkynning, getur stöðvað fyrning þá, er getur um í 77. gr., ef hann á sama hátt tilkynnir samþykkjanda málsóknina. — Fyrning stöðvast eigi gegn öðrum víxilskuldurum en þeim, sem einhverri af fyrnefndum gjörðum er beint að. Stöðvun fyrningar kemur öllum þeim að notum, sem standa fyrir ofan þann, er stöðvað hefir fyrninguna. — Nú hefir fyrning verið stöðvuð, en víxilmálsókn eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur aftur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti. — 13. kapituli. Um það, hvernig gjöra skuli afsögn. — **81. gr.** Notarius publicus eða annar, sem að lögum hefir vald til, skal gjöra afsögn, og skal bóka hana. — **82. gr.** Í afsagnargjörð skal rita: eftirrit af víxlinum eða eftirriti hans og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gjörðarbeiðanda og svar þess, er afsögnin er gjörð hjá; hafi hann engu svarað, eða eigi fundist, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargjörðarinnar, og skal sá, er gjörir afsögnina, rita nafn sitt undir. — Á víxilinn eða eftirrit hans skal rita vottorð um afsagnargjörðina. — **83. gr.** Sé afsagnar krafist hjá fleirum á sama stað, þarf ekki meira en eina afsagnargjörð. — 14. kapituli. Um það, hve útlend lög koma til greina. — **84. gr.** Hvort erlendur maður er umkominn þess að gangast undir víxilskyldur, skal meta eftir lögum í landi hans. Sé hann þess eigi umkominn, en gengst eigi að síður undir víxilskyldur hér í landi, hefir hann þó fulla ábyrgð, ef hann eftir vorum lögum getur gengist undir víxilskyldur. — **85. gr.** Dæma skal eftir lögum lands þess, þar sem gengist er undir víxilskyldu, hvort form skuldbindingar þeirrar sé gilt eða eigi. En ef gengist er undir víxilskyldur erlendis, sem fullnægja ákvæðum þessara laga, eru þær yfirlýsingar gildar, sem síðar eru ritaðar á víxilinn hér í landi, enda þótt skyldum þeim, er undir var gengist erlendis, hafi verið ábótavant eftir lögum þess lands. Svo eru og þær víxil-

skyldur gildar, sem innlendur maður gengst undir er- 1882
lendis við íslenzkan, danskan, norskan eða sænskan nr. 1
mann, svo framarlega sem þær fullnægja ákvæðum 13. jan.
þessara laga. — **86. gr.** Um þær gjörðir, sem fram skulu fara í öðrum löndum til framkomu eða varðveizlu víxilrétti, ráða lög þess lands. — 15. kapituli. Almenn ákvæði. — **87. gr.** Víxilskuldarar bera einn sem allir og allir sem einn ábyrgð víxilskyldunnar. — Svo ber og sá eða þeir, sem ritað hafa á víxil, að þeir gjörist borgunarmenn (aval) og sá, sem gengið er í borgun fyrir, allir sem einn og einn sem allir, ábyrgð á víxilskyldunni. — **88. gr.** Sé á víxli fölsuð nöfn, eða rituð af þeim, sem eigi geta að lögum gengist undir víxilskyldur, eða standi á honum nöfn, er fyrir annara hluta sakir eigi skuldbinda þá, er þau eru rituð fyrir, breytist eigi við það í neinu ábyrgð hinna víxilskuldaranna. — **89. gr.** Sýning víxils til samþykkis eða borgunar, afsagnargjörðir og allar aðrar gjörðir, er snerta víxilrétt og gjöra skal hjá einhverjum, skulu fram fara milli 9. stundar að morgni og 7. að aftni í starfhýsi hans, ef hann nokkurt hefir, ella á heimili hans, nema öðruvísi sé um samið. Sé sá eigi við, er þola skal afsagnargjörð, má gjöra hana að starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gjörir, eigi fengið vísbending um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargjörðinni. — **90. gr.** Þá er telja skal gjalddaga, eða aðra fresti, sem getið er í lögum þessum, vikum, mánuðum eða árum, er sá dagur gjalddagi eða lokadagur, sem er sami dagur viku eða mánaðar, og sá dagur, sem talið er frá. Nú er eigi sami dagur í lokamánuði, og er þá síðasti dagur mánaðarins gjalddagi eða lokadagur. — 91. gr. Beri gjalddaga víxils upp á sunnudag eða annan helgan dag, er gjalddagi næsta virkan dag. Beri þann tíma, er víxilréttargjörð í síðasta lagi skal fram fara, upp á sunnudag eða annan helgan dag, má gjöra hana næsta virkan dag. Eigi verða heldur sam-

1882 rit víxla, samþykki eða því um líkt heimt nema á virk-
nr. 1 um degi. — 92. gr. Nú er manni varnað að koma fram
13. jan. gjörð til geymslu víxilrétti, annaðhvort fyrir sakir lagaboðs (moratoria og því um líks), eður almenns farartálma, eður annara óviðráðanlegra atburða (vis major), og heldur hann rétti sínum, nema þegar svo er ástatt, sem getur um í 12. kapítula, ef hann tafarlaust, þá er tálmanum er lokið, gjörir það, sem honum bar. — 93. gr. Nú hefir víxilkrafa fyrnzt, eða víxilréttur glatast fyrir vangeymslu, og er eiganda víxils rétt að sækja víxilskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan niður félli, sem um hverja aðra skuld. — 94. gr. Um réttarfar í víxilmálum til að flýta málsókn verður ákveðið í sérstökum lögum. — Annar kafli. Um eigin víxla. — 95. gr. Það, sem í lögum þessum er ákveðið um víxla á hendur öðrum manni, gildir einnig um víxla, sem kveða á borgun af hendi útgefanda sjálfs (eigin víxlar), þó með þeim breytingum, er af því leiða, að útgefandi hefir sömu skyldur og væri hann samþykkjandi, og að eigi þarf að samþykkja þessa víxla sérstaklega, sem og að ákvæði 10. kapítula um samrit víxla taka eigi til þeirra. Eigi má gefa þessa víxla út til eiginnar ráðstöfunar. — 96. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag júlímánaðar 1882. Frá sama tíma skal tilskipun um víxla 18. maí 1825 úr gildi numin. Þó skal framvegis fara eftir þessari tilskipun að því er snertir víxla, sem út gefnir eru áður en þessi lög öðlast gildi.

nr. 2 **Lög um víxilmál og víxilafsagnir.**[1])
13. jan. Vér Chr. IX., o. s. frv. — 1. gr. Víxilmál eru: þau mál, sem hafin eru gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum víxla á hendur öðrum manni, eða gegn útgefendum og framseljendum eiginna víxla,

1) Sbr. l. nr. 33, $^{11}/_{7}$ 1911 og l. nr. 39, $^{8}/_{11}$ 1901, 15. gr.

þeim til lúkningar, eða til að framkoma fullnustu kröfu eftir víxilrétti; — þau mál, sem hafin eru gegn útgefendum og framseljendum víxla sökum skorts á samþykki til borgunar víxli eða þeirri fjárhæð, sem eigi er samþykt (29. gr. víxillaganna), eða gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum, til þess trygging verði sett, þá er samþykki hefir brugðist eða eigi verið tryggjandi (25., 26. og 30. grein víxillaganna); — þau mál, sem hafin eru gegn þeim, sem gengið hefir í borgun (aval) fyrir víxilskyldan mann, skyldunni til fullnustu. — 2. gr. Víxilmál þarf eigi að leggja til sátta. — 3. gr. Í víxilmálum má eigi leyfa hinum stefnda að koma fram með aðrar varnir að efninu til en þær: a) sem lúta að því, að hinn stefndi hafi eigi verið þess ráðandi, að skuldbinda sig þannig, þá er hann skrifaði undir, eða að nafnið sé falsað eða eitthvað falsað í víxlinum, eftir að hann ritaði nafn sitt undir; b) eða sem snerta sjálft form og efni víxilsins, eða aðferðina að halda víxilkröfuuni í gildi, eða önnur skilyrði, sem í víxillögunum eru ákveðin fyrir því, að víxilréttar verði neytt. — Engar aðrar varnir, er að efninu lúta, má taka til greina í málinu, en rétt er hinum stefnda, ef hann fær eigi slíkum vörnum fram komið, að taka upp sérstakt mál til endurgjalds gegn sækjanda, enda hafi hinn stefndi tilgreint þær í vörn sinni, eða geymt sér rétt til þeirra. — Eigi er sækjandi skyldur að setja trygging fyrir sakir slíkra varna, en hinn stefndi á þess kost að leita sér tryggingar með kyrrsetning, og skal þá gæta þess, sem fyrir er mælt í N. L. 1. bókar, 19. kap. — 4. gr. Í víxilmálum má að eins gjöra gagnkröfur, sem bygðar eru á því, að hinn stefndi hafi beðið tjón af því, að tilkynning hafi eigi verið gefin, sem segir í 20., 30., 42., 45. og 75. gr. víxillaganna. Sé dóms eigi krafist sér í lagi fyrir nokkrum hluta gagnkröfunnar, má koma fram með hana án gagnsóknar. Þá er kyrrsetning hefir gjörð verið fyrir víxilkröfu og kyrrsetningunni síðan haldið til dóms og

1882 nr. 2 13. jan.

laga, skal að visu fara með kyrrsetningarmálið sem víxilmál; þó má hefja gagnsókn í því máli til ógildingar kyrrsetningunni, sökum þess, að krafan sé röng, og til endurgjalds fyrir hina ólögmætu gjörð. — **5. gr.** Í víxilmálum má eigi veita hinum stefnda lengri frest en viku til að koma vörn fyrir sig, nema samþykki sækjanda komi til, eða skýr rök sé leidd að því, að hann þurfi lengri frest til varnar sér. — **6. gr.** Kveða skal upp dóm í víxilmálum, eigi síðar en á vikufresti frá dómtöku, eða svo skjótt sem verða má, ef málið er stærra en víxilmál gjörast að jafnaði, eða önnur atvik eru því til fyrirstöðu; svo skal og tafarlaust gefa eftirrit af dóminum og dómsgjörðirnar, þá er krafist er. Ella er dómari sekur eftir tilsk. 3. júní 1796, 35. og 39. gr., um opinber mál og gjafsóknarmál. Ef dómsagnarfrestur N. L. 1—5—8 er látinn hjá líða, varðar það sektum, sem þar segir. — **7. gr.** Þegar dómur er kveðinn upp í málum, sem getið er í lögum þessum, og hinn dæmdi skýtur honum til æðra dóms, skal fara eftir N. L. 1—6—21 og tilsk. 13. janúar 1792, enda þótt dóminum eigi sé skotið beina leið til hæstaréttar; þannig má gjöra fjárnám, eða að minsta kosti leggja löggeymslu á fé hans, þó áfrýjað hafi verið, ef þau skilyrði eiga sér stað, sem ákveðin eru í téðri tilskipun. — **8. gr.** Sé krafa sækjanda um trygging álitin rétt eftir 25., 26. og 30. gr. víxillaganna, má ákveða í dóminum, ef sækjandi heimtar, að löggeymsla sé lögð á svo mikla fémuni, sem nægja til tryggingarinnar. Eigi hindrar það löggeymslu þessa, þó dóminum sé áfrýjað. — **9. gr.** Fáist eigi trygging eftir 8. gr., má þegar í stað gjöra kyrrsetning, en eigi má fógeti þá heldur en endrarnær, þá krafist er kyrrsetningar í víxilmálum, heimta trygging af gjörðarbeiðanda, nema bornar sé fram við kyrrsetningargjörðina varnir, sem taka má til greina í víxilmálum eftir 3. gr. laga þessara. Halda skal þegar í stað kyrrsetningunni til dóms að lögum. — **10. gr.** Afsagnir þær, sem getið er í víxil-

lögum fyrir Ísland, gjörir notarius publicus eða em- 1882
bættismaður sá, sem að lögum gegnir notarial-störfum. nr. 2
Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, mega 13. jan.
tveir órækir vottar gjöra afsögnina á þann hátt, sem segir í 82. gr. víxillaganna, sbr. 89. og 91. gr. Afsagnar má beiða munnlega þann, sem á að gjöra hana, ef víxillinn er fenginn honum. Eftirrit af afsagnargjörð má eigi veita öðrum en gjörðarbeiðanda. — **11. gr.** Lög þessi öðlast gildi sama dag, sem víxillög fyrir Ísland, og koma þau í stað ákvæða tilskipunar 18. maí 1825 um víxilmál og víxilafsagnir. Þó taka ákvæði hennar til allra víxla, er út eru gefnir áður en víxillögin öðlast gildi.

Lög um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra nr. 3
réttarverk.[1]) 13. jan.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — — — **12. gr.** Fyrir flutning fanga og annan kostnað við haft á þeim greiðist hreppstjóra endurgjald eftir ákvörðun yfirvaldsins.

Lög um leysing á sóknarbandi. nr. 9
12. maí

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Öllum húsráðendum, börnum þeirra og hverjum öðrum, sem fermdur er og 18 ára, skal heimilt að kjósa sér annan prest en sóknarprest sinn. Sóknarprestar einir mega kjörprestar vera. — **2. gr.** Semja skal maður við kjörprest sinn, hverja prestsþjónustu hann vill af honum þiggja. Síðan skýrir hann héraðsprófasti frá samningi þeirra, en prófastur aftur sóknarprestinum. Nú vill maður aftur hverfa til sóknarprests síns, og skal hann tjá það prófasti, en prófastur aftur sóknarpresti og kjörpresti. — **3. gr.** Verði prófastur þess vís, að kjörprestur hafi fermt barn úr öðru prestakalli, er honum þykir óhæfilegt til fermingar sakir fáfræði, skal prófastur skýra biskupi frá því, og leggur biskup úrskurð á það mál.

---

1) L. 64, $^{14}/_{11}$ 1917.

1882 nr. 9 12. mai — 4. gr. Gefa skal sóknarleysingi sóknarpresti greinilegar skýrslur um öll þau prestsverk, er kjörprestur hefir fyrir hann gjört; en sóknarprestur er skyldur að geta þeirra í kirkjubók sinni, svo sem lög standa til. Skýrsla leysingja skal gefin eigi síðar en á 14 nátta fresti, og skal henni fylgja vottorð frá kjörpresti. Prestsverka þeirra, er skylt er að rita í kirkjubók, skal kjörprestur geta í embættisbók sinni, en eigi skulu þau talin í ársskýrslu hans, nema ferming sé. Nú er sóknarpresti eigi skýrsla gefin á 14 nátta fresti, og verður leysingi um það sekur 2—10 kr. fyrir viku hverja, er skýrsla dregst, eftir ákvæðum sýslumanns, og renna sektirnar í hreppssjóð þar, er leysingi býr. — **5. gr.** Nú fæðist leysingja barn, og skal þá skýra frá því presti þar í sókn, er barnið fæðist. — **6. gr.** Til hjúskapar skal sóknarprestur brúðarinnar lýsa,[1]) enda skal og lýsa fyrir honum meinbugum og hjúskaparbanni, og gefur hann síðan hjónaefnunum greinilegt vottorð um lýsingarnar. En að öðru leyti fer um ábyrgð prests þess, er saman vígir, á lögmæti hjónabandsins, sem lög standa til. — **7. gr.** Þá er ófermdur maður, sem er fullra 18 ára að aldri, vill ráða sig í vist, skal hann fá til þess samþykki prests þess, er ætlazt er til að fermi hann. Eigi má presturinn veita samþykki sitt til vistarráða, nema í hans prestakalli sé. — **8. gr.** Sáttatilraun[2]) þá, er lögboðin er, ef hjón vilja slíta sambúð eða skilja að fullu, skal kjörprestur þeirra gjöra, og gefa lögboðið vottorð um síðferði þeirra og hegðun; en geti kjörprestur eigi gefið nægilegt vottorð, skal sóknarprestur bæta því við, er á vantar. — **9. gr.** Skyldur er sóknarprestur að semja og senda allar lögboðnar skýrslur um fæðingar, skírn, hjónavígslur og andlát, svo og gefa vottorð þau, er rituð eru upp úr kirkjubók, fyrir ferming utan, því um hana skal sá prestur skýrslu gefa og vottorð senda, er sjálfur fermt hefir. — **10. gr.** Sókn-

1) L. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, III. kap.
2) S. l. 53., 72. og 90. gr.

arleysingja er rétt að láta kjörprest sinn fremja skírn, ferming, hjónavígslu, skriftamál og altarisgöngu, flytja líkræðu og syngja yfir í sóknarkirkjunni, svo og jarða lík í kirkjugarðinum. Þó skal hann fengið hafa vissu um það hjá sóknarprestinum, að sjálfur hann þurfi eigi á kirkju að halda eða kirkjugarði til prestsverka á sama tíma. — Heimilt er kjörpresti að nota öll áhöld kirkjunnar til prestsþjónustu, svo sem messuskrúða, ljós, graftól, vín og bakstur; en skylt er honum að hafa að minsta kosti einn meðhjálpara sóknar þeirrar viðstaddan þjónustugjörðina. — **11. gr.** Gjalda skal leysingi til sóknarkirkjunnar öll lögboðin gjöld, og sóknarpresti allar fastar tekjur.[1])

1882 nr. 9 12. maí

Reglugjörð fyrir alþýðu og gagnfræðaskólann í Flensborg. (St. B. 125).

21. júlí 1883

Lög um breyting á opnu bréfi 27. maí 1859 um að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi.

nr. 14 21. sept.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — Ákvörðunin í opnu bréfi 27. maí 1859 um, að helmingur skipshafnar á dönskum skipum, er gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli vera menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi, er úr lögum numin.[2])

Lög um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum. (St. A. 36).

nr. 17 21. sept.

Lög um bæjarstjórn á Akureyri.

nr. 22 8. okt.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.**[3]) — — — **2. gr.** Framkvæmd ákvarðanna þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfelt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða

1) L. 40, $^{30}/_{7}$ 1909.
2) Sbr. l. nr. 33, $^{19}/_{6}$ 1922, 1. og 6. gr.
3) L. nr. 65, $^{14}/_{11}$ 1917, 1. gr.

1883 nr. 22 8. okt.

fleiri úr sínum flokki á hendur að framkvæma sérstök bæjarstörf eftir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sér saman um. — Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. — 3. gr.[1]) — — — 4. gr.[2]) — — — 5. gr.[3]) — — — — 6. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eftir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undir búa, að skrá sé samin um þá, sem kosningarrétt hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sé of eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina. — 7. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing alment eru boðuð í kaupstöðunum.[4]) — 8. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sé sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sér ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar[5]). — — — 9. gr. Sá sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjar

1) S. l. 2. gr.
2) S. l. 3. gr. og l. 29, $^{22}/_{11}$ 1918, 1. gr.
3) L. 65, $^{14}/_{11}$ 1917, 4. gr.
4) Sjá l. nr. 20, $^{20}/_{10}$ 1913.
5) L. nr. 65, 1917, 5. gr.

stjórnina innan viku eftir að kosning hefir farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. — Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar. — **10. gr.** Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svifta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig, að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu gr. hér á undan. — **11. gr.**[1]) — — — Til þess að lögmæt ákvörðun sé gjörð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sé jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það. — Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minst helmingur bæjarfulltrúa

1883 nr. 22 8. okt.

1) L. nr. 65, 1917, 6. gr.

1883 nr. 22 8. okt.

æskir þess. — Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. — Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau. — **12. gr.**[1]) — — — Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja. — **13. gr.**[2]) — — — **14. gr.** Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu bréfi 6. janúarm. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Akureyrar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa. — **15. gr.**[3]) — — — **16. gr.** Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aftri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild. — **17. gr.** Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna. — **18. gr.** Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sé lagður á bæjarbúa[4]). — — — Því, sem á vantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal

1) L. nr. 65, 1917, 7. gr.
2) S. l., 8. gr.
3) S. l., 9. gr.
4) L. nr. 16, 27/6 1921.

jafna niður á bæjarbúa eftir efnum og ástæðum. — Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis um hálfan mánuð. — Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi við bættum. — **19. gr.**[1]) — — — **20. gr.**[2]) — — — **21. gr.** Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok annaðhvort á bæjarþingstofunni eða á öðrum hentugum stað, eftir að búið er að birta það opinberlega.[3]) — — — Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan. — Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefir verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefir gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eftir hinn ákveðna tíma, verða eigi til greina teknar. — Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því,

1883 nr. 22 8. okt.

1) L. nr. 65, 1917, 10. gr.
2) S. l., 11. gr.
3) S. l., 12. gr.

1883 nr. 22 8. okt.

sem lagt hefir verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er slept úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sé slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni. — Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem slept hefir verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni. — Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er. — **22. gr.** Ef ágreiningur verður milli Akureyrar og annars íslenzks sveitarfélags um, hvernig skifta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. [Verði þessi ágreiningur milli Akureyrar og sveitarfélags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið.] Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga. — **23. gr.** Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Séu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki. — Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur alt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur til að greiða

skatt frá 1. júlímánaðar. — 24. gr. Bæjarstórnin og sérstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sé, og eftir atvikum ávaxtað, fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. — Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabréfum og öðrum eignum kaupstaðarins. — 25. gr. Gjaldkeri skal, að minsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórinni.[1]) — — — 26. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt. — 27. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins. — 28. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé kaupstaðarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum. — 29. gr.[2]) — — — 30. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á

1883 nr. 22 8. okt.

1) L. nr. 65, $^{14}/_{11}$ 1917, 13. gr.
2) S. l., 14. gr.

1883 nr. 22 8. okt. þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvila á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfullrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.[1]) — — —

nr. 28 8. nóv. **Lög um að stofna slökkvilið á Ísafirði.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. **1. gr.** Á Ísafirði skal stofna slökkvilið. — **2. gr.** Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivélar og önnur slökkvitól, eftir boði bæjarfógetans, eður yfirboðara þess, sem af bæjarstjórninni verður settur yfir slökkviliðið. — Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans og gjöra alt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki amtmanns reglugjörð fyrir slökkviliðið.

nr. 30 8. nóv. **Lög um löggildingu nýrra verzlunarstaða.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — Frá 1. degi aprílmánaðar 1884 skulu vera löggiltir verzlunarstaðir: — a. Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu, b. Búðardalur við Hvammsfjörð eða Vestliðaeyri í Dalasýslu. Landshöfðingi ákveður, hvor staðurinn skuli vera verzlunarstaður, þá er glögg skýrsla er fengin um, hvor betur sje til fallinn. c. Skarðsstöðin við Gilsfjörð í sömu sýslu. d. Við Bakkafjörð á Langanesströndum í Norðurmúlasýslu. e. Við Lagarfljótsós í sömu sýslu. f. Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suðurmúlasýslu. g.

---

1) L. nr. 29, $^{27}/_{11}$ 1918, 3. gr.

Hrúteyri við Reyðarfjörð í sömu sýslu. h. Við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu. i. Stokkseyri í Árnessýslu, og k. í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu. 1883 nr. 30 8. nóv.

Lög um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841 (St. A. 122). nr. 32 8. nóv.

(Í konungsúrsk. þessum var heimilaður ferðastyrkur íslenzkum stúdentum til Khafnar úr jarðabókarsjóði).

Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða. 1884

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Hver maður, sem á nr. 1 jörð og nýtir hana eigi sjálfur, skal selja hana öðrum 12. jan. á leigu. Nú fær hann eigi bygt jörð sína fyrir sumardag hinn fyrsta, og skal hann innan hálfs mánaðar bjóða hana upp til ábúðar eður afnota fardagaár það, sem í hönd fer, í þeirri þinghá, sem jörðin liggur í. Vilji þá enginn taka jörðina til leigu fyrir neitt eftirgjald, skal landeigandi banna nágrönnum öll afnot hennar, og verða þau þeim þá óheimil. Nú lætur hann eigi bjóða upp jörðina sem fyrr segir, og skal hann sjálfur greiða öll lögboðin gjöld, er á jörð hvíla; en láti hann bjóða jörð sína upp til afnota, þarf hann eigi að halda uppi lögskilum fyrir jörðina það ár, ef hún verður honum arðlaus. — Hjáleigu má leggja niður og undir heimajörðina eða til annarar hjáleigu hennar. — **2. gr.** Jörð skal ávalt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gjöra, og er það byggingarbréf fyrir jörðinni. Í byggingarbréfi skal skýrt tekið fram, hve langur ábúðartími sé; en sé það eigi gjört, skal svo álíta sem jörð sé bygð æfilangt, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. Ekkja heldur ábúðarrétti manns síns; en giftist hún aftur, missir hún hann. — **3. gr.** Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd; svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur liggja á henni. Þá skal kveða á í byggingar-

1884 nr. 1 12. jan.

bréfinu, hverja landskuld greiða skal eftir jörðina og í hverjum aurum. Í því skal og ákveða, hver innstæðukúgildi fylgja jörðu og hvílik, svo og hverja leigu skuli greiða af þeim. Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbréf, og skal svo álíta sem jörð hafi bygð verið með leigumála þeim, er leiguliði kannast við að áskilinn hafi verið, nema landsdrottinn sanni að annað hafi verið.[1]) — 4. gr. Gjöra skal tvö samhljóða frumrit af byggingarbréfi hverju, og rita landsdrottinn og leiguliði nöfn sín undir þau ásamt 2 vottum. Hefir landsdrottinn annað bréfið, en leiguliði hitt. — 5. gr. Ef landsdrottinn byggir tveimur mönnum sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók; en landsdrottinn fái hinum jafngott jarðnæði sem hitt var, ella bæti honum allan þann skaða, er hann biður af því að hann komst ekki að jörðu, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna. — 6. gr. Fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús, þau er henni hafa áður fylgt. Um stærð og tölu húsa fer eftir jarðarmagni því, sem venja er í hverri sveit eftir mati úttektarmanna; en jafnan skal afhenda leiguliða hús í gildu og góðu standi, eða með fullu álagi. — 7. gr. Þá er leiguliðaskifti verða á jörðu, má viðtakandi taka til voryrkju, þá er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru þá, er sex vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki komin til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, nje umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gjört ráðstöfun til að hirða og hagnýta hana, þá hefir hann fyrirgjört ábúðarrétti sínum, og lúki landsdrottni eins árs landskuld og leigur, sem áskilið var; en landsdrottinn má nýta sjer jörð sem hann vill, eða byggja hana öðrum. — 8. gr. Fráfarandi skal hafa flutt alt bú sitt af jörðu hinn síðasta

1) L. nr. 60, $^{22}/_{11}$ 1907, 15. gr.

fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. Heimil skal honum húsavist með viðtakanda, og þar má hann hafa fénað sinn til síðasta fardags, en hvorki má hann beita tún né engjar. — Rétt er að fráfarandi skilji eftir, þar sem viðtakanda eigi er mein að, það af búslóð sinni, er hann eigi má burt flytja þegar; en það skal hann hafa burt flutt fyrir næstu veturnætur. Séu búsmunir eigi fluttir burt að veturnóttum, skal búandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðingu. — **9. gr.**[1]) Eigi má fráfarandi af jörð flytja hey, áburð, eldsneyti né byggingarefni, sem sú jörð gaf af sér. Ef fráfarandi á fyrningar heys, eldsneytis eður byggingarefnis, þá skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni, ef hann eða umboðsmaður hans er viðstaddur, kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja það öðrum, en burt skal hann hafa flutt það af jörðu fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. — **10. gr.** Nú á fráfarandi hús á jörðu, og skal hann bjóða landsdrottni að kaupa þau því verði, er úttektarmenn meta. Ef landsdrottinn vili ekki kaupa, skal fráfarandi bjóða þau viðtakanda, og vilji hann heldur ekki kaupa þau með sama verði, þá er fráfaranda rétt að taka þau ofan og flytja af jörðu, eða selja þau hverjum er hann vill til burtflutnings. Skal hús rjúfa fyrir Jónsmessu hina næstu, ef leiguliði vill gjöra hús þar, er hin voru, en flytja burt viði og húsaefni fyrir veturnætur. Hús skal rjúfa svo, að viðtakanda sé sem minst mein að. — **11. gr.** Flutt skal fráfarandi hafa áburð allan á tún, áður en hann fer frá jörðu, og skal hann hafa gjört það í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, sem á jörðu eru, heygarða og heytóttir. Vanræki fráfarandi þetta, þá bæti hann viðtakanda það, sem úttektarmenn meta. Ekki má fráfarandi vinna meira á jörðu það vor, er hann flytur sig

1884 nr. 1 12. jan.

1) Sbr. l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 25. gr.

1884 nr. 1 12. jan.

frá henni, en til búþarfa, og eigi svo, að viðtakanda sé mein að. Ef hann vinnur meira, en nú var mælt, eignast viðtakandi það. Nú fylgir eggver jörðu, og á viðtakandi öll afnot þess það vor, er hann flytur sig að jörðu. Fylgi reki leigulandi, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum. — **12. gr.** Ábúandi skal hafa öll leiguliðanot af jörðu sinni, nema öðruvísi sé um samið; en það eru leiguliðanot, að hann hafi til notkunar fyrir sjálfan sig hús og mannvirki, innstæðukúgildi og alt, sem því leigulandi fylgir. — Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir eigi, á landsdrottinn sókn þess máls, enda skal leiguliði gjöra landsdrottni aðvart, er leiguliðaréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir það mál eða ekki. — **13. gr.** Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, né húsmenn taka, nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum nokkuð af hlunnindum þeim og landsnytjum, er leigulandi hans fylgja, nema það sé í umskiftum fyrir önnur hlunnindi og landsnytjar, er leigujörð hans þarf. Hann má og eigi selja áburð af jörðu, þann er henni megi að notum verða, né farga honum á annan hátt. Eigi má hann heldur láta burtu hey, sem hann hefir aflað af jörðunni, nema því að eins að hann fái aftur jafngildi í heyi eða beit, eða að hann í harðindum hafi látið heyið gegn öðru endurgjaldi eftir áskorun hreppsnefndar. Ef móti þessu er brotið, varðar það útbyggingu, enda bæti hann landsdrottni skemdir á jörðu. — **14. gr.**[1]) Ef reki fylgir jörðu, og er hann undanskilinn leiguliðanotum, þá skal leiguliði hirða við þann, er rekur, fyrir landsdrottinn, og marka viðarmarki hans. Skal hann gjöra þetta sem sjálfur hann ætti, og draga við úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Leiguliði skal eiga af fjöru þeirri álnarlöng kefli og þaðan af smærri, ef eigi er öðruvísi um

1) Sbr. Jb. Llb. 6, 62, 66.

samið, eða að fornu hefir viðgengist á þeim reka. Nú rekur hval, og skal leiguliði festa hann þeim festum og að öllu bjarga, sem lög ákveða. Gjöra skal hann og þegar landsdrottni orð eða umboðsmanni hans. Rétt er leiguliða að skera þegar hval, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða. — **15. gr.** Skyldur er maður að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann kom til jarðar og jörðu fylgja, og ábyrgjast fyrning þeirra; svo skal hann og við halda öðrum nytsömum mannvirkjum, sem jörðu fylgja, svo sem túngörðum, vörzlugörðum, matjurtagörðum, fénaðarréttum, heygörðum, stíflugörðum og hverju öðru, og endurbæta það á ári hverju, svo að nýtilegt sé, og byggja upp af nýju, ef fallið hefir. Ábyrgjast skal leiguliði innstæðukúgildi jarðar sinnar, að ávalt séu til og leigufær. Nú flytur leiguliði sig frá jörðu, eða deyr, og ekkja hans bregður búi, og skal hann eða bú hans skila öllu, er jörðu fylgir, fullgildu, eða með fullu álagi. — **16. gr.** Ef skriða fellur á hús leigujarðar eða þau verða á annan hátt fyrir skemdum af völdum náttúrunnar, svo sem af snjóflóði, vatnsflóði eða jarðskjálfta, eða þau farast fyrir eldsvoða, sem leiguliða verður eigi sök á gefin, þá skulu landsdrottinn og leiguliði, ef eigi er öðruvísi um samið, gjöra hús aftur í sameiningu. Landsdrottinn leggi við til húsagjörðar og smíðar, en leiguliði veggi alla og þök. Þó skal leiguliði greiða landsdrottni álag á hús þau, er fórust, ef þau voru eigi fullgild eftir áliti úttektarmanna. — **17. gr.** Ef land jarðar spillist af vatnságangi, skriðum, sandfoki, eða öðru því, er leiguliða verður eigi sök á gefin, þá gjöri hann landsdrottni orð, eða umboðsmanni hans, og er leiguliða heimilt að krefjast skoðunar á skemdunum. Nú má skemdir bæta á einu ári, og bætir landsdrottinn og leiguliði þær að helmingi hvor, þó svo, að leiguliði kosti eigi meiru til en jafngildi hálfri landskuld hans. Verði jörð fyrir meiri skemdum, eða þeim

1884 nr. 1 12. jan.

1884 nr. 1 12. jan.

skemdum, að hún rýrni til langframa, skal meta, hve miklum hluta landskuldar það nemi ár hvert um ákveðinn tíma, og á þá leiguliði heimting á, að landskuld sé sett niður um helming þess, er skemdir eru metnar til ár hvert. — 18. gr. Leiguliði skal ár hvert flytja út á tún og í garða allan þann áburð, er fellur til á leigujörð hans, og vinna upp tún og engi, svo að hún sé í fullri rækt. Svo skal hann og nota hlunnindi hennar á þann hátt, að sem minst spjöll verði að. Bregði hann af þessu lengur en eitt ár í senn, missir hann ábúðarrétt sinn. — 19. gr. Nú eru kveðnar jarðabætur á leiguliða eða sérstök hirðing á áburði, og greinir byggingarbréf, hverjar jarðabætur séu og hve miklar ár hvert, og hver hirðing áburðar, en leiguliði vinnur eigi slíkt, sem til skilið var, eitt ár í senn, og á landsdrottinn heimting á endurgjaldi fyrir jarðabæturnar, eftir óvilhallra manna mati, ef leiguliði vinnur þær eigi þegar. Vinni leiguliði eigi jarðabætur, eða hirði eigi svo áburð, sem til var skilið, fleiri ár en eitt í senn, missir hann og ábúðarrétt sinn. — 20. gr. Nú vill leiguliði gjöra jarðabót, sem eigi verður talin að eins til þess, að jörðin sé í góðri rækt og yfir höfuð vel setin, enda sé hún eigi ákveðin í byggingarbréfi hans, þá skal hann leita um það samkomulags við landsdrottinn, en nái hann eigi samkomulagi við hann, þá er rétt að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að meta, hvort þeir ætla varanleg not muni verða að jarðabótinni og tilvinnandi að gjöra hana, og skulu þeir jafnframt gjöra nákvæma áætlun um kostnaðinn við jarðabótina og hversu mikið eftirgjald eftir jörðina megi hækka fyrir hana til frambúðar. Landsdrottni skal bjóða, að vera við mat þetta. Leiguliði skal þá bjóða, að landsdrottinn láti gjöra jarðabótina og borga jafnframt hálfan kostnaðinn við matið, en að leiguliði skuli svo halda henni við og greiða þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var. Vilji landsdrottinn það eigi, þá er rétt að leiguliði gjöri jarðabótina á sinn kostnað. Við úttekt

jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal þá meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir jarðabótina, og hvern kostnað hafi þurft til að gjöra hana, enda sé hún í góðu standi eða fult álag gjört á hana. Kostnaðinn skal fráfarandi þá fá endurgoldinn, en þó eigi með hærri upphæð en þeirri, sem er 12 sinnum hærri en hækkun eftirgjaldsins. — **21. gr.** Nú vill landsdrottinn gjöra jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða, en nái hann því eigi, þá er rétt, að hann láti gjöra jarðabótina engu að síður, en bæti honum fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans, og er jarðabótinni er lokið, þá getur hann látið óvilhalla menn skoða hana og meta, hversu mikið jörðin megi hækka að eftirgjaldi fyrir jarðabótina; jarðabótina getur hann því næst afhent leiguliða og ber honum upp frá því að halda henni vel við, og svara henni ásamt jörðunni í góðu standi eða með fullu álagi; ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldinu, sem metin var fyrir jarðabótina. — **22. gr.** Ef leiguliði situr illa leigujörð sína, svo að tún og engi fara í órækt, eða hún á annan hátt bíður varanlegar skemdir af hans völdum, innstæðukúgildi falla og hús hrörna yfir skör fram, og því um líkt, hefir hann fyrirgjört ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr því næsta ár, og setji tryggingu fyrir. Rétt er að landsdrottinn láta gjöra skoðun á jörðunni, hvort er leiguliði fer frá henni eða ekki, og meta til verðs skemdir þær, er á henni hafa orðið fyrir þessar sakir, og bæti leiguliði þær að fullu. — **23. gr.** Er meta skal skemdir eftir 17. gr., jarðabætur eða jarðaníðslu, skulu úttektarmenn það gjöra. Landsdrottinn og leiguliði borgi skoðunargjörð að helmingi hvor, nema þegar svo á stendur, er segir í 22. gr.; borgar þá leiguliði einn skoðunargjörð, ef hún verður á móti honum, en landsdrottinn ella. — **24. gr.** Leiguliði skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á leigujörð hans

1884 nr. 1 12. jan.

1884 nr. 1 12. jan.

liggja, og halda uppi öllum lögskilum á henni, landsdrottni kostnaðarlaust að öllu. Eindagi á kúgildaleigum er fyrir Mikaelsmessu ár hvert, en á landskuld fyrir hvers árs fardaga. Nú greiðir eigi leiguliði jarðargjöld á næsta missiri eftir eindaga, hefir hann fyrirgjört ábúðarrétti sínum í næstu fardögum, þótt honum sé eigi bygt út af jörðinni. — **25. gr.** Skyldur er leiguliði, þótt eigi sé til skilið, að færa leigur og landskuld á heimili landsdrottins ókeypis, ef eigi er fjær, en þingmannaleið nemi, ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðargjöldum. — **26. gr.** Þá er landsdrottinn vill neyta réttar síns að byggja leiguliða út af jörðu sinni, áður en byggingartíminn er á enda, skal hann það gjört hafa fyrir jól; en leiguliði skal af jörðu fara í næstu fardögum á eftir. Útbygging skal bréfleg vera og við votta, enda sé svo skýrt að kveðið í henni, að leiguliði hafi að vísu að ganga, að hann eigi af jörðu að fara. — **27. gr.** Nú vill maður flytja sig af leigujörð sinni áður en ábúðartími hans er liðinn, og skal hann hafa sagt jörðu lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála bréflega og við votta. — **28. gr.** Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni leigur næsta ár og landskuld. Má landsdrottinn nýta sér jörð sem hann vill, eða byggja öðrum. Nú hefir leiguliði sagt jörðu lausri í tækan tíma, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er jörð bíður af burtför hans, eftir mati óvilhallra manna. — **29. gr.** Nú hefir landsdrottinn bygt leiguliða löglega út, svo sem fyrr er sagt, eða byggingartíminn er á enda, eða svo er ástatt sem segir í 24. gr., og vill leiguliði eigi flytja sig af jörðu, eða beitir þrásetu, og er landsdrottni rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það eftir almennum réttarfarsreglum.[1]) — **30. gr.** Þá er leiguliðaskifti verða á

1) Sbr. N. L. 1—14—6.

jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargjörð, og kostar fráfarandi og viðtakandi hana að sínum helmingi hvor. Úttektarmenn skulu vera tveir, og fer úttekt fram um fardagaleyti. Skal þá gjöra fráfaranda og viðtakanda aðvart með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti til úttektar komið. — **31. gr.** Hreppstjórar eru úttektarmenn. Þar sem eigi er nema einn hreppstjóri í hrepp, skal sýslumaður nefna að auki svo marga úttektarmenn, sem hreppsnefnd þurfa þykir. Úttektarmenn þessir skulu eið[1]) sverja fyrir sýslumanni. Séu úttektarmenn eigi fleiri en tveir í hrepp, skal hinn þriðja tilnefna til vara, er úttekt gjöri í forföllum annarshvors hinna, eða með þeim, ef þá greinir á. Ávalt þar er úttektarmenn greinir á, skal hinn þriðja til kveðja. — Úttektarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi eigi skemri tíma en sex ár. — **32. gr.** Úttektarmenn skulu bók hafa, er borgist af sveitarsjóði og sýslumaður löggildir; skal rita í hana allar úttektir jarða. Eigi er úttekt lokið fyrr, en svo er gjört. Skulu úttektarmenn því næst rita nöfn sín undir hverja úttekt henni til staðfestingar. Þeir, sem við úttekt eru staddir, fráfarandi, viðtakandi og jarðeigandi, eða umboðsmaður hans, ef hann eigi mætir sjálfur, skulu og rita nöfn sín undir úttekt. Nú skorast þeir undan að rita nöfn sín undir úttekt, og skulu úttektarmenn láta þess við getið í úttektabókinni. — Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit af úttektum, ef þeir eru þess beiddir, og eiga 50[2]) aura fyrir hverja örk eftirrits. — **33. gr.** Úttektarmenn skulu taka fyrst út hús þau, er jörðu fylgja, og lýsa þeim greinilega, sem og göllum þeim, er á þeim eru. Næst á eftir jarðarhúsum skal taka út önnur mannvirki, þau er jörðu fylgja, svo sem eru túngarðar, vörzlugarðar, matjurtagarðar, fénaðarréttir, heygarðar, stýflugarðar

1884 nr. 1 12. jan.

1) L. nr. 29, $^{11}/_{7}$ 1911.
2) L. nr. 64, 1917, 10. gr.

1884 nr. 1 12. jan.

og annað þess konar. Svo skulu úttektarmenn skoða innstæðukúgildi jarða. Rétt er, ef landsdrottinn eða viðtakandi krefst þess, að úttektarmenn skoði tún, engi og haga, skóg, eggver og aðrar landsnytjar. Úttektarmenn skulu lýsa öllu þessu nákvæmlega og kveða á hæfilegt álag fyrir þeim göllum, sem á eru hverju fyrir sig. — Ef maður flytur að parti úr jörð, þá er rétt, ef hann eða landsdrottinn óska þess, að úttektarmenn skifti milli aðfaranda og annara húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, túnum, engjum, skógi og innstæðukúgildum; beitilandi og hlunnindum skal einnig skifta, ef hlutaðeigendur koma sér saman að óska þess. — Fráfarandi greiði álag til viðtakanda að aflokinni úttektargjörð. En greiði hann eigi þegar álagið, gjöri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í munum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eftir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi krafist álags af fráfaranda að lögum, og eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það, sem á vantar, nema að öðruvísi hafi verið um samið. — **34. gr.** Ef einhver, sem hlut á að máli, eigi vill hlíta úttekt, sem gjörð er á jörðu, er honum rétt að krefja yfirúttektar. Beiða skal hann sýslumann innan hálfs mánaðar að nefna fjóra menn til yfirúttektar, og skulu þeir haga yfirúttekt svo, sem segir um úttektir. Yfirúttektarmenn eigi sömu laun fyrir starfa sinn, sem úttektarmenn, er krefjandi gjaldi, ef álagsupphæð eigi er breytt; ella fer um gjaldið, sem segir í 30. gr.

Lög um eftirlaun prestekkna.[1])

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Þær konur, er hér á eftir verða ekkjur presta, er rétt höfðu til eftirlauna, eða þegar nutu þeirra, skulu, að undanteknum þeim, er getur í 6. gr., hafa rétt til að fá í eftirlaun $^1/_{10}$ hluta

1) Sjá l. nr. 49, $^{16}/_{11}$ 1907, 8. gr., og l. nr. 51, $^{27}/_{6}$ 1921.

af tekjum brauðanna, eins og þær eru ákveðnar í því brauðamati, sem þá er í gildi; þó mega eftirlaunin aldrei nema minna en 100 kr. — **2. gr.** Þá er tekjur brauðsins nema 1200 kr. eða meiru, greiðast eftirlaunin af brauðinu, en að öðrum kosti úr landssjóði. — **3. gr.** Ef fleiri en ein ekkja er á brauði, greiðist þó að eins af brauðinu eftirlaun einnar, en eftirlaun hinna úr landssjóði. — **4. gr.** Ef kona sóknarprests, er ekkja verður, eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, hefir eftir reglum þeim, er áður giltu, fengið rétt til að fá hærri eftirlaun en þau, er lög þessi heimila henni, þá heldur hún þessum rétti. Mismunurinn á stærð eftirlaunanna greiðist úr landssjóði. — **5. gr.** Prestsekkjur þær, sem engin eftirlaun hafa, er lög þessi öðlast gildi, sökum þess, að maður þeirra var prestur í fátæku brauði, fái 100 kr. úr landssjóði að eftirlaunum ár hvert. — **6. gr.** Þær ekkjur hafa ekki rétt til eftirlauna, er hafa gifzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti, eða ef hjónabandinu var algjörlega slitið á undan dauða mannsins. — **7. gr.** Þá missast eftirlaun ekkna: 1) er ekkjan giftist aftur; 2) er hún sezt að í útlöndum án leyfis konungs; 3) er hún í 3 ár eigi hefir hirt eftirlaunin, enda getur hún eigi á síðan sannað lögleg forföll; 4) er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er svívirðileg. Þá er eftirlaun tapast af því, að ekkjan hefir gifzt aftur, á hún rétt á að nýju að fá hin sömu eftirlaun, er hún verður ekkja, ef hún ekki hefir öðlazt rétt til eftirlauna með hinni seinni giftingu. — **8. gr.** Ekkjur presta, er í embætti sínu deyja, eiga rétt á samkvæmt konungsbréfi 5. júní 1750 að fá hjá stiftsyfirvöldunum eina af kirkjujörðum brauðsins til ábúðar fyrir vanalegt eftirgjald. — **9. gr.** Skylda sú, er samkvæmt konungsbréfi 5. júní 1750 og tilsk. 3. maí 1743 hvílir á þeim, er fá veitingu fyrir vissum brauðum, til að greiða þóknun til fátækra prestekkna og hins lærða skóla, er úr gildi numin.

1884 nr. 13 3. okt.

1885 nr. 14 18. sept.

Lög um stofnun landsbanka.[1])

Vér Chr. IX., o. s. frv. — I. Tilgangur og starfsgögn bankans. 1. gr. Banka skal stofna í Reykjavik, er kallast landsbanki; tilgangur hans er að greiða fyrir peningaviðskiftum í landinu og styðja að framförum atvinnuveganna. Til þess að koma stofnun þessari á fót leggur landssjóður 10,000 kr. til. — 2. gr.[2]) Landsbankinn fær að láni úr landssjóði alt að hálfri miljón króna, er skal vera vinnufé hans. Fé þetta greiðist bankanum smám saman, eftir því sem þörf hans krefur, í seðlum þeim, er getur um í eftirfarandi 3. grein. Bankinn greiðir landssjóði, eftir að 5 ár eru liðin frá stofnun hans, 1% um árið í vöxtu af skuld sinni, og leggur 2% árlega af henni í varasjóð. — **3. gr.** Stjórninni er heimilt að gefa út fyrir landssjóð seðla fyrir alt að hálfri miljón króna. Upphæð seðlanna sé 50, 10 og 5 krónur, og ekki fleiri fyrst um sinn. Nákvæmari ákvæði um lögun og útlit seðlanna eru falin stjórninni, sem lætur nauðsynlegar auglýsingar um það efni út koma.[3]) Kostnaðinn við seðlagjörð og endurnýjun seðla ber landssjóður. — **4. gr.** Seðlarnir skulu gjaldgengir í landssjóð og aðra almannasjóði hjer á landi og eru hjer manna milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði. Engum öðrum en landssjóði er heimilt að gefa út bréfpeninga hér á landi.[4]) Í bankanum má fá seðlunum skift mót öðrum seðlum, en gegn smápeningum eftir því sem tök eru á. — **5. gr.** Sá, sem eftirmyndar þessa íslenzku seðla eða falsar þá, skal sæta sömu hegningu, sem ákveðið er í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 266. gr., fyrir eftirmyndun og fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullkomnaður, þegar búið er

---

1) L. nr. 38, $^{1}/_{6}$ 1924 (búnaðarlánadeild).
2) L. nr. 2, $^{12}/_{1}$ 1900.
3) Sbr. augl. $^{25}/_{6}$ 1886.
4) L. 66, $^{20}/_{11}$ 1905, 4. gr., l. 6, $^{31}/_{5}$ 1921 og l. nr. 23, $^{1}/_{6}$ 1924.

að eftirmynda eða falsa seðilinn, þótt ekki sé búið að láta þann seðil úti. — II. Störf bankans. **6. gr.** Bankinn hefir þessi störf á hendi: 1) Að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum, á dálk eða á hlaupareikning. 2) Að kaupa og selja víxla og ávísanir, hvort sem þeir eiga að greiðast heldur hér á landi eða erlendis, útlenda peninga, bankaseðla, bréfpeninga og auðseld arðberandi verðbréf. 3) Að lána fé gegn tryggingu í fasteign. 4) að lána fé gegn handveði eða sjálfskuldarábyrgð. 5) Að veita lán sveitum, bæjum og almannastofnunum hér á landi, gegn ábyrgð sveita eða bæja. 6) Að veita lánstraust gegn handveði eða sjálfskuldarábyrgð. 7) Að heimta ógreiddar skuldir. — **7. gr.** Bankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs síns eignum. — **8. gr.** Nákvæmari reglur og fyrirmæli um alla tilhögun á störfum bankans verða ákveðin með reglugjörð, er bankastjórnin semur frumvarp til og landshöfðingi samþykkir.[1]) — **9. gr.** Bankinn skal, með samþykki landshöfðingja, svo fljótt sem auðið er, setja á stofn aukabanka eða framkvæmdarstofur fyrir utan Reykjavík, einkum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði.[2]) — III. Sérstök hlunnindi bankans. **10. gr.** Nú glatast viðtökuseðill, gefinn fyrir innláni, eða viðskiftabók, veitt fyrir sparisjóðsinnlagi, og getur þá stjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuseðils eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hér á landi, og ef enginn hefir sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuseðilinn eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuseðillinn eða viðskiftabókin kann að hafa verið afsöluð, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — **11. gr.** Fé ófullráða

1885 nr. 14 18. sept.

1) Rglgj $^{13}/_{10}$ 1911 og $^{15}/_{1}$ 1915.
2) Sjá l. nr. 28, $^{22}/_{10}$ 1912.

1885 nr. 14 18. sept.

manna og almannastofnana má um stundarsakir setja á vöxtu í bankann, þangað til því verður komið á vöxtu gegn veði í fasteignum eða á annan lögmætan hátt. — **12. gr.** Fé það, er lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetning og löghaldi, meðan það stendur þar. — **13. gr.** Bankanum er heimilt að áskilja sér hærri vöxtu en 4% um árið af útlánum gegn fasteignaveðum. — **14. gr.** Nú er óskað láns gegn fasteignaveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókunum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sé vottorðið ætlað bankanum einum til afnota. — **15. gr.** Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabréf sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febr. 1847, 10. gr., um fé ómyndugra á Íslandi. — **16. gr.** Eigi missir bankinn kröfu sína, þó veðið glatist fyrir óhapp. — **17. gr.** Bankinn hefir rétt til að láta eigin þjóna sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita eigi um heimili hans, þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga daga fyrirvara til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skala í stjórnarvaldaauglýsingar. — **18. gr.** Bankinn er undanþeginn tekjuskatti eftir lögum 14. desbr. 1877[1]) og sömuleiðis útsvari. — V. Stjórn bankans.[2]) **19. gr.** — — — V. Um reikningslok, varasjóð og fleira. **28. gr.** Starfár bankans er almanaksárið. Ársreikning bankans skal semja svo snemma, að hann verði í síðasta lagi 4 mánuðum eftir árslok birtur í helstu blöðum landsins. —

1) Nú l. 74, $^{27}/_{6}$ 1921, 4. gr.

2) L. 55, $^{28}/_{11}$ 1919, 1.—3. gr., 4. gr. 3. mgr. og 6.—10. gr. og l. 37, $^{20}/_{6}$ 1923.

29. gr.[1]) — — — **30. gr.** Útdrátt úr hinum úrskurðaða reikninga skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B. Þar að auki gefur stjórn bankans eftir hvern ársfjórðung landshöfðingja stutt yfirlit yfir hag bankans, sem og skal birtast þar. — **31. gr.** Auk þeirra 2% um árið, er 2. gr. um getur að leggja skuli í varasjóð, leggjast þar og eftirstöðvar þær, er verða kunna við árleg reikningsskil bankans. Ef reikningsskilin bera með sér, að bankinn hafi tapað, ber varasjóður tapið. — VI. Ef bankinn legst niður. **32. gr.** Ef svo skyldi fara, að bankinn yrði lagður niður, eða framkvæmdir bankans hætti að fullu, skal fyrst greiða öllum lánsölum bankans allar skuldakröfur þeirra, að undanskildum landssjóði sem lánsala að seðlaupphæðþeirri, er hann hefir lánað bankanum. Þær eignir, sem þá eru eftir, renna í landssjóð, og leysir hann síðan til sín hina útgefnu seðla með fullu ákvæðisverði. 1885 nr. 14 18. sept.

Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. nr. 29 16. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — I. Um lögtak. **1. gr.** Taka má lögtaki skuldir þær og gjöld, er nú skal greina: 1. Skatta til landssjóðs, sveitar- og bæjarsjóða, svo og önnur gjöld og greiðslur, sem eftir beinu lagaákvæði, eða eftir lögheimilaðri niðurjöfnun eða mati eiga að lúkast til landssjóðs, sveitar og bæjarsjóða, kirkna,[2]) opinberra stofnana, embætta og sýslana. 2. Gjöld af fasteignum landssjóðs, sveitar- og bæjarfélaga, þegar eftirrit af lögtaksbeiðninni hefir birt verið skuldunaut vottfast á þann hátt, sem lagt er fyrir í opnu bréfi 21. maí 1829, 1. gr. 3. Gjöld fyrir notkun þeirra stofnana, landsnytja og annara hluta, er til almennings þarfa eru ætlaðir, enda séu gjöld þessi ákveðin í reglugjörðum og gjaldskrám, sem staðfestar eru af konungi eða

1) L. nr. 2, $^{12}/_{1}$ 1900.
2) Sbr. l. nr. 31, $^{3}/_{11}$ 1915.

1885 nr. 29 16. des.

ráðgjafa, eða og samþyktar eða staðfestar eru af sveitarstjórn, bæjarstjórn eða yfirvaldi lögum samkvæmt. 4. Gjöld fyrir leyfisbréf, dómgjöld, endurgjald — þar með taldir dagpeningar og ferðakostnaður — sem greiða ber þeim, er framkvæmir eða er við staddur gjörðir, eftir lagaákvæði eða sem sýslunarmaður, eða sem sjerstaklega er til þess kvaddur eða skipaður af yfirvaldi, enda sé í lögum eða verðskrám, staðfestum af konungi, ráðgjafa eða landshöfðingja lögum samkvæmt, kveðið á um, hvað gjalda skuli eða hvernig það skuli reikna; svo er og um endurgjald annara lögmætra útgjalda, sem erindisrekstrinum voru samfara. 5. Endurgjald þess, sem landssjóður, kirkjur, sveitar- eða bæjarsjóðir hafa orðið að greiða, til að bæta úr vanrækslu einstakra manna á lögboðnum útvegunum, aðgjörðum, vinnu eða kvöðum. 6. Framfærslueyrir, sem manni ber að greiða með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni sínu, meðan móðir þess er honum gift, foreldri sínu eða konu, er hann hefir slitið samvistum við hana að óvilja hennar, eða skilið við hana að borði og sæng eða að fullu og öllu, enda sé sá framfærslueyrir ákveðinn af yfirvaldi lögum samkvæmt, eða í skilnaðarskilmálum, staðfestum af yfirvaldi, hvort heldur er skilnaður að borði og sæng eða að fullu og öllu; svo er og um skaðabætur frá húsbændum eða öðrum þeim, er gjald eiga að greiða þeim manni, er framfærsluskylda hvílir á, hafi yfirvaldið lagt lögbann á greiðsluna, eftir reglum þeim, er um það gilda. 7. Brunabótagjald af húsum, sé tryggingin lögboðin. 8. Þóknun sú, sem ákveðin er í 7. gr. tilskipunar 12. febr. 1872 um síldar og upsaveiði með nót. 9. Álag eftir úttekt, samkv. lögum 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða, þó með þeim afbrigðum frá fyrirmælum þessara laga, sem leiða af því, að lögtakið á fram að fara tafarlaust og framkvæmast af úttektarmönnum (sbr. lög nr. 1, 12. jan. 1884, 33. gr.). 10. Andvirði fyrir lausafé, keypt á opinberu uppboði, enda greini upp-

boðsbókin ljóslega nafn kaupanda og kaupverðið. — Aðrar kröfur en þær, er nú voru taldar, má eigi lögtaki taka. — Þó er lögtaksbeiðanda ávalt frjálst, að ganga eftir skuld sinni með venjulegri lögsókn, sem og að neyta lögtaks til að heimta nokkurn hluta skuldarinnar, þyki fógeta það eftir atvikum við eiga, en ganga eftir hinu með venjulegri lögsókn. Bjóði skuldunautur fram nokkurn hluta skuldarinnar, skal því boði eigi hafnað. — **2. gr.** Lögtaksrétturinn fylgir skuldakröfunni; ber hann því hverjum þeim, er hana síðar eignast, og helzt rétturinn þangað til ár er liðið frá gjalddaga. Þó er það nóg, að lögtaks hafi verið beiðzt, áður en ársfrestur þessi var liðinn, enda fylgi beiðandi fram lögtakinu með hæfilegum hraða. — **3. gr.** Nú vill maður lögtaks beiðast, og skal hann um það fógeta bréf rita; hafi hann bréfleg skilríki eða sönnunargögn fyrir skuld sinni, skal hann jafnframt senda þau fógeta, ella láta honum í té nægar skýrslur til þess, að hann geti skorið úr, hvort lögtak megi fram fara. Virðist fógeta eftir fram komnum gögnum lögtak mega fram fara, ritar hann úrskurð um það á lögtaksbeiðnina, þó að því tilskildu, að lögtaksbeiðandi hafi ábyrgð á, að skuldin sé rétt, og verður þeim úrskurði einum sér eigi áfrýjað. Að öðrum kosti neitar hann beiðanda um lögtak með úrskurði, og má áfrýja honum lögum samkvæmt. — **4. gr.** Nú er lögtak leyft, og skal beiðandi, eða fógeti, er hann samkvæmt embættisskyldu á að annast um framkvæmd á lögtaki, hlutast til um, að beiðni með árituðum úrskurði sé birt skuldunaut af stefnuvottum að minsta kosti viku fyr en lögtak fer fram. Þá er heimtir skulu í kaupstöðum skattar til landssjóðs, brunabótagjöld, bæjargjöld og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem þar tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum, og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara; skal það gjört að minsta kosti viku á undan lögtakinu, en eigi er þörf að greina

1885 nr. 29 16. des.

nöfn skuldunauta. — **5. gr.** Fógeti framkvæmir lögtak; þó má hreppstjóri gjöra lögtak í sveitum, þegar skuldin ekki nemur meiru en 50 kr., enda sje lögtakið eigi gjört í fasteign. Nú selur lögtaksbeiðandi fógeta eða hreppstjóra í hendur beiðni sína, með árituðu birtingarvottorði, eins og segir í 4. gr., og skulu þeir þá, nema lögmæt forföll banni, framkvæma lögtakið, þegar fresturinn er liðinn. — **6. gr.** Þegar fógeti er beðinn lögtaks á framfærslueyri, þarf eigi að gjöra það bréflega, og má fógeti rita úrskurð sinn á yfirvaldsúrskurð þann, er ákveðið hefir meðlagið eða staðfest hefir samning um fjárhæð þess. Þá er yfirvaldsúrskurðurinn eitt sinn hefir birtur verið þeim, er hlut á eða eiga að máli, getur í sveitum hreppstjórinn, en í kaupstöðum lögregluþjónn eða einn stefnuvottur birt lögtaksúrskurð fógeta, svo að gilt sé, um innheimtu hverrar þeirrar fjárhæðar, er í gjalddaga er komin. Nú hefir beiðzt verið heimtu á slíkum framlögum, og beiðnin gild tekin, og skal fógeti án frekari áskorunar annast um innheimtuna, þar með talin sala á hinum lögteknu munum og innheimta andvirðisins. — **7. gr.** Auk aðalkröfunnar nær lögtakið og til alls kostnaðar, er leiðir af gjörðinni og af geymslu og sölu hinna lögteknu muna, en ekki má heimta gjöld fyrir gjörðina fyrir fram. Ef söluandvirðið hrökkur eigi fyrir kröfunni og áföllnum kostnaði, skal lögtakinu fram haldið án fyrirvara eftir 4. gr. Að öðru leyti skal lögtak fram fara eftir ákvæðum laganna um fjárnám, en eigi þarf lögtaksbeiðandi að vera viðstaddur gjörðina. Ef gjald það, er tögtaki skal taka, eigi er ákveðið í peningum, skal fógeti eða hreppstjóri breyta því í peningagjald, ef gjaldið er ákveðið í þeim aurum, sem verðlagsskrá leggur verð á; en að öðrum kosti skulu lögkvaddir virðingarmenn kveða á um féhæð þess. Lögtak, er hreppstjóri framkvæmir, á fram að fara í viðurvist tveggja tilkvaddra votta, og getur enginn, sem hann kveður til, undan skorazt. Hann ritar gjörðina í bók, er fógeti fær hon-

um, og hefir löggilt, og skal greiða andvirði bókarinnar úr sýslusjóði. — Ef lögtaksbeiðandi eigi er viðstaddur gjörðina, er fógeti eða hreppstjóri skyldur að taka við borgun þeirri, er fram kann að verða boðin, meðan á gjörðinni stendur, hvort heldur er á skuldinni allri eða hluta hennar, og er það jafngilt og lögtaksbeiðandi hefði sjálfur við tekið; svo er og þeim, er lögtak framkvæmir, skylt að ákveða, hvort hinir lögteknu munir skuli eftir sem áður vera í vörzlum skuldunauts, ella annast um varðveizlu þeirra, svo að vel sé. — **8. gr.** Sé það fógeti, sem lögtakið framkvæmir, mega varnir fram koma, meðan á gjörðinni stendur. Meðan sókn og vörn fer fram fyrir fógetanum um lögmæti fram kominna mótmæla, getur venjulega að eins lögtaksbeiðandi fengið frest til að sanna sitt mál. Ef lögtaksbeiðandi eigi er við staddur, og eigi verður þegar til hans náð, og fógeti þykist hvorki geta dæmt fram komin mótmæli ógild þegar í stað, nje heldur tekið þau gild, skal gjörðinni frestað, og málsaðilum skýrt frá, hvenær gjörðin skuli upptekin af nýju, og fer þá sókn og vörn fram eftir reglum þeir, er gilt hafa til þessa. Þá er fógeti á að úrskurða um fram komin mótmæli, er hann eigi bundinn við úrskurð þann um að lögtak megi framkvæma, er kveðinn er upp samkvæmt 3. gr. Úrskurði, er tekur gild fram komin mótmæli, má áfrýja lögum samkvæmt. — **9. gr.** Sé það hreppstjóri, sem framkvæmir lögtak, mega varnir fram koma, meðan á gjörðinni stendur og innan hálfs mánaðar eftir framkvæmd hennar. Komi mótmæli fram, meðan á gjörðinni stendur, skal hreppstjóri bóka þau, en framkvæma lögtakið, og því næst senda fógeta eftirrit af bókinni. Mótmæli, sem fram koma, eftir að gjörðinni er lokið, skal bera fram fyrir fógeta. Að hálfum mánuði liðnum frá því gjörðin fór fram, leggur fógeti úrskurð sinn á fram komin mótmæli; þó má fógeti, þyki honum nauðsyn til bera, gefa málsaðilum kost á að láta uppi álit sitt um mótmælin fyrir fógetadómi, áður hann leggur úr-

1885 nr. 29 16. des.

1885 nr. 32 16. des.

skurð á þau. Nú þykja fógeta fram komin mótmæli gild vera, og leiðrjettir hann þá sjálfur það, er rangt er, eða lætur hreppstjóra gjöra það, eða hann ónýtir með úrskurði gjörðina að öllu eða nokkru leyti. Taki fógeti mótmælin eigi til greina, staðfestir hann gjörðina til fullnaðar. Skýra skal málsaðilum frá málalokum. Séu mótmæli tekin gild með úrskurði, má áfrýja honum lögum samkvæmt. — **10. gr.** Leysa má lögtekna muni, þangað til uppboð fer fram, greiði maður það, er lögtak var gjört fyrir, með áföllnum kostnaði. Þá er liðnar eru 3 vikur frá því lögtak var gjört, eða frá því það var staðfest, hafi mótmæli fram komið samkvæmt 9. gr., má lögtaksbeiðandi hlutast til um sölu á hinum lögteknu munum (sbr. þó 11. og 12. gr.). Fari skuldin eigi fram úr 50 kr., og hafi lögtak eigi verið gjört í fasteign, getur skuldunautur eigi mótmælt sölu gegn borgun út í hönd, nema svo sje, að hann geti útvegað áreiðanlegan innheimtumann, er ábyrgjast vilji uppboðsandvirðið, eða hann geti sett nægа tryggingu fyrir því á annan hátt; að öðrum kosti fer salan fram eftir hinum almennu ákvæðum laganna. — **11. gr.** Nú þykir einhverjum sér óréttur gjör með lögtaki, og getur hann þá áfrýjað gjörðinni, hvort sem mótmæli þau, er hann ber fyrir sig, hafa fram komið við sjálfa gjörðina eða eigi, og hvernig sem þeim er háttað, enda nemi gjörðin sliku, er áfrýja megi. Áfrýja skal áður 8 vikur séu liðnar frá gjörðardegi, eða frá staðfestingu hennar hafi mótmæli fram komið samkv. 9. gr. — Uppreisn má eigi veita, þegar misseri er liðið frá sama tíma. Hafi stefna til áfrýjunar lögtaksgjörðinni verið birt lögtaksbeiðanda, áður liðin sé 3 vikna frestur sá, sem nefndur er í 10. gr., má lögtaksbeiðandi eigi selja hina lögteknu muni, þar til lögtaksgjörðin hefir dæmd verið lögmæt með fullnaðardómi í því máli. Hafi lögtaksbeiðanda eigi verið varnað sölu á þennan hátt, má krefjast ónýtingar á lögtaksgjörðinni, sjeu hinir lögteknu munir eigi þegar seldir, ella að eins krefjast skaðabóta.

— **12. gr.** Hafi sá, er fyrir lögtaki hefir orðið, önnur mótmæli gegn því en þau, að eigi hafi mátt skuldina tögtaki taka að lögum, eða lögtaksaðferðin hafi röng verið, er honum rétt mál að höfða í héraði um lögmæti gjörðarinnar, enda hafi hann eigi í hyggju að koma fram ábyrgð á hendur fógeta, né hafi áfrýjað gjörðinni efir 11. gr. Mál þetta skal fyrst kæra fyrir sáttanefnd, og síðan höfða í þinghá þeirri, þar sem lögtak fór fram, þótt varnarþing lögtaksbeiðanda sé eigi þar; en höfða skal málið áður en 8 vikur séu liðnar frá lögtaksdegi eða frá staðfestingu þess, hafi mótmæli fram komið eftir 9. gr. — Þá er fyrirkall hefir birt verið lögtaksbeiðanda, áður liðnar eru 3 vikur þær, er um getur í 10. gr., getur kærandi sett tryggingu, og með því varnað lögtaksbeiðanda sölu hinna lögteknu muna, þar til genginn er fullnaðardómur í því máli; má þá og krefjast ónýtingar á lögtaksgjörðinni. Hafi lögtaksbeiðanda eigi verið varnað sölu á þennan hátt, má ónýtingar krefjast á lögtaksgjörðinni, séu hinir lögteknu munir eigi þegar seldir, ella að eins krefjast skaðabóta. — **13. gr.** Sé mál höfðað út af lögtaksgjörð samkvæmt 11. og 12. gr., og reynist lögtaksgjörðin ólögmæt, ber lögtaksbeiðanda, þar með talinn landssjóður, sveitarsjóðir, bæjarsjóðir, svo og aðrir yfirbjóðendur þeir og stofnanir, sem um er rætt í 1. gr., að bæta skuldunaut allan halla, er hann beðið hefir af lögtaksgjörðinni, samkvæmt reglum þeim, er gilt hafa til þessa. Svo skal hann og greiða skuldunaut að skaðlausu málskostnað í öllum dómum, ef svo reynist, að skuld var krafin, sem engin var, eða eigi komin í gjalddaga, þá er lögtaksgjörðin fór fram. — **14. gr.** Fyrir lögtaksgjörð hverja, er heppstjóri framkvæmir, ber honum borgun, og, ef til kemur, endurgjald fyrir ferðakostnað, eftir lögum nr. 3, 13. jan. 1882, 5. gr. sbr. 3. gr.[1]) Fyrir lögtaksgjörðir, er fógeti framkvæmir, skal goldið

1885 nr. 29 16. des.

1) Nú l. 64, $^{14}/_{11}$ 1917.

1885 nr. 29 16. des.

eins og fyrir fjárnámsgjörðir, samkv. ákvæðum aukatekjulaganna. Fyrir hverja birting samkvæmt 4. gr. ber stefnuvottum þóknun eftir lögum nr. 3, 13. jan. 1882.[1])

— II. Um fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. 15. gr. Gjöra má fjárnám, þótt eigi styðjist það við dóm eða sátt, á tiltekinni skuld, sem þinglesið bréf er fyrir með veði í fasteign, hafi skuldunautur ritað undir það nafn sitt eða við það kenzt í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta, þá er skuldin er í gjalddaga komin fyrir uppsögn, eða eftir ákvæði veðbréfsins eða og fyrir greiðslufall á vöxtum eða afborgunum, sé svo með berum orðum til skilið í veðbréfinu. Fjárnámið má gjöra eigi einungis fyrir höfuðstól eða afborgun upp í hann, heldur og fyrir vöxtum út af fyrir sig; en eigi má fjárnám gjöra í öðru en veðinu, og eigi fyrri en liðinn er hálfur mánuður frá gjalddaga; og búi skuldunautur á hinni veðsettu eign, þá skal með þriggja daga fyrirvara birta honum með stefnuvottum, hvenær gjörðin eigi fram að fara. — Um áfrýjun á slíku fjárnámi og uppboðum, er af því stafa, skal farið eftir almennum lagaákvæðum. Nú hefir skuldunautur afsalað sér rétti til áfrýjunar, áður en fjárnámsgjörð fór fram, og er slíkt afsal ógilt. — **16. gr.** Ákvæði 15. gr. ná og til veðbrjefa þeirra, er gjörð hafa verið, áður en lög þessi öðlast gildi, sé skilyrðum þeim fullnægt, er greinin setur.

nr. 32 16. des.

Lög um selaskot á Breiðafirði.

Vér Chr. IX., o. s. frv. **1. gr.** Öll skot á sel skulu hér eftir bönnuð á Breiðafirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Klofningshyrnu í Dalasýslu mitt á milli Gassaskerja og Stagleyjar hálfa mílu suður frá Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða sektum og skaðabótum eftir 5., 15. og 16. gr. í tilskipun 20. júní 1849. —

---

1) Nú l. 64, 11/11 1917.

3. gr. Með þessum lögum er opið bréf 22. marz 1855 úr lögum numið. 1885 nr. 32 16. des.

Lög um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufélögum til æðarvarpsræktar.[1]). (St. A. 12). 1886 nr. 3 8. jan.

Lög um utanþjóðkirkjumenn.[2]) nr. 4 19. febr.

Vér Chr. IX., o. s. frv. I. Um borgaralegt hjónaband utanþjóðkirkjumanna og trúarfræðslu barna þeirra. **1. gr.**[3]) — — — **2. gr.**[4]) — — — **3. gr.**[5]) — — — **4. gr.** Áður en valdsmaður gefur hjón saman, ber honum að hafa fengið fulla vissu um, að birting sú, sem lögboðin er í 3. gr.[6]), hafi farið fram, og að ekkert lögbann sé gjört. Um meinbugi skal valdsmaður gæta alls hins sama, sem þjóðkirkjuprestar eiga að gæta að lögum, þó svo, að ferming og altarisganga séu ekki hjúskaparskilyrði fyrir þá, sem eigi hafa þjóðkirkjutrú.[7]) — **5. gr.** Hjónaefni skulu koma til brúðkaupsstefnu á þeim stað, degi og stundu, er valdsmaður ákveður. Skal valdsmaður þá fyrst brýna fyrir þeim þýðingu hjónabandsins, því næst tekur hann á móti játningu þeirra um, að þau vilji hjón verða, og lýsir loks yfir því, að þau séu gefin saman í lögmætt hjónaband. Stjórnarráð Íslands setur reglur[8]) fyrir athöfn þessari, og skal hún fram fara í heyranda hljóði og í viðurvist tveggja tilkvaddra votta.[9]) Bæjarfógeti eða sýslumaður skal rita í bók, sem til þess er ætluð, alt það, er nokkru má

---

1) Sbr. l. nr. 25, $^{4}/_{12}$ 1886 og l. nr. 1, $^{15}/_{1}$ 1892.
2) Stjskr. 9, $^{18}/_{5}$ 1920, 58.—60. gr.
3) Sbr. l. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 27. og 30. gr.
4) L. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 34. gr.
5) L. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, III. kap. og 33. gr.
6) L. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 20., 21. og 23. gr.
7) Sjá nú l. nr. 39, 1921, II. kap.
8) Augl. $^{31}/_{5}$ 1890.
9) L. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 35. gr.

1886 varða, að því er til hjónabandsins kemur, og fái hjón-
nr. 4 unum eftirrit þess, staðfest með nafni sínu og embætt-
19. febr. isinnsigli, til sannindamerkis um, að þau séu að lögum hjón orðin. Svo skal og valdsmaður, áður vika er liðin,[1]) senda annað eftirrit presti sóknar þeirrar, er brúðurin átti heima í, þá er hún giftist, og ritar hann þá skýrslu um hjónabandið í gjörðabók prestakallsins. — 6. gr.[2]) — — — 7. gr.[3]) Nú er annaðhvort hjónaefna eða bæði utan þjóðkirkju, og verður hjónaband þeirra löglegt, ef einhver þjóðkirkjuprestur, sem í embætti er, vígir þau; en senda skal sóknarpresti brúðarinnar skýrslu um vígsluna, ef það er eigi hann, sem hefir gefið þau saman, svo að hann geti gjört við það athugasemd í gjörðabók sína. Við stofnun hjónabanda þessara skal gæta ákvæða laganna um kirkjulega vígslu. — 8. gr. Ekki má gefa saman í hjónaband hjónaefni þau, sem ekki eru bæði þjóðkirkjutrúar, nema þau hafi skýrt embættismanni þeim, sem á að gefa þau saman í hjónaband, frá því, í hverjum trúarbrögðum börn þau, er þau eiga saman, skuli uppfræða. Þessa yfirlýsingu skal rita í gjörðabækur þær, er fyr greinir. Þó má breyta slíkri ákvörðun, ef þeim hjónum semur um, eða eftir ráðstöfun annars þeirra, ef hitt er látið, eða hefir mist forráð fyrir börnunum, og landshöfðingi samþykkir. Ekki má uppfræða börn í öðrum trúarbrögðum en þeim, er annaðhvort foreldra hefir, eða að öðrum kosti í trú þjóðkirkjunnar. — 9. gr.[4]) Nú var hvorttveggja foreldra í þjóðkirkjunni, er þau gengu að eigast, og hafa því engan samning gjört sín á milli um trúarfræðslu barna sinna, og er þá hvoru þeirra rjett að krefjast þess, að hörnin alist upp í trúfræði þjóð-

---

1) L. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 37. gr.

2) L. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 26. og 39. gr., l. 2, $^{2}/_{2}$ 1894, 10. gr. og l. 27, $^{27}/_{6}$ 1921, 10. gr.

3) Sbr. l. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 27. gr.

4) Sbr. l. nr. 57, $^{27}/_{6}$ 1921, III. kap.

kirkjunnar. Þó er rjett að börnin alist upp í trú þeirri, er annað foreldra hefir síðar tekið, séu þau bæði á það sátt. Nú gengur annað hjóna úr þjóðkirkjunni og tekur aðra trú, en hitt er látið eða hefir mist forráð fyrir börnum sínum, og er þá heimilt, að þau alist upp í trú þess, sem á lífi er, ef landshöfðingi samþykkir. — **10. gr.** Foreldri, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, skulu tafarlaust skýra sóknarprestinum frá fæðingu barna sinna, svo og frá nöfnum þeirra, áður en 12 vikur eru liðnar frá því er þau fæddust, svo hann geti ritað hvorttveggja þetta í gjörðabók prestakallsins. Vottorð um nafngjafir þessar komi í staðinn fyrir skírnarvottorð. Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða 1—20 króna sekt, er rennur í fátækrasjóð. Valdsmaður ákveður sektina. — **11. gr.** Fjórtán ára aldur barna þeirra, sem ekki heyra til þjóðkirkjunni, jafngildir fermingu, að því er til borgaralega réttinda kemur. Rétt er að börn þau, er ekki skulu alast upp í trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, séu undanþegin fræðslu í þeim í alþjóðlegum skólum. **12. gr.**[1]) — — — II. Um konunglega staðfestingu utanþjóðkirkjupresta og gildi embættisverka þeirra. **13. gr.**[2]) Ef kirkjufjelag hér á landi utan þjóðkirkjunnar kýs sér prest eða forstöðumann, þá geta fulltrúar kirkjufélagsins leitað staðfestingar konungs á kosningunni. Nú staðfestir konungur kosninguna, og hafa þá kirkjuleg embættisverk þau, er sá prestur fremur fyrir utanþjóðkirkjumenn, þar á meðal hjónavígsla, alla hina sömu borgaralegu þýðingu, sem væru þau af þjóðkirkjupresti framin; slíkt hið sama er um vottorð þau, er slíkur prestur gefur. — Um meinbugi og lýsingar, að því er til hjúskapar kemur, gæti prestar þessir fyrirmæla þeirra, er annars gilda að lögum; sæti ella ábyrgð sem þjóðkirkjuprestar. — **14. gr.** Nú hefir

1886 nr. 4 19. febr.

1) L. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 53. og 72. gr.
2) Sjá l. nr. 6, $^{4}/_{3}$ 1904, 1. gr.

1886 nr. 4 19. febr.

prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar fengið konunglega staðfesting, og skal hann þá sýna hana sýslumanni eða bæjarfógeta, þeim er í hlut á, áður en hann fremur embættisverk, og skal hann jafnframt með skriflegum eiðstaf eða yfirlýsingu skuldbinda sig til að hegða sjer í þessari stöðu sinni samkvæmt lögum landsins. Skyldur er hann að gefa skýrslur þær og vottorð, er yfirvöld krefjast og að söfnuði hans lúta, og upplýsingar aðrar í líkingu við það, sem þjóðkirkjuprestar eru skyldir að gefa. — **15. gr.** Rétt er utanþjóðkirkjumönnum, þeim er hafa prest eða forstöðumann þann, sem kgl. staðfestingu hefir fengið eftir 13. gr., að nota grafreiti þá, er þjóðkirkjan hefir gjöra látið, ef þeir gjalda legkaup og taka þátt í kostnaði til viðhalds eða stækkunar grafreitanna.[1]) Má prestur þeirra jarðsyngja og moldausa þar lík safnaðarlima sinna, og mega utanþjóðkirkjumenn við hafa þar helgisiði sína, er þeir hafa sett sér. Gjöri þeir sér sérstaka grafreiti, eru þeir háðir heilnæmisreglum þeim, er nú gilda eður settar kunna að verða um greftranir, svo og samþykki og eftirliti valdsmanns, að því er til grafreitarstæðis kemur.[2]) — III. Um gjaldskyldu utanþjóðkirkju manna. — **16. gr.**[3]) — — —

nr. 5 19. febr.

Lög um friðun á laxi.[4])

Vér Chr. IX., o. s. frv. **1. gr.** Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum nema 3 mánuði á hverju sumri. Sýslunefnd skal í hverju héraði setja fastar reglur um, hve nær veiðitíminn skuli þar byrja og enda. Á þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánu-

1) Sbr. l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, II. kafla og l. nr. 11, $^{4}/_{6}$ 1924.
2) Sbr. reglugj. nr. 71, $^{12}/_{7}$ 1902 (St. B. 145).
3) L. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 2. og 7. gr. Sbr. og l. nr. 6, $^{4}/_{3}$ 1904, 2. gr., stjskr. 9, $^{15}/_{5}$ 1920, 60. gr.
4) Sbr. l. nr. 15, $^{20}/_{6}$ 1923, XIII. kafla og 155. gr.

dögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp, og allar veiði- 1886
vélar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu. Net nr. 5
þau, er svo eru gjörð, að ekki getur lax fest sig í þeim, 19. febr.
teljast með föstum veiðivélum. — **2. gr.** Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivélar lengra út í nokkra á, en í hana miðja, og þó því að eins svo langt út, að hinn helmingur árinnar sé eigi grynnri en sá, sem þvergirtur er. — Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivél út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að ávalt sé 30 faðma bil eftir endilangri ánni milli veiðivéla. Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing; en renni á í fleiri kvíslum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sé fiskiför í annari, og þó því að eins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl. — **3. gr.** Eigi má leggja net eða veiðivél úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sé hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám; þó má ekki draga á nema frá dagmálum til náttmála og í árósum einungis fyrir göngu annarshvors flóðs. Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting eða krók. Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er. — **4. gr.** Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja í ám og árósum, er lax gengur um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera og selalátra, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta. — **5. gr.** Engin veiðarfæri né veiðivélar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxnetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls. Net, hvort sem eru lagnet eða ádráttarnet, mega eigi tvöföld vera. — Á hverri laxveiðivél skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meiri en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vélinni. Séu grindur í vélinni, skulu spelar standa lóðrétt upp og ofan, og sé eigi skemra bil milli þeirra en 1½ þumlungur. — **6. gr.** Nú vill meiri hluti veiðieiganda í á, sem lax gengur í, veiða í félagi, til að koma á meiri friðun, en

1886 lög þessi ákveða, og skulu þá þeir, sem friðunina vilja
nr. 5 fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd.
19. febr. Áliti sýslunefndin rétti einskis hallað, skal hún semja reglur fyrir veiðiaðferðinni og skiftingu á veiðinni, og eru allir hlutaðegendur skyldir því að hlíta. Þegar svona stendur á, skal höfuðáin og allar laxgengar ár, sem í hana renna, álítast sem ein á. — 7. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að kveða skýrara á um eitthvað það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd einni eða fleirum heimilt að setja um það reglugjörð, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sé í engu haggað. Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fult lagagildi um næstu 10 ár. — 8. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal fógeti tafarlaust taka upp öll ólögleg veiðigögn, og nema burtu ólögmætar girðingar. — Sektir samkvæmt lögum þessum renni að helmingi í sveitarsjóð þann, er hlut á að máli, og að helmingi til uppljóstrarmanns; en andvirði ólöglegra veiðiáhalda renni eingöngu í sveitarsjóð eða sveitarsjóði. — **9. gr.** Mál um brot gegn lögum þessum eða staðfestum samþyktum eru almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komist hjá málsókn, ef hann játar brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eftir því sem amtmaður ákveður. Rétt er og, að sá, sem fyrir skaða hefir orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál. — **10. gr.** Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki 56. kap. um veiðar í ám, sem og viðaukalögin 11. maí 1876 um friðun á laxi, eru hér með úr lögum numin.

nr. 6 **Lög um friðun hvala.**
19. febr. Vér Chr. IX., o. s. frv. **1. gr.**[1]) — — — **2. gr.** Brot

1) L. 44, $^{22}/_{11}$ 1903, sbr. og l. 67, $^{22}/_{11}$ 1913 og l. 18, $^{4}/_{6}$ 1924.

gegn 1. gr. laga þessara varða sektum til landssjóðs alt að 2000 kr. Auk þess skal veiðifang, ef nokkurt er, gjört upptækt, og andvirðið falla til landssjóðs. — Sé hvalur, hverrar tegundar sem hann er, nokkurstaðar veiddur í landhelgi af mönnum, er eigi hafa rétt til að veiða þar, eða sé landhelgi notuð af þeim á nokkurn hátt við hvalveiðar, varðar það sömu sektum og útlátum til landssjóðs, þó svo, að sektin má eigi minni vera en 500 kr. — 3. gr. Mál um brot gegn lögum þessum skal farið með sem opinber lögreglumál. 1886 nr. 6 19. febr.

Lög um prentsmiðjur. nr. 23 4. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv. 1. gr. Í kaupstöðum og þeim verzlunarstöðum, er lögreglustjóri er búsettur í, er heimilt hverjum þeim, sem er fjár síns fullráði og hefir óflekkað mannorð, að setja prentsmiðju og reka prentiðn, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, er til þess þurfa að vera kaupstaðarborgari, og leysi borgarabréf handiðnamanna, ef hann hefir það eigi áður á þeim stað. Utan kaupstaða þessara og verzlunarstaða þarf leyfi landshöfðingja til þessa, en það veitist ókeypis. Brot gegn þessu varða sektum frá 25—500 kr. — 2. gr.[1]) — — — 3. gr. Prentsmiðju, sem ólöglega er niður sett, má lögreglustjóri loka, og ef þörf gjörist, leggja löghald á öll tæki hennar. — 4. gr. Eigandi prentsmiðju ber ábyrgð á brotum gegn lögum þessum. Sé óvíst, hver eigandi er, eða sé hann fjarverandi, ber sá ábyrgðina, er hefir verkstjórn prentsmiðjunnar á hendi. — Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál. — Eldri ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, eru numdar úr lögum.

Lög um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufélögum til æðarvarpsræktar. (St. A. 92). nr. 25 4. des.

1) L. nr. 22, $^{3}/_{10}$ 1895, l. nr. 80, $^{22}/_{11}$ 1907, l. nr. 43, $^{30}/_{7}$ 1909, sbr. l. 30, $^{13}/_{9}$ 1901.

1886 8. júlí **Konungsstaðfesting á viðauka við skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Kristjáns konungs 9.** (St. B. 118. Sjá 1874, 7/11).

nr. 18 4. nóv. **Lög um veð.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. **1. gr.** Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eða vextir á ákveðnum tíma, hefir veðhafi rétt til að láta selja veðið á uppboðsþingi, en gjöra skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sé, með 8 daga fyrirvara, og sé veðsali ókunnur eða heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í auglýsingar stjórnarvalda. — **2. gr.** Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæzlu hans sé um að kenna. — **3. gr.** Rétt er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febr. 1847 um fé ómyndugra á Íslandi 10. gr., sé sett í hvert það veðskuldabréf, er fasteignartrygging veitir. — **4. gr.** Engum er heimilt, eftir það að lög þessi öðlast gildi, að veðsetja alt það, er hann á og eignast kann. — Enginn má, eftir það að lög þessi öðlast gildi, setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar, og einkendir eru með almennu nafni. — Þó er leiguliða heimilt að setja landsdrotni að sjálfsvörzluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð sína, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn eða kann að komast í við landsdrottinn sinn, og af ábúðinni leiða. **5. gr.** Þegar jörð er sett að veði, er rétt svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja auk kúgilda og jarðarhúsa, önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skifti. — **6. gr.** Rétt er þeim, sem veðsetur verksmiðjur eða önnur iðnaðarhýsi, að semja svo um, að vélar eða önnur iðnaðaráhöld og verk-

efni skuli fylgja fasteigninni. 7. gr.[1]) Nú veðsetur maður nokkuð af lausafé sínu, en handselur eigi veðið, og skal þess þá ávalt gætt, að veðsali skrifi undir veðskuldabréfið í viðurvist tveggja áreiðanlegra manna, er gæti þess nákvæmlega, að rétt dagsetning sé á því. — Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal lesa veðbréfið á fyrsta eða öðru þingi eftir að það er dagsett, og fær bréfið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglestrardegi, þótt síðar verði lesið. — Eigi veðsali heima annars staðar en í Reykjavík, skal lesa veðbréfið á manntalsþingi hinu næsta eftir að það er dagsett, og fer um það sem segir áður, ef útaf er brugðið. Hafi það verið þinglesið á réttum tíma, en áður sent til þess að það verði ritað fyrirfram í afsals- eða veðmálabókina, svo sem segir í tilskipun 24. apríl 1833, 4. gr. og opnu bréfi 28. apríl 1841, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt. — Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá lesa bréfið að nýju á þingi þar og eigi síðar en áður segir frá þeim degi er hann þangað kom. — Svo skal og þinglesa allar veðskuldbindingar, sem þegar hafa gefnar verið fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafé eður sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gjöra á manntalsþingi hinu fyrsta eftir það, að lög þessi öðlast gildi, ef veðsali á annars staðar heima en í Reykjavík, en sé hann búsettur þar, þá á fyrsta eða öðru þingi eftir það að lög þessi ná gildi. — Það leiðir að öðru leyti af grundvallarreglum núgildandi laga, að engin veðskuldbinding fær, þótt þinglesin sé, nokkurt gildi að því er snertir ríkisskuldabréf, hlutabréf, veðskuldabréf eður önnur slík bréf þeim til tjóns, er þau síðar hafa afhent verið að handveði eður til eignar, nema ritað hafi verið á þessi verðbréf með ljósum orðum, að veðskuldbindingin nái til þeirra. — 8. gr.[2]) Nú verður maður gjaldþrota, og

1887 nr. 18 4. nóv.

1) Sbr. D. L. 5—3—28 og l. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, II. kap.
2) L. nr. 7, $^{13}/_{4}$ 1894, 22. gr.

1887 hefir gefið veðbréf með sjálfsvörzluveði í lausafé, og
nr. 18 er það þá ógilt, ef það eigi er dagsett fullum 8 vikum
4. nóv. áður en bú hans var tekið til skifta sem gjaldþrota.

nr. 19 **Lög um aðför.**

4. nóv. Vér Chr. IX., o. s. frv. I. kafli. Almenn skilyrði fyrir aðför. — **1. gr.** Aðför má gjöra eftir: 1. dómum og úrskurðum, upp kveðnum af löglegum dómstólum í ríkinu. 2. sáttum, er komist hafa á fyrir löglegum sáttanefndum í ríkinu, dómstólum eður yfirvöldum þeim, er í lögum er boðið að leita um sættir í þeim málum, er ræðir um. 3. þinglesnum veðbréfum með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, 15. og 16. gr. — Um lögtak, útburðar og innsetningargjörðir án undanfarinnar lögsóknar og dóms fer eftir reglum þeim, er til þessa hafa gildar verið. — **2. gr.** Aðför skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti gjöra, og nefnist hann þá fógeti. — Hann kveður til aðfarar með sér tvo áreiðanlega menn sem votta. Þeir eru jafnframt án sérstaks umboðs rétt komnir til að framkvæma þær virðingar og aðrar álitsgjörðir er fyrir kunna að koma við aðförina. Séu þeir ekki færir um að meta það rétt, sem undir virðingu ber, kveður fógeti aðra til þess hæfa. Vottarnir og eins þeir, er til virðinga eru kvaddir, skulu í fógetabók rita undir yfirlýsingu upp á æru sína og trú um það, að þeir skuli virðingar af hendi inna eftir beztu sannfæringu. — **3. gr.** Nú vill maður aðfarar beiðast, og skal hann snúa sér um það til fógeta og hafa með sér eftirrit af dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður af frumriti veðbréfsins og jafnframt gefa fógeta allar þær skýrslur, er hann að öðru leyti þarf til þess að kveða á um aðförina. — Ef skuldin sjálf, auk málskostnaðar og vaxta, er bæzt hafa við frá byrjun málssóknar, fer fram úr 200 kr. eða virði þess, skal aðfarar beiðast skriflega. Að öðrum kosti nægir munnleg beiðni, er fógeti síðan færir til bókar. — **4. gr.** Það er

skilyrði fyrir aðför, að dómurinn eða úrskurðurinn sé í lögmætu formi. Ef svo er, á fógeti eigi að rannsaka það eða dæma um, hvort á kunni að vera þeir gallar eða brestir, er öðrum úrslitum mundi valda, ef áfrýjað yrði. — Fógeti skal því að eins aðfarar synja, að dómurinn eða úrskurðurinn sé eigi uppkveðinn af löglegum dómstóli eður yfirvaldi, er vald hafi til að uppkveða aðfararhæfa úrskurði, eður að honum samkvæmt efni sínu verði eigi fullnægt. — **5. gr.** Ef gjöra skal aðför eftir sátt, á fógeti að skera úr um allar varnir, er fram koma gegn gildi sáttarinnar, hvort heldur hún er á komin fyrir sáttanefnd, dómi eða yfirvaldi; þó má úrskurður fógeta, að því er dómsátt snertir, í engu hreifa við gjörðum dómarans. — Nú er í sáttinni frestur veittur kröfunni til fullnægingar, eður hún skilyrði bundin, eður svo er tilskilið, að hvorirtveggju skuli nokkuð af hendi inna, og verður þá eigi af aðför nema sáttin sjálf eður önnur opinber skjöl beri það með sér, eður skuldunautur kannist við, að fresturinn sé út runninn eða skilyrðinu fullnægt, eður að sátthafi hafi af sinni hálfu int það af hendi er honum bar, eður við aðförina bjóðist til þess löglega, ef þá er eigi um seinan. — **6. gr.** Aðalreglurnar í 5. gr. um sættir eiga og við um veðbréf, er um getur í 1. gr. 3. lið. — **7. gr.** Aðför má gjöra eftir dómi og úrskurði, þá er liðinn er fullnægingarfrestur sá, er til er tekinn, enda hafi dóminum eða úrskurðinum eigi verið áfrýjað. Ef enginn frestur er tiltekinn í dóminum eða úrskurðinum, má þegar í stað aðför gjöra. Nú hefir tekin verið út stefna til áfrýjunar, og sker þá fógeti úr, eftir núgildandi reglum, hvort varnað geti aðfarar. — **8. gr.** Eftir sátt má aðför gjöra, þegar er skuldin eftir henni er komin í gjalddaga. Um aðför eftir veðbréfum fer eftir 15. gr. í áðurnefndum lögum 16. desbr. 1885. — **9. gr.**[1]) — — — En ef dómhafi lætur meir en eitt ár líða frá því,

1887 nr. 19 4. nóv.

1) L. nr. 14, $^{20}/_{10}$ 1905, 21. gr.

1887 nr. 19 4. nóv.

er aðför gat fram farið, og dómfeldi á heimili á Íslandi, er mönnum er kunnugt um, þá er hann skyldur til með nótarialáskorun eður með áskorun, er hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfelda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbréfinu; og má þá eigi aðför gjöra fyrr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun. — **10. gr.** Ákvæði þau, er hér fara á eftir um dóma, gilda og um sættir og aðrar aðfararheimildir, þó með þeim afbrigðum, er af eðli málsins leiða.

II. kafli. Um aðför eftir dómum, sem eigi dæma menn í peningaútlát. — **11. gr.** Nú er maður með dómi til annars skyldaður en peningaútláta, og skal þá, nema þegar svo stendur á, sem segir í 12.—14. gr., til peninga meta, hve miklu það varði dómhafa að fá dóminum fullnægt, og síðan fjárnámi heimta peningagjaldið eftir reglum þeim, er getur um í næsta kafla, enda hafi eigi, eftir að dómur var upp kveðinn, ómögulegleiki eða önnur atvik samkvæmt almennum borgaralegum lögum leyst dómfelda frá því, að fullnægja dóminum, án þess þau jafnframt hafi bakað honum skaðabótaskyldu. Sé eigi í dóminum ákveðið peningagjald í stað þess, er upprunalega skyldi af hendi inna vegna þess, að engin varakrafa var gjörð um það við rekstur málsins, getur dómhafi við aðförina látið ákveða upphæð þess. — Venjulega skal fógeti ákveða peningagjaldið með aðstoð vottanna (2. gr.); en hafi þeir eigi nægilega þekkingu til þess, getur hann kvatt aðra sér til aðstoðar, og lætur þá áður vinna sér eið. — Ef kostur er á, skal fógeti til kalla dómfelda, svo að hann fái komið með hverskonar upplýsingar og yfirlýsingar áður til tekið sé peningagjaldið. — Sjálfur metur fógeti því næst og tiltekur gjald þetta eftir málavöxtum, en þarf eigi að fara eftir áliti vottanna eður þeirra, er í stað þeirra voru tilkvaddir. Einkum á hann að annast um, að dómhafi fái fullar bætur, og, ef hann er í efa nokkrum, þá heldur að til taka ríf-

legar bætur, en eiga það á hættu að dómhafi bíði tjón af því, að dóminum varð eigi fullnægt. — Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir það að hinn fullnægir eigi dóminum, má til taka peningagjaldið með dómi í þessu máli í stað þess að gjöra það við aðförina. — **12. gr.** Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði dómfelda og innsetning dómhafa eða á annan hátt því líkan, þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu. — **13. gr.** Ef maður er með dómi skyldaður til að láta einhvern hlut af hendi, á fógeti sömuleiðis að taka hlutinn með valdi, eður með annari líkri þvingunaraðferð að framkvæma dómsákvæðið. Finnist hluturinn eigi, er til skal taka, getur dómhafi heimtað, að fyrir komi peningagjald, svo sem segir í 11. gr., og það þvínæst tekið fjárnámi. — **14. gr.** Ef maður er dæmdur verk að vinna eður eitthvert slíkt starf af hendi að leysa, getur fógeti leyft dómhafa, ef hann fer fram á það og það þykir hægasti og beinasti vegurinn fyrir hann til að ná rétti sínum, að fá aðra til að vinna verkið, og því næst að heimta af hinum með fjárnámi það, er hann varð að borga fyrir verkið eftir reikningi, sem fógeti hefir samþykt. Sé maður dæmdur til að gefa út eða rita undir skjal nokkurt, getur fógeti gert það með sömu verkun eins og hefði hann til þess haft umboð hans. — Ef manni með dómi er veitt leyfi til að hafast eitthvað að gegn því að bæta tjón það, er af leiðir, eða ef maður er með dómi skyldaður til að vinna eitthvert verk mót því að fá kostnaðinn við það bættan af dómhafa, þá er fógeti skyldur til, ef þess verður krafist, og ef þörf gjörist, með aðstoð þeirra manna, er vit hafa á, að leysa úr spurningum, er snerta framkvæmd slíks dóms, og að ákveða peningagjald það, er greiða skal, þá er dóminum verður fullnægt. — **15. gr.** Ef manni með dómi er boðið að láta eitthvað ógjört, getur dómhafi, ef brotið er móti boðinu,

1887 nr. 19 4. nóv.

1887 nr. 19 4. nóv.

og eigi er í dóminum tiltekið, hverri ábyrgð slíkt sæti, látið við aðför meta til peninga bætur fyrir brotið svo sem segir í 11. gr. og síðan fjárnámi taka. Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir brotið, má með dómi í þessu máli ákveða bæturnar í stað þess að láta fógeta gera það. — **16. gr.** Nú lætur maður af mótþróa fyrir að farast að fullnægja dómi, er leggur fyrir hann að gjöra eitthvað, eða maður af ásettu ráði brýtur á móti dómboði um að láta eitthvað ógjört, og getur dómhafi þá, hvort sem hann fer fram eftir ákvæðum 11.—15. gr. eða eigi, höfðað mál á hendur hinum og fengið hann dæmdan í sektir eða fangelsi. Fullnægi hann síðar dóminum að öllu leyti, fellur hegningin niður, eða stöðvast, ef hann þegar er farinn að úttaka hana, og eins er um það, þegar dómhafi með því að fara eftir 11.—15. gr. hefir náð rétti sínum eður fengið tryggingu fyrir honum. — Þá er fallinn er hegningardómur, er það skylda löggæzlumanna að veita dómhafa fulltingi sitt til að ná rétti sínum, ef hann beiðist þess, með því að leita uppi og taka af dómfelda þá hluti, er hann er dæmdur til að láta af hendi, hamla honum í að fremja brot gegn dóminum, ónýta aðgjörðir hans, er koma í bága við rétt dómhafa, og því um líkt. — **17. gr.** Með undanfarandi greinum er í engu fyrirgjört rétti dómhafa til að neyta bráðabirgðar-réttaraðfara til tryggingar fyrir því, að dóminum verði fullnægt.

III. kafli. Um aðför eftir dómum, er dæma menn í peningaútlát. — **18. gr.** Ef maður er dæmdur til að borga peninga, má aðför gjöra með fjárnámi í eignum hans. Að því er snertir sektir, sem dæmdar eru í einkamálum, þá skal farið eftir reglunum um aðför eftir sektadómum. — Eigi má setja menn í skuldafangelsi. — Hinar sérstaklegu þvingunarreglur, er gilda um heimtu á framfærslueyri með barni, eða konu, sem yfirgefin er af manni sínum eða skilin við hann að borði og sæng, skulu halda gildi

sínu.[1]) — **19. gr.** Eigi skal fjárnámi taka meira en það, sem eftir virðing vottanna nægir til að fullnægja dóminum, og fyrir því sem dómhafi krefst og fógeti metur að ganga muni til lögboðinna eða annara nauðsynlegra réttargjalda og kostnaðar, svo sem við flutning á munum, geymslu þeirra til uppboðs m. m., og enda sé áður tekið frá svo mikið sem þörf þykir vera til þeirra, er forgöngurétt kunna að hafa. — **20. gr.** Aðför fer fram eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir, annaðhvort með því móti, að fógeti tekur fjárnámi til sölu við uppboð lausafé eður fasteignir af dómfelda til handa dómhafa, eður skuldir, sem dómfeldi á hjá öðrum, eða að fógeti með námsgjörð tekur réttindaumráð af dómfelda, og lætur annan hafa þau í hans stað. — Ef lögbönd eru á fénu eður það hefir áður verið fengið öðrum að fjárnámi, má taka það fjárnámi, er þá stendur hinu að baki. — Ef reiðu peningar eru fyrir, borgar fógeti dómhafa þá umsvifalaust upp í skuldina. Dómhafi getur ekki skorast undan að taka við borgun í kröfum upp á sjálfan hann, er í gjalddaga eru komnar, og hann kannast við að réttar séu. — **21. gr.** Í arði og tekjum fasteigna má fullnægingar leita með svofeldu móti, að fógeti lætur annan hafa umráð eignarinnar dómhafa í hag, og lætur tekjurnar ganga upp í skuldina á sama hátt sem peninga, er koma inn við nauðungaruppboð. — **22. gr.** Nú er fjárnám gjört í leigueða byggingarréttindum fasteigna, enda sé eigi með því gengið á détt eiganda, og skal þá farið eftir því sem segir í næstu grein á undan. — **23. gr.** Meta skal fé, er fjárnámi er tekið, til þess, er ætla má að það seljist við uppboð undir venjulegum kringumstæðum að frádregnum uppboðs- og innheimtu-kostnaði. Þá er teknar eru fjárnámi kröfur, réttindi eða arður og tekjur fasteigna, skal engar virðingar á leggja, en farið

1887 nr. 19 4. nóv.

1) Sbr. l. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1907, IV. kafla, sérstakl. 58. gr., l. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 55.—60. gr., l. 57, s. d. 14.—16. gr.

1887 nr. 19 4. nóv.

eftir álitum um það, hve mikið skuli fjárnámi tekið og jafnframt hafa tilhlýðilegt tillit til gjalda og kostnaðar, er af þeirri aðferð leiða. — **24. gr.** Dómfeldi eður sá, sem er við aðförina fyrir hans hönd, á rjett á að segja til þeirra muna, er fjárnámi skuli taka, og getur dómhafi eigi haft á móti því, svo framarlega að þessir munir séu að mati eður áliti fógetavottanna hæfileg trygging fyrir skuld þeirri, er ná skal inn. — Þó þarf dómhafi hvorki að ganga að fjárnámi í fasteignum, ef lausafé er til eða kröfur honum til fullnægingar, né í lausum aurum, sem mjög mundi erfitt að geyma eður selja, né í kröfum, er álíta má umþrættar eða óvissar. Ef hægt er að fá fjárnám til uppboðssölu, verður dómhafi eigi skyldaður til að leita fullnægingar á annan hátt. Ef til er annað fé, þarf dómhafi eigi að ganga að fjárnámi í munum, er aðrir hafa fengið að fjárnámi á undan honum, eður einhvern þann rétt yfir, er hann yrði að standa að baki. — **25. gr.** Segi dómfeldi eigi til eða einhver fyrir hans hönd, má dómhafi til taka þá muni, er taka skuli fjárnámi. — Þó skal fógeti gæta þess, að þeir munir séu fyrst teknir, er dómfeldi helst megi án vera; skal því hvorki fjárnám gjöra í nauðsynlegri áhöfn jarðar af gangandi peningi, né í ómissandi vinnuáhöldum, né í smíðatólum eður öðrum þeim munum, er dómfeldi getur alls eigi án verið í atvinnu sinni, nema eigi séu til aðrir þeir hlutir, er hann heldur geti mist. — Ef taka skal fjárnámi hey, áburð, eldsneyti eða byggingarefni, og svo er ástatt, sem segir í 9. gr. laga nr. 1, 12. janúar 1884, þá skal fara eftir fyrirmælum þessarar greinar. — **26. gr.** Ef fjárnám skal gjöra eftir því, sem segir í 21. gr., sbr. 22. gr., þá skal fógeti selja hlutaðeigandi eign öðrum til forráða, er hann til þess kveður, og bjóða leiguliða eða hverjum sem er, að greiða honum afgjöld öll, og að öðru leyti gjöra þær þvinguðar-ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að arður og tekjur eignarinnar komi dómhafa að notum. — Þessi forráðamaður gerir reikn-

ingsskil á þeim tímum, er fógeti til tekur, fyrir tekjum eignarinnar, og skilar fógeta, eins og hver annar innheimtumaður, afganginum að frádregnum umboðskostnaði, þar með talin þóknun handa sjálfum honum. — Þegar dómhafi hefir fengið skuld sína borgaða með áföllnum leigum og kostnaði, fær skuldunautur eign sína aftur. — Fógeti leysir úr öllum spurningum um reikningsskilin, eignarforráðin og hvenær þeim skuli aftur skilað skuldunaut, þá er um slíkt koma fram kærur eður mótmæli af hálfu dómhafa, skuldunauts eður annara, er hlut eiga að málum. — **27. gr.** Eigi má fjárnámi taka af skuldunaut rúm og sængurföt, er nauðsynleg eru honum, konu hans og börnum, er hjá honum eru, né heldur lín og íveruföt, er þau mega eigi án vera. — Skuldunautur getur og undan skilið frá fjárnámi hina helstu lífsnauðsynjamuni, eður muni, er nauðsynlegir eru honum við atvinnu hans, ef eigi nema meiru að virðingarverði en 20 kr., eða 120 kr., eigi hann heimili fyrir að sjá. Þó nær þetta eigi til skulda, sem eru til komnar, áður en þessi lög öðlast gildi. Þessa muni er honum sjálfum heimilt frá að taka eftir geðþótta; sé hann eigi við staddur aðförina, skal þeim, er fyrir eru á heimilinu, gefinn kostur á að gera það. Þennan rétt til að undan skilja muni fyrir tiltekið verð eiga menn þó eigi, þá er skattar eða önnur opinber gjöld eru tekin fjárnámi, og heldur eigi verða munir undanskildir, sem veðsettir eru fyrir skuld þeirri, er fjárnámi skal heimt. — **28. gr.** Fjárnám má aðeins gjöra í réttindum, er fengin eru, þegar það fer fram, en eigi í þeim, sem menn síðar kunna að eignast, svo sem í arfi, er menn eiga í vændum. — Fjárnám má gjöra í skuldum, er dómfeldi á að öðrum, þótt skilyrðum séu bundnar eða eigi komnar í gjalddaga, ef að eins er hægt að segja til þeirra og ákveða með nægilegri vissu. — Þegar samningur til skilur, að hvorirtveggju aðilar skuli nokkuð af hendi inna, má eigi fjárnám gjöra í því, sem skuldunautur á kröfu til af hinum,

1887 nr. 19 4. nóv.

ef hann hefir eigi þegar sjálfur uppfylt samninginn af sinni hálfu, og það, er hann á af hendi að inna, er eigið verk hans eður vinna eða eitthvað annað það, er sá, sem fjárnáms leitar, er eða verður eigi við fjárnámið fær um að láta í té eða framkvæma. — Þetta skal þó í engu vera því til fyrirstöðu, að menn nú sem fyrr geti haldið sér til vinnukaups skuldunauts eða annara tekja hans þvílíkra, þegar heimta skal af honum framfærslueyri með barni hans eða konu, sem hann hefir yfirgefið eða er skilinn við að borði og sæng.[1]) – **29. gr.** Nú er það löglega bundið samningi við annan mann eða ákvæði hans, að lánardrotnar skuli engrar fullnægingar mega leita í tilteknum munum, og má þá eigi fjárnámi taka, enda þótt rétt væri, ef svo væri eigi til skilið. — **30. gr.** Eigi má fjárnámi taka laun embættis- eður sýslunarmanna eða þvílíkar tekjur, eigi biðpeninga, eftirlaun eða því um líkt styrktarfé, er greiðist úr lands-, sveitar- eða öðrum opinberum sjóðum, nema í gjalddaga séu komin. — **31. gr.** Fjárnámi eru ennfremur undanþegin: 1) dagpeningar og þvílík gjöld til embættismanna eður annara, er opinberum störfum gegna, svo og ferðakostnaður og kostpeningar, er borgaðir eru tilkvöddum vottum eða virðingamönnum; 2) framfærslueyrir með konu eður barni, ef tiltekinn er með yfirvaldsúrskurði, sátt eða öðru slíku ákvæði; 3) styrkur til fátækra, er stofnanir eða velgjörðarfyrirtæki veita, svo og hverskonar sveitarstyrkur. — **32. gr.** Eigi er lífeyrir, forlagseyrir, lífsábyrgðarfé eður þesskonar tekjur, er menn hafa keypt sér eða öðrum með fjárframlagi, undanþegnar fjárnámi, nema sérstakleg lagaheimild sé fyrir, eður svo hafi löglega verið umsamið eða ákveðið í fyrstu.

IV. kafli. Um aðförina sjálfa og um réttarfarið. – **33. gr.** Þegar aðfararheimild er fyrir hendi, og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrir-

---

1) Sbr. bls. 171, nmgr.

stöðu að verða við beiðni um aðför, tiltekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa. — Aðför skal að jafnaði hefja að heimili dómfelda, nema þegar fógeta þykir eftir atvikum vera ástæða til út af að bregða. — Ef dómur dæmir mann til að framselja muni eður af hendi að láta, má aðför hefja þar er þeir eru fyrir. — Nú á dómfeldi eigi heimili á Íslandi, og er þá rétt aðför að hefja þar, er hann verður fyrir, eða munir hans eru, sem til fullnægingar má nota. — **34. gr.** Eigi verður af aðför, nema dómhafi sé viðstaddur eða annar löglega um kominn hans vegna. — Eigi tálmar það aðför, þótt dómfeldi sé eigi viðstaddur. En sé heldur eigi neinn viðstaddur í umboði hans, skorar fógeti á konu hans, börn eldri en 18 ára, hjú eður aðra fullorðna heimilismenn að taka málstað hans. Ef engi þessara manna er viðstaddur eða vill takast það á hendur, skal beina líkri áskorun að þeim, er hann býr hjá, húsbónda eða þeim, sem á yfir honum að segja, ef einhver sá er viðstaddur. — **35. gr.** Gjörðin hefst með því, að fógeti skorar á hlutaðeigandq að borga skuldina og kostnað þann allan, er dómfelda ber að greiða, svo eigi verði af frekari aðför. Verði það eigi gjört, heldur fógeti gjörðinni áfram eftir beiðni dómhafa samkvæmt reglunum í II. og III. kafla. — **36. gr.** Dómfeldi er skyldur að boði fógeta að ljúka upp herbergjum sínum og hirzlum, ef dómhafi fer fram á það, svo að séð verði, hvort þar séu geymdir munir, sem gjört verði fjárnám í. Skorist dómfeldi undan því, eða ef engi er sá viðstaddur, er geti gegnt boðinu, má fógeti beita valdi. Ef þörf gjörist, getur fógeti og leitað á dómfelda sjálfum, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi fjármuni á sér geymda. Þó skal slík leit vera bygð á rökstuddum úrskurði. — **37. gr.** Skyldur er skuldunautur, ef skorað er á hann við aðförina, að segja satt og rétt til um það, hvað hann eigi til tryggingar eða lúkningur skuld sinni, og láta að öðru leyti í té allar þær skýrslur, er nauðsynlegar eru og að þessu lúta.

1887 nr. 19 4. nóv.

1887 nr. 19 4. nóv.

Sé skuldunautur eigi viðstaddur, getur aðfararbeiðandi fengið gjörðinni frestað og skuldunaut boðað á mót með sér með fyrirvara, sem fógeti til tekur; þetta mót getur aðfararbeiðandi krafist, að haldið sé á skrifstofu fógeta. — Nú færist skuldunautur undan því að láta í té skýrslur nokkrar, eða lætur undan fallast án löglegra forfalla að mæta við framhald gjörðarinnar, og á þá aðfararbeiðandi heiming á, að hann sé settur í einfalt fangelsi og hafður þar, þar til er hann uppfyllir skyldu þessa, þó aldrei lengur en 6 mánuði. — **38. gr.** Ef skuldunautur, meðan á aðför stendur eða um það leyti, er hann hlaut að sjá hana fyrir, hefst eitthvað það að af eigingirni til að firra lánardrottinn sinn borgun, er miðar til þess að koma lögmætum eignum sínum eða kröfum undan fjárnámi, þá varðar það hegning eftir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga. — **39. gr.** Innan þeirra takmarka, er getur um í 4. gr., mega koma fram varnir af hálfu dómfelda gegn því, að aðför fari fram í heild sinni eða að einhverju leyti eða á þann veg, sem haldið er fram. — Um framkomin mótmæli hefir dómhafi rétt til að láta uppi álit sitt. — Fógeti ræður því, hvort fram megi fara frekari sókn og vörn um ágreiningsefnið. — **40. gr.** Ef gjörðin mundi ganga of nærri rétti annars manns, á hann og rétt á að mótmæla aðförinni. Hann mætir þá við gjörðina, og lætur færa til bókar mótmæli sín og biður um úrskurð fógeta; ber þar eftir að skoða hann sem málsaðila í gjörðinni. — **41. gr.** Sókn og vörn fyrir fógeta skal fram fara munnlega. — Fógeti leggur úrskurð sinn á þrætumálið samkvæmt framburði og játningu málsaðila, og framkomnum skjölum og öðrum skriflegum skilríkjum. En vitnaleiðslur, skoðunar- og álitagjörðir, máli til sönnunar, mega að jafnaði eigi fram fara. — Fógeti skal leiðbeina málsaðilum samkvæmt grundvallarreglunum í tilskipun 15. ágúst 1832. — **42. gr.** Í fógetabók skal til greina: a. stað og stund, er gjörðin skal fram fara, nöfn málsaðila og hver sé aðfararheimildin, b. nafn

fógeta og vottanna, c. hvernig gjörðin hafi yfir höfuð að tala farið fram. — Verði ágreiningur um fram komnar kröfur, skal tilfæra þær orðréttar. — Ennfremur skal fógeti bóka, eins og honum þykir þörf vera, frásögu málsaðila um það, hversu mál sé skapað, þó eigi orðrétta, en svo að engu verulegu sé slept. — Hið bókaða skal síðan upp lesið og samþykt. — **43. gr.** Frest má að jafnaði engan veita meðan á gjörðinni stendur, nema málsaðilar séu ásáttir. En stöðvað getur fógeti sókn og vörn, ef nauðsyn ber til, en án þess að gjörðin þar með sé rofin. Fógeti skal þá, ef dómhafi krefst, láta hafa gætur á því, eða á annan veg gjöra þær ráðstafanir, er nauðsynlegar séu til þess, að alt standi í sömu skorðum, þar til er gjörðin aftur verður upp tekin. Skal málsaðilum skýrt frá, hvenær það verður. — **44. gr.** Eftir að sókn og vörn er lokið um upp kominn ágreining, leggur fógeti þegar í stað eða svo fljótt sem verða má úrskurð sinn á málið. — Úrskurður skal rökstuddur vera og skal bóka hann orðréttan. — Eigi hindrar áfrýjun framkvæmd á honum. — **45. gr.** Í fógetabók skal rita með nákvæmni hvern einstakan mun, er fjárnám er gjört í og virðingarverð hans við. — Því næst kveður fógeti svo á í bókinni, að hinir uppskrifuðu munir séu teknir fjárnámi fjárnámshafa til fullnægingar, og lætur dómfelda vita, að upp frá þessu varði það hegningu að gjöra nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa, er komi í bága við rétt dómhafa. Sé dómfeldi eigi viðstaddur, skal þeim, er til kvaddir eru fyrir hans hönd samkvæmt 34. gr., boðið að skýra honum frá þessu, og eftir atvikum má og tilkynna það þeim manni, er féð er hjá, er fjárnámi var tekið. — **46. gr.** Þegar fjárnám er gjört í fasteign, en eigi í arði hennar og tekjum, heldur hún áfram að vera í umráðum skuldunauts, þar til er nauðungaruppboð fer fram, nema svo reynist, að hún spillist af hans völdum eða rýrni, og getur fógeti þá fengið öðrum forráð hennar. — Fjánámsgjörðina skal þinglesa, eigi

1887 nr. 19 4. nóv.

1889 hún að hafa gildi gagnvart öðrum, er með löglegum
nr. 19 samningum kynnu að eignast réttindi yfir fasteigninni.
4. nóv. Skal gjörðina lesa á varnarþingi, þar er fasteign liggur undir, eftir reglum þeim, er um veðsetning fasteigna gilda. — 47. gr. Lausafé, er fjárnámi hefir verið tekið, hefir skuldunautur eigi rétt til að halda í vörzlum sínum, ef sá vill eigi, er að fjárnámi fekk munina, nema skuldunautur setji viðunanlega tryggingu fyrir því, að þeir varðveitist hjá honum óskertir; en fjárnámshafa skal að jafnaði heimilt vera að taka munina til sín til geymslu, en gegn trygging, ef verð þeirra fer að mun fram úr kröfu hans. — Verði munirnir eigi í vörzlum skuldunauts, og fjárnámshafi tekur heldur eigi við þeim, annaðhvort fyrir því, að hann má það eigi samkvæmt því, er nú var sagt, eður hann vill eigi takast geymsluna á hendur, skal fógeti gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu þeirra á kostnað dómfelda. — 48. gr. Ef skuldabréf eru tekin fjárnámi til sölu við uppboð, skal á þau rita um fjárnámið, ella hefir það eigi gildi gagnvart þeim, er síðar fær þau til eignar eða að veði, og eigi vissi um fjárnámið, eða gagnvart skuldunaut sjálfum, er án þess að vita af fjárnáminu hefir síðan borgað af skuldinni til þess, er fjárnámið var gjört hjá, gegn kvittun hans á sjálft bréfið eður gegn afhending þess. — Ef fjárnámi eru teknar kröfur annarar tegundar, skal skuldunaut skýrt frá því, annars leysist hann frá skuld sinni með því að borga hana í góðu trausti þeim, er fjárnámið var gjört hjá. Hið sama er, ef skuldunautur borgar leigur af skuldabréfi sínu. — 49. gr. Ef sá hlutur, er tekinn var fjárnámi, verður eigi fenginn fjárnámshafa eða þeim, er fógeti hefir til tekið, fyrir því að einhver annar maður hefir rétt til að hafa hann í sínum vörzlum, skal fógeti eftir atvikum, ef fjárnámshafi beiðist þess, tilkynna þessum manni, að skuldunautur eigi ekki rétt á því að taka við honum, þegar að því kemur, að hann

eigi að skila honum úr sínum vörzlum. — 50. gr.[1]) Þegar gætt hefir verið ákvæða þeirra, er að framan getur, þá missir fjárnámshafi eigi þann rétt, er fjárnámið veitir honum til þess að ná með löglegri aðferð borgun í munum þeim, er fjárnámi voru teknir, enda þótt skuldunautur síðar deyi eða verði gjaldþrota, eða aðrir gjöri fjárnám hjá honum, og eigi getur skuldunautur heldur síðar selt nokkrum öðrum manni nein rétttindaumráð yfir munununum, er á nokkurn hátt megi skerða rétt fjárnámshafa. — Þó missir sá, er fengið hefir lausa aura að fjárnámi, er haldist hafa í vörzlum skuldunauts, fjárnámsréttinn gagnvart lánardrottnum skuldunauts, verði hann gjaldþrota eða þeir gjöra fjárnám hjá honum, ef fjárnámshafi hefir eigi innan 12 vikna frá því, er fjárnámsgjörð var lokið, komið fram nauðungaruppboði, eða hann með nýrri aðför hefir komið fénu úr höndum skuldunauts, enda hafi honum eigi verið varnað sölunnar með áfrýjan, eður réttindi annara verið því til fyrirstöðu. — 51. gr. Ef svo reynist við nauðungaruppboð, að sölu-andvirði hrökkur eigi fyrir kröfu fjárnámshafa, eður ef fjárnámshafi, er eigi hefir fengið fjárnám fyrir fullri kröfu, getur vísað á muni, er taka megi fjárnámi, má fjárnámið upp taka af nýju, og því fram halda eftir áðurgreindum reglum. Hinsvegar getur sá, er fjárnám hefir verið gert hjá, krafist þess, að gjörðin skuli upp tekin að nýju og fjárnámið látið niður falla að öllu eða einhverju leyti, hafi skuld sú verið borguð að öllu eða nokkru, eftir að fjárnámið fór fram, er það var gjört fyrir. — Svo getur og fógeti eftir beiðni dómhafa upptekið gjörðina til þess að gjöra nýjar ákvarðanir um geymslu og umsjón þess, er tekið var, þegar áfrýjun á fjárnámsgjörð veldur því, að miklu lengur líður þar til er uppboð fer fram en ella hefði verið, eða þegar tilefni þykir til þess vegna meðferðar dómfelda á munum þeim,

1887 nr. 19 4. nóv.

1) Sbr. l. nr. 7, $^{13}/_{4}$ 1894, 25. gr.

1887 nr. 19 4. nóv. er teknir voru fjárnámi, en látnir vera í vörzlum hans, eða vegna kostnaðar við geymsluna eða annara hluta vegna. — 52. gr. Loks má og upptaka gjörðina af nýju í öðrum tilfellum, en þeim, er nefnd eru í 51. gr., sbr. 50. gr., 2. lið, þegar annarhvor málsaðila beiðist þess eða aðrir, og allir þeir samþykkja, er hlut eiga að máli. — 53. gr. Um áfrýjun á aðför fer eftir almennum málskotareglum.

nr. 27 2. des. **Lög um að skifta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufélög.** (St. A. 126).

nr. 28 2. des. **Lög um verzlun lausakaupmanna.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Lausakaupmaður, sem enga fasta verzlun rekur hér á landi, getur fengið heimild til að verzla á skipi annars staðar en á löggiltum höfnum, ef hann fær til þess leyfisbréf hjá sýslumanni eða bæjarfógeta. Fyrir slíkt leyfisbréf skal lausakaupmaður gjalda 100 kr. í landssjóð, og veitir leyfisbréfið honum rétt til að verzla á skipi, hvar sem hann vill við strendur landsins, en að eins það almanaksár, sem leyfið er gefið. — — **2. gr.** Skyldur er lausakaupmaður að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir, o. fl. — **3. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 2000 kr., og sæta sömu meðferð, sem á er kveðið í 6. gr. laga 7. nóv. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi. — **4. gr.** Hér með er numin úr gildi 1. málsgrein 4. greinar fyrnefndra laga 7. nóv. 1879. — **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. dag aprílmánaðar 1888.

nr. 29 2. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Vík í Vestur-Skaftafellssýslu.** (St. A. 132).

nr. 30 2. des. **Lög um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði.** (St. A. 134).

Lög um Söfnunarsjóð Íslands. 1888

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Söfnunarsjóðurinn í Reykjavík skal, eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, heita Söfnunarsjóður Íslands, og heldur hann þá, undir ábyrgð landssjóðsins, áfram störfum sínum með því fyrirkomulagi og eftir þeim reglum, er lög þessi ákveða; en aldrei má eign Söfnunarsjóðsins blandaðast saman við landssjóð. — **2. gr.** Tilgangur Söfnunarsjóðsins er að geyma fé, ávaxta það og auka, og útborga vextina um ókomna tíð, eftir því sem upphaflega er ákveðið, sem og að styrkja menn til að safna sérstakri upphæð. — **3. gr.** Kostnað allan við stjórn Söfnunarsjóðsins, svo sem ritföng, skriftir, prentun o. fl., skal greiða af fje því, sem ákveðið er í lögum þessum, að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, og af sama fé skal einnig, þegar efni sjóðsins leyfa, veita sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins og forstjórum þóknun fyrir starfa sinn, eftir því, sem það verður ákveðið með lögum.[1]) Afganginn af nefndu fé skal leggja í varasjóð, og er það augnamið hans, að standa straum af því tjóni, sem Söfnunarsjóðurinn kann að verða fyrir. — **4. gr.** Skyldi Söfnunarsjóðurinn verða fyrir einhverju tjóni áður en varasjóður hans er orðinn nógu mikill til að standast það, svo að taka þyrfti til ábyrgðar þeirrar, sem um er rætt í 1. gr., þá skal svo fljótt sem auðið er endurborga það af tekjum þeim, er varasjóðnum jafnóðum til falla. — **5. gr.** Með lögum má færa niður þann hluta vaxtanna, sem ákveðið er í 20. gr. a, að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, þegar varasjóðurinn er orðinn svo mikill, að það þyki fært. Skyldi aftur á móti þessi hluti vaxtanna eigi reynast nægilegur til kostnaðar og nauðsynlegrar aukningar á varasjóðnum til frambúðar, þá má með lögum ákveða, að hluti þessi skuli hækka úr 5% í alt að 10% af vöxtum sjóðsins, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufé. — **6. gr.**

nr. 2
10. febr.

---

1) Sbr. l. nr. 24, $^{6}/_{11}$ 1897.

1888 nr. 2. 10. febr.

Söfnunarsjóðurinn hefir þessi hlunnindi: a. Ef viðskiftabók við Söfnunarsjóðinn hefir glatast, getur stjórn hans stefnt til sín handhafa hennar með þriteknni auglýsingu í blaði því, sem stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, og ef enginn hefir þá gjört vart við sig innan eins árs, þá má gefa út og afhenda vaxtaeiganda þeim, sem tilgreindur er í bókum Söfnunarsjóðsins, eða umboðsmanni hans, nýja viðskiftabók fyrir því fé, er hin glataða viðskiftabók hljóðaði upp á, og er hún frá þeim tíma ógild. b. Fé það, sem lagt hefir verið í Söfnunarsjóðinn, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar. c. Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sér hærri vöxtu en 4% um árið af útlánum gegn fasteignaveðum. d. Söfnunarsjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og sömuleiðis útsvari. — **7. gr.** Í stjórn Söfnunarsjóðsins skal vera einn framkvæmdarstjóri, er hið sameinaða alþingi kýs til 6 ára, og tveir gæzlustjórar, er kosnir eru sinn af hvorri deild alþingis til fjögra ára. Af gæzlustjórum þeim, sem í fyrsta skifti eru kosnir, skal þó annar að tveim árum liðnum fara frá eftir hlutkesti. — Endurkosning getur átt sér stað. — **8. gr.** Landshöfðingi getur vikið hverjum forstjóra Söfnunarsjóðsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til. Þá er forstjóra er vikið frá um stund, eða hann fyrir sjúkdóm eða önnur forföll fær eigi gegnt störfum sínum, og sömuleiðis, ef sæti verður autt í forstjórninni, setur landshöfðingi mann til að gegna störfunum um stundarsakir. — **9. gr.** Heimili Söfnunarsjóðsins er í Reykjavík, og þar skulu forstjórarnir vera búsettir. — **10. gr.** Framkvæmdarstjóri annast dagleg störf Söfnunarsjóðsins og stýrir þeim undir umsjón gæzlustjóranna og með aðstoð þeirra. Þegar forstjórarnir eiga fund með sér, skal bóka það, er þar gjörist, og þeir rita allir nöfn sín undir. Rísi ágreiningur milli þeirra um eitthvert málefni, ræður atkvæðafjöldi, nema þegar svo stendur á, sem um er rætt í 19. gr. a. og 23. gr., að

atkvæði þeirra þurfa að vera samhljóða. Ef framkvæmdarstjóra þykir einhver ákvörðun gæzlustjóranna vera án löglegrar heimildar, getur hann þó látið fyrirfarast að fullnægja henni. — **11. gr.** Stjórn sjóðsins skipar bókara og féhirði Söfnunarsjóðsins og víkur þeim frá. Hún ákveður starfstímann, en þó má starfstofa Söfnunarsjóðsins eigi vera sjaldnar opin fyrir almenning, en einu sinni á mánuði hverjum. — **12. gr.** Allar kvittanir, meðal annars fyrir fé, sem lagt er inn í viðskiftabækur, verða, til þess að skuldbinda Söfnunarsjóðinn, að vera undirskrifaðar af féhirði, og með áritun bókara um, að þær séu athugaðar. — **13. gr.** Jafnskjótt og efni sjóðsins leyfa að framkvæmdarstjóri og féhirðir fái nokkra þóknun fyrir starfa sinn, skulu þeir setja hæfilegt veð, eftir því, sem þá verður ákveðið með lögum. — **14. gr.** Stjórn Söfnunarsjóðsins er ávalt skyld til að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um sjóðinn, er honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hvenær sem er, látið rannsaka allan hag sjóðsins. — **15. gr.** Stjórn Söfnunarsjóðsins skal sjá um, að bækur hans séu svo færðar, að ætíð megi sjá ástand hans, hverjar skuldbindingar á honum hvíla, og hvernig fé hans er trygt. Af öllum þeim bókum og skjölum, er sjóðurinn eigi má án vera, skulu vera til eftirrit, er geymast á öðrum stað, en frumritin. Starfsár sjóðsins er almanaksárið. — **16. gr.** Í desembermánuði ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til fundar til að velja endurskoðara fyrir hið komandi ár; á fundi þessum hefir hver handhafi viðskiftabókar við Söfnunarsjóðinn, sem er fulltíða, atkvæðisrétt. Endurskoðari rannsaki reikning Söfnunarsjóðsins í hverju einstöku atriði, og beri hann saman við bækur sjóðsins og heimaféð. Endurskoðarinn skal að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé sjóðsins og eignir séu fyrir hendi, og gefa landshöfðingja skýrslu um það í hvert skifti. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning Söfnunarsjóðsins.

1888
nr. 2
10. febr.

1888 nr. 2. 10. febr.

— 17. gr. Ársreikning skal semja svo snemma, að búið sé að leggja hann fram með eftirriti af öllum nauðsynlegum fylgiskjölum á starfstofu Söfnunarsjóðsins eigi síðar en 31. marz ár hvert; skal hann liggja þar til ársloka, til þess að allir hlutaðeigendur geti skoðað hann, og séð, hverjar skuldbindingar hvíla á sjóðnum, og hvernig og með hverri tryggingu fé hans sé ávaxtað; einungis þegar sá, sem fé hefir lagt í sjóðinn, hefir beinlínis óskað þess, að óviðkomandi menn verði eigi látnir vita nafn sitt, eða með hverjum skilmálum hann hefir lagt fé í sjóðinn, skal eftir því fara, meðan hann er á lífi. Sá, sem sýnir viðskiftabók við sjóðinn, á rétt á að bera hana saman við hlutaðeigandi dálk í aðalbókinni. Útdrátt af reikningi sjóðsins skal auglýsa í Stjórnarstíðindunum, deildinni B. — 18. gr. Í Söfnunarsjóðinn verður eigi annað fé lagt en það, sem gengið getur inn í aðaldeild hans eða útborgunardeildina eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina. — a. Aðaldeild Söfnunarsjóðsins tekur á móti fé með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn verði aldrei útborgaður, heldur geti að eins skift um vaxtaeigendur samkvæmt því, sem upphaflega er ákveðið, sem og að árlega megi leggja eitthvað af vöxtunum við höfuðstólinn. — Undir aðaldeild söfnunarsjóðsins heyrir deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, er tekur á móti fé með þeim skilmálum, að jafnan skuli árlega leggjast við höfuðstólinn hálfir vextirnir af honum, en hinn helmingurinn falla árlega til útborgunar til nafngreinds manns sem vaxtaeiganda, eða þeirra, sem vaxtaeigendur verða að innstæðunni eftir hans dag, því að að hinum nafngreinda vaxtaeiganda látnum eiga allir lögákveðnir erfingjar hans rétt til, að innstæða sú, er hann var vaxtaeigandi að, skiftist frá næstu árslokum eftir fráfall hans milli þeirra sem vaxtaeigenda, eftir þeirri tiltölu, sem fyrirskipað er um lögerfðir, og getur þá hver þeirra fengið það, sem honum hlotnast, flutt í bókum Söfnunarsjóðsins til sín sem

vaxtaeiganda, og sama rétt hafa að hverjum þeirra látnum allir lögákveðnir erfingjar hvers þeirra, og sama gildir framvegis við fráfall hvers vaxtaeiganda að nokkru af umræddu fé. Sá, sem er vaxtaeigandi að fé í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, getur ráðstafað vöxtum þeim, er höfuðstóllinn ber til næstu ársloka eftir fráfall hans og útborgast eiga, en lengra ná eigi umráð hans yfir fé þessu. — b. Útborgunardeildin tekur á móti fé með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn með öllum vöxtum falli til útborgunar 1. júlí það ár, sem upphaflega er annaðhvort beinlínis tilnefnt eða miðað við, að höfuðstóllinn hafi náð tiltekinni upphæð, eða sem síðar er ákveðið með 2 ára fyrirvara, enda séu þá full 15 ár liðin frá því féð fyrst var lagt í sjóðinn; innlög þau til viðbótar slíkum höfuðstól, er skemur kunna að hafa staðið í sjóðnum, falla til útborgunar 1. júlí árið eftir, en eigandinn fær eigi vexti af þeim lengur en af hinum höfuðstólnum, heldur falla þeir eftir þann tíma til varasjóðsins. — c. Bústofnsdeildin tekur á móti fé manna, er eigi hafa lifað 20 árslok, með þeim skilmálum, að allir vextirnir leggist árlega við höfuðstólinn, en ef eigandinn deyr, áður en hann hefir lifað 25 árslok, þá falli innlögin sjálf vaxtalaus til útborgunar til handhafa viðskiftabókarinnar, sbr. 21. gr. a., hálfu ári eftir að stjórn Söfnunarsjóðsins er tilkynt andlátið; en það, sem við innlögin hefir bætst í sjóðnum, gangi sem erfðafé til allra þeirra, sem fæddir eru sama ár sem eigandinn, og fé áttu í deild þessari um næsta nýár á undan láti hans; fé þetta skiftist milli þeirra tiltölulega eftir upphæðum þeim, er hver þeirra átti, auk innlaganna í deild þessari um nefnt nýár; lifi enginn, sem fæddur er sama ár sem eigandinn, og átt hefir þá nokkuð í deild þessari, fellur féð til varasjóðsins; en lifi eigandinn 25 árslok, þá falla til útborgunar 1. júlí næst á eftir innlögin með öllu því, er við þau hefir bætst í sjóðnum, bæði vöxtum og nefndu erfðafé. — d. Ellistyrksdeild-

1888 nr. 2 10. febr.

1888 i n er löguð eins og bústofnsdeildin, nema þar er í stað-
nr. 2. inn fyrir 20 og 25 árslok, miðað við að hafa lifað 60
10. febr. og 65 árslok. — 19. gr. — a.[1]) Í fyrsta skifti sem fé einhvers á að leggjast í Söfnunarsjóðinn, eða þegar það á að gjöra með öðrum skilmálum, en fé hans áður hefir verið lagt inn, skal sá, er það vill gjöra, nákvæmlega tiltaka skriflega, hvernig með það skal fara. Vilji þá allir forstjórar Söfnunarsjóðsins taka á móti fénu með þessum skilmálum, gefa þeir skuldbindingu þar að lútandi í viðskiftabók við Söfnunarsjóðinn með árituðu nafni og tölulið, og skal fyrir hana greiða til kostnaðar og varasjóðs 1 kr., en viðskiftabókin gildir í öllu tilliti sem samningur við sjóðinn. Skuldbindinguna skal innfæra í fundarbók þá, sem um er rætt í 10. gr. Það nægir þó, að framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins undirskrifi einn skuldbindinguna í viðskiftabókum þeim, sem tölusettar hafa verið og fullgiltar af öllum forstjórunum, fyrir fé, sem lagt er í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu eða bústofnadeildina eða ellistyrksdeildina. b. Innlögin eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr. í hvert skifti. — c. Innlög öll skal, auk dagbókar, innfæra í aðalbók, og hefur þar hver vaxtaeigandi (hver sérstök eign) dálk sér með sömu yfirskrift og hlutaðeigandi viðskiftabók. — d. Innlög öll skal innfæra í hlutaðeigandi viðskiftabók, ef innleggjandi hefir hana með sér; að öðrum kosti getur hann fengið sérstaka kvittun fyrir innlaginu, en fyrir hana skal hann þá greiða féhirði 10 aura. — e. Stjórn sjóðsins er heimilt að neita að taka á móti innlögum í sjóðinn. — 20. gr. a.[2]) Þegar búið er fyrir hvert almanaksár að gjöra upp reikning Söfnunarsjóðsins og sjá vextina af sjóðnum í heild sinni hið liðna ár, þá skal draga frá þeim, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufé, 5% til kostnaðar og varasjóðs;[3]) það sem eftir er,

1) Lög nr. 24, $^{6}/_{11}$ 1897.
2) L. nr. 24, $^{6}/_{11}$ 1897.
3) L. nr. 21, $^{16}/_{11}$ 1907.

skiftist tiltölulega milli allra vaxtaeigenda, þar á meðal til varasjóðsins, eftir þeim upphæðum, er hverjum þeirra tilheyra og arðberandi voru í sjóðnum alt hið liðna ár; vextir hvers eins tilfærast svo í dálki hans og teljast lagðir við höfuðstólinn á nýári, að svo milku leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast á árinu. — b. Af fé, sem inn er lagt á árinu, reiknast dagvextir til ársloka, er séu ½% lægri um árið en vextir þeir, sem vaxtaeigendur fengu næsta ár á undan; við árslok leggjast dagvextirnir við höfuðstólinn að því leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast; af höfuðstól, sem útborga skal á árinu, reiknast sömu dagvextir til þess tíma, er hann fellur til útborgunar, og falla þeir til varasjóðsins, nema af því fé, sem innlagt hefir verið áður en lög þessi öðlast gildi og það eigi hefir verið áskilið við; en sé höfuðstóllinn eigi tekinn sex mánuðum eftir að hann er fallinn til útborgunar, þá reiknast og frá þeim tíma af honum vextir, er einnig falla til varasjóðsins. — c. Vextir reiknast eigi í minni pörtum en heilum eyri af hverjum 100 kr. eða minna. — d. Vextir fyrir hvert ár fást útborgaðir, eftir að búið er að leggja fram reikning sjóðsins. — e. Þegar vextir þeir, er útborgast ættu af upphæð í einum dálki, eigi nema 10 kr., verða þeir eigi útborgaðir, heldur leggjast þeir þegar við höfuðstólinn; sama gildir og um vexti af upphæð, er eigi hafa verið teknir vextir af í tvö næstliðin ár, ef eigi er aðvörun gjörð fyrir nýár um, að þeir eigi að takast það ár. — f. Vextir þeir, sem útborgast eiga, en óteknir eru í lok næsta septembermánaðar, leggjast þá þegar við höfuðstólinn; sé höfuðstóll eigi tekinn sex mánuðum eftir að hann er fallinn til útborgunar, fæst hann eigi útborgaður úr því, nema með þriggja mánaða fyrirvara. **21. gr.** — a. Borgun á sér stað í gjaldgengum peningum á skrifstofu Söfnunarsjóðsins; útborgað fé sem og tilkynningar, sem hafa útborgun í för með sér, tilfærist í dálki vaxtaeiganda í aðalbókinni og í viðskiftabókinni með áritun bókara um að það sé athugað, og skal

1888 nr. 2 10. febr.

1888 nr. 2. 10. febr.

kvittun gefin fyrir fénu í kvittunarbók af viðtakanda; svo skal hann og, ef fé er eigi hans eign, sýna, að hann hafi umboð hlutaðeiganda til að taka við því, ef þess er krafist, en enga ábyrgð hefir Söfnunarsjóðurinn á því, þótt þann, er við fénu tekur, vanti slíkt umboð, ef hann hefir viðskiftabókina; á sama hátt er og farið að, þegar fé er flutt frá einum vaxtaeiganda til annars; þó má, án þess viðskiftabók sé sýnd nokkur ár í röð, fá vexti útborgaða eftir ávísun vaxtaeiganda, ef notarius publicus hefir staðfest undirskrift hans undir ávísun og vottað, að það sé innfært í viðskiftabókina, að vextirnir fyrir umrætt ár séu ávísaðir. — b. Ef viðskiftabók hefir glatast, verður vaxtaeigandi að fá hana gjörða ógilda og nýja viðskiftabók útgefna, áður en útborgun eða flutningur á fé til annars vaxtaeiganda getur átt sér stað. — c. Þá er höfuðstóll með vöxtum er borgaður út, eða hann er fluttur til, svo að ekkert er eftir, skal aftur skila viðskiftabókinni án endurgjalds. — d. Hafi menn átt fé í bústofns eða ellistyrksdeildinni, og þeir séu búnir að fá það útborgað, en það sannist síðar, að maður hafi dáið, er þar átti fé, og þeim beri hlutdeild í því, þá má með þrítekinni auglýsingu í blaði því, er stjórnarvalda-auglýsingar eru birtar í, skora á þá, að taka téð fé sitt sem fyrst, en hafi það þá eigi verið gjört, áður en ár er liðið, þá fellur það til varasjóðsins. — **22. gr.** Ef vaxtaeigandi eða erfingjar hans í 50 ár ekki vitja sjóðsins, eða taka eigi innan 10 ára höfuðstól, sem fallinn er til útborgunar, og þeir heldur eigi gjöra vart við sig innan tveggja ára eftir þrítekna auglýsingu í blaði því, sem stjórnarvalda-auglýsingar eru birtar í, er allur höfuðstóllinn með vöxtum orðin eign varasjóðsins. — **23. gr.** Stjórn Söfnunarsjóðsins skal kosta kapps um að gjöra fé hans sem bezt arðberandi og þó einkum með nægilegri tryggingu, með því að lána það út gegn 1. veðrétti í fasteign, er sé að minsta kosti helmingi meira virði en láninu nemur, og verður ekkert lán veitt, nema forstjórarnir

allir séu því samþykkir; þegar sérstaklega stendur á, má einnig gjöra fé sjóðsins arðberandi á annan hátt, ef forstjórarnir eru allir samdóma um, að það sé fulltryggilegt, og að landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt. Framkvæmdarstjórinn getur þess utan til bráðabirgða lagt fé, Söfnunarsjóðnum tilheyrandi, í landsbankann, eða annan slíkan sjóð, sem heimilt er að láta í fé ómyndugra og annað almannafé. Forstjórar Söfnunarsjóðsins og sýslunarmenn mega eigi á neinn hátt vera skuldskeyttir honum. — **24. gr.** Í skuldabréfum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að séu vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í réttan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina umsömdu leigu greiða einn eyri af hverjum fullum 200 kr. lánsins fyrir hvern dag, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gjörð. Ennfremur skal lántakandi að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna fullnægjandi skírteini fyrir því, að veðið hafi eigi rírnað í verði, svo að sjóðnum geti verið nein hætta búin. 1888 nr. 2 10. febr.

Lhbr. um gildi konungsbréfs 23. okt. 1795 hér á landi. (Talið gilda). 2. marz

Lög um bátfiski á fjörðum. nr. 6 19. júní

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Rétt er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sé, á fjörðum eða tilteknum fjarðarsvæðum, sökum fiskveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykt á þann hátt, er segir í lögum 14. des. 1877[1]) um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákveða téðra laga og laga nr. 23,[2]) 4. des. 1886[1]) gilda um slíkar samþyktir. — **2. gr.**[3]) Nú stundar aðkomumaður fiskveiðar á útveg annara

1) L. nr. 86, $^{14}/_{11}$ 1917.
2) Rétt: 24.
3) Sjá l. nr. 29, $^{10}/_{6}$ 1922, 1. gr. og l. nr. 26, $^{4}/_{6}$ 1924.

1888 nr. 6 19. júní

en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eður hreppa samtals 4 vikur eður lengur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn eður niðurjöfnunarnefnd heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn eður bæjarbúa. Útsvarinu skal formaður hver lokið hafa fyrir skip sitt áður hann fer á brott. — — — Taka má útsvarið lögtaki sem önnur sveitarútsvör. Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskiveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

1889 25. febr.

Reglugjörð fyrir gullbrúðkaupslegat Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur. (St. B. 60). Ráðh. ad mandatum.

nr. 14 9. ág.

Lög um bann gegn eftirstæling peninga og peningaseðla o. fl.[1])

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Það er bannað öllum öðrum en hlutaðeigendum réttum, enda þótt eigi búi nein svik undir, að búa til þesskonar hluti, er fyrir lögun sína og annan frágang eru verulega líkir að ytri ásýndum innlendum eða útlendum peningum eða peningaseðlum, ríkisskuldabréfum eður öðrum skuldabréfum eða hlutabréfum, er hljóða upp á handhafa, og leigumiðum þeirra. — **2. gr.** Svo er og bannað að flytja til landsins eða láta ganga manna á meðal hluti þá, er eigi má búa til hér á landi samkvæmt 1. gr. — **3. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—200 kr., nema þyngri hegning sé viðlögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð. Hlutir þeir, sem í banni laga þessara hafa gjörðir verið eða fluttir til landsins, skulu upptækir gjörðir og ónýttir. Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

1890 nr. 1. 3.jan.

Lög um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.[1])

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Í kaupstöðum lands-

1) Sbr. l. nr. 16, $^{18}/_{6}$ 1891.

ins má gjöra lögreglusamþyktir. — 2. gr. Í lögreglu- 1890
samþyktinni skal kveða á um það, sem þykir þurfa nr. 1
að skipa fyrir um, eftir því, sem hagar til á hverjum 3. jan.
stað: a. um reglu og velsæmi á strætum, vegum og svæðum, er almenningur fer um; um alt, sem að því lýtur, að gjöra alla umferð greiða og afstýra farartálma og öllu því, sem hættu getur valdið; um friðun og vernd á almannagripum og eignum; um reglu á veitingahúsum og skemtistöðum, er almenningur sækir, svo og um almennar skemtanir, svo sem leiki; b. um alment hreinlæti, og takmörkun á notkun opinna eða lokaðra svæða við stundun ýmsra atvinnuvega, t. a. m. fiskverkunar, lifrarbræðslu og slátrunar, er heilbrigðis vegna eða af öðrum ástæðum mega teljast nauðsynlegar eða haganlegar o. fl.; um skipun lögregluliðs, er heldur uppi reglu, þá er eldsvoða eða önnur óvanaleg atvik ber að höndum, sem annaðhvort eru sérstaklega leigt til þessa eftir ákvæðum bæjarstjórnarinnar eða á annan hátt; d. um alt eftirlit, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða, þar sem eigi þegar eru sett lög og samþyktir um slíkt efni. — 3. gr. Hlutaðeigandi bæjarstjórn býr til frumvarp til samþyktarinnar og skulu vera í henni reglur um, hvernig greiða skuli útgjöld þau til lögreglunnar, er hin ýmsu ákvæði hafa í för með sér, er gjörð eru. Frumvarpið skal senda amtmanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir við þurfa, og sendir það síðan landshöfðingja, er því næst gefur út samþyktina. Nú gjörir amtmaður eða landshöfðingi breytingar við frumvarp, og skal þá leggja þær fyrir bæjarstjórnina til álita. Þær breytingar, sem bæjarstjórnin felst ekki á, má eigi setja í samþyktina. Samþyktin skal prentuð á kostnað bæjarins og birt almenningi með því að prentast í B-deild Stjórnartíðindanna. Breytingar á samþyktinni skal gjöra og birta á sama hátt, sem hina upprunalegu samþykt. — 4. gr. Samþyktin gildir að öllum jafnaði um alt lögsagnarum-

1890 dæmi kaupstaðarins. Ef rétt þykir vera að skipa svo
nr. 1 fyrir, að ákvæði samþyktarinnar skuli eigi gilda á hlut-
3. jan. um af landi því, er heyrir undir lögsagnarumdæmið, annaðhvort að nokkru eða öllu leyti, skal þess getið í samþyktinni, svo sem nauðsynlegt er. — 5. gr.[1]) — — — Ef einhver lætur það ógjört, sem er skylda hans samkvæmt samþyktinni, má lögreglustjórinn láta gjöra þetta, eða gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gjörir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþyktunum, greiðist af afbrotamanninum, eða, ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði. — 6. gr. Mál, er rísa út af brotum á samþyktunum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar fyrir brot á þeim renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

nr. 3 **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Arngerðar-**
3. jan. **eyri við Ísafjarðardjúp.** (St. A. 8).

nr. 4 **Lög um löggilding verzlunarstðar við Hólmavík í**
3. jan. **Steingrímsfirði.** (St. A. 10).

nr. 5 **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæ-**
3. jan. **fellsnessýslu.** (St. A. 12).

nr. 6 **Lög um löggildingu verzlunarstaðar á Búðareyri við**
3. jan. **Reyðarfjörð.** (St. A. 14).

nr. 7 **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við**
3. jan. **Héraðsflóa.** (St. A. 16).

nr. 10 **Lög um vextl.**[2])
7. febr. Vér Chr. IX., o. s. frv. — 1. gr. Þegar samið er um

1) L. nr. 67, $^{23}/_{11}$ 1919.
2) Sbr. l. nr. 39, $^{19}/_{6}$ 1922, 38. gr.

vexti af peningaláni, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 4 af hundraði á ári. — **2. gr.** Eftirleiðis skal vera frjálst að taka alt að 6 af hundraði sem vexti af peningaláni gegn veði í fasteign. 1890 nr. 10 7. febr.

Lög um hundaskatt og fleira.[1]) nr. 18 22. maí

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Hver heimilisráðandi skal á hreppskilaþingi því, er hann á sókn að, vor hvert telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla heimilishunda sína, er eldri eru en fjögra mánaða í fardögum og skal það framtal rita í sveitarbókina. En á hausthreppaskilum skal telja frá þá hunda, sem farist hafa um sumarið. — **2. gr.** Ef einhver vanrækir að telja fram hunda, eða telur þá rangt fram, eða framtal hans þykir tortryggilegt, gilda um það sömu ákvæði, sem um framtal á tíundbæru lausafé eftir 5., 6. og 7. gr. í lögum 12. júlí 1878 um lausafjártíund. — **3. gr.** Hreppstjóri skal senda sýslumanni skýrslu um framtal hunda jafnframt öðrum framtalsskýrslum — **4. gr.** Hver sá heimilisráðandi, er býr á meiru en einu hundraði úr jörðu utan kaupstaða, skal greiða af hverjum heimilishundi sínum, sem eldri er en fjögra mánaða, 2 kr. ár hvert, en aðrir gjaldi 10 kr. Hver heimilisráðandi ábyrgist greiðslu skattsins af þeim hundum, sem hann hefir framtalið, en rétt hefir hann til að fá skattinn borgaðan hjá lausamönnum, húsmönnum eða öðrum mönnum í sjálfstæðri stöðu af þeim hundum, sem þeir eiga á heimili hans. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu innheimta skattinn á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta skifti á manntalsþingum 1891. Í kaupstöðum rennur skatturinn í bæjarsjóð, en annarstaðar í sveitarsjóð, þó svo, að sýslumaður tekur af skattinum sýslusjóðsgjald hreppanna, að því leyti sem hann til hrekkur, en verði afgangur, skilar sýslumaður oddvitunum honum í peningum. — **5. gr.** Skyldur er hver sá, sem lætur

1) L. nr. 8, 4/6 1924.

1890 slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað
nr. 18 slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum
22. maí af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvæði þessu varðar alt að 10 kr. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstar, en bæjar- eða sveitarsjóður hinn. — **6. gr.** Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn með samráði við hlutaðeigandi héraðslækni að semja reglur um lækning á hundum af bandormum, meðferð á sullum úr sauðfé, og gjöra aðrar ráðstafanir, sem henni þurfa þykir, til varnar gegn sullaveikinni, og liggja við sektir frá 1 kr. til 10 kr., ef út af þeim ráðstöfunum er brugðið. Af sýslusjóði og bæjarsjóði má taka fé til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum. — **7. gr.** Með mál, sem rísa út af brotum á móti lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál. — **8. gr.** Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um hundahald á Íslandi, 25. júní 1869.

nr. 20 **Lög um innheimtu og meðferð á kirknafé.**[1])

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Rétt er, að fjárhaldsmaður kirkju feli hlutaðeigandi sóknarnefnd, vilji hún það að sér taka, að heimta inn tekjur kirkju og koma þeim í peninga, gegn innheimtulaunum, 10 af hundraði. — Hin sömu innheimtulaun getur söfnuður, sem tekið hefir að sér umsjón og fjárhald kirkju, veitt sóknarnefndinni. — **2. gr.** Gjöld til kirkju skal greiða í peningum eftir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá, sem gildir í kverri kirkjusókn á gjalddaga. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskrift hjá kaupmanni þeim, er innheimtumaður tekur gildan, eða þessum aurum: sauðfénaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eftir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskránni. Eindagi á kirkjugjöldum er 31. desbr. — **3. gr.** Frá næsta nýári eftir að lög þessi öðlast gildi

1) L. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909.

og koma til framkvæmdar skal reikningsár kirkna vera frá 1. janúar til 31. desember. Skal semja reikninga kirkna sem fyrst eftir nýár. Skal hlutaðeigandi prestur, eða, ef hann er féhirðir kirkjunnar, hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi, fyrst rannsaka reikninginn og bera hann saman við hrepps- og kirkjubækur. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímánaðar skulu kirkjureikningar með fullnægjandi fylgiskjölum vera komnir til hlutaðeigandi prófasts, er rannsakar þá og leggur fram á héraðsfundi. Nú álítur bæði héraðsprófastur og héraðsfundur reikning kirkjunnar réttan, er það þá fullnaðarúrskurður, en greini prófast og héraðsfund á, leggur biskup á fullnaðar-úrskurð. — **4. gr.** Stofna skal almennan kirkjusjóð og skal hver kirkja hafa sína viðskiftabók við sjóðinn. Stiftsyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fé kirkjusjóðs skal ávaxta eftir sömu reglum og landssjóðsfé. Forgangsrétt til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur. — Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíð., deildinni B, ár hvert. — **5. gr.** Alt það fé, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skal láta á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði og vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn. Heimilt er þó reikningshaldara, að halda eftir vaxtalaust 100 kr. af tekjum kirkju. Rétt er og að kirkjur greiði vexti af fé því, sem þær hafa að láni. — Þó falla niður þeir vextir, sem eigi geta greiðst með helmingi þess, er hver kirkja hefir afgangs árlegum útgjöldum sínum. — Af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefir undir höndum, greiða í hinn almenna kirkjusjóð $\frac{1}{15}$ á ári, uns sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar á því tímabili. Sé kirkja afhent, skal greiða sjóðinn allan af hendi. — **6. gr.** Þá er fjárhaldsmaður, er haft hefir kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fé, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann eða erfingjar

1890 nr. 20 22. mai hans eiga heimting á, að fá skuld þá borgaða af fé því, sem kirkjan hefir afgangs nauðsynlegum ársútgjöldum. — **7. gr.** Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, nema hlutaðeigandi kirkjuráðendur veiti til þess samþykki sitt.

31. mai **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Ísfirðinga, þeirra er í sjó drukkna.** (St. B. 81).

31. mai **Auglýsing um reglur fyrir því, hvernig veraldlegir valdsmenn skuli gefa saman hjón.** (St. A. 100).

1891 nr. 14 18. sept. **Lög um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriftargjaldi eða neinu fé undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, né heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað. — Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta alt að 2000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefir að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tillefni þykir til. — **2. gr.** Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sé eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; enn hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefir sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar. — **3. gr.** Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hér við land taka neinn farþega um borð, sem ekki hef-

ir útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans löggiltum, áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabréf frá lögreglustjóra umdæmisins, eða löggiltum umboðsmanni hans, þar sem hann fer á skip. — Brotum gegn ákvæði þessu hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta alt að 400 kr. fyrir hvern þann mann, sem skipstjóri tekur á skip sitt gegn banni þessu, og greiðist sektarféð af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefir að veði lagt. — Nú afhendir maður öðrum vegabréf sitt, og varðar það jafnháum sektum sem áður er talið. Þau sektamál skal sækja sem almenn lögreglumál. — Undanskilin þessum ákvæðum eru eiginleg póstskip og seglskip þau, er eigi flytja fleiri útfara en 10. — **4. gr.** Allar sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. 1891 nr. 14 18. sept.

Lög um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastdæmi. (St. A. 36). nr. 15 18. sept.

Lög um bann gegn eftirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða. nr. 16 18. sept.

Vér Chr. IX., o. s. frv. Ákvæðin í lögum 9. ágúst 1889 um bann gegn eftirstæling peninga og peningaseðla o. fl. skulu einnig ná til þeirra, er hér á landi búa til eða útbreiða eða flytja til landsins þá hluti, sem að lögum og annari gerð eru verulega líkir að ytri ásýndum innlendum eða útlendum frímerkjum og öðrum póstgjaldsmiðum.

Lög um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál. nr. 20 2. okt.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Ef dómaranum þykir full ástæða vera til þess í almennum lögreglumálum, þar sem um litla yfirsjón er að ræða, er framin er í fyrsta skifti, að láta eigi verða meira úr en aðvörun, hefir hann rétt til að útkljá mál-

1891 nr. 20 2. okt.

ið á þenna veg, þó skal gjörð athugasemd um þetta í réttarbókinni. Þessi málslok mega þó eigi eiga sér stað, ef hinn ákærði mótmælir því og krefst dóms í málinu, og má sá dómur eigi fara fram á aðvörun. Dómarinn hefir og rétt til að taka boði hins ákærða um, að gjalda hæfilegar sektir, til þess að sleppa hjá dómi, og mega sektir þessar vera minni en lög kveða á; ennfremur má hann láta málið falla niður, þegar honum þykir eigi næg ástæða til að halda því lengra áfram. Ef mál er höfðað eftir boði amtmanns eða kröfu bæjarstjórnar eða sveitastjórnar eða einstaks manns, má þó eigi útkljá málið án reglulegs dóms, nema sá samþykki, er krafist hefir málssóknar. Mál gegn börnum, sem eru 10 til 15[1]) ára að aldri, má dómarinn, þegar honum þykja málavextir mæla með því, útkljá þannig, að foreldrar eða þeir, er ganga barninu í foreldra stað, lýsi því yfir og sé það ritað í réttarbókina, að þau skuli láta barnið sæta líkamlegri refsing í heimahúsum. — 2. gr. Þá er dómur í almennu lögreglumáli, sem dómarinn hefir höfðað af sjálfsdáðum án þess að amtmaður, hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða einstakir menn hafi krafist þess, fer fram á refsingu, sem eigi er meiri en 40 kr. sekt, eða vandarhögg eða einfalt fangelsi í 8 daga fyrir börn yngri en 15[1]) ára, má þegar fullnægja dóminum eftir ráðstöfun dómarans, ef hinn ákærði (eða ef málið er gegn unglingi, þá umráðamaður hans) kveðst ánægður með hann, en þó skal dómarinn þegar á eftir senda amtmanni skýrslu um það, sem fram hefir farið í málinu. Ef meiri refsing aftur á móti er ákveðin með dómi, svo og ávalt, þá er mál eigi er höfðað af dómaranum af sjálfsdáðum, skal, einnig þá er hinn ákærði kveðst ánægður með dóminn, leggja málið fyrir amtmann samkvæmt gildandi reglum, til þess að hann geti kveðið á, hvort dóminum

1) L. nr. 39, $^{16}/_{11}$ 1907, 6. gr.

1) L. nr. 39, $^{16}/_{11}$ 1907, 6. gr.

beri að fullnægja eða honum skuli skotið, til landsyfirdóms. 1891 nr. 20 2. okt.

Lög um að landsstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatunguprestakalli í Strandaprófastsdæmi. (St. A. 58). nr. 23 2. okt.

Skipulagsskrá fyrir ekknasjóð druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu. (St. B. 1892. 87). 5. des.

Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Vestmanneyinga þeirra, er í sjó drukkna, eða hrapa til bana. (St. B. 1892. 95). 5. des.

Lög um stækkun verslunarlóðarinnar í Keflavík. (St. A. 120). nr. 29 11. des.

Lög um breyting á konungsúrskurði 25. ág. 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli. nr. 32 11. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv. Sú 15 rdl. aukaþóknun, er sóknarbændum Ásmundarstaðakirkju hefir verið skylt að greiða prestinum á Presthólum samkvæmt konungsúrskurði 25. ág. 1853, skal niður falla við næstu prestaskifti.

Lög um samþyktir um kynbætur hesta[1]**).** nr. 34 11. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþyktir um kynbætur hesta á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum. — **2. gr.** Þegar sýslunefnd virðist nauðsynuegt eða hagfelt að gjöra samþykt annaðhvort fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í héraði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á fundinum allir þeir héraðsbú-

1) Viðaukalög nr. 51, $^{20}/_{12}$ 1901 og l. nr. 24, $^{22}/_{11}$ 1918.

1891 nr. 34 11. des.

ar, er kosningarrétt hafa til alþingis. — Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess. — Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber að greiða honum 2 krónur á dag í fæðispeninga, og ferðakostnað að auki eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði. — 3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem ræðir um í 2 gr., frumvörp til sam þykta þeirra, er hún vil koma á. — Nú hafa fundarmenn fallist á frumvarp nefndarinnar með ⅔ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþyktar með ⅔ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum bygðar, og sendir það síðan amtmanni, eins og fyr segir. En álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði héraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið sé staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn þá felst á frumvarpið með ⅔ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar. — Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefir verið samþykt með ⅔ atkvæða á héraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrri en að ári liðnu. — 4. gr. Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykt, er honum hefir verið send til staðfestingar, ganga of nærri rétti manna, eða að þær á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en gefa skal hann sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþyktina, fyrirskipar um birting hennar, og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá þeim degi, sem amtmaður hefir tiltekið, skuldbindandi fyr-

ir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir. — Ef breyta skal eða nema úr gildi samþykt, er náð hefir staðfestingu amtmanns, verður að gjöra það eftir sömu reglum og settar eru í 3. gr. þessara laga um samning samþyktar. Amtmaður hlutast til um, að samþyktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, deildinni B. — **5. gr.** Í samþyktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áríðandi eru fyrir hestarækt ina í því héraði, sem samþyktin nær yfir, svo sem um geldingu hestfolalda og graðhesta, sem álitnir eru litt hæfir til undaneldis. Svo má og með samþykt setja reglur til tryggingar því, að slíkir hestar, er líklegir þykja til að spilla hestakyninu, séu eigi látnir ganga lausir innan um hross á afréttum eða í heimalöndum. — **6. gr.** Í samþykt skal ávalt ítarlega ákveða um eftirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða. — **7. gr.** Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir frá 1—50 króna, er renni í sveitarsjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, alt að helmingi sekta. — **8. gr.** Með brot gegn samþyktum skal fara með almenn lögreglumál. 1891 nr. 34 11. des.

Lög um aðfluttar, ósútaðar húðir. nr. 35
Vér Chr. IX., o. s. frv. — Landsstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi. 11. des.

Lög um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í Vesturamtinu til æðarvarpsræktar. (St. A. 2).[1] 1892 nr. 1 15. jan.

Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík. nr. 3
Vér Chr. IX., o. s. frv. — Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Reykjavík, skal stækkað þannig, að austurtakmörk sé lína dregin frá Helgastöðum í Skóla- 15. jan.

1) Sbr. tilsk. $^{2}/_{3}$ 1908, IV.

1892 nr. 3 15. jan. vörðuna, suðurtakmörk lína úr Skólavörðunni og vestur í Skólabæinn og vesturtakmörk lína úr Skólabænum í Litlasel.

nr. 4 15. jan. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Ingólfshöfða (Kárahöfn).** (St. A. 8).

nr. 5 15. jan. **Lög um göggilding verzlunarstaðar við Haukadal í Dýrafirði.** (St. A. 10).

nr. 6 19. febr. **Lög um eyðing svartbakseggja.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Allir ábúendur jarða þeirra á Breiðafirði, er æðarvarp liggur undir, eru skyldir að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarða sinna. Sömu skyldu hafa og þeir ábúendur á téðu svíði að gæta, er búa alt að 1 mílu frá friðlýstu æðarvarpi, þótt eigi sé æðarvarp á jörðum þeirra. — Vanræki nokkur ábúandi þessa skyldu, annaðhvort af ásetningi eða vítaverðu skeytingarleysi, skal hann gjalda 5 til 100 króna sekt. Sé vanrækslan ítrekuð, tvöfaldast sektin. — **2. gr.** Af sektum þeim, sem ákveðnar eru í 1. gr., rennur ⅓ hluti í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en ⅔ til uppljóstrarmanns. — **3. gr.** Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

1893 20. apr. **Landsh.bréf um að fiskiskip eigi að draga upp flagg, þegar eftirlitsskipið danska kemur í nánd við þau.** (St. B. 50).

nr. 15 16. sept. **Lög um iðnaðarnám.**[1])

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Ef verzlunarmenn, handiðnamenn, eða aðrir atvinnurekendur taka unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir annast um, að gjörður sé skriflegur námssamn-

1) Sbr. l. nr. 45, $^{30}/_{7}$ 1909.

ingur, og að hlutaðeigandi lögreglustjóri riti vottorð sitt á hann, að hann sé saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sé brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur. — Lögreglustjórar skulu eftir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.—**2. gr.** Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka menn til kenslu: 1. Iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni; — 2. Þeim, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því, að kenslusamningum hefir verið slitið; — 3. Þeim, sem þrisvar sinnum á 5 árum hafa rofið svo kenslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið. — **3. gr.** Í samningunum skal ákveðið, hve langur kenslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum, sem getið er um í 5 gr. — **4. gr.** Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kenslu, skuli láta honum í té húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan á námstímanum stendur eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig féð skuli greiða. — **5. gr.** Þrjá fyrstu mánuðina af kenslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sé hann þá orðnn 18[1]) ára, en ella foreldar eða fjárráðamaður, rétt til að heimta, að samningnum sé slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sé gjörð um það í samningnum. — **6. gr.** Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmensku, hlýðni og auðsveipni, hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraftar hans og kunnátta leyfa. — **7. gr.** Sé handiðnanemandi yngri

1893 nr. 15 16. sept.

1) L. nr. 60, $^{14}/_{11}$ 1917, 16. gr.

1893 nr. 15. 16. sept.

en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast. — Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarnemendum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 6 á morgnana. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kenslu í tilteknum námsgreinum. — 8. gr. Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má lærimeistari ekki fá nemanda neina vinnu, nema brýna nauðsyn beri til. — 9. gr. Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi spillandi áhrif á hann. Lærimeistarinn skal sjá um, að nemandi fái kenslu í því nauðsynlegasta af uppdráttarlist, er að iðn hans lýtur, ef slík kensla er fáanleg á staðnum. Lærimeistari skal ennfremur halda nemanda til að sækja iðnaðarmannaskóla, ef slíkur skóli er á staðnum, og greiða kostnað, er af skólanáminu leiðir, nema öðruvísi sé ákveðið í samningnum. Lærimeistari má ekki setja nemanda til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans, eða honum er um megn, og heldur ekki má fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans, nema nauðsyn beri til, eða það sé berlega áskilið í námssamningnum. — Kenslustúlkur eru ekki undir húsaga gefnar, kenslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára. — 10. gr. Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unt er, þá námsgrein, er hann hefir verið settur til. Þá er kenslutíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, sem sýni, að hann sé orðinn fullnuma í þeirri iðn, sem hann hefur stundað nám í, og skulu dæma um það þrír menn, er lögreglustjóri kveður til þess, og skulu tveir af þeim, ef unt er, vera samiðnarmenn. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur landshöfðingi með reglugjörð.[1]) —

1) Reglugj. $^{23}/_{12}$ 1903.

Standist nemandinn prófið, á hann heimtingu á náms- 1893
bréfi, er undirskrifað sé af lærimeistara hans og próf- nr. 15
dómendum. Nú hefir lærimeistari ekki látið sér fylli- 16. sept.
lega ant um kenslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbréf, er votti að hann sé fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eftir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.). — **11. gr.**[2]) — — — **12. gr.** Fyr en námssamningi er löglega slitið má enginn taka nemanda annars manns til kenslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn. — **13. gr.** Nú hefir nemandi ástæðulaust yfirgefið nám sitt og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aftur til meistara síns, ef hann beiðist þess af lögreglustjóra áður en 2 vikur eru liðnar. — Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sé hann eigi sjálfum sér ráðandi, til þess að fá samningi slitið, eður og leggur málið í gjörð, og verður nemandi þá eigi fluttur til lærimeistarans að sinni, sé málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri tiltekur. — **14. gr.** Námssamningur verður ógildur: 1. þá er lærimeistarinn deyr; — 2. þá er lærimeistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldþrots eða annara orsaka vegna; — 3. þá er lærimeistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti; — 4. þá er nemandinn hefir ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og lærimeistarinn ekki innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aftur eða leita skaðabóta. — **15. gr.** Lærimeistarinn getur slitið samningnum: 1. fyrir sjúkleika sakir samkvæmt því er segir í 11. gr.; — 2. ef nemandi gerir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eftir námssamningnum; — 3. ef hann er með dómi gjörður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt. — **16. gr.** Nemandi, foreldrar eða

---

2) L. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 27. gr.

1893 nr. 15 16. sept.

forráðamaður fyrir hans hönd, geta slitið samningi: 1. ef lærimeistarinn misþyrmir nemanda, eða gjörir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla gagnvart honum; — 2. ef lærimeistari skiftir um bústað og flytur lengra burt en 1 mílu frá sveitarfélagi því, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sé nemandi til heimilis hjá honum, en sé það ekki, þá þegar bústaðaskiftin hafa það í för með sér, að nemandi verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar; — 3. ef lærimeistarinn er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni; — 4. ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta unnið iðn þá, er um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það eftir læknis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn; — 5. ef námsstúlka giftist; — 6. ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara og kona hans deyr, eða hættir samvistum við hann. — **17. gr.** Auk þess er segir í 15. og 16. gr., er bæði lærimeistara og nemanda eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar. — **18. gr.** Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2, og 4, eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sér saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri og er hann orddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir séu sinn af hvorum málsaðila. Nú vill einhver beiðast gjörðar, og skal hann þá snúa sér skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann því næst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund. Skal á honum leggja fullnaðrúrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru

málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi oftar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annarhvor gjörðarmanna tjáð honum lögleg forföll eða honum þykir nauðsyn til bera til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefir ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur. — **19. gr.** Lærimeistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2., eða 12. gr., skal sæta sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið. — Sömu refsingu — nema þyngri refsingarákvæði eigi við — skal sá lærimeistari sæta, sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eftir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar nemanda úr námsvist, og sá nemandi, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eftir 6. gr. — nema lærimeistari út af því hafi beitt húsaga — eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef nemandi er eigi sjálfum sér ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á gefandi, að hann ástæðulaust hefir horfið frá náminu eða hverfur ekki aftur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim. — **20. gr.** Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefir beðið. — **21. gr.** Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við nemendur, sem eldri eru en 18 vetra, nema 1. gr. — sbr. 3. gr.. 1. málslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr. — og 18. gr.

Lög um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

1893 nr. 16 16. sept. Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Nú er veðsett eign seld við nauðungar-uppboð, eður hún er fengin veðhafa til eignar af skiftaráðanda eða fógetarétti, án þess að síðari veðhafar hafi getað fengið borgun af þeirri upphæð, er hún var seld eða látin fyrir, og skal þá um afmáning úr veðmálabókunum á veðskuldabréfum þeim, er þeim hafa verið gefin, er eigi hafa fengið borgun, farið eftir því, sem segir í opnu bréfi 22. apríl 1817, þó þannig, að auglýsingar þær, er 3. gr. getur um, einungis skulu birtar í blaði því á Íslandi, er birta skal í opinberar auglýsingar. — — —

nr. 17 16. sept. **Lög um að Austur-Skaftafellssýsla skuli, að því er sveitarstjórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtsins.** (St. A. 52).

nr. 19 16. sept. **Lög um hafnsögugjald í Reykjavík.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.**[1]) — — —**2. gr.** Bæjarfógeti[2]) innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr.,[3]) um leið og hann skoðar skjöl skipsins, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkurkaupstað. — Skyldur er hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta[4]) í hvert skifti frá því, er skip, er þegar hefir greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn eða útleið á öðrum ferðum á sama ári. — **3. gr.**[5])

18. sept. **Skipulagsskrá fyrir búnaðarsjóð Eyjafjarðarsýslu.** (St. B. 205). Ráðherra ad mandatum.

18. sept. **Skipulagsskrá fyrir Barnaskólasjóð Súðavíkurhrepps.** (St. B. 207). Ráðherra ad mandatum.

---

1) L. nr. 27, $^{22}/_{11}$ 1918, 1. og 3. gr.
2) Nú lögreglustjóri.
3) L. nr. 27, $^{22}/_{11}$ 1918, 3. gr.
4) Nú lögreglustjóri.
5) L. nr. 27, $^{22}/_{11}$ 1918, 1. gr.

Lög um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. 1893 nr. 28 26. okt.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Þegar sakborinn maður hefir verið hafður í gæzluvarðhaldi, og er því næst látinn laus, án þess að mál sé höfðað, eða hann er sýknaður, þá á hann rétt á að fá bætur, er ákveðnar séu af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefir beðið af því, að hann var sviftur frelsi sínu, ef álíta má, eftir málavöxtum, að hann sé saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til þess, að hann var sviftur frelsi. — Rétt til skaðabóta hefir og sá maður, sem haldið hefir verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefir verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi. — **2. gr.** Réttur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefir sjálfur með framferði sínu verið þess valdandi, að hann var sviftur frelsi. Þó getur dómarinn dæmt honum bætur, er sé tiltölulega minni en gert er ráð fyrir í 1. gr., ef ætla má, að hið ótilhlýðilega framferði hans sé sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi. — **3. gr.** Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá uppkveðinn, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landssjóðs. — Þegar öðruvísi stendur á, skal koma fram skaðabótakröfu samkvæmt undanfarandi greinum með sérstakri lögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í héraði þar, er hann var sviftur frelsi, eða við landsyfirréttinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans. — Sé sakamáli eða varðhaldsúrskurði sérstaklega áfrýjað til æðra réttar, má einnig koma þar fram

1893 nr. 28 26. okt.

með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs. — Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu eftir þessum lögum getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð. — 4. gr. Mál um skaðabætur eftir undanfarandi greinum skal höfða, áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefir fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á rökum bygð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn. — 5. gr. Nú hefir maður úttekið hegningu eftir dómi að öllu eða nokkru leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefir verið dæmdur að ósekju, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landssjóði fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefir beðið. — Skaðabótakröfunni má koma fram í héraði, þar sem sakamálið hefir verið höfðað, að til stefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefir uppkveðið, eða og við landsyfirréttinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett, einnig við þau mál, er hér ræðir um. — 6. gr. Eftir lát þess, er hlut á að, á það hjóna, er eftir lifir, sókn á því máli, svo og niðjar hins látna. — 7. gr. Skaðabætur eftir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aftur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefir misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru ólögmætu framferði. —8. gr. Ef sakborinn maður er sýknaður eða málið gegn honum er leitt til lykta, án þess hann sé dómfeldur, þá skal greiða málskostnað af almannafé, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sé sprottinn af vísvitandi ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings. — 9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið áður en þau öðlast gildi.

Lög um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum. Athugasemd um að lögdagur sé úr lögum numinn samkvæmt tilskipun 3. júní 1796 þarf eftirleiðis eigi að taka upp í stefnur. 1893 nr. 33 24. nóv.

Lög um afnám kongsbænadagsins sem helgidags. Vér Chr. IX., o. s. frv. Kongsbænadagur skal úr lögum numinn sem helgidagur. nr. 37 24. nóv.

Lög um að selja salt eftir vigt. Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Allir kaupmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi, skulu, hvort sem verzlun þeirra fram fer á sjó eða landi, selja salt eftir vigt, nema kaupandi æski mælis. — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða 5—50 kr. sektum, er renna í landssjóð. — **3. gr.** Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál. nr. 38 24. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði. (St. A. 156). nr. 39 24. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga, austanvert við Hrútafjörð. (St. A. 158). nr. 40 24. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði. (St. A. 160). nr. 41 24. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík í Gullbringusýslu. (St. A. 162). nr. 42 24. nóv.

Lög um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Fyrir að skoða skjöl útlendra fiskiskipa skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra 10 aura af hverjum tonn, er skipið rúmar, ef skipið hefir eigi fyrri komið á íslenska höfn og sýnt skjöl sín í þeirri fiskiferð að landinu, ella 5 aura af tonn. — Þegar hreppstjóri skoðar skipaskjölin fyrir hönd lögreglustjórans, skal gjaldinu skift 1894 nr. 2 2. febr.

1894 nr. 2 2. febr.

jafnt milli þeirra. — 2. gr. Fyrir störf þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin sem skráningarstjórum samkvæmt 17. gr. farmannalaga 22. marz 1890,[1]) skal greiða þeim eða löggiltum umboðsmönnum þeirra gjöld þau, sem þeim eru ákveðin í greindum lögum. — 3. gr. Fyrir eftirlit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókunum, hvort sem þau eru í gjörðarformi eða ekki, svo og fyrir eftirrit af skjölum í skjalasöfnum embættanna, skal greiða hlutaðeigandi embættismanni 50[2]) aura fyrir hverja örk, en fyrir hálfa örk og þaðan af minna greiðist ekki nema hálft gjald. Í dómsmálum, er nema eigi meiru en 50 kr., skal þó aðeins greiða helming gjalds þessa. Fyrir pappír og önnur ritföng skal eigi greiða sérstaka borgun, en þurfi að binda eitthvað inn, skal það sérstaklega borgað. — Í opinberum málum, gjafsóknarmálum, hjúamálum og í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum, og svo þegar málsaðilar eru eftir lögunum undanþegnir því að greiða réttargjöld í héraði, skal engi ritlaun gjalda; en í gjafasóknarmálum skulu ritlaun þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnaðinn. — Rita skal þannig allar réttargjörðir og eftirrit, að á hverri blaðsíðu séu 28 línur, en 32 bókstafir í hverri línu; þegar út reikningar og virðingar koma fyrir í afskriftunum, svo að hafa verður eina eða tvær spássíur á blaðsíðunni, skal í hverri línu vera 24 bókstafir, ef spássían er ein, en 16, ef tvær eru. — Ritlaunin við landsyfirdóminn[1]) ber að greiða eftir framangreindum reglum, og fær dómsmálaritarinn þau. — 4. gr. Í sakamálum og öðrum dómsmálum, hvort sem eru opinber mál eða einkamál, svo og í fógeta-, skifta-, uppboðs-, nótaríal-, skoðunar-, rannsóknar-, skiftingar- og öðrum þesskonar

1) Nú l. nr. 56, $^{30}/_{11}$ 1914, 75.—77. gr.
2) L. 64, $^{14}/_{11}$ 1917, 10. gr.
1) Nú hæstarétt.

gjörðum ber að endurgjalda embættismanninum ferðakostnað þann, er hann hefir haft, eftir sundurliðuðum reikningi. Amtmaður[1]) úrskurðar reikninginn í opinberum málum og gjafsóknarmálum og einnig í einkamálum, ef ágreiningur verður. Þegar ferðin er farin eftir beiðni einstakra manna, á gjörðarbeiðandi kost á að sjá embættismanninum fyrir ókeypis flutningi fram og aftur frá stað þeim, sem gjörðin á að fara fram á, í stað þess að greiða honum borgun fyrir ferðakostnað. — **5. gr** Nú eru fleiri gjörðir en ein haldnar á sömu ferðinni, og skal þá jafna niður borgun fyrir ferðakostnað í réttu hlutfalli. Fyrir gjörðir þær, er haldnar eru á þingaferðum, má embættismaðurinn aðeins reikna sér borgun fyrir ferðakostnað fyrir þá daga, sem ferð hans tefst við gjörðirnar. — **6. gr.** Á skipstrandsferðum ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 6 kr. í dagpeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjarverandi frá heimili sínu, og skulu uppboðsdagarnir taldir þar með. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 kr.) þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni til þess að skipa fyrir um björgun lengur en 8 stundir; en þarmeð má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra eða umboðsmanni hans ferðakostnað eftir reglum þeim, sem settar eru hér að framan. — **7. gr.** Fyrir tilsjón með útflutningum skal greiða lögreglustjóra 6 kr. hvern þann dag, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og ennfremur ferðakostnað eftir reglum þeim, sem settar eru hér að framan. Gjöld þessi ber hlutaðeigandi útflutningsstjóra að greiða. — **8. gr.** Fyrir að mæla skip skal greiða lögreglustjóra 4 kr. í dagpeninga fyrir dag hvern, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og borgun fyrir ferðakostnað eft-

1) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I. 11.

1894 nr. 2 2. febr.

ir reglum þeim, sem settar eru hér að framan. — **9. gr.** Greiða skal lögreglustjóra sömu dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað, sem segir í 8. gr., þegar hann verður að takast ferð á hendur í tilefni af rannsóknum þeim og vottorðum, sem getið er um í 2. og 3. gr. laga nr. 10. 11. febrúar 1876.[1]) — **10. gr.** Þegar valdsmaður þarf að takast ferð á hendur til að gefa hjón saman í borgaralegt hjónaband [samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886], ber honum 3 kr. hvern þann dag, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu og ennfremur borgun fyrir ferðakostnað eftir þeim reglum, sem settar eru hér að framan. — **11. gr.** Á allar réttargjörðir og skjöl, sem embættismönnum og sýslunarmönnum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, er borgað fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem þeim ber borgun fyrir, skal bæði rita borgunina með tölustöfum og bókstöfum, og eins er um borgun fyrir ferðakostnað og dagpeninga, er þeir hafa fengið. — Sé brotið gegn þessu, varðar það sektum, alt að 100 kr. til landssjóðs. — **12. gr.** Lög þessi snerta eigi innheimtulaun þau, er lögreglustjórar fá eftir gildandi lögum fyrir að heimta inn aðflutningsgjald af vínföngum, tóbaki, kaffi og sykri, og útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.[2]) Svo er um dagpeninga þá og borgun fyrir ferðakostnað, sem greiða skal sýslumönnunum sem formönnum sýslunefndanna samkvæmt 33. gr. í tilskipun 4. maí 1872[3]) um sveitarstjórn á Íslandi. — **13. gr.** Með lögum þessum er úr gildi numið opið bréf 21. marz 1800 um dagpeninga í sakamálum og aukatekjureglugjörð fyrir réttarins þjóna á Íslandi 10. september 1830, að því er snertir gjöld þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum ber samkvæmt henni. — **14. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

1) Nú l. nr. 54, $^{11}/_{7}$ 1911, 6. gr.
2) L. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 11. gr.
3) Nú l. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 75. gr.

Lög um breytingu á opnu bréfi 29. maí 1839, um byggingarnefnd í Reykjavík. 1894 nr. 4 2. febr.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.**[1]) — **2. gr.** Það skal hér eftir bannað að gjöra hús eða bæi af torfi, nema í úthverfum kaupstaðarins, og þó því aðeins að byggingarnefndin veiti til þess samþykki. — **3. gr.** Heimilt skal byggingarnefndinni,, ef ⅔ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að byggingarnefndarinnar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það, sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur hlutaðeigandi skotið undir amtmann[1]) og leggur hann fullnaðarúrskurð á málið. — **4. gr.** Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefndin krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í té uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

Lög um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskifti. nr. 7 13. apríl

Vér Chr. IX., o. s. frv. 1. kap. Um byrjun gjaldþrotaskifta. — **1. gr.** Hver sá, er hygst eigi geta staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, getur krafist þess, að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskifta (lög 12. apríl 1878, 90. gr.). — **2. gr.** Nú strýkur einhver af landi burt eða felur sig, að því er ætla verður eingöngu sakir skulda, og skal þá skiftaráðandi þegar taka bú hans til gjaldþrotaskifta, er einhver skuldheimtumanna fer þess á leit við hann, ef hætt er við, að dráttur á því verði skuldheimtumönnum til tjóns. — **3. gr.** Nú á maður skuld hjá öðrum, og er komin í gjalddaga og eigi trygð með nægilegu veði, og fær hana eigi borgaða til fulls, og getur hann þá krafist þess,

1) L. nr. 22, ¹⁵/₈ 1902.
1) Nú ráðherra.

1894 nr. 7 13. april

að bú skuldunauts verði tekið til gjaldþrotaskifta, ef sannað verður með skýrslum, sem fram séu komnar við fjárnáms- eða kyrsetningargjörðir, sem gjörðar hafa verið hjá skuldunaut, eða með játning sjálfs hans eða á annan hátt, að búið nægir eigi fyrir skuldum hans. — 4. gr. Nú hefir kaupmaður — en svo ber að telja hvern þann, sem rekur verzlun, þótt aðeins sé jafnhliða annari atvinnu — verið krafinn svarkröfu um að borga skuld, sem eigi er trygð með nægilegu veði, og hann neitar eigi að komin sé í gjalddaga, eða sönnur eru færðar á, að svo sé, og lætur þó farast fyrir að borga lengur en 30 daga eftir kröfuna, og getur þá skuldareigandi sá, er svarkröfu lét fram fara, krafist þess, að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskifta; en nota verður hann þennan rétt sinn, áður en 14 dagar séu liðnir frá því, að frestur sá er á enda, sem áður er getið. — 5. gr. Sá er samkvæmt 1. gr. laga þessara krefst þess, að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskifta, skal senda skiftaráðanda um það skriflega áskorun; henni skal fylgja nákvæm skrá, undirskrifuð af honum sjálfum, yfir eignir hans og skuldir, og skulu þar sérstaklega nefndir þeir, sem til skuldar eiga að telja hjá honum, og bækur þær, er hann kann að hafa haldið við atvinnu sína. Geti skuldunautur eigi látið skrá þessa fylgja áskoruninni, skal hann geta þess í henni, af hverjum ástæðum það sé, og láta hana síðan í té svo fljótt, sem auðið er. Þess konar skrá skal og skuldunautur láta skiftaráðanda í té, ef krafist verður, þegar bú hans hefir verið tekið til gjaldþrotaskifta, eftir beiðni einhvers skuldheimtumanna hans. — **6. gr.** Ef skuldheimtumaður krefst þess samkvæmt 3. og 4. gr. laga þessara, að bú skuldunauts sé tekið til gjaldþrotaskifta, skal hann fá skiftaráðanda um það skriflega áskorun, og skulu í henni tekin fram atvik þau, er hann byggir á kröfu sína. — Skiftaráðandi skal þá ákveða fund svo fljótt sem auðið er; kallar hann á fund þenna skuldunaut og skuldheimtumanninn með þeim fyrirvara, er

hann sjálfur til ekur. Á fundinum, eða svo fljótt sem auðið verður, skal gjörð ákvörðun um það, hvort taka skuli til greina kröfu skuldheimtumanns, og hvort hann skuli setja tryggingu eða eigi. — Skiftaráðandi getur krafist skýrslna þeirra af skuldunaut, sem þörf er á, til þessa. Neiti hann að svara spurningum skiftaráðanda eða komi hann eigi á fundinn, og er þó ekki löglegum forföllum um að kenna, má líta svo á, sem hann treystist eigi að mótmæla skýrslum skuldheimtumans. — **7. gr.** Þegar skiftaráðandi hefir úrskurðað, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskifta, frestar áfrýjun úrskurðarins eigi því, að svo verði gjört. — Sé úrskurði áfrýjað, skal þó eigi án samþykkis skuldunauts selja muni búsins, áður en fullnaðardómur er genginn í málinu, nema því að eins, að þeim sé þannig varið, að svo verði að vera. — **8. gr.** Þegar gjaldþrotaskifti skulu fram fara eftir beiðni skulunauts, ber að telja skiftin byrjuð þá, er beiðnin um það kom í hendur skiftaráðanda. Sé það eftir áskorun frá skuldheimtumönnum, ber að telja gjaldþrotaskiftin byrjuð, þegar skiftaráðandi hefir úrskurðað að taka búið til gjaldþrotaskifta. — Þegar skifti eru byrjuð, er það eigi á valdi þess eða þeirra, er krafist hafa, að láta þau falla niður. En þegar skuldunautur einn hefir krafist gjaldþrotaskifta, getur skiftaráðandi hinsvegar breytt úrskurði sínum um, að bú hans skuli tekið til gjaldþrotaskifta, ef skuldunautur gjörir það sennilegt, áður en innköllun til skuldheimtumanna er gefin út, að hann geti staðið í skilum við þá, og skuldheimtumenn þeir, er hafa gefið sig fram, mótmæla því eigi. — **9. gr.** Skiftaráðandi skal tafarlaust sjá um það, að auglýsing um gjaldþrotaskiftin sé birt í blöðum þeim, er alment skal birta í skiftaauglýsingar. Falli gjaldþrotaskiftin síðan niður (8. gr.), skal það tafarlaust birt á sama hátt. 2. kap. Um það, hvað til ráðs megi taka um skuldunaut sjálfan. — **10. gr.** Skiftaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli settur í varðhald, ef hann gerir sig lík-

1894 nr. 7 13. apríl

1894 nr. 7 13. apríl

legan til að firra búið einhverjum af munum þess eða réttindum, svo og þegar breytni hans, áður en gjaldþrotaskiftin byrja, þykir gefa tilefni til þess að höfðuð sje sakamálarannsókn gegn honum. — Þegar skuldunautur er settur í varðhald, skal skiftaráðandi tafarlaust sjá um, að rannsókninni gegn honum verði framfylgt. — 11. gr. Skiftaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli settur í einfalt fangelsi, ef hann kemur ekki fram með skrá þá, er skipað er í 5. gr., eins og hún á að vera, og hefir eigi gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef hann þrjóskast við að láta í té skýrslur við uppskrift á búinu, er hann er skyldur að vera við, ef skiftaráðandi krefst þess, eða aðrar skýrslur um ástæður og hag búsins, er hann er fær um að gefa; svo og ef hann fer eða reynir til að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiftaráðanda. — Skuldunautur skal vera í fangelsi svo lengi, sem skiftaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess, að tilganginum með því verði náð, þó aldrei lengur en 6 mánuði. — Kostnað þann, er af fangavistinni leiðir, skal greiða sem annan sakamálakostnað. — 12. gr. Veita má skuldunaut styrk af búinu, svo sem, að honum séu fengin búsgögn, húsavist, jörð og búsmali, fjárstyrkur til uppeldis eða því um líkt, enda hafi skuldheimtumenn áður átt kost á að ræða það mál á skiftafundi, og engin mótmæli komið fram gegn því, eða meiri hluti fundarmanna verið því samþykkur, og þyki skiftaráðanda eigi ástæða til þess, að synja samþykkis síns. En gæta verður hann þess einkum, að eigi bíði veðhafar eða skuldheimtumenn, sem forgöngurétt hafa, neitt sérstakt tjón af styrkveitingunni, hafi þeir eigi samþykt hana. Styrk má heldur eigi veita um lengri tíma en eitt ár, og eigi eftir að skiftum er lokið, nema allir skuldheimtumenn verði á það sáttir. Skiftaráðandi getur leyft skuldunaut og heimamönnum hans að hafa til afnota fyrst um sinn uppskrifaða búsmuni, þótt aðrir sé en þeir, er gjaldþrotaskiftin ná eigi til samkvæmt 13. gr. laga þessara,

smbr. 27. gr. í lögum um aðför 4. nóvember 1887, svo og húsnæði, þangað til skuldheimtumönnum hefir gefinn verið kostur á að kveða upp álit sitt um það, eins og að framan er greint. 3. kap. Um það, hvað til gjaldþrotaskifta skuli koma. — **13. gr.** Með takmörkunum þeim, er getur um í eftirfarandi greinum, skal skuldunautur sviftur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans í því bili, er gjaldþrotaskiftin byrjuðu (8. gr.), svo og því, er hann eignast, meðan á þeim stendur — hvorttveggja þó að þeim munum fráskildum, er undanþegnir eru fjárnámi samkvæmt ákvæði einstakra manna, lagaákvæði eða annari sérstakri heimild — og skal eignum hans varið til þess við gjaldþrotaskiftin að fullnægja kröfum þeim, er voru á hendur skuldunaut, þegar þau byrjuðu. — **14. gr.** Upp frá því að gjaldþrotaskiftin byrja, getur enginn öðlast nein réttindi á hendur búinu með samningum við skuldunaut, eða losast við skyldur, er á honum hvíla gagnvart búinu. Þetta á þó eigi við þann, er semur við skuldunaut, áður en gjaldþrotaskiftin eru birt með opinberri auglýsingu í blöðunum, og er ókunnugt um þau. — **15. gr.** Nú fær skuldunautur arf, meðan á gjaldþrotaskiftunum stendur, og má búið þá við þeim arfi taka; þó skal þess gætt, að erfðabúinu sje skift af skiftaráðanda, þannig að komist verði hjá ábyrgð skulda. Búið á og dánargjafir og aðrar gjafir allar, er skuldunautur fær, meðan á skiftunum stendur. Ákvæði þessi eiga þó því að eins við, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda séu því eigi til fyrirstöðu. — **16. gr.**[1]) Nú berast búinu, eftir að gjaldþrotaskiftin eru byrjuð, peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, er sent hefir verið skuldunaut, og átti hann að svara andvirði fyrir, og getur þá búið orðið eigandi að slíkum munum, enda þótt þeir hafi eigi verið orðnir eign skuldunauts áður, ef það greiðir and-

1894 nr. 7 13. apríl

1) Sbr. l. nr. 39, 19/6 1922, 39.—40. gr.

1894 nr. 7 13. apríl

virðið, en greiða verður það auðvitað á réttum tíma. — 17. gr. Á því, sem skuldunautur vinnur sér sjálfur inn, meðan á gjaldþrotaskiftunum stendur, á búið engan rétt. Þetta á þó eigi við um það, er honum áskotnast í talnaspili, í spilum, eða á annan slíkan hátt. 4. kap. Um áhrif þau, er gjaldþrotaskiftin hafa á ráðstafanir, er skuldunautur hefir gjört, áður en þau byrjuðu. — 18. gr. Allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eignum þrotabúsins, getur búið krafist, að metnar séu til peningaverðs eftir því, hve miklu það varðar skuldheimtumann, að þeim verði fullnægt. — 19. gr. Það leiðir af gjaldþrotaskiftunum, að allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eignum búsins, ber að telja komnar í gjalddaga að því leyti, að rétt er, að búið greiði þær þegar í stað, og skuldheimtumaður sé skyldur að taka við borgun þegar, án tillits til gjalddaga þess, er ákveðinn hefir verið. — 20. gr. Hver sá, er skuldar þrotabúinu, getur dregið frá það, er hann á hjá því, án tillits til þess, hversu skuld og gagnkröfu er varið, en þó því að eins, að skuldheimtumaður sjálfur, eða sá, er hann hefir erft skuldakröfuna eftir, hafi fengið hana áður en skiftin byrjuðu, og var, svo að skuldareigandi vissi, eigi þá svo ástatt fyrir skuldunaut, sem segir í 26. gr., eða skuldakrafan stafar af skuldbindingu, er skuldunautur hefir undirgengist fyrir þennan tíma, og þegar eins stóð á. Nú leikur vafi á, hvenær krafan er fengin, og er eigi hægt að færa sönnur á það á annan hátt, og má skuldheimtumaður þá vinna eið að framburði sínum um það, og getur skiftaráðandi tekið hann í eið á skiftafundi. — Eigi má framselja skuldabréf búsins, áður liðinn sé innköllunarfrestur skuldheimtumanna, né heldur síðar, ef mótkröfum er lýst, á þann hátt, að fyrirgjört sé með því gagnkröfurétti skuldunauts. — 21. gr. Nú hefir skuldunautur tekið fasteign á leigu, og kemur búið þá í stað hans, frá því að gjaldþrota-

skiftin byrjuðu, nema öðruvísi sé ákveðið í samningum. En bæði getur búið og sá, er á leigu seldi, sagt leigumálanum upp með vanalegum fresti til fardaga eða venjulegs flutningstíma, enda þótt samið hafi verið um lengri ákveðinn tíma eða lengri uppsagnarfrestur áskilinn; en bæta verður uppsegjandi þá hinum málsaðila þann halla, er hann bíður af því, að leigumálanum var eigi haldið áfram. — **22. gr.** Nú hefir skuldunautur á hinum síðustu 8 vikum, áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, borgað skuld, hvort sem hún er fallin í gjalddaga eða eigi, með því að selja af hendi við skuldhemtumann fasteign, skip eða aðra þá muni, sem telja verður óvanalegan gjaldeyri eftir stöðu þeirra og ástæðum, eða hann hefir borgað skuld, sem eigi er fallin í gjaldaga, enda þótt borgað sje með vanalegum gjaldeyri, og getur búið þá riftað borguninni og krafist þess, að skuldheimtumaðurinn skili aftur því, er hann hefir fengið, eða verði þess. — **23. gr.** Veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefir gengist undir á tímabili því, er ræðir um í 22. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru til orðnar á sama tíma, eru ógildar að því, er búið snertir. — Fyrirmæli 8. gr. laga 4. nóv. 1887 um veð eru framvegis í gildi. — **24. gr.** Ákvæðin í 22. gr. og fyrri hluta 23. gr. eiga þó eigi við, ef það reynist, að skuldunautur átti enn fyrir skuldum, þegar veðsetningin eða borgunin fór fram; sama er og, ef sá, er skiftir við skuldunaut, hrindir grun þeim, sem álíta má, að á honum hvíli um það, að honum hafi kunnugt verið um þrot skuldunauts, þegar svo á stendur, er segir í áðurnefndum lagagreinum. — **25. gr.**[1]) Nú hefir fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla farið fram eftir sætt um borgun skuldar, er skuldunautur hefir gengið að á tímabili því, sem um er að ræða í 22. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á þessu tímabili, og

1894 nr. 7 13. apríl

1) Sbr. l. nr. 19, $^{4}/_{11}$ 1887, 50. gr., 2. mgr.

1894 nr. 7 13. apríl

falla þá burtu sérréttindi þau í búinu, er af fjárnáminu og löggeymslunni leiða, nema því að eins, að sannað verði, að skuldunautur hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gjörð, eða málið tekið fyrir, eða álíta verður eftir atvikum öllum, að skuldheimtumanni hafi verið ókunnugt um gjaldþrot skuldunauts. — **26. gr.** Nú hefir skuldunautur strokið sökum skulda, eða einhver skuldheimtumanna hefir beiðst þess, að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskifta, eða skuldunautur hlaut að sjá, að gjaldþrot hans mundi brátt bera að höndum, og hann hefir eftir það með einhverjum ráðstöfunum — og sé þar með talin borgun skulda, sem fallnar eru í gjalddaga — ívilnað sumum skuldheimtumönnum sínum hinum til tjóns, þannig að saknæmt sé eftir 263 gr. hinna almennu hegningarlaga, og getur búið þá, svo framarlega sem það verður tekið til gjaldþrotaskifta, krafist þess, að riftað sé borguninni eða ráðstöfuninni, og að skuldheimtumaður skili aftur því, er hann þannig hefir fengið, eða verði þess, hafi honum verið kunnugt um ástæður þær, sem að framan er getið, þegar borgunin eða ráðstöfunin fór fram. — **27. gr.** Þegar einhverjum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 22.—26. gr. hér að framan, ber að skila búinu því, er hann hefir tekið við, eða verði þess, á hann rétt á, að honum sé skilað aftur því, er hann hefir látið af hendi við skuldunaut umfram það, er hann fékk borgun fyrir; og þegar borgun er skilað aftur, er staða hans gagnvart búinu að þessu leyti hin sama og ef engin borgun hefði fram farið. — Nú er víxill, sem kominn er í gjalddaga, borgaður með vanalegum gjaldeyri, og verður þess þá eigi krafist, að sá skili aftur borguninni, sem hefði haft rétt til þess, að krefjast borgunar á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskifta, en hefir mist þennan rétt við greiðsluna; hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var borgaður með, af þeim, er að lokum hefði haft hag af borguninni, og hefði orðið

að borga víxilinn, ef hann hefði eigi áður verið borgaður, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut sem segir í 16. (rétt: 26. gr.). — 28. gr. Sá sem á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu og þegar svo stóð á, að skuldunautur átti eigi lengur fyrir skuldum, hefir þegið gjöf af honum, er skyldur að skila gjöfinni aftur eða standa skil á verði hennar, ef ætla má, að honum, er hann þáði gjöfina, hafi verið kunnugt um nokkurt það atvik, er hann mátti ráða af, að skuldunautur átti eigi fyrir skuldum. Hafi það bakað þiggjanda nokkur fjárútlát, að hann þáði gjöfina, ber búinu að endurgjalda honum þau. — Hið sama er og, þótt ráðstöfunin líti út og komi fram sem sala, makaskifti, leigumáli eða þess konar afsal, ef ráða má af mismuninum á verði þess, er af hendi var látið og þess, er fyrir kom, eða af öðrum atvikum, að ráðstöfunin sé í raun og veru gjöf; þó skal búið svara til þess, sem af hinum málsaðila er af hendi int. — **29. gr.** Nú hefir skuldunautur á hinu síðasta ári, áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, varið meiru fé en svo, að samsvari efnum hans, til þess að kaupa lífeyri, forlagseyri, lífsábyrgð eða þess konar tekjur handa sér, konu sinni eða lögerfingjum, eða til að gefa öðrum, og getur búið þá hagnýtt sér þann rétt, sem skuldunautur hafði sjálfur, til að slíta samningum og krefjast reikningsuppgjörða, ef búinu bætast tekjur við það. Sé um gjöf að ræða öðrum til handa, verður þó að vera eins ástatt og fyrir er mælt í 28. gr. — **30. gr.** Það skal enn standa, er segir í N. L. 5—13—44, 2. málsgrein, að engar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup, eða önnur afsöl milli hjóna, foreldra og barna, arfleifanda og erfingja, skulu vera skuldheimtumönnum í þrotabúum til tjóns, ef þær hafa fram farið, eftir að svo var ástatt orðið fyrir skuldunaut, og hann svo skuldugur orðinn, að hann gat eigi borgað skuldir sínar. — **31. gr.** Nú hefir sá, sem haft hef-

1894 nr. 7 13. apríl

ir viðskifti þau við skuldunaut, er ræðir um í 22.—30. gr., afhent öðrum hluti þá eða réttindi, er hann hefir fengið, og hefir búið þá einnig gagnvart þeim rétt á að heimta munumum eða réttindunum skilað aftur eða verð þeirra bætt búinu, ef ætla má, að þeir hafi verið þess vitandi, að tilgangurinn með framsalinu var sá, að hindra búið í að njóta réttar síns. — 32. gr. Mál þau, sem höfðuð eru til þess að rifta ráðstöfunum samkvæmt 22.—31. gr., skal sá með fara fyrir hönd skuldheimtumannanna, er til þess verður kjörinn á skiftafundi. Með mál þessi skal fara sem með gestaréttarmál, og skal höfða þau innan 4 vikna eftir skiftafund þann, er kröfurnar hafa verið rannsakaðar á (lög 12. apríl 1878, 37. gr.), ef þau skulu flutt í lögsagnarumdæminu, en ef mál skal höfða í öðru lögsagnarumdæmi, þá skulu hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess gjörðar innan 12 vikna frá sama tíma. 5. kap. Um önnur gjaldþrotaskifti. — **33. gr.** Í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. í lögum 12. apríl 1878, um skifti á dánarbúum, félagsbúum o. fl., getur hver skuldheimtumanna heimtað gjaldþrotaskifti, og að farið verði jafnframt eftir ákvæðunum í lögum þessum. Þegar skiftaráðandi skiftir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eftir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur eins hver skuldheimtumanna krafist gjaldþrotaskifta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja má gjaldþrotaskifta á búi þess eftir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 22., 23., 25., 28. og 29. gr., frá þeim tíma, er búið var tekið til skiftameðferðar. 6. kap. Um lok gjaldþrotaskifta. — **34. gr.** Nú verður það bert, meðan á gjaldþrotaskiftunum stendur, að búið hrökkur eigi fyrir kostnaðinum við skiftin, og skal þá þegar ljúka skiftunum, og skal sá greiða þann hluta af áföllnum kostnaði, er búið hrökk-

ur eigi fyrir, sem skiftanna hafði krafist. Þó getur skuldheimtumaður sá, er krafist hefir gjaldþrotaskifta og er í vafa um ástand búsins, komist hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir því yfir og lætur bóka það í skiftabókina, að hann áliti að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við framhald skiftanna, og að hann vilji eigi greiða hann, og ef þá enginn annar skuldheimtumaður býðst til þess á skiftafundi, er kalla skal saman í þessu skyni, að greiða kostnað þann, er framhald skiftanna hefir í för með sér, getur hann krafist þess, að skiftunum skuli þegar lokið. — **35. gr.** Að liðnum innköllunarfresti til skuldheimtumanna má, hvenær sem vill, meðan á skiftunum stendur, selja skuldunaut búið í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiftaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim skuldheimtumönnum, sem hafa gefið sig fram. Sönnun fyrir því, að skuld, sem sagt hefir verið til, sé greidd að fullu, er jafngild samþykki hlutaðeigandi skuldheimtumanns. — **36. gr.** Þegar öðruvísi er ástatt, er gjaldþrotaskiftunum lokið með úthlutunum skiftaráðanda. 1894 nr. 7 13. apr.

Lög um samþyktir til að friða skóg og mel. nr. 11

Vér Chr. IX., o. s. frv. **1. gr.** Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþyktir um friðun á skógum, hvers kyns sem eru, og á mel á þann hátt, sem segir í lögum þessum. — **2. gr.** Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða vera hagfelt að gjöra samþykt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlast er til að samþykt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir héraðsbúar þeir, er kosningarrétt hafa til alþingis. — Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sé fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við höndina. — Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í 13. apr.

1894 nr. 11 13. apr.

dagpeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar og greiðist það gjald úr sýslusjóði. — 3. gr. Sýslunefndin semur frumvörp til samþykta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr. — Nú hafa fundarmenn fallist á frumvarp nefndarinnar með ⅔ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþyktar með ⅔ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í fruvarpið, ef henni þykja þær á rökum bygðar, og sendir síðan amtmanni til staðfestingar; en áliti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði héraðsfundar, og verði það þá samþykt með ⅔ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar. — Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefir verið samþykt með ⅔ atkvæða á héraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu. — 4. gr. Nú þykir amtmanni nokkur ákvæði samþyktar ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða að þær koma á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, sem samþyktin nær yfir. — Samþykt þeirri, sem amtmaður hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á. — Amtmaður hlutast til um að samþyktirnar séu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna. — 5. gr. Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit það, er þarf til þess að hennar sé vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir. —

6. gr. Brot gegn staðfestum samþyktum varðar 5—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, alt að helmingi sektanna. — 7. gr. Með brot gegn samþyktum skal fara sem opinber lögreglumál. 1894 nr. 11 13. apr.

Samþyktarlög um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu. nr. 12 13. apr.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Sýslunefndinni veitist vald til, að gjöra samþykt um verndun Safamýrar á þann hátt, sem segir í lögum þessum. — **2. gr.** Nú þykir sýslunefndinni þörf á að gjöra samþykt til að vernda og viðhalda Safamýri, skal hún kveðja eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem hlut eiga að máli, til fundar, og eiga þeir allir atkvæðisrétt á þeim fundi. — Sýslunefndin kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sé fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa skrá yfir þá, sem atkvæðisrétt eiga á fundinum, við höndina. — Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði. — **3. gr.** Sýslunefndin semur frumvarp til samþyktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði fundar þess, er um er rætt í 2. gr. — Nú fallast fundarmenn á frumvarp nefndarinnar, breytt eða óbreytt, með ⅔ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. — **4. gr.** Nú þykir amtmanni nokkur ákvæði samþyktarinnar ganga of nærri rétti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á

1894 nr. 12 13. apr. um, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún þá upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli. — Samþykt þeirri, sem amtmaður hefir staðfest má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á. — Amtmaður hlutast til um, að samþyktin sé prentuð í B-deild Stjórnartíðindanna. — **5. gr.** Samþyktin skal kveða á um eftirlit það, sem þarf til þess að hennar sé vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir. — **6. gr.** Brot gegn staðfestri samþykt varða 10—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. — **7. gr.** Með brot gegn samþykt þessari skal fara sem opinber lögreglumál.

nr. 13 13. apr. **Lög um fuglaveiðasamþykt í Vestmannaeyjum.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Sýslunefndinni í Vestmannaeyjum veitist vald til að gjöra fuglaveiðasamþykt þar á eyjunum, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum. — **2. gr.**[1]) — — — Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag, og skal sýslumaður vera fundarstjóri eða þá einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess. — **3. gr.** Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði fundarmanna, svo sem til er tekið í 2. gr., samþykt þá, er hún vill koma á. — Nú hafa fundarmenn fallist á samþykt nefndarinnar með eða án breytinga með ¾ atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið ,og skal hún þá hafa gildi sem lög, þegar staðfesting amtmanns er fengin. Amtmaður hlutast til um, að samþyktin sé prentuð í Stjórnartíðindunum, deildinni B. — **4. gr.** Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþyktarinnar ganga of nærri rétti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. — Ef breyta skal eða fella úr gildi staðfesta samþykt,

1) L. nr. 22, $^{9}/_{7}$ 1909.

verður að gjöra það eftir sömu reglum og settar eru í 3. grein þessara laga. — **5. gr.** Í samþykt skal ávalt skýrt ákveða um eftirlit það, er þarf til þess að hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða. — **6. gr.** Fyrir brot móti löggiltri samþykt má ákveða sektir frá 5—100 króna, er renni helmingur í sveitarsjóð og helmingur til þess, sem kemur brotinu upp. — **7. gr.** Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál. 1894 nr. 13. 13. apr.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri við Eyjafjörð. (St. A. 88). nr. 14 13. apr.

Viðaukagrein við samþykt 15/1 1873 um afnot jarðarinnar Reykjavík. (St. B. 88). Landshöfðingi. 1. júní

Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa. (St. B. 177). Ráðh. ad mandatum. 2. júlí

Skipulagsskrá fyrir framfarasjóð Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteð. (St. B. 178). Ráðh. ad mandatum. 21. sept.

Rgbr. um afnám danskra messugjörða í Reykjavík. (St. B. 171). 21. sept.

Lög um auðkenni á eitruðum rjúpum. 1895

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Rjúpur, sem eitraðar eru til eyðingar refa, skal auðkenna þannig, að hægri væng urinn sé stýfður til hálfs. — **2. gr.** Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 20—200 kr. — **3. gr.** Mál þau, er rísa af brotum gegn 1. gr., skal fara með sem opinber lögreglumál. nr. 3 15. febr.

Lög um afnám fasteignasölugjalds. nr. 5

Vér Chr. IX., o. s. frv. — Gjald af fasteignum, ½ af hundraði hverju, sem fyrirskipað er í 1. gr. tilskip- 15. febr.

1895 unar 8. febrúar 1810, þá er eigandaskifti verða, skal
nr. 5 úr lögum numið, þegar um afsal fasteigna er að ræða.
15. febr.

nr. 6 **Lög til að gjöra samþyktir um hindrun sandfoks og**
15. febr. **um sandgræðslu.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — 1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþyktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu á þann hátt, sem segir í lögum þessum. — 2. gr. Þegar sýslunefndinni þykir þörf á, eða vera hagfelt að gjöra samþykt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í héraði því, sem ætlast er til að samþykt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir héraðsbúar þeir, er kosningarrétt hafa til alþingis. — Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sé fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við höndina. — Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði. — 3. gr. Sýslunefndin semur frumvörp til samþykta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr. — Nú hafa fundarmenn fallist á frumvarp nefndarinnar með ⅔ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþyktar með ⅔ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum bygðar, og sendir síðan amtmanni til staðfestingar; en áliti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði héraðsfundar, og verði það þá samþykt með ⅔ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar. — Það frumvarp eða

breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefir verið samþykt með ⅔ atkvæða á héraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu. — **4. gr.** Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþyktar ganga of nærri rétti manna eða atvinnufrelsi, eða að þær komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neitunïnni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, sem samþyktin nær yfir. — Samþykt þeirri, er amtmaður hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á. — Amtmaður hlutast til um, að samþyktirnar séu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna. — **5. gr.** Í samþykt skal ávalt kveða á um eftirlit það, er þarf til þess að hennar sé vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir. — **6. gr.** Brot gegn staðfestum samþyktum varðar 5—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, alt að helmingi sektanna. — **7. gr.** Með brot gegn samþyktum skal fara sem opinber lögreglumál. 1895 nr. 6 15. febr.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Hrafneyri við Hvalfjörð. (St. A. 18). nr. 7 15. febr.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Stakkhamri í Miklaholtshreppi. (St. A. 20). nr. 8 15. febr.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði. (St. A. 22). nr. 9 15. febr.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Seleyri við Borgarfjörð. (St. A. 24). nr. 10 15. febr.

1895 25. marz **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum í Rangárvallasýslu.** (St. B. 57). Ráðh. ad mandatum.

nr. 19 2. okt. **Lög um stefnur til æðri dóms í skiftamálum.** Vér Chr. IX., o. s. frv. — 1. gr. Þá er skotið er til yfirdóms skiftagjörð, úrskurði, uppkveðnum meðan á skiftunum stendur, eða öðrum gjörðum skiftaráðanda, er áfrýja má, skal stefna aðeins birt skiftaráðanda þeim fyrir hönd búsins, er þá ályktan hefir gjört, sem áfrýjað er, og hlutaðeigendum þeim, er komið hafa fram sem málsaðilar við meðferð þess málsatriðis, sem skotið er til æðri dóms, enda séu þeir heimilisfastir á Íslandi eða hafi þar umboðsmenn og sé það tilkynt og skráð í skiftabókinni, og hafi þeir umboð til að taka á móti stefnu fyrir hinna hönd. — Nú hafa skiftaforstjórar, er tilnefndir eru í erfðaskrá, haft bú til skifta, og skal þá einnig stefna þeim, nema þeir séu dánir, áður áfrýjað er, og aðrir eigi tilnefndir í þeirra stað, eða sé þeim á annan hátt varnað að taka á móti stefnunni. — Við birting stefnunnar fyrir skiftaráðanda skal veita honum 6 vikum lengri fyrirvara en alment er fyrirskipað. — 2. gr. Þegar er áfrýjunarstefna hefir verið birt skiftaráðanda, skal hann annast um, að kvatt sé til skiftafundar og boðað til hans eftir reglum þeim, er fyrirskipaðar eru í 23. gr. laga 12. apríl 1878 um skifti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., og skal þess með skýlausum orðum getið, að áfrýjun hafi farið fram; á skiftafundi þessum skal gera ályktun um, hvað gera skuli útaf áfrýjuninni. — 3. gr. Reglur þessar gilda einnig þá, er skiftamáli er áfrýjað frá yfirdómi til hæstaréttar; þó skal þá enga viðbót veita við hinn lögboðna venjulega fyrirvara.

nr. 22 2. okt. **Viðaukalög við lög um prentsmiðjur 4. des. 1886.** Vér Chr. IX., o. s. frv. Skyldur þær, er með 2. gr. í lögum um prentsmiðjur 4. des. 1886 eru lagðar á prent-

smiðjur hér á landi gagnvart amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi, gilda einnig að því er snertir bókasafn Austuramtsins, þannig að hver prentsmiðja skal að viðlagðri hegningu samkvæmt þeirri grein láta því í té ókeypis 1 eintak af öllu því, er prentað er, hvort sem það er smátt eða stórt. — Um brot gegn lögum þessum fer eftir nefndum lögum um prentsmiðjur 4. gr. 1895 nr. 22 2. okt.

Lög um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum.[1]) nr. 28 8. nóv.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Kostnað þann við kenslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra og ferð til kenslustofnunarinnar, sem samkvæmt tilskipun um kenslu heyrnar- og málleysingja o. fl., 26. febr. 1872, ber að greiða úr jafnaðarsjóðum amtanna, skal greiða úr landssjóði. — **2. gr.**[2]) — **3. gr.** Sáttamálakostnað, sem eftir tilskipun 20. jan. 1797, 41. gr., hvílir á jafnaðarsjóðunum, skal greiða úr landssjóði. — **4. gr.** Kostnað þann við notkun fangelsanna, er ræðir um í 6. gr. tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, ber að greiða úr landssjóði — — —.

Lög um hagfræðisskýrslur.[3]) nr. 29 8. nóv.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Landsstjórninni ber að annast um, að samdar séu árlega hagfræðisskýrslur um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskiveiðar og verzlun, og skulu þær samdar og útgefnar á kostnað landssjóðs. — **2. gr.** Um fyrirkomulag á skýrslunum og undirbúning til þeirra ákveður landshöfðingi með reglugjörð,[4]) og annast hann um, að út séu gefin á kostnað landssjóðs nauðsynleg eyðublöð, er stjórnarvöldum

1) Sbr. l. nr. 17, $^{3}/_{10}$ 1903, 6. gr.
2) L. nr. 6, $^{22}/_{10}$ 1912.
3) L. nr. 20, $^{30}/_{10}$ 1903 og l. nr. 16, $^{9}/_{7}$ 1909, sbr. l. nr. 30, $^{23}/_{10}$ 1912, 15. gr.
4) Sbr. reglugj. $^{21}/_{4}$ 1897.

1895 nr. 29 8. nóv.

þeim, sem hann fyrirskipar, ber að láta útfylla. — **3. gr.** Skyldur er hver búandi og hver sá, er nokkurn fénað hefir, til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum árlega í té, þegar þess er krafist, nákvæma skýrslu um það, hve margt nautgripa, sauðfjár, geitfjár og hrossa, á hverjum aldri sem er, hann hefir undir höndum, hvort sem hann sjálfur er eigandi að eða ekki. — Bændur og aðrir þeir, er nokkra jarðrækt stunda, eru á sama hátt skyldir að láta árlega í té skýrslur, svo nákvæmar, sem kostur er á, um stærð túna þeirra og sáðlands, um jarðarbætur, er unnar hafa verið, og jarðargróða, er þeir hafa fengið á árinu, svo sem töðu, úthey, matjurtir, mótekju, hrísrif og skógarhögg. — **4. gr.** Skipstjórar á þilskipum og formenn á opnum bátum, sem til nokkurs veiðiskapar ganga, skulu skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í té skýrslur, svo nákvæmar, sem föng eru til, um það, hve mikið hafi aflast á skipum þeim eða bátum, er þeir hafa farið með. Skýrslna þessara má einnig, ef þurfa þykir, krefjast af útgerðarmönnum skipanna eða bátanna. — Svo skulu þeir, sem hafa selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvaldi í té skýrslu um þessar atvinnugreinar, er þess er krafist.— **5. gr.**[3]) — — **6. gr.** Forstöðumenn sparisjóða og lánstofnana skulu skyldir til að senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum sínum ásamt skýrslu um eignir og skuldir stofnananna, eftir formi, er hann fyrirskipar. — **7. gr.** Heimta má, að hlutaðeigendur votti uppá æru og trú, að skýrslur þær, sem um ræðir í 3.—5. gr., séu gefnar út eftir beztu vitund. — **8. gr.** Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði uppá æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 kr. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslur, er heimilt er samkvæmt lög-

3) L. nr. 16, $^{9}/_{7}$ 1909, 1. gr.

um þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum, 1—5 kr. á dag. — **9. gr.** Um aðrar landshagsskýrslur en þær, sem atvinnuvegina snerta, gilda sömu reglur og fylgt hefir verið til þessa. — **10. gr.** Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál. 1895 nr. 29 8. nóv.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar. nr. 34 13. des.

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Jörðin Eyrarland með hjáleigunum Barði og Hamarkoti, að undanskildum Glerárdal, og jörðin Kotá, báðar í Hrafnagilshreppi, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar frá fardögum 1896. — **2. gr.** Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sér ⅛ hluta af fátækrabyrði Hrafnagilshrepps, eins og hún var við árslok 1894, og að öðru leyti eftir samkomulagi milli beggja sveitarfélaga. — **3. gr.** Verzlunarlóð bæjarins skal aðeins ná yfir hina fornu kaupstaðarlóð, þ. e. Akureyri og Oddeyri með þeim ummerkjum, sem verið hafa, að viðbættri landsspildunni frá suðvesturhorni lóðar Jóh. Halldórssonar beina línu ofan við brekkubrún út að Grófargili í vörðu, sem þar verður sett, og þaðan beina línu í vörðu á klöpp fyrir utan og neðan Hamarkot, og þaðan beina línu í vörðu fyrir neðan Glerárgljúfur.

Lög um löggilding verzlunarstaðar hjá Bakkagerði í Borgarfirði (í Norður-Múlasýslu). (St. A. 174).[1] nr 39 13. des.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga (austanvert við Miðfjörð í Húnavatnssýslu). (St. A. 176). nr. 40 13. des.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Salthólma- nr. 41 13. des.

1) L. nr. 50, $^{20}/_{10}$ 1917.

1895 nr. 41 13. des. vík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. (St. A. 178).

nr. 42 13. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suðurmúlasýslu.** (St. A. 180).

nr. 43 13. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Nesi í Norðfirði.** (St. A. 182).

1896 nr. 3 6. marz **Lög um að skifta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufélög.** (St. A. 14).

nr. 5 6. marz **Lög um að landsstórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í Brjámslæk til handa Brjámslækjarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi.** (St. A. 22).

nr. 6 6. marz **Lög um hvalleifar.**[1])

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Öllum hvalveiðamönnum á Íslandi er skylt að hreinsa allar hvalleifar af fjörum í fjörðum þeim, þar sem þeir reka hvalveiðar, einu sinni í mánuði hverjum, ef hreppsnefnd krefst þess, og ákveður hún í hvert skifti, hvar hreinsun skuli fram fara. — Sömuleiðis skulu allir hvalveiðamenn hafa lóð sína girta með gripheldum girðingum fyrir sauðfé, nautpeningi og hrossum. — **2. gr.** Brot gegn lögum þessum varða 100—1000 króna sektum, er renna í landssjóð. — **3. gr.** Mál, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

nr. 9 1. apr. **Lög um viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.**

Vér Chr. IX., o. s. frv. — **1. gr.** Engir aðrir en þeir, sem eru löggiltir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara, hvort heldur

1) Sbr. l. nr. 67, $^{22}/_{11}$ 1913.

er munnlega eða skriflega, um flutning í aðrar heimsálfur, eða á nokkurn annan hátt hafa á hendi nokkra atvinnu í þarfir slíks útflutnings. Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum 100—4000 kr., eða fangelsi. — **2. gr.** Undanþága sú frá eftirliti lögreglustjórnarinnar, er 7. gr. laga 14. jan. 1876 heimilar hinu konunglega danska póstgufuskipi, skal úr lögum numin. — **3. gr.** Eigi má taka útfara á skip til flutnings til útlanda, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka útfara, hefir gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltekið, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið er hentugt til útflutnings á þann hátt, sem segir í 7. gr. laga 14. jan. 1876. — **4. gr.** Á hinni síðustu höfn, er skipið leggur af stað frá til útlanda, skal lögrelustjórinn í því umdæmi skyldur að rannsaka farbréf útfara og ganga úr skugga um, að tala útfara sé eigi hærri, en veitt er leyfi til á hinni fyrstu höfn, að taka mætti á skipið. Jafnframt skal hver útfari skyldur að afhenda lögreglustjóranum skrifleg skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að lög nr. 12, 7. febr. 1890[1]) séu för hans eigi til fyrirstöðu, og að hann sé að öðru leyti að lögum frjáls til útfarar. Skipstjóri og útflutningsstjóri ber ábyrgð á, að allir útfarar á skipinu gefi sig fram til slíkrar rannsóknar, svo og til læknisrannsóknar þeirrar, sem ákveðin er í 8. gr. laga nr. 3, 14. jan. 1876. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum. 1896 nr. 9 1. apr.

Rgbr. um að hin brezka skipamælingarregla skuli öðlast gildi á Íslandi. (St. B. 132). 13. júlí

1) L. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1903, 60. gr.

1896 18. sept. **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð iðnaðarmanna í Reykjavík.** (St. B. 187). Ráðh. ad mandatum.

17. okt. **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum sjódruknaðra manna í Grýtubakkahreppi.** (St. B. 222).

1897 20. apr. **Reglugjörð um fyrirkomulag og undirbúning hagfræðisskýrslna um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskiveiðar og verzlun.** (Landshöfðinginn).

Samkvæmt fyrirmælum 2. greinar í lögum nr 29. frá 8. nóv. 1895 er eftirrituð reglugjörð samin. — **1. gr.** Til skýrslna um landbúnað skal safnað á þann hátt, sem nú er gjört, þannig að hreppstjórar semji skýrslur þessar eftir framtali hreppsbúa á vor- og haust-hreppaskilum. Skulu skýrslur þessar samdar eftir fyrirmyndinni A, sem prentuð er hér á eftir. Samskonar skýrslur skulu bæjarfógetar semja fyrir kaupstaðina. Skýrslur hreppstjóra skulu vera komnar til sýslumanna fyrir lok hvers árs, og skulu sýslumenn síðan semja skýrslur um landbúnað á sama hátt, sem hingað til hefir átt sér stað um skýrslur um búnaðarástandið. Skulu þessar skýrslur sýslumanna, ásamt skýrslum hreppstjóra sem fylgiskjölum, svo og samskonar skýrslur bæjarfógeta, vera komnar til amtmanns[1]) innan loka marzmánaðar, semja amtmenn síðan yfirlit yfir landbúnað í hverju amti og senda landshöfðingja innan loka júnímánaðar, ásamt áður umgetnum skýrslum bæjarfógeta, sýslumanna og hreppstjóra — **2. gr.** Skýrslum um fiskiveiðar á opnum bátum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skulu og safna bæjarfógetar í kaupstöðum, en hreppstjórar á öllum öðrum stöðum, og skulu þeir semja skýrslur þessar eftir fyrirmynd B hér á eftir. Um afla á opnum skipum eru formenn þeirra skyldir að gefa hreppstjóranum í þeim

1) Í stað amtmanna og landshöfðingja er Hagstofan komin, l. nr. 24, $^{20}/_{10}$ 1913.

hreppi eða bæjarfógetanum í því kaupstaðarfélagi, þar er skipinu er haldið úti, skýrslu við lok hverrar vertíðar; svo getur og hreppstjóri eða bæjarfógeti krafist samskonar skýrslu utan vertíðar, þegar honum þykir þess þörf. Hreppstjórar og bæjarfógetar skulu hafa nákvæmar gætur á því, að allir formenn á opnum bátum gefi skýrslu um afla sinn, hvenær sem er á árinu, og skulu sérstaklega hafa það hugfast, að utansveitarformenn sleppi eigi svo burtu úr hreppnum, að þeir eigi hafi áður gefið skýrslu um afla þann, er þeir hafa fengið þar í hreppi, er þeir hafa róið. Geti formaður einhverra hluta vegna eigi gefið skýrslu um aflann, skal útgerðarmaður skyldur til þess, ef hann er annar en formaðurinn. Þeir, sem hafa selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skulu skyldir að gefa við hver árslok hlutaðeiganda hreppstjóra eða bæjarfógeta nákvæma skýrslu um þessar atvinnugreinar á hinu umliðna ári. Skýrslur um fiskiveiðar á opnum bátum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju skulu samdar fyrir almanaksár, og skulu skýrslur hreppstjóra vera komnar til hlutaðeigandi sýslumanns innan loka febrúarmánaðar árið eftir. Síðan semja sýslumenn, á sama hátt og um landbúnað, skýrslu fyrir sýslu hverja eftir skýrslum hreppstjóra um fiskiveiðar á opnum skipum, selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, og senda amtmanni, ásamt skýrslum hreppstjóra sem fylgiskjölum, en amtmaður semur síðan samskonar skýrslu fyrir hvert amt, og sendir landshöfðingja, ásamt skýrslum bæjarfógeta, sýslumanna og hreppstjóra. Umræddar skýrslur sýslumanna skulu komnar til amtmanns innan loka júnímánaðar og skýrslur amtmanna til landshöfðingja innan ágústmánaðarloka. — **3. gr.** Skipstjórar á þilskipum, sem til fiskiveiða ganga, skulu skyldir að láta sýslumanni eða bæjarfógeta í té, þegar skipið hættir fiskiveiðum það árið, og annars, þegar sýslumaður eða bæjarfógeti krefst þess, skýrslu um afla skipsins eftir fyrirmynd C hér á eftir, og skal sýslu-

1897
20. apr.

1897 maður eða bæjarfógeti sjá um, að skipstóri sé útbúinn
20. apr. með eyðublöð eftir þessari fyrirmynd. Geti skipstjóri eigi einhverra hluta vegna gefið slika skýrslu, skal útgerðarmaður skyldur til að láta hana í té. Fyrir lok janúarmánaðar skal svo sýslumaður hver og bæjarfógeti senda landshöfðingja beina leið skýrslur skipstjóra (eða útgerðarmanna) um afla þeirra þilskipa, er gjörð hafa verið út í hverju lögsagnarumdæmi landsins. — 4. gr. Forstöðumenn fastra verzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfélaga og pöntunarfélaga, og aðrir, er vörur kaupa eða vörukaup annast frá útlöndum, eða sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta í té sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir, og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja hafi látið til landsins eða frá því; svo er þeim og skylt, að því leyti, sem vörurnar ganga kaupum og sölum, að skýra frá útsöluverði innfluttrar vöru hér á landi, og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru hingað fluttar eða til hvers lands héðan, alt eftir því sem eyðublöð, sem samin eru eftir fyrirmynd D 1 og 2 hér á eftir, tilvísa, og skal sýslumaður annast um að nægilega mörg af eyðublöðum þessum séu jafnan til taks handa þeim, sem skýrslurnar eiga í té að láta. Samskonar skýrslur skulu og þeir gefa, sem vörur flytja frá útlöndum til eigin nota og senda sínar eigin afurðir til útlanda, og skulu þeir tilgreina það verð, er þeir hafa keypt vörurnar fyrir, að viðbættum öllum kostnaði við innflutning, svo og það verð, er þeir hafa fengið fyrir vöruna í útlöndum, að frádregnum kostnaði við útflutning. Forstöðumenn fastra verzlana, kaupfélaga og pöntunarfélaga, og svo allir þeir, sem vörur kaupa annars frá útlöndum eða senda þangað vörur og búsettir eru hér á landi, skulu við áramót hver gefa í einu lagi hina umtöluðu skýrslu fyrir hið umliðna ár, en hinir, er eigi

eru búsettir hér, skulu gefa skýrslu um innfluttar og út- 1897
fluttar vörur í hvert skifti, sem þeir flytja vörur til 20. apríl
landsins eða frá því, og skulu sýslumenn og bæjarfógetar gæta þess, að heimta þær skýrslur, um leið og skip þau, er vörurnar flytja, eru afgreidd. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar hafa strangt eftirlit með því, að skýrslur þessar séu sem bezt úr garði gjörðar og áreiðanlegar, samkvæmt því sem fyrir er skipað í landshöfðingjabréfi 2. október 1895 (St. 1895, B bls. 233). Skýrslur kaupmanna og annara vöruflytjenda eða sendenda skulu sýslumenn og bæjarfógetar senda beint til landshöfðingja innan 4 mánaða eftir lok þess árs, er skýrslurnar eru gefnar fyrir. — **5. gr.** Forstöðumenn sparisjóða og lánstofnana skulu senda landshöfðingja árlega ágrip af reikningum hlutaðeigandi sjóðs eða stofnunar ásamt skýrslu um eignir og skuldir hans eða hennar eftir því formi, sem fyrirskipað er með landshöfðingjabréfi 30. nóvember 1892 (St. 1892, B. bls. 257—259). Skulu reikningar þessir og skýrslur komnar til landshöfðingja í seinasta lagi innan 3 mánaða eftir lok reikningsársins. — **6. gr.** Stjórnarvöld þau, sem falið er að safna skýrslum þeim, sem um er rætt í 1.—4. gr., skulu gjöra sér alt far um, að skýrslur þær, er þar er um að ræða, verði svo fullkomnar, sem auðið er, enda ber þeim að beita vægðarlaust sektum þeim, sem 8. gr. ofannefndra laga tiltekur, ef þeir, sem skýrslurnar eiga í té að láta, sýna nokkra tregðu í því efni. Að öðrum kosti mega hin nefndu stjórnarvöld búast við að sæta sjálf ábyrgð fyrir bresti þá, sem í þessu efni kynnu á að verða.

Konungsúrskurður um að sóknarpresturinn í Helga- 25. júní
fellsprestakalli skuli búa í Stykkishólmi eða þar í grend. (St. B. 179).

Auglýsing um að Búðardalur við Hvammsfjörð skuli 26. júlí
vera verzlunarstaður. (St. B. 182).

1897 16. sept. **Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð lectors Helga Hálfdanarsonar.** (St. B. 216).

16. sept. **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóðinn „Þorvaldar minning“.** (St. B. 217).

16. sept. **Skipulagsskrá fyrir þúsund ára afmælissjóð Eyjafjarðar.** (St. B. 213).

21. okt. **Reglugjörð fyrir landsvitana við Faxaflóa.** (St. B. 231).

nr. 14. 6. nóv. **Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.**

1. gr. Samkvæmt 15. gr. laga, nr. 15, 8. maí 1894 skal stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa. — **2. gr.** Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eftir í nefndinni. — **3. gr.** Til þess að kaupstaðurinn hér eftir geti orðið bygður eftir ákveðinni reglu, ber nefndinni að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli stræti; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er þegar eru bygðar; skal nefndin svo rita þær í sérstaka bók, ásamt lóðum þeim, er síðar verður bygt á. Kostnað við útvegun bókar þessarar og annara þeirra embættisbóka, er nefndinni kynni þykja við þurfa til að rita í gjörðir sínar og bréf, skal greiða úr bæjarsjóðnum. — **4. gr.** Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar í kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina: A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aftur á við, til

betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn, þá skal sérhver sá, sem á óbygða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það aftur á við, eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið eður hús flutt aftur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því ris, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sé hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefir ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð amtsins. B. Þess ber grandgæflega að gæta, þá er bygð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grend eru, nema eldtraustur veggur sé á milli; að öðrum kosti skal ávalt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grend við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eða aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir. C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að hús, er ætluð eru til atvinnureksturs, er hefir brunahættu í för með sér, verði bygð á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sér í lagi á hæð undir loftum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði í öllum greinum reglum þeim, sem þeim eru settar. D. Sérhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því,

1897 nr. 14. 6. nóv.

1897 nr. 14 6. nóv. að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skrifleg ákvæði hennar um það, hvort hann megi byggja, og eftir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hér á undan. E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sé gætt, þá á bæði hann og yfirsmiður sá, er á hlut að máli, að greiða sektir frá 10—50 kr. í bæjarsjóð; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eftir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið, og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu sektir skal og sá greiða, sem að öðru leyti gerir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefir sett honum um byggingu eða viðgerð húsa, samkvæmt því sem hér að framan er ákveðið; þó má eftir málavöxtum lækka sektirnar alt að 4 kr.; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eftir reglum þeim, er settar voru. — **5. gr.** Að því leyti, sem við getur átt, skulu ákvæði laga þessara einnig ná til húsa þeirra á kaupstaðarlóðinni, sem eru með torfþaki og torfveggjum, og til matjurtagarða, er slíkum húsum fylgja. — **6. gr.** Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

nr. 15. 6. nóv. **Lög um nýbýli.**[1])

1. gr. Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbygðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afréttum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga, er afréttina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt. — **2. gr.** Nú vill einhver stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbygðu landi, og skal hann þá birta þá fyrir-

1) Sbr. tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I. 1.

ætlun sína í því opinberu blaði, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar liðnir eru 6 mánuðir frá þessari birtingu, skal amtmaður, ef nýbýlingur óskar þess, og enginn hefir á þeim fresti gefið sig fram við amtmann með heimildarskírteini fyrir landi því, er ætlað er til nýbýlis, bjóða hlutaðeigandi sýslumanni að kveðja til 4 menn og gera ásamt þeim áreið á landið, setja glögg landamerki og meta það til dýrleika, og ennfremur skulu áreiðarmenn láta uppi tillögur um þau skilyrði, er þeir álíta hæfilegt að setja nýbýlingi um húsabyggingar, girðingar, yrking túns og garða m. fl. innan ákveðins tíma. Frestur þessi má ekki vera styttri en 2 ár, og ekki lengri en 4 ár. — **3. gr.** Til áreiðargjörðar þeirrar, er nefnd er í 2. gr., skal boða með 7 nátta fresti þá, er land eiga að hinu fyrirhugaða nýbýli. Mótmæli, er fram kunna að koma við gjörðina, skulu bókuð og eftirrit af gjörðinni síðan sent amtmanni, er gefur út nýbýlisbréf til beiðanda, ef hann eigi álítur, að mótmæli þau, er kunna að hafa komið fram, séu á rökum bygð. — Í nýbýlisbréfinu, er þinglýsa skal sem heimild fyrir eignarrétti nýbýlings að landinu, skulu tekin fram öll þau skilyrði um húsabyggingar, girðingar, yrkingar túns og garða m. fl., sem amtmaður, eftir tillögum áreiðarmanna, álítur hæfileg. — **4. gr.** Nú vill maður taka upp nýbýli í afrétt eða almenningi, sbr. 2. lið 1. greinar, og getur þá hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir áskilið, að nýbýlingur greiði hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum árlegt erfðafestugjald af landinu, en upphæð gjaldsins skulu áreiðarmenn meta. Stofnun slíks býlis þarf eigi að auglýsa í blöðum, en að öðru leyti fer um upptöku þess, eins og segir í 2. og 3. grein. — **5. gr.** Eigi má nýbýli upp taka, er minna er metið en 5 jarðarhundruð að dýrleika. — **6. gr.** Kostnað þann, er af útmæling og mati nýbýlis leiðir, greiði nýbýlisbeiðandinn: ferðakostnað sýslumanns eftir úrskurði amtmanns, og hinum dómkvöddu mönnum 3 kr. hverjum fyrir dag hvern, sem þeir eru að gjörðinni. — **7. gr.**

1897 nr. 15 6. nóv. Sýslumaður skal gæta þess, að nýbýlingur fullnægi skilyrðum þeim, sem honum eru sett í nýbýlisbréfinu. Nú brýtur nýbýlingur í einhverju verulegu atriði nýbýlisskilyrðin, og getur sýslumaður þá lagt það til, að hann verði sviftur nýbýlisréttindum. Amtmaður hefir fullnaðarúrskurð um þetta mál. — Þegar nýbýlingur hefir með amtsúrskurði verið sviftur nýbýlisrétti, skal eftir tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda heimila nýbýlið öðrum manni, er þá nýtur sama réttar, sem nýbýlingurinn annars hefði notið. Nýbýlingurinn getur þó krafist endurgjalds hjá þeim, er við nýbýlinu tekur, fyrir þá verðhækkun nýbýlisins, er með löglegu mati og skoðunargjörð tilkvaddra manna er eignuð umbótum þeim, er hann hefir gert á nýbýlinu. — 8. gr. Tilskipun 15. apríl 1776 um fríheit fyrir þá, er vilja upp taka eyðijarðir eða óbygð pláz á Íslandi, er úr lögum numin.

nr. 16 6. nóv. **Lög um undirbúning verðlagsskráa.**[1])

1. gr. Prestur og formaður skattanefndar og þriðji maður, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs á ári hverju, skulu í hreppi hverjum eða bæjarfélagi í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eftir því peninga gangverði, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfélags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. Séu fleiri en einn prestur í hreppnum, ákveða stiftsyfirvöldin[2]), hver þeirra skuli vera í nefndinni. Formaður skattanefndarinnar er einnig formaður þessarar nefndar. — Nú er einhver tegund landaura, sem hefir ekki gengið kaupum né sölum mót peningum það ár í hreppnum eða bæjarfélaginu, þótt hún sé þar til og gangi þar ella venjulega kaupum og sölum, og má þá setja það verð á þessa vörutegund, er semjendum verð-

1) L. nr. 22, $^{13}/_{9}$ 1901.
2) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, II. 1.

lagsskýrslunnar kemur saman um, að muni vera hæfilegt, með tilliti til þess, hvað sú eða samskonar vörutegund hefir gengið kaupum og sölum í næstu sveitum eða verslunarstað. Nú hefir einhver vörutegund að vísu verið seld eða keypt fyrir peninga eða með óvanalega lágu eða háu verði, sem sérstakar ástæður hafa valdið, skal þá ekki leggja það verð til grundvallar fyrir samningu verðlagsskýrslunnar. Nú geta semjendur ekki orðið á eitt sáttir um verðlagið, og skal þá meðaltal ráða. Skýrsla þessi undirskrifuð af öllum semjendum skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfélaginu í tvær vikur. — **2. gr.** Verðlagsskýrslur hreppa og bæjarfélaga skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður semur eftir þeim eina aðalskýrslu fyrir hérað hvert, og sendir hana með tilheyrandi fylgiskjölum til stiftsyfirvaldanna, en stiftsyfirvöldin staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hérað, og annast um prentun hennar og birtingu. Kostnaður við prentunina greiðist úr landssjóði. Nú er eigi verðlag sett á einhverja vörutegund í tveim þriðjungum skýrslna þeirra, er til sýslumanns koma, og skal þá eigi verð lagt á þá vörutegund í aðalskýrslu þeirri, er sýslumaður semur. — **3. gr.** Verðlagsskrá gildir frá 16. degi maímánaðar næsta eftir að hún er staðfest til jafnlengdar næsta árs, og skal birta hana á manntalsþingum vor það, er hún gengur í gildi. — **4. gr.** Numin eru úr gildi ákvæði þau í konungsúrskurði 16. júlí 1817, er koma í bága við lög þessi, og konungsúrskurður 2. marz 1853.

1897 nr. 16. 6. nóv.

Lög um uppreist á æru án konungsúrskurðar. nr. 21

1. gr. Hafi manni verið hegnt eftir dómi fyrir verknað, er svívirðilegur er að almenningsáliti, og hafi hegningin verið á lögð fyrir slíkt brot framið í fyrsta sinni, og eigi verið meiri en fangelsi við vatn og brauð, þá öðlast hann, að fullum tíu árum liðnum frá því hegningardómur var uppkveðinn, aftur öll þau réttindi, er fást

6. nóv.

1897 með uppreist á æru samkvæmt tilskipun 12. mars 1870,
nr. 21 enda hafi hann dvalið allan þann tíma á Íslandi og eigi
6. nóv. verið ákærður aftur eða honum hegnt fyrir sams konar brot. — 2. gr. Sá, er uppreist fær æru sinnar samkvæmt lögum þessum, á heimtingu á að fá um það skriflegt vottorð hjá lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, er hann dvelur í.

nr. 24. **Lög um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönn-**
6. nóv. **um Söfnunarsjóðs Íslands.**

1. gr. Af fé því, sem samkvæmt lögum um Söfnunarsjóð Íslands, dags. 10. febr. 1888, 19. gr. a. og 20. gr. a., er ætlað til kostnaðar og varasjóðs, skal veita bókara og féhirði Söfnunarsjóðsins 100 kr. þóknun hvorum um árið og endurskoðara 50 kr. um árið; þess utan fær féhirðir fyrir áhættu af mistalningu ⅕ pro mille af peningum þeim, er hann telur út eða inn; enn fremur má, þegar efni sjóðsins leyfa það, með samþykki landshöfðingja af sama fé veita framkvæmdarstjóra 200 kr. um árið og gæslustjórum 50 kr. hvorum um árið. Með samþykki landshöfðingja má síðar hækka upphæðir þessar, þó svo, að fé það, sem þannig gengi til þóknunar handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins, nemi ekkert ár samtals meiru en helmingi af nefndu fé til kostnaðar og varasjóðs. — Framkvæmdarstjóri og féhirðir skulu, jafnskjótt og þeir fá nefnda þóknun, setja hæfilegt veð, eftir því sem landshöfðingi ákveður. — 2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

nr. 26
18. des. **Lög um brúargjörð á Örnólfsdalsá** (St. A. 126).

nr. 31 **Lög um breyting á reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr.**
18. des. **og konungsúrskurði 26. sept. 1833.**

Gjald það, er þeir, er ljúka burtfararprófi við lærða skólann, eiga samkvæmt reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr. og konungsúrskurði 26. sept. 1833 að greiða til skóla-

bókasafnsins, skal eftirleiðis renna í Bræðrasjóð skólans. 1897 nr. 31 18. des.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (St. A. 148). nr. 35 18. des.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu. (St. A. 150). nr 36 18. des.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum. (St. A. 152). nr. 37 18. des.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð. (St. A. 154). nr. 38 18. des.

Lög um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu. (St. A. 156). nr. 39 18. des.

Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum. 1898 nr. 2 4. febr.

1. gr. Þegar spítali handa holdsveikum mönnum við Reykjavík er algjör og afhentur landsstjórninni, má verja 16,000 kr. til útbúnaðar hans. — **2. gr.** Við spítalann skal skipa sérstakan lækni og hefir hann 2,700 kr. að launum. Skal lækir þessi, auk læknisstarfa við spítalann og yfirumsjónar á honum, skyldur að gegna kenslu í einni eða fleiri vísindagreinum við læknaskólann án sérstakrar þóknunar.[1]) — **3. gr.** Árleg útgjöld til spítalans skal veita á fjárlögunum. — **4. gr.** Á spítala þessum skal veita móttöku sjúklingum þeim, er þangað eru sendir samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Sé rúm fyrir fleiri sjúklinga, má einnig taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir æskja að fara á spítalann. — **5. gr.** Í stjórn spítalans eru amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu og landlæknir. Ef deild Odd-Fellow-

1) L. 36, 1909 1. gr. og 71, 1919 13. gr.

1898 reglunnar í Danmörku verður stofnsett hér á landi, skal
nr. 2 stjórn hennar hafa rétt til að skipa stjórn spítalans ein-
4. febr. um manni úr flokki reglunnar. Landshöfðingi semur eftir tillögum frá yfirstjórn spítalans reglugjörð fyrir hann og erindisbréf fyrir þjónustumenn spítalans.[1])

nr. 3 **Lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum**
4. febr. **og flutning þeirra á opinberan spítala.**

1. gr. Héraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sinu héraði, rita alla holdsveika í héraðinu í bók, er til þess sé gjörð á þann hátt, er landlæknir ákveður í samráði við holdsveikislækninn. Kostnað við kaup bókanna skal greiða úr landssjóði. — Einu sinni á ári semur læknir útdrátt úr bók þessari eftir fyrirsögn landlæknis, og sendir honum. — **2. gr.** Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurinn fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess héraðs, sem sjúklingurinn flytur í. — **3. gr.** Læknum ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í héruðum sínum. Þeir eiga að skýra sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eiga að gæta, til þess að sjúkdómurinn ekki berist á aðra, og sjá um, að ekki sé út af brugðið. Skyldir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir að veita læknum lið við þessi störf, eftir því sem þeim er unt. — **4. gr.** Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hér segir: 1) Holdsveikir mega ekki sofa hjá öðrum í rúmi; þó eru hjón undanþegin þessu banni, nema hlutaðeigandi læknir skipi öðruvísi fyrir. 2) Holdsveikir menn skulu hafa sér hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna. 3) Þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað hvers konar, er þeir einir noti. 4) Rúmföt, íveruföt, matarílát og hvers konar borðbúnað holdsveikra skal þvo út af fyrir sig. Um-

1) Reglugjörð fyrir spítalann og heimilisboðorð og 5 erindisbréf, útgefin af landshöfðingja $^{10}/_{6}$ 1898.

búðir af sárum þeirra skal brenna, eða sjóða að minsta kosti hálfa stund í vatni. 5) Holdsveikir menn mega ekki stunda börn, ekki þjóna óholdsveikum mönnum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig. 6) Þeir mega eigi að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum. — Nú álítur læknir, að frekari varúðar sje þörf og megi við koma, og eru þeir þá skyldir að hlýða honum. — **5. gr.** Nú hefir holdsveikur maður notað íbúðarhús eða herbergi út af fyrir sig, og mega þá aðrir menn ekki nota það hús eða herbergi, fyrr en það hefir hreinsað verið á þann hátt, er læknir skipar fyrir um. Sama er um föt, sængurfatnað og annað þess háttar, er holdsveikur maður hefir notað. — **6. gr.** Þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því, en hann lætur hlutaðeigandi lækni vita um það innan hálfs mánaðar. Nú hefir læknir fengið slíka tilkynningu, og ber honum þá þegar að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eftir hann finnast, séu tafarlaust hreinsaðir eftir þörfum. — **7. gr.**[1]) — — — **9. gr.** Ef þörf gjörist, annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala. — **10. gr.**[2]) — — — **11. gr.** Fyrir ferðir þær, er læknar verða að fara samkvæmt ákvæðum laga þessara, fá þeir sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera. — Öll gjöld og kostnað við hreinsanir eftir 6. gr. skal greiða úr landssjóði. — **12. gr.** Brot gegn ákvæðum 5. gr. og á skýrslu-skyldu þeirri, er getur um í 6. gr., varða alt að 200 kr. sektum. — Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál. — **13. gr.** Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eftir að það hefir auglýst verið í B-deild Stjórnartíðindanna, að

---

1) L. nr. 57, $^{30}/_{7}$ 1909, 3. gr.
2) Sömu l., 3. gr.

1898 nr. 3 4. febr. spítali fyrir holdsveika sé fullgjör og til afnota, eða verði það innan ákveðins tíma.

1. apríl **Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð lector theol. Sigurðar Melsteds.** (St. B. 192).

10. júní **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð V. Gigas handa duglegum íslenzkum fiskimönnum.** (St. B. 103).

10. sept. **Reglugjörð handa holdsveikraspítalanum í Laugarnesi.**

1. gr. Í lögum 4. febr. 1898, um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, 4 grein, og lögum 4. febr. 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og flutning þeirra á opinberan spítala, 7. og 8. gr., er gjörð grein fyrir því, hverjir holdsveikra manna skuli njóta vistar á þessum spítala. — **2. gr.** Umsóknir um inntöku holdsveikra manna í spítalann skulu stílaðar til spítalalæknisins. Þær skulu sendar hlutaðeigandi héraðs- eða aukalækni, hann ritar á þær álit sitt og sendir þær síðan til spítalalæknisins. Þá er beðið er um inntöku fyrir holdsveikan mann samkvæmt síðarnefndum lögum 4. febr. 1898, 7. og 8. gr., skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða oddviti hennar semja umsóknina; annars semur sjúklingurinn umsóknina sjálfur, eða forráðamenn hans, ef hann er ekki fullveðja. Í umsókninni skal standa fullum stöfum skírnarnafn hins holdsveika og föðurheiti, aldur, fæðingarstaður og heimili, sje sjúklingurinn fulltíða, skal þess getið, hvort hann er giftur og hvort hann á börn. Auk þess skal, að svo miklu leyti, sem unt er, gjöra grein fyrir því í umsókninni, hvort holdsveiki sjúklingsins er hnútótt eða slétt og á hvaða stigi hún er; þá skal þess getið, hvort sjúklingurinn hefir, eða áður hefir haft nokkurs konar geðveiki, og að lokum, hvort nokkrar sérstakar ástæður mæli með eða móti inntöku hans á spítalann. — **3. gr.** Allir holdsveikir menn, sem

látnir eru á spítalann, njóta þar ókeypis hjúkrunar. 1898
— **4. gr.** Hver holdsveikur maður skal hafa með sér 10. sept.
tvennan sæmilegan alfatnað, þegar hann kemur í spítalann, þar með talinn nærfatnaður. Ef sjúklingurinn deyr í spítalanum, eignast spítalinn föt hans. Ef eitthvað vantar í fatnað hins holdsveika, þegar hann kemur, eða álíti ráðsmaður eitthvað af honum miður nýtilegt, þá ber að útvega það, sem á vantar, á kostnað þess, er sótti um inntöku fyrir sjúklinginn. — **5. gr.** Enginn af þjónustufólki spítalans má heimta eða þiggja gjafir af spítalasjúklingunum og ekki án leyfis ráðsmanns veita aðkomumönnum næturgistingu í húsum spítalans. — **6. gr.** Holdsveika fólkinu, er heima á í spítalanum, skal gefinn kostur á að vinna ýmsa vinnu eftir því, sem ástæður leyfa, og til þykir hlýða. Ágóðanum af vinnunni skal, að frádregnum kostnaði, verja þannig, að þeir, sem unnið hafa, fái $\frac{4}{5}$, hver eftir því, sem hann hefir unnið, en $\frac{1}{5}$ sé skift jafnt milli þeirra holdsveikra manna í spítalanum, sem enga vinnu geta unnið. Þessu fé er sjúklingunum frjálst að verja eftir vild sinni á nytsaman eða saklausan hátt. — **7. gr.** Hinir holdsveiku skulu vera friðsamir og siðsamir og hlýðnir við yfirmenn og þjónustufólk spítalans. Þeim er skylt að hjálpa til við öll innanhússtörf án endurgjalds, en læknirinn skiftir þeim störfum milli þeirra, og skulu þeir yfirleitt hegða sér eftir heimilisboðorðum spítalans. — **8. gr.** Nú þykist einhver hinna holdsveiku verða fyrir röngu af hendi annars sjúklings eða einhvers af þjónustufólki spítalans. Er honum þá frjálst að leggja mál sitt undir úrskurð læknisins eða yfirstjórnar spítalans. — **9. gr.** Nú verður einhver hinna holdsveiku sekur um óhlýðni, illyrði eða aðra óknytti, getur þá læknirinn dregið af mat hans og bannað honum að fara út fyrir dyr um stundarsakir. — **10. gr.** Hver sá holdsveikur maður, sem tekinn hefir verið í spítalann, má ekki þaðan fara án leyfis yfirstjórnarinnar.

1898 10. sept. **Heimilisboðorð handa holdsveikraspítalanum í Laugarnesi.** (St. B. 113).

10. sept. **Erindisbréf handa lækni og yfirumsjónarmanni holdsveikraspítalans í Laugarnesi.** (St. B. 114).

10. sept. **Erindisbréf húsmóðurinnar í holdsveikraspítalanum í Laugarnesi.** (St. B. 116).

10. sept. **Erindisbréf ráðsmanns[1]) holdsveikraspítalans í Laugarnesi.** (St. B. 117).

10. sept. **Erindisbréf handa ráðskonu[2]) holdsveikraspítalans í Laugarnesi.** (St. B. 118).

10. sept. **Erindisbréf handa gjaldkera og reikningshaldara holdsveikraspítalans í Laugarnesi.** (St. B. 119)[3]).

1899 nr. 3 20. jan. **Tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenzkum skipum.**

A l m e n n á k v æ ð i. — Reglna þessara skulu öll skip gæta á rúmsjó og á öllum þeim leiðum, er standa í sambandi við rúmsævið og þar sem skipgengt er hafskipum. Í reglum þeim, sem hér fara á eftir, eru öll þau gufuskip, er fara undir seglum og nota eigi gufuafl, talin seglskip, og öll þau skip, er nota gufuafl, talin gufuskip, hvort heldur þau jafnframt nota segl eða eigi. Í orðinu „gufuskip" felast öll skip, er nota vélar til gangs. Skip það, er hvorki liggur við akkeri né landfestar og eigi heldur stendur grunn, er í reglum þessum talið laust. Fetamál eru ensk. — R e g l u r u m l j ó s á s k i p u m o. fl. — Þegar um ljós á skipum er að ræða, þýðir orðið „sýnilegt" í reglum þessum: sýnilegt um

1) Breyting $^{17}/_{5}$ 1905.
2) Breyting $^{17}/_{5}$ 1905.
3) Breyting $^{13}/_{3}$ 1901.

dimma nótt í skýru veðri. — 1. gr. Reglnanna um skipaljósin skal gætt frá sólarlagi til sólaruppkomu, hvernig sem viðrar, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem hægt er að blanda saman við hin lögboðnu skipaljós. — 2. gr. Á gufuskipi, er laust er, skal vera: a. Skært, hvítt ljós á framsiglu eða beint framundan henni, eða framan til á skipinu, ef engin framsigla er á því; ljós þetta sé að minsta kosti 20 fet upp frá skipinu; ef skipið er meira en 20 fet á breidd, skal ljósið að minsta kosti vera svo mörg fet upp frá skipinu, sem breidd skipsins er að fetatali; þó gjörist aldrei þörf að hafa ljósið hærra en 40 fet upp frá skipinu; ljós þetta skal þannig lagað, að það stráí samfeldri birtu yfir boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 20 áttastrikum, og þannig fyrir komið, að það stráist yfir 10 strik sitt hvoru megin skipsins, sem sé beint fram undan og til beggja hliða 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu, og ennfremur þannig háttað, að það sé sýnilegt 5 mílufjórðunga álengdar að minsta kosti. b. Grænt ljós á stjórnborða, þannig lagað, að það beri samfelda birtu yfir boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 10 áttastrikum og þannig fyrir komið, að það stráist beint framundan og til hliðar á stjórnborða 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu og ennfremur þannig háttað, að það sé sýnilegt 2 mílufjórðunga álengdar að minsta kosti. c. Rautt ljós á bakborða, þannig lagað, að það beri samfelda birtu yfir boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 10 áttastrikum, og þannig fyrir komið, að ljósið stráist beint fram undan og til hliðar á bakborða 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu, og ennfremur þannig háttað, að það sé sýnilegt 2 mílufjórðunga álengdar að minsta kosti. d. Við hin greindu grænu og rauðu hliðarljós skal þeim megin, sem að skipinu veit, setja hlíf, sem nær að minsta kosti 3 fet fram fyrir ljósin, þannig að því verði varnað, að ljós þessi sjáist yfir kinnung skipsins hinumegin. e. Gufuskipi, er laust er, skal heimilt að hafa enn fremur hvítt ljós eins háttað og það, er greint er í staflið a.

1899 nr. 3 20. jan.

1899 nr. 3 20. jan.

Ljósum þessum skal báðum þannig fyrir komið í langskurðarfleti lóðréttum gegnum miðju skipsins, að annað ljósið sje að minsta kosti 15 fetum ofar en hitt, og að neðra ljósið sje framar en efra ljósið. Hin lóðrétta fjarlægð milli ljósa þessara skal vera minni en hin lárétta fjarlægð milli þeirra. — **3. gr.** Á gufuskipi, er dregur á eftir sér annað skip, skal auk hliðarljósanna vera 2 skær, hvít ljós þráðbeint hvort yfir öðru og með 6 feta millibili að minsta kosti; en ef skipið hefir fleiri en eitt skip í eftirdragi, og lengd skipalestarinnar, talin frá afturstafni dráttarskipsins til afturstafns aftasta skipsins í lestinni, er yfir 600 fet, skal á því vera ennfremur skært, hvítt ljós 6 fetum fyrir ofan eða neðan hin ljósin. Öllum þessum ljósum skal háttað og fyrirkomið á sama veg og hvíta ljósinu, er fyrirskipað er í 2. grein, staflið a., nema hvað 3. ljósið snertir, er hafa má 14 fet uppi frá skipinu, en eigi neðar. Á gufuskipi, sem hefir skip í eftirdragi, er heimilt að hafa fyrir aftan reykháfinn eða öftustu sigluna lítið, hvítt ljós, sem hið dregna skip geti stýrt eftir; ljósið má þó ekki vera sýnilegt fyrir framan þverskipsstefnu. — **4. gr.** a. Á skipi, sem einhverra slysa vegna er ekki undir stjórn, skulu vera á þeim stað, er hægast er til að sjá og í sömu hæð upp frá skipinu og hvíta ljósið, er greint er í 2. grein, staflið a., og ef um gufuskip er að ræða, þá í stað ljóss þessa: 2 rauð ljós, þráðbeint hvort upp af öðru og með 6 feta millibili að minsta kosti. Ljósum þessum skal þannig háttað, að þau séu sýnileg, hvaðan sem litið er, 2 mílufjórðunga álengdar að minsta kosti. Á daginn skal á skipi því, er svona stendur á fyrir, vera tvær svartar kúlur eða bendingamyndir á þeim stað, er hægast er að sjá þær; hvor þeirra skal vera 2 fet að þvermáli að minsta kosti, og hvor þráðbeint upp af annari með 6 feta millibili að minsta kosti. b. Á skipi því, sem er að leggja niður eða taka upp ritsímaþræði, skulu vera á sama stað og hvíta ljósið, er greint er í 2. grein. staflið a., og ef um gufuskip er að ræða, þá

í stað ljóss þessa: 3 ljós, hvert þráðbeint upp af öðru með 6 feta millibili að minsta kosti. Efsta og neðsta ljósið skal vera rautt og miðljósið hvítt, og öllum skal þeim þannig háttað, að þau séu sýnileg, hvaðan sem litið er, 2 mílufjórðunga álengdar að minsta kosti. Á daginn skal á skipi því, er svona er ástatt fyrir, vera 3 bendingamyndir á þeim stað, sem hægast er að sjá þær; hver þeirra skal vera 2 fet að þvermáli að minsta kosti, og hver þráðbeint upp af annari með 6 feta millibili að minsta kosti. Efsta og neðsta myndin skulu vera hnattmyndaðar og rauðar að lit; miðmyndin skal vera hvít, og í lögun sem jafnhliða ferhyrningur, er hengdur er upp á horni (Diamant). c. Skip þau, sem um er rætt í þessari grein, skulu eigi hafa hliðarljósin uppi, þegar þau eru ekki á siglingu, en séu þau á ferð, skulu þau hafa þau. d. Önnur skip skulu skoða ljós þau og bendingamyndir, er boðið er að hafa samkvæmt þessari grein, sem merki þess, að skip þau, sem hafa þau til sýnis, standi ekki undir stjórn, og geti því ekki komizt úr vegi. Hinsvegar skulu skip þau, er í nauð eru stödd og æskja hjálpar, eigi nota bendingar þessar. — **5. gr.** Á seglskipi, sem laust er, og öllum skipum, sem eru dregin, skulu vera sömu ljós og gufuskipi, sem laust er, er boðið að hafa samkvæmt 2. grein, nema hvítu ljósin, því að þau ljós mega téð skip aldei hafa. — **6. gr.** Þegar grænu og rauðu hliðarljósin ekki verða höfð á sínum vanalega stað, eins og til kann að bera á litlum skipum, er laus eru í illviðri, þá skulu þau þó tendruð og til taks, ef á þarf að halda. Ef skipið kemur í námunda við annað skip eða annað skip nálgast það, skal bera út ljósin til sýnis, hvort sín megin, svo snemma, að komizt verði hjá ásiglingu, og skal það gjört svo, að ljósin verði sem bezt séð, og þannig, að hið græna ljós verði ekki séð bakborða megin og hið rauða ljós ekki stjórnborða megin og ef unt er þannig ,að hvorugt sjáist aftar, þeim megin sem það er, en 2 áttastrik frá þverskipsstefnu. Til þess að því örugg-

1899 nr. 3 20. jan.

1899 nr. 3 20. jan.

ara og hægara verði að nota þessi færiljós, skulu ljóskerin, hvort um sig, vera máluð að utan með hinum sama lit og ljós það, er í því er kveikt, og búin hæfilegum hlífum. — 7. gr. Á gufuskipum, sem eigi ná 40 brúttósmálestum, og á öðrum skipum, sem eigi ná 20 brúttósmálestum og eru undir árum eða seglum, skal eigi skylt, er þau eru laus, að hafa ljós þau, er greind eru í 2. grein, stafliðunum a, b og c; en séu ljós þessi eigi höfð á skipunum, skulu á þeim vera ljós þau, er hjer greinir: 1. Á gufuskipum, er eigi ná 40 smálestum, skal vera: a. Skært hvítt ljós framan til á skipinu, á reykháfnum eða fyrir framan hann, þar sem hægast er að sjá það; skal það að minsta kosti vera 9 fet fyrir ofan borðstokkinn; skal það eins lagað og því fyrirkomið eins og ljósi því, er fyrirskipað er í 2. grein, staflið a, og ennfremur þannig háttað, að það sé sýnilegt 2 mílufjórðunga álengdar að minsta kosti. b. Annaðhvort græn og rauð hliðarljós, eins löguð og eins fyrirkomið og ljósum þeim, er fyrirskipuð eru í 2. grein, stafliðunum b og c, og þannig háttað, að þau séu sýnileg að minsta kosti 1 mílufjórðung álengdar; eða samsett ljósker með grænu ljósi í öðrumegin, en rauðu ljósi hinumegin, er beri birtu beint fram undan og sitt til hvorrar hliðar 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu. Ljósker þetta skal vera 3 fet fyrir neðan hvíta ljósið að minsta kosti. 2. Á þesskonar gufubátum, sem eru hafðir á hafskipum, er heimilt að hafa hvíta ljósið neðar en 9 fet fyrir ofan borðstokkinn, en þó skal það vera ofar en samsetta ljóskerið, er greint er í tölulið 1, staflið b. 3. Á skipum undir árum eða seglum, er eigi ná 20 smálestum að stærð, skal ljósker með grænu gleri í öðrumegin, en rauðu gleri í hinumegin, vera til taks, hvenær sem á þarf að halda. Ef skipið kemur í námunda við annað skip eða annað skip nálgast það, skal sýna ljósker þetta svo snemma, að komizt verði hjá ásiglingu og skal þannig að því farið, að græna ljósið sjáist ekki bakborðamegin og rauða ljósið ekki

stjórnborðamegin. 4. Róðrarbátar, hvort sem þeim er siglt eða róið, skulu hafa til taks, hvenær sem á þarf að halda, ljósker með hvítu ljósi, sem með stuttu millibili skal sýnt svo snemma, að komizt verði hjá ásiglingu. Skip þau, er getur um í þessari grein, skulu ekki skyld að hafa ljós þau, er fyrirskipuð eru í 4. grein staflið a, og síðasta hluta 11. greinar. — **8. gr.** Þegar hafnsögubátar fara erinda sinna á stöðvum sínum, skulu þeir eigi hafa ljós þau til sýnis, sem fyrirskipað er að sýna á öðrum skipum, heldur skal á siglutoppi hafa hvítt ljós, er sýnilegt sé á alla vegu, og auk þess skal með stuttu millibii, sem aldrei má vera lengra en 15 mínútur, sýna ljósblossa einn eða fleiri. Þegar þeir nálgast mjög önnur skip, eða önnur skip þá, skulu þeir hafa hliðarljós sín tendruð og til taks og með stuttu millibili láta þau leiftra eða setja þau til sýnis til þess að gefa til kynna, í hverja átt þeir stefna, en eigi má láta græna ljósið sjást bakborðamegin né rauða ljósið stjórnborðamegin. Hafnsögubát, sem svo er lagaður, að nauðsyn ber til, að leggja honum að hlið skipsins, ef koma skal hafnsögumanni upp á það, skal heimilt að sýna hvítt ljós í stað þess að hafa það á siglutoppi og ennfremur í stað lituðu ljósanna, er getið var áður, að hafa ljósker með grænu gleri í öðrumegin, en rauðu gleri hinumegin; skal það vera til taks, ef á þarf að halda, og skal með það farið á sama hátt og fyr er greint. Þegar hafnsögubátar eru ekki í erindaferðum á stöðvum sínum, skulu þeir hafa sömu ljós og önnur skip, sem jafnstór eru þeim að smálestatali. — — — **10. gr.** Þá er skip siglir uppi annað skip, þá skal á því, sem á undan er, sýna hinu frá afturstafni hvítt ljós eða ljósblossa. Hvíta ljósið, sem í þessari grein er fyrirskipað að sýna, er heimilt að hafa í fast-skorðuðu ljóskeri, en þá skal ljóskerið þannig lagað og búið svofeldum hlífum, að það strái samfeldri birtu yfir boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 12 áttastrikum, þ. e. beint aftur undan skipinu og til hliðar 6 strik hvoru megin

1899 nr. 3. 20. jan.

skipsins, og þannig að ljósið sé sýnilegt 1 mílufjórðung álengdar að minsta kosti. Ljós þetta skal ennfremur vera jafnhátt upp frá skpinu og hliðarljósin eða sem næst því að unt er. — **11. gr.** Þegar skip, sem ekki nær 150 fetum að lengd, liggur við akkeri, skal hvítt ljós vera framan til á því á þeim stað, sem hægast er að sjá það, en þó eigi ofar en 20 fet upp frá skipinu; skal ljósið vera í þannig löguðu ljóskeri, að það beri skæra, jafna og samfelda birtu og sé sýnilegt að minsta kosti 1 mílufjórðung álengdar, hvaðan sem litið er. Þegar skip, sem er 150 fet að lengd eða þaðan af meira, liggur við akkeri, skal framan til á því vera 1 samskonar ljós, ekki minna en 20 fet og ekki meira en 40 fet upp frá skipinu, og ennfremur 1 samskonar ljós á afturstafni skipsins eða í nánd við hann, og skal það vera að minsta kosti 15 fetum lægra á lofti en fremra ljósið. Lengd skipsins skal sú talin, er greind er í skrásetningarskírteini þess. Ef skip stendur grunn á fjölfarinni skipaleið eða rennu eða þar í nánd, þá skal það, auk áðurgreinds ljóss eða ljósa, hafa þau 2 rauðu ljós, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. staflið a. — **12. gr.** Auk ljósa þeirra, er fyrirskipað er að hafa samkvæmt reglum þessum, er öllum skipum, ef þörf gjörist til þess að vekja athygli á þeim, heimilt að sýna ljósblossa eða við hafa hverja þá hvellbendingu, sem eigi er hægt að blanda saman við neyðarbendingu. — **13. gr.** Eigi skal neitt það, er fyrirskipað er í reglum þessum, vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hverskonar sérstökum fyrirskipunum, er stjórn hverrar þjóðar, sem er, gjörir um frekari notkun stöðva- og bendingaljósa á herskipum tveim eða fleirum, eða á skipum, er sigla með herskipafylgd, og eigi heldur því til fyrirstöðu, að sýndar verði einkennisbendingar, er skipaútgjörðarmenn hafa valið skipum sínum, ef bendingar þessar eru löggiltar af hlutaðeigandi stjórnum, og ennfremur skrásettar og auglýstar á hæfi-

legan hátt. — **14. gr.** Gufuskip, er eingöngu fer undir seglum og eigi hefir felt reykháf sinn, skal á daginn hafa framan til á skipinu, þaðan sem hægast er til að sjá, svarta kúlu eða bendingamynd að minsta kosti 2 fet að þvermáli. — Hljóðbendingar í þoku o. s. frv. **15. gr.** Allar bendingar, er fyrirskipaðar eru í þessari grein á skipum, sem eru laus, skulu gjörðar: 1. Á „gufuskipum“ með gufupípunni eða sírenunni; 2. Á „seglskipum“ og „dregnum skipum“ með þokuhorninu. Í þessari grein þýða orðin „langt hljóð“: hljóð, sem helst við í 4 til 6 sekúndur. Á gufuskipum skal vera hljómsterk pípa eða sírena, er gefur hljóð frá sjer með gufu eða einhverju, er kemur í gufu stað; skal henni þannig fyrir komið, að eigi stöðvist hljóðið af öðrum hlutum á skipinu. Á gufuskipum skal ennfremur vera hljómsterkt þokuhorn, er kveður við, þá í það er blásið með þar til gerðu verkfæri, og auk þess hátt ómandi klukka. Á seglskipum, sem eru 20 smálestir brúttó eða þaðan af meira, skulu vera álíka þokuhorn og klukkur. Í þoku, dimmviðri, snjókomu eða steypiskúrum skal, hvort sem er á nóttu eða degi, bendingum þeim, er lýst er í þessari grein, beitt á svofeldan hátt: a. Á gufuskipum, sem eru á siglingu, skal með 2 mínútna millibili í hæsta lagi láta kveða við langt hljóð; b. Á gufuskipum, sem eru laus, en eru stöðvuð og halda eigi áfram, skal með 2 mínútna millibili í hæsta lagi láta kveða við 2 löng hljóð með hér um bil 1 sekúndu hléi. c. Á seglskipi, sem er laust, skal með 1 mínútu millibili í hæsta lagi gefa svofelda bendingu: Þegar það hefir vind inn á stjórnborða, þveran eða framar, 1 hljóð. Þegar það hefir vind inn á bakborða, þveran eða framar, 2 hljóð hvort á eftir öðru; þegar það hefir vind inn aftar en þveran, 3 hljóð hvert á eftir öðru; d. Er skip liggur við akkeri, skal með 1 mínútu millibili í hæsta lagi hringja klukkunni ótt í hér um bil 5 sekúndur. e. Á

1899 nr. 3 20. jan.

1899 nr. 3. 20. jan.

skipum þeim, sem draga skip, á þeim, sem eru að leggja niður eða taka upp ritsímaþráð, og á þeim, sem eru laus, en sem, sökum þess að þau eigi eru undir stjórn, geta annaðhvort eigi vikið úr leið fyrir öðrum skipum, sem nálgast þau, eða sem eigi verður stjórnað samkvæmt því, sem fyrirskipað er í þessum reglum, skal í stað bendinga þeirra, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, stafliðunum a og c, láta með 2 mínútna millibili á hæsta lagi kveða við 3 hljóð hvert á eftir öðru, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 2 stutt. Á skipi, sem er dregið, er heimilt að viðhafa sömu bendingu, en enga aðra bendingu er leyfilegt að hafa á því. Seglskip og bátar, sem eigi ná 20 smálestum brúttó að stærð, skulu eigi skyld að hafa ofangreindar bendingar, en ef þau eigi nota þær, skulu þau með 1 minútu millibili í hæsta lagi gefa einhverja aðra fullnægjandi hljóðbendingu. — Í þoku o. s. frv. skal sigling lægð. **16. gr.** Öll skip skulu í þoku, dimmviðri, snjókomu eða steypiskúrum sigla með minkaðri ferð og taka nákvæmlega tillit til kringumstæðna allra og ástands. Ef gufuskip heyrir þokubendingu frá skipi, er virðist vera fyrir framan þverskipsstefnu, en getur þó ekki með vissu ákveðið, hvar það muni vera, þá skal það stöðva vél sína að svo miklu leyti sem kringumstæðurnar, þá er slíkt kemur fyrir, leyfa það, og sigla síðan með varkárni alt þar til engin hætta er lengur á því að skipin rekist á. — Reglur fyrir stjórn og siglingu. Almenn athugasemd. Hætta á árekstri. Þegar kringumstæður leyfa, má komast að raun um, hvort hætt sje við árekstri, með því að áttmiða með nákvæmni á leiðarsteininum skip það, er nálgast. Ef áttamiðunin breytist ekki að mun, ber að álíta, að hætt sé við, að skipin rekist á. — **17. gr.** Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað þannig, að óttast má, að þau rekist á, skulu þau víkja hvort fyrir öðru eftir þeim reglum sem nú skal greina: a. Skip, sem hefir beggja skauta byr, skal víkja úr leið

fyrir skipi, sem siglir beitivind. b. Skip, sem hefir beitivind, með vind á bakborða, skal víkja úr leið fyrir skipi, sem hefir beitivind með vind á stjórnborða. c. Ef bæði skipin hafa beggja skauta byr með vind á gagnstæð borð, skal það skip, sem hefir vind á bakborða, víkja úr leið fyrir hinu. d. Ef bæði skipin hafa beggja skauta byr með vind á sama borð, skal það skip, sem á veður siglir, víkja úr leið fyrir hinu, sem á hlé siglir. e. Skip, sem siglir í undanhaldi, skal víkja úr leið fyrir hinu skipinu. — **18. gr.** Þegar tvö gufuskip koma beint eða því nær beint hvort á móti öðru, svo að óttast má, að þau rekist á, skulu þau bæði víkja á stjórnborða svo að þau geti farið hvort fram hjá öðru á bakborða. Grein þessi á einungis við þá, er svo ber undir, að skip koma beint eða því nær beint hvort á móti öðru, svo að óttast má, að þau rekist á, og á ekki við tvö skip, sem hljóta að komast hvort fram hjá öðru, ef bæði halda stefnu sinni óbreyttri. Grein þessi á einungis við það, er skipin stefna beint eða því nær beint hvort á annað, eða með öðrum orðum: á daginn, þegar siglutré skipanna eru í beinni eða því nær beinni röð, hvort fram af öðru, og á nóttu, þegar skipin hafa þá afstöðu, að á hvoru um sig sjást bæði hliðaljós hins skipsins. Greinin á því ekki við: á daginn, þegar skip sér annað skip fyrir stafni og leiðir þeirra liggja á mis, eða á nóttu, þegar rauða ljósið á öðru skipinu blasir við rauða ljósinu á hinu, eða græna ljósið á öðru skipinu blasir við græna ljósinu á hinu, eða þegar rautt ljós, en ekki hið tilsvarandi græna ljós, sést framundan, eða þegar grænt ljós en ekki hið tilsvarandi rauða ljós, sést framundan, eða þegar bæði sést grænt og rautt ljós í einhverri annari átt en beint framundan (beint eða því nær beint framundan). — **19. gr.** Þegar tvö gufuskip stefna svo að leiðir liggja á mis, þannig, að hætt er við, að þau geti rekist á, þá skal það skipið, sem hefir hitt á stjórnborða, víkja úr leið fyrir því. — **20. gr.** Þegar gufuskip og seglskip stefna þannig, að hætt er við, að þau geti rekist á, skal

1899 nr. 3 20. jan.

1899 nr. 3. 20. jan.

gufuskipið víkja úr leið fyrir seglskipinu. — **21. gr.** Þegar annað skipið samkvæmt reglum þessum skal víkja úr leið, skal hitt halda stefnu sinn og ferð. Aths.: Þegar skipið vegna dimmviðris eða annara orsaka er komið svo nálægt hinu skipinu, að eigi verður komizt hjá árekstri með því einu, er skip það, sem víkja á úr leið, gjörir til þess, þá skal einnig hitt skipið gripa til þeirra úrræða, er bezt geta stuðlað til að afstýra árekstri (sjá 27. og 29. gr.). — **22. gr.** Sérhvert skip, sem samkvæmt þessum reglum ber að víkja úr leið fyrir öðru skipi, skal, ef svo stendur á, að kringumstæðurnar leyfa það, forðast að fara yfir um leið hins skipsins fyrir framan það. — **23. gr.** Sérhvert gufuskip, sem samkvæmt reglum þessum ber að víkja úr leið fyrir öðru skipi, skal, þegar það nálgast það, minka ferð sína eða nema staðar eða halda aftur á bak, ef nauðsyn krefur. — **24. gr.** Án tillits til þess, er stendur í reglum þessum, skal sérhvert skip, sem siglir uppi annað skip, víkja úr leið fyrir því, er það siglir uppi. Sem skip, er siglir uppi annað skip, skal sérhvert það skip skoðað, sem nálgast hitt úr hverri átt sem er, meira en 2 strik fyrir aftan þverskipsstefnu hins skipsins — með öðrum orðum, er í þeirri afstöðu frá skipinu, sem það siglir uppi, að það mundi um nótt hvorugt hliðarljós þess geta séð; og ekki skal nein breyting, er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa, því til vegar mega koma, að skipið, er siglir uppi, teljist sem skip, er stefnir svo gagnvart öðru skipi, að leiðir þeirra liggja á mis, á þann hátt, er átt er við í reglum þessum, eða að það losist við þá skyldu að forðast skip það, er það siglir uppi, þar til það er komið fram hjá leiðar sinnar. Þar eð skip það, er siglir annað uppi, getur ekki á daginn vitað það ætíð með vissu, hvort það er fyrir framan eða aftan ofangreinda stefnu frá hinu skipinu, þá ber því, ef efi leikur á þessu atriði, að skoða sig sem skip, er siglir annað uppi, og því víkja úr leið. — **25. gr.** Þegar gufuskip siglir í mjóum sundum, skal það, ef það er hættu-

laust, halda sér þeim megin í álnum eða miðsundinu, sem að stjórnborða veit. — **26. gr.** Seglskip, sem eru laus, skulu víkja úr leið fyrir seglskipum eða bátum, sem eru að fiski með netum, lóðum eða botnvörpum. Þó skal þessi regla ekki gefa neinu skipi eða bát, sem er að fiskiveiðum, rétt til að hindra skipaferðir á svæðum eða leiðum, sem önnur skip en fiskiskip eða bátar fara um. — **27. gr.** Þá er beita á reglum þessum, ber að hafa tilhlýðilegar gætur á öllum hættum þeim, sem siglingum og samlostningu skipa eru samfara; svo ber og þess að gæta, að sérstök atvik geta verið fyrir hendi ,svo að nauðsyn beri til að víkja frá framanskráðum reglum, til þess að forðast bráða hættu. — Hljóðbendingar skipa, er sjá hvort annað. — **28. gr.** Orðin „stutt hljóð" þýða í þessari grein: hljóð, sem varir hér um bil í sekúndu. Þegar skip sjá hvort annað, skal gufuskip, sem er laust og gjörir einhverja hreyfingu, sem reglur þessar heimila eða skipa fyrir, tilkynna þessa hreyfingu með bendingum með gufupípunni eða sírenunni, sem nú skal greina: 1 stutt hljóð, sem þýðir: „Eg sný á stjórnborða"; 2 stutt hljóð, sem þýða: „Eg sný á bakborða"; 3 stutt hljóð, sem þýða: „Gufuvél mín knýr sem hraðast aftur á bak." — Ekkert skip má, hvernig sem á stendur, vanrækja að viðhafa tilhlýðilegar varúðarreglur. — **29. gr.** Ekkert af því, er að framan er skráð, leysir neitt skip, útgerðarmenn þess, skipstjóra eða skipshöfn undan því, að bera afleiðingar þær, er hljótast af því, að vanrækt hefir verið að hafa ljósker, gefa bendingar eða halda nógu dyggilegan vörð, eða af því að vanrækt hefir verið að gæta slíkra varúðarreglna, sem almenn sjómenska eða sérstök atvik, er til kunna að bera, útheimta. — Fyrirvari með tilliti til reglna fyrir siglingum í höfnum eða innanfjarðar. — **30. gr.** Ekkert, sem stendur í reglum þessum, skal vera því til fyrirstöðu, að sérstakar reglur gildi fyrir sigl-

1899 nr. 3 20. jan.

1899 nr. 3 20. jan. ingar í höfnum inni, á ám eða fjörðum, séu þær gefnar á tilhlýðilegan hátt af valdsmanni á hverjum stað. — Hegningarákvæði. — **31. gr.** Brot gegn framangreindum reglum varða sektum alt að 200 kr.

24. febr. **Rgbr. um einkennisbúning hreppstjóra.**

Eftir allraþegnsamlegustum tillögum ráðuneytisins, framkomnum eftir móttöku bréfs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 28. nóvbr. f. á., hefir hans hátign konunginum hinn 21. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að í stað þess einkennisbúnings, er ákveðinn er með allrahæstum úrskurði 21. júlí 1808, og amtmennirnir mega leyfa hreppstjórum þeim að bera, er sjálfir óska þess, megi skipa fyrir um þannig lagaðan einkennisbúning: dökkbláan frakka eða jakka með tvöfaldri röð messingshnappa með hinu venjulega lögregluheinkenni, hönd með auga, samsvarandi yfirhöfn, vesti og buxur, dökkblá að lit, vestið með einni röð messingshnappa, og loks dökkblóa derhúfu flata með tvöföldum gullborða og mjórri snúru grænni á milli. —

6. júní **Stofnskrá fyrir dánarsjóð Emils Tvede, lyfsala, handa þurfandi og maklegum mönnum, er teljast til lyfsala- og læknastéttar á Íslandi.** (St. B. 223).

nr. 20 22. sept. **Lög um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.**

1. gr. Hverjum manni er skylt að láta af hendi, gegn hæfilegu endurgjaldi, lóð eftir þörfum til vitastæðis, undir íveruhús og til ræktunar handa vitagæzlumönnum, til vega í þarfir vita o. fl., og ennfremur lóð þá, er þarf til að stækka áður gjörða vita. — Ennfremur má skylda hvern mann til að leyfa, að efni þau, er þarf til að byggja eða halda við vitum, svo sem grjót, möl, sandur, leir o. s. frv., sé tekin úr lóð hans eða flutt um hana, gegn endurgjaldi bæði fyrir það, sem efni þessi kosta og fyrir það, sem hann að öðru leyti kann að skaðast á burtnáminu og vinnunni við það. —

2. gr. Landshöfðingi ákveður í hvert sinn, að hvað miklu leyti beri að afhenda lóð og leyfa bráðabirgðaafnot af lóð annars manns samkvæmt 1. gr. Hann getur og ákveðið, að kvaðir skuli lagðar gegn endurjaldi á landið umhverfis vita, að því er snertir húsabyggingar þar, hagagöngu fyrir skepnur vitagæzlumanna og því um líkt, ef kvaðir þær þykja nauðsynlegar vegna vitanna, eða þess er þeim til heyrir. — 3. gr. Ef eigi verður komið við samningum um endurgjaldið samkvæmt undanfarandi greinum, skulu það ávalt meta óhlutdrægir, dómkvaddir menn. 1899 nr. 20 22. sept.

Tilskipun um neyðarbendingar, er viðhafa skal á íslenzkum skipum. nr. 22 28. sept.

Þegar skip er í háska statt og æskir hjálpar frá öðrum skipum eða úr landi, skal það viðhafa eða sýna eftirfarandi bendingar, annaðhvort allar í einu eða hverja út af fyrir sig, sem sé: Á daginn: 1. Fallbyssuskot eða aðrar hvellbendingar, með hér um bil 1 mínútu millibili. 2. Neyðarbendinu þá, er táknuð er með N C í hinum alþjóðlegu bendingareglum; 3. Fjarlægðarbendingu þá, er samsett er af ferskeyttum fána og kúlu eða einhverju, sem líkist kúlu, fyrir ofan eða neðan fánann; 4. Notkun hvers konar þokubendingatóls í sífellu. — Á nóttu: 1. Fallbyssuskot eða aðrar hvellbendingar, með hér um bil 1 mínútu millibili; 2. Loga á skipinu (t. d. frá brennandi tjörutunnu, olíutunnu o. s. frv.); 3. Eldflugur eða sprengikúlur, sem skotið er með stuttu millibili, einni og einni í einu, og strá út neistum með hverjum lit og hætti sem er; 4. Notkun hvers konar þokubendingatóls í sífellu.

Lög um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi. nr. 26 11. nóv.

— — — 12. gr. Enginn er skyldugur til að borga áfenga drykki, sem hann fær til láns á veitingastöðum, og námsmenn á skólum, er standa undir umsjón lands-

1899 nr. 26 11. nóv. stjórnarinnar, eru ekki skyldugir til að borga áfenga drykki, er þeir fá til láns, hvort sem er á veitingastöðum eða annars staðar. — — — **16. gr.** Nú veitir sá, er rétt hefir til veitinga áfengra drykkja, drykki þessa unglingi innan 16 ára aldurs, eða manni, sem sölumaður veit gjörla, að á síðastliðnum 5 árum hefir verið sviftur fjárforráðum vegna drykkjuskapar, eða á sama tíma hefir þjáðst af drykkjumannageðveiki eða er skertur á geðsmunum, og varðar það þá 50—500 kr. sektum hið fyrsta sinn.[1]) — — — **20. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

nr. 27 11. nóv. **Lög um útflutningsgjald af hvalafurðum.**

1. gr. Af hvalafurðum skal útflutningsgjald greiða sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu hvallýsis	kr.	0.50[2])
2.	— hverjum 100 pd. af hvalkjötsmjöli	—	0.25
3.	— — 100 — - hvalguano ..	—	0.10
4.	— — 100 — - hvalbeinamjöli	—	0.10

2. gr. Um gjald þetta og greiðslu fer eftir fyrirmælum laga 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. — **3. gr.** Með lögum þessum er úr gildi numinn 6. tölul. 2. gr. laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., að því er hvallýsi snertir. — **4. gr.** Þessi lög öðlast gildi 1. jan. 1900.

nr. 35 5. des. **Lög um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað.** (St. A. 204).

nr. 36 5. des. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Suðureyrarmölum í Súgandafirði í Ísafjarðarsýslu.** (St. A. 206).

---

1) L. nr. 14, $^{8}/_{6}$ 1925.
2) Sjá l. nr. 45, $^{13}/_{11}$ 1903.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Norðurfjörð í Árnesshreppi í Strandasýslu. (St. A. 208). 1899 nr. 37 5. des.

Lög um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík. 1900 nr. 1 12. jan.

1. gr. Í landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild til þess að veitt verði lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum. — **2. gr.** Tryggingarfé deildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og skal það ásamt veðbréfum, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum veðdeildarinnar, vera til tryggingar því, að hún standi í skilum. — Fyrstu 5 árin eftir að veðdeildin hefir stofnsett verið, veitist henni 5000 kr. tillag á ári úr landssjóði — **3. gr.** Tryggingarfje deildarinnar skal vera í ríkisskuldabréfum; er það undir umsjón landsstjórnarinnar og vextir þess renna í landssjóð. Má eigi ráðstafa tryggingarfénu á annan hátt, nema veðdeildin sé brott feld og hafi staðið í skilum við alla. — Beri nauðsyn til að taka á tryggingarfénu til þess að veðdeildin geti staðið í skilum, skal endurgjalda fé það, sem notað hefir verið, undir eins og efnahagur deildarinnar leyfir. — **4.gr.** Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskil tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði. — **5. gr.** Veðdeildin má gefa út skuldabréf, sem hljóða upp á handhafa (bankavaxtabréf), en sem má nafnskrá í deildinni. Landsstjórnin ákveður um lögun og útlit skuldabréfanna. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs samtals; eigi má heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabréf, er nemi meiru en veðskuldabréf þau, er veðdeildin á. — 6. gr. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum og skal landshöfðingi og stjórn landsbankans ritar undir þau. Fjárhæð þeirra skal á

1900 nr. 1 12. jan.

kveðin í reglugjörð veðdeildarinnar, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna. — **7. gr.** Fé veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum, eða húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær séu vátrygðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána nema gegn fyrsta veðrétti. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar, og skal verð húsa þeirra, er á jörð eru, því að eins telja með, að þau séu vátrygð svo sem fyr er sagt. — **8. gr.** Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður til tekið í reglugjörð fyrir veðdeildina. Í reglugjörðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Ennfremur má ákveða í reglugjörðinni, að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli sýslunefndir segja álit sitt um verð fasteigna í sýslufélaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landshöfðingi ákveður og veðdeildin borgar, hafi eftirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni. — **9. gr.** Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir. — **10. gr.** Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefir undir gengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.), eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar láns-

ins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar. — **11. gr.** Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs er ½ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins, og afborgunargjaldið má eigi nema minna en svo að lánum sé lokið á 40 árum, þegar veðið er jarðeign, og á 25 árum, þegar veðið er húseign. — Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra. — **12. gr.** Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er veðdeidin hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður landshöfðingi til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á skuldabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugjörð veðdeildarinnar. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl. — **13. gr.** Handhafar eða eigendur skuldabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því. — **14. gr.** Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra skuldabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum. — **15. gr.** Skuldabréf

1900 nr. 1 12. jan.

þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt með vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð veðdeildarinnar, og skal svo í lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt með vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár. — **16. gr.** Vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í Landsbankanum í Reykjavík, svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á móti þeim til borgunar á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs og innleysa vaxtamiðana og skuldabréfin, eftir því sem þeir hafa fyrir hendi fé, sem á að borgast í landssjóð. — Í reglugerð veðdeildarinnar skað ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabréf, sem komin eru í gjalddaga. — **17. gr.** Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 10. gr.), hefir veðdeidin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðunum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti. Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. — Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara. **18. gr.** Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til þess að kaupa skuldabréf veðdeildarinnar, en þó eigi hærra

verði en ákvæðisverði þeirra, eða séu skuldabréfin verð- 1900
lögð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn, þá eigi hærra nr. 1
verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um 12. jan.
í Reykjavík. — **19. gr.** Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Þegar veðdeildin er stofnuð, skal þóknun sú, sem gæzlustjórar bankans fá árlega, hækka upp í 750 kr. til hvors. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds má verja alt að 2500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar. Kostnað við að setja veðdeildina á fót og hækkunina á launum gæzlustjóra greiðir landsbankinn. — **20. gr.** Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 13., 14., 18.—24. og 26.—29. og 30. gr. 1. lið, um hlunnindi fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil. — **21. gr.** Reglugjörð veðdeildarinnar skal staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.[1])

Lög um breyting á lögum um stofnun landsbanka nr. 2
18. sept. 1885.[2]) 12. jan.

1. gr. Heimilt skal landsstjórninni vera að gefa út seðla fyrir landssjóð fyrir alt að fjórðung miljónar kr. (250000 kr.) í viðbót við seðlaupphæð þá, sem þegar hefir verið gefin út samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, og eftir þeim reglum, sem þar eru settar um seðla landssjóðs. — **2. gr.** Landsbankinn fær að láni úr landssjóði jafna upphæð fjár og landssjóður gefur út af seðlum eftir 1. gr. — Fé þetta greiðist bankanum smámsaman eftir því sem þörf hans krefur. Af þessari skuld sinni greiðir landsbankinn landssjóði í vöxtu árlega 1% og leggur 2% af henni árlega í varasjóð. — **3. gr.** Tveir skulu vera

1) Reglug. $^{15}/_{9}$ 1900 og $^{21}/_{4}$ 1903 með breytingu $^{9}/_{7}$ 1905.
2) Sbr. l. 6 $^{31}/_{5}$ 1921 1. og 2. gr.

1900 nr. 2 12. jan.

endurskoðunarmenn við landsbankann og kýs hið sameinaða alþingi annan þeirra til tveggja ára í senn, í fyrsta skifti fyrir árin 1900 og 1901, en hinn endurskoðunarmanninn nefnir landshöfðingi til. Skulu menn þessir rannsaka reikinga landsbakans í hverju einstöku atriði, og bera þá saman við bækur bankans og heimafé. — Endurskoðunarmenn skulu að minsta kosti tvisvar á ári hverju sannreyna, hvort heimafé bankans og eignir séu fyrir hendi. — Þóknun til endurskoðunarmanna skal vera 500 kr. til hvors þeirra á ári og greiðist sú þóknun af fé bankans. — Landshöfðingi[1]) úrskurðar og kvittar hina endurskoðuðu reikninga bankans. — 4. gr. 29. gr. laga 18. sept. 1885 er úr gildi feld.

Lög um fjármál hjóna[2]).

I. þáttur. Kaupmálar hjóna. **1. gr.** Þá er gjöra á með kaupmála breyting á hinu venjulega helmingafélagi hjóna, þá er hann því að eins gildur, að kaupmálinn sé skriflegur og undirritaður af hjónunum, hvort sem hann er gjörður á undan eða eftir giftingu. Eigi má breyta kaupmála né fella hann úr gildi, nema með nýjum kaupmála. — **2. gr.** Nú er annað hjóna eða hjónaefna hálfmyndugt, er það gjörir kaupmála, og þarf þá samþykki tilsjónarmanns; sé það ómyndugt eða svift fjárforráðum, skal samþykki fjárráðamanns, auk samþykkis þess sjálfs, koma til. — **3. gr.** Nú er kaupmáli gjörður samkvæmt því, er að framan er sagt, og er hann þá án konungsstaðfestingar skuldbindandi fyrir hjónin sjálf og fyrir erfingja þeirra, sé hann gjörður áður en þau gengu í hjónaband. Sé hann gjörður eftir að þau gengu í hjónaband, verður hann skuldbindandi fyrir þau sjálf og erfingja þeirra, þegar kon-

1) Augl. 64, $^{20}/_{12}$ 1924, IV.

2) Sbr. l. nr. 20, $^{20}/_{6}$ 1923, 90. gr. Með því að fjármál hjóna, er gengu að eigast fyrir 1. jan. 1924, fer eftir þessum lögum, þar á meðal um gildi kaupmála, gerðra fyrir þann tíma, þykir sjálfsagt að prenta þau að svo miklu leyti.

ungur hefir staðfest hann. — **4. gr.** Með kaupmála mega hjón skipa fjármálum sínum á hvern lögmætan hátt, er þeim sýnist, ef þau gæta þess, er í lögum þessum segir; þurfi kaupmálinn staðfestingar, má synja um hana að öllu eða nokkru leyti. — Eigi má þó ákveða í kaupmála eða á annan hátt, að allar eigur annars hjóna, er það á og síðar eignast, skuli vera séreign hins, eða að séreign annars þeirra skuli vera í umráðum hins eins, eða að afraksturinn af sjálfstæðri atvinnu annars þeirra skuli vera séreign hins eða undir umráðum þess eins; hjón geta eigi heldur með kaupmála þegið sig undan skyldum þeim, er ræðir um í 11. og 22. gr. laga þessara. — **5. gr.** Kaupmáli er gildur gagnvart öðrum mönnum frá giftingardegi, sé hann löglega þinglesinn áður (sbr. 6. og 7. gr.). Hann gildir þó gagnvart kröfum, sem eldri eru en hjónabandið, hafi þess áður verið beiðst, að hann yrði sem fyrst þinglesinn. Annars gildir hann eigi gagnvart öðrum mönnum fyr en frá þinglýsingardegi. — Kaupmáli er eigi því til fyrirstöðu, að maður, er eigi hafði vitneskju um hann, öðlist með samningi á undan þinglýsing hans réttindi yfir eigum hjónanna. Skuldheimtumenn þeir, sem eiga kröfur, er eldri eru en þinglýsing kaupmálans, eða beiðnin um þinglýsinguna, þegar svo á stendur eins og segir í 2. málslið undanfarandi málsgreinar, og stafi kröfur þeirra eigi frá samningi, er gjörður hefir verið með vitund um kaupmálann, og hafi þeir árangurslaust leitað eftir borgun hjá því hjónanna, sem er skuldunauturinn, geta gengið eftir borgun hjá hinu hjónanna í fjármunum þeim, sem það hefir fengið til séreignar með kaupmálanum, nema það sannist, að skuldunautur sjálfur hafi átt nægilegt fé fyrir öllum skuldum sínum á þeim tíma er kaupmálinn gekk í gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ræði kaupmálinn um fé, er síðar aflast, er þó skuldheimtumönnum fyrirmunað að leita borgunar í fé þessu, ef kaupmálinn er þinglesinn áður en þess var aflað. — **6. gr.** Þinglýsing

1900 nr. 3 12. jan.

1900 nr. 3 12. jan.

samkvæmt undanfarandi grein skal fram fara á varnarþingi bónda. Nú á hann ekkert varnarþing, og skal þó þinglýsa kaupmála hans hér á landi, og skal þá þinglýsa við hinn kgl. íslenzka landsyfirrétt. — **7. gr.** Til þess að kaupmáli geti haft áhrif á ráðstafanir yfir fasteignum, verður að þinglýsa honum sérstaklega við varnarþing þeirra. Annars standa þeir samningar óhaggaðir, er þeir menn gjöra, er ókunnugt er um kaupmálann, enda þótt hann sé þinglesinn á varnarþingi bóndans, séu samningarnir gjörðir áður en kaupmálinn er þinglesinn við vanarþing fasteignanna. — **8. gr.** Á skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini og önnur slík skjöl skal gjöra áritun um kaupmálann. Þangað til það er gjört, geta þeir, er ókunnugt er um hann, eignast réttindi yfir téðum skjölum, er koma í bága við kaupmálann. — **9. gr.** Eftir ráðstöfun landshöfðingja skal í Reykjavík halda skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu, þegar er kaupmáli hefir verið þinglesinn, senda skrifstofu þeirri, er landshöfðingi ákveður og auglýsir, skýrslu um kaupmálann í ábyrgðarbréfi. Í skýrslu þessari skal tilgreina nöfn og stétt málsaðila, bústað þeirra og þinglýsingardag kaupmálans, en eigi skal skýra frá efni hans. Sérhverjum er heimilt að fá skýrslu um það eftir skrá þessari fyrir 1 kr. gjald, hvort kaupmáli hafi gjörður verið, og ef svo er, hvar og hvenær hann hafi verið þinglesinn, en senda verður hann skriflega beiðni um það, er skýrir frá nöfnum málsaðila, og ef unt er, stétt bónda. Landshöfðingi gefur nánari reglur um fyrirkomulag skrárinnar og hvernig hún skal haldin. Kostnaðurinn, er af þessu leiðir, greiðist úr landssjóði. Við lok hvers mánaðar skal birta í auglýsingablaði landsstjórnarinnar það, sem fært hefir verið inn í skrána mánuð þann, er liðinn er. Til að borga auglýsingarkostnað þennan skal greiða 1 kr., auk þinglýsingargjalds fyrir kaupmála. — II. þáttur. Um fjárforræði giftrar konu og umráðin yfir

félagsbúinu. — **10. gr.**[1]) — — — **11. gr.** Bóndi hefir einn umráð yfir félagsbúinu. Hann má þó eigi nema með samþykki konu sinnar afhenda, veðstja né leigja með óvenjulegum kjörum, eða um óvenjulega langan tíma fasteignir þær, er eignarskjölin bera með sér, að konan lagði til félagsbúsins, og eigi heldur afhenda, veðsetja né kvitta skuldabréf, hlutabréf, ábyrgðarskírteini, sparisjóðsbækur og þess háttar skjöl, er hún hefir lagt til og bera hennar eignarnafn. Hann má ekki heldur seljast arfsali nema með samþykki hennar[2]). Vilji hún rifta ráðstöfunum, er koma í bága við þessi ákvæði, skal málsókn hafin innan árs frá því er þær voru gjörðar, eða þinglesnar, hafi þær verið lesnar á þingi. — Bóndi má eigi án samþykkis konu sinnar skuldbinda félagsbúið með loforðum um gjafir eða gefa úr því svo, að það á einu ári fari fram úr 5 hundruðustu af skuldlausri eign búsins við næstu árslok á undan. Breyti hann gegn þessu, á hún rétt á skaðabótum af séreign hans eða af hans hluta félagsbúsins, þá er því verður skift. Krafa til skaðabóta úr séreign bónda skal þó hafin með lögsókn eða áskilin með notarialsvarkröfu á hendur honum innan árs frá því er konan fékk vitneskju um þau atvik, er hún byggir á kröfu sína, og innan mánaðar eftir að búið er tekið til skifta, sé krafa gjörð til skaðabóta úr hluta hans af félagsbúinu. — Þegar svo stendur á, eins og segir í fyrsta kafla greinar þessarar, getur konan í stað þess að rifta ráðstöfuninni krafist skaðabóta af séreign bónda síns eða hluta hans af félagsbúinu á sama hátt og segir í öðrum kafla greinarinnar. — **12. gr.** Skuldbindingar, er kona hefir gengist undir eða bakað sér áður en hún giftist, hvíla og á manni hennar, nema annað sé um samið í kaupmála, er þau hafa gjört fyrir hjúskap sinn og látið þinglýsa. — **13. gr.** Ráðstafanir

1) L. nr. 60, $^{11}/_{11}$ 1917, 16. gr.
2) Sbr. Jónsb. Kvg. 23.

1900 nr. 3 12. jan.

þær, er kona gjörir með samþykki og vitund bónda sins, eða til sameiginlegs gagns og sakir óhjákvæmilegra nauðsynja, skuldbinda félagsbúið. — Ef gift kona verður skaðabótaskyld, án þess að það stafi af samningi, eða baki hún sér gjöld fyrir hegningarvert athæfi, má ganga að félagsbúinu til greiðslu nefndra gjalda, en bóndi hefir rétt til að fá þau endurgoldin af séreign konu sinnar, atvinnuarði hennar (sbr. 26. gr.) eða af hluta hennar af félagsbúinu, þegar því verður skift. — Ef kona bakar sér aðrar skuldbindingar í hjúskap sínum, verður til fullnustugjörðar á þeim eigi gengið að öðru en séreign hennar eða atvinnuarði (sbr. 26. gr.) eða að hennar hluta af félagsbúinu, hvort sem því er skift eða hún situr í óskiftu búi. — **14. gr.** Nú er bóndi sviftur fjárforráðum, og hefir þá fullveðja kona hans forráð félagsbúsins með fjáráðamanni bóndans. — **15. gr.** Þá er kona tekst á hendur að svara ein eða með manni sínum til skulda hans eða skuldbindinga, hvort sem það er með ábyrgð, víxilábeking eða framsali að skaðlausu eða því um líku, eða skuldbinding þessi kemur fram á annan hátt, svo sem með veðsetning á séreignum hennar fyrir skuldum hans, en álíta verður, að skuldbindingin í raun og veru miði að hinu sama, þá eru þessar ráðstafanir ógildar, nema þær séu samþyktar af amtmanni[1]). Hið sama er og um ráðstafanir, er hún með þeim afsalar sér trygging, er hún á í eigum bónda síns eða félagsbúsins. — 16. gr. Nú hefir bóndi bakað félagsbúinu þess háttar gjöld, er ræðir um í öðrum kafla 13. greinar, og á þá kona hans rétt á að fá þau endurgoldin af séreign hans, eða af hluta hans af félagsbúinu, þá er því verður skift. — III. þ á t t u r. S é r e i g n og g j a f i r h j ó n a á m i l l u m. — **17. gr.** Í séreign hvors hjóna eru ekki að eins persónuleg réttindi, þótt þau kunni að vera arðsöm, svo sem rithöfundarréttur og sams konar réttindi, heldur og verðmæt réttindi, er

1) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I. 1. d.

eigi verða frá skilin þeim, er þeirra nýtur, svo sem eftirlaun, lífeyrir, forlagseyrir, framfræsluréttur, innstæðuréttindi, óafhendanlegur afnotaréttur, þar í talinn ábúðarréttur, atvinnuréttindi, persónuleg einkaréttindi og því um líkt. Arður af þessum réttindum, sem fellur til í hjónabandinu, rennur þó inn í félagsbúið, nema öðru vísi sé ákveðið í lögum, kaupmála eða með annari lögmætri ráðstöfun. — 18. gr. Það verður og séreign, þótt eigi sé það ákveðið í kaupmálanum, er annaðhvort hjóna hefir eignast eða síðar eignast að erfð, þó lögarfur þess sé, eða að gjöf, ef og að svo miklu leyti, sem svo hefir verið ákveðið af arfleifanda eða gefanda. Eigi má í kaupmála gjöra breyting á ákvæðum gefanda eða arfleifanda í þessa átt. — **19. gr.** Auk þess sem talið er í 17. og 18. gr., er alt það séreign, sem ákveðið er löglega í kaupmála að svo skuli vera. — **20. gr.** Hvort hjóna hefir umráð yfir séreign sinni, nema hún sé með kaupmála eða með öðru lögmætu ákvæði, svo sem af hálfu arfleifanda eða gefanda, fengin í hendur sérstökum fjáráðamönnum. — Í kaupmála má ákveða, að konan megi eigi, þótt fullveðja sé, ráða yfir séreign sinni, nema með samþykki bónda síns eða tilsjónarmanns. — 21. gr. Arður af séreign eftir kaupmála og andvirði hans skal séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmálanum. — Það, sem útvegað er fyrir muni, sem í séreign eru, eða gengur til að bæta þá eða auka, skal og séreign vera, nema annað sé ákveðið í kaupmála; en ef varið er til þessa fé úr félagsbúi eða af séreign hins hjóna, má heimta endurgjald fyrir það af séreign þess hjóna, er í hlut á, eða af hluta þess í félagsbúinu, þá er því verður skift. — **22. gr.** Ef kostnaður til heimilisþarfa (þar með talin húsaleiga) og til viðurværis og uppeldis barnanna getur eigi greiðst af félagsbúinu, er hvort hjóna af sinni hálfu skylt til að leggja fram fé til gjalda þessara af séreign sinni, meðan hún vinst til. Geti hjónin ekki komið sér saman, ákveð-

1900 nr. 3 12. jan.

ur amtmaður[1]), hve mikið þau skuli leggja til. — **23. gr.** Skuldir, er hvíla á öðru hvoru hjóna, þá er þau giftast, skal greiða af séreign þess, ef nokkur er og meðan endist, nema annað sé ákveðið í kaupmála. Hafi þessar skuldir verið greiddar af félagsbúinu eða séreign hins hjóna, má krefjast endurgalds af séreign þess, er í hlut á, eða ef þörf gjörist af hluta þess úr félagsbúinu, þá er skifti fara fram. — **24. gr.** Til þess að gjafir milli hjóna í hjúskap þeirra séu gildar, skal um þær gjörður kaupmáli, nema svo sé, að gefnir séu munir til persónulegra nota, sem eigi séu meira verðir en svo, að samsvari efnahag gefanda, eða sé gjöfin lífeyrir eða forlagseyrir eða þess konar framfræslueyrir af hendi bónda fyrir konu sína. — Til gjafa teljast og afsöl þau, er getur um í öðrum kafla 28. greinar í lögum nr. 7, 13. apríl 1894; en þá er gefandi skyldur til að greiða það aftur, er gjafarþegi hefir af hendi int. — Það, sem segir í þessari grein, gildir og þá er gjöfin er gefin einhverjum öðrum, en hann afsalar hana síðan hinu hjóna, ef álíta má, að það sé aðeins gjört til þess að fara kring um lögin. — **25. gr.** Ákvæðin um ógilding ráðstafana í 4. kapítula laga nr. 7, 13. apríl 1894 eiga og við um ráðstafanir hjóna á milli, hvort sem þau hafa félagsbú eða ekki. — IV. þáttur. Um umráð giftrar konu yfir afla fé hennar af sjálfstæðri atvinnu. **26. gr.** Nú rekur gift kona sjálfstæða atvinnu, sem eigi aðallega er stofnuð, né henni við haldið með fé bónda hennar eða félagsbúsins, og hefir hún þá meðan hún lifir, ein og án samþykkis bónda síns eða fjárráðamanns, umráð yfir arði þeirrar atvinnu, og yfir því, er sannað verður, að hún hafi aflað sér fyrir atvinnuarð sinn. Meðan hún lifir má eigi taka fé þetta til lúkningar skuldum þeim, sem bóndi hennar hefir stofnað, nema samþykki hennar komi til. — V. þáttur. Um rétt hjóna til að slíta fjárfélagi.

1) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I. 1. d.

27. gr. Nú hefir bóndi eytt mjög eigum félagsbúsins, án þess það verði réttlætt nægilega fyrir sérstök atvik, eða gefið fulla ástæðu til þess að óttast megi, að hann muni fara illa með yfirráð sín yfir félagsbúinu, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélaginu sé slitið, og að full séreign komist á. — **28. gr.** Þá er kona vill neyta þessa réttar, skal hún senda amtmanni[1]) skriflega beiðni um það; rannsakar hann málið, og gefur bónda tækifæri til að láta uppi skoðun sína og leggur síðan úrskurð á það; úrskurði hans má skjóta til landshöfðingja; þegar það er gjört, getur skiftaréttur, ef konan æskir þess, gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að varðveita eigur búsins, einkum á þann hátt, er segir í 2. og 3. lið 57. gr. skiftalaganna. — **29. gr.** Nú slítur bóndi ólöglega samvistum við konu sína, eða sé félagsbú þeirra tekið til gjaldþrotaskifta að honum lifanda, og getur kona hans þá krafist þess, að fjárfélagi þeirra sé slitið. Beiðni sína um þetta sendir hún til amtmanns[2]), og skal beiðnin tekin til greina. Ef kona slítur ólöglega samvistum við bónda sinn, hefir hann og hinn sama rétt til þess, að fá fjárfélagi þeirra slitið. — **30. gr.** Þá er tekin hefir verið til greina beiðni annarshvors hjóna um, að fjárfélagi þeirra skuli slitið, getur hvort um sig krafist þess, að félagsbúið sé tekið til skifta á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna. — Úrskurður um, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, gildir fyrir þau sjálf frá því, er beiðnin um það kom til yfirvaldsins, en fyrir aðra frá því er úrskurðurinn er þinglesinn á varnarþingi bónda hér á landi, eða, sé hann farinn úr landi, þá á varnarþingi því, er hann átti síðast hér, og fer um verkanir þinglýsingarinnar eins og segir um þinglýsingu á kaupmála í 5. gr. laga þessara. — 2. og 3. ákvæði 67. gr. í skiftalögunum koma því eigi til greina við þau skifti, er hér ræðir um. — **31. gr.** Þegar

---

1) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I. 1. d.
2) Tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904, I. 1. d.

1900 nr. 3 12. jan. það hefir verið löglega ákveðið í kaupmála, að fjárfélagi hjóna skuli slitið, geta þau og hvort um sig krafist þess, að skifti skuli fram fara á félagsbúinu á þann hátt, er segir í 6. kapítula skiftalaganna, án þess þó nein breyting verði á gildi kaupmálans gagnvart öðrum eftir 5. gr. þessara laga og þannig án þess að 2. og 3. ákvæði í 67. gr. skiftalaganna komi til greina við þau skifti. — VI. þáttur. Hvenær dæma skal um kaupmála eftir útlendum lögum. 32. gr. Fyrirmæli laga þessara ná og til þeirra kaupmála, sem gjörðir eru erlendis, ef bóndinn á lögheimili hér á landi; en um myndugleika konunnar til að gjöra kaupmálann fer þó eftir lögum lands þess, þar er hún á heimili. — Nú er kaupmáli gjörður af manni, er eigi er búsettur hér á landi, og sé kaupmálinn gildur eftir lögum lands þess, þar sem maðurinn á heimili, og er málinn þá, að því er fjármál hjónanna snertir, gildur hér á landi fyrir hjónin sjálf og erfingja þeirra, ef hann ákveður ekkert, er kemur í bága við lög þessi, svo og gagnvart öðrum, ef gætt er alls þess, er segir í 6.—8. gr. laga þessara, svo fljótt sem auðið er, eftir að bóndinn er fluttur hingað búferlum. — Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1900.

nr. 8 9. febr. **Lög um brú og ferju á Lagarfljóti.** (St. A. 42).

nr. 15 2. marz **Tilskipun fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum**[1]. (St. A. 70).

nr. 19 15. júní **Reglugjörð fyrir veðdeild þá, er stofnuð er við landsbanka Íslands í Reykjavík samkvæmt lögum 12. janúar 1900.** (St. A. 94).

20. júní **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Aðalbjargar Ásbjarnardóttur frá Austur-Skálanesi, til fátækra ekkna í Vopnafjarðarhreppi.** (St. B. 93).

1) Tilsk. $^{13}/_{9}$ 1901 og $^{19}/_{12}$ 1903.

Lög um leyfi til vegalagningar um Arnarhólstún í Reykjavík o. fl. 1900 nr. 21 21. júní

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að leyfa Reykjakaupstað vegalagning um Arnarhólstún. — 2. gr.[1]) Stjórninni er og heimilt að selja Reykjavíkur kaupstað, þegar bæjarstjórnin fer þess á leit, lóðir í norðurhluta Arnarhólstúns eftir dómkvaddra manna mati.

Auglýsing um breytingu á erindisbréfi handa gjaldkera og reikningshaldara holdsveikraspítalans í Laugarnesi. (St. B. 13). 1901 13. marz

Tilskipun um viðauka við tilskipun 28. septbr. 1889 um neyðarbendingar, er viðhafa skal á íslenzkum skipum. (St. A. 8). nr. 4 20. marz

Breyting á reglugjörð fyrir matarhæfi fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík. (St. B. 121). 28. ág.

Lög um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík. nr. 17 13. sept.

1. gr.[2]) — — — 2. gr. Störf þau, sem byggingarnefndin og amtmaður hafa á hendi samkvæmt opnu bréfi 29. maí 1839 viðvíkjandi byggingarnefnd í Reykjavík, skulu liggja undir bæjarstjórnina og ræður hún framvegis byggingarmálum kaupstaðarins sem öðrum málum hans. — 3. gr. Eftir því sem ákveðið verður í samþyktinni um stjórn bæjarmálefna kaupstaðarins,[3]) annast[4]) — — — byggingarnefnd þau störf, sem nefnd eru í 2. gr., og skulu í henni sitja bæjarfógeti og slökkviliðsstjórinn og 4 menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs, 2 þeirra úr sínum flokki. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar, eru skyldir til að taka við

1) L. nr. 29, $^{20}/_{10}$ 1905, 2. gr.
2) L. 19, $^{10}/_{7}$ 1911, 5.—8. og l. nr. 22, $^{22}/_{10}$ 1912.
3) Augl. $^{20}/_{5}$ 1915.
4) L. 1911 og 1912.

1901 nr. 17 13. sept.

kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarstjórnarmenn samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík frá 20. apríl 1872. — **4. gr.** Ef lóðareiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í þeim málum, er greind eru í 2. gr., má hann skjóta honum til landshöfðingja. — **5. gr.** Nú þykir bæjarstjórninni æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur samkvæmt tillögum byggingarnefndarinnar og landshöfðingi staðfestir.[1]) — **6. gr.** 15. og fyrri málsliður 16. gr. í tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík frá 20. apríl 1872 falli úr gildi. — **7. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1902.

nr. 18 13. sept.

Lög um manntal í Reykjavík.[2])

1. gr. Lögreglustjórinn í Reykjavík skal síðari hluta októbermánaðar[3]) ár hvert eftir ítarlegum reglum, er landshöfðingi setur,[4]) gera nákvæma skrá yfir alla íbúa kapstaðarins. Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins eða hafa þar dvöl; þó skal eigi telja gesti og ferðamenn. Skal tilgreina fult nafn hvers manns, fæðingardag, ef þess er kostur, fæðingarár, fæðingarstað, stétt eða atvinnu, hvenær hann hafi fluzt til kaupstaðarins, og lögheimili hans, sé það annars staðar. — Sé einhver eigi viðstaddur þann dag, sem talið er, heldur fjarverandi í ferðalögum eða á annan hátt, skal han engu að síður tekinn í manntalið. — Manntal þetta skal skráð í manntalsbók, er gerð sé eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi ákveður; þar skal og rita þær breytingar, sem á verða frá einu manntali

1) Byggingarsamþykt fyrir Reykjavík $^{7}/_{9}$ 1903.
2) Sbr. l. nr. 4, $^{15}/_{5}$ 1920.
3) Sjá l. nr. 64, $^{22}/_{11}$ 1907.
4) Útgefnar $^{3}/_{6}$ 1902.

til annars jafnskjótt og lögreglustjóri fær vitneskju um það. — **2. gr.** Að viðlagðri alt að 40 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð, er hver húseigandi eða húsráðandi skyldur að gefa sjálfur fullnægjandi skýrslu um alla húsbúa sína, til afnota við manntal það, er þessi lög skipa fyrir um, eða láta annan hæfan mann, sem hann nefnir fyrir lögreglustjóra og hefir aðsetur í kaupstaðnum, gefa skýrsluna fyrir sína hönd. — Að viðlagðri sömu hegningu er hann skyldur að tilkynna lögreglustjóra innan tveggja sólarhringa, er einhver maður, er setja ber á manntalsskrá samkvæmt 1. gr., flytur í hús hans eða úr því. — **3. gr.** Úr bæjarsjóði skal greiða kostnaðinn við manntalið og manntalsskrána, þar með taldar bækur, eyðublöð o. fl., svo og laun til aðstoðarmanna, sem með þurfa auk lögregluþjónanna. — Eftirrit eftir manntalsbókinni skal láta þeim í té, er æskja þess, fyrir 50 aura gjald fyrir örk hverja, og hálfu minna fyrir hálfa örk og minni hluta úr örk[1]). — **4. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál. — **5. gr.** Öllum störfum við manntal og samning manntalsskrár er héðan í frá að því er kaupstaðinn snertir létt af dómkirkjuprestinum[2]). — — —

1901 nr. 18. 13. sept.

Lög fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum. nr. 20 13. sept.

1. gr. Með konunglegri tilskipun[3]) má fyrir þann tíma, er lög þessi gilda, setja reglur um sjerstaklega skrásetning og fiskiveiðaskírteini fyrir skip þau öll, er heima eiga á Íslandi og stunda fskiveiðar í Norðursjónum fyrir utan landhelgi, og samkv. 1. gr. laga 13. des 1895[4]) um skrásetning skipa hafa rétt til þess að hafa

1) L. nr. 57, $^{20}/_{10}$ 1917, 1. gr.
2) S. l. 2. gr.
3) Sbr. tilsk. s. d. og lög þessi og tilsk. $^{10}/_{12}$ 1902 um breyting á henni.
4) Nú l. nr. 29, $^{27}/_{6}$ 1925, 1. gr. Sbr. l. 31, s. d.

1901 nr. 20 13. sept. danskt flagg, svo og um tölusetning og merking skipanna, veiðarfæra þeirra o. fl. Svo má og fyrir sama tima fyrirskipa nánari ákvæði, er miða til þess að halda uppi góðri reglu við fiskiveiðar á téðu svæði, og koma í veg fyrir spell og skemdir á netum og öðrum áhöldum fiskimanna; loks má setja reglur þær, er þurfa þykir, um eftirlit með því að fylgt sé ákvæðum þeim, er gefin verða út samkvæmt framansögðu. — **2. gr.**[1]) Lögreglustjórarnir í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði annast um skrásetning skipanna eftir 1. gr., og eins um mæling þá, sem gjöra þarf í þessu skyni, séu þau eigi þegar eftir hinum almennu reglum mælingarskyld, svo og um útgáfu fiskiveiðaskírteinis og merking skipanna. Fyrir þetta greiðist ekkert gjald, en kostnað við merkingu skipanna skulu skipaeigendur greiða; á þeim hvílir og sú skylda að halda við bókstöfum þeim, tölum og öðrum merkjum, er hafa sett verið. — **3. gr.** Auk skaðabóta þeirra, er menn eftir almennum lögum geta bakað sér með því að hlýða eigi fyrirmælum þeim, er gjörð verða samkvæmt 1. gr., má dæma þá í sekt, alt að 200 kr. — Um sektamál þau og mál um ábyrgð til skaðabóta, þar sem sektir dæmast, fer sem um opinber lögreglumál. — **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild Stjórnartíðindanna, og skulu vera í gildi, meðan samningur sá stendur óhaggaður, er gerður var í Haag 6. maímán. 1882, um löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum.

nr. 22 13. sept. **Lög um viðauka við lög 6. nóvember 1897 um undirbúning verðlagsskráa.**

1. gr. Ef vanræksla verður á því að senda verðlagsskýrslu til sýslumanns innan þess frests, sem ákveðinn er í 2. gr. laga 6. nóvbr. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, eða á öðrum þeim framkvæmdum, sem mælt

---

1) Sbr. l. nr. 29, $^{25}/_{6}$ 1902.

er fyrir um í 1. gr. laganna, skal sá af nefndarmönnum, sem valdur er að vanrækslunni, sæta sektum, alt að því 40 kr., sem renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. — **2. gr.** Aðalskýrslu þá með fylgiskjölum, sem greind er í 2. gr. laganna, er sýslumaður skyldur að senda svo tímanlega, að hún geti verið komin til stiftsyfirvaldanna[1]) í síðasta lagi 15. febrúar ár hvert. — **3. gr.** Með mál út af brotum þeim, sem ræðir um í 1. gr., skal farið sem opinber lögreglumál. 1901 nr. 22 13. sept.

Lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum. nr. 22 13. sept.

Sé skuldunaut veittur gjaldfrestur á vöxtum af skuld, sem fasteignarveð er fyrir, eftir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá helzt eigi forgangsréttur til veðsins fyrir vöxtum þessum gagnvart síðari veðhöfum lengur en eitt ár frá því þeir komu í gjalddaga.

Lög um að stofna slökkvilið á Seyðisfirði. nr. 28 13. sept.

1. gr. Á Seyðisfirði skal stofna slökkvilið. — **2. gr.** Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu skyldir að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivélar og önnur slökkvitól, eftir boði bæjarfógetans eður yfirboðara þess, sem af bæjarstjórninni verður settur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans og gera alt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til þess að slökkva eða takmarka eldinn, eða aðstoðarmanni hans. — Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki amtmanns reglugjörð[2]) fyrir slökkviliðið, og má í henni ákveða sektir alt að 20 kr. fyrir brot gegn ákvæðum hennar, er renni í bæjarsjóð. — **3. gr.** Með mál út af brotum gegn reglu-

1) Sjá nú tilsk. $^{23}/_{8}$ 1904.
2) Reglug. $^{9}/_{5}$ 1910.

1901 gjörð þessari, er ræðir í 2. gr., skal farið sem með
nr. 28 opinber lögreglumál.
13. sept.

nr. 29 **Lög um skipun sótara í kaupstöðum, öðrum en**
13. sept. **Reykjavík.**

Í kaupstöðunum Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði geta bæjarstjórnirnar krafist, að húseigendur láti sótara, er bæjarstjórnin skipar, hreinsa reykháfa í húsum þeirra, svo oft, sem lögreglusamþykt kaupstaðarins ákveður. Gjald fyrir hreinsun reykháfa ákveður bæjarstjórnin með gjaldskrá, er landshöfðingi staðfestir, og má taka gjaldið lögtaki, sem önnur bæjargjöld. Bæjarstjórnin setur með ráði slökkviliðsstjóra hinar nánari reglur um störf sótara.

nr. 30 **Lög um viðauka við lög um prentsmiðjur 4. des.**
13. sept. **1886.**

1. gr. Af öllum tímaritum og blöðum, er út eru gefin einu sinni á mánuði eða oftar, eru allar prentsmiðjur á Íslandi, er nú eru, eða síðar verða stofnaðar, skyldar að láta Landsskjalasafninu í té ókeypis eitt eintak á góðum pappír. — **2. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1902.

nr. 32 **Tilskipun fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við**
13. sept. **fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum.** (St. A. 102).[1])

nr. 34 **Lög um bólusetningar.**
27. sept. **1. gr.** Héraðslæknar skulu, hver í sínu héraði, hafa gætur á og bera ábyrgð á, að bólusetningar fari fram samkvæmt lögum þessum. — **2. gr.** Hverju læknishéraði skal skift í bólusetningarumdæmi, þannig að hvert yfirsetukvennaumdæmi sé jafnframt bólusetningarumdæmi, og skal hlutaðeigandi yfirsetukona vera bólusetjari í sínu umdæmi með eftirliti héraðslæknis. Nú telur

1) Sbr. tilsk. $^{10}/_{12}$ 1902.

héraðslæknir yfirsetukonu ekki færa til þess að annast bólusetningu, eða engin yfirsetukona er í umdæminu, og skipar hann þá einhvern annan, karl eða konu, sem bólusetjara í umdæminu. Héraðslæknir getur og hvenær sem er vikið bólusetjara frá, ef hann gerir ekki skyldu sína, en skýra skal hann þá landlækni frá því með fyrstu póstferð. — Héraðslæknirinn er skyldugur til að veita bólusetjurum í héraði sínu ókeypis kenslu í að bólusetja, ef þeir ekki hafa frá lækni vottorð um, að þeir kunni að bólusetja. Yfirsetukonur njóta kauplausrar kensluí bólusetningu um leið og þær nema yfirsetukvennafræði. — **3. gr.** Bólusetjarar skulu skyldugir til eftir áður að hafa auglýst það, að bólusetja árlega hver í sínu umdæmi að minsta kosti á tveim stöðum á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept., og síðan á 6—9 nátta fresti, að skoða þar alla þá, sem bólusettir voru. — **4. gr.** Hvert barn skal bólusetja áður en það er fullra 3 ára að aldri, ef eigi er sannað með læknisvottorði að það hafi haft bólusótt. Sé barnið veikt á þeim tíma, sem bólusett er, skal fresta bólusetningunni til næsta árs. — Nú er barn orðið fullra 5 ára og hefir ekki verið bólusett sökum þess, að foreldrar þess eða þeir, sem ganga því í foreldra stað, hafa vanrækt, án þess að barnið hafi verið veikt eða önnur lögleg forföll verið fyrir hendi, að færa það til bólusetningar á þeim stað og tíma, sem auglýstur er samkvæmt 3. gr., skulu þá foreldrarnir eða þeir, sem ganga barninu í foreldra stað, greiða 2—20 kr. í sekt, og þar að auki greiða allan kostnað við bólusetning barnsins og skoðun eftir á eftir úrskurði lögreglustjóra. — **5. gr.** Hvert barn skal endurbólusetja á því ári, er það verður fullra 13 ára, ef ekki sannast með vottorði frá löggiltum bólusetjara, að það hafi verið bólusett og bóla hafi komið út á því á síðustu 5 árum. — **6. gr.** Ef bóla kemur ekki út á barni, sem bólusett er samkvæmt 4. gr. eða endurbólusett samkvæmt 5. gr., er sá, sem færa á barnið til bólusetningar, skyldugur að færa það til hinnar reglulegu bólusetningar næsta ár, og ef bólan kemur ekki

1901 nr. 34 27. sept.

heldur þá út, að færa það enn þá einu sinni til hinnar reglulegu bólusetningar næsta ár þar á eftir. — **7. gr.** Bólusetjarar mega einungis nota það bóluefni, er þeir fá frá héraðslækninum, og aldrei taka bóluefni úr börnum eða fullorðnum, nema læknar visi þeim á þá, er taka skuli úr bóluefnið; en ef héraðslæknir bólusetur sjálfur, er honum heimilt að taka bóluefnið úr hverjum þeim, er bólusettur hefir verið að tilhlutun hins opinbera. — **8. gr.** Hver bólusetjari er skyldugur til að gefa út ókeypis vottorð um árangurinn af bólusetningu, er hann hefir annast. — Ekki má ferma barn, fyr en sannað er með slíku vottorði fyrir prestinum, að barnið hafi verið bólusett, eftir að það varð fullra 8 ára, eða með læknisvottorði, að það hafi haft bólusótt. — **9. gr.** Ef bólusóttar verður vart í læknishéraði eða hætta er á að hún berist þangað úr nálægum héruðum, skal lögreglustjóri eftir tillögum héraðslæknis skipa fyrir um almenna bólusetningu í öllu héraðinu eða svo miklum hluta þess, sem héraðslæknir telur nauðsyn til bera. — Landshöfðingi getur í samráði við landlækni fyrirskipað almenna bólusetningu um land alt. — Til þeirrar bólusetningar, er ræðir um í þessari grein, skulu öll börn færð og allir fullorðnir koma, sem ekki hafa annaðhvort haft bólusótt eða verið bólusettir á síðustu 5 árum og bólan komið út á. — **10. gr.** Bæjarstjórnir og sveitarstjórnir skulu í samráði við hlutaðeigandi bólusetjara láta í té ókeypis húsnæði til bólusetninga og bóluskoðana þeirra, er fyrirskipaðar eru í lögum þessum. — **11. gr.**[1]) — — Fyrir ferðir þær, er héraðslæknir þarf að fara samkvæmt lögum þessum, ber honum borgun sem fyrir aðrar ferðir í opinberar þarfir. — Þá er opinber bólusetning fer fram, getur hver sá, sem þess æskir, látið hlutaðeigandi bólusetjara bólusetja sig fyrir borgun þá, er ákveðin er í þessari grein, og hann þá greiðir sjálfur. — **12 gr.** Hverjum löggiltum lækni

1) Sjá l. nr. 16, $^{22}/_{10}$ 1912.

er heimilt að bólusetja, ef hann hagar sér eftir ákvæð- 1901
um þeim, er gilda um bólusetningar. — **13. gr.** Í reglu- nr. 34
gjörð, sem landlæknir semur og landshöfðingi staðfest- 27. sept.
ir, skulu gefin nánari ákvæði um opinberar bólusetn-
ingar og bóluskoðanir. Þar skal til tekið, hvaða bækur
héraðslæknar og bólusetjarar skuli hver um sig halda
og hverjar skýrslur þeir skuli gefa og á hvaða tíma;
ennfremur skal þar vera ákvörðun um skyldur héraðs-
lækna til að hafa handa héruðum sínum birgðir af
kúabóluefni frá hinni konunglegu kúabólusetningar-
stofnun í Kaupmannahöfn. — **14. gr.** Nú kemur ein-
hver ekki til almennrar bólusetningar, sem fyrirskipuð
er og auglýst samkvæmt 9. gr., og varðar það sektum
frá 5—50 kr., nema lögleg forföll banni. — Ef héraðs-
lækni er meinað að taka bóluefni úr manni, varðar
það sektum frá 2—20 kr. — Nú er það barn innan 15
ára, sem eigi kemur til bólusetningar eða meinað hef-
ir verið lækni að taka bóluefni úr, og greiða
þá foreldrar þess sektina eða þeir, sem sjá fyrir því
og ganga í foreldra stað. — Ef einhver fæst við bólu-
setningar án þess að hafa heimild til þess samkvæmt
lögum þessum, þá sætir hann alt að 200 kr. sekt, ef
eigi liggur við þyngri refsing, samkvæmt almennum
fyrirmælum laganna. — Ef bólusetjari brýtur skyldur
þær, er á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða
reglugerð þeirri, er 13. gr. getur um, þá varðar það
sektum alt að 100 kr. — Prestur sá, er brýtur ákvæðið
í 2. hluta 8. greinar, sætir sektum frá 20—100 kr. —
Nú gætir bólusetjari eigi tilhlýðilegrar varkárni við
bólusetning og verður þess valdandi, að næmur sjúk-
dómur berst á heilbrigða menn, og sætir hann þá 50
—200 kr. sekt, ef eigi liggur þyngri refsing við sam-
kvæmt almennum fyrirmælum laganna. Sé það em-
bættislæknir, er slíkt gjörir, getur það varðað hann em-
bættismissi, ef miklar sakir eru. Sektir samkvæmt lög-
um þessum renna í landssjóð. — **15. gr.** Með mál um
brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lög-

1901 nr. 34 27. sept. reglumál. — 16. gr. Lög 26. febrúar 1898 um bólusetningar eru úr gildi numin. — 17. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1903.

nr. 38 8. nóv.

Lög um tékk-ávísanir.

1. gr.. Tékk-ávísun skal svo gjöra, að hún tilgreini: nafnið tékk-ávísun eða check með berum orðum í sjálfum textanum; hve mikla peninga borga skuli; þann, er taka á við borguninni; nafn þess, er á að leysa til sín tékk-ávísunina (greiðanda); hvar borgun skuli greiða; stað og dag, er tékk-ávísun er út gefin, og undirskrifað nafn útgefanda. — Tékk-ávísun má aðeins hljóða um borgun jafnskjótt sem hún er sýnd (við sýning, þegar krafist verður, eða því um líkt); álíta skal, að gjalddagi sé við sýning hennar, þegar enginn gjalddagi er nefndur. — Sá staður, er getið er við nafn greiðanda, skal vera greiðslustaður, þegar annar staður er eigi til tekinn. — Sé fjárhæð sú, er greiða skal, nefnd oftar en einu sinni, og eigi hin sama, gildir hin minsta upphæð. — Sé í tékk-ávísun gefið loforð um vexti, skal álíta loforð það sem óskráð. — **2. gr.** Tékk-ávísun má hljóða um borgun til handhafa. Ef hún hljóðar um borgun til nafngreinds manns eða handhafa, skal álíta, að hún sé gefin út til handhafa, nema að því, er snertir ákvæði 10. gr. — **3. gr.** Ákvæði þau, sem sett eru í víxillögum fyrir Ísland 13. janúar 1882 um framsal víxla, um ábyrgð útgefanda og framseljanda, um borgun víxla, um fullnustu fyrir greiðslufall og um fyrning á víxilkröfum, skulu, með þeim breytingum, sem leiða af ákvæðum laga þessara, einnig gilda um tékk-ávísanir. — **4. gr.** Framsal tékk-ávísunar verður eigi, svo gilt sé, ritað á eftirrit af henni. — **5. gr.** Hljóði tékk-ávísun um borgun til handhafa, má með framsalsáritun ákveða, að hana skuli borga til nafngreinds manns. — **6. gr.** Með framsali á tékk-ávísun til greiðanda fær hann ekki fullnusturétt gegn útgefanda eða framseljendum, nema greiðandi hafi fleiri en eina

starfsdeild, og framselt hafi verið annari deild en þeirri, sem á tékk-ávísuninni er tilgreind sem greiðandi.–Tékk-ávísun, sem framseld hefir verið greiðanda, má ekki síðan framselja öðrum. — **7. gr.** Ef orðin „til banka eða bankara“ eða önnur áritun, er þýðir hið sama, stendur milli tveggja þverstrika framan á tékk-ávísun, má ekki greiða borgun fyrir hana neinum öðrum en banka eða bankara. Ef nafn ákveðins banka eða bankara stendur á milli strikanna, má aðeins greiða honum borgunina. — Ráðstöfun þessa getur bæði útgefandi gjört og hver eigandi tékk-ávísunar, og má eigi taka hana aftur né breyta henni; þó má síðar bæta við nafni ákveðins banka eða bankara, sé hann eigi áður til tekinn. — Að því er ákvæði greinar þessarar snertir teljast allir sparisjóðir með bönkum. — **8. gr.** Ef samþykki er ritað á tékk-ávísun, er sú áritun þýðingarlaus. — **9. gr.** Ef eiganli tékk-ávísunar vill halda fullnusturétti sínum gegn útgefanda og framseljendum, verður hann að sýna tékk-ávísunina til borgunar innan þess frests, sem settur er í 10. gr. Að hún hafi sýnd verið og borgun eigi fengist, skal sanna annaðhvort með því að láta innan loka sýningarfrestsins fram fara afsagnargjörð samkvæmt reglunum um víxilafsagnir, eða með yfirlýsing á tékk-ávísuninni, sem undirrituð er af greiðanda eða einhverjum fyrir hans hönd, og sem tilgreinir þann dag, er sýnt var. Sé hin síðar greinda aðferð höfð, skal telja frestinn til tilkynningar þeirrar, er 45. gr. víxillaganna ákveður, frá þeim degi, er yfirlýsingin segir að sýnt hafi verið. — Áskorun um að afsagnargjörð skuli eigi fram fara, hefir þær afleiðingar, sem 42. gr. víxillaganna ákveður. — **10. gr.** Tékk-ávísun, sem borga skal á sama stað hér á landi og hún er gefin út, skal sýna til borgunar í síðasta lagi innan þriggja nátta frá útgáfu hennar, ef hún hljóðar um borgun annaðhvort til handhafa, eða til nafngreinds manns á þeim stað (hvort sem bætt er við „eða handhafa“ eða ekki). Aðrar tékk-ávísanir, sem borga á hér á lanli, skal í

1901 nr. 38 8. nóv.

seinasta lagi sýna til borgunarinnan tíu nátta frá útgáfudegi þeirra, eða, ef lengri tíma en 5 daga þarf til þess að senda þærá venjulegan hátt frá útgáfustaðnum til fyrsta móttakanda og frá honum til greiðslustaðarins, þá í síðasta lagi innan fimm nátta frá því sá tími er liðinn, sem þörf var á til að senda þær. Ef í tékk-ávísun, sem hljóðar um borgun til nafngreinds manns (hvort sem bætt er við „eða handhafa" eða ekki), hjá nafni mannsins er til greindur staður, skal álíta, að hann búi á hinum tilgreinda stað. — Ef frestur sá, er ákveðinn er hér á undan, er á enda á sunnudegi eða öðrum almennum helgidegi, má svo gilt sé sýna tékk-ávísunina næsta virkan lag. Á sama hátt koma ákvæði 92. gr. víxillaganna til greina. — Sýningartími tékk-ávísana, sem borgast eiga erlendis, fer eftir reglum þeim, sem gilda á greiðslustaðnum. — **11. gr.** Sex mánaða- eða ársfrestur sá, sem fullnustukrafa eiganda tékk-ávísunar fyrnist á (78. gr. víxillaganna), telst frá útgáfudegi ávísunarinnar. — **12. gr.** Sé fullnustukrafan fyrnd eða týnd fyrir vangeymslu á henni, koma ákvæði 93. gr. víxillaganna hér til greina. Skal álíta, að útgefandi hafi unnið svo mikið fé úr hendi eiganda tékk-ávísunar, sem hún hljóðaði um, nema annað verði gjört sennilegt. — **13. gr.** Ef tékk-ávísun hefir glatast, má, hvort sem hún hljóðar á nafn eða handhafa, fá ógildingardóm á henni samkvæmt gildandi ákvæðum um ógildingardóma á skuldabréfum alment. Þegar stefna í ógildingarmálinu er löglega birt, er útgefandi skyldur að gefa út nýja tékk-ávísun. — **14. gr.** Ákvæðin í 84.—86. gr. víxillaganna um það, hve útlend lög koma til greina, eiga og við um tékk-ávísanir; þegar þessum lögum er beitt, skal þó álíta peningaávísun sem gilda tékk-ávísun, ef hún er gjörð samkvæmt reglum þeim, er gilda á greiðslustaðnum um tékk-ávísanir. — **15. gr.** Um mál, er sótt er til fullnustu fyrir tékk-ávísanir, fer eftir ákvæðum laga 13. janúar 1882 um víxilmál og víxilafsagnir. — **16. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1902.

Lög um kirkjugarða og viðhald þeirra. 1901 nr. 39 8. nóv.

1. gr. Eiganda eða umráðanda kirkju er skylt að leggja til hæfilegt kirkjugarðsstæði eða grafreit, svo og hleðsluefni í girðingu, þó svo, að þær kvaðir, sem í þessu efni þegar liggja á jörðum eða lóðum, þar sem kirkjur standa, haldist óbreyttar. — **2. gr.** Sóknarmönnum, sem gjalda til prests og kirkju, er skylt að koma upp fullnægjandi girðingu um kirkjugarð sinn með hliði og grind og halda henni við. — **3. gr.** Þegar kirkjugarð þarf að byggja eða endurbyggja, skal prestur í samráði við sóknarnefnd boða til almenns safnaðarfundar með nægum fyrirvara og taka fundarefni skýrt fram. Á þeim fundi skal ákveða fyrirkomulag girðingarinnar og úr hvaða efni hún skal vera. Ályktun sú, sem gerð er með ⅔ atkvæða þeirra sóknarmanna, sem á fundi eru, er bindandi bæði fyrir þá, sem eru í minni hluta, og eins þá, sem ekki hafa mætt á fundinum, þó því að eins, að helmingur atkvæðisbærra manna hafi mætt. Nú mætir eigi helmingur, og skal þá aftur boða til fundar á sama hátt, og gildir þá ályktun ⅔ þeirra atkvæðisbærra manna, er á fund koma, þó að eigi hafi mætt helmingur, enda hindri eigi farsótt eða ófært veður. — **4. gr.**[1]) Sóknarnefndin skal að öllu leyti sjá um framkvæmd verksins. Skal hún, ef þörf er á, gera áætlun um það eða kostnaðinn við það, semja reikning yfir kostnaðinn að verkinu afloknu og jafna honum niður á sóknarmenn, þannig að helmingurinn greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern tilskyldan mann. — Niðurjöfnun þessi skal birt á kirkjufundi og lögð fram til sýnis á kirkjustaðnum í tvær vikur. — **5. gr.** Nú vill einhver kæra niðurjöfnun sóknarnefndar og skal hann þá hafa gert það í síðasta lagi tveim vikum eftir, að niðurjöfnunin hefir verið birt við sóknarkirkjuna og lögð fram almenningi til sýnis. Sóknarnefnd er skyld að taka kæru

---

Sbr. l. nr. 36, $^{10}/_{11}$ 1907, 9. gr., l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 6. gr.

1901 nr. 39 8. nóv.

til úrskurðar tveim vikum eftir að hún hefir borist henni í hendur. Vilji kærandi ekki hlíta úrskurði sóknarnefndar, getur hann með sama fresti frá birtingu úrskurðarins skotið máli sínu til héraðsfundar, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið. Skyldur er þó kærandi að greiða gjald það eða vinnu, sem lagt hefir verið á hann, gegn því, að fá síðar endurgoldið það, sem hann eftir úrskurði kann að hafa of goldið. Eindagi á þessum gjöldum er mánuði eftir að niðurjöfnun hefir verið birt á kirkjustað, nema sóknarnefnd gefi lengri gjaldfrest. — Að því leyti, sem því verður við komið að áliti sóknarnefndar, og eftir fyrirkomulagi girðingarinnar, mega þeir, sem þess óska, inna af hendi gjald sitt með vinnu, eftir ákvæði sóknarnefndar. — **6. gr.** Ef sóknarmaður eigi greiðir tillag sitt til girðingarinnar á þeim tíma, sem sóknarnefnd ákveður, né heldur vinnur af sér gjaldið, má taka það lögtaki. — **7. gr.** Nú vilja sóknarmenn leggja kirkjugarð niður, skal þá boða til almenns safnaðarfundar, svo sem fyrir er mælt í upphafi 3. greinar. Er sú ákvörðun gild, sem gerð er með ⅔ atkvæða atkvæðisbærra manna, ef samþykki prófasts og biskups kemur til. — Ef enginn atkvæðisbærra sóknarmanna mótmælir, má þegar slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð og gera hann að grasreit, með umsjón sóknarnefndar eftir ákvæðum 2. og 4. gr., en sóknarmenn skulu vinna verkið. — Nú mótmælir einhver atkvæðisbærra sóknarmanna, og skal þá niðurlögðum kirkjugarði halda við með sómasamlegri, gripheldri girðingu að minsta kosti í 15 ár, og lengur, ef það verður ákveðið með meiri hluta atkvæða á almennum safnaðarfundi, sem stofnað er til samkv. 3. gr. Á meðan niðurlögðum kirkjugarði er við haldið, má þar jarða einstaka menn, ef þess er óskað, svo framarlega sem rúm leyfir og klukka er þar til líkhringingar. — Að 15 árum liðnum frá því kirkjugarður var lagður niður og hætt að grafa þar alment, eru sóknarmenn eigi lengur skyldir að halda girðingunni við, nema öðruvísi hafi verið ákveðið. Eru

þá legsteinar og minnismerki í garðinum að öllu leyti í ábyrgð vandamanna hinna látnu; en heimilt er þeim að halda slíkum grafreitum óhögguðum, ef þeir viðhalda þar sæmilegri girðingu. Að öðru leyti skal slétta yfir garðinn, svo sem fyr er sagt, og hann gerður að grasreit, sem fellur undir umráð kirkjuhaldara. — Niðurlagðan grafreit má ekki hafa til haugstæðis né annarar slíkrar notkunar. Þar má eigi neitt jarðrask gera, svo sem með kjallaragrefti, skurðagjörð eða öðru slíku, fyr en liðin eru 50 ár frá því grafreiturinn var síðast notaður til líkgreftrunar. — Séu í niðurlögðum kirkjugarði merkilegir eða fornir legsteinar, en engir vandamenn hins látna á lífi, er annast um þá, skal hlutaðeigandi prestur þegar tilkynna það stiptsyfirvöldunum fyrir milligöngu prófasts. Leita stiftsyfirvöldin þá álits umsjónarmanns Forngripasafnsins og formanns Fornleifafélagsins, og skal því næst svo með legsteina þá fara, sem kirkjustjórnin mælir fyrir um. Þegar slétt að er yfir niðurlagðan kirkjugarð og þar eru legsteinar eða önnur minnismerki á legstöðum, sem eigi heyra undir ákvæði síðustu málsgreinar, en enginn leiðir sig að eða hirðir um, segir prófastur fyrir um, hvernig með skuli fara; en það skal vera meginregla, að fara sem hlífðarsamlegast með alt slíkt, og varðveita það fyrir skemdum og eyðingu, svo sem unt er. — **8. gr.** Með reglugjörð, sem biskup semur, prestastefna (synodus) samþykkir og landshöfðingi staðfestir[1]), skal nánar ákveðið um ýms atriði, sem snerta kirkjugarða, svo sem um friðhelgi þeirra, meðferð grafreita, tilhögun á greftri og fleira þess háttar. — **9. gr.** Reglugjörð 17. júlí 1782, 15. gr., að því leyti, sem hún snertir kirkjugarða, og viðaukalög 12. maí 1882 við lög 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda, að svo miklu leyti þau ná til kirkjugarða, eru hér með úr gildi numin.

---

1) Reglugjörð $^{10}/_{8}$ 1902.

1901 nr. 40 8. nóv

Lög um viðauka og breyting á tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa.[1])

1. gr. Amtmanni er heimilt að valdbjóða almenna skoðun og böðun sauðfjár, einangrun fjár og sótthreinsun fjárhúsa í amti sínu, þótt eigi sé fullsannað, að kláða hafi orðið vart þar, sem ráðstöfunin er valdboðin, en hafa verður amtmaður til þess ráð dýralæknis eða annars kláðafróðs manns. — 2. gr. Eftirlitsmann eða eftirlitsmenn má setja í sýslu hverri, sýslumanni til aðstoðar. Amtmaður tilnefnir eftirlitsmann eftir tillögum sýslunefndar. Eftirlitsmaður gegnir starfi sínu í 3 ár í senn, og sé honum greidd þóknun úr sýslusjóði. Eftirlitsmaður hafi glöggar gætur á heilbrigði sauðfjár í sýslunni, eða þeim hluta sýslu, sem honum er falin til eftirlits, og gætir þess, að farið sé eftir ráðstöfunum valdstjórnarinnar, enda skýri hann sýslumanni tafarlaust frá því, er hann kann að verða var við á eftirlitsferðum sínum og máli skiftir. — 3. gr. Nú verður kláða vart frá byrjun rétta til jólaföstu, og skulu hinar sjúku kindur þá skornar þegar í stað, nema fjárhafi kjósi heldur, að hreppstjóri taki við umsjón þeirra meðan á lækningunni stendur, en borga verður fjárhafi þá kostnað allan, er af því leiðir, annan en böðunar og sótthreinsunarlyf. — 4. gr. Amtmenn annast um, að böðunar- og sótthreinsunarlyf til lögskipaðra ráðstafana séu jafnan til taks hvervetna þar, sem þörf er á. Andvirði lyfjanna greiðist úr landssjóði, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustað strandsiglingaskipanna, geymslu þeirra og afhending; en þangað vitja fjárhafar þeirra á sinn kostnað. — Allur annar kostnaður, er leiðir af lögskipuðum ráðstöfunum, þegar öðruvísi stendur á en gjört er ráð fyrir í næstu grein á undan, greiðist úr sjóði hrepps þess eða kaupstaðar,

1) Sbr. l. nr. 58, $^{30}/_{11}$ 1914.

er hlut á að máli. — **5. gr.** Nú verður sauðkind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja hreppstjóra eða aðstoðarmanni hans til um það, enda einangri fjárhafi kindina þangað til næst til annarshvors. — **6. gr.** Nú brýtur einhver lög þessi, tilskipun um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, 5. janúar 1866, eða tilskipun um viðauka við nýnefnda tilskipun 4. marz 1871, og verður hann þá útlægur 5—200 kr., er renni í sýslusjóð þar, sem brotið er framið, enda sé farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál. — **7. gr.** Ákvæðin í 3. gr. tilsk. 5. janúar 1866 eru úr gildi numin að því, er snertir niðurjöfnun á þóknun fyrir störf hrppstjóra og aðstoðarmanna þeirra, samkvæmt 1. og 2. gr. tilskipunarinnar. Jafnframt er seinni málsgrein í 6. gr nefndrar tilskipunar og sektarákvæðin í 7. gr. feld úr gildi. 1901 nr. 40 8. nóv.

Lög um bann gegn verðmerkjum og vöruseðlum. nr. 41 8. nóv.

1. gr. Enginn má búa til, flytja inn eða gefa út neins konar verðmerki, hvorki myntir né seðla, er gengið geti manna á milli sem gjaldeyrir, hvort sem ætlast er til, að verðmerkin séu innleyst með peningum eða vörum. Þó er brauðgjörðarmönnum heimilt, að gefa út brauðseðla, eins og tíðkast hefir til þessa. — **2. gr.** Þeir, sem gefið hafa út verðmerki eða vöruseðla til gjaldeyris við viðskiftamenn, áður lög þessi öðlast gildi, skulu hafa innleyst merkin og seðlana fyrir 1. júlí 1902. Eftir þann tíma eru þeir skyldir að borga handhöfum í peningum upphæð þá, er merkin eða seðlarnir hafa táknað að ákvæðisverði. — **3. gr.** Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 100—1000 króna, er renna í landssjóð. Mál, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Lög um að landssjóður Íslands kaupi jörðina Laug (St. A. 202). nr. 43 8. nóv.

1901 nr. 45 8. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Neshreppi utan Ennis innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.** (St. A. 206).

nr. 46 8. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar við Sandgerðisvík (á Miðnesi) í Gullbringusýslu.** (St. A. 208).

14. nóv. **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum í Skagafjarðarsýslu.** (St. B. 227).

10. des. **Skipulagsskrá fyrir legat geheimekonferensráðs C. Liebes** (St. B. 1902 11).

nr. 50 20. des. **Lög um samþyktir um ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi.**

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþyktir um ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi á þann hátt og með þeim takmörkum og skilyrðum, sem sett eru með lögum nr. 34, 11. des. 1891, um kynbætur hesta, 2., 3. og 4. gr. — **2. gr.** Í samþyktum þessum skal kveða á um, hverir gripir og með hverjum skilyrðum skuli teknir í ábyrgð, upphæð iðgjalda, greiðslu þeirra til ábyrgðarsjóðsins og eftir hvaða mælikvarða skaðabætur skuli goldnar. — **3. gr.** Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um stjórn sjóðanna og eftirlit það, er þarf til þess að samþyktarinnar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða. — **4. gr.** Iðgjöld má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885. — **5. gr.** Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir, 1—20 kr., er renni í ábyrgðarsjóð. — **6. gr.** Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

nr. 51 20. des. **Lög um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði með nót.**

1. gr. Þilskipum má ekki án samþykkis landeiganda eða ábúanda leggja við festar að haustinu eða í vetrarlegu þar, sem tíðkast síldar- eða upsaveiði með nót, þannig, að þau á nokkurn hátt tálmi veiðinni. Sé það

gjört, kærir landeigandi eða ábúandi fyrir lögreglu- 1901
stjóra, er kveður með sér tvo kunnuga, óvilhalla menn, til að álíta, hvort skipið liggi svo, að það tálmi veiðinni. Úrskurði þeir, að svo sé, og annað jafntrygt lægi sé fáanlegt í nánd, er heimilt að færa skipið úr stað eftir tilvísun lögreglustjóra, svo framarlega að eigandi skipsins eða umsjónarmaður þess ekki gjörir það tafarlaust, eftir að honum hefir verið birtur úrskurðurinn.— **2. gr.** Kostnað þann, sem leiða kann af færslu skipsins, skal skipseigandi greiða. Ferðakostnað lögreglustjóra og borgun fyrir álitsgjörðina greiðist af gjörðarbeiðanda samkvæmt 5. gr. laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o. fl. 13. marz 1891[1]).

Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra 1902
skinna og húða. nr. 3
14. febr.

1. gr. Stjórnarráðinu fyrir Ísland veitist heimild til að banna að flytja hingað til lands frá útlöndum ósútaðar húðir eða ósútuð skinn, nema söltuð sé og óhert, eða enn frekari trygging sé fyrir því, að ekki felist í þeim sóttnæmi.[2]) — **2. gr.** Brot gegn slíku banni varða sektum, 200—1000 kr., og liggi þó eigi þyngri hegning við að lögum; skinn og húðir skulu og upptæk og ónýtt á opinberan kostnað, enda renni sektir í landssjóð. — **3. gr.** Mál út af téðum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Lög um greiðslu verkkaups. nr. 4
14. febr.

1. gr. Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á þilskipum, sem á fiskiveiðar ganga eða hvalaveiðar, hvort sem eru seglskip eða gufuskip, nema

1) L. nr. 75, $^{14}/_{11}$ 1917.
2) Sjá augl. $^{12}/_{7}$ 1902.

1902 nr. 4 14. febr. verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum, daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið. — **2. gr.** Nú vinnur maður ákveðið verk fyrir ákveðið kaup (accord) að einhverri þeirri atvinnugrein, er 1. gr. hljóðar um, og fer um greiðslu þess eins og segir í 1. gr.

17. marz **Reglugjörð fyrir útbú Landsbankans á Akureyri.** (St. B. 58).

3. maí **Ýtarlegar reglur um manntal í Reykjavík.** (St. B. 68).

nr. 8 14. maí **Auglýsing um ásigkomulag ljóskera og hljóðbendingarverkfæra, er viðhafa skal á íslenzkum gufuskipum og seglskipum, og hvernig þeim skuli fyrir komið.**

Með skírskotun til konungstilskipunar, er gefin var út 20. janúar 1899 um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenzkum skipum, þykir stjórnarráði Íslands ástæða til að gjöra almenningi hér með kunnugt, að eigi verður álitið, að ákvæðum tilskipunarinnar, um skipsljósaburð, sé fullnægt, nema því að eins, að ásigkomulag ljóskera þeirra, er notuð eru, sé þannig og þeim þannig fyrir komið, að það fullnægi kröfum þeim, er auglýsing þessi greinir og í öllum aðalatriðum eru samhljóða reglum þeim, er standa í reglugjörðum fyrir skipaumsjónarmenn hins brezka verzlunarráðuneytis (Board of Trade Surveyors), sem fengið hafa vald til að skoða einnig ljósker á útlendum skipum. — Hið sama gildir með tilliti til eftirgreindra reglna um ásigkomulag hinna fyrirskipuðu hljóðbendingaverkfæra og hvernig þeim skuli fyrir komið. — Mælikvarðinn, sem viðhafður er hér, er enskur. — **A.** Á s i g k o m u l a g l j ó s k e r a n n a. — (Sbr. tilskipun 20. janúar 1899, 2., 3., 4., 5., 7., 10. og 11. grein). — H l i ð a r l j ó s k e r. — Ljóskerin. Ljóskerin skulu vera þann-

ig löguð, að vindurinn geti ekki slökt á lampanum eða hreyfingar skipsins í vondu veðri, og ekki heldur rigning eða sjávargusur, og verður hann að loga jafnt án þess að rjúki; nægilegt loft skal þó geta streymt inn, svo logi vel á lampanum og ljóskerið hitni ekki um of. Ljóskerin skulu ennfremur vera þannig löguð, að þau beri samfelda birtu yfir 10 áttastrik=112½° beint framundan og 2 strik = 22½° aftur fyrir þverskipsstefnu. Breidd hliðanna má eigi vera minni en 9", og hæð þeirra upp undir þak ljóskersins ekki minni en 11". Álma sú eða stöng, sem festa skal ljóskerið með við ljóskershlífina, má ekki vera minni en 2" á breidd og ⅜" á þykt, og skrúfnaglinn, sem ljóskerið er fest með, ekki minni en ⅜" að þvermáli. — Geislagler og lituð gler. Fresnelsk geislagler til þess að auka ljósmagn logans skal eingöngu nota til hliðarljósa; þau skulu vera úr krónu- eða tinnugleri og með réttu lagi, slípuð og laus við blöðrur eða aðra galla, sem geti minkað sjónarsviðið. Þau mega eigi vera lituð eða gjör úr lituðu gleri. Lárjettur þverskurður geislaglers skal vera hringgeiri og hæð geislaglersins má ekki vera minni en geisli (radius) hringsins. Bogi geislaglersins má ekki vera minna en 120°. Geislaglerið skal ennfremur vera svo lagað, að sjónarsviðið á dimmri nótt í heiðskíru veðri sje með 20° halla yfir eða undir láréttunni að minsta kosti 1 mílufjórðungur. Litur hliðarljósanna skal fram leiddur með lituðum glerþynnum, sem settar eru innan við geislaglerin. Glerþynnan stjórnborða megin skal vera með blágrænum lit, en bakborða megin með kopar- eða gullroðasteinslit. Litmagnið verður að vera þannig, að hægt sje að greina litinn í fjarlægðum þeim, sem tilteknar eru í konungstilskipun frá 20. janúar 1899. Hinar lituðu glerþynnur skulu vera í umgjörð úr málmi og þannig fyrir komið, að þær geti eigi gengið úr skorðum. Hvort glerið um sig má einungis vera mátulegt í það ljósker, sem það á heima í, þannig að blágræna glerþynnan einungis sé mátuleg í stjórnborða- og sú rauða einungis í

1902 nr. 8 14. maí

bakborðaljósker. Það á ekki að vera hægt að loka hurðinni á ljóskerinu, ef röng glerþynna er í því, eða glerþynnan er ekki á sínum stað. — Lampinn og ljósmetið. Hliðarljóskerin skulu vera löguð fyrir lampa undir olíu úr steinaríkinu eða gróðurríkinu eða rafmagnsljós. Það leyfist ekki að nota sama lampa bæði fyrir olíu úr steinaríkinu og gróðurríkinu. Flatir kveikir fyrir olíu úr steinaríkinu mega ekki vera minna en 1" á breidd og fyrir olíu úr gróðurríkinu ekki minna en 1¾". Kveikbreiddin, mæld hornrétt á kjölstefnu skipsins, má ekki vera minni en 1" og ekki meiri en 2", og kveikpípunni skal þannig fyrir komið, að hún geti ekki gengið úr skorðum eða snúizt. Þegar hringlogalampar eru við hafðir, verða þeir að vera með kosmos-kveikpípu, og má þvermál hennar milli ytri barmanna ekki vera minni en ⅞". Þegar lampaglös eru við höfð, verða þau að vera með bezta lagi og gæðum, og hafa skal að minsta kosti 5 varaglös til hvers ljóskers. Olíuílát lampans verður að vera svo stórt, að það taki svo mikið af olíu, sem lampinn brennir í 16 stundir að minsta kosti, þó verður það að vera þannig lagað, að það hindri ekki geisla þá, sem stefna neðst á geislaglerið, frá að skína í gegnum það. Öll ljósker, sem rafmagnsljós er haft í, skulu vera þannig gjörð, að hægt sé tafarlaust að láta lampa fyrir olíu úr steinaríkinu eða gróðurríkinu í stað rafmagnsljóssins; séu þau ljósker eigi þannig gjörð, skal hafa jafnmörg af hinum til taks hvenær sem á þarf að halda. Í ljóskerum með rafmagnsljósi má einungis vera gagnsær glóðarlampi með einum ljósþræði og skal ljósmagn hans vera minst 25 og mest 32 meðalljósa; skal á honum vera verksmiðjumerki, sem ábyrgist ljósmagn hans. Breiddin á bugðu ljósþráðarins, mæld hornrjett á kjölstefnuna, má ekki vera minni en 1" og ekki meira en 2". Rafmagnslampa með ljósþræði skal þannig fyrir komið í ljóskerinu, að hann geti eigi gengið úr skorðum eða snúizt. Hafa skal til vara á skipinu hæfilega marga glóðarlampa til taks hvenær sem á þarf að halda.

Lampinn verður að standa þannig í ljóskerinu, að loginn sé lóðrétt undir reykháfnum. Hann skal standa þannig gagnvart geislaglerinu, að hinn skærasti hluti logans, eða ljósþráðurinn í rafmagnslömpum, sé í miðdepli þess hringboga, sem kemur fram við láréttan skurð gegnum miðju geislaglersins, og þegar lampinn með í-látinu er settur í ljóskerið, á hann einungis að geta staðið þannig. — Afturkastsspegillinn. Afturkastsspegillinn skal vera úr nýsilfri eða kopar, silfraður að innanverðu og vel fágaður. Innri flöturinn á að vera kúluhringgeiri. Loginn skal vera í miðdepli þess kúluyfirborðs, sem kúluflötur afturkastsspegilsins er hluti af. Afturkastsspegillinn á að vera svo stór, að geislarnir, sem hann kastar frá sér, nái út til yztu randa geislaglersins, en má ekki vera svo stór, að hann hindri neina af hinum beinu ljósgeislum frá að hitta geislaglerið. Staða afturkastsspegilsins verður að vera trygð þannig, að hann geti ekki gengið úr skorðum þegar lampinn er á sínum stað í ljóskerinu. Með rafmagnsljósi má eigi hafa afturkastsspegil. — Toppljósker. Um loftræsing ljóskeranna gilda sömu ákvæði og um hliðarljóskerin. Ljóskerið skal vera þannig lagað, að skært hvítt ljós lýsi samfelt boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 20 áttastrikum = 225°, og þannig, að það beri birtu yfir 2 áttastrik =22½° aftur fyrir þverskipsstefnu, bæði á stjórnborða og bakborða. Bakhlið ljóskersins skal vera að minsta kosti 9" á breidd og í minsta lagi 11" á hæð undir þakið. Í toppljósker skal einungis nota litlaus, slípuð, rétt löguð, fresnelsk geislagler. Hæð geislaglersins má aldrei vera minni en geisli (radius) þess, bogi þess skal, að umgjörðinni frá taldri, vera 225°, ennfremur skal geislaglerið svo lagað, að sjónarsviðið sé með 20° halla yfir eða undir láréttunni að minsta kosti 3 mílufjórðungar. Um kveiki, glös, kveikpípur og rafmagnsljós gilda sömu ákvæði og um hliðarljóskerin. — Afturljósker. Afturljóskerið skal vera þannig lagað og með svofeldum hlífum, að það

1902 nr. 8 14. maí

beri samfelda birtu yfir 12 áttastryk = 135° af sjóndeildarhringnum, sem sé beint aftur undan og 67½° til hvorrar hliðar. Í þetta ljósker má nota litlaus geislagler eða bogamyndað gler með jafnri þykt. Breidd kveiksins eða þvermál kveikpípunnar má fyrir olíu úr steinaríkinu ekki vera minni en ¾" og fyrir olíu úr gróðurríkinu ekki minni en 1¼". — Akkerisljósker. Ljóskerið skal vera þannig lagað, að það beri samfelda birtu umhverfis á alla vegu. Geislaglerið má ekki vera minna en 8" að þvermáli. Breidd kveiksins eða þvermál kveikpípunnar má fyrir olíu úr steinaríkinu ekki vera minna en ¾" og fyrir olíu úr gróðurríkinu ekki minna en 1¼". — Rauð bendingaljósker. Sömu ákvæði og um akkerisljósker gilda um rauð bendingaljósker. Hið rauða ljós má framleiða með því að setja rauðan glerhjúp um ljósið. — **B.** Hvernig ljóskerunum skal fyrir komið. (Sbr. tilskipun 20. janúar 1899, 2., 3., 4., 5., 7., 10. og 11. grein). — Hliðarljósker. Hlífarnar skulu vera 36" að lengd frá sjálfu ljósinu til skuggalistans, og skulu, ef þær eru úr tré, vera 1¼ á þykt. Skuggalistarnir skulu vera 2" á þykt og gjörðir ávalir eins og sést á myndinni (2. mynd). Hlífarnar skulu ætíð settar svo, að þær séu jafnhliða kjöllínunni og ljóskerin standa þannig, að línan frá innri hlið kveiksins til forrandar hlífarinnar sé einnig jafnhliða kjöllínuni (2. mynd a, b og c). Hlífarnar má ekki hafa í reiðanum, en skulu settar á skipshliðina eða hina föstu hluta skipsins eða, ef nauðsyn ber til, á hagkvæmar, traustar álmur, er ganga út frá sjálfu skipinu. Séu hlífarnar settar á hræranlegar bjúgstengur, bogadregnar út yfir hliðar skipsins, skulu við stengur þessar hafðar traustar skorður, er þannig séu mátaðar, að hliðarljóskerin, þegar skorðurnar eru á réttum stað, lýsi í þær stefnur, sem ákveðnar eru í tilskipuninni. Á seglskipum, sem eru undir 80 smálestum (brúttó), líðst þó að hafa hlífarnar í reiðanum. Hliðarljóskerin skulu sett svo framarlega á skipinu, sem því verður við

komið, og þess verður að gæta, að ljósið lýsi samfelt yfir hinn fyrirskipaða boga sjóndeildarhringsins, og að það felist ekki í neinni átt bak við segl, reiða eða aðra hluti og ekki heldur menn á skipinu. Ef hliðarljósin eru sett í stólpa, verður staða þeirra, hæð og byggingarlag að vera þannig, að ákvæðum tilskipunarinnar um ljós þessi sé í öllu fylgt. — T o p p l j ó s k e r i.ð. Sérhvert gufuskip skal hafa umgjörð á sjálfum framsigluhúninum til að láta toppljóskerið standa í, eða að öðrum kosti skal ljóskerið hengt upp fyrir framan framsigluhúninn undir sérstakt stag í kvísl, sem á málmpípu rennur á staginu. Ef enginn framsiglúhúnn er, skal toppljóskerið upp sett á annan fullnægjandi hátt. Þegar ljóskerið er sett upp, ber að gæta þess, að ljósið lýsi samfelt yfir hinn fyrirskipaða boga sjóndeildarhringsins og að það felist eigi í neinni átt bak við segl, reiða eða aðra hluti. — A k k e r i s l j ó s k e r. Þegar komið skal fyrir akkersljóskerunum, öðru eða báðum, eftir því, sem ákveðið er í tilskipuninni, verður að gæta þess, að ljósið lýsi samfelt umhverfis á alla vegu. — C. H l j ó ð b e n d i n g a r v e r k f æ r i. (Smbr. tilskipun 20. janúar 1899, 15. grein). Pípan eða sírenan á að vera hljómsterk og vera sett fyrir framan reykháfinn eða reykháfana og að minsta kosti 8 fet upp frá þilfari, og sé svo fyrir komið, að hljóðið stöðvist ekki af neinum hlut í kring, svo sem þiljuhúsi, reykháfi eða súgstrompum eða öðru. Þokuhornið má laga svo, að hægt sé að fá hljóð úr því bæði með gufu- og handafli eða handafli að eins. Það skal vera hljómmikið og hafa þá lögun, sem viðurkend er að vera góð. Klukkan á að vera hljómmikil og hanga í lausu lofti, svo að eigi dragi úr hljóðinu neinir hlutir í nánd; hún má eigi minni vera en 8" að þvermáli að innanverðu. — D. R a n n s ó k n á á s i g k o m u l a g i l j ó s k e r a n n a o g h v e r n i g þ e i m e r f y r i r k o m i ð. — Ásigkomulag ljóskeranna. Hliða-, toppa- og akkerisljósker m. m. verða rannsökuð á ljóskerareynslustofnun herskipasmíða-

1902 nr. 8 14. maí

1902 nr. 8 14. maí

stöðvarinnar (Orlogsværftet), þegar beiðni um það er send til formannsis fyrir skipa- og vélasmíðum (Direktören for Skibsbygning og Maskinvæsen) og ljóskerin afhent eða send til ljóskeraforðabúrs herskipasmíðastöðvarinnar. Ef ljóskerin verða talin fullnægjandi, gefur ofangreind reynslustofnun út vottorð um það. Fyrir ljóskerarannsókn greiðist auk þess kostnaðar, er sendingin eða viðgjörð, ef hennar hefir þurft, hefir leitt af sér fyrir herskipasmíðastöðina, eftirgreint gjald: Fyrir 1 hliðarljósker 2 kr.. Fyrir 1 toppljósker 2 kr. Fyrir 1 afturljósker 1 kr. Fyrir 1 akkerisljósker 1 kr. Fyrir 1 rautt bendingaljósker 1 kr. — Hvernig ljóskerunum er fyrir komið. Skip, sem liggja á Kaupmannahafnarhöfn, geta fyrir tilstilli ljóskerareynslustofnunar herskipasmíðastöðvarinnar fengið það rannsakað, hvernig hliðar-, topp- og akkerisljóskerunum m. m. sé fyrir komið, svo framarlega sem beiðni um það er send til formannsins fyrir skipa- og vélasmíðunum. Reynslustofnunin gefur út vottorð um fyrirkomulagið, ef það reynist fullnægjandi. Fyrir þessa rannsókn skal greiða: Fyrir gufuskip 10 kr. Fyrir seglskip 5 kr. Á ljóskerareynslustofnun herskipasmíðastöðvarinnar er til sýnis eitt af hverju hinna fyrirskipuðu ljóskera.–Auglýsing sú um ásigkomulag ljóskera og hljóðbendingarverkfæra, er viðhafa skal á íslenzkum gufuskipum og seglskipum, og hvernig þeim skuli fyrir komið, sem útgefin var af stjórnarráði Íslands 20. janúar 1899, er úr gildi feld. Þó eru vottorð fyrir ljósker, gefin út af reynslustofnun herskipasmíðastöðvarinnar samkvæmt greindri auglýsing, gild í 12 mánuði frá því þessi auglýsing er gefin út.

30. maí **Reglugjörð um viðauka við reglugjörð fyrir útbú Landsbankans á Akureyri 14. marz 1902.** (St. B. 114).

nr. 13 7. júní **Viðaukalög við lög 12. jan. 1900 um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík.**

1. gr. Heimilt skal veðdeild Landsbankans að lána fé gegn 2. veðrétti í jarðeignum, sem veðbundnar eru fyrir hlutum í hlutafélagsbanka, er stofnaður kann að verða á Íslandi, þó svo, að lán það, sem samtals hvílir á fasteigninni gegn 1. og 2. veðrétti, fari aldrei fram úr helmingi virðingarverðs. — 2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest. 1902 nr. 13 7. júní

Lög fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland. nr. 17 8. júlí

1. gr.[1]) — — — 2. gr. Hlutaðeigandi lögreglustjórar annast um skrásetning skipanna eftir 1. gr. og eins um mæling þá, sem gjöra þarf í þessu skyni, séu þau eigi þegar eftir hinum almennu reglum mælingarskyld, svo og um útgáfu fiskiveiðaskírteinis og merking skipanna. — Kostnað allan, er af þessu leiðir, þar með talin borgun til lögreglustjórans og aðstoðarmanna hans, skal greiða úr landssjóði. Skipaeigendur skulu eigi greiða nein gjöld fyrir skrásetning, mæling, útgáfu skírteinis né merking skipanna, en á þeim hvílir sú skylda, að halda við bókstöfum þeim og tölum og öðrum merkjum, er sett hafa verið. — 3. gr. Auk skaðabóta þeirra, er menn eftir almennum lögum geta bakað sér með því að hlýða eigi fyrirmælum þeim, er gerð verða samkvæmt 1. gr., má dæma þá í sekt, alt að 200 kr. — Um sektamál þau og mál um ábyrgð til skaðabóta, þar sem sektir dæmast, fer sem um opinber lögreglumál. — 4. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild Stjórnartíðindanna, og skulu vera í gildi, meðan samningur sá stendur óhaggaður, er gerður var í Lundúnum 24. júní 1901 um löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland[2]).

---

1) L. nr. 20, $^{1}/_{10}$ 1919.
2) Augl. 3, $^{28}/_{3}$ 1903.

1902 nr. 20 12. júlí **Auglýsing um bann gegn því, að fluttar sé til Íslands ósútaðar húðir og skinn, nema söltuð séu og óhert.** (St. A. 64).

nr. 22 15. ág. **Lög um breyting á 1. gr. í lögum 2. febrúar 1894 um breyting á opnu bréfi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík.**

1. gr. Ákvæði þau í opnu bréfi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík, að ávalt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þá ekki vera gluggar, dyr, né önnur op á veggjum þeim, er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sé að minsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum og að því er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þyki byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sérstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru. — Eldvarnargafl er hér talinn veggur úr (tigul-) steini, einhlaðinn að minsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sé eigi minna en 7—8 þumlunga þykkur. — 2. gr. Með lögum þessum er numin úr gildi 1. gr. í lögum 2. febr. 1894 um breyting á opnu bréfi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík.

16. ág. **Reglugjörð um kirkjugarða.**

1. gr. Í hverri kirkjusókn skal vera vígður grafreitur eða kirkjugarður á hentugum stað við kirkjuna eða svo nálægt henni, sem við verður komið, til greftrunar sóknarmönnum og þeim mönnum öðrum, sem þar ber að jarða. — Sé grafreitur töluvert langt frá kirkju, skal þar vera líkhús, eða að minsta kosti klukka sæmileg með umbúnaði til líkhringingar. — 2. gr. Grafreitur er friðhelgur, svo og legstaðir þeirra manna, sem þar eru jarðsettir. — Má þar engan hávaða gjöra, skemtanir halda eða neitt það láta fram fara, sem rask-

ar grafarfriðnum og er ótilhlýðilegt á slíkum friðhelg- 1902
um stað. — **3. gr.** Kirkjugarðar skulu vera vandlega 16. ág.
umgirtir með hæfilegri girðingu, sem gripheld sé bæði sumar og vetur, og með umbúnaði í sáluhliði svo sem prófastur telur fullnægjandi. Þeir skulu vera svo reglulegir að lögun, sem við verður komið. — Umráðandi kirkjugarðs má slá hann, þó með varúð og hlífðarsemi, en alls ekki beita hann skepnum né hleypa þeim þar inn á neinum tíma árs. — **4. gr.** Þá er nýjan kirkjugarð þarf upp að taka eða auka við grafreit, skal fá vottorð héraðslæknis um, að ekki stafi sóttnæmi af kirkjugarðinum, og leita því næst biskups samþykkis og vígja grafreitinn um leið og lík er þar jarðað í fyrsta sinn. En áður en farið er að nota hann, skal, ef við þarf, laga reitinn, slétta hann eða hækka upp, svo að hann verði vel hæfur til greftrunar. — Að kirkjugarði skal liggja greiður vegur, braut eða sæmileg gangstétt, svo að tálmalaust sé að færa lík þangað til greftrunar. — **5. gr.** Grafir í nýjum kirkjugörðum, og í gömlum, þar sem ástæður leyfa, skulu teknar í reglulegum röðum, með beinum og hæfilega breiðum gangstígum milli raðanna, svo að lík verði borin án þess að ganga yfir leiði eða skemma legstaði. Á milli grafanna skal eigi vera meira bil en nauðsyn krefur. — Gangstígar skulu eftir ákvæðum sóknarnefndar reglulega afmarkaðir þegar frá upphafi um allan grafreitinn, svo og nauðsynlegir þverstígar, til þess að gott skipulag geti orðið á legstöðunum og grafarstæðin verði notuð með hæfilegum sparnaði. — Enginn má gröf taka í kirkjugarði án leyfis kirkjuhaldara, og eigi annarsstaðar en þar, sem til er vísað af réttum umráðanda. Sá er eigi vill hlýða hans ákvæði, má skjóta málinu undir úrskurð prests og sóknarnefndar; í Reykjavík til yfirkirkjuráðanda. — Ekkert lík má grafa innan kirkju. — Líkkistur má alls eigi brjóta. — **6. gr.** Nú æskir einhver að fá útmældan grafreit til legstaða handa sér og ættmönnum sínum, og skal það heimilt látið, að svo miklu leyti

1902 16. ág. sem sóknarnefnd þykir ástæður leyfa. Má krefjast þess, að hlutaðeigandi girði þegar reitinn tilhlýðilega og haldi girðingunni við. Skal legstaðareigandi fá hjá kirkjuhaldara löglegt heimildarskjal fyrir legstaðnum, en kirkjustólnum skal fylgja skrá yfir útmælda legstaði. — Áskilja má árlega þóknun í sjóð kirkjunnar fyrir að hafa útmældan og umgirtan grafreit. Þar með talið að setja legsteina eða önnur varanleg minningarmerki á leiði, eftir nánara ákvæði biskups í hverju einstöku tilfelli. — **7. gr.** Yfir hvern nýjan kirkjugarð eða viðbót við kirkjugarð skal, ef sóknarmenn eru 1000 að tölu eða fleiri, gjöra einfaldan uppdrátt, með ámörkuðum aðalgangstígum og öðrum stígum. Skal uppdrátturinn limdur á spjald eða léreft og vera í vörzlu kirkjuhaldara og heyra kirkjunni til. Jafnótt og grafið er, skulu leiðin mörkuð á uppdráttinn og tölusett, með tilgreindu nafni hins jarðaða og greftrunardegi á legstaðaskrá, sem fylgir uppdrættinum. Mælikvarði uppdráttarins sé eigi minni en svo, að hálfur þumlungur svari til hvers faðms í kirkjugarðinum. — **8. gr.** Grafir skulu vera svo djúpar, ef við verður komið sökum landslags, að fullar 2 álnir séu frá yfirborði kistunnar upp á barm grafarinnar. Verði eigi grafið svo djúpt, skal leiðið hlaðið upp sem því svarar, er til vantar, nema leyfi hjeraðslæknis komi til að því megi sleppa. — Skyldur er sá, sem gröf lætur taka, til þess að ganga hreinlega frá legstaðnum og færa burtu grjót og annað, sem komið kann að hafa upp úr gröfinni, sé það eigi látið ofan í hana aftur. Nú er það vanrækt og kirkjuhaldari hefir tvívegis árangurslaust vandað um við hlutaðeiganda, og er honum þá rétt að láta laga það sem með þarf á kostnað hans, og má taka gjaldið lögtaki hálfum mánuði eftir að þess hefir verið reglulega krafist. — **9. gr.** Til notkunar við greftranir skulu í hverjum kirkjugarði vera til graftól, á kostnað kirkjunnar, eftir þörfum, svo sem skóflur, járnkarl eða klakahögg, grafarstigi, prestaspaði og bönd til að hleypa kistunni niður

með. — **10. gr.** Kirkjuhaldara er skylt að halda kirkju- 1902
garðinum yfir höfuð hreinlegum og þokkalegum, en um 16. ág.
hina einstöku legstaði og leiði ber hlutaðeigendum að hirða sómasamlega undir umsjón hans. — Kirkjuhaldari skal sjá um, að vel sé farið með legstaði framliðinna og minningarmörk þau, sem þar eru sett, svo sem legsteina, grindur, blóm og runna, sem þar eru gróðursettir legstöðunum til prýðis, og má ekkert slíkt burtu taka eða úr stað færa móti vilja réttra hlutaðeigenda, svo lengi sem því er sæmilega viðhaldið. En vanræki hlutaðeigendur það, og séu nefnd mannvirki mikið brotin eða fúin, og sé ei úr bætt, þegar aðvart er gjört um það, er heimilt að flytja þau burt úr garðinum og selja, kirkjunni til hagnaðar, svo framarlega sem enginn leiðir sig að þeim á hæfilegum fresti. — Með merkilega og forna legsteina, sem liggja undir skemdum af einhverjum orsökum, en enginn hirðir um, skal svo fara, sem segir um lögum um kirkjugarða frá 8. nóvember 1901, 7. gr. — Að hafa legsteina í gangstéttir, veggjarhleðslu eða til annarar þess háttar notkunar er með öllu bannað. — **11. gr.** Prófastar skulu á kirkjuskoðunarferðum sínum og við önnur tækifæri líta eftir því, að kirkjugarðar séu tilhlýðilega umgirtir og vel hirtir og að rækilega sé farið eftir ákvæðum laganna um kirkjugarða frá 8. nóvember 1901 og reglugjörðar þessarar.

Lög um síldarnætur. nr. 28
25. sept.

1. gr. Þegar síldarnætur eru fluttar til Íslands frá öðrum ríkjum, skal skýra lögreglustjóra frá því. Þegar síldarnæturnar hafa verið notaðar við veiðar, má ekki flytja þær aftur frá landinu. — **2. gr.** Brot gegn ákvæðum 1. greinar varða sektum frá 50 til 500 kr., sem renna í landssjóð. Með mál, er af því rísa, fer sem um almenn lögreglumál.

1902 nr. 29 25. sept. **Lög um breyting á lögum fyrir Ísland 13. sept. 1901 um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum.**

1. gr. Fyrri hluti 2. gr. laga fyrir Ísland 13. sept. 1901 um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum skal hljóða svo, sem hér segir: Hlutaðeigandi lögreglustjórar annast um skrásetning skipanna eftir 1. gr. og eins um mæling þá, sem gjöra þarf í þessu skyni, séu þau ekki þegar eftir hinum almennu reglum mælingarskyld, svo og um útgáfu fiskiveiðaskirteinis og merking skipanna. Fyrir þetta greiðist ekkert gjald. — 2. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B deild stjórnartíðindanna.

nr. 30 25. sept. **Viðaukalög við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík.**

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist vald til að auka tryggingarfé veðdeildarinnar með alt að því 200,000 kr. smámsaman, eftir því sem lánsþörfin krefur, en Landsbankinn leggur féð til. Jafnótt og tryggingarféð er aukið, skal því komið fyrir á sama hátt og hinu upphaflega tryggingarfé, og skulu um það yfir höfuð gilda allar hinar sömu reglur sem um upphaflega tryggingarféð (lög 12. jan. 1900, 2. gr., 3. gr. og 5. gr.), nema að vextir af því skulu renna til bankans — 2. gr. Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds (lög 12. jan. 1900, 19. gr.) má framvegis verja alt að 4,500 kr. á ári, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugjörð veðdeildarinnar[1]). — 3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild stjórnartíðindanna.

22 okt. **Fyrirmynd fyrir heilbrigðissamþyktir í kauptúnum og sjóþorpum** (St. B. 253).

22. okt. **Reglugjörð um bólusetningar og bóluskoðanir[2]).**

1) Reglugjörð $^{21}/_{4}$ 1903.
2) Breytingar í R. $^{1}/_{6}$ 1919.

Leyfisbréf til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi (Sf. A. 94[1]). 1902 5. nóv.

Lög um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. nr. 34 6. nóv.

1. kafli. Orðskýringar og almenn ákvæði. **1. gr.** Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merking, sem tilfærð er við hvert þeirra. „Útlönd“ merkir öll lönd önnur en Ísland. „Skip“ tekur yfir sérhvert fljótandi far. „Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum, eða frá fiskiskipi frá öðru ríki. Er skipið aðkomuskip þar til er það hefir fengið heilbrigðisvottorð frá íslenzkri höfn. „Sóttgæzluskírteini“ merkir skírteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega tilgreind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd. „Erlendar sóttir“ tekur yfir pest, austurlenzka kóleru, bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gula hitasótt, mislinga og skarlatssótt. „Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum hér við land, þess efnis, að ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á höfnum á Íslandi. „Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð. „Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.). „Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla, „Bannaður farangur“ merkir farangur, sem auglýsing frá ráðgjafa Íslands eða landshöfðingja hefir bannað að flytja inn vegna sótthættu eða þá bundið hann vissum skilyrðum

1) Sbr. l. nr. 66, $^{10}/_{11}$ 1905.

1902 nr. 34 6. nóv.

(22. gr.). — 2. gr.[1]) — — — — 3. gr. Ekkert aðkomuskip og ekkert fiskiskip frá öðru ríki má, nema til neytt sé, hleypa mönnum eða farangri á land annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr. — 4. gr. Íslensk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við farangri úr utanríkisskipum, nema brýna nauðsyn beri til.—Enginn má leyfa inn í híbýli sín eða eiga nokkur náin mök við menn, er farið hafa utan hafna á land úr fiskiskipum utanríkis, nema brýna nauðsyn beri til. — 2. kafli. Um sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús. — 5. gr. Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, þar sem föst verzlun er. — Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti, héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki. Bæjarfógeti er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður. — Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kýs, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður. — Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt. — Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæja- og sveitarstjórnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra. — Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglugjörð handa sóttvarnarnefndum[2]). — 6. gr.[3]) — — — 3. kafli. Almenn ákvæði um aðkomuskip. — 7. gr.[4]) Þegar aðkomuskip vill hleypa mönnum eða farangri á land á höfn, sbr. 3. gr., og er eigi skylt að hafa uppi sóttvarnarveifu (11. gr.), þá skal skipstjóri einn manna ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, sýna

1) L. nr. 24, $^{11}/_{7}$ 1911.
2) R. $^{14}/_{5}$ 1903 og $^{19}/_{6}$ 1903.
3) L. nr. 34, $^{27}/_{6}$ 1925, 1. gr., sbr. 3. gr.
4) L. nr. 31, $^{20}/_{6}$ 1923, 1. gr.

honum sóttgæzluskírteini skipsins, ef til er, og gjöra grein fyrir heilsufari manna á skipinu. Enginn annar maður má fara á land úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum og engan farangur má setja á land, fyr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni. — 8. gr.[1]) Nú er sóttgæzluskírteini skipsins í lagi og þess eigi getið í því, að á brottfararstað skipsins hafi gengið neinn næmur sjúkdómur, og skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi menn, er hafi eða hafi á leiðinni haft sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að séu næmir. — Hafi skipið ekkert sóttgæzluskírteini, eða það eitt, sem eigi er löglegt (sbr. 2. gr.), skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsing upp á æru og samvizku um, að á skipinu séu ekki og hafi ekki verið, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, neinir sjúkir menn, sem grunur gæti leikið á um að hafi næman sjúkdóm, eða lík manna, sem dánir s'u úr slíkum sjúkdómum. — Ef þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, svo og ef sjúkir menn eru eða hafa verið á leiðinni á skipinu eða lík, og grunur leikur á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er á um, að vottorð skipstjóra, það er ræðir um í næstu málsgrein hér á undan, sé eigi fulltryggilegt, þá má ekki veita heilbrigðisvottorð fyr en héraðslæknir hefir rannsakað skipið, og sagt fyrir um, hverrar varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land og breiðst út. Ef þörf gjörist, má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð þangað til ráðstafanir læknis hafa verið framkvæmdar. Sé ekkert sóttvarnarhús á staðnum og telji læknir tormerki á að sóttkvía sjúklinga af skipinu, má vísa því með

1) L. nr. 31, $^{20}/_{6}$ 1923, 1. gr.

1902 nr. 34 6. nóv.

sjúklingana til næsta kaupstaðar, þó því að eins, að þeim sé eigi hætta búin af þeim flutningi. — Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um að farið sé eftir fyrirmælum greinar þessarar og 7. gr., að svo miklu leyti sem því verður við komið. — Heilbrigðisvottorð skal veitt ókeypis. — **9. gr.** Landshöfðingi getur í samráði við landlækni veitt herskipum, sem hafa lækni, og gufuskipum, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eftir auglýstri áætlun, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. gr., sem ráðlegt þykir og gjörlegt eftir atvikum.[1]) — 4. kafli. Um skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu. — **10. gr.** Í hvert sinn, sem áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt — að undanskildum mislingum og skarlatssótt — hafi gjört vart við sig einhversstaðar í útlöndum, gefur ráðherra Íslands út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til. — Þessu skal þó eigi beitt, ef að eins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út. — Ráðherra Íslands gefur aftur út auglýsingu um, hvenær ráðstöfunum þessum skuli hætt. — Landshöfðingi hefir vald til að gefa út auglýsingar þær, sem nefndar eru í þessari grein, ef hann hefir fengið áreiðanlega vitneskju um að sótt sé komin upp eða um garð gengin, áður en auglýsing ráðherrans um það er komin til hans. En skýra verður hann ráðherra hið bráðasta frá auglýsing sinni. — **11 gr.** Þá er svo ber til: 1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskifti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. gr., eða stað, sem getið er um í sóttgæzluskírteini skipsins, að erlend sótt gangi á; 2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða

---

1) Augl. $^{9}/_{6}$ 1903. Sbr. l. nr. 31, 1923.

hafa verið sjúkir menn eða dauðir, og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða; 3) að á skipi eru eða hafa ferið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða, ef það ætlar til íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsigluhúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð. — **12. gr.** Ef svo er ástatt fyrir skipi sem sagt er í 11. gr. 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill[1]). — **13. gr.**[2]) Þangað til læknisrannsókn hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skipið afkvíað, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu, eru háðir þeim sótthreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða læknir setur þeim, og má, ef þörf gjörist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu. — Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal fram fara svo fljótt sem auðið er; sé enginn læknir viðstaddur, skal sóttgæzlumaður svo fljótt sem auðið er gjöra boð eftir héraðslækni; þó skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr. — **14. gr.** Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt, og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu um það, að enginn hafi sýkst eða dáið af slíkri sótt á skipinu, hvorki á brottfararstað þess né á leiðinni, og sé enginn bannaður farangur í því, þá skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því, er

1) L. nr. 34, $^{27}/_{6}$ 1925, 2. gr.
2) L. nr. 31, $^{20}/_{6}$ 1923, 1. gr.

1902 nr. 34 6. nóv.

skipið hafði síðast mök við sóttmengað bygðarlag eða skip. — Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gjörist, sóttkvía skipið, þar til er sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkst á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíað. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er slíku skipi eru settar, samkvæmt þessari eða eftirfarandi greinum og bygðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins. — **15. gr.** Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er bannaður farangur, og má þá ekki leyfa neinar samgöngur við land, fyr en skipið hefir verið sótthreinsað að svo miklu leyti, sem sóttvarnarnefnd eða læknir hefir ákveðið, og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sótthreinsa á skipinu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar. — **16. gr.** Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, og skal þá sóttvarnarnefndin annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíuðu, 1. að sjúkir menn séu fluttir í sóttvarnarhús, og sé ekkert þess konar hús til á komustaðnum, skal skipinu vísað til einhvers kaupstaðanna, 2. að lík séu flutt í land og jarðsett, 3. að skipið sé sótthreinsað eins og með þarf, 4. að lógað sé bönnuðum farangri, sem ekki er unt að sótthreinsa á skipinu, og 5. að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til er 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir á land. — **17. gr.** Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sé kominn einungis til þess að

afla sér kola, vista eða annara nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu. — 18. gr. Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksútflutninga, eða skip, sem virðast vera afar óheilnæm vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, getur sóttvarnarnefnd ákveðið, að með þau skuli fara eftir ákvæðum 16. gr., þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi. — **19. gr.** Landshöfðingi semur í samráði við landlækni reglur um sótthreinsun á skipum og farangri[1]). — Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé látinn í té við sótthreinsun þess allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið. — **20. gr.** Þegar skip á að leita hafnar í kaupstað samkvæmt 12. gr., 2. málsgrein, en hefir neyðst til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unt er. — Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið. — Sóttvarnarnefndin skal vísa skipinu til næsta kaupstaðar, svo fljótt sem verða má, og láta lækni fara á því, ef þörf gjörist. — **21. gr.** Um strandað skip og bannaðan farangur á því gjörir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er, samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina. — Reki skip á land eða bannaður farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem pest gengur, skal það látið kyrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri

1902 nr. 34 6. nóv.

1) Reglur $^{15}/_{6}$ 1903.

1902 nr. 34 6. nóv.

hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu björgunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina. — 22. gr. Ráðherra Íslands (landshöfðingja)) er heimilt, þegar hann gefur út auglýsing samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt, eða binda skilyrðum, að fluttar séu til landsins frá hinum sóttgrunaða stað þær tegundir farangurs, sem nánar verða tilgreindar í auglýsingunni. — 23. gr. Nú ganga mislingar, skarlatsótt eða influenza einhversstaðar í útlöndum og eru þar mjög útbreiddir eða illkynjaðir, og er ráðherra (landshöfðingja) þá heimilt að gefa út auglýsingu um þessar sóttir, eftir því sem ákveðið er í 10. gr. um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástatt um einhverja næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum kafla skuli beitt. — Ef svo mikil hætta stafar af einhverri þess konar sótt, er síðast ræðir um, að eigi tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur landshöfðingi í samráði við landlækni fyrirskipað þessar ráðstafanir, en skýrslu verður að senda tafarlaust ráðgjafa Íslands, svo fenginn verði úrskurður konungs. — 5. kafli. Kostnaðarákvæði, sektir, ógild lög og stjórnarbréf o. fl. – 24. gr.[1]) Fyrir skoðunargjörð samkvæmt lögum þessum ber lækni 4 kr. borgun af skipum sem eigi ná 60 smálestum, 6 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir. Auk þess á læknir heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum samkvæmt 6. gr. laga 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl., þó heldur læknir dagpeningum, ef þörf gjörist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargjörðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið. — 25. gr.[2]) Sóttvarnar-

1) Sbr. l. nr. 31, $^{20}/_{6}$ 1923, 2. gr.
2) L. nr. 34, $^{27}/_{6}$ 1925, 1. gr.

hús þau, sem nefnd eru í 6. gr., skal reisa, útbúa og halda við á kostnað landssjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr landssjóði allan legukostnað sjúklinga í húsum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, að því undanteknu, er hér greinir: a. Skipið skal ávalt greiða gjald það, sem nefnt er í 24. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. b. Skipið skal greiða allan kostnað við eftirlit það, sem nefnt er í 17. gr., og þegar svo er ástatt og þar er greint, einnig legukostnað sjúkra í húsum þeim, sem nefnd eru í 6. gr., og útfararkostnað framliðinna. Hið sama er og, ef menn eru settir í hús þessi með öðrum sjúkdómi en erlendum. c. Sé um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á landssjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenzka höfn og sóttvarnarnefnd álítur, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga undir sóttkvíun. d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandfénu að svo miklu leyti sem það hrökkur til. e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljótast, að svo miklu leyti sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gjörist. — **26. gr.** Landssjóður greiði ekki skaðabætur fyrir þær skemdir og tjón á skipi eða farangri, sem leiða kann af ráðstöfunum samkvæmt lögum þessum. — **27. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara eða skipunum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum frá 20 til 500 kr., ef þyngri hegning er ekki við lögð eftir almennum lögum; en þegar ákvæði 4. kafla laga þessara eru í gildi, varða brotin fangelsi (almenn hegningarlög, 26. gr.), eða 50 til 1000 kr. sektum, ef miklar málsbætur eru. Sektir renna í landssjóð. — Ef álíta má, að hegningin muni ekki verða þyngri en sektir, er sóttvarnarnefnd heimilt að taka boði hins seka

1902 nr. 34. 6. nóv

um að greiða þegar í stað sekt til landssjóðs, til þess að komast hjá málssókn. — Farangur þann, sem reynt hefir verið að flytja inn eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gjöra upptækan, ef eigi skal lóga honum, og rennur ágóðinn í landssjóð. — **28. gr.** Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sóttgæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar tilgreindur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grendinni. Skírteini þetta veitist ókeypis. — Hver sá, er sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á samskonar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin. — **29. gr.** Tilskipun 8. febr. 1805 um Qvarantaine-ráðstafanir í Danmörku og Noregi og opið bréf 20. júní 1838 áhrærandi ónýting opinna brefa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803 fyrir Ísland og Færeyjar eru úr gildi feld. Ennfremur er úr gildi numinn konungsúrskurður 6. júní 1851 um ráðstafanir viðvíkjandi fyrirkomulagi á sóttvörnum, lög 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt, hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, lög 24. okt. 1879 um viðauka við lög þau og lög 18. des. 1897 um viðauka við téð sóttvarnarlög frá 17. des. 1875. — **30. gr.** Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi. — **31. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1903.

nr. 36. 6. nóv

Lög um breyting á 18. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Vestur-Ísafjarðarsýsla og Norður-Ísafjarðarsýsla ásamt Ísafjarðarkaupstað[1]) skulu vera tvö kjördæmi og

---

1) Sbr. l. nr. 19, $^{3}/_{10}$ 1903.

kjósa einn alþingismann hvort kjördæmið. — Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna. 1902 nr. 36 6. nóv.

Lög um að selja salt eftir vikt. nr. 37 6. nóv.

1. gr. Allir kaupmenn, verzlunar-umboðsmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi fyrir eigin reikning eða í umboði annara, skulu, hvort sem verzlun þeirra fer fram á sjó eða landi, selja salt eftir vikt. — 2. gr. Brjóti nokkur gegn fyrstu grein, skal hann sæta 100—500 kr. sektum, er renna að ⅔ í landssjóð og að ⅓ til uppljóstrarmanns. — 3. gr. Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinbert lögreglumál. — 4. gr. Með lögum þessum eru lög um að selja salt eftir vikt 24. nóv. 1893 úr gildi numin.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Flatey á Skjálfanda. (St. A. 130). nr. 41. 6. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Járngerðarstaðavík í Grindavík. (St. A. 137). nr. 42 6. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Óshöfn við Héraðsflóa. (St. A. 134). nr. 43 6. nóv.

Viðauka-skipulagsskrá fyrir fastasjóð Landsbókasafnsins í Reykjavík (St. B. 1903 5). 27. nóv.

Landshöfðingjabréf um skrásetningarstofu fyrir kaupmála hjóna (St. B. 291). 29. nóv.

Tilskipun fyrir Ísland um breyting á tilskipun fyrir Ísland 2. marz 1900, sbr. tilskipun 13. septbr. 1901, um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum (St. A. 140). nr. 46 19. des.

Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð hjónanna Carl Höepfners og konu hans (St. B. 62). 1903 29. jan.

1903 nr. 2 2. marz

Tilskipun fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.

Almenn ákvæði. **1. gr.** Takmörk hafsvæðis þess umhverfis Ísland og Færeyjar, sem tilskipun þessi nær til, eru þau, sem nú skal greina: Að sunnan lína dregin úr skurðardepli hádegisbaugs North-Unst-vitans (á Shetlandseyjum) og 61. breiddarstigsbaugs norðurbreiddar í skurðardepil 9. hádegisbaugs vesturlengdar og 60. breiddarstigsbaugs norðurbreiddar og svo þaðan vestur eftir breiddarstigsbaugi þessum að hádegisbaugi 27° vesturlengdar. Að vestan hádegisbaugur 27° vesturlengdar. Að norðan breiddarbaugur 67° 30' norðurbreiddar. Að austan hádegisbaugur North-Unst-vitans. — Skrásetning, merking, tölusetning o. fl. á skipum og áhöldum. — **2. gr.** Öll skip og bátar, er heima eiga á Íslandi og stunda fiskiveiðar í hafinu umhverfis Ísland og Færeyjar fyrir utan landhelgi og rétt hafa, samkvæmt 1. gr. laga 13. des. 1895 um skrásetning skipa, til þess að hafa danskt flagg, skulu tekin upp á sérstaklega skrá yfir fiskiskip. Hvert lögsagnarumdæmi í landinu skal vera skrásetningarumdæmi fyrir sig. Lögreglustjórarnir annast um skrásetning þessa, þannig að hvert umdæmi fái sína framhaldandi töluröð og fyrir framan hana einn eða fleiri af upphafsstöfum umdæmisins, og hlýtur þá hvert skip þann eða þá bókstafi, er tákna það umdæmi, er skipið á heima í, og eina skrástningartölu úr töluröð þeirri, er umdæmið hefir. — **3. gr.** Allir skipstjórar og skipaútgjörðarmenn, er ætla að stunda eða láta stunda fiskiveiðar í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland fyrir utan landhelgi, eru skyldir að senda lögreglustjóra þeim, er skrásetja skal, skriflega beiðni um, að skip það, er til þessa útvegs er ætlað, verði skrásett á framansagðan hátt; svo hvílir og sú skylda á eiganda, samkvæmt almennum skrásetningarlögum, að tilkynna sérhvert eigandaskifti, er verða kann, flutning þess í annað skrá-

setningarumdæmi, endurbygging, brot á skipi eða sölu til útlendra manna. — Ennfremur skal eigandi eða skipstjóri einu sinni ár hvert sýna fiskiveiðaskírteinið á skrásetningarskrifstofu, og skal á skrifstofunni rita viðurkenningu aftan á skírteinið um, að það hafi verið sýnt. — **4. gr.** Gefa skal út skjal til sönnunar um skrásetninguna, fiskiveiðaskírteinið, og í því tilgreina bókstaf eða bókstafi skipsins og tölu, lýsing á skipinu og nafn eiganda eða nafn félags þess, er á það. Fiskiveiðaskírteinið skal samið eftir þeirri fyrirmynd, er sýnd er aftan við tilskipun þessa. — Með fyrsta pósti eftir að skýrteinið hefir verið gefið út, skal lögreglustjóri senda landshöfðingja afrit af því og skýra frá öllu því, er lýtur að skrásetning þessari; landshöfðingi sendir síðan skýrslu um þetta til skráetningar- og skipamælingarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn. — **5. gr.** Nafn hvers fiskiskips og nafn staðar þess, er það er frá, skal mála með olíulit á afturstafn skipsins á svörtum grunni með hvítum bókstöfum ekki minni en $2{,}_5$ dec., þuml. (8 centimetra) á hæð og $0{,}_5$ dec. þuml. (12 millimetra) á breidd. — **6. gr.** Bókstafinn eða bókstafina og töluna, sem skipið hlaut við skrásetninguna, skal setja með hvítum olíulit á svörtum grunni á framstafn skipsins beggja megin $2{,}_5$—3 dec. þuml. (8—10 centimetra) fyrir neðan borðstokkinn, ef því verður komið fyrir, og þannig, að sjáist glögt og skýrt. — Á skipum, sem að rúmmáli eru 15 tonnar eða þar yfir, skal hæðin á bókstöfunum og tölunum vera 14 dec. þuml. (45 centimetra) og breidd $1{,}_8$ dec. þuml. (6 centimetra). — Á bátum, er eigi ná 15 tonnum, skal hæðin, ef unt er, vera 8 dec. þuml. (25 centimetra) og breiddin $1{,}_3$ þuml. (4 centimetra). — Sömu bókstafi og tölur skal og setja með olíulit á báðar hliðar stórseglsins á skipinu, rétt fyrir ofan síðasta rifið, og þannig að sjáist glögt; mála skal með svörtum lit, ef seglin eru hvít, en hvítum á svört segl, millumlit segl með hvítum eða svörtum lit, eftir því, sem valdsmaður sá, er samkvæmt 10. gr. sér

1903 nr. 2 2. marz

um merkinguna, nánar ákveður. — Á fiskiveiða-gufuskipum skal setja hin framangreindu merki þar að auki á reykháfinn, svo að þau sjáist skýrt. Skal stærð merkja þessara hin sama og þeirra, er á framstafni skipsins eru. — Bókstafur eða bókstafir þessir og tölur á seglunum skulu vera að öllum þriðjungi stærri en þeir, er á framstafni skipsins eru. — **7. gr.** Eigi má á hliðum skipanna að utan né á seglum þeirra eða reykháfum hafa önnur nöfn, bókstafi eða tölur en þær, er nefndar eru í 2., 5. og 6. gr. tilskipunar þessarar. — **8. gr.** Eigi má afmá, breyta, óskýra, hylja eða með nokkru móti dylja nöfnin, bókstafina eða tölurnar á skipunum, seglum þeirra eða reykháfum. — **9. gr.** Bókstaf eða bókstafi og tölur hvers skips skal setja á báta, dufl, helztu flár, dragvaði, stjóra, akkeri og yfir höfuð á öll veiðigögn þau, er skipinu fylgja. Bókstafir þessir og tölur þurfa ekki að vera stærri en svo, að auðvelt sé að greina hvert frá öðru. Eigendur netanna eða annara veiðarfæra mega auk þess merkja þau með öðrum sérstökum merkjum, er þeim þykja hentug. — **10. gr.** Hlutaðeigandi lögreglustjóri annast um þessa skrásetning skipsins, og eins um mæling þá, sem gjöra þarf á því í þessu skyni, sé það eigi þegar eftir hinum almennu reglum mælingarskylt, svo og um útgáfu fiskiveiðaskírteinis og merking skipsins. Fyrir þetta greiðist ekkert gjald, og hefir það yfirleitt engan kostnað í för með sér fyrir skipaeigendur, með því að allur kostnaður við það greiðist úr landssjóði; á skipaeigendum hvílir þó sú skylda að halda við bókstöfum þeim, tölum og öðrum merkjum, er hafa sett verið. — **11. gr.** Skipstjóri skal á sjónum ávalt hafa meðferðis fiskiveiðaskírteini það, sem greint er í 4. gr., og sýna með því einkennisbókstafi skipsins, umdæmistölu, registurtonn, aðalmál og hver eigandi er. — Til sönnunar þjóðerni, en því er bannað á nokkurn hátt að leyna, skal, ef skipið er 30 tonnar brúttó eða þar yfir, sýna þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins og jafnframt

hafa uppi hið danska flagg. — Löggæzla við fiskiveiðar. — **12. gr.** Eigi má neitt fiskiskip frá sólsetri til sólaruppkomu varpa akkerum á sviðum, þar er reknetafiskarar hafa sett veiðarfæri sín. — Þó á bann þetta eigi við, ef skip hefir orðið fyrir tjóni eða er í annari nauð statt og fyrir því legst um akkeri. — **13. gr.** Eigi mega skip, er á fiskimiðin koma, taka stöðvar eða leggja net sín svo, að þau gjöri hvert öðru skaða, né heldur gjöra á hluta fiskara, er þeir eru teknir til starfa. — **14. gr.** Þá er þilskip og opnir bátar jafnhliða byrja að gefa út reknet sín til fiskjar, skulu bátarnir leggja netin á vindborða við skipin. Þilskipin skulu þar á mót leggja netin á hléborða við bátana. — Þá er þilskip leggja net sín á vindborða við opna báta, er þegar eru lagstir til fiskjar, og þá er bátar gefa út net sín á hléborða við þilskip, er farin eru að fiska, þá er það aðalreglan, að þá bera þeir, er síðast byrja að fiska, ábyrgð á skemdum á netum, nema þeir sanni, að þeir voru til neyddir, eða að skaðinn sé ekki þeim um að kenna. — **15. gr.** eigi má festa eða binda við akkeri net eða önnur veiðarfæri á sviðum, þar er reknetafiskarar þegar eru teknir til. — **16. gr.** Enginn fiskari má festa skip sitt eða binda við net, dufl, flár eða önnur veiðarfæri, er til heyra öðrum fiskara. — **17. gr.** Er dragvaðsfiskarar eru í sýnum fiskara, er hafa net, vað eða langlínur að veiðarfærum, þá skulu þeir við hafa þær varúðarreglur, er nauðsynlegar séu til, að þeir eigi gjöri hinum mein; ef skaði verður að, bera þeir ábyrgðina, nema þeir sanni, að þeir væru til neyddir, eða skaðinn sé þeim eigi um að kenna. — **18. gr.** Ef net flækjast saman fyrir fleirum fiskurum, mega þeir eigi skera þau sundur, nema allir séu samþykkir. — Öll ábyrgð fellur niður, þá er sannast, að eigi urðu netin á annan veg greidd sundur. — **19. gr.** Er skip fiska með línum og línur þeirra flækjast saman, þá má eigi sá, er upp tekur, skera línurnar sundur, nema hann sé til neyddur, og skal þá jafnskjótt hnýta hinar skornu lín-

1903 nr. 2. 2. marz

ur saman. — **20. gr.** Enginn fiskari má undir nokkru yfirskini skera sundur, festa sig í eða draga upp net, línur eða önnur veiðarfæri, er eigi tilheyra honum, nema þegar bjarga þarf og þegar svo er ástatt, er getur um í tveim hinum síðustu greinum. — Ef fiskari siglir á veiðarfæri annars fiskara eða á einhvern annan hátt flækist í þeim, skal hann gjöra þær ráðstafanir allar, er með þarf, til þess að veiðarfæri eða skip hins fiskarans biði sem allra minst tjón af þessu. — Bann gegn áhöldum til þess að spilla netum. — **21. gr.** Eigi má nota nokkurt það verkfæri, er aðeins er haft til að skera sundur net eða eyðileggja þau. Eigi má heldur hafa slík verkfæri innanborðs. — Lögreglumenn skulu eftir megni koma í veg fyrir að slík verkfæri verði flutt um borð á fiskiskipin og, ef þau finnast þar, gjöra þau upptæk. — Sjóferðareglurnar. — **22. gr.** Fiskiskipin skulu gæta tilskipana þeirra um reglur fyrir ljós- og hljóðbendingum, stjórn og siglingu, er gilda um íslenzk skip. — Björgun veiðarfæra. — **23. gr.** Öllum fiskiskipum, bátum þeirra, hlutum, er snerta útbúnað fiskiskips og reiða, netum, línum, duflum, flám eða hvers konar öðrum veiðarfærum, hvort sem þau eru merkt eða ekki, skal, ef þau finnast af íslenzkum fiskimönnum eða verða tekin upp í hafi, svo fljótt sem verða má, skila til hlutaðeigandi yfirvalds í þeirri höfn, er skip það, er bjargað hefir þeim, fyrst kemur til eða leitar í. — Yfirvaldið í þeirri höfn á Íslandi, er hin fundnu veiðarfæri eru flutt til, skal, án tillits til þess, hvort bjargað hefir þeim íslenzkt danskt eða útlent fiskiskip, svo framarlega sem annaðhvort björgunarskipið eða hinir fundnu eða hirtu og tilhlýðilega einkendu munir eru eigi eign íslenzkra eða danskra manna, gjöra það kunnugt konsúli eða konsúlsumboðsmanni þeirrar þjóðar, er skipið eða eigandi hlutanna er frá, svo og skila hlutunum aftur til eigenda eða annara fyrir þeirra hönd, jafnskjótt og þess verður krafist, og rétti björgunarmanna er nægilega

borgið. Þau veiðarfæri, er finnast ómerkt, skal farið með samkvæmt almennum lögum um bjargaða muni. — Eftirlit með fiskiveiðum. — **24. gr.** Skip úr herskipaflota ríkja þeirra, er samninginn gjörðu, skulu hafa tilsjón með fiskiveiðunum; fyrir danska ríkið er svo um samið, að til þess megi og nota önnur skip ríkisins, er ráða fyrir skipstjórar, er til þess hafa sérstaklega kvaddir verið. — **25. gr.** Löggæzluskip þeirrar þjóðar, er fiskiskipin eru frá, skulu ein hafa gætur á því, að fylgt sé reglum þeim, er settar eru um þjóðernisskírteinið, merkin og tölurnar á fiskiskipunum og veiðarfærunum m. fl., og um að eigi séu höfð óleyfileg verkfæri innanborðs (2.—9., 11. og 21. gr.). — Þó verður foringjum löggæzluskipanna boðið að skýra hver öðrum frá brotum gegn reglum þessum af hálfu fiskimanna annara þjóða. — **26. gr.** Löggæzluskip hvors ríkis, er samninginn gjörði, hafa heimild til að fullvissa sig um, hvort brotið hafi verið gegn öðrum reglum í samningi þessum en þeim, er nefndar eru í 25. gr., eða drýgðar aðrar yfirsjónir, er snerta fiskiveiðarnar, án tillits til þess, hverrar þjóðar þeir fiskimenn eru, er drýgt höfðu brotið. — **27. gr.** Þegar löggæzluskipaforingjarnir hafa ástæðu til að ætla, að brotið hafi verið gegn reglunum í tilskipun þessari, geta þeir heimtað, að skipstjóri sá, er grunaður er um brot, sýni hið opinbera þjóðernisskírteini sitt. Um þessa framsýning skal þegar gjörð stutt athugasemd á hinu framlagða skjali. — Löggæzluskipaforingjarnir mega eigi fara lengra en sagt er í að rannsaka eða kanna innanborðs á fiskiskipum, er eigi eru sama þjóðernis og þeir, nema það sé nauðsynlegt til þess að útvega sannanir um yfirsjónir eða brot gegn löggæzlureglunum um fiskiveiðarnar. — **28. gr.** Löggæzluskipaforingjar þeirra ríkja, er gjörðu samninginn, skulu meta þýðing þeirra atvika, er þeim ber um að dæma, og þeir hafa komist að, og ákveða skaða þann, er fiskiskipin kunna að hafa orðið fyrir af hverjum orsökum sem það hefir hlotist. Ef þörf gjörist, semja

1903 nr. 2 2. marz

þeir skrá til sönnunar um atvikin, eins og þau hafa komið í ljós eftir skýrslum hlutaðeigandi málsparta og framburði þeirra, er viðstaddir voru. — Ef tilfelli það, er fyrir liggur, virðist vera svo mikilsvert, að slík varúðarregla verði réttlætt, er foringja löggæzluskipsins heimilt að flytja hið brotlega skip á einhverja af höfnum þeirrar þjóðar, er fiskimaðurinn er frá. Hann getur einnig tekið um borð til sín nokkra af skipverjum, til þess að afhenda þá yfirvöldum þeirrar þjóðar, sem skipið er frá. — **29. gr.** Skrá sú, er getur um í næstu grein að framan, skal rituð á því máli, er foringi löggæzluskipsins mælir, og í því formi, er haft er í landi hans. — Hinir ákærðu og vitnin hafa heimting á að bæta eða láta bæta við á máli sjálfra þeirra hverri þeirri athugasemd eða vottan, er þeim kann að þykja við eiga. Þessar yfirlýsingar skulu vera tilhlýðilega undirskrifaðar. — **30. gr.** Mótþrói gegn skipunum löggæzluskipaforingja þeirra, er settir eru til að hafa á hendi löggæzlu á fiskiveiðunum, eða mót þeim, sem eru í umboði þeirra, verður skoðaður eins og mótþrói móti yfirvöldum þess lands, er fiskiskipið á heima í. — **31. gr.** Ef verknaður sá, er kært er fyrir, er ekki mjög mikils umvarðandi, en hefir þó orðið öðrum fiskimönnum til meins, geta löggæzluskipaforingjarnir komið á sættum milli hlutaðeigenda á sjó, og ákveðið, hve mikið skal greiða fyrir skaðann, ef málspartar eru á eitt sáttir um það. — Þegar svo er ástatt, en annarhvor málsparta hefir eigi fé til að greiða þegar skaðabæturnar, láta foringjarnir hlutaðeigendur skrifa undir 2 frumrit af skjali, er ákveður, hve miklar skaðabætur skuli greiða. — Annað frumritið skal verða eftir um borð á löggæzluskipinu, en hitt skal afhent þeim skipstjóra, er kröfu á til fjárins, svo að hann, ef þörf gjörist, geti notað það við dómstóla þá, er skuldunautur hans á varnarþing við. — En verði sáttum ekki á komið með málspörtum, fara skipaforingjarnir fram eftir ákvörðunum 28. gr. — H e g n i n g a r á k v æ ð i. —

32. gr. Brot á móti ákvæðum tilskipunar þessarar varða sektum, alt að 200 kr. — Hvenær tilskipunin öðlast gildi o. fl. — 33. gr. Tilskipun þessi öðlast gildi 31. marz þ. á., og stendur meðan í gildi er samningur sá um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar danskra og breskra þegna fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, er gjörður var í Lundúnum 24. júní 1901. 1903 nr. 2 2. marz

Leiðarvísir um skrásetning fiskiskipa m. m. (St. B. 53). 26. marz

Auglýsing um samning milli h. h. konungsins í Danmörku og h. h. konungsins í hinu sameinaða konungsríki Bretlandi hinu mikla og Írlandi um tilhögun á fiskiveiðum þegna hvors þeirra um sig fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland. (St. A. 20). nr. 3 28. marz

Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir veðdeild Landsbankans, staðfestri 15. júní 1900. (St. A. 38).[1] 21. apr.

Reglugjörð handa sóttvarnanefndum. (St. B. 72). 14. mai

Skipulagsskrá fyrir styrktasjóð handa ekkjum og börnum þeirra í Hvammshreppi, er í sjó eða vötnum drukna eða hrapa til bana. (St. B. 118). 22. mai

Auglýsing um tilslökun á ákvæðum 7. og 8. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, er gildir fyrir herskip, sem hafa lækni, og gufuskip, sem fara reglulegar ferðir milli Íslands og annara landa eftir auglýstri áætlun. (St. B. 110). 9. júni

Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Hjálmars kaupmanns Jónssonar. (St. B. 129). 10. júni

1) Sbr. reglugjörð $^{5}/_{7}$ 1905.

1903 15. júní **Reglur um sótthreinsun á skipum.** (St. B. 111).

19. júní **Reglur um afnot sóttvarnarhúsa** (St. B. 116).

26. júní **Skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Seyðfirðinga þeirra, er í sjó drukna.** (St. B. 131).

nr. 13 28. ág. **Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík.**

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Reykjavík, skal stækka þannig, að austurtakmörk séu merkjaskurður og garður austan við Rauðarármýri (Félagstún) frá sjó upp að Laugavegi, suðurtakmörk lína frá enda nefnds garðs við Laugaveg í suðurhorn Grænuborgartúns, og þaðan lína með suðurjaðri Sauðagerðistúnsvestur í Kaplaskjólsveg, og vesturtakmörkin lína þaðan í enda Framnesvegar við Grandabót. — Merkjasteinar skulu settir fyrir verzlunarlóðinni.

7. sept. **Byggingarsamþykt fyrir Reykjavík.** (St. B. 135).[1])

nr. 19. 3. okt. **Lög um kosning fjögurra nýrra þingmanna.**

Ef frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, er eykur tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna upp í 34, verður að lögum, og alþingi verður haldið, eftir að lögin hafa öðlast gildi, áður en ný kjördæmaskipun er komin á, skulu hinir 4 nýju alþingismenn kosnir þannig: 1 af Reykjavíkurkaupstað, 1 af Ísafjarðarkaupstað, 1 af Akureyrarkaupstað og 1 af Seyðisfjarðarkaupstað. — Ef almennar kosningar fara fram, skulu þessir 4 þingmenn kosnir samtímis og með sama hætti sem aðrir alþingismenn, og falla þá við þær kosningar kaupstaðirnir Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður úr kjördæmum þeim, sem þeir teljast til eftir

1) Sbr. samþykt $^{10}/_{5}$ 1904, $^{10}/_{6}$ 1915 og $^{27}/_{6}$ 1924.

18. gr. kosningalaganna 14. sept. 1877. — Fari almennar kosningar þar á móti eigi fram, segir konungur nákvæmar fyrir um kosningu þessara 4 þingmanna. 1903 nr. 19 3. okt.

Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðisskýrslur.[1]) nr. 20 3. okt.

1. gr. Hvert það félag, er hér á landi rekur þá starfsemi, að taka að sér lífsábyrgð eða slysaábyrgð, og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða að vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni, skal senda landshöfðingja fyrir 1. dag aprílmánaðar hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eftir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrirskipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefir tekið að sér hér á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sérstaklega fyrir hverja tegund ábyrgðar, sem félagið tekur að sér, og ennfremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári fyrir ábyrgðir félagsins hér á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hér á landi á sama tímabili. Ákvæði greinar þessarar ná þó eigi til útlendra vátryggingarfélaga, að því leyti sem þau tryggja fyrir sætjóni. — **2. gr.** Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í fyrsta sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþyktum félagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hér á landi, ábyrgðarbréfafyrirmyndum, fyrirmyndum, er við hafa skal, þegar gjörðir eru ábyrgðarsamningar hér á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa. — Ef breytingar verða síðar gjörðar á reglunum fyrir starfsemi félagsins, eins og þær eru samkvæmt þessum skýrslum, skal senda hinar nýju samþyktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og sendar eru skýrslur þær, er greinar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefir verið gjörð á. — **3. gr.** Nú kemur fram

1) L. nr. 16, $^{9}/_{7}$ 1909.

1903 nr. 20 3. okt.

við skifti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða slysaábyrgð, er greiðast skal, eða það kemur í ljós við skiftin, að hinn látni eða þrotamaðurinn hefir trygt líf sitt eða verið trygður gegn slysum, er skiftaráttur, executor testamenti eða erfingjar, sem skifta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða félagi hún sé og með hvaða kjörum áður liðinn er fullur mánuður frá skiftalokum. — 4. gr. Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum frá 10—200 kr. Hafi ábyrgðarfélag gjört sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefir heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis, skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum.

nr. 22. 3. okt.

Lög um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög.

1. gr. Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Kjósar og Gullbringusýslu skift í tvö sýslufélög. Annað sýslufélagið er hin forna Kjósarsýsla og Seltjarnarnesshreppur. Hitt sýslufélagið er Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalanesshreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. — Hvort sýslufélagið hefir sinn fjárhag og stjórn sveitarmálefna fyrir sig. 2. gr. [1]) — — — 3. gr. Allar eigur og skuldir sýslufélagsins skiftast milli hinna nýju sýslufélaga að ⅔ eftir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða, en að ⅓ eftir tölu verkfærra manna. — 4. gr. Landshöfðingi gerir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

nr. 23 3. okt.

Lög um heimild til lóðasölu fyrir Reykjavíkurkaupstað.

---

1) Um kosning sýslunefndarmanna.

1. gr. Þá er beðið er um útmælingu á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eftir tillögu byggingarnefndar. — 2. gr. Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust; þó skal kaupandi fá endurgoldin eftir óvilhallra manna mati þau verk, er hann hefir unnið til umbóta á lóðinni. — 3. gr. Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna. 1903 nr. 23 3. okt.

Lög um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað. nr. 26 3. okt.

1. gr.[1]) Öll skip, sem eru 40 smálestir eða meira að stærð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögu eður eigi, vera skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sikfti á árinu, er þau koma frá útlöndum til Ísafjarðarkaupstaðar, ef þau leggjast fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Norðurtanganum beint yfir í stein þann á Kirkjubólshlíð, sem er hafnarmerki. — Komi skip oftar á sama ári, skal það eigi greiða hafnsögugjald aftur, nema þegar það notar hafnsögumann. — Undanþegin hafnsöguskyldu eru þó herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem eru eign innanríkismanna. — 2. gr. Hafnsögugjaldið greiðist eftir reglugjörð og taxta,[2]) er landsstjórnin setur eftir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Gjaldinu skal varið til kostnaðar við hafnsögu á Ísafirði og hefir það lögtaksrétt. — 3. gr. Hafnargjaldkerinn á Ísafirði innheimtir hafnsögugjald það, er getur um í fyrstu málsgrein 1. gr., ásamt öðrum hafnargjöldum, en að öðru leyti innheimtir hlutaðeigandi hafn-

1) Sjá l. nr. 76, $^{22}/_{11}$ 1907.
2) Reglugjörð $^{10}/_{2}$ 1904 og hafnsögutaxti útgefinn s. d.

1903 sögumaður gjöld þau, er ræðir um í lögum þessum.
nr. 26 — 4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1904.
3. okt.

nr. 34 **Viðaukalög við lög nr. 17, 13. sept. 1901 um breyting**
23. okt. **á tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.**

1. gr. Í byggingarsamþykt þeirri, sem um getur í 5. gr. laga nr. 17, 13. sept. 1901 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, má ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir[1]). Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt áminstri samþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. — **2. gr.** Gjöld eftir 1. gr. greiðast af leyfisþegum og beiðendum, og skulu hafa lögtaksrétt. Þau renna í bæjarsjóð Reykjavíkur.

nr. 35 **Heimildarlög um áfangastaði.**
23. okt. Sýslunefndum veitist heimild til að greiða úr sýslusjóði hæfilegt árgjald fyrir áfangastaði í sýslunni, þar sem hún álítur þá nauðsynlega.

nr. 42 **Lög um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.**
13. nóv. Fyrsti kafli. Verzlanaskrár. **1. gr.** Í öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum, að setja í skrárnar. — **2. gr.** Tilkynning til innritunar á verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun fyrir skrásetning og auglýsing. — Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriftir þeirra staðfestar af notarius. — **3. gr.** Ef tilkynning er ekki

1) Samþykt $^{10}/_{6}$ 1904.

lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni. — Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja, er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó réttur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið. — **4. gr.** Skrásetningarvaldsmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefir verið rituð í skrána í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Sé eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl hennar. — Landstjórnin lætur við hver árslok birta í B deild Stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu. — **5. gr.**[1]) Landshöfðingi setur ýtarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár. — **6. gr.** Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sér skaðleg, og liggur það þá undir úrskurð dómstólanna, hvort afmá skuli tilkynninguna. — **7. gr.** Það, sem skrásett hefir verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi, nema atvik séu svo vaxin að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það, né til þess verði ætlazt af þeim. — Nú hefir birtingin eigi fram farið, og hefir tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana. — Annar kafli. Firmu. **8. gr.** Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara eftir um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (firma). — **9. gr.** Firma einstaks manns skal vera fult nafn hans; þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem

1) R. $^{8}/_{3}$ 1904.

1903 nr. 42. 13. nóv.

bendir á félagsskap eða takmarkaða ábyrgð. — Firma félags, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns með viðauka, er bendir á félagsskapinn, svo framarlega nöfn allra félagsmanna eru ekki tekin upp í það. — Firma samlagsfélags skal að minsta kosti vera nafn eins félagsmanns, er hefir ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á félagsskap, eða gefur til kynna, að félagið sé samlagshlutafélag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabréfum. Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfélags má eigi taka upp nöfn annara en þeirra félagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra félagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð. —Firma hlutafélags skal tilgreina, að félagið sé hlutafélag. — Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi félagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera. — **10. gr.** Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefir verið gjörð á henni. — Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glögt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því, ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glögt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefir sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta. — **11. gr.** Ekkja, sem heldur ófram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu þeirri, sem kona hans hefir rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins

manns með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefir leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefir ekki gjört aðra ráðstöfun. — **12. gr.** Nú gjörist maður félagsmaður í atvinnu, sem einn maður, félag með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélag hefir rekið til þessa tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eftir sem áður. Hið sama er og, ef maður fer úr félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi; þó má eigi halda nafni hans í firmanu, nema hann hafi leyft það, eða, ef hann er látinn og hefir eigi gjört aðrar ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess. — **13. gr.** Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, félagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfélagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigandaskifti hafi orðið. — Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hér á undan. — **14. gr.** Nú er svo ákveðið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi ritað svo gilt sé, nema fleiri en einn af félagsmönnum gjöri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað. — Með firmaritun fyrir hönd – – – félags með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rétt til að rita firmað. — 15. gr. Nú er fulltrúum (skuldarlúkningarmönnum, forráðamönnum) falið á hendur að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriftinni. — **16. gr.** Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, — sjá þó 21. gr. — en öll önnur firmu skal tilkynna, áður en atvinnureksturinn byrjar; tilkynning skal gjöra til innritunar í verzlanaskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útibú) er sett á fót undir sérstakri stjórn; sé útibúið ekki í sama umdæmi sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má eftir að tilkynningin

1903 nr. 42 13. nóv.

hefir verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Útibú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það. — Í hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn félagsins; annars hvílir hún á öllum félagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð. — Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað. — **17. gr.** Þegar firma eins manns er tilkynt, skal tilgreint auk firmans: 1. Fult nafn hans og heimili, 2. tegund atvinnunnar, og 3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er. — **18. gr.** Tilkynning um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans: 1. Fult nafn og heimili allra félagsmanna, 2. tegund atvinnunnar, 3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er; og svo framarlega sem hver einstakur félagsmaður hefir ekki rétt til að rita firmað: 4. hver þá hafi rétt til þess, svo og hvort aðeins fleiri í sameiningu hafi rétt til þess. — Hið sama er og um tilkynning samlagsfélaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að félagið sé samlagsfélag, og sé það alment samlagsfélag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sé það samlagshlutafélag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 19. gr. 1. og 4.—7. lið, og skulu samþyktir félagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sé gjörð með samþykki þeirra, eða frá eftirlitsnefnd þeirra, ef hún hefir í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna né tillög þeirra. — **19. gr.**[1]) Tilkynning um hlutafélag skal tilgreina auk firmans: 1. Dagsetning samþykta þess; 2. tegund atvinnunnar; 3. það bæjar- eða sveitarfélag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er; 4. upphæð fram-

1) L. nr. 77, $^{27}/_{9}$ 1921.

boðins hlutafjár og skifting þess í hluti; 5. hvort hlutabréfin hljóði á nafn eða handhafa; 6. hvort hlutir séu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar; 7. hvort auglýsingar til félagsmanna skuli birtar í almennum fréttablöðum, og þá hverjum; 8. fult nafn og heimili stjórnendanna; 9. hverjum þeirra sé heimilt að rita firmað. — Tilkynningu skulu fylgja samþyktir félagsins og nægileg umboðsskilríki fyrir stjórnendur. — 20. gr. Ákvæði 19. greinar um tilkynning um firma hlutafélags eiga og við önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sé gefin skýrsla um ábyrgð félagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana. — **21. gr.** Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breytingar verða, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynning um þetta svo fljótt sem unt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþyktum félaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefir verið samþykt og senda afrit af henni. — Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um – – – félag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar félag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins félagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum félagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að atvinna hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri áábyrgð, eða er meðlimur í félagsstjórn, ef um hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð er að

1903 nr. 42 13. nóv

ræða. — Þegar atvinna flyzt í annað bæjarfélag eða sveitarfélag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning. — Sé það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskrá, eða að eitthvað það sé fallið burt eða breytt, sem ritað hefir verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðila krefst þess, og auglýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr. — Þegar gjaldþrot verður, skal skiftaréttur annast um, að gerð sé athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiftanna. — **22. gr.** Um leið og firma er tilkynt, skulu þeir, sem rétt hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána eða viðauka hennar, ef nafnskrift þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefir tilkynt verið. — — **23. gr.** Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr., eða vanrækir að gjöra einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gjöra nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð. — **24. gr.** Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál. — Þriðji kafli. Prókúra. — **25. gr.** Ef firmahafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir umbjóðanda að annast alt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúruhafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð. — **26. gr.** Prókúru má veita fleiri mönnum en einum, þannig, að þeir aðeins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra). — **27. gr.** Umboð prókúruhafa samkvæmt 25. gr. má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönn-

um, þeim er eigi eru vitandi um það. — **28. gr.** Þegar prókúruhafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöfum, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annari skammstöfun þessara orða, og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin. — **29. gr.** Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína. — **30. gr.** Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda. — **31. gr.** Umbjóðandi getur tilkynt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef firmahafi tilkynti firmað, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum, frekar en heimilað er í 25. og 26. gr. — Um leið og prókúra er tilkynt, skal prókúruhafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni. — **32. gr.** Sé tilkyntri prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynt og tekið upp í verzlanaskrána. — F j ó r ð i k a f l i. A l m e n n á k v æ ð i. **33. gr.** Við framkvæmd laga þessara skal það athugað er hér segir: a. Samlagsfélag er það félag talið, sem í eru einn eða fleiri félagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir félagsins (félagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri félagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir félagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná eða hlutafé það, sem tilkynt hefir verið á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í félaginu fleiri en einn félagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt félag með ótakmrkðri ábyrgð. b. Nú leggur maður fé í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzlanaskrána, og hefir það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða félag. c. Hvert það félag, er hefir breytilega félagatölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið félag með takmarkaðri ábyrgð, þótt

1903 nr. 42 13. nóv.

félagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð. — **34. gr.** Þegar firmahafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rétti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefir atvinnurekandi útibú á öðrum stað og stjórn útibúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rétti á þeim stað, og skoða skrifstofu útibúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. — **35. gr.** Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir: a. Hver einstaklingur eða félag, sem rekur verzlun með borgarabréfi eða leyfisbréfi til verzlunar — þar með talin pöntunar- og framleiðslufélög og önnur slík félög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur — eða rekur að staðaldri víxlara- eða bankastörf, miðlunarstörf við vöruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefir á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfélög. b. Sparisjóðir. — Undanskilin eru félög, er samþyktir þeirra eru ákveðnar með lögum. — Þeir, sem hafa rétt til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og — — — samlagsfélög, þó eigi séu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfélög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara. — **36. gr.**[1]) Fyrir að taka á móti tilkynningum þeim, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur eftir verzlanaskrá og skjölum, er henni fylgja, skulu greidd gjöld þau, er hér segir, og skulu þau renna til lögreglustjóra: Fyrir firmatilkynning félags, samkvæmt 16. gr. kr. 8.00. Fyrir firmatilkynning eins manns, og fyrir prókúrutilkynningu (31. gr.) kr. 4.00. Fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. kr. 2.00; þó skal ókeypis skrásetja tilkynningu

1) L. nr. 77, $^{27}/_{6}$ 1926, 61. gr.

um að atvinnu sé hætt. — Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgrein 16. gr., sbr. 21. gr., skal þó aðeins greitt eitt gjald. — Fyrir tilkynningar um sparisjóði og félög með breytilegri félagatölu eða breytilegum fjárstofni greiðist ekkert gjald. — Fyrir eftirrit úr skránni um einstakt firma og af öllum skýrslum um það greiðast kr. 4.00. Fyrir eftirrit af einni tilkynningu kr. 2.00. Fyrir munnlega skýrslu um einstakt firma kr. 0.80. — Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits úr verzanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru rituð. — **37. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hér fara á eftir: 1. Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eftir að lög þessi hafa gengið í gildi. 2. Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan, er atvinnurekendur hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sé tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: „takmörkuð ábyrgð“ eða „limitað“, eða sé um hlutafélag eða samlagsfélag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag félagsins. 1903 nr. 42 13. nóv.

Lög um vörumerki. nr. 43

1. gr. Hver sá, er hér á landi rekur verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, hefir rétt til að nota nafn sitt eða firma eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, en getur jafnframt samkvæmt lögum þessum með skrásetningu öðlast einkarétt til að hafa sérstakt vörumerki til að greina vörur sínar frá vörum annara í viðskiftum manna á milli. Þessi réttur nær til allra vörutegunda, hafi hann eigi með skrásetningunni verið bundinn við ákveðnar vörutegundir. — Vörumerkið er sett á sjálfa vöruna 13. nóv.

1903 nr. 43 13. nóv.

eða umbúðir hennar. — **2. gr.** Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land allt af skráritara, er landshöfðingi skipar; ráðherra Íslands ákveður laun hans og ritfé frá því lög þessi öðlast gildi þangað til 31. desember 1905, en upp frá því skal hvorttveggja veitt á fjárlögunum. — **3. gr.**[1]) Nú vill maður fá vörumerki skrásett, og skal hann þá afhenda eða senda skráritara í borguðu bréfi tilkynningu um það; skal í henni standa greinileg lýsing á merkinu og skýrsla um nafn eða firma tilkynnanda, atvinnuveg og póstáskrift; eigi vörumerkið eingöngu að ná til ákveðinna vörutegunda, skulu þær og tilgreindar. — Tilkynningu skal fylgja: 1. mynd af merkinu á sterkum pappír í 3 eintökum, eigi stærri en 10 sentimetrar (3,$^{3}/_{32}$ þumlungar) á hæð og 15 sentimetrar (5,$^{7}/_{14}$ þumlungar) á breidd. 2. Tvö mót (kliché) jafnstór myndinni til að prenta hana eftir. 3. 40 kr. borgun fyrir skrásetning og auglýsing hennar, er renni í landssjóð. — Skráritari skal svo fljótt sem kostur er á afhenda tilkynnanda eða senda honum skriflega viðurkenning fyrir móttöku tilkynningarinnar og nefna dag og stund, er hann fékk hana. Festa skal við viðurkenninguna eitt eintak vörumerkisins. — **4. gr.** Nú notar einhver, þá er lög þessi ganga í gildi, ákveðin merki á vörum sínum eða umbúðum þeirra, og getur þá enginn annar með tilkynningu öðlast rétt til notkunar þeirra merkja, ef sá, er merkin notaði, tilkynnir þau innan 2 vikna frá því, er lögin öðluðust gildi, á þann hátt, er fyrirskipað er í 3. gr. — **5. gr.** Vörumerki skal eigi skrásetja: 1. Ef það einungis er tölustafir, bókstafir eða orð, er ekki hafa svo einkennilegt lag, að þau megi teljast mynd; þó skal eigi neita um skrásetning, ef merkið er orð, sem er sérstakt tilbúið heiti fyrir ákveðnar vörutegundir, er tilgreindar eru í tilkynningunni samkvæmt 3. gr., og á ekki að lýsa uppruna vörunnar, ásigkomulagi hennar eða ákvörðun, vörumegni eða

---

1) Sbr. stjórnarráðsauglýsingu $^{30}/_{12}$ 1904.

verði. 2. Ef í því er heimildarlaust nafn eða firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars manns. 3. Ef í því eru opinber merki, svo sem skjaldarmerki. 4. Ef í því stendur nokkuð, er getur valdið hneyksli. 5. Ef það er alveg eins og vörumerki, sem þegar hefir verið skrásett fyrir aðra eða tilhlýðilega tilkynt til skrásetningar, eða er svo líkt því, að hætt sé við að villast á merkjunum yfirleitt, þótt ólík séu í einstöku atriðum; þó skal eigi neita um skrásetningu, ef líkingin er fólgin í táknum þeim og merkjum, sem getur um í 8. gr., eða ef merkin eiga að vera hvort fyrir sína vörutegund. — **6. gr.** Ef synjað er um skrásetning, skal gjöra tilkynnanda skriflega aðvart samkvæmt 3. gr. um synjunina og ástæður fyrir henni. — Ef tilkynnanda þykir úrskurðurinn heimildarlaus, getur hann innan þriggja mánaða skotið honum til landshöfðingja, og skal honum engu að síður heimilt að leita úrskurðar dómstólanna um málið. — **7. gr.** Þá er skrásetning hefir fram farið, skal svo fljótt sem unt er auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi, og skal þar að auki í hver árslok birta í B-deild Stjórnartíðindanna auglýsing um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið á því ári — **8. gr.** Nú eru í skrásettu vörumerki tölustafir, bókstafir eða orð, sem ekki verða skrásett út af fyrir sig samkvæmt 5. gr., eða vörumerkið er sett saman eingöngu eða að nokkru leyti af táknum eða merkjum, sem alment eru notuð í einhverjum atvinnugreinum, þá sviftir það ekki aðra rétti til að hafa sömu tákn fyrir vörumerki eða einhvern hluta þess. — **9. gr.** Skrásett vörumerki má eigi láta af hendi, nema með atvinnu þeirri, sem það er notað við. — Nú selur maður atvinnu sína, og eignast kaupandi þá hið skrásetta vörumerki, sem notað er við atvinnuna, nema svo sé um samið, að seljandi skuli halda vörumerkinu, eða að þeir megi báðir nota merkið, hvor á sinni vörutegund. — **10. gr.** Vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um end-

1903 nr. 43 13. nóv.

urnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan. Skráritari skal að minsta kosti 4 mánuðum áður en frestir þessir eru liðnir, gefa þeim, sem merkið hefir verið skrásett fyrir, eða umboðsmanni hans (sbr. 15. gr.), vísbending í ábyrgðarbréfi um, að vernd á vörumerkinu falli burt, ef endurnýjuð tilkynning er ekki gerð í tækan tíma; bréfið sendist til þess staðar hér á landi, er hlutaðeigandi hefir til nefnt. — Nú vill einhver endurnýja skrásetning, og skal hann þá afhenda eða senda skrifega tilkynning, samda samkv. 3. gr., og láta henni fylgja mynd eins og þá, er þar er fyrir skipuð, og 10 kr. í skrásetningargjald til landssjóðs. Ef merkið hefir verið skrásett fyrir einhvern annan en þann, sem beiðist endurnýjunar, skulu jafnframt færðar sönnur fyrir rétti beiðanda til merkisins. Endurnýjun skal rita í skrána svo fljótt sem verða má, og skal beiðanda gefin viðurkennig eins og fyrirskipað er í 3. gr. fyrir tilkynning um nýtt merki. — Ef skráritara þykir tilkynningu að einhverju leyti ábótavant, skal hann synja um endurnýjun merkisins, og fer um þá synjun og kæru út af henni eftir ákvæðum 6. gr. — 11. gr. Nú álítur landshöfðingi, að ekki hefði átt samkvæmt ákvæðunum í 5. gr. nr. 3 eða 4 að skrásetja vörumerki, og skipar hann þá að ógilda skrásetninguna; um lögmæti skipunar þessarar má leita úrskurðar dómstólanna. – Nú er vörumerki skrásett, og eru í því aðeins tákn eða merki, sem alment eru notuð í sérstökum atvinnugreinum, og getur þá hver, er rekur þess konar atvinnu, krafist þess, að skrásetningin sé ógilt. Þegar þetta kemur fyrir, svo og þegar einhver álítur skrásetning vörumerkis sér til skaða, liggur spurningin um ógilding skrásetningarinnar undir úrskurð dómstólanna. — Nú er synjað um skrásetning vörumerkis samkvæmt 5. gr. nr. 5, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem hefir hið umbeðna eða skrásetta merki, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta og að hinn hafi síðar

tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með þeim einkarétti til að nota það, er hann hafði heimting á, þegar hinn tilkynti það, svo framarlega sem hann höfðar mál út af þessu innan eins árs, eftir að auglýsing um skrásetning merkisins hefir verið birt í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. — **12. gr.** Þegar skrásetning vörumerkis er feld úr gildi eða vernd á skrásettu vörumerki fellur burt, eða þegar sá, sem rétt hefir til merkisins, æskir þess, skal afmá merkið úr skránni og skal birta auglýsingu um það í blaði því, er löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi, og við árslok í B-deild Stjórnartíðindanna, ásamt auglýsingu þeirri, er getur um í 7. gr., um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið á árinu. — **13. gr.** Nú setur maður heimildarlaust á söluvarning eða umbúðir hans nafn eða firma annars manns, eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns eða maður hefir vörur til sölu, sem auðkendar eru á þennan hátt, og getur þá sá, er fyrir órétti verður, höfðað mál og fengið dómsúrskurð fyrir því, að hinum sé óheimilt að nota merkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkendar eru með því. Hafi honum verið kunnugt um rétt hins, verður hann sekur um 100 kr. til 2000 kr., sé brotið ítrekað, getur það varðað fangelsi; auk þess má skylda hann til að bæta skaða þann, er af því hefir leitt, og taka burtu merki þau, er ólöglega hafa sett verið, eða, ef nauðsyn krefur, ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefir umráð yfir þeim. — **14. gr.** Ákvæðum 13. greinar skal einnig beitt, þegar nafn eða firma annars manns eða nafn á fasteign eða skrásett vörumerki annars manns er notað með svo lítilvægum breytingum, að hætt er við að villast á nöfnunum eða merkjunum, þótt ólík séu í einstökum atriðum. — **15. gr.** Með konunglegri tilskipun má einnig veita vernd þá, er lög þessi heimila, þeim mönnum erlendis, sem

1903 nr. 43 13. nóv.

1903 nr. 43 13. nóv.

reka einhverja þá atvinnu, sem um er getið í 1. gr., með því skilyrði, að hérlendir menn verði sömu réttinda aðnjótandi í hinu landinu. Skal þá farið eftir þeim sérstöku reglum, er nú skal greina um vörumerki þau, sem skrásett verða: 1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í hinu landinu fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar. 2.[1]) Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkinu og tilnefna umboðsmann búsettan hér á landi, er taki á móti málssókn fyrir hans hönd. 3. Vörumerkið skal eigi njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í hinu landinu. — Um vörumerki, skrásett í öðru landi, þar er íslenzk vörumerki njóta sömu réttinda, má ennfremur setja þessi ákvæði með konunglegri tilskipun: 4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í hinu landinu, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu. 5. Nú er vörumerki tilkynt til skrásetningar hér á landi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynt í hinu landinu, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í því landi. 6. Nú er synjað um skrásetningu samkv. 5. gr. nr. 5, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgr. — **16. gr.** Landshöfðingi setur ítarlegar reglur um fyrirkomulag og lögun vörumerkjaskrárinnar og hvernig hún skal haldin, um auglýsingar samkvæmt

1) Sbr. stjórnarráðsauglýsing $^{30}/_{12}$ 1904.

lögum þessum, og um reikningsskil fyrir gjöldum þeim, 1903
er renna í landssjóð samkvæmt þeim. — **17. gr.** Um mál, nr. 43
sem höfðuð eru samkvæmt 13. gr. 2. málsg. í lögum 13. nóv.
þessum, fer sem um almenn lögreglumál, en mál skal að eins höfða eftir kröfu þess, er fyrir órétti hefir orðið sökum lagabrotsins. — **18. gr.** Öllum skal heimilt að kynna sér það, sem stendur í vörumerkjaskránni, annaðhvort með því að skoða hana eða fá eftirrit eftir henni; þó verður þess eigi krafizt, að skrásettar myndir séu sýndar í eftirritum. — Fyrir eftirrit eftir skránni eða af frumritaðri tilkynningu greiðist 2 kr. gjald til landssjóðs. Fyrir að skoða skrána greiðist ekkert gjald. — **19. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904.

Lög um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala[1]). nr. 44
13. nóv.

1. gr. Allir hvalir, nema tannhvalir og smáhveli, svo sem hnýsur, höfrungar og marsvín, skulu friðhelgir fyrir allskyns skotum hvervetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni, árið um kring, nema í ísvök sé eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt því líkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess ávalt gætt, að eigi sé síldveiði eða veiðarfærum spilt. — — — **2. gr.**

Lög um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald á hvalaafurðum[1]). nr. 45
13. nóv.

1. gr. Af hverri tunnu hvallýsis skal greiða útflutningsgjald kr. 1,00. — **2. gr.** Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um eftirlit með mannflutningum til útlanda. nr. 49

1. gr. Hvert það skip, sem flytur farþega frá Íslandi 27. nóv.
til útlanda á óæðra farrúmi, skal vera háð eftirliti lög-

1) Sbr. l. nr. 67, $^{22}/_{11}$ 1913.

1904 reglustjórnarinnar, en „óæðra" er farrúmið, ef það er
nr. 49 lakara en 2. farþegarúm á millilandaskipum þeim, er
27. nóv. landsstjórnin notar. Skal það að minsta kosti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 10.—12. gr. laga um tilsjón með útflutningum frá 14. janúar 1876. — **2. gr.** Skipstjóri má ekki taka við farþegum í óæðra farrúm, fyr en lögreglustjóri á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka slíka farþega, hefir gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi til taka, hve marga farþega megi taka í farrúmið,enda hafi lögreglustjóri áður sannreynt þann hátt, er 7. gr. nefndra laga frá 14. janúar 1876 til tekur, að farrúmið fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru að framan. — Skipstjóra ber að heimta af þeim, sem selja farbréf til flutnings á óæðra farrúmi, tvíritaða skrá yfir alla þá, sem þeir hafa selt farbréf þessi. Skráin skal vera gerð eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi semur, og skal sá, er farbréfin seldi, rita neðan á hana æru og samvizku vottorð um, að hann hafi eigi selt fleiri farbréf en skráin greinir. — **3. gr.** Á síðustu höfn, sem skipstjóri leggur frá til útlanda, skal lögreglustjóri sannprófa, að ekki fari á óæðra farrúmi fleiri en veitt var leyfi til á hinni fyrstu höfn að taka mætti á skipið, enda afhendi skipstjóri lögreglustjóra í því skyni annað eintakið af skrá þeirri, er ræðir um í næstu grein á undan, með árituðu æru og samvizku vottorði sínu um, að farþegar séu ekki fleiri en taldir eru á skránni. — 4. gr. Brot á lögum þessum varða skipstjóra alt að 500 kr. sekt, er renni í landssjóð, og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál.

nr. 52 **Lög um að stjórninni veitist heimild til að maka-**
27. nóv. **skifta þjóðjörðunni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi.** (St. A.

nr. 53 **Lög um heimild til að kaupa lönd til skógarfriðunar**
27. nóv. **og skógargræðslu.**

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að kaupa til skóg- 1903
arfriðunar og skógargræðslu: 1. Jörðina Hallormsstað nr. 53
í Suðurmúlasýslu með hjáleigum og með húsum þeim 27. nóv.
og kúgildum, er fylgja og fylgja eiga, svo og ítak hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðaskógi, gegn því að gjald það til landssjóðs, að upphæð 1000 kr. á ári, er samkvæmt 1. gr. laga 27. febrúar 1880 greiðist frá Vallanessprestakalli, færist niður í alt að 620 kr. á ári. 2. Jörðina Vagli í Fnjóskadal með húsum þeim og kúgildum, er henni fylgja og fylgja eiga, fyrir alt að 3000 kr. 3. Hálsskóg í Fnjóskadal gegn 80 kr. árlegu gjaldi til Hálsprestakalls úr landssjóði. — 2. gr. Landsstjórnin hefir yfirumsjón með byggingu og ábúð jarðanna og allri meðferð skógarlandannna. — 3. gr.

— ——

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Selvík í Skaga- nr. 54
fjarðarsýslu (St. A. 306). 27. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Kálfsham- nr. 55
arsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu (St. A. 308). 27. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í nr. 56
Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu (St. A. 310). 27. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Grenivík við nr. 57
Eyjafjörð (St. A. 312). 27. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Ökrum í Hraun- nr. 58
hreppi í Mýrasýslu (St. A. 314). 27. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Heiði á Langa- nr. 59
nesi í Norður-Þingeyjarsýslu (St A. 316). 27. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Óspakseyri við nr. 60
Bitrufjörð í Strandasýslu (St. A. 318). 27. nóv.

1903 19. des. **Auglýsing um samþykt á uppdrátti af hinu nýja skjaldarmerki[1]) Íslands.** (St. A. 322).

nr. 65 19. des. **Lög um fólksinnflutninga til Íslands.**

1. gr. Stjórninni veitist heimild til að verja úr landssjóði alt að 5000 kr. til þess að greiða fyrir innflutningi útlendinga til Íslands, einkum frá Norðurlöndum. — 2. gr. Þeim innflytjendum, er setjast vilja að á Íslandi og byrja þar búskap, má stjórnin veita til eignar og umráða ákveðna tölu dagsláttna af óræktuðu landi á íslenzkum þjóðjörðum, sér í lagi eyðijörðum, samkvæmt ákveðnum reglum, sem stjórnin sjálf setur um ræktun landsins og auglýsir fyrir fram.

28. des. **Reglugjörð um próf iðnaðarnemanda og umsjón með því.**

I. Kafli. Viðfangsefni prófanna. **1. gr.** Prófin eru ýmist haldin í dráttlist og verklagni, ýmist í verklagni einni saman. — **2. gr.** Þeir iðnaðarmenn, sem hér verða nefndir, eiga að sýna kunnáttupróf bæði í dráttlist og verklagni, og er viðfangsefni þess þannig ákveðið: a) pjátrarar: fyrst skulu þeir gjöra dráttmynd, er gild sé tekin, af tesuðuvél, kaffikönnu eða blómkeri, og smíða svo hlutinn eftir henni; b) buðkarar: að gjöra dráttmynd af keri eða tunnu með tiltekinni lögun og rúmfangi, og reikna ílátið út, og smíða svo eftir myndinni ölker eða annað ílát, sem alment er tíðkað; c) rennismiðir: þeir skulu renna og gljáfægja holt skrautker eða handriðsspela (balustre) úr tré, eða smærri smíðisgrip úr beini, horni eða málmi, þann er prófnefndinni þykir nægilegur, samkvæmt dráttmynd af hlutnum, er þeir hafa sjálfir gjört og gild hefir verið tekin; d) drifsmiðir (gjörtlarar): eftir dráttmynd, sem þeir gjöra sjálfir og gild er tekin, eiga þeir að móta, steypa og fullgera ljósastiku eða vatnskrana, beizlisstengur eða

1) Sjá auglýsing um innsigli Íslands $^{12}/_{3}$ 1904.

svipuskaft; c) gullsmiðir: eftir dráttmynd, sem þeir gjöra sjálfir og gild er tekin, eiga þeir að smíða brjóstnál eða armband úr gulli, eða sykurskál, súpuausu, kökuskeið eða fiskskeið, belti eða koffur úr silfri; f) hjólsmiðir eða vagnsmiðir: eftir dráttmynd, sem þeir gjöra og gild er tekin, að smíða fremri hjólás eða hjól í stórvagn fjórhjólaðan, lokaðan (karet) eða því um líkan vagn annan; g) lásasmiðir: eftir dráttmynd, er þeir hafa gjört og gild er tekin, að smíða alfóðraða skrá með lykli, eða skrúfheldu („skrúfstykki"), 32 punda eða þar yfir; h) eirsmiðir: eftir dráttmynd, er þeir gjöra og gild er tekin, að smíða rauðan eða gljáfægðan teketil eða kaffikönnu; i) málarar: að draga skreytingarmynd og mála hana síðan í olíulit eða limlit, svo og að sýna kunnáttu sína í að marmaramála eða æðamála tré; k) múrarar: eftir dráttmynd, er þeir hafa gjört og gild er tekin, að múra upp 1½ steins múr með 1 steins blindingu, 3 álna langan og 2 álna háan. Blindinguna með hennar 4 hornum á að sléttfága; l) snikkarar: eftir dráttmynd, er þeir hafa áður gjört og gild er tekin, að smíða dragkistu, skrifborð, skatthol, gluggagrind eða spelhurð, borðstofustól eða hægindastól með rendum eða bjúgum fótum; m) timburmenn: eftir dráttmynd, er þeir hafa áður gjört og gild er tekin, að smíða beinan stiga, ekki minni en 4 þrepa, eða sníða til og fella saman bálkgrind eða þakbindi eða því um líkt; n) úrarar: eftir dráttmynd af ganginum í stórum stíl, er þeir hafa áður gjört og gild er tekin, að smíða tiltekinn hluta gangfæranna í alment vasaúr eða í 8 daga borðúr eða stofuúr með slagfærum. — **3. gr.** Þeir iðnaðarmenn, er hér verða nefndir, eiga að sýna kunnáttupróf í verklagni að eins og er viðfangsefni þess þannig ákveðið: a) bókbindarar: að binda bók í áttungsbroti eða stærra broti með gyltum sniðum sléttum og skreyting á bindinu eftir því sem sveinsefni kýs sjálfur; b) sútarar: að verka 2 húðir og 10 kálfskinn, gera vaxleður úr helmingnum, en smurningsleður úr öðrum helm- 1903 28. des.

1903 28. des. ingi, og stræja ker af leiðri; c) járnsmiðir (stærri): að smíða gang af skeifum, og skeifufjaðrir til hans, eða smíða fjöður í vagn; d) hanzkamakarar: að gera almenna hanzka með ávölum saum, eða verka skinn í franska hanzka og sníða þá; e) hattarar: að gera þrístrendan flókahatt með silkiflosi eða sívalan hatt með silkiflosi og sívalan hérahársbatt; f) naglarar: að smiða tveggja þumlunga nagla, 2 þriggja þumlunga og 2 fjögra þumlunga nagla; g) kaðlarar: að gera sexþættan streng, 25 faðma langan og 4 punda á þyngd, þríþætt snæri, 12 faðma langt, og þrjátíu faðma langa seglgarnslínu, alt úr hvítu garni; h) söðlarar: að gera reiðbeizli með fóðruðum hringjum eða sterkt aktýgjabeizli; i) skómakarar: að gjöra eina stýfla eða eina skó með uppstunginni rönd; k) skraddarar: að taka sjálfur mál af manni, draga snið af fatinu á pappír og sauma svo fatið, karlmannsfrakka eða karlmannskjól; l) tóbaksspinnarar: að gera rullu af mjóu, hollenzku tóbaki, um 40 pd. á þyngd; m) vefarar: að vefa mislitan baðmullardúk, röndóttan eða tiglóttan, 40 álna langan, eða ámóta dúk úr líni, svo sem léreft, dregil, sængurdúk eða klæði, ámóta langt. — **4. gr.** Nú óskar sveinsefni að vinna annað verk eða gjöra annan grip, en hér er ákveðið að framan, enda álíti prófnefnd sú, er getur um í 6. gr., að það sé eins mikið vandaverk og veiti jafn mikla trygging fyrir almennri kunnáttu sveinsefnis í sinni grein, og er þá nefndinni heimilt að leyfa það. — **5. gr.** Prófnefnd sú, er ræðir um í 6. gr., tiltekur verkefni handa verzlunarnemum og lærlingum annara atvinnurekanda (en verzlunarmanna og iðnaðarmanna), þeim er próf vilja sýna. — II. kafli. Umsjón með prófinu og dómur um það. **6. gr.** Umsjón með prófstarfinu og dómur um það er falinn nefnd á hendur, og eru í henni 3 menn, er lögreglustjóri kveður til, og skulu tveir af þeim, ef unt er, vera samiðnarmenn. Í þeim iðngreinum þar sem dráttmyndir skal gjöra, skal haga svo vali prófnefndarmanna, að einn

þeirra að minsta kosti sé vel til hæfur að dæma um það 1903
próf. Sérhver atvinnurekanda innan lögsagnarumdæm- 28. des.
isins, sem hefir borgarabréf eða aðra atvinnuheimild, er skyldur til að taka kosningu í nefnd þessa og gegna því starfi. Lögreglustjóri ákveður, hver vera skuli formaður nefndarinnar. — **7. gr.** Formaður stjórnar störfum nefndarinnar. Þeir, sem próf vilja gjöra, skulu, í kaupstöðum, tilkynna honum það, en annarsstaðar lögreglustjóra, og sker formaður úr því, hvort þeim skuli leyft próf að gjöra, samkvæmt skilríkjum þeim, er fram eru færð (sbr. 8. gr.), tekur við borgun þeirri, er sveinaefni eiga að greiða. Hann ákveður fundi í nefndinni, og kveður nefndarmenn til þeirra, og sér yfir höfuð fyrir því, að störf nefndarinnar gangi trúlunarlaust og reglulega. — **8. gr.** Próf skal halda tvisvar á ári, í apríl og október. Nú vill maður fá að gera próf, og skal hann þá tilkynna formanni prófnefndarinnar eða lögreglustjóra (sbr. 7. gr.) það fyrir 15. dag næsta mánaðar áður en prófið er haldið. Jafnframt tilkynningunni verður hann að afhenda vottorð um aldur sinn og nám sitt, undanfarið, og greiða um leið 3 króna gjald. Sé dráttmyndarpróf áskilið, skal því fyrst lokið. Formaður ávísar sveinaefnum hæfilegt húsnæði til að gera þetta próf, og sér um, að þeir eigi allir kost á að gera það áður en mánuðurinn er úti. Því næst tekur hann dráttmyndarprófin öll og leggur þau fyrir nefndina, og sker hún svo úr, hvort leyfa skuli sveinaefnunum að gjöra prófin. Nú eru dráttmyndarpróf einhvers eigi gild metin, og má sá þá ekki koma til prófs fyrri en á næsta missiri. Þau áhöld, sem til dráttmyndanna þarf, svo sem pappír, dráttlæki, blýanta o. s. frv., leggja sveinaefni sér til sjálfir. Sveinaefni, hvort heldur þeir, er staðist hafa dráttmyndarprófið, eða þeir, sem ekkert dráttmyndarpróf er af heimtað, skulu vinna hið verklega prófstarf sitt hjá einhverjum iðnaðarmanni í þeirri iðngrein, er próf skal í gera. Formaður gefur þá leiðbeining, sem þörf er á, um það, hversu þessu skuli fyrir

1903 28. des. komið, og sjái hann sér það fært,getur hann vísað sveinsefni á starfstofu, verkfæri og vinnuefni. Nú hefir formaður enga starfstofu á að vísa, og er sveinsefni þá rétt að útvega sér hana sjálfur og eins verkefni og verkfæri; nú getur hann það ekki, og á nefndin þá að sjá honum fyrir þessu á hans kostnað. Nú hefir sveinsefni útvegað sér sjálfur starfsstofu, og sker nefndin þá úr, hvort hún sé til þess fallin. Nú hefir nefndin vísað prófnema, honum að kostnaðarlausu, á iðnaðarmann, er hann getur unnið að prófstarfinu hjá, og á sveinsefni þá að loknu prófi ekkert tilkall til grips þess er hann hefir gert; en ef hann hefir sjálfur séð sér fyrir verkstofu o. s. frv. eða borgað fyrir það, þá hefir hann gagnvart nefndinni fullan umráðarétt yfir prófgripnum. Bæði dráttmyndaprófstarfið og verklega prófstarfið skal sveinsefni vinna undir umsjá nefndarinnar, og er henni skylt að sjá um, að sveinaefnin vinni sjálfir prófstörfin án nokkurrar hjálpar frá öðrum. Bæði til dráttmyndaprófstarfsins og verklega prófstarfsins tiltekur nefndin ákveðinn tíma, er verkinu skal lokið vera, og skal svo álíta, að sá, sem ekki hefir lokið prófstarfi sínu innan ákveðins tíma, hefi eigi staðist prófið. Þá er sá tími er liðinn, er ætlaður var til hins verklega prófs, kveður formaður nefndina til fundar, og skal þar þá sýna nefndinni prófgripina og dráttmyndirnar með, ef þær hafa gjörðar verið. Þá sker nefndin úr, hvort prófstarfið skuli gilt tekið eða ekki. Nú er prófstarf einhvers ekki gilt tekið, og má hinn sami þá eigi aftur til prófs koma fyrri en á næsta missiri. — **9. gr.** Bóka skal stuttlega það, sem gjörist á fundum nefndarinnar, og í fundarlok rita nefndarmenn nöfn sín í bókina undir það, sem bókað er. Þeim, sem prófstarfið er gilt tekið hjá, skal gefa námsbréf, og undirskrifa það nefndin og lærimeistari; skal þess í því getið, í hverju prófið hafi fólgið verið. Nú hefir sveinsefni sýnt óvenjulega mikla snilli í prófi sínu, og skal þess þá getið í námsbréfinu. Nú þykir prófstarf sveinsefnis eigi gott og

gilt, og skal þá skýra honum frá ástæðunum til þess. — 1903
10. gr. Nú hefir sveinsefni byrjað prófstarf sitt, en eigi 28. des.
lokið við það, eða starf hans, hvort heldur í dráttmynd eða verklagni, hefir eigi verið gilt metið, og á hann eigi fyrir þá sök neinn rétt á að fá endurgreitt gjald það, er hann greiddi fyrir að fá að ganga undir prófið. En hætti einhver við áður en próf byrjar, og hafi tilkynt það, þá fær hann endurgreiddar 2 krónur af gjaldi sínu. — **11. gr.** Gjald það, er sveinaefni greiða, fellur til hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, gegn því að bæjarsjóður eða sveitar beri kostnaðinn við að útvega herbergi til dráttmyndarprófsins og til að sýna prófgripina, og við umsjónina með prófstarfinu og aðrar ráðstafanir, er af prófinu leiðir, að svo miklu leyti sem sveinsefni á eigi að bera sjálfur kostnaðinn, sbr. 8. gr. — **12. gr.** Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. janúar 1904; þó getur prófnefnd fyrsta árið (1904) veitt undanþágu frá kröfum þeim um dráttmyndarpróf, er getur um í 2. gr.

Reglugjörð fyrir útbú Landsbankans á Ísafirði. (St. 1904
B. 22). 20. febr.

Lög um ábyrgð ráðherra Íslands. nr. 2
1. gr. Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni, 4. marz
og má því krefja hann ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefir orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefir annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskipunarlög landsins eða önnur lög þess, eða að öðru leyti fyrirsjáanlega stofnað heill almennings eða einstaklings í hættu. — **2. gr.** Það varðar ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum: a. ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarlög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er fara í bága við stjórnarskipunarlög landsins, sérstaklega ef hann útvegar konungsundirskrift undir bráðabirgðarfjárlög, án þess að þinginu hafi verið gef-

1904 nr. 2 4. marz

inn kostur á að leiða fjárlögin til lykta. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að bera upp fyrir konungi lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskrift útheimtist til eftir stjórnarskipunarlögunum. b. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskipunarlög landsins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir. c. ef hann verður þess valdandi, að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins. — **3. gr.** Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnarskipunarlögum þess: a. með því að leggja fyrir konung til undirskriftar ályktan, tilskipun eða erindi, er fer í bága við lögin, eða með því að láta farast fyrir að útvega konungsundirskrift undir ályktan, tilskipun eða erindi, þar sem konungsundirskrift er lögmælt. b. með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógjört, sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir. — **4. gr.** Loks verður ráðherrann sekur eftir lögum þessum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið almenningi eða einstaklingi að tjóni, þótt eigi sé framkvæmd þess bönnuð í lögum. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er fyrirsjáanlega gat forðað almenningi eða einstaklingi við tjón, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir. — **5. gr.** Brot gegn 2. gr. varða embættismissi, eða sektum frá 500—5000 kr., ef málsbætur eru. — Brot gegn 3. gr. varða alt að 5000 kr. sektum eða embættismissi, ef miklar sakir eru. — Brot gegn 4. gr. varða alt að 5000 kr. sektum. — Hafi ráðherrann jafnframt brotið

gegn hinum almennu hegningarlögum, bætist hegning sú, er hann hefir unnið til eftir þeim, við hegningu þá, er honum er gjörð í lögum þessum. — **6. gr.** Sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð. Verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, skal einfalt fangelsi koma í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera. — **7. gr.** Hafi ráðherrann bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem hegningarverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafist, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum. — **8. gr.** Málshöfðun eftir lögum þessum getur eigi átt sér stað, ef 5 ár líða frá því, er brot var framið, án þess að alþingi hafi tekið ályktun um málshöfðun. — 9. gr. Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritarans þegar hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð.[1]) — — — **10. gr.** Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skipaður er sérstakur ráðherra fyrir Ísland.

1904 nr. 2 4. marz

Lög um eftirlaun[1]).

nr. 4 4. marz

1. gr. Hver sá, sem fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun eftir fögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar. — **2. gr.** Eftirlaun skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eftirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fær í eftirlaun $\frac{1}{5}$ þeirra embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, þó koma eigi til greina fleiri ár þjónustuár en 35. Sá, sem er fullra 70

1) Sjá l. nr. 11, $^{20}/_{10}$ 1905.
2) L. nr. 51, $^{27}/_{6}$ 1921.

1904 nr. 4 4. marz

ára, á rétt á að fá lausn með eftirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka atfur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eftirlaun hans; en eftirlaunin skal reikna eftir þeim embættistekjum, er hann hafði áður en hann fekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eftirlaunum, sem honum ber eftir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið, sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira. — **3. gr.** Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í, og séu launin eigi lægri en þess embættis, er hann fekk lausn frá. Séu launin minni, fær hann mismuninn greiddan úr landssjóði sem viðbót fyrir sjálfan sig. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti og getur eigi fært fullnægjandi sönnur á slíka vanheilsu, sem tálmi honum frá að gegna því, missir hann rétt til eftirlauna. — **4. gr.** Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eftirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr., eru: 1. viss árleg laun; 2. launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3. aukatekjur og hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, bújörð, eldi-

viður og ljós, sem með berum orðum er veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar einsogþær hafa verið aðmeðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefir embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5. — **5. gr.** Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna — 6 gr Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum. — **7. gr.** Eftirlaun eða biðlaun missast: 1. gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun; 2. þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3. þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4. þegar hann hefir ekki tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5. þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið. Eigef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fekk lausn frá embættinu. Nú hefir embættismaður fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, og tekur við nýju embætti, hefir hann þá rétt til að fá eftirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti. — **8. gr.** Hver kona, sem verður ekkja eftir embættismann, er hafði eftirlaunarétt eða eftirlaun eftir lögum þessum, skal hafa rétt til að fá eftirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 9. gr. Eftirlaun ekkjunnar reiknast $^1/_{10}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eftir 2. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eftirlaun hans; þó mega þau eftirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 600 kr. Þegar ástæður virðast til, getur konungur, í viðbót við eftirlaunin veitt 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barn ekkjunnar, sem hún hefir fyrir

1904 nr. 4 4. marz

að sjá, þangað til hvert barn er orðið 16 ára; þó skal eftirlaunaviðbót þessi því aðeins haldast, að ástæður þær, sem hún er bygð á, séu framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landsstjórninni. — **9. gr.** Þær embættismannsekkjur hafa engan eftirlaunarétt, sem hafa gifzt eldri manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fekk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið, áður en maðurinn dó. — **10. gr.** Eftirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giftist af nýju; 2) þegar hún tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefir ekki hirt eftirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eftirlaun, af því að hún hefir gifzt af nýju, á hún rétt á að fá aftur hin sömu eftirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn. — **11. gr.** Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40—200 kr. árlega, að svo miklu leyti, og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landsstjórninni. — **12. gr.** Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rétt til eftirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rétti til eftirlauna samkvæmt þeirri tilskipun, svo og ekkjur þeirra. Hið sama er og um styrk þann, sem konungur hefir veitt börnum embættismanna áður en lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin.

nr. 5 4. marz

Lög um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri[1]).

1. gr. Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, svo og læknar í 4.

1) L. nr. 51, $^{27}/_{6}$ 1921.

og 5. flokki, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða. — **2. gr.** Til að safna sér ellistyrk skal embættismaðurinn árlega verja 2% af launum sínum, en ef hann kýs heldur að kaupa geymdan lífeyri, er allur missist, ef kaupandi lífeyrisins deyr áður en til hans er tekið, skal hann árlega verja til þess 1⅓% af launum sínum. — **3. gr.** Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landstjórnin telur gildan, en sé keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landstjórninni. — **4. gr.** Upphæð þeirri, sem embættismaður á að gjalda eftir lögum þessum, skal halda eftir af launum hans. — **5. gr.** Þegar embættismaður fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann þá og keypt sér æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hluta af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á, er hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign. **6. gr.** Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem komnir eru í embætti, þegar þau öðlast gildi.

1904 nr. 5 4. marz

Lög um breyting á lögum nr. 4, 19. febrúar 1886, um utanþjóðkirkjumenn.

nr. 6 4. marz

1. gr. Kirkjufélög utan þjóðkirkjunnar, er kosið hafa sér prest eða forstöðumann, geta eftirleiðis leitað til ráðherrans fyrir Ísland til þess að fá staðfesting kosningarinnar. Staðfesting ráðherrans á kosningunni veitir kirkjufélaginu öll hin sömu réttindi, sem í lögum 19. febrúar 1886 eru talin fylgja konunglegri staðfesting. — **2. gr.** Nú deyr prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, er kosning hans hefir hlotið staðfesting, eða hann fyrir uppsögn eða af öðrum ástæðum hættir starfa sínum, og njóta þá meðlimir utanþjóðkirkjufélagsins undanþágu þeirrar frá gjöldum til kirkna og presta þjóðkirkjunnar, er til er tekin í 16. gr.

1904 nr. 6 4. marz laga 19. febrúar 1886, og í 3. gr. laga þessara, til þess, er þeir hafa kosið sér annan prest eða forstöðumann og fengið staðfesting á kosning hans, þó eigi um lengri tíma en 6 mánuði. — 3. gr.[1]) — — — 4. gr.[2]) — — —

8 marz **Reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár** (St. B. 28).

12. marz **Auglýsing um breyting á innsigli Íslands.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðherra Íslands hefir Hans Hátign konunginum þóknast í dag allramildilegast að úrskurða, að innsigli Íslands skuli breytt þannig, að í stað fisksins, sem í því er, komi fálki, gerður eftir uppdrætti þeim, er samþyktur er með allrahæstum úrskurði 19. desember f. á. til upptöku í skjaldmerki Íslands, og á grunninn sett ártalið 1903.

16. mai **Samþykt um breyting á byggingarsamþykt fyrir Reykjavík 7. sept. 1903 og viðauka við hana** (St. B. 114).

9. júni **Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð gamalla formanna í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað** (St. B. 124).

9. júni **Skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Stykkishólms** (St. B. 125).

12. júni **Reglur um hrákaílát og gólfræstingu til varnar gegn berklaveiki.**

1. gr. Í vinnustofum, búðum, gistihúsum, farþegaskipum, saumahúsum og opinberum byggingum, þar sem margt fólk kemur saman, t. d. í kirkjum og skólum, skal gæta þeirrar varúðar, er hér segir: Hafa skal hrákaílát svo mörg sem heilbrigðisnefnd[3]) þykir þurfa

1) Sbr. l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 2. og 7. gr.
2) L. nr. 46, $^{16}/_{11}$ 1907.
3) Sbr. Viðauka (við reglur þessar) $^{22}/_{6}$ 1904.

og af þeirri gerð, sem henni þykir hlýða. — Vatn skal vera í hverju hrákaíláti eða einhver sótthreinsunarlögur og skal hreinsa það varlega. Heilbrigðisnefnd getur skipað fyrir um, hvernig hreinsuninni skuli háttað. — Aldrei skal hafa á gólfum ofnar eða fléttaðar ábreiður eða loðskinn; skulu gólf vera svo gjörð, að auðvelt sé að þvo þau. — Jafnan skal skvetta vatni á gólf áður en þau eru sópuð, svo að ryk komi ekki upp. Gólf skal þvo úr heitu vatni, að liðnum hverjum þeim degi, er húsin eða herbergin hafa verið brúkuð. — 2. gr. Heilbrigðisnefndir skulu hafa gát á því, að þessum reglum sé fylgt. — 3. gr. Brot gegn reglum þessum varðar sektum frá 2—50 kr. 1904 21. júní

Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiftsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður. nr. 12 23. ág.

I. Um störf amtmanna. Störfum amtmanna skal skift þannig: 1. Sýslumönnum og bæjarfógetum skal falið: a. Að úrskurða sektahegningu samkvæmt hegningarlögunum 25. júní 1869, 300. gr., samkvæmt tilsk. 24. jan. 1838, 10. gr., – – – samkv. lögum 19. febr. 1886, um friðun á laxi, 8. gr., sbr. 9. gr.; – – – b. að gjöra ráðstafanir um barnsfaðernis lýsingarmál, sbr. opið bréf 28. maí 1825;[1]) c.[2]) — d. að framkvæma störf þau viðvíkjandi fjármálum hjóna, sem getur um í 15., 22., 28. og 29. gr. laga nr. 3 frá 12. janúar 1900;[3]) e. að skipa: 1. hreppstjóra, 2. yfirsetukonur og 3. sáttamenn utan Reykjavíkur; f. að ákveða framfærslueyri, sbr. tilsk. 14. oktbr. 1763 og 10. ágúst 1798,[4]) skerf barnsföður af kostnaðinum, er af barnsförum leiðir, samkvæmt lögum nr. 4 frá 12. jan. 1900, 2. gr.,[4]) og

1) L. nr. 46, $^{27}/_{6}$ 1921, 5. gr.
2) L. nr. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 53. og 62. gr.
3) L. nr. 20, $^{20}/_{6}$ 1923, 9., 13., 14. gr. og VI. kafli.
4) L. nr. 44, $^{10}/_{11}$ 1905, 29. gr. og l. nr. 46, $^{27}/_{6}$ 1921, 14.gr.

1904 meðlag ekkju, er situr í óskiftu búi, með óskilgetnum
nr. 12 börnum manns hennar, sbr. 3. gr. nefndra laga; g. að
23. ág. veita tombóluleyfi; h. að auglýsa vogrek;[1]) i. að gera ráðstafanir um nýbýli, sbr. lög nr. 15 frá 6. nóvember 1897, 4. gr.; j. að selja af hendi eftirnefnd leyfisbréf: 1. hjónavígslubréf, 2. leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng,[2]) 3. leyfisbrjef þau, er getur um í tilsk. 21. desbr. 1831, l. b[3]) og d[4]) og 4. leyfisbrjef þau, er getur um í konungsúrskurði 12. septbr. 1864, c. og d; k. — — — 2. Störf þau, sem amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu hefir haft á hendi samkvæmt opnu bréfi 6. janúar 1857 viðvíkjandi byggingarnefnd á Akureyri, skulu lögð undir bæjarstjórnina á Akureyri. — 3. Í stað amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu kemur í stjórn holdsveikraspítalans í Laugarnesi, sbr. lög nr. 2, 4. febr. 1898, 5. gr., maður þar til kosinn af stjórnarráðinu. — 4.[5]) — — — 5. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu skal hafa tilsjón með gjafasjóði Bjargar Jónsdóttur. — 6. Sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu skal fela stjórn gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu, og ásamt prófastinum í Eyjafjarðarprófastsdæmi stjórn gjafasjóðs sama manns handa fátækum í Svarfaðardalshreppi. — 7. Stjórn styrktarsjóðs Örum & Wulffs skal falin sýslumanninum í Þingeyjarsýslu meðverzlunarstjóra Örum & Wulffs á Húsavík. — 8. Sýslumanninum í Norður-Múlasýslu skal falin stjórn gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar með tilsjón amtsráðsins í Austuramtinu og störf amtmanns að því er snertir gjafasjóð Aðalbjargar Ásbjarnardóttur. — 9. Sýslumanninum í Suður-Múlasýslu skal falin stjórn gjafasjóðs Péturs sýslumanns Þorsteinssonar undir tilsjón amtsráðsins í Aust-

---

1) L. nr. 42, $^{15}/_{6}$ 1926, II. kafli og 28. gr.
2) L. nr. 39, $^{27}/_{6}$ 1921, 51. og 52. gr.
3) L. nr. 60, $^{14}/_{11}$ 1917, 1. gr.
4) L. nr. 39, 1921, VII. kap.
5) L. nr. 43, $^{10}/_{11}$ 1905, 84. gr. og tilsk. $^{2}/_{3}$ 1908.

uramtinu og komi hann í stað amtmanns að því er snertir stjórn gjafasjóðs Þórunnar Sveinsdóttur. — 10. Amtsráð Norðuramtsins skal hafa tilsjón með styrktarsjóði Jóhannesar Kristjánssonar. — 11. Öll önnur störf amtmanna hverfa undir stjórnarráðið. — II. Um störf stiftsyfirvalda. 1. Störf stiftsyfirvaldanna að því er snertir skólamál og kenslumál, yfirumsjón með Landsbókasafninu og Forngripasafninu, undirbúning verðlagsskráa samkvæmt lögum nr. 16. frá 6. nóvbr. 1897, og stjórn Thorkillii barnaskólasjóðs, skulu hverfa undir stjórnarráðið. — 2.[1]) — — — 3. Öll önnur störf stiftsyfirvaldanna skulu fengin biskupi í hendur. — III. Um störf landfógeta[2]). — — — Tilskipun þessi öðlast gildi, að því er skipun á störfum amtmanna og stiftsyfirvalda snertir, 1. október 1904 og að því er snertir störf landfógetaembættisins, þá er það embætti verður lagt niður. 1904 nr. 12 23. ág.

Auglýsing um bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna mentaskóla í Reykjavík[3]).

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að staðfesta eftirfylgjandi bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna mentaskóla í Reykjavík. — I. Um markmið skólans og fyrirkomulag. — 1. gr. Hinn almenni mentaskóli í Reykjavík skiftist í tvær deildir, og eru 3 ársbekkir í hvorri deild. Kallast neðri deildin gagnfræðadeild, en efri deildin lærdómsdeild. — 2. gr. a. Gagnfræðadeildin veitir nemendum sínum hæfilega afmarkaða almenna mentun. b.[4]) — — — Það sé sameiginlegt markmið bæði gagnfræða-

1) L. nr. 22, $^{6}/_{10}$ 1919, 3. gr. og l. nr. 37, $^{4}/_{6}$ 1924, 4. gr.
2) Tilsk. 16, $^{8}/_{9}$ 1918.
3) Gagnfræðad.: Prófreglugj. $^{18}/_{4}$ 1907 og $^{6}/_{4}$ 1923. Lærd.-deild: Brbr. $^{13}/_{3}$ 1908 og $^{22}/_{11}$ 1918. Prófr. 5, $^{20}/_{5}$ 1910.
4) Augl. $^{13}/_{3}$ 1908, 1. gr.

1904 nr. 13 9. sept.

deildarinnar og lærdómsdeildarinnar að efla sálar- og líkamsþroska nemendanna. — 3. gr.[1]) — — — II. Um kensluna. — 4. gr. Í gagnfræðadeildinni skal kenna: Íslenzku, dönsku, ensku, kristin fræði, sagnfræði og félagsfræði, landafræði, náttúrufræði, stærðfræði, teiknun, handavinnu, leikfimi og söng. — 5. gr.[2]) — — — 6. gr. Í gagnfræðadeildinni er kenslunni ætlað að ná því takmarki, sem hér segir um hverja grein: 1. Íslenzka. Nemendur skulu geta lesið íslenzkt mál bundið og óbundið, um efni við hæfi þeirra, skýrt, snjalt og efninu samkvæmt, og hafa kynt sér valda kafla úr íslenzkum bókmentum bæði að fornu og nýju, þó einkum frá síðari tímum, svo að þeir geti gjört grein fyrir efni þeirra. Þeir skulu hafa fengið æfingu í að flytja erindi um efni, sem þeir þekkja vel, og geta skrifað ljóst, skipulega og á vönduðu máli um auðvelt efni, þannig, að lestrarmerki séu rétt sett og stafsetning í góðu lagi. Í sambandi við lestrar- og stílæfingar skulu þeir hafa lært íslenzka málfræði, svo að þeir beri skyn á eðli málsins, þekki orðflokkana og beyging þeirra, helztu atriðin um skipun orða og málsgreina, orðmyndun, hljóðbreytingar og önnur merkustu atriðin úr lífi og sögu málsins. 2. Danska. Nemendur skulu geta lesið málið með góðum framburði, geta snúið kafla af áður lesnu máli úr dönsku á íslenzku, sagt frá efni hans og svarað spurningum, sem að því lúta, hvorttveggja á dönsku. Þeir skulu geta lesið hæfilega auðveldan ólesinn kafla og snúið honum á íslenzku, og hafa nokkra leikni í því að rita málið rétt. Aðalatriði danskrar málfræði skulu þeir hafa numið. 3. Enska. Nemendur skulu geta lesið málið með góðum framburði, snúið kafla af áður lesnu máli úr ensku á íslenzku, sagt frá efni hans og svarað spurningum, sem að því lúta, hvorttveggja á ensku. Þeir skulu geta lesið hæfilega

1) Augl. 1908, 2. gr.
2) Augl. $^{13}/_{3}$ 1908, 3. gr.

auðveldan, ólesinn kafla og snúið honum á íslenzku. Þeir skulu hafa numið aðalatriði enskrar málfræði. 4. Kristin fræði. Biblíusögur skulu álítast aðalgrundvöllur kenslunnar í kristnum fræðum. Í nánu sambandi við biblíusögukensluna skal veita nemendum nokkra fræðslu um Biblíuna sjálfa og rit hennar, og þar með tök á að geta haft þeirra not. Svo skal leiðbeina nemendum til að fá glöggan skilning á því, sem er hið verulega í Biblíunni og á frumgreinum kristilegrar trúar og siðfræði, og fer sú kensla fram í evangeliskum lúterskum anda. — Ef foreldrar eða fjárhaldsmenn fara þess á leit, má veita þeim piltum undanþágu frá þessari kenslu, er hafa aðra trú. 5. Saga og félagsfræði. Nemendur skulu fá ljóst yfirlit yfir aðalatriði mannkynssögunnar, og skal leggja sérstaka áherzlu á sögu síðustu alda, einkum frá 1789. — Ennfremur skulu þeir hafa numið greinilegt yfirlit yfir sögu Íslands, og skal einkum kenna nákvæmlega þá kafla og viðburði í sögu þjóðarinnar, sem mestu skifta, og afstöðu þeirra við sögu Norðurlandaþjóða. Jafnframt skulu þeir hafa fengið skýring á aðalhugmyndum stjórnarskipulagsins og félagslífsins, og nokkra þekking á grundvallaratriðum löggjafar landsins og landsstjórnar. 6. Landafræði. Nemendur skulu hafa ljóst yfirlit yfir aðalatriði landafræðinnar, sérstaklega Íslands og þeirra landa, er Ísland hefir mest viðskifti við. Þeir skulu vera leiknir í að rekja algengustu orsakasambönd er landafræðin fjallar um, og kunna að afla sér fræðslu af uppdráttum landa og myndum. Einnig skulu þeir hafa fengið nokkra leikni í því að gjöra einfalda uppdrætti af heimsálfum og löndum. 7. Náttúrufræði. a. Náttúrusaga. Með því að athuga dýr og jurtir skulu nemendur hafa lært að athuga skarplega og vel, og kunna að lýsa því, sem þeir sjá, skýrt og skipulega, og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Skulu þeir á þennan hátt hafa kynzt allra helztu tegundum jurta og dýra, sköpulagi þeirra og lífæragerð og hversu þetta er sniðið eftir lifnaðarháttum

1904 nr. 13 9. sept.

og dvalarstað, og geta dregið einfaldar ályktanir, er þar að lúta. Sömuleiðis skal þeim hafa verið kent að athuga skyldleika jurta og dýra. Þeir skulu og vita nokkuð um gagn það, er mennirnir hafa af ýmsum jurtum og dýrum. Þeir skulu hafa lært hið helzta um sköpulag mannsins og starf líffæra hans og kynzt meginatriðum heilsufræðinnar. Þeir skulu hafa numið helztu atriði steinafræðinnar og jarðfræðinnar með sérstöku tilliti til Íslands. b. Eðlisfræði og efnafræði. Nemendur skulu, einkum af einföldum tilraunum, þekkja algengustu fyrirburði í náttúrunni og lög þau, sem þeir hlýða. 8. Stærðfræði. a. Reikningur. Auk frekari æfinga í því, sem heimtað er til inntökuprófs, skulu nemendur hafa lært hlutfallsreikning, félagsreikning, blöndunarreikning og útreikning einfaldra flatarmála og rúmmála. Loks skulu þeir hafa fengið leikni í því að færa einfaldan reikning skýrt og hreinlega og semja jafnaðarreikninga. b. Talnafræði. Í talnafræði skulu nemendur hafa lært um samlagning, frádrátt, margföldun og deiling með heilum tölum og brotum (einnig tugabrotum); um pósitívar og negatívar stærðir; um að hefja upp í veldi með pósitívum heilum veldisvísi; um frumtölur (prímtölur) (hversu leysa má upp tölur í frumtölur þeirra) og hverjar tölur séu deilanlegar með 2, 3, 4, 5, 8, 9 og 11; um stærðir í beinum og öfugum hlutföllum; um fyrsta stigs líkingar með einni óþektri stærð og fleirum. Af rótarútdrætti skal að eins lært um kvaðratrótarútdrátt, og skal það sýnt með dæmum, hversu draga má saman takmörk irrationalrar kvaðratrótar eftir vild. Þá skal og kend hin venjulega aðferð til að reikna út kvaðratrót af heilum tölum og tugabrotum. Ennfremur skulu lærðar setningarnar um kvaðratrótarútdrátt af pródúkti, af hlutfalli og um margföldun og deilingu kvaðratrótar, og loks um lausn kvaðratlíkinga. c. Flatarmálsfræði. Í flatarmálsfræði skal lært um frumeigindir línu og flatar; um það, hvenær beinir línustúfar eru jafnstórir, og hvernig þeir

verði mældir; um horn, hvenær þau eru jafnstór eða misstór, og um mælingu þeirra; um samfara línur; um þríhyrninga (aljöfnuður; um það, er hliðar og horn eru sömu stærðar eða misstór, skálínur); um ferhyrninga; um hringinn (samband hans við beina línu og annan hring; um samband horna og boga); um flatarstærð marghyrninga (ummál og flatarstærð hrings skulu nemendur þekkja, en ekki er heimtað að það sé stærðfræðilega rakið); um hlutföll hliða í einslöguðum þríhyrningum, og hversu þau má nota til að reikna lengd línustúfa og í sambandi við það helztu setningar um rétthyrnda þríhyrninga. — Nemendur skulu jafnframt vandir við að leysa einföld uppdráttardæmi með nákvæmum og góðum frágangi. 9. Teiknun. Kenslan skal miða að því að örva eftirtekt nemendanna, svo að þeir geti dregið upp myndir af auðveldum hlutum, sem þeir hafa fyrir sér. 10. Handavinna. Kenslan skal miða að því að örva hagleik nemendanna og glæða hjá þeim áhuga og virðingu fyrir líkamlegri vinnu. 11. Leikfimi. Líkamsæfingarnar skulu sniðnar eftir aldri og líkamsþroska nemenda, og skulu þær miða að því að gera líkama þeirra hraustan, styrkan og fiman. Kenna skal sund og glímur. 12. Söngur. Kenna skal helztu atriði söngfræðinnar og æfa rödd og eyra nemendanna með reglubundnum iðkunum, fyrst einröddduðum söng og síðan margröddduðum Að svo miklu leyti sem unt er skal syngja á íslenzku, sérstaklega ættjarðarlög og sálma. — **7. gr.** Um kensluna í lærdómsdeildinni verður síðar ákveðið[1]). — III. Um próf, prófskírteini og vottorð. **8. gr.**[2]) Í 1. og 2. bekk gagnfræðadeildarinnar og í 1. og 2. bekk lærdómsdeildarinnar skulu árspróf haldin í lok júnímánaðar ár hvert. — Auk kennarans, sem prófar, skal einn af kennurum skólans vera prófdómandi við ársprófið. Skal gefa eina einkunn í

1) Sjá augl. $^{13}/_{3}$ 1908, 4. og 5. gr.
2) Sjá augl. $^{13}/_{3}$ 1908, 5. gr. og R. 12, $^{5}/_{8}$ 1923, 12. gr.

1904 nr. 13 9. sept.

hverri grein, bæði skriflega og munnlega. Auk þess skal gefa eina sérstaka einkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum, er gjörðar hafa verið síðasta skólaár og við prófið. — Daglegar einkunnir skal ekki gefa í skólanum, en aftur skal hver kennari þrisvar á ári — fyrir jólaleyfið, í marzmánuði og við lok júnímánaðar — gefa nemendum einkunn fyrir ástundun og kunnáttu í þeim greinum, sem hann kennir. Meðaltal þessara einkunna er árseinkunn í hverri grein. Í greinum þeim, sem nemendur hafa undir árspróf, skal árseinkunnin lögð við prófseinkunnina og er meðaltal þeirra fullnaðareinkunn nemandans í hverri grein. Í þeim greinum, sem árspróf er ekki haldið í, er árseinkunnin fullnaðareinkunn. — Einkunnir og tölugildi þeirra er sem hér segir: ágætlega = 8, ágætlega ÷ = 7, dável = 6, dável ÷ =5, vel = 4, vel ÷ = 3, laklega = 1, laklega ÷ = ÷ 1, illa = ÷ 4, afarilla = ÷ 8. — **9. gr.** Kensla gagnfræðadeildarinnar og lærdómsdeildarinnar endar með burtfararprófum, og skulu nemendur með þeim sýna, að þeir hafi fengið þann þroska og þá þekkingu og leikni, sem kenslunni er ætlað að veita. — **10. gr.** Burtfararpróf gagnfræðadeildarinnar kallast gagnfræðapróf, en burtfararpróf lærdómsdeildarinnar stúdentspróf. — Próf þessi eru að nokkru leyti skrifleg, en að nokkru leyti munnleg. – Aðaleinkunn er ekki gefin. – Við prófin skulu vera prófdómendur, skipaðir af stjórnarráðinu. — Hin skriflegu verkefni velur stjórnarráðið. — Munnlegt árspróf og burtfararpróf skal haldið í heyranda hljóði. — **11. gr.** Áður en nokkur gengur undir burtfararpróf (gagnfræðapróf eða stúdentspróf) skal hann greiða 2 kr. til Bræðrasjóðsins. — Þeir nemendur, sem staðist hafa gagnfræðapróf eða stúdentspróf, skulu fá prófskírteini, er sýni einkunnir þeirra í hverri námsgrein um sig við prófið og vottorð um hegðun í skólanum. — Þegar nemendur fara úr skóla án þess að hafa gengið undir burtfararpróf, eða hafa eigi staðist það, skal skólinn, ef þeir, foreldrar þeirra eða vandamenn

krefjast þess, gefa þeim vottorð um þroska þeirra, kunnáttu og alla hegðun í skólanum. — Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir prófskírteini og vottorð. — Prófskírteini og vottorð veitast ókeypis — **12. gr.** Heimilt skal þeim, er fengið hafa hæfilegan undirbúning utan skóla, að ganga undir gagnfræðapróf og stúdentspróf með lærisveinum skólans, ef þeir sýna vottorð frá skilríkum manni eða mönnum um að þeir séu færir til prófs. — **13. gr.** Gagnfræðapróf heimilar inngöngu í lærdómsdeildina. Stúdentspróf veitir rétt til að ganga á hinar æðri sérmentastofnanir landsins. — **14. gr.** Nánari reglur um, hvernig hagað skuli gafnfræðaprófi og hvað til þess útheimtist að standast það, skulu gefnar af stjórnarráði Íslands. — **15. gr.** Um það, hvernig skuli hagað stúdentsprófi og hvað útheimtist til að standast það, verður síðar ákveðið. – IV. Um inntöku nemenda og burtför úr skóla. **16. gr.** Skólameistari úrskurðar um inntöku nemenda í skólann. — **17. gr.** Nemendur skal að jafnaði að eins taka inn í skólann við lok júnímánaðar ár hvert. Þó getur stjórnarráðið, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágu frá þessu, ef skólameistari mælir með því. — 18. gr. Þessi eru almenn inntökuskilyrði: 1. Að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk gagnfræðadeildarinnar séu ekki yngri en 12 ára og ekki eldri en 15 ára fullra, og að þeir, sem teknir eru í 1. bekk lærdómsdeildarinnar séu ekki yngri en 15 ára og ekki eldri en 18 ára fullra. — Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórnarráðið rýmkað efra aldurstakmarkið fyrir einstaka pilta, að því er lærdómsdeildina snertir, ef skólameistari mælir með því. 2. Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eður öðrum líkamskvilla, sem orðið getur hinum nemendunum skaðvænn. 3. Að siðferði þeirra sé óspilt. 4. Að þeir leggi fram fullnægjandi vottorð frá þeim skóla, er þeir síðast hafa gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa búið þá undir skóla. — **19. gr.** Til þess að verða

1904 nr. 13 9. sept.

tekinn í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar, verður nemandinn að ganga undir próf, er sýni að hann hafi þá kunnáttu og þroska er hér segir: 1. Íslenzka munnleg. Nemandinn verður að geta lesið skýrt og áheyrilega lesinn kafla í óbundnu máli, og nokkurn veginn áheyrilega ólesinn kafla sögulegs efnis í óbundnu máli, hæfilega auðveldan að efni og orðfæri. Hann skal og geta skýrt frá efni hins lesna, ef hann er spurður, og sýna að hann hafi skilið það. Hann verður að kunna utan bókar nokkur íslenzk kvæði helzt sögulegs efnis og geta gjört grein fyrir efni þeirra, svo að það sjáist, að hann hafi skilið þau. — Nemandinn þekki helztu almennar málfræðislegar hugmyndir og kunni helztu atriðin í íslenzkri beygingarfræði. 2. Íslenzka skrifleg. Með skriflegu prófi verður nemandinn að sýna, að hann geti nokkurn veginn ritvillulítið, og svo að helztu lestrarmerki séu rétt sett, skýrt skriflega frá efni í stuttri og auðskilinni sögu, sem honum er sögð eða lesinn fyrir. Skal það vera hreinlega og skipulega af hendi leyst. 3. Reikningur. Prófið er bæði skriflegt og munnlegt, og skal nemandinn með því sýna, að hann kunni 4 aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og hafi leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, er fyrir koma í daglegu lífi. Auk þess verður hann að vera leikinn í að reikna í huganum með lágum tölum. 4. Skrift. Nemandinn verður að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd. 5. Danska. Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 blaða broti. Skal hann lesa upp stutta lesna grein og geta lagt hana út á íslenzku. Hann skal og þekkja hin allra helztu atriði danskrar beygingarfræði. Ennfremur verður hann að geta snúið munnlega og skriflega auðveldum setningum daglegs máls úr íslenzku á dönsku. Við prófið skal taka tillit til framburðarins. 6. Saga. Nemandinn verður að hafa numið stutt ágrip af mannkynssögunni og af sögu Íslands. 7. Landafræði. Nemandinn verður að

hafa numið ágrip af allri landafræðinni og nokkurn veginn nákvæma lýsing Íslands, og kunna að nota uppdrætti landa og jarðlíkan. 8. Náttúrusaga. Nemandinn verður að þekkja allra helztu dýr, sérstaklega húsdýrin, og þau önnur dýr, sem menn varða mestu, ennfremur allra helztu jurtir, sérstaklega gagnjurtir. — 20. gr.[1]) — — — 21. gr. Við inntökupróf mega ekki aðrir vera viðstaddir auk kennaranna, en foreldrar og vandamenn nemenda þeirra, sem prófaðir eru. — 22. gr. Nemendur, er setið hafa 2 ár í sama bekk, og að þeim loknum reynast óhæfir til að flytjast upp í næsta bekk, skulu þegar fara úr skólanum. 23. gr. Skólameistari getur um stundarsakir vísað nemendum úr skóla, ef þeir hafa næman sjúkdóm eða líkamskvilla, sem orðið geti hinum nemendunum skaðvænn. — V. Kenslutími og leyfi. — 24. gr. Á viku hverri skulu í hverjum bekk gagnfræðadeildarinnar og lærdómsdeildarinnar vera 36 kenslustundir, 6 kenslustundir á dag, hver 50 mínútur. Af þessum 6 daglegu kenslustundum skal verja einni til leikfimi, handavinnu eða söngs. Á milli kenslustundanna skal vera hlé 10 mínútur. Fyrir hvert skólaár semur skólameistari stundatöflu, er hann leggur undir úrskurð stjórnarráðsins. — 25. gr. Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september. — 26. gr. Þessi skulu vera lögboðin leyfi: 1. Jólaleyfi, er nær frá 24. degi desembermánaðar til 2. dags janúarmánaðar, að báðum þeim dögum meðtöldum. Beri 2. janúar upp á föstudag, skal byrja kensluna næsta mánudag á eftir, en beri 2. janúar upp á sunnudag, skal byrja hana næsta þriðjudag á eftir. 2. Síðari hluti hvíta Týsdags og fyrri hluti öskudags. 3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudgi fyrir skírdag og til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum. 4. Hvítasunnuleyfi, nær frá laugardegi fyrir hvítasunnu til næsta þriðjudags á eftir, að báðum þeim dögum meðtöldum. 5. Sumardagur-

1904 nr. 13 9. sept.

1) Augl. $^{13}/_{3}$ 1908, 13. gr. og $^{22}/_{11}$ 1918.

1904 nr. 13 9. sept.

inn fyrsti. 6. Afmælisdagur konungs. 7. Sumarleyfi, er nær frá 1. júlí til 30. september. — Auk þess má skólameistari gefa leyfi einn dag í mánuði hverjum, en þó svo, að leyfi þau beri ekki öll upp á sama vikudag. — VI. Um reglu og aga.[1]) — **27. gr.** Regla og agi skólans skal í hvívetna miða að því að styðja kenslustarfið og glæða reglusemi og siðprýði nemendanna. — **28. gr.** Nemendur skulu sýna kennurum sínum og öðrum yfirboðurum kurteisi og hlýðni og hegða sér jafnan hvar sem er, og hver sem í hlut á, sem siðsömum, háttprúðum og góðum drengjum sæmir. — **29. gr.** Valdi nemandi skemdum á kensluáhöldum eða öðrum munum skólans, skal hann bæta að fullu. Sé það fullvíst, að slíkar skemdir hafi orðið af völdum nemenda í einhverjum ákveðnum bekk, og gangist enginn við, skulu nemendur þess bekkjar bæta skaðann í félagi. — **30. gr.** Skólameistari og kennarar skulu hafa nákvæmt eftirlit með siðferði nemenda. Brjóti nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni af sér ókurteisi eða óhlýðni þrátt fyrir ítrekaðar áminningar skólameistara eða kennara, hefir skólameistari vald til þess að svifta hann námsstyrk eða öðrum hlunnindum, er hann kann að hafa við skólann, eða vísa honum úr skóla fyrir fult og alt, eða um stundarsakir eftir stærð brotsins og öðrum atvikum, en leita verður hann álits kennarafundar um málið. Nú er nemanda vísað burt og ber skólameistara tafarlaust að tilkynna stjórnarráðinu það. — VII. Ákvæði um hvenær reglugjörð þessi gangi í gildi. — **31. gr.** Reglugjörð þessi skal ganga í gildi smátt og smátt, fyrst í neðsta bekk gagnfræðadeildarinnar skólaárið 1904—1905, síðan næsta skólaárið í tveim neðstu bekkjunum o. s. frv., þannig að einn bekkur bætist við á hverju skólaári. Verður þá gagnfræðapróf haldið í fyrsta sinn eftir þess-

---

1) Reglur fyrir nemendur hins alm. mentaskóla í Rvík, $^{28}/_{12}$ 1906.

ari reglugjörð sumarið 1907 og stúdentspróf sumarið 1910. — Jafnóðum og reglugjörðin gengur í gildi kemur hún í stað reglugjörðar fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík, er staðfest var 11. júlí 1877, ásamt breytingum á henni frá 1. nóv. 1879 og 1. maí 1883. 1904 nr. 13 9. sept.

Viðauki við reglur um hrákaílát og gólfræstingu til varnar gegn berklaveiki, frá 21. júní 1904. 22. sept.

Á þeim stöðum, þar sem heilbrigðisnefndir ekki eru til, skulu hreppsnefndir framkvæma þau störf, sem í 1. gr. reglna 21. júní 1904 um hrákaílát og gólfræstingu til varnar gegn berklaveiki eru falin heilbrigðisnefndum.

Skipulagsskrá fyrir íþróttasjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar. (St. B. 331). 9. nóv.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með l. 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Danmerkur. (St. A. 56). nr. 14 30. des.

Auglýsing um tilkynningar samkvæmt lögum um vörumerki 13. nóv. 1903. (St. A. 60). nr. 15 30. des.

Heilbrigðissamþykt fyrir Reykjavík.[1]) (St. B. 2). 1905 30. jan.

Auglýsing um breyting á erindisbréfi ráðsmanns holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dags. 10. sept. 1898. (St. B. 82). 17. maí

Auglýsing um viðauka við erindisbréf handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dags. 10. sept. 1898. (St. B. 83). 17. maí

---

1) Viðauki 41, $^{10}/_{1}$ 1923.

1905 nr. 4 5. júlí **Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir veðdeild Landsbankans, staðfestri 21. apríl 1903, og um að reglugjörð um sama, staðfest 31. des. 1903, sé úr gildi feld.** (St. A. 10).

nr. 11 20. okt. **Lög um landsdóm.**

1. gr. Landsdómur skal stofnaður á Íslandi. Samkomustaður hans er að jafnaði í Reykjavík. — **2. gr.** Landsdómur dæmir mál þau, er alþingi lætur höfða gegn ráðherranum út af embættisrekstri hans, eða á móti landritara út af embættisrekstri hans, er hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð. — **3. gr.** Í landsdómnum eiga sæti 6 sjálfkjörnir lögfræðingar: Dómararnir í landsyfirdómnum þrír[1]), séu þeir ekki alþingismenn, og ennfremur svo margir af hinum elztu lögfræðingum landsins, er í öðrum embættum sitja, eiga ekki sæti á alþingi og eru ekki í stjórnarráðinu, að talan verði full — **4. gr.** Enn eiga sæti í dómnum 24 þar til kjörnir menn, og skal kosningu á þeim hagað svo, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn á landinu kjósi að tilhlutun stjórnarráðsins svo marga innanhéraðs- og innanbæjarmenn, sem hér segir: Sýslunefndin í Vesturskaftafellssýslu kýs 2, í Vestmannaeyjasýslu 1, í Rangárvallasýslu 4, í Árnessýslu 6, í Gullbringusýslu 3, í Kjósarsýslu 1, í Borgarfjarðarsýslu 2, í Mýrasýslu 2, í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 3, í Dalasýslu 2, í Austurbarðastrandarsýslu 1, í Vesturbarðastrandarsýslu 2, í Vesturísafjarðarsýslu 2, í Norðurísafjarðarsýslu 3, í Strandasýslu 2, í Húnavatnssýslu 4, í Skagafjarðarsýslu 4, í Eyjafjarðarsýslu 4, í Suðurþingeyjarsýslu 4, í Norðurþingeyjarsýslu 1, í Norðurmúlasýslu 3, í Suðurmúlasýslu 4, í Austurskaftafellssýslu 1, bæjarstjórnin í Reykjavík 6, á Ísafirði 2, á Akureyri 2, á Seyðisfirði 1. Samtals 72. — Þar sem fleiri skal kjósa en einn, getur hver sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi

1) L. nr. 37, 4/6 1924, 9. gr.

krafist hlutfallskosningar, er þá fer fram eftir fyrir- 1905
mælum þingskapa alþingis um slíka kosning þar — nr. 11
Af hinum kjörnu 72 mönnum nefnir efri deild alþingis 20. okt.
þess, er fyrst kemur saman eftir að kosning í sýslunefndum og bæjarstjórnum hefir fram farið, á öðrum fundi sínum tvennar tylftir frá, eftir þeim reglum, sem gilda um nefndarkosningar (einnig hlutfallskosningar). Því næst sendir forseti deildarinnar skýrslu, svo fljótt sem verða má, um það, hverja deildin hafi frá nefnt, til forseta sameinaðs þings, en hann lætur þá á fundi sameinaðs alþingis taka með hlutkesti tvær tylftir af þeim fjórum tylftum, sem eftir eru. Þær tvær tylftir, er þannig eru hlutkesti teknar, eiga setu í landsdómnum. Hinar tvær tylftirnar skulu vera til vara til að ganga í dóminn, ef einhver hinna kjörnu dómenda deyr, missir kjörgengi eða forfallast. — Jafnskjótt og hlutkesti hefir fram farið, tilkynnir forseti sameinaðs þings forseta landsdómsins, hverjir hafi hlotið kosningu sem dómendur og varamenn í landsdómnum, en hann tilkynnir þeim það aftur hverjum fyrir sig, og senda þeir honum þá aldursskírteini sitt. — **5. gr.** Enginn er kjörgengur í landsdóminn samkvæmt 4. gr. sem a) er yngri en 35 ára eða eldri en 60 ára; b) á sæti á alþingi; c) hefir verið dæmdur fyrir verknað, er svívirðilegur er að almenningsáliti; d) hefir mist fjárráð; e) hefir þegið af sveit og ekki annaðhvort endurgoldið styrkinn eða fengið eftirgjöf á honum; f) er öðrum háður sem hjú; g) er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess; h) á heima í öðru landi. — Enginn, sem kjörgengi hefir, getur skorast undan kosningu til landsdómsins. — **6. gr.** Forstjóri landsyfirdómsins er forseti landsdómsins, unz forseti er kosinn samkvæmt 14. gr. — **7. gr.** Nú deyr kjörinn dómandi, einn eða fleiri, áður en dómur er ruddur (11. gr.), missir kjörgengi eða forfallast á annan hátt, þannig að hann getur ekki setið í dómnum, og tekur þá forseti dómsins með hlutkesti jafnmarga menn af varamönnum, og úr gengu, og eiga

1905 nr. 11 20. okt.

þeir eftir það sæti í dómnum. Ef dómur er ruddur, og kjörinn dómandi, er eftir hefir setið í dómnum, forfallast eða verður að víkja eftir almennum reglum, tekur forseti með hlutkesti 3 af varamönnum í hans stað, og ryður ákærður einum þeirra, en sóknari öðrum — 8. gr. Dómendur skipa dóminn, meðan þeir fullnægja kjörgengisskilyrðunum, en varamennirnir skulu kosnir 6. hvert ár, þannig að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa samkvæmt 3. gr. 72 innanhéraðs og innanbæjarmenn, og nefnir efri deild alþingis frá 24 þeirra á þann hátt, er segir í sömu grein. Af þeim fjórum tylftum, er þá verða eftir, tekur forseti dómsins með hlutkesti varamennina 24. — Hvar þess er forseti lætur hlutkesti fram fara, skal hann hafa viðstadda tvo valinkunna menn, og ennfremur skal vera þar við maður, er ráðherrann skipar til þess, og, er mál er höfðað, ákærður eða maður, er hann til þess nefnir. — 9. gr. Dómendum bera sömu fæðispeningar og alþingismönnum og endurgjald fyrir ferðakostnað eftir reikningi, sem dómurinn sjálfur úrskurðar. Allur dómskostnaður greiðist úr landssjóði. — 10. gr. Ákvörðun alþingis um málshöfðun gegn ráðherranum eða landritaranum skal gjörð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin vera nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs þingið mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast. — 11. gr. Sóknari sendir forseta landsdómsins síðan tafarlaust þingsályktuninaífrumriti og eftirriti. Forseti sendir ákærðum eftirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn með nægilegum fyrirvara, á ákveðnum stað og stundu, og aðvarar um leið sóknara skriflega um að ryðja dóminn af sinni hálfu. Þá skipar forseti ákærðum verjanda, og skal taka til þess mann, sem heima á á Íslandi. Ákærður tilnefnir sjálfur manninn, ef hann vill. Rétt er og, að ákærður haldi sjálfur uppi

vörn fyrir sig ásamt verjanda[1]). — Nú ryður aðili annarhvor eða báðir eigi dóminn, og tekur þá forseti burtu með hlutkesti jafnmarga og ryðja átti. Við dómruðning skulu viðstaddir sem vottar 4 menn valinkunnir og óvilhallir. — Nú lætur annarhvor málsaðila þess getið við dómruðning, að hann þurfi að afla upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, og skal þá forseti kalla dómendur þá, er dæma eiga málið, saman með 3—6 mánaða fyrirvara, eftir því sem ástæður eru til, en óski hvorugur aðila að leita sannana utan Reykjavíkur, kallar forseti dómendur saman með öðrum hæfilegum fyrirvara, þó ekki lengri en 3 mánaða. Stefnu skal hann jafnan gefa út á hendur ákærðum með hinum sama fresti sem dómendum er veittur, en sóknari lætur birta stefnuna svo fljótt, að ákærður fái að minsta kosti eins langan stefnufrest og ákveðinn er til landsyfirdóms í einkamálum. Stefnan skal rituð á frumrit þingsályktunarinnar. — **12. gr.** Það er skylda sóknara að leita allra sannana, og verjanda að færa fram alt það, er sýkna má ákærðan, eða mýkja málstað hans, enda er ákærðum frjálst að gæta hagsmuna sinna ásamt verjanda. Kona ákærðs, foreldrar hans og tengdaforeldrar og fjarskyldari eða fjartengdari beint upp á við, börn hans og barnabörn og fjarskyldari beint niður á við, systkyni eða jafntengdir menn verða ekki krafðir vitnisburðar um kæruatriðin. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um vitni og vitnaskyldu. — **13. gr.** Þá er leita þarf vitna utan Reykjavíkur, skal vitnaleiðslan fara fram með venjulegum hætti fyrir héraðsdómi, og skal til hennar stefnt með sama hætti og sama fresti, sem um einkamál væri að ræða milli sóknara og ákærðs. Vitnaleiðsla í Reykjavík fer fram fyrir landsdómnum sjálfum. Forseti á, er þess er krafist af öðrum hvorum málsaðila, að gefa út stefnu til vitna þeirra, er leiða á fyrir landsdómnum. — **14. gr.**

1) Sjá l. nr. 30, $^{2}/_{11}$ 1914, 1. gr.

1905 nr. 11 20. okt.

Nú eru dómendur komnir á dómstað, og skulu þeir þá vinna dómaraeið, sem hafa ekki unnið hann áður, því næst kjósa dómendur sér forseta úr sínum flokki[1]). Eigi er dómur lögmætur, nema tveir af hinum lögskipuðu og 10 af hinum kjörnu dómendum, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn í málinu og taki þátt í að dæma dóminn. — **15. gr.** Málflutningur fyrir landsdómi fer fram í heyranda hljóði þannig, að sóknari legur fram fyrir dómstólinnn sönnunargögn sín: útskriftir af vitnaleiðslum utan Reykjavíkur og önnur skjöl, færir síðan fram vitni þau, er nærstödd eru, og spyr hann þau sjálfur, en ákærðum og verjanda er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Dómurinn á engan þátt í vitnaleiðslunni, en heimilt er bæði vitninu og aðilum að skjóta því til úrskurðar forseta, hvort spurning sé svo háttað, að svara þurfi henni, og skal hlíta þeim úrskurði. Þá er sóknari hefir fært fram sönnunargögn sín, flytur hann sókn í málinu munnlega. Síðan færir ákærður eða svaramaður hans á sama hátt fram sín sönnunargögn, þar á meðal nærstödd vitni, er hann spyr sjálfur, en sóknara er heimilt að leggja fyrir vitni ákærða gagnspurningar. Gildir um aðstöðu dómsins við þessa vitnaleiðslu hið sama sem við vitnaleiðslu af sóknara hálfu. Er færð hafa verið fram sönnunargögn af hálfu ákærða, flytur verjandi fram vörnina, svo og ákærður sjálfur, ef hann vill, einnig munnlega. Sóknari á þá rétt á að svara, og ákærður og talsmenn hans til að svara aftur. Hvort aðilar taki oftar til máls, ákveður forseti dómsins, en jafnan skal gæta þess, að ákærður og talsmaður hans hafi tækifæri til að taka eins oft til máls og sóknari, og að taka til máls síðast, áður en málið er tekið upp til dóms. — **16. gr.** Dómur skal ganga í málinu innan 3 sólarhringa frá því er sókn og vörn var úti. — Ákærðum verður ekki gjörð refsing, né heldur verða skaðabætur né

1) Sjá l. nr. 30, $^{2}/_{11}$ 1914, 2. gr.

málskostnaður lagður á hann, nema ⅕[1]) dómenda þeirra, er taka þátt í að dæma dóminn, séu á eitt sáttir. — Í dómnum skal ákveða sóknara og svaramanni hæfilega þóknun fyrir málaflutninginn. Þóknun verjanda má eigi vera minni en sóknarans. Að öðru leyti fer um málskostnaðargreiðslu eftir almennum reglum. — Dómurinn skal bygður á forsendum, en án fullnægingarfrests. — Sóknari annast um birtingu og fullnustu dómsins á venjulegan hátt.

1905 nr. 11 20. okt.

Lög um ritsíma, talsíma o. fl. nr. 12 20. okt.

1. kafli. Um einkaréttindi landsins. **1. gr.** Landinu er áskilinn einkaréttur til þess að stofna og starfrækja ritsímasambönd og málþráða, svo og hvers kyns önnur rafmagnssambönd, til skeytasendinga á Íslandi og í landhelgi við Ísland. — **2. gr.** Ráðherra Íslands getur veitt einstökum mönnum eða félögum leyfi til að stofna og starfrækja sambönd þau, sem um ræðir í 1. gr. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó eigi lengra en 20 ára í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skifti. Í leyfisskrám skal þó jafnan tekið fram, að ráðherrann ákveði hámark skeytisgjalda fyrir alt að því 5 ár í bili að minsta kosti, og að leyfishafi sé skyldur til samvinnu bæði við hraðskeytasambönd landsins og einstaka leyfishafa með þeim skilmálum, sem ráðherrann tiltekur, og að tízku skuli fylgt í starfrækslu allri. Ennfremur skal í leyfisskrá tiltekið um umbótaskyldu og aukning á tækjum, og afgjaldsupphæð ákveðin, ef afgjald skal greiða. — Áður leyfi er veitt skal leita álits bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda á þeim stöðum, þar sem verksvið fyrirtækisins verður. — Þegar leyfistími er á enda, á landið rétt á að fá sér afhent öll tæki þess fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður. Miða skal matsuppæðina við þá fjárhæð, er ætla má, að slík

1) Sjá l. nr. 30, $^{2}/_{11}$ 1914, 3. gr.

1905 nr. 12 20. okt.

tæki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, er á þeim er orðið. — Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra tilnefnir ráðherrann, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir landsyfirdómurinn. Hinn þriðji skal dómkvaddur af undiréttardómaranum í þeirri dómþinghá, þar er leyfishafi á varnarþing. — **3. gr.** Einkaréttur landsins samkvæmt 1. gr. nær eigi til: a. hraðskeytatækja, sem sveitarstjórnarvöld nota eingöngu í sveitarþjónustu innsveitis eða innanbæjar, svo sem við slökkviliðsþjónustu, vatnsveitu eða því um líkt; b. hraðskeytatækja, sem notuð eru innan takmarka húseignar eða jarðeignar, eða milli húseigna eða jarðeigna, er lúta sama eiganda eða atvinnurekstri, svo framarlega sem skeytaleið liggur ekki yfir landhelgissvæðið, alt með því skilyrði, að tækin séu eingöngu notuð í þarfir eiganda sjálfs, og eigi gegn þóknun, beinlínis né óbeinlínis; c. hraðskeytatækja, sem einstakir menn, eigi fleiri en 10, koma sér upp og nota sín á milli, eingöngu til eigin þarfa, án endurgjalds á nokkurn hátt, svo framarlega sem skeytaleið liggur ekki yfir landhelgissvæðið, og fjarlægð er ekki yfir 5 mílur milli endastöðva, alt með því skilyrði, að ekki séu fyrir á þessu svæði, þegar tækin eru upp sett, hraðskeytatæki, sem landið á eða leyfishafar, og hlutaðeigendur gætu notað — **4. gr.** Nú eiga einstakir menn eða félög hraðskeytasambönd, sem á stofn eru komin og starfrækt hafa verið fyrir 1. júlí 1905, og er þá rétt, að þeim sé haldið áfram eins og að undanförnu, ef eigendur óska. Hafi sérstakir samningar verið gjörðir um þau við landstjórnina, ber að fylgja þeim skilyrðum, er þar hafa sett verið. — Nú vilja eigendur framhalda starfrækslu hraðskeytatækja, og skulu þeir þá innan þriggja mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skýra ráðherra Íslands frá því, og ákveður hann þá staðartakmörk fyrirtækisins, um leið og hann veitir viðurkenning fyrir tilverurétti þess. Þessi viðurkenning veitir eigendum engan frekari rétt en þeir áður höfðu,

og er því eigi til fyrirstöðu, að landstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá til þess að stofnsetja hraðskeytasambönd innan starfrækslutakmarka þeirra. — Ef eigendur eldri hraðskeytasambanda óska þess, getur ráðherra veitt þeim leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. gr. — **5. gr.** Nú eru síma- eða önnur hraðskeytafæri sett upp án heimildar samkvæmt 2.—4. gr., og skulu þá þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirði til landssjóðs; auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 400 kr. sekt, er rennur í landssjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál, en því að eins skal mál höfðað, að ráðherra Íslands mæli svo fyrir. — Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 2. og 4. gr., má kveða svo á, að framanskráð hegningarákvæði skuli einnig ná til þess, ef einhver, án þess heimilt sé samkvæmt 3. og 4. gr., stofnsetur eða starfrækir hraðskeytasambönd, sem um ræðir í 1. gr., á því svæði, þar sem leyfishafi hefir einkarétt til þess. Andvirði hinna upptæku hraðskeytafæra fellur þá til leyfishafa. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál, en mál má því að eins höfða, að ráðherra Íslands veiti samþykki sitt til þess. — 6. gr. Nú vill landstjórnin fá landssjóði til handa hraðskeytasambönd, sem einstakir menn eiga, án þess svo sé ástatt, sem segir í 3. hluta 2. gr., og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 2. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sé tekinn — Þegar meta skal endurgjaldið, skal eigi að eins taka tillit til verðs þeirra tækja, sem tekin eru, heldur einnig til þess arðs, sem ætla mætti, að fyrirtækið gefi af sér með hæfilegri starfrækslu og skeytagjöldum, þó svo, að ekki sje gjörður meiri arður en fyrirtækið í raun og veru hefir gefið af sér — **7. gr.** Eigendur hraðskeytasambanda, sem eigi eru landsins

1905 nr. 12 20. okt.

eign, eru skyldir til, hvenær sem þess er krafist, að láta landstjórninni í té skýrslur um fyrirtækið. Séu þær eigi gefnar innan hæfilegs frests, er stjórnarráðið tiltekur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í landssjóð. — 8. gr. Ráðherrann ákveður gjaldskrár fyrir notkun hraðskeytasambanda landsins, og breytir þeim þegar þörf þykir, nema þær séu settar með lögum. Hann setur og reglur um starfrækslu þerra, viðhald og eftirlit. Leggja má sveitarstjórnarvöldum landsins á herðar störf og skyldur, er að þessu lúta. — 2. kafli. Um lagning síma, vernd hraðskeytatækja o. fl. 9. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að ritsímar og talsímar landsjóðs séu lagðir um land hans, yfir það eða í jörðu og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjót, möl o. s. frv., sé tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að símar þessir séu lagðir yfir þau, á eða undir þeim. Verði því viðkomið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eftir að símarnir séu lagðir, þar sem þeir snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við símann í för með sér. — Mönnum, sem í þjónustu landsins eru að starfa að landssjóðssímum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið sem vísað er, og því að eins að það sé óþægindalaust fyrir íbúana; að íveruherbergjum hafa þeir eigi aðgang. — 10. gr. Þar sem símar landssjóðs eru fyrir, má engar byggingar gjöra eða jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af kann að geta hlotist óregla eða skemdir á símunum, nema það sé tilkynt skriflega eða munnlega forstöðumanni næstu símastöðvar landsins mánuði áður eða, ef svo stendur á, að óvæntur atburður hafi gjört það óhjákvæmilegt að framkvæma ráðstafanirnar tafarlaust, þá svo fljótt

sem auðið er, í síðasta lagi samtímis og byrjað er á þeim. — Nú krefst landeigandi, að landssími sé fluttur af lóð hans um stundarsakir eða fyrir fult og alt, og skal hann þá fá því framgengt, ef sannað er, að flutningurinn sé nauðsynlegur til að koma í framkvæmd slíkum ráðstöfunum, sem á undan getur, eða til þess að lóðin geti orðið eiganda að tilætluðum notum. Verði samningum ekki komið við, skal gjört út um það með lögmætri skoðunargjörð, hvort nauðsyn sé á að flytja landssjóðssíma um stundarsakir eða fyrir fult og alt. **11. gr.** Nú vilja einstakir menn, bæjarfélög eða sveitarfélög leggja talsíma, ritsíma eða leiðsluþræði fyrir rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv. á þeim stöðum, þar sem fyrir eru landssjóðssímar eða önnur hraðskeytafæri hans, er getur um í 1. gr., og skal þá leiðsluþráðum þessum svo fyrir komið, að eigi geti af þeim hlotizt bagi eða óregla á símum eða hraðskeytafærum landssjóðs. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker ráðherra úr. — Nú detta leiðsluþræðir þessir niður og valda þannig baga eða óskunda við notkun landssímanna eða annara hraðskeytafæra landsins, og skal þá næsta embættismanni eða sýslunarmanni, sem yfir landssímann er settur, heimilt að gjöra á kostnað eiganda þær ráðstafanir viðvíkjandi leiðsluþráðum þessum, sem með þurfa til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefir orsakast. — **12. gr.** Ef afla þarf lóðar undir ritsíma eða önnur hraðskeytafæri landssjóðs, er getur um í 1. gr., og samningum verður ekki komið við um kaup á henni, skal hún eftir ráðstöfun ráðherra Íslands tekin eignarnámi gegn endurgjaldi, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna. — Landsjóður skal og bæta skaða á landi manna, húsum og öðrum mannvirkjum, sem hlýzt af lagningu og viðhaldi ritsíma eða talsíma landssjóðs. Ef samningum verður eigi við komið um skaðabæturnar, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum. — **13. gr.**[1]) Brot

1) Sjá lög nr. 25, $^{16}/_{11}$ 1907.

1905 nr. 12 20. okt.

gegn ákvæðunum í 10. og 11. gr., varða sektum til landssjóðs alt að 200 kr., ef brotið á ekki eftir eðli sínu undir 297. gr. hinna almennu hegningarlaga. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál, en mál skal því að eins höfða, að ráðherra Íslands mæli svo fyrir. — **14. gr.** Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 2. gr., má svo ákveða, að fyrirmæli þau um ritsíma, talsíma og önnur hraðskeytafæri landssjóðs, er standa í 9., 10., 11. gr., 1. kafla og 12. gr., skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til ritsíma þeirra, talsíma eða annara hraðskeytafæra, sem leyfisbréf hljóðar um — 3. k a f l i. U m þ a g n a r s k y l d u s t a r f s m a n n a o. fl. **15. gr.** Embættismenn og sýslunarmenn við ritsíma, talsíma og önnur hraðskeytafæri landsins, sem um ræðir í 1. gr., eru skyldir, bæði meðan þeir eru í embætti eða sýslan og eftir að þeir hafa látið af þeim, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni hraðskeyta þeirra, sem koma eða fara, að þau hafi komið eða farið, svo og hver hafi fengið þau eða sent. Á sama hátt eru þeir skyldir að þegja yfir talsímasamtölum og nöfnum þeirra, sem talazt hafa við gegnum símann. — Þeim, sem brýtur á móti þessu, skal vikið frá nefndu embætti eða stöðu, og auk þess skal hann, hafi það verið af ásettu ráði, sæta fangelsi og, ef miklar sakir eru, betrunarhússvinnu, en sektum eða einföldu fangelsi, hafi hann af óvarkárni brotið á móti nefndri launungar- og þagnarskyldu. — Ef embættismaður eða sýslunarmaður við ritsíma landssjóðs af ásettu ráði ónýtir, skýtur undan eða aflagar hraðskeyti, sem afhent er til flutnings með símunum, eða ef hann vísvitandi liðsinnir öðrum í þess konar athæfi, þá skal hann sæta hegning þeirri, sem ákveðin er í 139. gr., sbr. 34. og 145. gr. hinna almennu hgningarlaga. — **16. gr.** Í leyfisbréfum, er ráðherra Íslands gefur út samkvæmt 2. og 4. gr., má leggja þá skyldu á starfsmenn við hraðskeytasambönd, sem leyfisbréfið hljóðar um, að þeir gæti hinnar sömu laun-

ungar- og þagnarskyldu og heimtuð er samkvæmt næstu grein á undan af starfsmönnum landssjóðssímanna. — Sá starfsmaður, er brýtur á móti þessari launungarskyldu sinni, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi; honum skal vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ráðherra Íslands krefst þess. — **17. gr.** Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem skýrt er frá staðfesting þeirra í B-deild Stjórnartíðindanna.

1905 nr. 12 20. okt.

Lög um rithöfundarétt og prentrétt.

nr. 13 20. okt.

1. gr. Höfundur hver hefir eignarrétt á því, er hann hefir samið. — Hann hefir því innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á að birta og gefa út rit sín skrifuð, prentuð eða margfölduð á annan þvílíkan hátt, svo og til þess að sýna þau á leiksviði og lesa þau upp. Heimilt er þó að lesa upp rit, sem út hefir verið gefið, hafi rithöfundur eigi á titilblaði þess lagt bann við því, og þrátt fyrir slíkt bann er upplestur leyfilegur, þegar liðin eru 5 ár frá því, að ritið kom út í fyrsta sinn. Höfundur hefir og einkarétt á að gefa út ræður og fyrirlestra, er hann hefir haldið (sbr. þó 2. málsgr. 8. greinar og niðurlag 13. greinar). — **2. gr.** Tónskáld hafa sama rétt á tónsmíðum sínum sem höfundar á ritum. Heimilt er þó að syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega danslög og sönglög, er áður hafa verið birt, svo og einstaka kafla úr öðrum útgefnum lagsmíðum.[1]) — **3. gr.** Útgefendur blaða, tímarita eða ritsafna hafa einkarétt á að gefa út rit þessi í einni heild sem höfundar væru. — Sé eigi öðruvísi um samið hafa höfundar einstakra ritgerða eða kafla í slíkum ritum að öðru leyti eignarrétt að þeim eftir sem áður. — **4. gr.** Engum er heimilt án leyfis þess, er eignarrétt hefir á riti, að gefa út þýðing á því fyrr ein 10 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn. — Nú hefir rit verið gefið út með fullri heimild á ýmsum tungumálum

1) Sjá lög nr. 11, $^{22}/_{10}$ 1912.

1905 nr. 13 20. okt.

áður en téður 10 ára frestur er liðinn, og er þá eigi heimilt að gefa út þýðing á því á neinu þeirra tungumála, nema sá, er eignarréttinn hefir, leggi á samþykki sitt. — Nú er rit gefið út í heftum, og ber þá að telja ofangreint 10 ára tímabil frá útkomu síðasta heftis. Sé um rit að ræða, sem út eru gefin í bindum, er koma út á nokkrum fresti, eða skýrslur, sem vísindafélög gefa út, þá skulu einstök bindi eða skýrslur teljast sérstök rit að því er umgetinn frest snertir. — **5. gr.** Þýðing á riti, sem gjörð er með fullri heimild, og þýðing á riti því, er eigi nýtur verndar þessara laga, hefir sama rétt sem frumrit væri. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, sem annars er heimilt hverjum manni að þýða, þótt hið sama rit hafi áður þýtt verið. — **6. gr.** Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild og hafi þeir ekki fyrir fram, áður en ritið var samið, veitt beint eða þegjandi samþykki sitt til birtingar, og þarf þá samþykki allra höfundanna til þess að ritið verði birt. — Ákvæði þetta á einnig við, þegar um það er að ræða, að ritið sé birt á annan hátt en áður hefir verið gjört, t. d. sýnt á leiksviði, er það áður að eins hefir verið gefið út á prenti. — Nú fá margir eignarrétt á riti að arfi, og skal hver sá, sem höfundur með arfleiðsluskrá hefir til þess kjörið, skera úr því, hvort birta skuli ritið eða birta það á annan hátt en áður hefir verið gjört. Hafi höfundur eigi gjört slíka ákvörðun, skal það hjóna, sem eftir lifir, ef skilnaður að borði og sæng eða algjör hjónaskilnaður hefir eigi átt sér stað, hafa úrskurðarvald að þessu leyti. Sé hvorugt hjóna á lífi, þarf samþykki allra erfingja. — Nú hefir rit verið löglega út gefið áður, og getur þá hver sameigandi krafizt þess, að ritið megi gefa út á ný óbreytt, enda sé eigi öðruvísi um samið áður eða annað ákveðið í arfleiðsluskrá, að því er til erfingja kemur. — Nú hafa fleiri en einn öðlast útgáfurétt með afsali eða lögsókn, og getur þá hver þeirra krafizt þess, að ritið megi gefa út. — Nú eru hlutaðeig-

endur eigi á eitt sáttir um það, hvernig útgáfu skuli hagað, eða með hvaða skilyrðum ritið skuli gefið út, eða eigi verður fengin yfirlýsing sumra þeirra um þessi atriði, og getur þá hver einstakur þeirra krafizt þess, að stjórnarráð Íslands tilnefni 3 menn í nefnd, sem skeri úr ágreiningsatriðunum. Ef nefndarmenn verða eigi á eitt sáttir, ræður afl atkvæða. Þeir, sem stjórnarráðið skipar í nefnd þessa, eru, að viðlögðum dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður ef til kemur, skyldir til þess að takast starfa þennan á hendur. Borgun til dómsmanna ákveður stjórnarráðið, og greiðist hún af sameigendum, er skulu setja tryggingu fyrir henni fyrirfram, ef stjórnarráðið krefst þess. — Tekjur af útgáfum skiftast meðal sameigenda eftir réttri tiltölu við eignarrétt hvers eins. — Nú eru margir höfundar að sama riti, og skulu þeir þá hafa jafna hlutdeild í eignarréttinum, nema öðruvísi sé um samið. — **7. gr.** Nú eru gefin út sönglög með texta, og gilda þá ákvæði 6. greinar að því er snertir útgáfu sönglaganna og textans í einni heild. — Höfundar laganna og textans eiga rétt á að gefa út hvort fyrir sig sérstaklega. — **8. gr.** Lög, tilskipanir, auglýsingar frá stjórnarvöldum, dóma og opinber skjöl yfir höfuð, má hver gefa út sem vill. Sama er um umræður á alþingi og hverskonar opinberum fulltrúasamkomum, snertandi sveitarstjórn eða kirkjuleg mál eða önnur opinber erindi, ennfremur ræður manna á opinberum landsmálafundum, lýðmentasamkomum eða þess konar fundum, og hvers kyns öðrum opinberum samkomum. — **9. gr.** Höfundur á rétt á að fá öðrum í hendur, að nokkru eða öllu leyti, rétt sinn að riti sínu. — Nú hefir höfundur veitt öðrum rétt til þess að birta rit á ákveðinn hátt (t. d. á prenti eða leiksviði), og er þá rétthafa eigi heimilt að birta ritið á annan hátt en ákveðið var, né láta þýða. — Rétthafi má eigi án leyfis höfundar gjöra breytingar á riti og birta það þannig. — Nú selur höfundur (eða sá, er í hans stað gengur) útgáfurétt á riti, og nær þá réttur útgef-

1905 nr. 13 20. okt.

1905 nr. 13 20. okt.

anda til einnar prentunar að eins, nema öðruvísi sé um samið, og má slík prentun eigi fara fram úr 1,000 eintökum, nema ritið eigi að birtast á þann hátt, er um er rætt í 1. málsgrein 3. greinar. Höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu meðan upplag útgefanda er eigi uppselt, enda sé ritið þá jafnan fáanlegt í bókaverzlunum við verði, er eigi sé hærra en upphaflega var á það sett. — Nú gefur höfundur eða útgefandi út ritið að nýju í heimildarleysi, eða útgefandi hefir upplagið stærra en rétt er, og skal þá beitt ákvæðum 17., 18 og 20. gr. laga þessara. — **10. gr.** Nú selur höfundur öðrum í hendur leikrétt á leikriti, og er þá rétthafa heimilt, sé eigi öðruvísi um samið, að sýna það hvar sem er og eins oft og hann vill, en eigi getur hann fengið rétt sinn öðrum í hendur. — Ef eigi er öðruvísi um samið, er höfundi heimilt að fá einnig öðrum leikrétt á ritinu eða láta leika það sjálfur. — Nú hefir einhver öðlast einkarétt á að sýna rit á leiksviði, en lætur eigi leika það opinberlega í þrjú ár samfleytt, og er þá höfundi eða erfingjum hans, en eigi öðrum, er kynnu að hafa náð eignarrétti á ritinu, heimilt að fá öðrum í hendur leikréttinn eða láta leika ritið sjálfir. — **11. gr.** Nú deyr höfundur og skal þá farið eftir ákvæðum erfðalaganna að því er snertir eignarrétt hans á sömdu máli (sbr. þó 6. gr.). Nú hefir rit eigi verið gefið út meðan höfundur var á lífi, og getur hann þá ákveðið í arfleiðsluskrá, að eigi megi birta það fyrr en eftir tiltekinn árafjölda — þó eigi meira en 50 ár — eftir dauða hans, og heimilt er honum að ákveða jafnframt, hver skuli eiga rétt á að gæta þess, að fyrirmæli hans um þetta séu haldin — Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess þó að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild, og fellur þá réttur eins höfundarins til samhöfunda hans, eða þeirra, sem komnir eru í þeirra stað, ef hann deyr án þess að láta eftir sig erfingja og hefir eigi heldur fengið öðrum í hendur rétt sinn. Þó skal óskerður réttur sá, er 12. gr. veitir þeim, er skuld eiga að hinum látna

manni. — Hafi enginn að höfundi látnum eignarrétt að riti hans, þá er hverjum sem vill heimilt að gefa ritið út eða birta það á annan hátt, ef erfðaskrárákvæði eru því eigi til fyrirstöðu. — **12. gr.** Nú hefir rit eigi verið birt almenningi á prenti né á annan hátt, og geta þá þeir, er skuld eiga að höfundi eða erfingjum hans, eigi öðlast með lögsókn rétt til þess að birta ritið né heldur umráð yfir handriti höfundar. — Nú hefir rit verið birt, og geta skuldheimtumenn þá ekki heldur öðlast með lögsókn rétt til að gefa það út að nýju eða birta það án leyfis höfundar eða erfingja hans. En rétt er, að skuldheimtumenn leiti fullnustu í fjárarði af eignarrétti rits, sem út hefir verið gefið eða síðar kann að verða út gefið, eða birt á annan hátt, þó því að eins í arði af væntanlegum útgáfum eða birtingum rits, sem eigi hefir áður birt verið, að höfundur þess sé dáinn. — Hafi fjárnám verið gjört í útgáfum rits eftirleiðis, má höfundur eigi né erfingjar hans, án samþykkis fjárnámshafa, veita móttöku og eyða andvirði fyrir slíkar útgáfur að viðlagðri hegningu samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga. — Rétt þann, sem hér er veittur fjárnámshafa, hafa og allir skuldheimtumenn í þrotabúum, svo og í dánarbúum, þar sem erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum. — **13. gr.** Það er brot gegn lögum þessum að birta eða gefa út rit, er annar hefir eignarrétt á, þótt úr því sé felt, við það bætt eða á því gjörðar breytingar, hvort heldur að efni, orðfæri eða framsetning (t. d. sögu er snúið í leikrit), ef úrfellingarnar, viðaukarnir eða breytingarnar eru eigi svo verulegar, að heita megi að nýtt og sjálfstætt rit sé til orðið. Heimilt er þó að segja frá efni útgefinna rita, svo og að skýra stuttlega frá ræðum manna og fyrirlestrum. — **14. gr.** Enginn má endurprenta án heimildar fregnskeyti, sem annar hefir fengið og birt á sinn kostnað, né segja frá efni þeirra á prenti, fyrr en 5 dögum eftir að það var birt á prenti. — Hver sá er sóknaraðili réttur um þetta efni, sem sýnt getur frum-

1905 nr. 13 20. okt.

1905 nr. 13 20. okt.

rit fregnskeytisins til sín stílað frá ritsímaskrifstofu eða frá fregnskeytafélagi, sem hann er áskrifandi hjá. — Sá, er stefnt er fyrir ólöglega eftirprentun fregnskeytis, verður sekur talinn, nema hann sanni, að hann hafi sömu heimild til þess sem sækjandi eða aðra jafngóða (svo sem leyfi einhvers þess, er fengið hefir skeytið með jafngóðri heimild). — Brot gegn þessu varða sektum 10—1000 kr. hvert sinn og auk þess skaðabótum til stefnanda, tvígildum við símagjald fyrir skeytið. — **15. gr.** Eigi er það saknæm eftirprentun: a. að taka einstaka kafla úr útgefnum ritum annara upp í önnur rit, sem samkvæmt aðalefni sínu eru fullkomlega sjálfstæð; b. að prenta í lesbókum og skólabókum einstaka kafla úr ritum, þegar full tvö ár eru liðin frá því að ritin voru gefin út í fyrsta sinn; c. að prenta áður út gefin kvæði sem texta, þegar sönglög eru gefin út, svo og á söngskrám. — Heimildir skulu jafnan skilmerkilega tilgreindar (sbr. 16. gr.). — **16. gr.** Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit einstakar greinar úr öðrum blöðum eða tímaritum, nema þess sé getið við greinarnar, að eftirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgirita. — Tilgreina skal fullum stöfum blað það eða tímarit, sem greinarnar eru teknar úr, og nafn eða merki höfundar eða þýðanda, ef nokkurt er. — **17. gr.** Nú er rit prentað eða eftirritað innanlands eða utan gegn ákvæðum laga þessara, og skulu þá öll þau eintök, sem til eru hér á landi, og ætluð eru til þess að hafa þau á boðstólum, gjörð upptæk og ónýt. — Nú er að eins nokkur hluti rits ólöglegur samkvæmt lögum þessum, og skal þá, ef unt er, einungis gjöra þann hluta ritsins upptækan og ónýta hann. — Áhöld öll, sem að eins verða notuð til þess að drýgja brot gegn lögum þessum, svo sem mót, plötur og þess háttar, skulu gjörð upptæk og ónýtt, eða farið með þau þannig, að þau eigi framar verði notuð. — Rétt er að sá eða þeir, sem misboðið er, fái keypt áhöld þau, sem upptæk eru gjörð, gegn því að greiða

verð þeirra eftir dómkvaddra manna mati. Verðið skal aldrei ákveðið hærra en svari því, sem sannað verður að tilbúningur munanna hafi kostað, og getur sá, sem misboðið er, krafizt þess að matið fari fram áður en hann lætur uppi, hvort hann kaupi hina upptæku muni. — Ákvæði greinar þessarar eiga einnig við eftirrit, sem ætluð eru til afnota við óheimila opinbera sýning rita á leiksviði. — Sé brot á lögum þessum svo til komið, að fremjandi hafi eftir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verkið heimilt, verður þess eigi krafizt, að hin ólöglegu eintök eða áhöld þau, er notuð hafa verið, verði af hendi látin eða ónýtt, ef eigandi þeirra sér um, að þau verði geymd undir umsjón yfirvalda, þangað til eignarréttur að ritinu er úr gildi genginn. — **18. gr.** Sá, sem gegn ákvæðum laga þessara af ásettu ráði eða af gáleysi gefur út rit, eða flytur hingað til lands rit, sem gefið hefir verið út erlendis, án heimildar samkvæmt lögum þessum, í þeim tilgangi að hafa ritið á boðstólum hér á landi, svo og sá, sem vísvitandi útbýtir, selur öðrum á leigu eða hefir útsölu á riti, sem gefið hefir verið út hér á landi eða hingað flutt gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta 10—1000 kr. sektum, enda hafi hann eigi með atferli sínu unnið til þyngri refsingar. Brot gegn 1. málsgr. 16. gr. varða þó að eins sektum frá 1—20 krónum. — Bæta skal hinn seki þeim, sem misboðið er, fullum bótum alt tjón það, er af broti gegn lögum þessum leiðir; hafi rit áður verið gefið út, skal meta bæturnar eftir bóksöluverði því, er var á hinni síðustu útgáfu og tölu þeirra eintaka, er sannað verður eða líklegt má ætla, að úti hafi verið látin, en verði eigi beinlínis farið eftir þessu, svo og þegar ritið hefir eigi áður verið gefið út, skal svo mjög sem unt er meta bæturnar eftir álíka mælikvarða. — Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, þegar eitt eintak er fullprentað eða við það lokið á annan hátt. — **19. gr.** Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi brýtur lög þessi með því að sýna í heimildarleysi sjónleik eða söng-

1905 nr. 13 20. okt.

1905 nr. 13 20. okt.

leika á leiksviði, lesa upp ritsmíðar annara eða syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega sönglög eða aðra tónsmíð eða þá nota við söng, ljóð eða annan texta heimildarlaust, sæti 5—500 kr. sektum og bæti auk þess að fullu halla þann, sem rétthafi hefir af beðið. Bæturnar skulu eigi vera minni en gróði sá, sem orðið hefir af sýningunni, upplestrinum, söngnum eða hljóðfæraslættinum, og hafi verk það, sem ranglega var notað, eigi verið notað eingöngu, er brot var framið, skal metið hversu mikinn þátt það á í gróðanum. — **20. gr.** Nú aðhefst einhver eitthvað það, er um er rætt í 18. og 19. gr., og hefir hann eftir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verknaðurinn heimill, og sætir hann þá eigi ábyrgð samkvæmt þesum lagagreinum, en skila skal hann rétthafa gróða sínum eftir því, sem hann verður metinn. — **21. gr.** Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi lætur hjá líða að tilgreina heimild eins og boðið er í 15. og 16. gr., sæti 1—20 kr. sektum. Brot þessi hafa hvorki skaðabætur né upptöku í för með sér. — **22. gr.** Eignarréttur að sömdu máli helzt alla æfi höfundar og 50 ár eftir hann látinn. — Nú eru fleiri en einn höfundur að riti án þess að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá dauða þess þeirra, er lengst lifir. Hafi rit verið birt, ber þó einungis að taka tillit þá til þeirra höfunda, sem birt hafa nöfn sín á ritinu sjálfu eða, sé um leikrit að ræða, sem leikið hefir verið, en eigi birt á annan hátt, þeirra höfunda, sem hafa nafngreint sig þegar ritið var leikið. — **23. gr.** Rit, sem koma út nafnlaus eða með dularnafni, svo og rit, er útgefendur hafa öðlast eignarrétt að samkvæmt 3. gr., njóta verndar í 50 ár frá lokum þess árs, er þau komu út í fyrsta sinn. — Nú birtir höfundur sjálfur nafn sitt, áður en téð 50 ára tímabil er liðið, eða einhver, er til þess hefir heimild, nafngreinir hann, annaðhvort á nýrri útgáfu ritsins eða með yfirlýsing, sem birt er á sama hátt og fyrirskipað er um opinberar auglýsingar, og öðlast ritið þá fylstu

vernd samkvæmt 22. gr. — Heimild til þess að nafngreina höfund að honum látnum hefir einungis sá, sem höfundur, samkvæmt því, er segir í 6. gr., hefir fengið í hendur úrskurðarvald um það, hvort ritið skuli birt, en sé enginn maður á lífi, er slíkt vald hefir fengið hjá höfundi, þarf samþykki allra erfingja höfundarins til þess að hann verði nafngreindur. — **24. gr.** Nú eru rit þau, sem ræðir um í 1. málsgrein 23. greinar, gefin út í fleiri deildum, en eru þó í slíku sambandi, að þau mynda eina heild, og skal þá hið umrædda 50 ára tímabil teljast frá þeim tíma, þegar síðasta deildin kom út í fyrsta sinn, nema meira en 3 ár hafi eitthvert sinn liðið milli útgáfu einhverra deildanna, en þó telst tímabilið að því er snertir þær deildir, er áður komu út, frá þeim tíma þegar hin síðasta þeirra var út gefin. — **25. gr.** Út af brotum gegn lögum þessum getur enginn höfðað málsókn nema sá, sem misboðið er. — Nú kemur út rit nafnlaust eða með dularnafni og skal þá líta svo á, þangað til sönnur eru færðar á annað, að sá maður, sem tilgreindur er á ritinu sem útgefandi þess eða forlagsmaður, hafi umboð til að gæta réttar höfundar. — **26. gr.** Málssókn samkvæmt 18., 19., 20. og 21. gr. skal hafin innan 1 árs frá því að rétthafi fekk vitneskju um brotið. Nú er mál eigi höfðað innan tveggja ára eftir að brotið var framið, og verður hinn seki þá eigi dæmdur til hegningar, og sé málssókn eigi hafin áður en 3 ár eru liðin frá því að brot var framið, verður hann eigi heldur dæmdur til að greiða skaðabætur né skila gróða sínum samkvæmt 20. gr. — Meðan höfundarréttur helzt má höfða málssókn til þess, að upptæk séu gerð, ónýtt eða af hendi látin þau eintök af riti, sem ólöglega eru til orðin og ætluð eru til að hafa á boðstólum, svo og áhöld, sem eingöngu verða notuð til þess að framkvæma brot á lögum þessum. — **27. gr.** Ákvæði laga þessara taka til allra ritsmíða danskra þegna, og einnig til ritsmíða utanríkismanna, er forlagsmaður þeirra er íslenzkur. Sé forlag félagseign,

1905 nr. 13 20. okt.

telst það íslenzkt, ef allir þeir meðlimir firmans, sem ótakmarkaða ábyrgð hafa, eða ef um félag með takmarkaðri ábyrgð eða hlutafélag er að ræða, allir stjórnendur þess, eiga fast heimili á Íslandi. Með konunglegri tilskipun má veita ákvörðunum laga þessara gildi, að öllu eða nokkru, að því er snertir ritsmíðar þegna annars ríkis, þótt eigi séu þær útgefnar af íslenzku forlagi, svo framarlega sem sama vernd kemur á móti fyrir ritsmíðar Íslendinga í því ríki. Þó verður eigi gerður samningur um gagnkvæmi í þessu efni, nema alþingi samþykki, ef af samningnum leiðir nokkra fjárkvöð fyrir Ísland. — 28. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1906, en eftir ákvæðum þeirra skal fara einnig að því er snertir ritsmíðar, sem eldri eru eður áður útgefnar. — Nú hefir einhver gefið út rit löglega, áður en lög þessi eru birt, og skal hann þá eiga rétt á að selja þau eintök eða hefti, sem þá voru fullprentuð, þó útgáfan hefði eigi verið heimil samkvæmt lögum þessum. — Lög þessi snerta eigi samningsréttindi manna, sem löglega eru stofnuð áður þau öðlast gildi. — Með lögum þesum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði um eignarrétt að ritsmíðum.

nr. 14 20. okt.

Lög um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

1. gr. Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið viðurkend eða lögsókn heimt innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning. — Nú á kröfuhafi skuld að lúka skuldunaut sínum, og missir hann þá eigi, þótt fyrningarfrestur líði, rétt til að telja kröfuna til skuldajafnaðar, enda sé hún af sömu rót runnin og skuld hans, eða samið hafi verið fyrirfram um skuldajöfnuð eða slíkt áskilið, áður en fyrningarfrest þraut. — Haldsréttur og veðréttur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðréttur í lausafé; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafé, sem

er löglegt fylgifé með veðsettri fasteign, sbr. 5. og 6. gr. í lögum um veð 4. nóvbr. 1887. — Ennfremur fellur úr gildi sjálfsvörzluveðréttur fyrir vöxtum og öðrum kröfum, er ræðir um í 2. tölulið 3. greinar, þegar krafan fyrnist. — Þau réttindi fyrnast ekki, er hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð, og eigi heldur kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk. — **2. gr.** Þessar kröfur fyrnast á 20 árum: 1. Krafa á hendur landsjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fé, er lagt hefir verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu. — Banki telst hver sá, sem samkvæmt tilkynningu til verzlunarskránna rekur bankaatvinnu. 2. Krafan um lífeyri og aðrar slíkar kröfur, sem eru fólgnar í rétti til þess með vissu millibili að krefjast fjárframlags, er ekki getur talist afborgun af skuld. — **3. gr.** Þessar kröfur fyrnast á 4 árum: 1. Kröfur út af: sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, þó svo, að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiftum við kaupmann, verksmið eða þvílíkan atvinnureka, og fái árlega viðskiftareikning, fyrnist ekki sú skuld, er hann kann í að vera við nýár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiftum síðasta árs eða ekki, meðan viðskiftum er haldið áfram óslitið, leigu á fasteign eða lausafé, veru, viðgjörning eða aðhlynningu, flutning á mönnum eða munum, vinnu, og hverskonar starfa, sem í té er látinn; þó fyrnist ekki krafa hjús um kaupgjald, meðan það er samfelt áfram í sömu vist. 2. Kröfur um gjaldkræfa vexti, húsaleigu, landskuld, leigur, gjaldkræf laun eða eftirlaun, lífeyri, forlagseyri, meðgjöf eða aðra greiðslu, er greiðast á með vissu millibili og ekki er afborgun af skuld. 3. Kröfur, er lögtaksrétt hafa. 4. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum, að undanskilinni ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimtumanna eða gjaldkera við opinberar stofnanir eða stofnanir einstakra manna. Ennfremur endurgjaldskrafa sú, er ábyrgðarmaður eða samskuldari hefir á hendur aðalskuldunaut, meðábyrgðarmanni eða sam-

1905 nr. 14 20. okt.

1905 nr. 14 20. okt.

skuldara út af greiðslu skuldar; endurgjaldskrafan er þó jafnan dómtæk eins lengi og innleysta krafan mundi verið hafa. 5. Krafa um endurgjald á því, er maður hefir greitt í rangri ímyndun um skuldbinding, eða í von um endurgjald, er brugðist hefir, þó svo að móttakandi hafi ekki gjört sig sekan í sviksamlegu atferli. — 4. gr. Á 10 árum fyrnast: 1. Kröfur samkvæmt skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falla undir ákvæði 2. gr. Að því er snertir kröfur þær, er um ræðir í 2.—4. tölulið 3. greinar, gildir 10 ára fyrning þó því að eins, að skuldabréf sé útgefið, dómur genginn eða sátt gjörð, eftir að krafan féll í gjalddaga, eða var orðin sjálfstæð skuldakrafa á annan veg, eða rentumiði hafi verið útgefinn fyrir vöxtum eða annari samskonar kröfu. 2. Allar aðrar kröfur, sem ekki er settur annar fyrningarfrestur fyrir í 2. og 3. gr. — 5. gr. Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafan varð gjaldkræf. Gjalddagi á verzlunarskuldum telst 31. desbr. á hvert fyrir þá skuld, sem stofnuð er á árinu, nema samið sé um annan gjalddaga. Fyrningarfrestur á dómkröfum telst frá dómsuppsögn án tillits til fjárnámsfrests. — Nú fer gjalddagi skuldar eða annarar kröfu eftir undanfarandi uppsögn af hálfu kröfueiganda, og telst þá fyrningarfresturinn frá þeim degi, er skuldin í fyrsta lagi gat orðið gjaldkræf eftir uppsögn. Að því er snertir ábyrgð á kröfu, sem fyrnist á 10 eða 20 árum, telst þó 4 ára fyrningartíminn samkvæmt 4. tölulið 3. greinar að eins frá þeim degi, er krafan á hendur ábyrgðarmanni varð gjaldkræf í raun og veru, jafnvel þótt ábyrgðarkrafan hefði getað fallið fyrr í gjalddaga fyrir uppsögn á aðalkröfunni. En jafnframt fyrnist ábyrgðarkrafan á 10 eða 20 árum frá þeim degi, er hún í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni. — Við útreikning á fyrningarfresti á ábyrgðarkröfu skal ekkert tillit taka til þess, þó ekki sé hægt að krefja ábyrgðarmanninn um greiðslu fyr en reynzt hefir árangurslaust að ná skuld-

inni inn hjá aðalskuldunaut, eða fyr en eftir undangengna aðvörun. — Að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölulið 2. greinar telst fresturinn frá þeim degi, er hin fyrsta greiðsla féll í gjalddaga. Sama gildir um fyrningarfrest á ábyrgð á kröfum þessum. — **6. gr.** Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti — eftir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er viðurkenningin átti sér stað, eða frá þeim degi, er skuldin þar á eftir varð gjaldkræf, eða hefði getað orðið gjaldkræf með uppsögn frá kröfueiganda. Hafi skuldabréf verið út gefið, eða dómur gengið eða sætt verið gjörð um kröfuna, þá fyrnist krafan eftir ákvæðum þeim, er sett eru í 4. gr. sbr. 5. gr. — **7. gr.** Ef skuldari dregur sviksamlega dul á, eða vanrækir að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, eða valda því, að hún verður gjaldkræf, og skuldaranum bar skylda til að segja frá, þá fyrnist skuldin ekki, hvað sem öðru líður, fyrr en 4 ár eru liðin frá þeim degi, er kröfueigandinn fekk vitneskju um þessi atvik, eða eitt ár er liðið frá dánardegi skuldunauts. — **8. gr.** Kröfur: 1. sem hjón hafa hvort á annað, 2. sem ómyndugir hafa á hendur fjárhaldsmanni eða yfirfjárráðanda, 3. sem opinberar stofnanir, hlutafélög eða aðrir ópersónulegir kröfueigendur eiga á hendur forstjóra, fyrnast ekki fyr en fjögur ár eru liðin frá því, að hjónabandinu var slitið, fjárhaldið hætt, eða forstjórinn vék úr stöðu sinni. — **9. gr.** Nú deyr skuldari eða kröfueigandi, eða kröfueigandi er sviftur fjárforræði, eða bú hans tekið til gjaldþrotaskifta, og fult ár er ekki eftir af fyrningartímanum, og lengist þá fresturinn um eitt ár frá áminstum atburði að telja. — **10. gr.** Nú er innköllun til skuldheimtu manna, til að koma fram með kröfur sínar innan ákveðins tíma, útgefin af skuldara eða búi hans, áður en fyrningarfresturinn er á enda, og fyrnist þá krafan ekki

1905 nr. 14 20. okt.

fyr en innköllunarfresturinn er liðinn. — Hafi krafan verið tilkynt í tæka tíð, og ekki er að ræða um opinber skifti eða gjaldþrotaskifti, sbr. 13. gr., þá fyrnist krafan alls eigi, fyr en eitt ár er liðið frá því innköllunarfresturinn var á enda. — **11. gr.** Málssókn telst byrjuð áður en fyrningarfrestur er liðinn, ef kæra til sáttanefndar eða stefna er birt innan nefnds tíma. Þó má stefnufresturinn ekki vera lengri en nauðsyn krefur, ef kæran eða stefnan á að takast fyrir eftir að fyrningarfresturinn er liðinn. Því að eins skal álíta málssókn byrjaða, áður en málinu er stefnt til dóms, að stefnan sé birt svo fljótt sem unt er, eftir að málinu var vísað til dóms og laga frá sáttanefndinni, og stefnufrestur ekki ónauðsynlega langur eins og fyr segir. Þá er opinber stefna er við höfð, telst málshöfðun byrjuð þann dag, er stefnan er birt í fyrsta sinn í blaði því, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar gagnkrafa er gjörð til skuldajafnaðar, án þess að gagnsóknarmál sé höfðað, telst sóknin byrjuð, þegar gagnkrafan er gjörð fyrir dóminum. Nú er máli vísað frá dómi eða hafið, eða það fellur niður af öðrum ástæðum, án þess dómur gangi um kröfuna, og hefir þó kröfueigandi rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að höfða nýtt mál gegn varnaraðila í hinu fyrra máli, eða þeim, er komið hefir í hans stað, innan 6 mánaða frá því málinu var frávísað, eða það var hafið eða á annan hátt niðurfelt. Hið sama gildir, ef hinu síðara máli, eða síðari málum, verður frá vísað, eða þau á annan hátt niðurfalla án efnisdóms. — Nú er máli heimvísað til nýrrar meðferðar við lægri dómstól, og hefir þá kröfueigandi heimild til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að fá málið tekið fyrir á ný innan 6 mánaða. — **12. gr.** Þar sem lögtak eða fjárnám má gjöra án undanfarins dóms eða sáttar, er krafan sótt í tæka tíð, þegar fjárnámið eða lögtaksgjörðin eða nauðungaruppboðið, — þar sem ganga má fram hjá fjárnámi —, er byrjað áður en fyrningarfrestur er liðinn. Verði fjárnámið ekki framkvæmt vegna framkominna

mótmæla, eða það felt úr gildi við æðri dómstól, getur kröfueigandi látið framkvæma fjárnám, lögtak eða nauðungaruppboð á ný samkvæmt ákvæðum 11. greinar, og telst 6 mánaða fresturinn frá því, er hin fyrri sókn endaði. — **13. gr.** Þá er bú skuldunauts hefir verið tekið til gjaldþrotaskifta, eða opinberrar skiftameðferðar samkvæmt skiftalögum 12. apríl 1878, eða búinu er skift af löggiltum skiftaforstjórum, kemur krafa í búið í stað lögsóknar. Sé krafan viðurkend, en henni ekki fullnægt af eignum búsins, fyrnist krafa sú, er kröfueigandi kann að hafa á hendur skuldara eða erfingjum hans, samkvæmt þeim ákvæðum, sem sett eru í 1. tölulið 4. gr., þannig að 10 ára fresturinn telst í fyrsta lagi frá skiftalokum. Ef krafan þar á móti hefir ekki verið viðurkend, þá hefir kröfueigandinn rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé á enda, að byrja nýja málssókn, innan 6 mánaða frá skiftalokum að telja, eða hafi kröfunni verið hrundið með úrskurði skiftaréttar eða dómi æðri réttar, innan 6 mánaða frá því, að úrskurðurinn eða dómurinn var upp kveðinn. — **14. gr.** Nú vill sá, er mál hefir höfðað, gjöra kröfu á hendur öðrum manni til greiðslu að öllu leyti eða að nokkru leyti á því, er hann kynni ekki að fá sér tildæmt eða ná inn hjá þeim, er hann hefir höfðað málið á móti, og er þá það nægilegt til þess að halda kröfunni í gildi, að kröfueigandinn hafi áður en fyrningarfresturinn var á enda, gjört hlutaðeiganda, eftir reglum þeim, er gilda um birtingu á stefnum, aðvart um málssóknina, enda skal hann þá sækja rétt sinn að lögum innan 6 mánaða, eftir að hinni fyrri málssókn var lokið. — Samsvarandi ákvæði gilda, ef sá, sem stefnt er, vill koma fram kröfu á hendur öðrum manni um fullnustu fyrir það, er hann kann að þurfa að greiða. — **15. gr.** Ef ekki er auðið að svo stöddu að sækja við dómstóla á Íslandi mál út af kröfu, sem fyrnist samkvæmt íslenzkum lögum, þá getur kröfueigandi, með því að tilkynna landsyfirdómnum kröfu sína, áður en fyrningartíminn er liðinn, haldið rétti sínum óskertum, til að

1905 nr. 14 26. okt.

sækja rétt sinn að lögum, annaðhvort innan árs eftir að skilyrði voru fengin fyrir því, að innheimta mætti skuldina við íslenzkan dómstól, eða innan 10 ára frá því tilkynningin var gjörð. — Þessi tilkynning á að vera skrifleg, og skal innfæra hana í bók. — Stjórnarráðið setur itarlegri reglur um, hvernig haga skuli tilkynningum þessum og um gjald fyrir innfærsluna; gjaldið rennur til dómsmálaritara[1]). — **16. gr.** Þótt krafan sé fyrnd samkvæmt framannefndum ákvæðum, skal það þó ekki vera því til fyrirstöðu, að sakamaður, sem dæmdur er fyrir glæp, sé jafnframt dæmdur til að greiða skaðabætur til þess, er skaða hefir beðið við glæpinn. Séu skaðabæturnar ekki ákveðnar í sakamálsdóminum, getur sá, er misgjört var við, höfðað sjálfstætt mál gegn hinum sakfelda innan 6 mánaða frá dómsuppsögn. — 17. gr. Þegar arðberandi skuld fyrnist, falla jafnframt úr gildi allir áfallnir vextir af skuldinni. — Samsvarandi ákvæði gildir einnig um kröfur, sem eru fólgnar í rétti til að krefjast fjárframlags með vissu millibili, og ekki getur talist afborgun af höfuðstól. — 18. gr. Krafa samkvæmt peningaseðli eða bankaseðli fyrnist ekki. – **19. gr.** Samningur um lengri fyrning arfrest, en framan er ákveðinn, er löglegur að því er snertir: 1. Skuldabréf, er ganga eiga kaupum og sölum manna á milli, og út eru gefin í mörgum samhljóða eintökum. 2. Vaxtamiða, sem út eru gefnir fyrir vöxtum af ofannefndum skuldabréfum eða fyrir arði af hlutabréfum. 3. Skírteini, sem út eru gefin af lífsábyrgðar- eða framfærslustofnunum. 4. Kröfur þær, er ræðir um í 1. tölulið 2. greinar. — **20. gr.** Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að veita eiganda veðsettrar eignar leyfisbréf til ógildingardóms á veðskuldabréfi, ef umsækjandi fullnægir eftirfarandi skilyrðum: 1. að liðin séu 10 ár, eða, að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. gr., tuttugu ár frá þeim degi, er skuldin samkvæmt ákvæð-

1) Reglur $^{21}/_{12}$ 1910.

um skuldabréfsins féll í gjalddaga, eða í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf eftir uppsögn, eða að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölulið 2. greinar, frá gjalddaga hinnar fyrstu greiðslu. 2. að sannað sé, að þrátt fyrir ítarlega eftirgrenslan hafi ekki fundizt nokkur maður, er veðbréf veiti réttindi, og 3. að álita verði eftir framkomnum skýrslum, að ekkert það atvik hafi fyrir komið, er haldi kröfunni enn í gildi gagnvart skuldunaut, né heldur gagnvart veðeiganda, þótt persónuleg skuldbinding hefði á honum hvílt. — Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á heimild þá, er stjórnarráðið hefir til þess, að veita leyfisbréf til ógildingardóms á veðbréfi, þegar álíta verður að veðrétturinn sé úr gildi genginn. — **21. gr.** Ákvæði Jónsbókar í 8. kap. kaupabálks og ákvæðið í 1. málsgrein 9. greinar í lögum um aðför 4. nóvbr. 1887 eru úr gildi feld. Önnur ákvæði, þar sem frestur er settur fyrir málshöfðun eða kröfugjörð, standa óhögguð. —— **22. gr.** Ákvæði laga þessara gilda einnig um kröfur þær, er þegar eru stofnaðar; þó fellur engin krafa úr gildi samkvæmt lögum þessum fyr en við árslok 1910. 1905 nr. 14 20. okt.

Lög um hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu. nr. 16 20. okt.

1. gr. Þegar ófriður er uppi milli annara ríkja, skal sá, er sekur verður í tilverknaði, er stofnar hlutleysisstöðu hins danska ríkis í hættu, eða brýtur bann, er stjórnin hefir sett til verndar hlutleysisstöðunni, sæta fangelsi, eða, ef miklar sakir eru, hegningarvinnu, nema þyngri refsing sé við lögð í almennum lögum. Því að eins að mjög litlar sakir séu, má hegningin vera minni en 1 mánaðar fangelsi, eða þá sektir. — **2. gr.** Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Lög um lögreglusamþyktir utan kaupstaðanna. nr. 18 20. okt.

Heimild sú, sem með lögum 3. jan. 1890 um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina er veitt kaupstöðum lands-

1905 nr. 18 20. okt.

ins til að gjöra lögreglusamþyktir, skal ná til allra þeirra verzlunarstaða, er sveitarstjórn hafa út af fyrir sig, enda búi sýslumaður þar.[1]) — Viðkomandi hreppsnefnd býr til frumvarp til samþyktarinnar og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er hún hefir í för með sér. Frumvarpið skal síðan senda sýslumanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir þurfa, og sendir það síðan stjórnarráðinu, er þvínæst gefur út samþyktina. Nú gjörir sýslumaður eða stjórnarráðið breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir hreppsnefndina til álita. Þær breytingar, sem nefndin felst ekki á, má eigi setja í samþyktina. Að öðru leyti fer um efni samþyktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birting og breyting, sem segir fyrir um í framannefndum lögum.

nr. 19 20. okt.

Lög um byggingarsamþyktir.

1. gr. Byggingarsamþykt má gjöra fyrir löggilta verzlunarstaði hér á landi. — **2. gr.** Nú er löggiltur verzlunarstaður hreppsfélag fyrir sig, og semur þá hreppsnefndin byggingarsamþykt fyrir verzlunarstaðinn og sendir hana síðan sýslunefnd, er tekur hana til umræðu á næsta sýslufundi. Samþykki sýslunefnd samþyktina óbreytta, sendir oddviti sýslunefndarinnar hana þá þegar til stjórnarráðsins. Gjöri sýslunefnd breytingar á samþykt hreppsnefndar, skal leggja breytingarnar fyrir hreppsnefndina; verði breytingarnar eigi samþyktar af hreppsnefnd, skal senda samþyktina eigi að síður til stjórnarráðsins. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþyktar, og skal þá leggja þær breytingar fyrir hreppsnefnd; samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykt óbreytta eins og hún er frá hreppsnefnd og sýslunefnd eða frá hreppsnefnd, ef nefndirnar hafa ekki orðið á eitt sáttar um hana, nema einhver ákvæði hennar

1) L. nr. 7, $^{18}/_{5}$ 1920. og l. nr. 32, $^{4}/_{6}$ 1924.

séu lögum gagnstæð. — 3. gr. Nú er löggiltur verzlunar- 1905
staður ekki sjálfstætt sveitarfélag, heldur hluti af nr. 19
hreppsfélagi, og skal þá hreppsnfnd semja byggingar- 20. okt.
samþykt fyrir verzlunarstaðinn, ef meiri hluti íbúa hans, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, æskja þess, að byggingarsamþykt komist á fyrir hann. Ef enginn, eða eigi fleiri en einn af íbúum verzlunarstaðar, á sæti í hreppsnefnd, skal kveðja tvo af íbúunum, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa, til þess að taka sæti í hreppsnefnd meðan samþyktin er samin, og hafa þeir jafnan atkvæðisrétt sem aðrir hreppsnefndarmenn. — 4. gr. Þá er hreppsnefnd samkvæmt næstu grein hér á undan hefir samið byggingarsamþykt fyrir verzlunarstað, skal samþyktin lögð fram til sýnis á hentugum stað í verzlunarstaðnum, eftir að það hefir birt verið með 8 daga fyrirvara með uppfestum auglýsingum á staðnum eða við kirkjufund. Þá er samþyktin hefir legið frammi til sýnis í 14 daga, skal oddviti boða bæjarbúa á fund til að ræða samþyktina, og er hann fundarstjóri; á þeim fundi hafa einungis atkvæðisbærir bæjarbúar atkvæðisrétt. Á fundinum skal samþyktin rædd grein fyrir grein. Til þess að gjöra breytingar á einstökum ákvæðum hennar nægir meiri hluti atkvæða þeirra, sem greidd eru á fundinum. Að lokum skal samþyktin í heild sinni borin undir atkvæði, og verði hún þá samþykt af ¾ hlutum fundarmanna skal hún send til sýslunefndar, að öðrum kosti er hún fallin í það sinn. — 5. gr. Ef byggingarsamþykt er löglega samþykt á þann hátt, er segir í undanfarandi grein, skal hún tekin til umræðu á næsta sýslufundi; verði hún þar samþykt óbreytt, skal hún send til stjórnarráðsins; en verði henni breytt á sýslufundi, skal oddviti hreppsnefndarinnar bera breytingarnar upp fyrir bæjarbúum á almennum fundi, verði breytingarnar samþyktar með meiri hluta atkvæða, sbr. 4. gr., skal oddviti sýslunefndar senda samþyktina til stjórnarráðsins; verði breytingar sýslunefndar eigi samþyktar, skal sýslunefndar-

1905 nr. 19 20. okt.

oddviti eigi að síður senda samþyktina ásamt útskrift af fundargjörðunum til stjórnarráðsins. Fallist stjórnarráðið á samþykt óbreytta, eins og hún er frá sýslunefnd og samþykt af bæjarbúum, eða óbreytta eins og hún kom frá hreppsnefnd og bæjarbúum, er hún endileg. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþyktar, og skal þá bera þær breytingar undir almennan fund bæjarbúa á þann hátt, er fyr segir; samþykki fundurinn breytingarnar, staðfestir stjórnarráðið hana, en fáist ekki lögmætt samþykki fundarins, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta hana óbreytta, nema einhver ákvæði hennar séu lögum gagnstæð. — Staðfestar byggingarsamþyktir skal birta í B-deild stjórnartíðindanna. — **6. gr.** Í byggingarsamþykt skal ákveða, að í verzlunarstöðum skuli stofnuð byggingarnefnd, og að í henni eigi sæti 5 menn. — Í löggiltum verzlunarstað, sem er hreppsfélag fyrir sig, skal byggingarnefnd skipuð oldvita hreppsnefndarinnar sem formanni og 4 mönnum öðrum, er hreppsnefnd kýs, 2 þeirra úr sínum flokki. En þegar samþykt er sett fyrir verzlunarstað, sem eigi er hreppur fyrir sig, skulu, auk oddvita hreppsnefndarinnar sem formanns, í byggingarnefnd sitja 2 menn, sem hreppsnefnd kýs af bæjarbúum, og 2 aðrir menn, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan hreppsnefndar, eru skyldir til að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir hreppsnefndarmenn samkvæmt sveitarstjórnarlögunum; um aukakosningar í byggingarnefnd gildir og hið sama sem um aukakosningar í hreppsnefndir. – Í samþyktum skal ennfremur ákveðið[1]): — — — C. Að þegar bygt er nýtt hús, skuli ávalt vera 10 álna millibil milli þess og næsta húss, nema eldtraustur veggur, svo þykkur sem nefndin ákveður, sé á milli. Þó má byggja á þessu svæði grindur eða aðrar girðing-

1) L. nr. 55, $^{27}/_{6}$ 1921, 29. gr.

ar, er hæglega má brjóta niður. D. Að byggingarnefnd hafi heimild til þess að heimta, þegar nýtt hús skal byggja, að uppdráttur af húsinu skuli lagður fram, og að henni sé heimilt að heimta þær breytingar á húsinu, er henni þykir ástæða til, svo og, að hún geti ákveðið, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefir brunahættu í för með sér, skuli bygð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, sem henni þykir þörf á vera, eða brunaábyrgðarlög skipa fyrir um. Ennfremur að nefndin skuli hafa stöðugt gætur á, að ný hús séu bygð eins og hún hefir ákveðið, og hafi eftirlit með aðalviðgjörðum á þeim. E. Að enginn megi byggja nýtt hús, eða láta fram fara aðalviðgjörð á þeim, nema hann hafi áður til þess skriflegt leyfi nefndarinnar. F. Að ef nokkur byrji á húsasmíðum, áður en hann hafi fengið skriflegt leyfi nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en hún hefir ákveðið, þá skuli hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 10—50 krónum, er renni í sérstakan sjóð bæjarbúa, og að þar að auki megi rífa niður húsið eða hluta af því, á kostnað eiganda, ef það er eigi bygt eftir þeim reglum, er nefndin hefir ákveðið, og að þeir, sem byrja á aðalviðgjörð húss, áður en þeir hafa fengið leyfi nefndarinnar til þess, skuli sæta hinum sömu sektum. G. Að byggingarnefnd hafi vald til að semja sérstaka reglugjörð um byggingu húsa, að því er snertir stærð herbergja, hæð undir loft, útbúnað reykhafa, fjarlægð ofna frá þili og útbúnað kringum þá — til þess að afstýra brunahætu — styrkleika innviða í húsum, ytri „klæðningu“ o. s. frv. Þó öðlast sú reglugjörð fyrst gildi, er stjórnarráðið hefir samþykt hana. — 7. gr. Byggingarnefndin skal halda sérstaka fundarbók, er hún ritar í allar gjörðir sínar, og skal hún undirskrifuð við lok hvers fundar eða hverrar gjörðar af öllum viðstöddum nefndarmönnum; heimilt er þeim, sem eigi er samþykkur ályktuninni, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll innkomin bréf og bréfabók. Bækur þess-

1905 nr. 19 20. okt.

ar skulu kostaðar af hinum sérstaka sjóði bæjarbúa, en ef hann hrekkur eigi til, þá af sveitarsjóði, eins þar sem verzlunarstaður er eigi sérstakt hreppsfélag. — 8. gr. Með mál um brot á samþyktum eftir lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál, og skal oddviti byggingarnefndar kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

nr. 20. 20. okt.

Lög um samþyktir um kynbætur nautgripa.

1. gr. Sýslunefndum veitist heimild til að gjöra samþyktir um kynbætur nautgripa á þann hátt, er segir í lögum þessum. — **2. gr.** Þegar sýslunefnd álítur hagfelt að gjöra samþykt fyrir alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í héraði því eða á því svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir þeir, er þar búa og kosningarrétt hafa til alþingis. — Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara; er sýslumaður fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við höndina. — Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í fæðispeninga, og ferðakostnað að auki eftir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði. — **3. gr.** Sýslunefndin semur frumvarp til samþykta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er rætt er um í 2. gr. Samþykki fundarmenn frumvarp sýslunefndar með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, skal hún senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþyktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum bygðar, og sendir það síðan stjórnarráðinu til staðfestingar; en álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til

greina, ber hún frumvarp sitt að nýju undir atkvæði héraðsmanna. Verði það þá samþykt með ⅔ atkvæða, ber að senda það stjórnarráðinu til staðfestingar. — Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefir verið samþykt með ⅔ atkvæða, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu. — **4. gr.** Nú virðist stjórnarráðinu, að fyrirmæli samþyktar gangi of nærri rétti manna eða að þær komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar það þá um staðfestingu sína, en skýra skal það sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir það samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir. — Nú vilja menn nema samþykt úr gildi, eða breyta henni, og fer um það eftir öllum sömu reglum, og fyrir er mælt í lögum þessum um stofnun hennar. — **5. gr.** Nú er samþykt um kynbætur nautgripa löggilt, og má þá ekkert graðneyti eldra en 5 mánaða ganga á því svæði, er samþykt nær yfir, nema að það sé í öruggu hliðarhafti, eður annari fullgildri gæzlu, svo sem samþykt mælir nánar um. Sá, sem brýtur þetta ákvæði, hvort sem hann er á samþyktarsvæðinu eða utan þess, skal greiða skaðabætur til þess eða þeirra, er skaða líða af yfirgangi nauts. Þar sem kynbótafélag nautgripa hefir verið stofnað, má í samþykt ákveða, að eigi megi nota önnur naut til undaneldis á félagssvæðinu en þau, er félagið hefir valið til kynbóta. — **6. gr.** Í samþykt skal ávalt ýtarlega ákveða um eftirlit það, er þarf til þess, að hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða. — **7. gr.** Fyrir brot móti löggiltri samþykt skal ákveða sektir frá 5—50 kr., er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. — **8. gr.** Með brot mót samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

1905 nr. 20 20. okt

1905 nr. 23 20. okt.

Lög um breyting á opnu bréfi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði.

1. gr. Ákvæði það í opnu bréfi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði, að ávalt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þó eigi vera gluggar, dyr, né önnur op á veggjum, er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sé að minsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þyki byggingarnefndinni eigi viðsjárvart af sérstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru. — Eldvarnargafl er hér talinn veggur úr (tígul-) steini, einhlaðinn að minsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sé ei minna en 7—8 þumlunga þykkur. — 2. gr. Það skal hér eftir bannað, að gjöra hús eða bæi af torfi. — 3. gr. Heimilt skal byggingarnefndinni, ef ⅔ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það, sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á málið. — 4. gr. Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í té uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

nr. 24 20. okt.

Lög um heimild til lóðasölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.

1. gr. Þá er beðið er um útmæling á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verslunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórnin heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða

verð hverrar lóðar eftir tillögu byggingarnefndar. — 1905
2. gr. Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og nr. 24
skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá 20. okt.
því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Þó má bæjarstjórn lengja frest þennan alt að einu ári. Kaupandi skal og fá endurgoldin eftir óvilhallra manna mati þau verk, sem hann hefir unnið til umbóta á lóðinni. — **3. gr.** Andvirði seldra lóða leggist í sérstakan sjóð, og setur stjórnarráðið eftir tillögum bæjarstjórnar reglur um stjórn sjóðsins og notkun hans.[1]) — **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seríu) bankavaxtabréfa[2]). nr. 27 20. okt.

1. gr. Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf alt að 3 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabréfaupphæð þeirri, sem hún má gefa út samkvæmt lögum 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. september 1902. — **2. gr.** Um bankavaxtabréf þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 2. flokkur (sería) vaxtabréfanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með ámistum lögum 12. jan. 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. sept. 1902, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eftirfarandi greinum þessara laga. — **3. gr.** Landsbankinn leggur til tryggingarfé fyrir 2. flokki bankavaxtabréfanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en 1/6 af verðhæð útgefinna bankavaxtabréfa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarféð skal vera að helmingi í ríkisskuldabréfum og að helmingi í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lög-

1) Reglugjörð $^{21}/_{5}$ 1906.
2) Sbr. reglugjörð $^{1}/_{4}$ 1906.

1905 nr. 27 20. okt.

um frá 12. janúar 1900 og 25. sept. 1902, og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við gangverð nefndra verðbréfa. — Landstjórnin varðveitir tryggingarféð, en vextir af því renna í Landsbankann. — **4. gr.** Ráðherra Íslands og stjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. — **5. gr.** Veðdeildinni skal heimilt að veita bæjarfélögum, sýslufélögum og sveitarfélögum lán, er samþykt séu af stjórnarráði Íslands, gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélagsins. — **6. gr.** Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gjörist þess eigi þörf að þau séu vátrygð,, ef verð þeirra nemur ekki ¼ af virðingarverði jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sérstaklega og vátryggja, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7. gr. í nefndum lögum 12. janúar 1900. — **7. gr.** Þegar bankastjórnin eftir kröfu lánþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. janúar 1900 á að annast um að koma bankavaxtabréfum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt eða taka þau eftir gangverði. — **8. gr.** Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eftirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega vátrygðum, sem áskilið er að vátrygðar séu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. janúar 1900. — **9. gr.** Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera ½ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 50 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum, sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús, og á 15 árum, sé veðið torfhús. Sé lánið bæjar-, sýslu- eða sveitarlán, skal því

lokið á eigi lengri tíma en 40 árum. — **10. gr.** Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógiilding annara bankavaxtabréfa fer eftir almenn lögum. — **11. gr.** Sérstakan reikning skal halda fyrir 2. flokk bankavaxtabréfanna, og skal þeim til tryggingar vera sérstakur varasjóður, en í hann renna tekjur veðdeildarinnar eftir þessum lögum. Fyrir bókfæslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða alt að því 2500 kr. — **12. gr.** Ákvæði þessara laga snerta að engu leyti bankavaxtabréf þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. jan. 1900 og 25. sept. 1902. — **13. gr.** — — — **14. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1906. 1905 nr. 27 20. okt.

Lög um viðauka við opið bréf 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.[1]) nr. 28 20. okt.

Embættismenn, sem skyldir eru til þess, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, geta auk þess, sem fram er tekið í opnu bréfi 31. maí 1855, fullnægt skyldu sinni í þessu tilliti með því, að kaupa sér lífsábyrgð í lífsábyrgðarstofnun ríkisins, sem sé 15 sinnum hærri að minsta kosti en líffé það, sem embættismaðurinn er skyldur til að tryggja ekkju sinni; þetta er þó því skilyrði bundið, að embættismaðurinn uppfylli hin almennu skilyrði fyrir því að fá líf sitt trygt

1) L. nr. 51, $^{27}/_{6}$ 1921.

1905 hjá stofnuninni, og að hann skuldbindi sig til þess, að
nr. 28 hlíta ákvæðum þeim, er stjórnarráðið setur til trygg-
20. okt. ingar því, að lífsábyrgðarupphæðin komi ekkju hans
að notum, og um greiðslu á iðgjöldum lífsábyrgðar-
innar.

nr. 29 **Lög um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra**
20. okt. **bygginga.**

1. gr. Af andvirði embættisjarðanna Arnarhóls, að meðtöldu verði hinnar svonefndu Klapparlóðar, sem seld er samkvæmt lögum nr. 38, 6. nóv. 1902, og Örfiriseyjar skal stofna sjóð, er nefnist Byggingarsjóður Íslands. Sjóði þessum skal varið til opinberra bygginga eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum, og síðar verður ákveðið með lögum. — 2. gr. Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja Örfirisey fyrir að minsta kosti 6,000 krónur. Ennfremur veitist honum heimild til að selja Arnarhólslóðina alla, að undanskildum bletti þeim, sem nú fylgir stjórnarráðshúsinu, og spildu milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds af Lindargötu, sem ætluð er fyrir opinberar byggingar. Arnarhólslóðina má selja þeim, er kaups beiðast, í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir eigi minna en 5 kr. fyrir ferhyrningsalin, en þó eigi lægra en tveir dómkvaddir menn meta í hvert skifti, er kaupa er beiðzt. — 3. gr. Til byggingarsjóðs greiðir landsbanki Íslands 7,500 krónur á ári, um leið og hann greiðir landssjóði hundraðsgjald það af seðlaskuld sinni, sem ákveðið er í lögum um stofnun landsbankans 18. sept. 1885 og lögum frá 12. jan. 1900 um breyting á þeim lögum. — 4. gr. Byggingarsjóðurinn stendur beint undir landstjórninni. Gjaldkeri landssjóðs er gjaldkeri sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis. — 5. gr. Veita má byggingarsjóði lán úr viðlagasjóði til að standast kostnað við byggingar, sem lagaheimild er fyrir að byggingarsjóður leggi fram fé

til. Lánið skal ávaxtað með 2½ af hundraði á ári, og endurborgist jafnóðum og sjóðnum greiðist andvirði fasteigna þeirra, sem um ræðir í 2. gr. — **6. gr.** Stjórnarráðinu veitist heimild til: 1. Að láta reisa bókasafnsbygging úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig bygð, að auka megi við hana síðar eftir þörfum; en í bráð skal hún rúma landsbókasafnið og landsskjalasafnið eins og þau nú eru ásamt viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eftir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja alt að 160 þúsund krónum. 2. Að breyta húsrými því, er losnar við brottfærslu safnanna úr þinghúsinu til afnota fyrir alþingi, til útbúnaðar risnuherbergja, og að leggja miðstöðvarhitun í húsið; má verja til þess alt að 50,000 kr. — Stjórnarráðið samþykkir uppdrætti, er fylgja skal við byggingar þessar og gjörir alla samninga, er að byggingunni lúta. Samningar skulu lagðir fyrir næsta alþingi til athugunar.

1905 nr. 29 20. okt.

Lög um sölu þjóðjarða.

nr. 31 20. okt.

1. gr. Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á þjóðjörð sitja, ábýli sín, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir. — 2. gr. Heimild þessi nær eigi til þeirra þjóðjarða, sem að áliti sýslunefndar þar, er jörð liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota. — Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á þjóðjörð, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skamms, eða sýslunefnd hyggur jörðina sérstaklega fallna til sundurskiftingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sérstakrar lagaheimildar í hvert skifti. — **3. gr.** Þegar þjóðjörð er seld samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kunna í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rétt til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur eftir óvilhallra manna mati fyrir á-

1905 nr. 31 20. okt.

troðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir. — **4. gr.** Nú er fleirbýli á þjóðjörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja. — **5. gr.** Nú er þjóðjörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.— **6. gr.** Sá, er leita vill kaups á þjóðjörð, semur um það beiðni, stýlaða til stjórnarráðsins, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar. — Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því að geta fengið jörðina keypta eftir lögum þessum, leggur sýslumaður beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi, hvort hún telji jörðina til þeirra þjóðjarða, sem getur um í 2. gr. Ennfremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma. — **7. gr.** Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr., og skal þá sýslumaður dómkveðja tvo óvilhalla menn til þess að gjöra lýsing á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og meta til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miða við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um 10 síðastliðin ár, ef leigumáli að dómi matsmanna hefir verið hæfilegur og honum hefir á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskifti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eftir leigumála jarða í því bygðarlagi. — Jarðabótakvöð þá, sem hér er nefnd, skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tíðkast hefir við styrkveiting úr landssjóði til búnaðarfélaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aurum í öðru eftirgjaldi. — Nú hefir sýslunefnd látið í ljósi það álit samkvæmt 6. gr., að undan sölu þjóðjarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina bæði að gæðum þessum metöldum og án þeirra. — **8. gr.** Nú hefir ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks úr

umboðssjóði gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á þjóðjörð umfram það, er byggingarbréf áskildi, og skulu þá matsmenn þeir, er um getur í 7. gr., meta jörðina eins og engar slíkar jarðabætur eða húsabætur hefðu verið gjörðar, þegar íbúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur. — **9. gr.** Jafnframt því er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umboðsmanni eða umráðamanni þjóðjarðarinnar skýrslur þær viðvíkandi jörðinni, sem matsmenn þurfa samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni. Umboðsmanni eða umráðamanni er skylt að láta þessar skýrslur í té innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur. — **10. gr.** Lýsingar- og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn ásamt öllum tilheyrandi skjölum til sýslumanns, er síðan skal láta matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rétti að tilkvöddum kaupsbeiðanda og umboðsmanni eða umráðamanni jarðarinnar. Beiðnina um kaupin, lýsingar- og matsgjörðina ásamt öllum öðrum skjölum málsins sendir sýslumaður að því búnu hlutaðeigandi umboðsmanni, en hann afgreiðir málið til stjórnarráðsins, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt sem því verður við komið. — **11. gr.** Nú vill eigandi jarðar, sem þjóðjörð á ítök í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við ábúanda þjóðjarðarinnar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um þjóðjarðir samkvæmt 6.—10 gr. — **12. gr.** Þegar málið er komið til stjórnarráðsins, getur það, ef því þykir sérstaklegar ástæður til bera, kvatt sér til ráðuneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups er falað, meti til verðs og segi álit sitt um, hvort rétt sé að selja. — **13. gr.** Nú kaupir ábúandi jörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gjörð. Um eftirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabréf fyrir þeim með fyrsta veðrétti í jörðinni,

1905 nr. 31 20. okt.

og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu, með jöfnum ársgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum. — Nú gengur jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga. — **14. gr.** Nú er þjóðjörð eða ítak selt eftir lögum þessum, og ákveður ráðherrann þá endanlegt söluverð, sem þó aldrei má minna vera en verð það, sem metið hefir verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbréf fyrir hinu selda. Öll skjöl er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar. — **15. gr.** Kostnað við matsgjörð þá, sem ræðir um í 7. gr., greiðir sá, er kaups beiðist á þjóðjörð eða ítaki, og getur sýslumaður krafist, að hann setji tryggingu fyrir skilvísri greiðslu kostnaðarins, um leið og hann afhendir sýslumanni beiðni sína samkvæmt 6. gr. — Borgun til þeirra manna, sem ráðherra kann að kveðja sér til ráðuneytis samkvæmt 12. gr., greiðist úr umboðssjóði, hvort sem úr sölu verður eða eigi. — **16. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906.

nr. 33 20. okt.

Lög um stofnun geðveikrahælis.

1. gr. Til þess að koma upp geðveikrahæli í nánd við Reykjavík yfir 50 geðveika menn og útbúa það, má verja úr landssjóði alt að 90000 krónum. — **2. gr.** Árleg útgjöld til geðveikrahælisins skal veita í fjárlögum. — Upp í þennan kostnað skulu réttir aðstandendur greiða í landssjóð meðgjöf með hverjum geðveikum manni, 50 aura á dag, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag. — **3. gr.** Í yfirstjórn geðveikrahælisins eru landlæknir og einhver annar maður, sem stjórnarráðið skipar til þess. — **4. gr.** Stjórnarráðið semur eftir tillögum frá yfirstjórn geðveikrahælisins reglur um afnot þess og erindisbréf fyrir starfsmenn þess.[1])

1) R. 31/1 1908, heimilisboðorð s. d. og 3 erbr. s. d.

Lög um löggilding verzlunarstaða. 1905

1. gr. Að Gerðum í Garði í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður. — 2. gr. Við Maríuhöfn í Kjósarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður. — 3. gr. Að Syðra-Skógarnesi í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður. — 4. gr. Að Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður. — 5. gr. Við Lambhúsvík á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður. — 6. gr. Ólafsfjarðarhorn í Þóroddsstaðahreppi innan Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður. — 7. gr. Við Holtsós undir Eyjafjöllum skal vera löggiltur verzlunarstaður. nr. 35 20. okt.

Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík. nr. 37

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Bolungarvíkurverzlunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu, skal stækkað svo, að það nái einnig yfir landsvæðið frá Hólsá að Grundarhólsmerkjum á sandinum, 150 faðma á land upp frá hæsta sjávarmáli. 20. okt.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Skildinganesi við Skerjafjörð. (St. A. 222). nr. 38 20. okt.

Löð um stækkun verzlunarlóðarinnar á Búðareyri við Reyðarfjörð. nr. 39 20. okt.

Land það, er reisa má á verzlunarhús við Búðareyri, skal stækkað um svæðið frá Stekkjargilslæk í Bakkagerðislandi út að Hesthúslæk, 70 faðma á land upp frá stórstraumsflóðmáli.

Lög um stofnun slökkviliðs á Akureyri. nr. 42

1. gr. Á Akureyri skal stofna slökkvilið. — 2. gr. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivélar og önnur slökkvitól, eftir boði bæjarfógeta eða þess yfirboðara, er bæjarstjórnin set- 20. okt.

1905 nr. 42 20. okt.

ur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir til að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldnum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útgreiðslu hans. — Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir,[1]) og má ákveða sektir alt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Akureyrar. — **3. gr.** Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem með opinber lögreglumál.

nr. 46 10. nóv.

Lög um hefð.

1. gr. Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. — **2. gr.** Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign, en 10 ára óslitið eignarhald á lausafé. — Nú hefir maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sé þannig til komið. — Nú hefir hefðandi fengið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð. — **3. gr.** Til hefðartíma má telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega gengið frá manni til manns. Eignarhald hvers einstaks hefðanda verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. — **4. gr.** Nú missir hefðandi umráð yfir hlutnum og slitnar þá hefðarhaldið, nema svo sé, að hann hafi umráðin óviljandi mist, og náð þeim aftur innan 6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sé innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða. — Nú er réttur hefðanda til eignarhaldsins vefengdur með lög-

1) R. $^{20}/_{11}$ 1908.

lega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, áður en hefðartíminn er fullnaður, og málið því næst rekið með hæfilegum hraða, eða vefengingarkröfu er lýst í bú hefðanda, og skal þá álíta hefðarhaldið slitið þann dag, er sáttakæra eða dómstefna er dagsett, ef dómur gengur sækjanda í vil, en dagsetningardag vefengingarkröfu, verði hún gild metin af skiftarétti. — **5. gr.** Nú hefir maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkvæmt 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum að eins að standa skil á þeim arði, er hann hefir haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sáttakæra eða dómstefna, eða sagt var til kröfu í búi hans. — **6. gr.** Fullnuð hefð skapar eignarrétt yfir hlut þeim, er í eignarhaldi var, og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild. — Afnotaréttur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðanda yfir eigninnni hafa útilokað afnotin. Nú stofnar annar en hefðandi afnotarétt með samningi yfir eign þeirri, er hefðandi hefir í eignarhaldi, og fellur þá afnotréttur sá úr gildi um leið og eignarhefð er fullnuð, þótt ekki sé liðinn hefðartími fullur frá stofnun hans, ef eignarhald hefðanda hefir útilokað afnotin. — Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsréttur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er réttindi þessi hvíla á, verður hefðuð. — **7. gr.** Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim. er gilda um eignarhefð, skapar afnotarétt. — **8. gr.** Hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv., getur að eins unnist með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð. — **9. gr.** Nú hefir maður haft jörð, er metin er til dýrleika, eða útmælda lóð í kaupstöðum eða kauptúnum í eignarhaldi í hefðartíma fullan, án þess að hafa þinglesna eignarheimild, þá getur hann fengið eignardóm fyrir fasteigninni, ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði, 1) að hann með stefnu, sem birt er á þann hátt, er fyrir er mælt í 10. gr., innkalli með

1905 nr. 46 10. nóv.

6 mánaða fyrirvara hvern þann, er tilkall kann að gjöra til eignarinnar, 2) að enginn mæti samkvæmt stefnunni, er sanni rétt sinn til eignarinnar eða önnur atvik, er útiloki eignarrétt eða hefð stefnanda. — Stefnandi er ennfremur skyldur til að mæta persónulega við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir réttinum og leggja fram sannanir fyrir því, að stefnan hafi verið birt á lögskipaðan hátt, svo og sannanir fyrir því, að hann hafi haft eignina í hefðarhaldi hefðartíma fullan, og yfir höfuð gefa allar þær skýrslur og skýringar um eignarhaldið, er dómarinn finnur ástæðu til að heimta. Ennfremur ber honum að sanna eða gjöra sennilegt, að hann hefði ekki getað á annan hátt án mikilla erfiðleika, tímaspillis og kostnaðar fengið löglega eignarheimild fyrir eigninni. — Eignardóminum má svo þinglýsa sem eignarheimild fyrir jörðinni. — Eignardómsmál samkvæmt þessari grein skulu rekin fyrir aukarétti, er halda skal á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er fasteignin liggur í. — **10. gr.** Stefna sú, er getur um í 9. gr., skal birt þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar, og skal ennfremur samtímis fest upp á þingstaðnum í dómþinghá þeirri, er fasteignin liggur í. — **11. gr.** Ákvæði Jónsbókar í 26. kap. landsleigubálks og ákvæði 16. gr. í erindisbréfi biskupanna 1. júlí 1746 um hefð eru úr lögum numin. — **12. gr.** Til að fylla hefðartíma má telja með eignarhald það, sem hefðandi hefir haft áður en lög þessi ganga í gildi, þó svo að engin hefð eftir lögum þessum sé talin fullnuð fyr en í árslok árið 1910.

nr. 47 10. nóv.

Lög um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla.

1. gr. Kostnað við gjörð og endurnýjun seðla þeirra, sem landsstjórninni er heimilt að gefa út fyrir landssjóð samkvæmt lögum 18. sept. 1885 og lögum 12. jan. 1900, skal eftirleiðis greiða af tekjum bankans. — — —

Lög um bændaskóla. 1905 nr. 48 10. nóv.

1. gr. Tveir skulu vera skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra, og skal annar skólinn vera á Norðurlandi á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Suðurlandi á Hvanneyri í Borgarfirði. Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór bú, er má reka á kostnað landssjóðs, ef öðru verður ekki við komið. — **2. gr.**[1]) Við hvorn skólann skulu vera tveir kennarar, og er annar þeirra skólastjóri; hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Hann hefir að launum 1500 kr. á ári og auk þess 300 kr., ef hann stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess. Hinn kennarinn hefir að launum 1200 kr. á ári. Báðir hafa kennararnir leigulausan bústað í skólanum. — **3. gr.** Skólarnir heita bændaskólar og eru vetrarskólar. Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í þeim fræðigreinum landbúnaðarins, sem reglugjörð nefnir til og segir nánar fyrir um. Reglugjörð kveður og á um það, hverri verklegri kenslu verði komið við á skólabúunum. Útvega skal til skólanna og nota við kensluna sem fullkomnust kensluáhöld. — Auk búnaðarfræðslunnar skal sérstök alúð lögð við að kenna nemendunum að tala og rita móðurmálið vel og skipulega; saga landsins skal sögð og þá einkum búnaðar- og verzlunarsaga, og nemendum kent að færa sér í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Kenna skal og reikning, dráttlist, söng og leikfimi og glímur. — **4. gr.** Nemendum er ætlað að vera 2 vetur á skólanum, en auk þess skulu bændur og bændaefni eiga kost á að dvelja á skólanum viku- til hálfsmánaðar tíma, að því er húsrúm og aðrar kringumstæður leyfa, við áður ákveðin og auglýst kensluskeið, til að hlýða á fyrirlestra hjá kennurunum og taka þátt í umræðufundum um landbúnað. — **5. gr.** Hvor skólinn um sig á að geta tekið á móti alt

1) L. nr. 71, $^{18}/_{11}$ 1919, 29. gr.

1905 nr. 48 10. nóv. að 40 nemendum, og skal skólastjórnin sjá um það, að nemendur eigi þar kost á ódýrri þjónustu, og geti komið á sameiginlegu matarhaldi. — **6. gr.** Landstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólanna og gefur út reglugjörðir fyrir þá,[1]) er meðal annars kveða á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburðarbréf. — **7. gr.** Kostnaðurinn við að gjöra skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði. Svo greiðir hann og laun kannaranna og árleg útgjöld skólans. — **8. gr.** Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er amtsráðin norðanlands og sunnan hafa hvort um sig afhent landsstjórninni sem móttakanda fyrir landsins hönd búnaðarskólana, sem eru á Hólum og Hvanneyri, til fullrar eignar og umráða, með öllum skyldum, eignum þeirra og réttindum. — **9. gr.** Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 12. febrúar 1872 skal numin úr gildi.

nr. 51 10. nóv. **Lög um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.**

1. gr. Með þeim skilyrðum, sem sett eru í eftirfarandi greinum laga þessara, skal Íslandsbanka heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa, en þó má nafnskrá í bókum bankans. — **2. gr.** Samanlögð upphæð allra bankavaxtabréfa þeirra, er bankinn gefur út, má ekki nema meira en tvöfaldri upphæð alls hlutafjár bankans og varasjóðs hans samanlagðri. — Upphæð hvers bankavaxtabréfs má ekki vera minni en 100 kr. og skulu þau innleysast eftir hlutkesti á eigi lengri tíma en 45 árum; skal það fram tekið í bréfunum sjálfum, hver ákvæði gilda um innlausn þeirra. — **3. gr.** Bankavaxtabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, skulu vera í 2 flokkum (serium). Annan flokkinn skal kalla 1. flokk, og skal hann bera 4½% vexti; hinn flokkinn skal kalla 2. flokk, og

1) Reglugjörðir (tvær) útgefnar af stjórnarráðinu $^{0}/_{8}$ 1908.

skal hann bera 4% vexti. — **4. gr.** Til tryggingar bankavaxtabréfum þeim, sem í veltu eru, skal bankinn hafa í vörzlum sínum að minsta kosti jafnmikla upphæð í veðskuldabréfum eða í vaxtabréfum kaupstaða eða sýslufélaga, er út hafa verið gefin með samþykki stjórnarráðs Íslands. Á bréf þessi skal rita yfirlýsingu um, að þau séu sett til tryggingar þeim bankavaxtabréfum, er bankinn hefir sett í veltu. Veðskuldabréfin skulu útgefin fyrir lánum gegn 1. veðrétti í fasteign, og má ekki lána meira út á veðið en sem svarar helmingi af virðingarverði þess. Skuldabréf kaupstaða og sýslufélaga, er notuð verða í þessu skyni, skulu endurborgast að fullu á eigi lengri tíma en 40 árum frá því þau voru gefin út, en að því er fasteignaveðskuldabréfin snertir, má afborgunargjaldið eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 40 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum, sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús. Af öllum skuldabréfum þeim, sem sett eru til tryggingar bankavaxtabréfunum, skal greiða að minsta kosti 4½%. — Auk tryggingar þeirrar, sem nefnd er hér á undan, skal bankinn setja sérstakt tryggingarfé fyrir bankavaxtabréfum sínum, er nemi ⅙ af samanlagðri upphæð allra þeirra bréfa, sem í veltu eru á hverjum tíma. Tryggingarfé þetta skal vera í dönskum 3½% ríkisskuldabréfum eða í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans og miðast upphæðin við gangverð bréfanna. Stjórnarráðið geymir verðbréfin. — Hlutafé bankans er einnig til tryggingar bankavaxtabréfunum. — **5. gr.** Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórn in innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur almennar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það, er glatað-

1905 nr. 51 10. nóv.

ist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. — Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum. — **6. gr.** Sérstakan reikning skal halda fyrir bankavaxtabréf þessi. Endurskoðendur þeir, er skipaðir eru samkvæmt bankalögunum, hafa eftirlit með, að ákvæðum, sem um bankavaxtabréf þessi gilda, sé fylgt. Heimilt er bankaráðinu að fela einum af fulltrúunum að hafa samskonar eftirlit á hendi. Nánari ákvæði um útgáfu bankavaxtabréfanna bókfærslu og reikningshald skulu sett í sérstakri reglugjörð, er skal staðfest af stjórnarráði Íslands[1]).

nr. 52 10. nóv.

Lög um stofnun fiskiveiðasjóðs Íslands.

1. gr. Stofnfé Fiskiveiðasjóðs Íslands er 100,000 kr., er landssjóður leggur fram í skuldabréfum fyrir lánum til þilskipakaupa og í peningum. — Við stofnféð bætist fyrst um sinn ⅓ sektarfjár, er í landssjóð rennur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, að meðtöldum ⅓ netto-andvirðis þess, er landssjóði greiðist fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga eftir að lög þessi öðlast gildi. — **2. gr.** Til sjóðsins leggur landssjóður 6,000 kr. tillag á ári hverju, er telst með árstekjum hans. — **3. gr.** Tilgangur fiskiveiðasjóðsins er að efla fiskiveiðar og sjávarútveg landsmanna. — Stofnféð má aldrei skerða. Skal því og árstekjum sjóðsins varið til lánveitinga til skipakaupa og veiðarfæra og hverskonar atvinnubóta við fiskiveiðar. Tekjunum má og verja til að styrkja efnilega unga menn til að kynna sér veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. Svo og til þess að styrkja tímarit um fiskiveiðar og annað, er að sjávarútvegi lýtur. Ennfremur má verja nokkru af tekjunum til verðlauna fyrir framúrskarandi atorku og eftirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar. — **4. gr.** Landstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skapulagsskrá fyrir hann og

1) Reglugjörð $^{7}/_{7}$ 1906.

reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna[1]). — Skipulagsskráin skal staðfest af konungi. — Verði stofnað alment fiskiveiða- og útgerðarfélag fyrir land alt, í nokkurri líking við Búnaðarfélag Íslands, skal leita álits slíks félags um lánveitingar, styrkveitingar og verðlaunaveitingar þær, er um ræðir í 3. gr. 1905 nr. 52 10. nóv.

Lög um breyting á opnu bréfi 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á Akureyri. nr. 55 10. nóv.

1. gr. Ákvæði það í opnu bréfi 6. janúar 1857 5. B., um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, að ávalt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þó eigi vera gluggar, dyr, né önnur op á veggjum þeim, er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sé að minsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og af því, er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þyki byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sérstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru. — Eldvarnargafl er hér talinn veggur úr (tígul--)steini, einhlaðinn að minsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sé eigi minna en 7—8 þumlunga þykkur. — **2. gr.** Eftirleiðis má eigi byggja íbúðarhús né bæjarhús úr torfi í landi kaupstaðarins. Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn veitt með ⅔ atkvæða, ef tillaga um það kemur fram frá byggingarnefnd. — **3. gr.** Heimilt skal byggingarnefndinni, ef ⅔ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það, sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur

1) Skipulagsskrá $^{31}/_{7}$ 1906 og reglugjörð s. d.

1905 nr. 55 10. nóv.

það fullnaðarúrskurð á málið. — **4. gr.** Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í té uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess. — **5. gr.** Nú þykir bæjarstjórn æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. — Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir.

nr. 59 10. nóv.

Lög um varnarþing í skuldamálum.[1])

1. gr. Ef skuld er stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hér á landi, á skuldheimtumaður rétt á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri það varnarþing hans, enda sé skuldin eigi stofnuð fyr en lög þessi öðlast gildi. Eigi raskar þetta þó ákvæðum þeim, er nú gilda um varnarþing, er bundið er við fasteign. — Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskifta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eða hefir á annan hátt atvinnu sína af viðskiftum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með. — Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli á missirinu milli 1. maí og 1. nóvember. — **2. gr.** Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarétti.[1])

nr. 61 10. nóv.

Lög um ákvörðun verzlunarlóða.

1. gr. Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ákveða

---

1) L. nr. 62, $^{11}/_{11}$ 1917, 18. gr., sbr. l. 63, s. d. 8. gr.

eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda takmörk verzl- 1905
unarlóðar í löggiltum verzlunarstöðum, svo og til að nr. 61
breyta takmörkum verzlunarlóðar þar, nema ákveðin 10. nóv.
hafi verið með lögum. — **2. gr.** Af verzlunarlóðunum skal gjöra uppdrátt og senda stjórnarráðinu eitt eintak af honum, en annað skal liggja við skjöl hreppsins; ber hreppsnefnd að láta setja og halda við glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar. Kostnaður við þetta hvorttveggja greiðist úr sveitarsjóði. Ákvæðin um takmörk verzlunarlóðar skulu birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Lög um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitar- nr. 64
félög. 10. nóv.

1. gr. Fyrir kaupstaði, verzlunarstaði, sem eru hreppar út af fyrir sig, og önnur hreppsfélög má gjöra heilbrigðissamþyktir. — Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn, og fyrir verzlunarstaði, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, hreppsnefnd með ráði héraðslæknis frumvarp til samþyktar, og sendir það stjórnarráðinu, er ber það undi landlækni og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar. — Að því er önnur sveitarfélög snertir gjörir hreppsnefnd tillögu um samþyktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþyktar með ráði héraðslæknis. Frumvarpið skal sent stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni, og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar. — Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá stjórnarráðið málið af nýju fyrir þá sveitarstjórn, er frumvarpið samdi, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gjöra til þess að frumvarpið geti öðlast staðfesting. — **2. gr.** Í heilbrigðisnefnd sitja í kaupstöðum bæjarfógeti, sem er formaður, héraðslæknir og einn bæjarfulltrúa, er bæjarstjórnin kýs til þess, og í hreppum, þar sem heilbrigðissamþykt er komin á, hreppstjóri eða sýslumaður, ef hann býr í

1905 nr. 64 10. nóv.

hreppnum, sem formaður, einn maður kosinn af hreppsnefnd og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum hreppsins; skulu þessar nefndir sjá um, að heilbrigðissamþyktum sé fylgt. — Þar sem héraðslæknir situr ekki í heilbrigðisnefnd, skal honum heimilt, ef hann æskir þess, að taka þátt í umræðum nefndarinnar án þess þó að hafa atkvæðisrétt, og skal, ef þess er æskt í tækan tíma, senda honum skeyti um stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar. — **3. gr.** Staðfestar heilbrigðissamþyktir skal prenta á kostnað hlutaðeigandi bæjar eða sveitarsjóðs og birta í B-deild stjórnartíðindanna. — **4. gr.** Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipun heilbrigðisnefndar samkvæmt samþyktinni, má í henni ákveða sektir, alt að 200 kr., er renni í hlutaðeigandi bæjar eða sveitarsjóð. — Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefir fyrir skipað samkvæmt heilbrigðissamþykt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda, og greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði og innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gjörist, með lögtaki. — **5. gr.** Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál. — **6. gr.** Lög 13. sept. 1901 um heilbrigðisþyktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum á Íslandi og síðari málsliður 16. gr. í tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apríl 1872 eru úr gildi feld.

nr. 66 10. nóv.

Lög um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

Vér Chr. IX o. s. frv. G. k.: Að vér samkvæmt 4. gr. í lögum 10. nóvember 1905 um breytingar á lögum 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi höfum látið semja texta síðarnefndra laga, sbr. lög um breyting á þeim 25. sept. 1902, með þeim breytingum, sem nefnd lög 10. nóvember 1905 innihalda,

og gefum hann hér með út sem lög um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi. — Ráðaneytinu fyrir Ísland heimilast að veita hlutafélagi, sem þeir hæstaréttarmálafærslumaður Ludvig Arntzen, R. af D., og stórkaupmaður Alexander Warburg, báðir í Kaupmannahöfn, standa fyrir, leyfi til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, er nefnist „Íslands banki", og hafi einkarétt um 30 ára tímabil til að gefa út seðla, er greiðist handhafa með mótuðu gulli, þegar krafist er. Skal það vera tilgangur Íslands banka, að efla og greiða fyrir framförum Íslands í verzlun, búnaði, fiskiveiðum og iðnaði, og yfir höfuð bæta úr peningahögum landsins svo sem lög 18. sept. 1885 hafa að augnamiði. — Nánari skilyrði fyrir einkarétti þessum eru þau, sem hér segir: **1. gr.** Íslendingar, hvort sem eru einstakir menn, sjóðir eða stofnanir, skulu látnir sitja fyrir í 6 mánuði frá því að lög þessi öðlast gildi, að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, annaðhvort með því að borga hlutaupphæðina í peningum með ákvæðisverði, eða með því að gefa út skuldabréf fyrir hinni sömu upphæð með 1. veðrétti í fasteignum á Íslandi, er þó ekki nemi meiru en 20% af virðingarverði fasteignanna. Af skuldabréfum þessum greiðast 4% í ársvexti, og skal greiðsla á þeim vöxtum trygð bankanum af landssjóði. Skuldabréfin mega að eins nema heilum hundruðum. Útgefendur þeirra og seinni eigendur fasteigna þeirra, sem ræða er um, mega, eftir vild, hvenær sem þeir vilja, borga lánið með peningum með sex mánaða uppsögn í 11. júní og 11. desember gjalddaga. Landssjóður hefir heimild til að gerast hluthafi í bankanum fyrir alt að $\frac{2}{5}$ hlutafjárins. — **2. gr.** Hlutafé bankans skal eigi nema minna en 2 miljónum króna, og eigi vera meira en 3 miljónir króna[1]). Stofnendur bankans skulu skyldir að útvega með ákvæðisverði þá hlutaupphæð, er Íslendingar hafa ekki skrifað sig fyrir samkvæmt 1. grein. — **3. gr.** Bank-

1) Sbr. l. nr. 81, $^{22}/_{11}$ 1907.

1905 nr. 66 10. nóv.

anum skal heimilt að gefa út bankaskuldabréf, er nemi jafnmikilli upphæð og veðskuldabréf þau, er hann fær gegn hlutabréfum samkvæmt 1. gr., og skulu þá veðskuldabréfin vera trygging bankaskuldabréfanna. Nú eru veðskuldabréf þau, sem 1. gr. ræðir um, innleyst, og skal þá jafnmikil upphæð af þessum bankaskuldabréfum einnig leyst inn, að undangengnu hlutkesti, með peningum eftir ákvæðisverði — **4. gr.**[1]) Íslands banka skal heimilt, eftir því sem viðskiftaþörfin krefur, að gefa út seðla, er nemi alt að 2½ miljón króna, og greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er[2]), gegn því, að bankinn 1) hafi í vörzlum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en ⅜ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti; 2) hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlafúlgunnar, sem ekki er trygður með málmforðanum, svo og öðrum kröfum, er á bankanum hvíla, er nemi jafnmiklu verði. — **5. gr.** Til málmforða má tejast: a) lögleg gjaldgeng mynt eftir því verði, sem myntin til segir; b) ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi 2,480 kr. fyrir hvert kílógram af skíru gulli; c) innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregs banka, Englands banka eða Skotlands, svo og hjá öðrum bankastofnunum, sem að minsta kosti ⅝ hlutar fulltrúaráðs bankans álíta fulltryggar og taldar eru til fyrsta flokks; d) seðlar gefnir út af: Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregs banka, Ríkisbanka Svía, Englands banka, Skotlands banka, Frakklands banka og hinum þýzka ríkisbanka. — Þeir hlutar málmforðans, sem taldir eru undir tölulið c. og d., mega ekki fara fram úr ¼ alls málmforðans. — **6. gr.** Af málmforða bankans skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum og útibúum hans hér á landi svo mikið, að það svari að minsta kosti $^{3}/_{10}$ hlutum seðlafúlgu þeirrar, sem úti er

---

1) L. nr. 6, $^{31}/_{5}$ 1921, l. nr. 7, $^{4}/_{5}$ 1922 og l. nr. 53, $^{15}/_{6}$ 1926.
2) L. nr. 16, $^{18}/_{5}$ 1920.

í hvert skifti, enda sé það gjaldgeng mynt og ⅝ hlutar þess gullmynt. Þó má til þessa hluta málmforðans telja gull það, sem sannað er um, að sé á leiðinni hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 200,000 kr. í einu. Óslegið gull, sem Íslands banki kynni að hafa afhent hinni konunglegu peningasmiðju í Kaupmannahöfn til myntunar, má og telja til myntforða bankans. — **7. gr.** Til þeirrar eignar, sem tryggja skal seðlaupphæð þá, er málmforðinn nægir ekki til, svo og aðrar kröfur, er hvíla á bankanum, teljast einkum: Skuldabréf gefin út fyrir lánum gegn handveði. Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innan lands eða erlendis. Kröfur á hendur útlendum viðskiftamönnum, er gjaldast skulu þegar er heimtað er. Opinber verðbréf eftir gangverði og bankaskuldabréf þau, sem fyrir hendi eru samkvæmt 3. grein. — **8.**[1]) **gr.** Íslands banki skal, á meðan lög þessi eru í gildi, vera eina stofnunin á Íslandi, er rétt hafi til að gefa út gjaldmiðil, er komið geti í stað mótaðra peninga, og er það ákveðið til tryggingar Íslands banka og handhöfum seðla hans, að ekki skuli, svo lengi sem lög þessi eru í gildi, gefa út eða leyfa að gefa út nokkurn slíkan gjaldmiðil. Seðlar þeir, sem útgefnir eru af stjórninni fyrir hönd landssjóðs, skulu þó vera í fullu gildi, en ekki má auka þá fram yfir það, sem nú er; þeir og seðlar Íslands banka skulu vera hinir einu seðlar, er gilt geti manna á milli og sem tekið skuli við í opinbera sjóði sem reiðu gull væri. — **9. gr.** Vegna réttar þess, er bankinn nýtur til seðlaútgáfu, skal hann háður eftirliti landstjórnarinnar samkvæmt nánari ákvörðunum í reglugjörð bankans, sem staðfest skal af ráðaneytinu fyrir Ísland[2]). Ráðuneytið samþykkir lögun seðlanna og krónutölu hvers þeirra. — **10. gr.** Hver sem býr til eftirmynd seðla, sem út gefnir eru af Íslands banka eða falsar þá, skal sæta sömu hegning sem hin

1) Sbr. lög tilgreind við 4. gr.
2) R. 52, ⁶/₆ 1923.

1905 nr. 66 10. nóv.

almennu hegningarlög 25. júní 1869, 266. gr., ákveða fyrir að búa til eftirmynd af eða falsa danska mynt eða seðla þjóðbankans. Glæpurinn er drýgður undir eins og búið er að búa til eða falsa seðilinn, þótt ekki sé búið að láta hann úti. — **11. gr.** Íslands banki skal skyldur að greiða landssjóði gjald á ári hverju, er sé 10% af árlegum arði bankans, þegar búið er að úthluta hluthöfum 4% af hlutafé þeirra. — **12. gr.** Aldrei má íþyngja Íslands banka með nokkru gjaldi eða skatti, öðrum en þeim, sem nefndur er í 11. gr., meðan hann hefir heimild til seðlatgúáfu samkvæmt lögum þessum. — **13. gr.** Mynt sú, sem gjaldgeng er í Danmörku á hverjum tíma sem er, skal vera sú, sem bankinn notar til viðskifta og í bókfærslu sinni. — **14. gr.** Jafnvel þótt stimpilgjald verði leitt í lög á Íslandi, má ekkert slíkt gjald leggja á seðla bankans, bækur hans, ávísanir né skuldbindingar, sem út gefast af honum og í nafni hans, heldur ekki á skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, hlutabréf bankans eða yfirfærslur á þau, né á yfirfærslur á bankaskuldabréf þau, sem nefnd eru í 3. gr. — **15. gr.** Bankinn skal sem handveðshafi hafa rétt til þess, ef ekki öðruvísi er um samið, að selja veðið við opinbert uppboð, þá er hann hefir gjört þeim, er veðið hefir sett, aðvart um það með vottum með 30 daga fyrirvara, eða þá, ef veðsetjandi þekkist ekki eða ef ókunnugt er um heimili hans, eftir að hafa innkallað hlutaðeiganda með 60 daga fyrirvara til þess að leysa út veðið, með opinberri auglýsingu í blöðum þeim, sem ætluð eru til að flytja aðrar lögbirtingar. — **16. gr.** Bankinn skal hafa heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík og útibú í hinum stærri kauptúnum Íslands, einkum á Seyðisfirði, Ísafirði og Akureyri. — **17. gr.** Í fulltrúaráði bankans skulu sitja 7 menn og kýs alþingi 3 þeirra, en hluthafar aðra 3. Ráðgjafi Íslands er sjálfkjörinn formaður fulltrúaráðsins, en landshöfðingi varamaður, og gengur hann að öllu leyti í ráðgjafans stað, þegar hann er eigi sjálfur viðstaddur. Full-

trúaráðið heldur fundi sína í Reykjavík. — Aðalfundir bankans skulu haldnir í Reykjavík. Þó getur bankaráðið ákveðið að halda skuli aðalfund annarstaðar innanlands, þegar því þykir nauðsyn til bera. — Á aðalfundum bankans ræður afl atkvæða, þannig, að hver fundarmaður hefir atkvæði í hlutfalli við þá hlutabréfaupphæð, sem hann á eða sýnir umboð fyrir. — Nú þykir ráðgjafanum fyrir Ísland einhver ályktun aðalfundar koma í bága við tilgang bankans eftir inngangsorðum þessara laga, og getur hann þá felt þá ákvörðun úr gildi. — Alþingi kýs á hverju þingi 2 menn til tveggja ára, er mæta skulu á aðalfundi fyrir landssjóðs hönd, og hafa þeir hvor um sig á fundinum jafnt afl atkvæða. —18. gr. Svo framarlega sem skyldum þeim, sem að framan eru greindar, ekki verður fullnægt af nefndum stofnendum innan 12 mánaða frá því er lög þessi öðlast gildi, er ráðaneytinu fyrir Ísland heimilt að fela stofnun bankans öðru félagi, sem kynni að vera fært um að fullnægja hinum ákveðnu skilyrðum.

1905 nr. 66 10. nóv.

Auglýsing um reglugjörð fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri.

nr. 67 11. nóv.

I. Um markmið skólans og fyrirkomulag. **1. gr.** Markmið skólans er að veita þeim, sem í hann ganga, almenna mentun. — **2. gr.** Í skólanum eru 3 ársbekkir og er hann jafnt fyrir stúlkur sem pilta. — II. Um kensluna. **3. gr.** Í skólanum skal kenna: Íslenzku, dönsku, ensku, sögu og félagsfræði, landafræði, náttúrufræði, stærðfræði, teiknun, handavinnu, leikfimi og söng. — **4. gr.** Í skólanum er kenslunni ætlað að ná því takmarki, sem hér segir um hverja grein: 1. Íslenzka.[1]) Nemendur skulu geta lesið bundið og óbundið íslenzkt mál, um efni við hæfi þerra, skýrt, snjalt og eðlinu samkvæmt, og hafa kynt sér valda kafla úr íslenzkum bókmentum, bæði að fornu og nýju,

1) Sbr. reglgj. $^{9}/_{9}$ 1904.

1905 nr. 67 11. nóv.

þó einkum frá síðari tímum, svo að þeir geti gjört grein fyrir efni þeirra. Þeir skulu hafa fengið æfingu í að flytja erindi um efni, sem þeir þekkja vel, og geta skrifað ljóst, skipulega og á vönduðu máli um auðvelt efni, þannig að lestrarmerki séu rétt sett og stafsetning í góðu lagi. Í sambandi við lestrar- og stílæfingar, skulu þeir hafa lært íslenzka málfræði, svo að þeir beri skyn á eðli málsins, þekki orðflokkana og beyging þeirra, helztu atriðin um skipun orða og málsgreina, orðmyndun, hljóðbreytingar og önnur merkustu atriði úr lífi og sögu málsins. — 2. Danska. Nemendur skulu geta lesið málið með góðum framburði, geta snúið kafla af áður lesnu máli úr dönsku á íslenzku, sagt frá efni hans og svarað spurningum, sem að því lúta, hvorttveggja á dönsku. Þeir skulu geta lesið hæfilega auðveldan ólesinn kafla og snúið honum á íslenzku. Aðalatriði danskrar málfræði skulu þeir hafa numið, og hafa nokkra leikni í því að rita málið rétt. — 3. Enska. Nemendur skulu geta lesið málið með góðum framburði, snúið kafla af áður lesnu máli úr ensku á íslenzku, sagt frá efni hans og svarað spurningum, sem að því lúta, hvorttveggja á ensku. Þeir skulu geta lesið hæfilega auðveldan ólesinn kafla og snúið honum á íslenzku. Þeir skulu hafa numið aðalatriði enskrar málfræði og hafa nokkra leikni í því að rita málið rétt. — 4. Saga og félagsfræði. Nemendur skulu fá ljóst yfirlit yfir aðalatriði mannkynssögunnar, og skal leggja sérstaka áherzlu á sögu síðustu alda, einkum frá 1789. Ennfremur skulu þeir hafa numið greinilegt yfirlit yfir sögu Íslands, og skal einkum kenna nákvæmlega þá kafla og viðburði í sögu þjóðarinnar, sem mestu skifta, og afstöðu þeirra við sögu Norðurlandaþjóða. Jafnframt skulu þeir hafa fengið skýring á aðalhugmyndum stjórnarskipulagsins og félagslífsins, og nokkra þekking á grundvallaratriðum löggjafar landsins og landsstjórnar. — 5. Landafræði. Nemendur skulu hafa ljóst yfirlit yfir aðalatriði landafræðinnar, sérstaklega Íslands og þeirra landa, er

Ísland hefir mest viðskifti við. Þeir skul vera leiknir í að rekja algengustu orsakasambönd, er landafræðin fjallar um, og kunna að afla sér fræðslu af uppdráttum landa og myndum. Einnig skulu þeir hafa fengið nokkra leikni í því að gjöra einfalda uppdrætti af heimsálfum og löndum. — 6. Náttúrufræði. a. Náttúrusaga. Með því að athuga dýr og jurtir eða góðar myndir af þeim, skulu nemendur hafa lært að athuga skarplega og vel, og kunna að lýsa því, sem þeir sjá, skýrt og skipulega, og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Skulu þeir á þennan hátt hafa kynzt allra helztu tegundum jurta og dýra, sköpulagi þeirra og lífæragjörð og hversu þetta er sniðið eftir lifnaðarháttum og dvalarstað, og geta dregið einfaldar ályktanir, er þar að lúta. Þeir hafi og lært að athuga skyldleika jurta og dýra og vita nokkuð um gagn það, er mennirnir hafa af þeim. Þeir skulu hafa lært hið helzta um sköpulag mannsins og starf líffæra hans og kynzt meginatriðum heilsufræðinnar. Þeir skulu hafa numið helztu atriði jarðfræðinnar með sérstöku tilliti til Íslands. b. Eðlisfræði og efnafræði. Nemendur skulu þekkja algengustu fyrirburði í náttúrunni og lög þau, sem þeir hlýða. Kenslan á einkum að styðjast við einfaldar tilraunir. — 7. Stærðfræði. a. Reikningur. Auk frekari æfinga í því, sem heimtað er til inntökuprófs, skulu nemendur hafa lært hlutfallsreikning, félagsreikning, blöndunarreikning og útreikning einfaldra flatarmála og rúmmála. Loks skulu þeir hafa fengið leikni í því að færa einfaldan reikning skýrt og hreinlega og semja jafnaðarreikninga. b. Talnafræði. Í talnafræði skulu nemendur hafa lært um samlagning, frádrátt, margföldun og deiling með heilum tölum og brotum (einnig tugabrotum); um pósitívar og negatívar stærðir; um að hefja upp í veldi með pósitívum heilum veldisvísi; um frumtölur (prímtölur) (hversu leysa má upp tölur í frumtölur þeirra) og hverjar tölur séu deilanlegar með 2, 3, 4, 5, 8, 9 og 11; um stærðir í beinum og öfugum hlutföllum; um fyrsta

1905 nr. 67 11. nóv.

1905 nr. 67 11. nóv.

stig líkingar með einni óþektri stærð eða fleirum. Af rótarútdrætti skal lært um kvaðratrótar- og kúbikrótarútdrátt, og skal það sýnt með dæmum, hversu draga má saman takmörk irrationalrar kvaðratrótar eftir vild. Þá skal og kend hin venjulega aðferð til að reikna út kvaðratrót af heilum tölum og tugabrotum. Ennfremur skulu lærðar setningar um kvaðratrótarútdrátt af pródúkti af hlutfalli og um margföldun og deilingu kvaðratróta og loks um lausn kvaðratlíkinga. c. Flatarmálsfræði. Í flatarmálsfræði skal lært um frumeigindir línu og flatar; um það, hvenær beinir línustúfar eru jafnstórir, og hvernig þeir verði mældir; um horn, hvenær þau eru jafnstór eða misstór, og um mælingu þeirra; um samfara línur; um þríhyrninga (aljöfnuður; um það, er hliðar og horn eru sömu stærðar eða misstór, skálínur); um ferhyrninga; um hringinn (samband hans við beina línu og annan hring; um samband horna og boga); um flatarstærð marghyrninga (ummál og flatarstærð hrings skulu nemendur þekkja, en ekki er heimtað að það sé stærðfræðilega rakið); um hlutföll hliða í einslöguðum þríhyrningum, og hversu þau má nota til þess að reikna lengd línustúfa og í sambandi við það helztu setningar um rétthyrnda þríhyrninga. Skýra skal fyrir nemendum helstu reglur landmælingar. Nemendur skulu jafnframt vandir við að leysa einföld uppdráttardæmi með nákvæmum og góðum frágangi. — 8. Teiknun. Kenslan skal miða að því að örfa eftirtekt nemendanna, svo að þeir geti dregið upp myndir af auðveldum hlutum, sem þeir hafa fyrir sér. — 9. Handavinna. Kenslan skal miða að því að örfa hagleik nemendanna og glæða hjá þeim áhuga og virðingu fyrir líkamlegri vinnu. — 10. Leikfimi. Líkamsæfingar skulu sniðnar eftir aldri og líkamsþroska nemenda, og skulu þær miða að því að gera líkama þeirra hraustan, styrkan og fiman. Kenna skal piltum glímur. Piltar hafa leikfimi sér, stúlkur sér. — 11. Söngur. Kenna skal helztu atriði söngfræðinnar og æfa rödd og eyra

nemendanna með reglubundnum iðkunum, fyrst einröddduðum söng og síðan margröddduðum. Að svo miklu leyti sem unt er, skal syngja á íslenzku, sérstaklega ættjarðarlög og sálma. — III. Um próf, skírteini og vottorð. 5. gr. Í 1. og 2. bekk skólans skulu árspróf haldin í lok maímánaðar ár hvert. Auk kennarans, sem prófar, skal einn af kennurum skólans eða annar maður, er skólameistari kveður til þess, vera prófdómari við árspróf ið. Skal gefa eina einkunn í hverri grein, bæði skriflegri og munnlegri. Auk þess skal gefa eina sérstaka einkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum, er gjörðar hafa verið síðasta skólaár og við prófið.[1]) — — — Einkunnir og tölugildi þeirra eru sem hér segir: ágætlega = 8, ágætlega ÷ = 7, dável = 6, dável ÷ = 5, vel = 4, vel ÷ =3, laklega = 1, laklega ÷ = ÷ 1, illa = ÷4, afarilla = ÷ 8. — 6. gr. Kensla skólans endar með burtfararprófi, og skulu nemendur með því sýna, að þeir hafi fengið þann þroska og þá þekkingu og leikni, sem kenslunni er ætlað að veita. — 7. gr. Burtfararpróf kallast gagnfræðapróf. Prófið er að nokkru leyti skriflegt, en að nokkru leyti munnlegt. Aðaleinkunn er ekki gefin. Við prófið skulu vera prófdómendur, skipaðir af stjórnarráðinu. Hin skriflegu verkefni velur stjórnarráðið, eða felur það prófdómendum. Munnlegt árspróf og burtfararpróf skal haldið í heyranda hljóði. — 8. gr. Þeir nemendur, sem staðizt hafa gagnfræðapróf, skulu fá prófskírteini, er sýni einkunnir þeirra í hverri námsgrein um sig við prófið og vottorð um hegðun í skólanum. Þegar nemendur fara úr skóla án þess að hafa gengið undir burtfararpróf, eða hafa eigi staðizt það, skal skólinn, ef þeir, foreldrar þeirra eða vandamenn krefjast þess, gefa þeim vottorð um þroska þeirra, kunnáttu og alla hegðun í skólanum. Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir prófskírteini og vottorð. Prófskírteini

1) Augl. 1, $^{14}/_{3}$ 1923.

1905 nr. 67 11. nóv.

og vottorð veitast ókeypis. — **9. gr.** Heimilt skal þeim, er fengið hafa hæfilegan undirbúning utan skóla, að ganga undir gagnfræðapróf og árspróf með nemendum skólans, ef þeir sýna vottorð frá skilríkum manni eða mönnum um að þeir séu færir til prófs. – **10. gr.** Stjórnarráðið ákveður síðar, hvort burtfararpróf skólans heimili inngöngu í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík. — **11. gr.** Nánari reglur um, hvernig hagað skuli gagnfræðaprófi og hvað til þess útheimtist að standast það, skulu gefnar af stjórnarráði Íslands.

IV. Um inntöku nemenda og burtför úr skóla.

12. gr. Skólameistari úrskurðar um inntöku nemenda í skólann. — **13. gr.** Nemendur skal að jafnaði að eins taka inn í skólann við byrjun októbermánaðar ár hvert. Þó getur skólameistari veitt undanþágu frá þessu, þegar sérstaklega stendur á. — **14. gr.** Þessi eru almenn inntökuskilyrði: 1. Að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk skólans, séu ekki yngri en 14. ára. 2. Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eður öðrum líkamskvilla, sem orðið getur hinum nemendunum skaðvænn. 3. Að siðferði þeirra sé óspilt. 4. Að þeir leggi fram fullnægjandi vottorð frá þeim skóla, er þeir síðast hafa gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa búið þá undir skóla. — **15. gr.**[1]) — — — 1. Íslenzka munnleg. Nemandinn verður að geta lesið skýrt og áheyrilega lesinn kafla í óbundnu máli, og nokkurn veginn áheyrilega ólesinn kafla sögulegs efnis í óbundnu máli, hæfilega auðveldan að efni og orðfæri. Hann skal og geta skýrt frá efni hins lesna, ef hann er spurður, og sýna að hann hafi skilið það. Hann verður að kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helzt sögulegs efnis, og geta gjört grein fyrir efni þeirra, svo að það sjáist að hann hafi skilið þau. Nemandinn þekki helztu almennar málfræðislegar hugmyndir og kunni helztu

1) Augl. 1, $^{14}/_{3}$ 1923.

atriðin í íslenzkri beygingarfræði. 2. Íslenska skrifleg[1]) — — — 3. Reikningur. Prófið er bæði skriflegt og munnlegt og skal nemandinn með því sýna, að hann kunni 4 aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum), og hafi leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, er fyrir koma í daglegu lífi. Auk þess verður hann að vera leikinn í að reikna í huganum með lágum tölum. 4. Skrift. Nemandinn verður að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd. 5. Danska. Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 blaða broti. Skal hann lesa upp stutta lesna grein og geta lagt hana út á íslenzku. Hann skal og þekkja hin allra helztu atriði danskrar beygingarfræði. Ennfremur verður hann að geta snúið munnlega og skriflega auðveldum setningum daglegs máls úr íslenzku á dönsku. 6. Saga. Nemandinn verður að hafa numið stutt ágrip af sögu Íslands. 7. Landafræði. Nemandinn verður að hafa numið nokkurn veginn nákvæma lýsing Íslands, og kunna að nota uppdrætti landa og jarðlíkan. — **16. gr.** Við inntökupróf mega ekki aðrir vera viðstaddir, auk kennara, en foreldrar og vandamenn nemenda þeirra, sem prófaðir eru. — **17. gr.** Nemendur, er setið hafa 2 ár í sama bekk, og að þeim loknum reynast óhæfir til að flytjast upp í næsta bekk, skulu þegar fara úr skólanum. — **18. gr.** Skólameistari getur um stundarsakir vísað nemendum úr skóla, ef þeir hafa næman sjúkdóm eða líkamskvilla, sem orðið geti hinum nemendunum skaðvænn. V. Kenslutími og leyfi. — **19. gr.** Á viku hverri skulu í hverjum bekk skólans vera 36 kenslustundir, 6 kenslustundir á dag, hver 50 mínútur. Af þessum 6 daglegu kenslustundum skal verja einni til leikfimi, handavinnu eða söngs. Á milli kenslustundanna skal vera hlé 10 mínútur. Fyrir hvert skólaár semur skólameistari stundatöflu. — **20. gr.** Skólaárið byrjar 1. október og

1905 nr. 67 11. nóv.

1) Augl. 1, $^{31}/_{3}$ 1923.

1905 nr. 67 11. nóv.

endar 30. september. — **21. gr.** Þessi skulu vera lögboðin leyfi: 1. Jólaleyfi, er nær frá 24. degi desembermánaðar til 2. dags janúarmánaðar, að báðum þeim dögum meðtöldum. Beri 2. janúar upp á föstudag, skal byrja kensluna næsta mánudag á eftir, en beri 2. janúar upp á sunnudag, skal byrja hana næsta þriðjudag á eftir. 2. Síðari hluta hvíta Týsdags og fyrri hluta öskudags. 3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag, og til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum. 4. Hvítasunnuleyfi, er nær frá laugardegi fyrir hvítasunnu til næsta þriðjudags á eftir, að báðum þeim dögum meðtöldum. 5. Sumardagurinn fyrsti. 6. Afmælisdagur konungs. 7. Sumarleyfi, er nær frá 1. júní til 30. september. Auk þess má skólameistari gefa leyfi einn dag í mánuði hverjum, en þó svo, að leyfi þau beri ekki öll upp á sama vikudag. VI. Um reglu og aga. — **22. gr.** Regla og agi skólans skal í hvívetna miða að því að styðja kenslustarfið, og glæða reglusemi og siðprýði nemendanna. — **23. gr.** Nemendur skulu sýna kennurum sínum og öðrum yfirboðurum kurteisi og hlýðni og hegða sér jafnan, hvar sem er, og hver sem í hlut á, sem siðsömum, háttprúðum og góðum drengjum sæmir. — **24. gr.** Valdi nemandi skemdum á kensluáhöldum eða öðrum munum skólans, skal hann bæta að fullu. Sé það fullvíst, að slíkar skemdir hafi orðið af völdum nemenda í einhverjum ákveðnum bekk, og gangist enginn við, skulu nemendur þess bekkjar bæta skaðann í félagi. — **25. gr.** Skólameistari og kennarar skulu hafa nákvæmt eftirlit með siðferði nemenda. Brjóti nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni af sér ókurteisi eða óhlýðni þrátt fyrir ítrekaðar áminningar skólameistara eða kennara, hefir skólameistari vald til þess að svifta hann námstyrk eða öðrum hlunnindum, er hann kann að hafa við skólann, eða vísa honum úr skóla fyrir fult og alt, eða um stundarsakir eftir stærð brotsins og öðrum atvikum, en leita verður hann álits kennarafundar um málið. Nú

er nemanda vísað burt, og ber skólameistara þá að tilkynna stjórnarráðinu það. VII. Um heimavistir. — 26. gr. Í skólanum eru heimavistir fyrir 45—50 nemendur. Fylgir hverri heimavist rúmstæði með undirdýnum og að minsta kosti eitt borð hverju herbergi. Heimavistunum fylgir nægilegt húsnæði til matseldar allrar, borðhalds og geymslu. Fyrir þetta greiðir hver nemandi 5 kr. á ári. Ljósmeti, eldsneyti, áhöld, rúmföt og húsbúnað annan en hér er talinn kosta nemendur sjálfir. Þeir annast og á sinn kostnað matseld alla, þvott á rúmfötum og ræstingu á herbergjum þeim, er heimavistunum fylgja. Nánari reglur um tilhögun heimavistanna semur kennarafundur og sendir stjórnarráðinu til samþyktar. VIII. Um kennara skólans. — 27. gr. Skólameistari ber ábyrgð á störfum og hag skólans, bæði út á við og inn á við. Hann er yfirboðari hinna kennaranna, og skal hann hafa eftirlit með allri kenslu skólans, heimavistum, reglu og aga. — 28. gr. Stjórnarráðið skipar stundakennara við hann með 3 mánaða uppsagnarfresti, og hafi það áður leitað álits skólameistara. Skólameistari má taka varakennara alt að tveggja mánaða tíma. Þurfi varakennara lengur við, skipar stjórnarráðið hann. — 29. gr. Kenslustundafjölda hinna föstu kennara skólans ákveður stjórnarráðið eftir tillögum skólameistara. — 30. gr. Skólameistari skal að jafnaði boða til kennarafundar einu sinni á mánuði hverjum, og annars svo oft sem þurfa þykir. Á kennarafundi eiga sæti hinir föstu kennarar skólans. Auk þeirra getur skólameistari boðað stundakennarana á kennarafund, og mega þeir þá taka þátt í umræðunum, en eigi hafa þeir þar atkvæðisrétt. Skólameistari stýrir kennarafundi. Séu jöfn atkvæði, ræður atkvæði skólameistara. — 31. gr. Kennarafundur skal taka til meðferðar hvert það málefni, er skólameistari æskir að heyra álit hans um. Hver fundarmaður hefir rétt til að koma fram með tillögur til ályktunar um skólamálefni, og skal tillagan þá afhent skólameistara

1905 nr. 67 11. nóv.

viku fyrir kennarafund og lætur skólameistari hennar getið um leið og hann kveður til fundarins. Verði tillagan samþykt, öðlast hún þegar gildi, ef skólameistari er henni samþykkur og eigi þarf staðfestingar af hálfu stjórnarráðsins. Sé skólameistari ósamþykkur tillögunni, skal hún send stjórnarráðinu til úrskurðar ásamt áliti skólameistarans og eftirriti af því, sem bókað er um fundinn, og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum. — **32. gr.** Kennarafundur úrskurðar um: a. Uppflutning nemenda úr einum bekk í annan. Hefir þá hver kennari jafnmörg atkvæði og hann kennir hlutaðeigandi nemanda margar stundir á viku (kennarinn í íslenzku þó helmingi fleiri). Kennarar í söng og leikfimi taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Séu ⅔ atkvæða með uppflutning eða kyrsetningu nemenda, er málið útkljáð. Að öðrum kosti úrskurðar skólameistari það á fundinum. b. Burtvísun nemenda úr skólanum samkvæmt 25. gr. c. Reglur um tilhögun heimavista í skólanum. — **33. gr.** Skólameistari skal leita álits kennarafundar áður en hann gjörir tillögur til stjórnarráðsins um: 1. Að taka upp nýjar kenslubækur eða breyta tilhögun kenslunnar. 2. Skiftingu kenslugreinanna meðal kennaranna. 3. Veitingu námsstyrks eða annara hlunninda. — **34. gr.** Kennarafundur ákveður, hverjar bækur og áhöld skuli kaupa handa söfnum skólans. — **35. gr.** Gjörðir kennarafundar skulu ritaðar í gjörðabók, er skal lesin upp og samþykt á hverjum fundi. Heimilt er hverjum fundarmanni að fá ágreiningsatkvæði sitt fært til bókar. IX. Á k v æ ð i u m h v e n æ r r e g l u g j ö r ð þ e s s i g a n g i í g i l d i. — **36. gr.** Reglugjörð þessi skal ganga í gildi smátt og smátt, fyrst í neðsta bekk skólans skólaárið 1905—1906, síðan næsta skólaárið í tveim neðstu bekkjunum o. s. frv., þannig að einn bekkur bætist við á hverju skólaári. Verður þá burtfararpróf haldið í fyrsta sinn eftir þessari reglugjörð vorið 1908. Jafnóðum og reglugjörð-

in gengur í gildi kemur hún í stað reglugjörðar fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum frá 28. júlí 1882. 1905 nr. 67 11. nóv.

Reglugjörð fyrir veðdeild Landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 27, 20. okt. 1905. (St. A. 6). 1906 1. apr.

Heilbrigðissamþykt fyrir Ísafjarðarkaupstað (St. B. 78). 14. maí

Reglugjörð fyrir lóðasjóð Ísafjarðarkaupstaðar. (St. B. 88). 21. maí

Reglur um tilhögun heimavista í gagnfræðaskólanum á Akureyri. (St. B. 119). 4. júlí

Skipulagsskrá fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands. nr. 12

1. gr. Fiskiveiðasjóður Íslands er stofnaður með lögum nr. 52, 10. nóv. 1905, til þess að efla fiskiveiðar og sjávarútveg landsmanna með hentugum lánum, styrkveitingum og verðlaunum. — **2. gr.** Stofnfé sjóðsins er 100,000 kr., sem landssjóður leggur fram í skuldabréfum fyrir lánum til þilskipakaupa eins og lánin stóðu við árslok 1905. Á skuldabréf þessi skal rita framsal til sjóðsins. Við sjóðinn bætist árlega fyrst um sinn ⅓ hluti þess sektafjár, sem í landssjóð rennur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi eftir 22. dag febrúarmánaðar 1906, að meðtöldum ⅓ þess nettóandvirðis, sem landssjóði greiðist fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga, og greiðist fé þetta í sjóðinn jafnóðum og það gelzt landssjóði. Ennfremur leggjast við höfuðstólinn gjafir allar og ánafnanir, er sjóðnum kynni að hlotnast, svo og sá hluti af árstekjunum, sem eigi er varið á annan hátt samkvæmt 5. gr. — **3. gr.**[1]) Höfuðstólnum, eins og hann er talinn í 2 gr., skal varið til 31. júlí

1) R. 101, $^{21}/_{11}$ 1923.

1906 nr. 12 31. júlí

lánveitinga með vægum kjörum: a. til þess að kaupa og byggja fiskiskip. Með fiskiskipum, er lán má veita til, teljast auk þilskipa, hvort sem eru seglskip eða vélum knúð, opnir fiskibátar, sem fram eru knúðir af vélaafli, þó eigi minni en 3 smálestir. Að jafnaði skal ekki veita lán til að kaupa skip nema frá útlöndum, og skulu þau vera fyrsta flokks. Ef sérstaklega stendur á, má þó lána til kaupa á innlendu skipi, ef skipið er eins gott og fyrsta flokks skip útlend, og hætt er við, að það mundi ekki ganga til fiskiveiða ella. b. til þess að kaupa ný veiðarfæri, sérstaklega þessháttar veiðarfæri, sem dýrari eru og fengsælli talin, en þau er alment tíðkast hér á landi. c. til hverskyns annara atvinnubóta við fiskiveiðar og fiskiverkun, og telst þar til beitufang og beitugeymsla, byggingar og áhöld til að þurka og verka fisk, lendingabætur og byggingar og áhöld til að draga upp, varðveita og gjöra við skip. – **4. gr.** Árstekjur sjóðsins eru allir vextir og arður af höfuðstólnum, eins og hann á hverjum tíma er eftir 2. gr., og 6,000 kr. árlegt tillag úr landssjóði, er greiðist sjóðnum í ársbyrjun. — **5. gr.** Af árstekjum sjóðsins má árlega verja alt að 3,000 krónum til styrkveitinga og alt að 500 krónum til verðlauna. — Styrk má veita: a. efnilegum ungum mönnum til að kynna sér veiðiaðferðir, fiskiverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. b. til útgáfu tímarita um fiskiveiðar og sérhvað, er að útgjörð og útvegi lýtur. — Verðlaun má veita fyrir framúrskarandi atorku og eftirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum eða meðferð fiskjar. — **6. gr.** Innstæðuna má aldrei skerða. Ef eigi þarf í svipinn að halda á einhverju af því fé, sem er í sjóði, til útlána samkvæmt 3. gr., skal því sem fyrst komið á vöxtu í áreiðanlegum banka eða sparisjóði. — **7. gr.** Stjórnarráðið hefir á hendi stjórn sjóðsins og veitir lán öll, styrki og verðlaun. Verði stofnað alment fiskiveiða- eða útgjörðarfélag fyrir land alt, í nokkurri líking við Búnaðarfélag Íslands, er hafi aðalstjórn sína í Reykjavík, skal leita

álits félagsstjórnarinnar bæði um lánveitingar og veiting styrks og verðlauna úr sjóðnum. — 8. gr. Reikning sjóðsins og skýrslu um styrk og verðlaunaveitingar skal birta á ári hverju í B-deild stjórnartíðindanna. Reikningurinn skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis. 1906 nr. 12 31. júlí

Reglugjörð fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands. nr. 13 31. júlí

1. gr. Lán úr Fiskiveiðasjóði Íslands má veita öllum þeim, sem sjávarútveg stunda sem atvinnuveg, svo og hlutafélögum, sem fiskimenn eiga meira en helming hlutafjárins í. Lán má veita gegn fasteignarveði alt að $^3/_5$ virðingarverðs, enda eigi ekki aðrir forgangsrétt fyrir lánum þessum en opinberir sjóðir. Gegn tryggingu í gufuskipum og öðrum þilskipum yfir 16 smálesta má lána alt að helmingi vátrygðs verðs með 1. forgangsrétti, og gegn tryggingu í mótorbát, 8—16 smálesta að stærð, má lána alt að þriðjuni vátrygðs verðs, enda séu skip þau og mótorbátar, er að veði eru sett, vátrygð í ábyrgðarfélagi, sem stjórnarráðið tekur gilt. — 2. gr. Vextir af lánum þesum skulu vera 3 af hundraði á ári. Lánin mega vera afborgunarlaus 1 til 3 ár eftir atvikum, en endurborgist síðar með jöfnum greiðslum á 7 til 5 ára fresti. — 3. gr.[1]) Upphæð þeirra lánveitinga, sem heimilar eru samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar, má eigi vera hærri til hvers lánþega en nú skal greina: a. Skipakaupslán mega ekki hærri vera en 15000 kr. til hvers gufuskips yfir 30 smálesta, og eigi hærri en 10000 kr. til gufuskips, ef minna er; eigi hærri en 5000 kr. til hvers seglskips yfir 16 smálesta að stærð, hvort sem hreyfivél er í því eða ekki, og eigi hærra en 2000 kr. til þilskipa, 16 smálesta eða minni, né til vélabáta. b. Veiðarfæralán hvert má eigi hærra vera en 2000 kr. c. Atvinnubótalán má eigi veita hærra en 5000 kr. — 4. gr. Láni hverju skal lántakandi skyld-

1) R. 101, $^{21}/_{11}$ 1923, 2. gr.

1906 nr. 13 31. júlí

ur að verja til þess, sem lánið er veitt til og tilgreint er í lánbeiðninni. Sé láninu að einhverju leyti eigi varið þannig, er það þegar fallið í gjalddaga. Nú er skipi eða mótorbát, sem að veði er sett sjóðnum, eigi haldið út til fiskiveiða einhverja vertíð, og er lánið þá án uppsagnar fallið í gjalddaga, nema öðruvísi semjist við stjórnarráðið, enda hafi stjórnarráðið eigi veitt leyfi til þess að skipið væri uppsett eða til annars notað þá vertíð. — **5. gr.** Þeir, sem lán vilja fá úr Fiskiveiðasjóðnum, skulu senda beiðni um það til stjórnarráðsins með venjulegum lántökuskilríkjum að því er snertir hin framboðnu veð. Umsóknum um skipakaupalán skal auk virðingargjörðarinnar fylgja sölusamningurinn og skjöl skipsins eftir því sem unt er, ella önnur skilríki um rétt nafn skipsins, heimkynni, aldur, stærð, byggingarefni og eignarheimild seljanda. Í umsóknum um veiðarfæralán skal nákvæmlega lýsa því, hverskonar veiðarfæri umsækjandi ætlar að kaupa og hve mikil. Í umsóknum um lán til atvinnubóta við fiskiveiðar eða fiskverkun skal vera nákvæm lýsing á fyrirtæki því, sem um er að ræða, og tilgangi þess, svo og áætlun um kostnað. Öllum lánbeiðslum skal fylgja vottorð yfirvalds um að umsækjandi stundi sjávarútveg sem atvinnu, eða ef um hlutafélag er að ræða, að fiskimenn eigi meira en helming hlutafjárins, og ennfremur vottorð yfirvalds eða hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að umsækjsækjandi sé líklegur til þess, að lánið komi að tilætluðum notum í hans höndum. — **6. gr.**[1]) Þeir, sem vilja öðlast styrk úr Fiskiveiðasjóði til einhvers þess, sem um ræðir í 5. gr. skipulagsskrárinnar, skulu senda umsóknir sínar til stjórnarráðsins fyrir lok októbermánaðar ár hvert, og veitist þá styrkurinn um áramótin af komandi árs tekjum. Í umsóknum um utanfararstyrk skal tilgreina, hvað beiðandi ætlar sérstaklega að kynna sér, og hvert gagn hann hyggi

1) R. 101, $^{21}/_{11}$ 1923, 3. gr.

að af því megi verða hér á landi. Umsóknunum skulu fylgja meðmæli að minsta kosti tveggja valinkunnra útgjörðarmanna eða skipstjóra, er votti, að umsækjandi sé reglusamur og efnilegur maður, ötull og líklegur til þess að færa sér styrkinn vel í nyt. Utanfararstyrk má eigi veita lægri en 100 kr., né hærri en 600 kr. hverjum. Þeir er fá slíkan styrk eru skyldir að senda stjórnarráðinu opinbera skýrslu um árangurinn af ferðinni, og hvað þeir hafa kynt sér sérstaklega, er að gagni mætti koma. — **7. gr.** Þeir sem vilja öðlast verðlaun úr sjóðnum fyrir framúrskarandi atorku og eftirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar, skulu fyrir októbermánaðarlok senda stjórnarráðinu umsókn um, að þeir megi koma til greina. Umsókninni skal fylgja skýrsla tveggja valinkunnra manna, sem reynslu og þekkingu hafa í því, er að fiskiveiðum lýtur, með árituðu vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta um að svo sé. Í skýrslunni skulu þeir skýra nákvæmlega og eftir beztu vitund frá þeim framkvæmdum umsækjanda og nýjungum, sem taldar eru verðlaunaverðar, og nytsemd þeirri, er af þeim hefir hlotnast. Eigi verða þær framkvæmdir teknar til greina, sem hafa minna en 5 ára reynslu við að styðjast. Lægri verðlaun en 50 kr. skulu eigi veitt. 1906 nr. 13 31. júlí

Reglugjörð um, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum í húsum, vátrygðum í brunabótasjóðum sveitarfélaga, svo og um annað það, sem nauðsynlegt er til varnar eldsvoða. 20. okt.

Samkvæmt lögum [nr. 35, $^{27}/_{6}$ 1921] um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, eru hérmeð settar eftirfarandi reglur um, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum í húsum, vátrygðum í brunabótasjóðum sveitarfélaga, svo og um annað það, sem nauðsynlegt er til varnar gegn eldsvoða. — **1. gr.** Þar sem ofn eða eldavél stendur á trégólfi, skulu þau standa á undirstöðu, er sé 8 þuml á hæð og annaðhvort

1906 20. okt.

úr kalkbundnum steini eða járni;sé neðst í ofninum rist og því öskuskúffa í undirstöðunni og hún hol innan, skal vera undir skúffunni járnþynna, er fylli útí holið, 2 þuml. frá gólfi að minsta kosti; þekja skal gólfið fram undan ofninum eða eldavélinni með einhverju efni, sem ekki er eldnæmt t. d. með járnþynnu; skal járnþynnan, eða það sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 12 þumlunga fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldavélina, og að minsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn eða eldavélina til hliðanna og að aftanverðu. Ofnar og eldavélar mega ekki standa nær timburveggjum eða timburstoðum en svo að 8 þumlungar séu milli viðarins og ofnsins. Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum sem tré er í eða þar sem trébitar eru í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sé skemra en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stoðum eða öðrum viðum. — **2. gr.** Reykháfar skulu vera hlaðnir úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfa ekki vera þynnri en 4½ þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bitana og borð, sem lögð eru undir bita, eða gegnum þekju, skal vera að minsta kosti 8½ þuml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna eða torfsins; ekki má heldur þilja reykhófinn eða klæða hann borðum. Reykháfar skulu jafnan vera hlaðnir frá grunni, en mega ekki standa á bitum eða trégólfum. Reykháfar skulu ekki þrengri en 8 þuml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minsta kosti 1½ alin upp úr þekjunni, ef þeir ganga upp úr þekjunni utan mænis. — **3. gr.** Reykpípur úr járni eða leir, sem notaðar eru í stað reykháfs, skulu hvergi koma nær viðum eða torfi en svo, að 8½ þuml. séu frá pípunni að viðnum eða torfinu. Þar sem pípurnar ganga gegnum loft eða þekju, má fylla bilið milli þeirra og viðanna eða torfsins með steinsteypu eða ösku og grjóti eða deigulmó, og má hafa járnþynnur til styrktar

undir og ofaná, eða búa um á annan hátt svo jafntrygt sé, að eigi geti kviknað í loftinu eða þekjunni frá pípunni. Reykpípur úr járni eða leir skulu ná að minsta kosti jafnhátt upp úr þekju og mælt er fyrir um reykháfa. — **4. gr.** Þegar um vátryggingarskyld hús er að ræða, er bygð eru áður en brunabótasjóður er stofnaður í hreppnum, skal húsið, er það er tekið til vátryggingar, fært í það lag, að það fullnægi ákvæðunum í 1.—3. gr. — Þó skal hreppsnefnd heimilt að veita tilslökun í þessu, ef það er mjög miklum erfiðleikum og kostnaði bundið að breyta fyrirkomulagi hússins svo það fullnægi þessum ákvæðum, sérstaklega að því er snertir ákvæðin í 2. gr., enda sé þá gjörð einhver önnur fullnægjandi ráðstöfun, sem hamlar eldsvoða. Þegar um vátryggingarskylt hús er að ræða, sem reist er eftir að brunabótasjóður er stofnaður, má aldrei veita neina tilslökun í því, að húsið fullnægi ákvæðum 1.—3. gr. — **5. gr.** Hús, sem heimilt er, en ekki skylt, að vátryggja í brunabótasjóði hrepps, má án tillits til þess, hvort það er bygt fyrir eða eftir að brunabótasjóður var stofnaður, aldrei taka til vátryggingar í brunabótasjóði, nema það fullnægi að öllu leyti ákvæðunum í 1.–3. gr. — **6. gr.** Sérhver eigandi vátrygðs húss ber ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykpípum sé haldið í tryggilegu standi. Leiguliði ber og ábyrgð á þessu ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tækan tíma hefir skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka. Leiguliða ber að hreinsa reykháfa og reykpípur að jafnaði svo eigi safnist sót fyrir í þeim. — **7. gr.** Fara skal varlega með eld og ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða, og skulu húsbændur og húsmæður hafa eftirlit með því, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu eru, hegði sér svo í þessu tilliti, að eigi verði að fundið. — Sérstaklega skal þess gætt þegar eldur er falinn að vel sé gengið frá honum og ekki sé eldiviður nærri eða annað, er eldurinn geti læst sig í, svo og að súgur geti

1906
20. okt.

1906 ekki komið að eldinum, svo sem frá undirblæstri. —
20. okt. Varast skal að hafa eldivið eða eldnæma hluti svo nærri ofnum eða eldstæðum, að hætta geti af stafað. — Bannað er að geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstæðum, nema það sé í ílátum úr málmi, steini eða leiri, eða snara því út, fyr en helt hefir verið yfir það vatni eða með öðru móti varnað, að í því geti kviknað. — **8. gr.** Vátryggjandi og leiguliði eru skyldir, þá er eldur kemur upp í vátrygðum húsum eða húsum, þaðan sem eldurinn getur breiðst til vátrygðra húsa, að gjöra alt sem í þeirra valdi stendur til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans, svo og tilkalla mannhjálp ef auðið er. — **9. gr.** Vátrygðum timburhúsum og steinhúsum skal fylgja brunastigi, er ávalt sé til taks ef bruna ber að höndum; öðrum húsum, sem erfitt er að komast upp á án stiga, skal og stigi fylgja eftir ákvörðun hreppsnefndar. — **10. gr.** Ef leyft er að vátryggja í brunabótasjóði hrepps húseign, sem metin er yfir 6000 kr., má gjöra að skilyrði, að sérstakleg slökkviáhöld fylgi húsunum. — **11. gr.** Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5 til 100 kr. svo og réttarmissi til brunabóta eftir því, sem nánar er tiltekið í reglugjörð um fyrirkomulag á brunabótasjóðum sveitarfélaga. — **12. gr.** Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

20. okt. **Reglugjörð um brunabótasjóði sveitarfélaga.**

Samkvæmt lögum [nr. 35, 27/6 1921] um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, er hér með sett eftirfarandi reglugjörð um fyrirkomulag á brunabótasjóðum sveitarfélaganna. — 1. kafli. Um stofnun brunabótasjóðanna. **1. gr.** Heimilt er sveitarfélögum að stofna með skyldu-ábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna (sbr. 39. gr.). — **2. gr.** Húsráðendur þeir, sem atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, geta á lögmætum

fundi stofnað brunabótasjóð fyrir hreppinn. Meiri hluti allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þó skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, sem hann sjálfur notar, og er 500 króna virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Fundur er lögmætur, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum í hreppnum með skriflegu fundarboði og með tveggja vikna fyrirvara að minsta kosti, enda sé þar til tekið, að á fundinum verði tekið til umræðu og borið undir atkvæði, hvort stofna skuli brunabótasjóð fyrir hreppinn. Nú er samþykt að stofna brunabótasjóð, og skal þá hreppsnefndin tafarlaust tilkynna það stjórnarráði Íslands. 2. kafli. Um það, hvað skylt sé og hvað heimilt sé að vátryggja í brunabótasjóði. — **3. gr.** Í brunabótasjóði er skylt að vátryggja öll íbúðarhús í hreppnum, sem liggjan utan kauptúna, úr hverju efni sem þau eru bygð, og geymsluhús, sem þeim eru áföst, þó svo að virðingarverð húsa eða húsaþyrpinga, sem í sameiginlegri brunahættu eru (sbr. 19. gr.), fari ekki fram úr 6000 krónum. Til húsa telst alt múr- og naglfast, þar á meðal eldstór, ofnar, föst rúmstæði o. s. frv. — **4. gr.** Undanskilinn skylduábyrgð í sjóðnum er hver sá, er sýnir sveitarstjórn árlega skilríki fyrir því, að hann hafi vátrygt hús sín í áreiðanlegu, erlendu brunabótafélagi. — 5. gr. Heimilt er að vátryggja í brunabótasjóði peningshús í hreppnum, hlöður og önnur hús til ábúðarnota; þó má virðingarverð húsa, sem eru í sameiginlegri brunahættu, eigi fara fram úr 6000 krónum. — **6. gr.** Heimilt er og með samþykt meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda, að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hrepps samskonar hús og í hreppnum, þótt þau séu í öðrum hreppi, ef ástæður þar banna, að þar sé stofnaður brunabótasjóður. — **7. gr.** Tekizt getur brunabótasjóður á hendur ábyrgð að ⅔ í húsi eða húsaþyrping í sameiginlegri brunahættu, þó hærra verði nemi en 6000 kr. (sbr. 3. og 5. gr.), ef sveitarstjórn og stjórn-

1906
20. okt.

1906 20. okt.

arráð Íslands samþykkja. — 8. gr. Hvergi má vátryggja annars staðar þann þriðja hluta, sem ekki fæst bættur úr brunabótasjóði hreppsins (sbr. 39. gr.). Sá sem breytir móti þessu, missir rétt til brunabóta úr sjóðnum. 3. kafli. Um skoðanir og virðingar á húsum til vátryggingar. — 9. gr. Nú er brunabótasjóður stofnaður í hreppi samkvæmt framansögðu, og skal oddviti þá þegar senda sýslumanni skriflega beiðni um að tilnefna svo marga skoðunarmenn í hreppnum, sem hreppsnefnd telur þurfa, til þess að framkvæma skoðanir og virðingar á húsum til brunabóta, og aðrar þær skoðanir og virðingar, er reglugjörð þessi mælir fyrir um. Sýslumaður nefnir síðan til svo marga skoðunarmenn, sem hreppsnefnd hefir til tekið. Skoðunarmenn skulu vinna eið að starfi sínu (sbr. 16. gr.). Séu þeir ekki nema tveir, skal sýslumaður tilnefna hinn þriðja til vara, og framkvæmir hann skoðanir og virðingar í forföllum annarshvors hinna. Skoðunarmenn skulu hafa starfa sinn á hendi í sex ár. Ef skoðunarmaður flytur burt úr hreppnum, deyr eða hreppsnefnd gefur hann lausan frá starfinu, skal á sama hátt tilnefna mann í hans stað, fyrir þann tíma, er hann átti eftir. Ef hreppsnefnd óskar að fjölga skoðunarmönnum, skal á sama hátt tilnefna þá fyrir það tímabil, sem eftir er. Endurnefna má fráfaranda, ef hann mótmælir því eigi. Sá sem er eða verður sextugur að aldri, er laus við starfa þennan, ef hann vill. — 10. gr. Skoðunarmenn skulu jafnan vinna tveir saman að skoðunum og virðingum. Ef fleiri skoðunarmenn eru í hreppi en tveir, velur hreppsnefnd einn þeirra til aðalskoðunarmanns. Skal hann sjálfur vera við allar skoðunargjörðir og virðingar, og kveður hann til með sér þann skoðunarmann, sem næst býr vettvangi. Verði skoðunarmenn eigi á eitt sáttir um virðinguna, skal taka meðaltalið af virðing þeirra, og er það vátryggingarupphæðin. Bóka skal tillögu hvers virðingarmanns um sig, þegar þeim kemur ekki saman um upphæðina.

— **11. gr.** Skoðunarenn skulu eins fljótt og við verður komið eftir að brunabótasjóður er stofnaður, framkvæma skoðun og virðing á öllum húsum í hreppnum, sem skylduábyrgð hvílir á, sem og öðrum húsum, er menn óska og heimilt er að vátryggja í sjóðnum. — **12. gr.** Skoðunarmenn skulu semja nákvæma lýsingu á húsum þeim, sem vátryggja skal. Lýsingin skal innihalda: a. Nafn jarðarinnar eða hússins, eða önnur einkenni þess. b. Lýsingu á húsaskipun, hve mörg húsin séu, hve langt sé á milli þeirra; úr hverju þau séu bygð, hve gömul þau séu og hvernig þeim sé við haldið. c. Hvort sérstök brunahætta stafi af nokkru húsi, og hve langt sé þaðan til næsta húss. d. Hve langt sé til vatns. Lýsing húsanna skal vera svo ýtarleg, að þeim megi skipa í flokka eftir brunahættu (sbr. 19. gr.) og séð verði, hvort þau fullnægi vátryggingarskilyrðum öllum, svo sem um eldstæði, reykpípur og annað það, er fyrirskipað er til varúðar gegn eldsvoða. Ef um leigujörð er að ræða, eða leiguhús, skal sérstaklega tilgreina, hvað er eign leiguliða. — **13. gr.** Virðingargjörð skal bygð á ásigkomulagi húsanna, þá er virðing fer fram. Skal þá fyrst metið, hvað kosta mundi að byggja húsið af nýju, og meta síðan fyrning hússins og skemdir á því, og draga svo þá upphæð frá hinni. Hvert bæjarhús skal virt sérstaklega. Í torfhúsum skal sérstaklega tilgreint verð viða og sérstaklega verð grjót- og torfveggja og þekju. Í timburhúsum skal sérstaklega tilgreint verð grunnmúrsins. Byggingar, sem vitanlega á að rífa innan skamms tíma, skal virða sem til rifs. — **14. gr.** Eigandi eða leigjandi getur krafizt yfirvirðingar á sinn kostnað, og kveður þá sýslumaður til þess, fyrir rétti, 4 menn óvilhalla. Bæði beiðandi og sveitarstjórn geta krafizt þess, að yfirvirðingarmenn staðfesti gjörð sína með eiði fyrir rétti á venjulegan hátt. — **15. gr.** Endurvirðingar á öllum húsum, sem vátrygð eru í brunabótasjóðnum, skulu fram fara á hverjum 10 ára fresti. Ennfremur skulu endurvirðingar fram fara: a. Ef sveitar-

1906
20. okt.

1906 20. okt.

stjórn eða stjórnarráðið krefst þess. b. Ef vátryggjandi æskir virðingar sökum endurbóta eða endurbyggingar vátrygðra húsa. c. Ef vátryggjandi æskir þess sökum skemda á vátrygðu húsi vegna skriðuhlaups, vatnagangs, landskjálfta eða þesskonar. Aukavirðing skal fram fara: d. Ef bygt er nýtt hús, sem er vátryggingarskylt. e. Ef heimild er veitt til vátryggingar á húsi, sem áður er óvátrygt (sbr. 5. og 6. gr.). — **16. gr.** Í hverjum hreppi skal vera virðingarbók, er hreppsnefndin varðveitir. Bók þessa leggur stjórnarráðið til á kostnað landssjóðs, enda er hún hans eign, og skal send á landsskjalasafnið, í síðasta lagi 15 árum eftir að hún er útskrifuð. Bókin skal gegnumdregin og löggilt af sýslumanni. Í bók þessa rita skoðunarmenn eiðstaf sinn, áður en þeir taki til starfa, og í hana skal innfæra allar virðingargjörðir, jafnskjótt og þeim er lokið, og rita skoðunarmenn nafn sitt undir hana að því búnu. Sveitarstjórn skal senda stjórnarráði Íslands endurrit af öllum virðingargjörðum, jafnskjótt og þær eru bókaðar. — 4. kafli. Um viðhald húsa. **17. gr.** Skyldur er vátryggjandi að halda hinni vátrygðu húseign forsvaranlega við. Ef sveitarstjórn álítur, að húseign sé eigi haldið vel við, getur hún sett vátryggjanda hæfilegan frest til þess að bæta úr göllunum; ef hann sinnir því eigi innan ákveðins tíma, skal hún krefjast endurvirðingar (sbr. 15. gr. a.). — **18. gr.** Ef eldstæðum, reykháfum og öðrum eldtækjum er ekki tilhlýðilega haldið við, eins og reglugjörð um það efni mælir fyrir, og ekki er bætt úr því innan ákveðins frests, er sveitarstjórn hefir til tekið, þá missir vátryggjandi rétt til brunabóta, ef hjá honum brennur, nema það sannist með óyggjandi gögnum, að eldurinn stafi eigi af vanrækslunni. — 5. kafli. Um flokkun húsa eftir brunahættu. **19. gr.** Hús greinast til vátryggingar í þrjá flokka eftir brunahættu þannig: A-flokkur. Til hans teljast torfbæir, eða bæir bygðir úr torfi og grjóti að veggjum, með torf-

þaki, járnþaki eða tjörupappaþaki, þó því að eins, að 1906
baðstofa og eldhús sé greint frá öðrum bæjarhúsum 20. okt.
með vegg úr grjóti eða torfi, og sé veggurinn annaðhvort steinlímdur upp úr, og þá eigi þynnri en 7 þumlungar, eða eigi þynnri en 3 fet, sé hann úr torfi eða torfi og grjóti saman. Eigi mega vera fleiri en einar dyr á slíkum veggjum, og þær eigi stærri en 1 alin og 9 þuml. á breidd og 3 ál. og 8 þuml. á hæð; engin op mega vera á slíkum veggjum utan dyra eða ofan dyra, og engir viðir mega vera í veggjum þessum eða gegn um þá, nema dyraumbúnaður og hurð. Til þess flokks teljast og peningshús og önnur útihús, nema heyhlöður, ef þar er hvorki eldstæði né íbúð, enda standi þær ekki nær neinum húsum, er teljast til B-flokks eða C-flokks, en 5 álnir, nema steinlímdur veggur, að minsta kosti 7 þuml. þykkur, samfeldur eða torfveggur, að minsta kosti 3 feta þykkur, samfeldur sé á milli. B-flokkur. Til hans teljast íbúðarhús þau, er hafa útveggi alla úr steinlímdu grjóti eða steinsteypu upp úr Enn fremur þau hús, er samkvæmt gerð sinni gætu talist til A-flokks, en standa nær öðrum húsum, er teljast til B-flokks, en 5 ál., nema eldtraustur veggur sé á milli. Þó getur ekkert hús talizt til þessa flokks, sem stendur nær húsi eða húsum, er teljast til C-flokks, en 5 ál., nema steinlímdur veggur að minsta kosti 7 þuml. þykkur, samfeldur, eða torfveggur að minsta kosti 3 feta þykkur sé á milli. C-flokkur. Til hans teljast öll íbúðarhús úr timbri, svo og íbúðarhús eða bæir, þótt veggi hafi úr torfi eða grjóti og torfi utanvert, ef íbúðarherbergi eða eldhús og venjuleg geymsluherbergi eru undir einu risi, svo og bæir, sem eru svo bygðir, að þeir geta eigi talizt til A-flokks, og önnur hús, er eigi verður skipað í hina flokkana. Ennfremur þau hús, er samkvæmt gerð sinni gætu talizt til A-flokks eða B-flokks, en standa nær öðrum húsum, er teljast til C-flokks, en 5 ál., nema eldtraustur veggur sé í milli. Timburhús teljast í sameiginlegri brunahættu, nema autt svæði sé

1906 20. okt. á milli þeirra, 20 ál að lengd, ef bæði húsin eru járnklædd, en 30 ál. sé það ekki. — 6. kafli. Um stig húsa etir verðhæð. **20. gr.** Hús og bæir í hverjum flokkanna A, B og C (sbr. 19. gr.) skiljast í stig eftir verðhæð húsadeildar þeirrar eða húsaþyrpingar, sem er í sameiginlegri brunahættu, eftir virðingarverði þannig:

1. stig, þá er heildin er 1000 kr. eða minna.
2. — — — — — 2000 — til 1000 kr.
3. — — — — — 3000 — — 2000 —
4. — — — — — 4000 — — 3000 —
5. — — — — — 5000 — — 4000 —
6. — — — — — 6000 — — 5000 —

7. kafli. Um upphæð iðgjalda og greiðslu þeirra. **21. gr.** Iðgjöld til brunabótasjóðs eru fyrst um sinn ákveðin, eins og hér segir, árlega:

Stig	A-flokkur	B-flokkur	C-flokkur
	af 1000 kr.	af 1000 kr.	af 1000 kr.
1. stig	1,6	2,4	3,2
2. —	1,8	2,6	3,4
3. —	2,0	2,8	3,6
4 —	2,2	3,0	3,8
5. —	2,4	3,2	4,0
6. —	2,6	3,4	4,2

Iðgjaldið reiknast eftir virðingarverðinu. Þessi iðgjöld haldast til ársloka 1911, sbr. þó 45. gr., þá skulu þau á ný ákveðin af stjórnarráðinu eftir þeirri reynslu, sem þá er fengin. Nú er samþykt samkvæmt 7. gr. að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hús, er nemur hærra verði en 6000 krónur, og ákveður þá stjórnarráðið upphæð iðgjalda eftir tillögum sveitarstjórnar. — **22. gr.** Gjalddagi á iðgjöldum er 15. dagur októbermánaðar ár hvert. Nú er reist vátryggingarskylt hús á vátryggingarárinu, og skal þá greiða iðgjald til gjalddaga hlutfalls

lega eftir tímalengd. Sama gildir og ef vátryggjandi vill hækka ábyrgð á vátryggingarskyldu húsi, sökum endurbóta, á árinu. Ef hús, sem ekki er vátryggingarskylt, er tekið í ábyrgð eftir gjalddaga, skal greiða hálft vátryggingargjald ef liðnir eru fullir sex mánuðir frá aðalgjalddaga, ella fult iðgjald. Sama gildir, ef vátrygging er hækkuð á árinu á slíku húsi, sökum endurbóta á því. — 23. gr. Iðgjaldið hvílir á hinni vátrygðu eign, en greiðist af húsráðanda. Sé hann leiguliði, getur hann haldið eftir af eftirgjaldinu eða leigunni iðgjaldinu af þeim húsum, er hann ekki á. — **24 gr.** Sé vátryggingu á húsi, sem eigi er í skylduábyrgð, eigi sagt skriflega lausri hálfum mánuði fyrir gjalddaga, verður húsið talið áfram í vátryggingu, og er því vátryggjanda skylt að borga iðgjaldið fyrir það ár. — **25. gr.** Iðgjöldin hafa sama lögtaksrétt sem sveitarútsvör (sbr. lög 16. des. 1885). — 8. kafli. Um ábyrgðarskírteini. — **26. gr.** Jafnskjótt og hin fyrsta virðing hefir farið fram á vátryggingarskyldum húsum og öðrum húsum í hreppnum (sbr. 11. gr.), skal sveitarstjórn yfirfara skoðunar- og virðingargjörðirnar, og flokka húsin eftir brunahættu og verðhæð og gefa út ábyrgðarskírteini. **27. gr.** Ábyrgðarskírteini skulu rituð á þar til gjörð eyðublöð. Þar skal tilgreint nafn vátryggjanda, hverskonar hús það er, sem vátrygt er, í hvaða flokki það er, virðingarverð þess, upphæð iðgjalds og gjalddagi. Á skírteinum þessum skulu og prentuð vátryggingarskilyrði, og önnur þau ákvæði, er einkum varða hvern vátryggjanda. Á sama ábyrgðarskírteini má setja öll vátryggingarskyld hús sama vátryggjanda á jörðinni; sama er um önnur hús hans þar, sem heimilt er að vátryggja og hann beiðist vátryggingar á. — **28. gr.** Vátrygging byrjar þá er ábyrgðarskírteini, eða hið fyrsta greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi er afhent. Það skal endurnýjað í hvert sinn, sem vátryggingarupphæð tekur breytingum. Vátrygging skal veitt fyrir eitt ár í senn frá gjalddaga til næsta gjalddaga (vátryggingarár), nema heimilt sé eða skylt

1906
20. okt.

1906 20. okt. að vátryggja fyrir skemri tíma (sbr. 22. gr.). — 29. gr. Eigandi húss, sem er í skylduábyrgð, skal á byrgðarskírteini jafnan talinn vátryggjandi þess. — 9. kafli. Um bruna, brunaskoðanir og virðingar. 30. gr. Nú kemur eldur upp í húsi, sem vátrygt er í brunabótasjóði hrepps, og skal þá vátryggjandi eða umboðsmaður hans, ef hann vill brunabóta krefja, tilkynna oddvita brunann, svo fljótt sem unt er, og eigi síðar en sólarhring frá því bruna er lokið, nema gild forföll banni. Sé brotið á móti þessu, missir vátryggjandi 1% af brunabótunum svo sem sekt fyrir vanrækslu. Allir hlutaðeigendur eru skyldir til að gjöra alt, sem unt er til þess að slökkva eld í vátrygðum húsum. — 31. gr. Jafnskjótt og oddviti hefir fengið tilkynningu um brunann, skal hann kveðja skoðunarmenn hreppsins til þess að rannsaka brunann, og öll atvik að houm, og til þess jafnframt að meta skemdir af brunanum til verðs. Enginn má rífa það, sem eftir er af húsunum, þá er björgun húsa og muna er lokið, eða flytja það burt af staðnum fyr en skoðunarmenn eru komnir þangað og gefa leyfi til þess. Sá, sem fyrir bruna verður, skal aðstoða skoðunarmennina, og leggja til vinnukraft til þess að rannsaka brunarústirnar. — 32. gr. Þegar virtur er brunaskaði, skal telja, að húsið hafi albrunnið, ef ekki stendur eftir af því neitt, sem notað verður í endurbygging án þess að rífa það niður, annað en grunnmúr eða tóft. Annar skaði af bruna telst skemdir á húsi. Brunaskaði er allur skaði á húsum, sem stafar af eldsvoða, eða björgunartilraunum þegar eldsvoða ber að hendi. — 33. gr. Þegar hús albrennur, skal leggja til grundvallar fyrir skaðabótum virðingarverðið til vátryggingar, þannig, að virða skal það sem bjargast hefir og notað verður við endurbyggingu hússins, eða til einhvers annars, og skal sú virðingarupphæð dregin frá vátryggingarvirðingarverðinu, og er sú upphæð, sem þá kemur út, brunaskaðinn, nema húsið hafi rýrnað eða skemst áður en brann, en eftir að síðasta virðing til vátrygg-

ingar fór fram, því þá skal gert fyrir því, og sú upphæð dregin frá virðingarverðinu. Leifum öllum skal vátryggjandi skyldur að taka við upp í brunabætur eftir mati. — **34. gr.** Nú verða skemdir á húsi við bruna (sbr. 32. gr.), og skal þá virða það, sem eftir er óskemt af húsinu sérstaklega, og sérstaklega, hvað kosta muni að koma húsinu í sama ástand og fyrir brunann. Síðan skal leggja þessar tvær virðingarupphæðir saman, og verði þær samtals minni en vátryggingarvirðingarverðið, er upphæð sú, er metin var til þess að gjöra við húsið aftur, brunaskaðinn. Verði hins vegar virðingarverð hins óbrunna af húsinu, og sú upphæð, sem gengur til þess að bæta húsið, samanlagt hærra en vátryggingarvirðingarverðið, ber að færa báðar hinar fyrstnefndu upphæðir hlutfallslega svo niður, að þær samanlagðar verði jafnar vátryggingarvirðingarverðinu og verður hin þannig niðurfærða viðgjörðarupphæð brunaskaðinn. Ef hús, sem brunnið hefir eða orðið fyrir brunaskaða, vitanlega er ætlað til niðurrifs innan skamms, skal ákveða bæturnar eftir verði efnisins. — **35. gr.** Verði virðingarmenn eigi á eitt sáttir, skal taka meðaltalið af þeim upphæðum sem þeir meta skaðann, og skal bókfæra tillögu hvors um sig. Bæði vátryggjandi og hreppsnefnd geta hvor um sig krafizt yfirvirðingar. Kveður þá sýslumaður til þess, fyrir rétti, 4 menn óvilhalla. Yfirmatsbeiðandi og sveitarstjórn geta krafizt þess, að yfirvirðingarmenn staðfesti gjörð sína með eiði fyrir rétti á venjulegan hátt. — **36. gr.** Brunaskoðun og virðingar skal ekki innfæra í húsavirðingarbókina, heldur skal rita þær gjörðir sérstaklega og afhenda oddvita, undirritaðar af skoðunarmönnum. Þeir skulu geta þess í þeim, að þær séu gjörðar samkvæmt eiði þeim, er þeir hafa unnið að starfi sínu — **37. gr.** Nú þykir sveitarstjórn eftir skýrslu skoðunarmanna, eða af öðrum ástæðum, líkur til, að bruninn sé af mannavöldum, og skal hún þá þegar tilkynna það lögreglustjóra og krefjast rannsóknar. — 10. kafli. Um töpun á

1906 20. okt.

1906 20. okt.

rétti til brunabóta. **38. gr.** Brunabótasjóður greiðir eigi brunabætur, þegar svo stendur á, sem hér segir: a. Þegar eigandi, kona hans eða nánustu erfingjar hafa af ásettu ráði eða stórkostlegu hirðuleysi valdið brunanum. b. Þegar bruninn er svo lítill, að eigi nemur 20 kr. í 2000 kr. húseignum og þar yfir, eða 1% í minni húseignum. c. Þegar bruninn stafar af stórkostlegri vanrækslu vátryggjanda í því að fara eftir reglum þeim, sem settar verða um það, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum eða annað það, sem er nauðsynlegt til varúðar gegn eldsvoða (sbr. 18. gr.). d. Þegar svo stendur á, sem segir í 8. gr. — Ef húsið er veðsett, hefir veðhafi eigi að síður rétt til brunabótanna að svo miklu leyti, sem þarf til lúkingar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til, enda sé veðhafi ekki valdur að brunanum. — **11. kafli.** Um greiðslu brunabóta og endurbyggingu. – **39. gr.** Brunabótasjóður hrepps greiðir að eins ⅔ þeirrar upphæðar, sem brunaskaði hefir verið metinn á þann hátt, er að framan segir. – **40. gr.** Brunabótum skal varið til endurbóta eða endurbyggingar þeirra húsa, sem brunnið hafa. Ef hús hefir albrunnið, skal hið endurreista hús að minsta kosti jafnmikils virði, og hið brunna hús var virt við síðustu virðing til vátryggingar. Þegar einungis er um skemdir að ræða af bruna, skal endurbótin í minsta lagi kosta eins mikið og brunaskaðinn var metinn. — **41. gr.** Þá er sveitarstjórn hefir fengið þau skilríki, er sanna eða ákveða skyldu brunabótasjóðs til að greiða brunabæturnar, og trygging fyrir því, er hún tekur gilda, að brunabótafénu verði varið til endurbyggingar eða endurbóta samkvæmt 40. gr., skal hún greiða brunabæturnar. Fái hún hinsvegar eigi nægа tryggingu, lætur hún ekki brunabæturnar af hendi, fyr en jafnótt og bygt er. Ef hús það, er brann, var veðsett, má sveitarstjórn aldrei án samþykkis veðhafa greiða brunabætur öðruvísi, en jafnótt og bygt er, eða gegn trygging, er veðhafi tekur gilda.

Endurgjald fyrir brunaskaða er undanþegið fjárnámi og löghaldi nema í sambandi við húseignina. — **42. gr.** Sveitarstjórn er heimilt að leyfa, að fyrir brunabæturnar sé reist hús til annara afnota, en það, sem brann, að hið nýja hús sé reist á annari jörð eða stað en það, sem brann, og enda jafnvel, að brunabótunum sé ekki varið til endurbyggingar, ef alveg sérstakar ástæður mæla með því, og veðhafi og aðrir, er kunna að hafa haft réttindi í húsinu, samþykkja það. — **43. gr.** Áður en trygging fyrir endurbygging eða endurbótum er laus látin eða brunabætur eru að fullu greiddar, getur sveitarstjórn, ef hún telur nokkurn vafa á því, að hið nýja hús eða endurbæturnar nemi því verði, sem til er tekið í 40. gr., látið skoðunarmennina virða, svo framarlega sem húsið er ekki vátryggingarskylt og eigi er beiðst vátryggingar á því, því þá kemur hin fyrirskipaða skoðun í hennar stað. — **44. gr.** Ef ekki er endurbygt eða veitt undanþága frá því innan 5 ára eftir brunann, tapast allur réttur til brunabóta eða þess hluta þeirra, sem þá ekki er endurbygt fyrir. — 12. kafli. Um ábyrgð og tillög sveitarsjóðs. **45. gr.** Úr brunabótasjóði skal greiða allar brunabætur, en sveitarsjóður ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er á honum hvíla, og greiðir því brunabætur, ef brunabótasjóður hrekkur eigi til. En hann endurborgar sveitarsjóði, svo fljótt, sem því verður við komið. Skal þá auka iðgjöld til brunabótasjóðs, svo sem sveitarstjórn þykir við þurfa, og eigi minna en svo, að skuldir við sveitarsjóð greiðist á næstu 10 árum af aukaiðgjöldum. — **46. gr.** Heimilt er sveitarstjórn ef lögmætur sveitarfundur (sbr 2. gr.) samþykkir árlega, að leggja úr sveitarsjóði fé til stofnunar og styrktar brunabótasjóði hreppsins 10 fyrstu árin, þó eigi meira en jafna upphæð og iðgjöld vátryggjenda í hreppnum nema. Nú vátryggja utanhreppsmenn í brunabótasjóði hrepps (sbr. 6. gr.), og ber þeim þá, ef sveitarsjóður leggur fé í brunabótasjóð, að leggja fram auk iðgjalds síns sam-

1906
20. okt.

1906 svarandi tillag. — 13. kafli. Um borgun fyrir
20. okt. skoðanir og virðingar. 47. gr. Fyrir skoðun þá og virðingu, sem fram fer við stofnun brunabótasjóðs (sbr. 11. gr.) og endurvirðingu á hverra 10 ára fresti (sbr. 15. gr. 1. lið) greiðir sveitarsjóður eina krónu á býli hvorum skoðunarmanni.[1]) Býli telst hér hver bær, sem aðskilinn er frá öðrum bæjum, þótt í sama túni standi. — 48. gr. Fyrir allar aðrar skoðunar, mats- og virðingargjörðir (sbr. 14., 15., 31. og 43. gr.) ber hvorum virðingarmanni tvær krónur fyrir hvern dag, sem gjörðin stendur yfir. Standi gjörðin yfir lengur en 8 tíma samfleytt, skal gjalda eins og fyrir 1½ dag. Þurfi skoðunarmenn, til þess að framkvæma virðingargjörð, að ferðast meira en 1 mílu á landi eða ½ mílu á sjó, talið fyrir hvern um sig frá bústað hans til þess staðar er virðing fer fram, skal greiða hvorum þeirra 50 aura fyrir hverja mílu á landi og ½ mílu á sjó. Þóknun þessi greiðist bæði fyrir ferðina fram og aftur, og má eigi fara fram úr 2 kr. fyrir hvorn skoðunarmann. Sé sá staður, þar sem virðing skal fram fara, svo langt burtu, að skoðunarmennirnir verði að vera burtu frá heimili sínu meira en 10 stundir, til þess að framkvæma virðinguna, ber hvorum þeirra 3 krónur í fæðispeninga. — 49. gr. Beiðandi greiðir í hvert skifti þóknun þá og ferðakostnað, sem ákveðinn er í 48. gr., til skoðunarmanna, nema þegar um brunaskaða og virðing fyrir brunaskaða er að ræða. Ef um utanhreppsmenn er að ræða, greiða þeir auk hinnar fyrirskipuðu þóknunar til skoðunarmanna, sanngjarnan ferðakostnað til þeirra eftir reikningi, sem stjórn sjóðsins úrskurðar, ef þess er óskað. — 50. gr. Borgun fyrir brunaskoðun og virðing brunabóta greiðist úr brunabótasjóði hreppsins, ef til brunabótagreiðslu kemur. Ef vátryggjandi heimtar yfirvirðingu, greiðir hann kostnaðinn við hana, ef virðingin stendur óhögguð eða er færð niður, ella

1) Breyting $^{13}/_{8}$ 1919.

brunabótasjóður Ef hreppsnefnd krefst yfirvirðingar, greiðist kostnaðurinn úr brunabótasjóði. — 14. kafli. Um stjórn brunabótasjóðanna, bókun, reikningsskil o. fl. 51. gr. Sveitarstjórn hefir á hendi alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs hreppsins og gætir þess, að farið sé eftir ákvæðunum um sjóðinn. — 52. gr. Hreppsnefnd heldur þessar bækur viðvíkjandi sjóðnum: 1. Vátryggingarbók. Í henni skal vátrygging, er setja má á sama skírteini samkvæmt 27. gr., hafa sína tölusettu blaðsíðu; skal þar ritað, hvenær og hvar hús séu vátrygð, nafn eiganda, í hverjum brunahættuflokki þau séu, vátryggingarverð þeirra og upphæð iðgjalda. Þar skal og rita hækkanir, niðurfærslur og aðrar breytingar, er verða á vátrygging húsanna. Henni skal fylgja skrá yfir nöfn hinna vátrygðu húseigna með tilvitnun í blaðsíðu hennar. 2. Gjörðabók. Í hana skal rita fundargjörðir allar viðvíkjandi sjóðnum, ársskrá yfir allar vátryggingar á hverju umliðnu vátryggingarári með tilvitnun í blaðsíðu hennar í vátryggingarbókinni, hve hátt iðgjaldið sé og hvort það sé greitt. Ennfremur skal þar ritaður ársreikningur sjóðsins og fyrirskipaðar skýrslur um hann. 3. Kassabók, er í skal rita allar peningaupphæðir, sem greiddar eru í sjóðinn eða úr honum. Bækur þessar leggur landssjóður til, enda eru þær hans eign. Sýslumaður löggildir þær. Bréf frá hreppsnefndinni viðvíkjandi sjóðnum skal innfæra í bréfabók hreppsins og innkomin bréf í dagbókina. — 53. gr. Oddviti sér um, að öll þau störf, sem nefndinni er skylt að annast viðvíkjandi brunabótasjóði, séu tilhlýðilega unnin, nema öðrum sé falið það sérstaklega. Hann er féhirðir sjóðsins og reikningshaldari, annast bókun, útgáfu ábyrgðarskírteina og bréfaskriftir, geymir bækur sjóðsins og önnur skjöl. Til hans skulu menn snúa sér í vátryggingarerindum og öðrum málum, er snerta sjóðinn. — 54. gr. Ábyrgðarskírteini skulu undirrituð af hreppsnefndinni í heild sinni, en kvittun oddvita á þar til gjörð eyðublöð fyrir

1906 20. okt.

1906 fyrstu iðgjaldagreiðslu gildir til bráðabirgða sem
20. okt. ábyrgðarskírteini, sbr. 28. gr., þangað til reglulegt skírteini er gefið út, er gjöra skal svo fljótt sem unt er. — **55. gr.** Hreppsnefndin skal sérstaklega sjá um, að ekki dragist að innheimta iðgjöld, sem fallin eru í gjalddaga. Dragist innheimta svo lengi, að lögtaksréttur missist, ber hreppsnefndin fulla ábyrgð á því. — **56. gr.** Hreppsnefnd skal koma fé brunabótasjóðs á vöxtu í tryggilegum sparisjóði, er stjórnarráðið tekur gildan, eða kaupa fyrir það bankavaxtabréf. Öll hreppsnefndin ber ábyrgð á innstæðufé, verðbréfum og öðrum eignum sjóðsins. — **57. gr.** Reikningsár brunabótasjóðsins er vátryggingarárið, sbr. 22. og 28. gr. — **58. gr.** Ársreikningur brunabótasjóðs skal sendur sýslunefnd til endurskoðunar og úrskurðar um sama leyti og hreppsreikningur fyrir umliðið fardagaár. Hann skal gjörður eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið býr til. Reikningunum skal fylgja skrá yfir allar vátryggingar í sjóðnum á reikningsárinu, skrá yfir goldin og ógoldin iðgjöld og yfir eignir sjóðsins. Ennfremur skulu fylgja eftirrit úr virðingarbókinni yfir síðastliðið vátryggingarár, eftirrit af brunaskoðunum og virðingum, hafi brunabætur verið greiddar á árinu, svo og önnur skjöl, sem nauðsynleg eru við endurskoðun og úrskurð reikningsins. Eftirrit af reikningunum, eins og sýslunefnd hefir úrskurðað þá, skal síðan senda til stjórnarráðsins, er því næst semur ágrip af þeim og lætur birta í B-deild Stjórnartíðindanna. — 15. kafli. Um sameining brunabótasjóða í hreppum. **59. gr.** Nú hafa tveir eða fleiri hreppar samþykt að stofna brunabótasjóði, og geta þá sveitarstjórnir þeirra, að fengnu samþykki meiri hluta atkvæða húsráðenda, samkv. 2. gr., á almennum fundi komið sér saman um, að sameina brunabótasjóði þeirra. Hvíla þá skuldbindingar allar óskiftar á hinum sameiginlega sjóði þessara hreppa, og þá tekur hver sveitarsjóður tiltölulegan þátt í gjöldum til brunabótasjóðsins eftir iðgjöldum þeim, sem greidd

eru úr hreppnum. Hver sveitarstjórn annast í sínum hreppi þau störf, sem lögð eru á sveitarstjórnir í reglugjörð þessari, svo sem móttöku húsa í vátrygging, innheimtu á iðgjöldum, bókun, reikningsfærslu o. s. frv., en sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem hæst iðgjöld greiðir, tekur á móti iðgjöldum frá hinum hreppunum og öðrum tekjum hins sameiginlega sjóðs, ávaxtar fé hans og hefir ábyrgð á því (sbr. 56. gr.), greiðir fé úr honum eftir kröfu hinna hreppsnefndanna, nema hreppparnir semji öðruvísi um það og stjórnarráðið samþykki. Hún gjörir árlega reikning fyrir tekjum hans, gjöldum og eignum, og skal sá reikningur endurskoðaður af sveitarstjórnum allra þeirra hreppa, sem í sameign eru um sjóðinn, og því næst sendur sýslunefnd til úrskurðar ásamt öllum fylgiskjölum. Séu hrepparnir í tveim sýslum eða fleiri, skulu hlutaðeigandi sýslunefndir úrskurða reikninginn. Verði ágreiningur milli þeirra um eitthvað atriði í honum, skal stjórnarráðið leggja endilegan úrskurð á ágreiningsatriðið. — 16. kafli. Um eftirlit með bókfærslu o. fl. **60. gr.** Sýslumaður skal í hvert sinn, er hann rannsakar bækur sveitarstjórnar samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, einnig rannsaka bækur brunabótasjóðs. Sveitarstjórnir eru skyldar til, hvenær sem stjórnarráðið æskir þess ,að láta því í té allar þær uppplýsingar og skýrslur, er það kann að heimta viðvíkjandi brunabótasjóðunum og hag þeirra. 1906 20. okt.

Tilskipun um breyting á 9. gr. í tilskipun 20. janúar 1899 um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenzkum skipum. nr. 18. 11. des.

Samkvæmt lögum 9. desember 1899 um varúðarreglur til að forðast ásiglingar viljum vér hér með fyrirskipa, að 9. gr. í tilskipun 20. janúar 1899 um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenzkum skipum, skuli orðast svo sem hér segir. — **9. gr.** Fiskiskip og fiskibátar skulu, er þau eru laus og ekki skyld sam-

1906 nr. 18. 11. des.

kvæmt ákvæðum þessarar greinar að hafa eða sýna ljós þau, sem talin eru upp hér á eftir, hafa eða sýna ljós þau, sem fyrirskipuð eru á skipum þeim, sem laus eru og jafnstór að smálestatali. — a. Opnir bátar — en þar til teljast bátar, sem ekki eru alþiljaðir og geta því ekki varizt að sjór komi í þá — skulu hafa hvítt ljós, er hægt sé að sjá hvaðan sem litið er, þegar þeir eru á næturþeli að hverskonar fiski sem er, með veiðarfærin útbyrðis, og þau liggja í sjó í hæsta lagi 150 fet í láréttа stefnu út frá bátnum. Opnir bátar, sem eru að fiski á nóttu með veiðarfærin útbyrðis og þau liggja í sjó yfir 150 fet í láréttа stefnu út frá bátnum, skulu hafa hvítt ljós, er sýnilegt sé á alla vegu, og auk þess ber þeim, er báturinn nálgast önnur skip eða þau hann, að sýna annað ljós hvítt, er sé að minsta kosti 3 fetum neðar en fyrra ljósið, og með eigi minna en 5 feta láréttu millibili frá því í þá stefnu ,sem veiðarfærið er bundið. b. Þegar skip og bátar — að undanskildum opnum bátum, eins og þeir eru ákveðnir í staflið a. — veiða með reknetum, skulu þau, svo lengi sem netin að öllu eða nokkru eru í sjó, hafa 2 hvít ljós, þar sem þau sjást greinilegast. Ljósum þessum skal þannig fyrir komið, að hin lóðrétta fjarlægð milli þeirra sé í minsta lagi 6 fet og mesta lagi 15 fet, og hin lárétta fjarlægð milli þeirra, miðuð við kjöllínuna, í minsta lagi 5 og í mesta lagi 10 fet. Neðra ljósið af þessum 2 skal vita þangað, sem netin eru, og báðum ljósunum skal vera þannig háttað, að þau geti sést á alla vegu og séu sýnileg 3 mílufjórðunga álengdar að minsta kosti. Í Miðjarðarhafinu og höfum þeim, er liggja að Japan og Kóreu, eru fiskiseglskip, sem ekki ná 20 brúttósmálestum, ekki skyld að hafa neðra ljósið; en hafi þau það ekki, skulu þau, ef þau nálgast önnur skip eða önnur skip nálgast þau, sýna hvítt ljós í sömu afstöðu (þ. e. í þá stefnu, sem netið eða veiðarfærið er), er skal vera sýnilegt ekki minna en eina sjómílu álengdar. c. Þegar skip og bátar — þó að undanskildum opnum bátum,

eins og þeir eru ákveðnir í staflið a. — eru að veiði með fiskilóðum, þegar þau hafa lóðir sínar útbyrðis og þær eru fastar við skipið eða verið er að draga þær inn, og þegar þau ekki liggja við akkeri eða kyr á þann hátt, sem greinir í staflið h, skulu þau hafa sömu ljós og skip, sem eru að fiski með reknetum. Þegar þau gefa fiskilóðirnar út eða veiða með reklóðum, skulu þau sýna ljós þau, sem fyrirskipuð eru á gufuskipi eða seglskipi, sem er laust, eftir því sem við á. Í Miðjarðarhafinu og höfum þeim, sem liggja að Japan og Kóreu, eru seglskip, sem fást við fiskiveiðar og ekki ná 20 brúttósmálestum, ekki skyld til að hafa neðra ljósið; en hafi þau það ekki, skulu þau, ef þau nálgast önnur skip, eða önnur skip nálgast þau, sýna hvítt ljós í sömu afstöðu (þ. e. í sömu stefnu og fiskilóðirnar eru), sem skal vera sýnilegt ekki minna en eina sjómílu álengdar.

d. Skip, sem eru að botnvörpuveiðum, þ. e. draga veiðarfæri, hvernig sem þau eru löguð, eftir sjávarbotninum, skulu 1) ef þau eru gufuskip, vera skyld til að hafa á sama stað og ljós það, sem getur um í 2 gr. a., þrílitt ljósker, sem er þannig gjört og fyrir komið, að það geti sýnt hvítt ljós beint fram undan og til hliðar 2 strik á bæði borð og grænt og rautt ljós yfir boga af sjóndeildarhringnum frá 2 strikum frá beinni stefnu fram undan til 2 strika aftur fyrir þverskipsstefnu bæði á stjórnborða og bakborða, svo og í minsta lagi 6 fetum og í hæsta lagi 12 fetum fyrir neðan þrílita ljóskerið að hafa hvítt ljós í ljóskeri, sem er þannig lagað, að það geti borið skæra, jafna og samfelda birtu alt í kring, 2) og ef þau eru seglskip, skulu þau skyld að hafa hvítt ljós í ljóskeri, sem er þannig lagað, að það beri skæra, jafna og samfelda birtu alt í kring, og skulu þau þar að auki, þegar þau nálgast önnur skip, eða önnur skip nálgast þau, sýna — á þeim stað, sem bezt sést — hvítan ljósblossa eða blys í tæka tíð til að afstýra árekstri. Ljós þau öll, sem nefnd eru í staflið d. 1 og 2, skulu vera sýnileg 2 mílufjórðunga álengdar að minsta

1906 nr. 18. 11. des.

kosti. e. Skip, er veiða með ostrusköfum eða öðrum botnsköfum, skulu hafa og sýna sömu ljós og botnvörpuskip. f. Fiskiskip og fiskibátar mega auk ljósa þeirra, sem þeim samkvæmt þessari grein er skylt að hafa og sýna, viðhafa, hvenær sem er, ljósblossa og ljós við vinnu sína. g. Öll fiskiskip og fiskibátar, sem ekki ná 150 fetum að lengd, skulu, er þau liggja við akkeri, sýna hvítt ljós, er sé sýnilegt að minsta kosti 1 mílufjórðung álengdar, hvaðan sem litið er. Öll fiskiskip, sem eru 150 fet að lengd eða þaðan af meira, skulu, er þau liggja við akkeri, sýna hvítt ljós, sem sé sýnilegt að minsta kosti 1 mílufjórðung álengdar, hvaðan sem litið er, og auk þess eitt ljós, eins og ákveðið er í 11. grein um skip af sömu lengd. Ef slíkt skip, hvort sem það er yfir eða undir 150 fetum að lengd, festist í neti eða öðru veiðarfæri, skal það, ef önnur skip nálgast það, sýna hvítt ljós að auki eigi minna en 3 fet fyrir neðan akkerisljósið og eigi meira en í 5 feta láréttri fjarlægð frá því í þá stefnu, er netið eða veiðarfærið er. h. Ef skip eða bátur, sem er að fiski, liggur kyrt sökum þess að veiðarfæri festast á kletti eða annari fyrirstöðu, skal skipið, ef á degi er, draga niður dagbending þá, sem fyrirskipuð er í staflið k.; á nóttu skal það sýna það eða þau ljós, sem fyrirskipuð eru á skipum, er liggja við akkeri; og í þoku, dimmviðri, snjókomu eða steypiskúrum, skal það beita bendingum þeim, sem fyrirskipaðar eru á skipi, sem liggur við akkeri (sjá staflið d. og síðasta hluta 15. greinar). i. Í þoku, dimmviðri, snjókomu eða steypiskúrum, skulu skip, sem eru að veiði með reknetum og veiðarfærin eru föst við, og skip, sem eru að botnvörpuveiði, skafa eða að veiði með hvers konar botnslæðum, eða skip, sem eru að veiði með fiskilóðum og hafa lóðir sínar útbyrðis — ef þau eru 20 brúttósmálestir að stærð, eða þaðan af meira — láta kveða við hljóð með ekki lengra en 1 mínútu millibili, gufuskip með gufupípunni eða sírenunni, seglskip með þokuhorninu. Hverju hljóði skal vera samfara klukku-

hringing. Fiskiskip og fiskibátar, er ekki ná 20 brúttósmálestum, skulu ekki skyld að gjöra nýnefndar bendingar; en ef þau ekki gjöra þær, skulu þau láta kveða við aðra greinilega hljóðbending með ekki lengra en 1 mínútu millibili. k. Öll skip og bátar, sem eru að veiði með netum, fiskilóðum eða botnvörpum og eru laus, skulu á daginn gagnvart skipum er nálgast þau, gefa starf sitt til kynna með því að sýna körfu eða gjöra aðra greinilega bending, þaðan sem hægast er að sjá hana. Þegar skip eða bátar liggja við akkeri með veiðarfæri sín útbyrðis, og önnur skip koma í námunda við þau, ber þeim að sýna sömu bendingar til þeirrar hliðar, sem leið er frjáls. — Skip þau, sem samkvæmt þessari grein eru skyld að hafa eða sýna ljós þau, sem nánar eru til tekin í undanfarandi reglum, eru ekki skyld að hafa ljós þau, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. a., og síðasta hluta 11. greinar. — Tilskipun þessi öðlast gildi 1. marz 1907. 1906 nr. 18. 11. des.

Reglur fyrir nemendur hins almenna mentaskóla í Reykjavík (St. B. 307). 28. des.

Reglur fyrir umsjónarmenn hins almenna mentaskóla í Reykjavík (St. B. 311). 28. des.

Prófreglugjörð fyrir gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík. 1907 18. apr.

Samkvæmt 14. gr. í auglýsingu 9. septbr. 1904, um bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna mentaskóla í Reykjavík, eru hérmeð settar eftirfarandi reglur um það, hvernig hagað skuli gagnfræðaprófi við téðan skóla. — 1. kafli. Um skólanemendur. **1. gr.** Burtfararpróf gagnfræðadeildar hins almenna mentaskóla nefnist gagnfræðapróf. Þeir, sem undir það ganga, skulu reyndir í því, sem þeir hafa lesið í gagnfræðadeildinni, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvörðunum þeim, er hér fara á eftir. Skóla-

1907 18. apr. meistari ákveður í samráði við kennara og með samþykki stjórnarráðs, að hve miklu leyti sleppa megi ýmsum köflum úr því, sem lesið hefir verið í allri deildinni. — 2. gr. Ekkert gagnfræðapróf skal halda í: 1) Kristnum fræðum, 2. teiknun, 3) hannyrðum. 4) leikfimi, 5) söng. En leggja skal fram teikningar þær og hannyrðir, sem nemendur hafa leyst af hendi í skólanum síðasta skólaár, og skal gefa einkunn fyrir hvort um sig. Sýna skal og í lok skólaársins leikni í líkamsæfingum og söng þeirra nemenda, er gagnfræðapróf eiga að taka. Hinir skipuðu prófdómendur skulu ásamt kennara dæma um teikningar og hannyrðir. — 3. gr. Gagnfræðaprófinu skal haga þannig: I. Íslenzka. a. Munnleg. Nemendur skulu hafa til prófsins að minsta kosti 200 bls. í 8vo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum; skal það bæði vera bundið mál og óbundið, valið úr fornbókmentunum, og einkum bókmentum síðari alda, ýmislegs efnis. Hver nemandi skal látinn lesa kafla úr óbundnu máli, er hann hefir ekki lesið áður í skólanum; má kaflinn eigi vera þyngri að efni né máli en það, sem lesið hefir verið í skólanum; hann skal og látinn lesa kafla í ljóðum. Gera skal hann grein fyrir efni þess, sem hann er látinn lesa. Enn fremur skal kennarinn taka til meðferðar hæfilega langan kafla af því, sem til prófs hefir verið ætlað, láta nemandann segja frá efni hans með eigin orðum, og gera nokkra grein fyrir einstökum orðum og setningum. Við einkunnagjöfina skal taka sérstakt tillit til þess, hvernig lesið er. b. Skrifleg. Nemendur skulu skrifa endursagnarstíl og ritgerð, annaðhvort frásögulegs efnis, eða lýsingu á einhverju, er þeir þekkja, eða hafa fyrir augunum. Eigi skal verkefnið vera mjög umfangsmikið. II. Danska. a. Munnleg. Nemendurnir skulu hafa til prófsins að minsta kosti 100 bls. í 8vo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum. Skal reyna þá í kafla úr þessu og í stuttum ólesnum kafla auðveldum. Prófið fari fram sumpart með samtali á

dönsku um kaflann eða endursögn hans, sumpart með því að þýtt sé á íslensku svo mikið sem þurfa þykir til þess að ganga úr skugga um, að nemandinn skilji kaflann. Í málfræði sé nemandinn aðallega reyndur á þann hátt, að hann sé látinn setja saman óflóknar smásetningar, er sem mest séu leiddar út úr kaflanum, sem prófað er í. b. Skrifleg. Nemendur skulu snúa hæfilegum kafla úr íslenzku á dönsku. III. Enska. Prófið er bæði munnlegt og skriflegt, og skal haga því á sama hátt og prófinu í dönsku. IV. Saga. Prófið er munnlegt, og skal láta nemandann segja frá kafla í samhengi og sömuleiðis svara einstökum spurningum, sem fyrir hann eru lagðar. V. Landafræði. Prófið er munnlegt og á að styðjast við uppdrætti landa, myndir eða önnur áhöld við landafræðiskenslu. VI. Náttúrusaga. Prófið er munnlegt, og skal leggja aðaláherslu á það, að nemendur geti glögglega lýst náttúrugripum eða myndum, sem þeim eru sýndar, og kunni að gera grein fyrir liffærum, gerð þeirra og störfum. Spurningar úr heilsufræði þarf ekki að leggja fyrir alla nemendur, og eigi skal velja aðalspurninguna handa nokkrum nemanda úr henni. VII. Eðlisfræði. Prófið er munnlegt, og skal nota myndir eða önnur kensluáhöld við það eftir föngum. Hverjum nemanda skal fá eitt eða tvö verkefni, eftir því hve yfirgripsmikil þau eru. Séu þau tvö, má annað þeirra vera efnafræðislegs efnis, en eigi skal það vera aðalúrlausnarefnið. VIII. Stærðfræði. Prófið er bæði munnlegt og skriflegt. a. Reikningur. Munnlega prófinu skal þannig haga, að það sýni hve vel nemendur skilji reikningsreglurnar og leikni þeirra í að hagnýta sér þær. Við skriflega prófið skulu nemendum fengin til úrlausnar að minsta kosti tvö dæmi. Skal velja þau þannig, að þeir geti beint hagnýtt sér þær reikningsreglur, sem þeir hafa lært. b. og d. Talnafræði og flatarmálsfræði. Við munnlega prófið skal einkum reyna nemendur í flatarmálsfræði, og ber við próf-

1907 18. apr.

1907 18. apr. dóminn að taka sérstaklega tillit til þess, hvort nemandinn getur gert nákvæma og skýra grein fyrir því, sem hann hefir lært. Við skriflega prófið skal fá nemendum tvö verkefni til úrlausnar. Þau skal þannig velja, að hægt sé beint að hagnýta sér við úrlausnina einhverja þá setningu, eða aðferð, sem þeim hefir verið kend í skólanum. Skal annað dæmið vera uppdráttardæmi (Konstruktion), en hitt reikningsdæmi, eða líking. Við prófdóminn skal hafa hliðsjón af því, hvernig teikningin er af hendi leyst. — 4) gr.[1]) — — — 2. kafli. Um utanskólanemendur. 9. gr. Foreldrar eða vandamenn utanskólanemanda, sem ætlað er að ganga undir burtfararpróf gagnfræðadeildarinnar, skulu senda skólameistara umsókn um það fyirr 15. dag maímánaðar, ásamt vottorði frá manni eða mönnum, sem lokið hafa burtfararprófum við hinn almenna mentaskóla eða öðrum jafngildum prófum, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið og numið. — 10. gr.[1]) Utanskólanemendur skulu hafa lesið og numið alt það, er lesið er og numið í allri gagnfræðadeildinni eða jafngildi þess, og skulu ganga undir próf í því öllu, svo og í teiknun og hannyrðum. Er kennurum skylt að haga svo prófinu í samráði við prófdómendur, að nægileg vissa fáist um það, að nemendur hafi náð tilætlaðri kunnáttu og þroska. Prófseinkunn utanskólanemenda er fullnaðareinkunn þeirra.

nr. 8 20. júlí **Tilskipun um, að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Bretlands hins mikla og Írlands** (St. A. 16).

nr. 21 16. nóv. **Lög um breyting á lögum 10. febr. 1888 um Söfnunarsjóð Íslands.**

Orðin í lögum 10. febrúar 1888 um Söfnunarsjóð Ís-

---

1) Augl. 12, $^{6}/_{4}$ 1923.

lands 20. gr. a: „og sömuleiðis það, sem, að því búnu, kynni að vera umfram 4% af höfuðstólnum“ falli burt. 1907 nr. 21 16. nóv.

Lög um umsjón og fjárhald kirkna. nr. 22 16. nóv.

1. gr. Hverja þá lénskirkju, sem sóknarprestur hefir enn fjárhald yfir, skal hlutaðeigandi söfnuði bjóða til umsjónar og fjárhalds eigi síðar en við næstu prestaskifti. Sé það samþykt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, enda samþykki héraðsfundur og biskup. — Svo má og svifta sóknarprest fjárhaldi lénskirkju og afhenda kirkjuna söfnuðinum, þó að presturinn sé því ekki samþykkur, ef héraðsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fé kirkjunnar. — **2. gr.** Þegar eigandi bændakirkju vill selja umsjón hennar og fjárráð söfnuðinum í hendur, þá getur því máli framgengt orðið, er það er samþykt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, og samþykki héraðsfundar og biskups kemur til. — **3. gr.** Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf. Greiðir sá, er kirkju hefir haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við kirkjunni og fé hennar fyrir hönd safnaðarins. Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eftirleiðis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almannafé til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun. — Ef hinn fyrverandi forráðamaður kirkjunnar eða sóknarnefnd er óánægð með úttektina, má skjóta henni til yfirúttektar. — Heimilt er sóknarnefnd að taka

1907 nr. 22 16. nóv.

við kirkju, án þess regluleg úttekt sé gjörð, ef samþykki héraðsprófastsins kemur til, og hann afhendir kirkjuna. — 4. gr. Söfnuðir þeir, sem taka að sér umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar. Skal sóknarnefndin fyrir hönd safnaðarins heimta kirkjutekjurnar saman, svo sem lög standa til, og koma kirkjusjóðnum á vöxtu. Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6% af árstekjum kirkjunnar. Þó getur söfnuðurinn veitt sóknarnefndinni alt að 10% í innheimtulaun. — 5. gr.[1]) — — — 6. gr. Með lögum þessum eru lög um umsjón og fjárhald kirkna frá 12. maí 1882 úr gildi numin.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.[2])

nr. 24 16. nóv.

1. gr. Héraðslæknir og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og stjórnarráðsins, sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þeirra, er yfirvöld skulu verja almenning. Fari svo, að hlutaðeigandi læknir geti eigi leyst það starf af hendi, eða lög þessi leggja honum á herðar, skal stjórnarráðið sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar. — Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita læknum hjálp til að koma fram ráðstöfunum þeim til varnar útbreiðslu sjúkdómsins, er nauðsynlegar eru og hægt er að koma við eftir atvikum og ástæðum á hverjum stað. — Þá er mikil hætta vofir yfir, skal landlæknir sjálfur fara þangað, sem sjúkdómurinn gengur, og líta eftir, hvort gerðar séu þær ráðstafanir, er þörf er á. — 2. gr. Ætíð skulu yfirvöld verja almenning fyrir þessum sjúkdómum: Kóleru, gulri hitasótt

---

1) L. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909.
2) Sbr. l. nr. 34, $^{6}/_{11}$ 1902.

(febris flava), útbrotataugaveiki (typhus exanthematicus), bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestis orientalis). — Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur stjórnarráðið fyrirskipað, að vörnum skuli og beita gegn þessum sjúkdómum: influenzu, barnaveiki (diftheritis, kroup), kighósta (pertussis), taugaveiki (febris typhoidea), hettusótt (parotitis epidemica) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða, eða aðrar sérstakar ástæður knýja til þess. — Eftir samráði við landlækni gefur stjórnarráðið út almennar reglur fyrir því, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er yfirvöld hafa sett varnir við þeim, og skal birta þær reglur í Stjórnartíðindunum, deildinni B[1]). — Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum. Heimilt er honum og að beita þeim til bráðabirgða, þá er upp koma sjúkdómar þeir, er taldir eru í 2. lið sömu greinar, svo framarlega sem honum þykir þörf á því, enda gjöri hann almenningi ráðstafanir sínar kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa. — Nú hefir læknir tekið upp sóttvarnir samkvæmt lögum þessum, skal hann þá skýra stjórnarráðinu frá ráðstöfunum sínum svo fljótt, sem verða má, og senda hraðboða, ef brýna nauðsyn ber til. Kveður þá stjórnarráðið á um það, með samráði við landlækni, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og tilkynnir það hlutaðeigandi lækni, svo fljótt sem verða má; skal læknirinn þegar í stað gjöra þær ráðstafanir almenningi kunnar á hinn hagkvæmasta og tryggilegasta hátt á því svæði, sem þurfa þykir. Sleppa má þó auglýsingunni meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er í húsum þeim, er talað er um í 6. gr. laga 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næm-

1907 nr. 24 16. nóv.

1) Reglur $^{12}/_{10}$ 1912.

1907 nr. 24 16. nóv.

ir sjúkdómar berist til Íslands. Auglýsingunni má einnig sleppa, meðan vafasamt þykir, hvort sjúkdómurinn teljist til sjúkdóma þeirra, er yfirvöldunum er skylt að hafa varnir við. — Þá er almennum sóttvörnum er lokið, skal það einnig gert almenningi kunnugt. — Nú hagar mislingasótt og skarlatssótt sér þannig, að sýkin verður að áliti landlæknis ekki talin skæð, og hefir náð svo mikilli útbreiðslu, að lítil líkindi eru til, að heft verði með sóttvörnum á þann hátt, sem lög þessi fyrirskipa, og er þá stjórnarráðinu heimilt með samþykki landlæknis að láta hætta þeim. — **3. gr.** Þá er ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, er talinn er í 1. lið 2. gr., getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu og jafnvel skera það upp, ef lækninum virðist þörf á því til þess að geta ákveðið, hvort yfirvöld skuli setja sóttvarnir. — **4. gr.** Farþegaskip má eigi nota til að flytja sjúklinga, er þjást af sjúkdómum, sem yfirvöldum er skylt að setja sóttvarnir við, né þá, er hafa barnaveiki eða taugaveiki, nema fylgt sé þeim fyrirmælum, er skipum þeim ber að fara eftir við slíkan flutning. — **5. gr.** Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sé einhver af þeim sjúkdómum, sem taldir eru í 2. gr. 1. eða 2. lið, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því. Þó er húsráðanda heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra, hreppsnefndarmanni, sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfélagi, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita um sjúkdóminn. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnæði um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi, eða

í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá honum. — Verði einhver þess var, að eigi hefir verið skýrt frá slíku sjúkdómstilfelli, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt. — Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður samkvæmt grein þessari að takast lengri ferð á hendur en 2 mílur alls fram og aftur, fær hann kostnaðinn endurgoldinn úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir. — **6. gr.** Nú er eigi unt að hafa sjúkling svo afskektan á heimili sínu, að óhætt sé við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá lækni heimilt að láta flytja hann á alment sjúkrahús, eða í eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingur skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og lækni að skipa svo fyrir, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli. Við flutning sjúklingsins skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unt er, án þess hætt sé við sóttnæmisútbreiðslu. — **7. gr.** Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir tillögu læknis bannað öllum utanheimilismönnum að koma á bústað hans, hús eða bæ; einnig má banna öllum heimamönnum að fara á annara manna heimili, hús eða bæi, og skal þá setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga. Banna má og að flytja af sýktu heimili matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir. — Nú er bann sett, og skal þá auglýsa það á útidyrahurð hins sýkta húss, eða á bæjarþili fast við bæjardyr, ef bær er. — Ekki má flytja sjúkling frá heimili hans, þar sem hann er undir læknisumsjón, nema fengið sé skriflegt samþykki læknisins. — Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri eftir tillögum læknis skipað fyrir, að afkvía skuli heila kaupstaði, kauptún og þorp eða hluta þeirra svo og önnur stór

1907 svæði, og skal hann annast nauðsynlegar ráðstafanir
nr. 24 um samgöngubann. — 8. gr. Heimilt er lækni að skipa
16. nóv. svo fyrir, að fram skuli fara sótthreinsun á bústöðum manna, húsum og bæjum, og lausum munum, þar er verið hefir einhver af sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 2. gr. 1. og 2. lið; nú gengur maður, eða er álitinn ganga, með einhvern af þessum sjúkdómum eða hefir átt mök við sjúklinga, svo að hætt er við, að hann beri sjúkdóminn út, og er hann þá skyldur til að ganga undir sótthreinsun með sig og muni sína, ef læknir telur nauðsyn á. — Sé það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur læknirinn látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda. — Til að hafa sótthreinsanir á hendi skal læknir ráða sótthreinsunarmann, karl eða konu, einn eða fleiri í hverjum hreppi héraðsins. Hann veitir sótthreinsunarmanni þessum næga tilsögn í sótthreinsun og semur við hann um ákveðna borgun fyrir hverja sótthreinsun, er hann leysir af hendi eftir fyrirsögn læknis. — Nú fær læknir engan hæfan mann til að taka að sér sótthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar sýslumanns, en sýslumanni er heimilt að skipa eftir tillögum læknis hvern þann innanhreppsmann, er honum sýnist, á aldrinum frá 25—50 ára, til þess að hafa sótthreinsun á hendi í 3 ár. Ef sá, sem þannig er skipaður sótthreinsunarmaður, þykist ekki geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur stjórnarráðið leyst hann frá því að gegna þessum starfa, telji það ástæður hans á rökum bygðar. Verði ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sótthreinsun, ákveður stjórnarráðið borgunina. — Kostnaður við allar sótthreinsanir eftir þessari grein skal greiddur af almannafé; þó er heimilismönnum skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst, og sótthreinsunarmaður þarf

með og heimtar; þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sótthreinsunar þurfa. — Stjórnarráðið sér um, að ætíð sé á kostnað landssjóðs fyrirliggjandi í lyfjabúðum og hjá læknum, að svo miklu leyti sem landlæknir álítur þörf á því vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar birgðir af efnum þeim, er þurfa til sótthreinsunar, og skal þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum. — **9. gr.** Nú hefir sjúkdómur, er yfirvöld hafa sett varnir við, gjört vart við sig á heimili, þar sem eru börn, er ganga í skóla, og mega þau þá ekki koma í skólann, fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sé hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefa skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki eða taugaveiki gjört vart við sig á einhverju heimili, skal þessa gætt, þótt yfirvöld hafi ekki sett varnir við sjúkdómnum. Nú gjörir einhver sá sjúkdómur, er nefndur er í 1. lið 2. gr., eða barnaveiki, eða taugaveiki, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kenslu í skólanum, þangað til læknir hefir gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út. Sama er og um hvern annan næman sjúkdóm, ef yfirvöld hafa sett varnir við honum. — **10. gr.** Í sveitum og bæjum, þar sem sjúkdómurinn gengur, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, ef læknir fer fram á það, skipað, að loka skuli skólum (almennum eða einstakra manna), og bannað almenna mannfundi, opinberar skemtisamkomur og aðrar samkomur (dansleiki, brúðkaupsveizlur og þesshättar), þar sem margir koma saman í sama húsi. Einnig má banna messur og líkfylgdir. Ráðstafanir þessar skal auglýsa á venjulegan hátt, og skal æðri yfirvöldum skýrt frá þeim, svo fljótt sem unt er. — **11. gr.** Þegar yfirvöld hafa sett varnir við næmum sjúkdómi samkvæmt lögum þessum, skal greiða lækni sömu borgun sem fyrir ferðir og störf í þarfir almenn-

1907 nr. 24 16. nóv.

ings, nema öðruvísi sé umsamið milli hans og hlutaðeigandi yfirvalds. Greiðist það af almanna fé. — Takist landlæknir ferð á hendur eftir lögum þessum, fær hann dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað úr landssjóði eins og fyrir aðrar eftirlitsferðir — **12. gr.** Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gjörðar eru samkvæmt lögum þessum, skal greiða af almanna fé, ennfremur öll útgjöld til læknis, aðhjúkrunar sjúkra manna og til meðala í sjúkdómum, er yfirvöld hafa sett varnir við, og skal slík útgjöld aldrei telja fátækrastyrk. Þó skulu þeir, er fengið hafa læknishjálp, aðhjúkrun og meðöl í heimahúsum í slíkum tilfellum, endurborga þann kostnað, ef sveitarstjórn álítur þá til þess færa, og skal hann ella tekinn tögtaki. — Skaðabætur þær, er greiða skal samkvæmt 8. gr. laga þessara, skal læknir eða sótthreinsunarmaður meta; skal hann semja lýsing á þeim munum, er lógað er, meta þá hvern um sig, og láta þessa matsgjörð fylgja sótthreinsunarreikningnum. Bæði yfirvöld og hinir, er í hlut eiga, geta krafist yfirmatsgjörðar, og meta þá 2 dómkvaddir menn. Fái eigandi, er heimtað hefir yfirmat, eigi 10% hærri skaðabætur, að minsta kosti, eftir hinni síðari gjörð, en eftir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þennan greiða af almannafé. — **13. gr.** Útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almannafé, án þess tiltekið sé, að þau skuli greiða úr sveitarsjóði (5. gr., 3. lið), skal greiða að öllu leyti úr landssjóði. — **14. gr.** Brot gegn lögum þessum eða gegn almennum eða sérstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sé ákveðin í almennum lögum — Ef maður hefir einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 1. lið 2. gr., eða barnaveiki, eða taugaveiki, eða einhvern annan sjúkdóm, er yfirvöld hafa sett varnir við, eða maður hefir dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, þar með talin skip, láta húsráðanda eða skip-

stjóra vita um sjúkdóminn. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk hegningar þeirrar, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, greiða allan sótthreinsunarkostnað, er leiðir af komu hans á heimilið eða skipið. — Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál. — **15. gr.** Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum meðal alþýðu og viðaukalög við lög 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma frá 13. septbr. 1901 eru úr gildi numin. 1907 nr. 24 16. nóv.

Lög um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar. nr. 25

1. gr. Það varðar hegningu ef einhver af ásettu ráði, eða vegna skorts á almennri varúð, veldur sliti eða skemdum á ritsíma eða talsíma neðansjávar innan eða utan landhelgi við Ísland, svo að sambandið slitnar eða truflast að öllu eða nokkru leyti. Auk þess má með einkamáli sækja hinn seka til skaðabótagreiðslu. — Þetta hegningarákvæði á ekki við slit eða skemdir, sem stafa frá athöfnum, sem einungis hafa verið framkvæmdar í þeim tilgangi að vernda líf manna eða skip frá háska, eða sem eðlilega, eða af tilviljun, hafa orsakazt af viðgjörð símanna, hvorttveggja þetta þó því að eins, að alls þess hafi verið gætt, sem unt var, til þess að komast hjá slitum eða skemdum. — **2. gr.** Þegar skip eru innan eða utan landhelgi að starfa að viðgjörð á kafsímum, og bera til sýnis þau merki, sem fyrirskipuð eru með konunglegri tilskipun, þá skulu önnur skip, sem sjá, eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemra en mílufjórðung frá aðgjörðaskipinu. Í sömu fjarlægð skal hafa net og önnur veiðarfæri; þó hafa fiskibátar 24 stunda frest til þess að haga sér eftir þeirri aðvörun, sem felst í fyrgreindum merkjum, svo að á því tímabili má eigi leggja neinar tálmanir fyrir umferð þeirra. — **3. gr.** Ennfremur skulu skip þau, er sjá eða eiga að geta séð dufl, sem lögð eru út vegna þess, að verið er að leggja síma neðansjávar eða gjöra við 16. nóv.

1907 nr. 25 16. nóv.

slit eða skemdir á þeim, halda sig eigi skemra en ¼ úr mílufjórðung frá duflum þessum. Net og önnur veiðiáhöld skal hafa í sömu fjarlægð frá duflunum. — **4. gr.** Ef skip eða bátur hefir orðið að sleppa akkeri, eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma kafsíma í landhelgi eða utan, þá á eigandi heimting á skaðabótum fyrir þetta af símaeiganda, þó að því áskildu, að skaðinn sé sannaður með gjörð, er færð sé til bókar þegar í stað, ef unt er, og staðfest af skipverjum, og að skipstjóri innan 24 stunda, frá því að skipið kemur fyrst í höfn eftir þetta, beri fram fyrir valdsmann þar skýrslu sína um skaðann. Valdsmaður skýrir síðan þeim frá málinu, sem konsúlsumboð hafa fyrir þá þjóð, er fréttaþráðareigandinn er frá. — **5. gr.** Nú er sími lagður neðansjávar, eða er undir aðgjörð í landhelgi eða utan, og veldur þetta sliti eða skemdum á öðrum síma, og á þá eigandi þess síma kröfu á hendur eiganda hins símans til endurgjalds fyrir þann kostnað, sem leiðir af viðgjörð á slitinu, eða skemdunum, svo framarlega sem slík krafa er samrímanleg við grundvallarreglur íslenzkra laga um skaðabótaskyldu. Þessi ákvæði eru alls ekki því til fyrirstöðu, að beitt sé fyrirmælum 1. gr. laga þessara. — **6. gr.** Brot gegn reglum þeim, sem settar eru 1.—3. gr. þessara laga, varða sektum eða fangelsi (26. gr. hinna almennu hegningarlaga). — Með mál út af þessum brotum skal fara sem almenn lögreglumál, og skulu þau rekin á þeim stað, þar sem skipið eða hinn seki hittist. Sektir renna í landssjóð.

nr. 26 16. nóv.

Lög um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

1.[1]) **gr.** — — — **2. gr.** Hafnarmálefnum Ísafjarðarkaupstaðar skal bæjarstjórnin framvegis ráða á þann hátt, er segir í næstu grein hér á eftir. Þó skal stjórn-

1) L. nr. 67, 1917, 32. gr.

arráð Íslands staðfesta alla taxta um hafnargjöld og setja eftir tillögum bæjarstjórnar reglugjörð til viðhalds góðu skipulagi á höfninni. — — — 3. gr. 1907 nr. 26 16. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð (St. A. 166). nr. 27 16. nóv.

Lög um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins m. m. nr. 30 16. nóv.

1. gr. Landssjóður leggur fram meðan á þarf að halda 15,000 kr. á ári sem lánsfé, til þess að koma upp sæmilegum íbúðarhúsum á prestssetrum landsins. — 2. gr.[1] — — — 3. gr. Lán samkvæmt 1. og 2. gr. eru embættislán og hefir því landsjóður veð fyrir lánsupphæðinni og vöxtum af henni í öllum tekjum embættisins, enda skal prestur altaf sitja þar sem hús er bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir slíkt lánsfé. — 4. gr. Nú sækir einhver prestur um slík lán, og skal hann þá lýsa nákvæmlega stað þeim, er hann ætlar að byggja á, svo að landsstjórnin sjái ljóslega, hversu þeim stað er í sveit komið, og hvort hússtæði er þar nokkur hætta búin af völdum náttúrunnar, svo sem af sjávargangi, skriðufalli eða öðru. — 5. gr. Sæki fleiri um lán eitthvert ár en fengið geta, skal veita lánið þeim, sem fyrstur biður um það. Sæki tveir eða fleiri jafn snemma, skal sá hafa forgöngurétt[1], er mest kynni að vilja leggja fram til byggingarinnar úr eigin sjóði. — 6. gr. — — — 7. gr.[1] — — — 8. gr. Stjórnin lætur byggingarfróðan mann skoða hvert nýbygt hús svo fljótt sem kostur er á, og síðan endurskoða það á 5 ára fresti.[1] — — — 9. gr. Nú greiðir prestur ekki áskilda afborgun og vexti í gjalddaga, og má þá landsstjórnin láta taka árgreiðsluna hjá presti með fjárnámi, án dóms eða sáttar. Svo getur og landstjórnin krafizt borgunar árgjaldsins hjá sóknarnefnd

1) Sjá l. nr. 25, $^{20}/_{10}$ 1913, 1.—5. gr.

1907 eða prófasti, eigi þau að einhverju leyti að standa presti
nr. 30 skil á tekjum hans. — **10. gr.** Nú greiðir prestur eigi iðgjald fyrir húsábyrgð samkvæmt 7. gr., og skal þá landstjórnin að vísu leggja það fram úr landsjóði til bráðabirgða, en hefir aftur lögtaksrétt fyrir því gagnvart presti. — **11. gr.** Nú ónýtist hús, er bygt hefir verið fyrir lánsfé samkvæmt lögum þessum, af einhverjum óviðráðanlegum öflum náttúrunnar svo sem jarðeldi, landskjálfta eða þvíliku, og skal þá landssjóður leggja fram efni í samskonar hús á sinn kostnað, en prestur allan annan kostnað, enda reynist hið nýja hús jafn vandað hinu eldra. — **12. gr.**[1]) — — — **13. gr.**[1]) — — — **14. gr.** Hið árlega fyrningargjald skal greiða 6. júní ár hvert, í fyrsta skifti 6. júní eftir að hús er bygt, og svo lengi sem hús stendur. — **15. gr.** Nú greiðir prestur eigi fyrningargjaldið á ákveðnum degi, og skal þá landssjóður leggja það fram til bráðabirgða, en hefir aftur lögtaksrétt fyrir því á hendur presti. — **16. gr.** Tekjur og eigur Fyrningarsjóðs skal ávaxta í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands. — **17. gr.** Nú fellur hús, sem greitt er af fyrningargjald, fyrir venjulega fyrningu, og skal Fyrningarsjóður þá innan 6 mánaða frá aðvörunardegi leggja fram alt það, sem sjóðnum hefir greiðst fyrir húsið, að viðbættum öllum vöxtum af árgjöldunum. — Nemi slit eða gallar á húsinu meiru en venjulegri fyrningu, bætir prestur það með álagi á vanalegan hátt. — **18. gr.** Stjórnin semur í byrjun hvers árs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár og birtir síðan reikninginn í B-deild Stjórnartíðindanna. — **19. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

nr. 31 **Lög um forstjórn landsímanna.**[2])
16. nóv. **1. gr.** Skipa skal forstjóra fyrir símamálefni landsins; hann stendur beint undir stjórnarráðinu. Ráðherr-

1) Sjá l. nr. 25, $^{20}/_{10}$ 1913, 6. og 7. gr.
2) L. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 16. gr.

ann ákveður starfsvið hans. — — — **2. gr.** — — — Tölu starfsmanna við landsímana ákveður stjórnarráðið. — — — **3. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908. 1907 nr. 31 16. nóv.

Lög um útgáfu lögbirtingablaðs.[1]) nr. 32 16. nóv.

1. gr. Landsstjórnin gefur út blað til þess að birta stjórnvaldaauglýsingar, innkallanir og aðrar almennar tilkynningar og skýrslur, sem eftir núgildandi lagafyrirmælum á að birta í einhverju fréttablaði í Reykjavík, er stjórnin til tekur. Í stjórnvaldablaði Íslands má og birta auglýsingar um réttarverk og yfirvaldsráðstafanir, sem ekki er lögskipuð birting á, svo og umburðarbréf og sérhvað það, er landsstjórninni þykir þörf á að gjöra almenningi kunnugt. — Í blaði þessu skal birta allar auglýsingar um seldan óskilafénað. — **2. gr.** Stjórnarráðið ákveður borgun fyrir birtingar í blaðinu, samkvæmt því, er tíðkast hefir um borgun fyrir birting stjórnvaldaauglýsinga í blöðum þeim, er fyrirskipað hefir verið að birta þær í. Ennfremur ákveður stjórnarráðið, hverjar auglýsingar og birtingar skuli vera ókeypis í blaðinu, og tiltekur söluverð þess; svo skipar það og fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá blaðið ókeypis, og hvað gjöra skuli til þess að gjöra almenningi léttara fyrir að fá vitneskju um það, er í blaðinu stendur. — **3. gr.** Stjórnarráðið heldur sérstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld lögbirtingablaðsins. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en verði tekjuafgangur, telst hann með óvissum tekjum landssjóðs. — **4. gr.** Opið bréf frá 27. maí 1859, „um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðum í vissum tilfellum", skal úr gildi felt. Birting í lögbirtingablaði Íslands skal eftirleiðis hafa sama löggildi eins og birting í þeim blöðum, sem flutt hafa stjórnvaldaauglýsingar, hefir haft til þessa. — **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. jan 1908.

1) L. nr. 35, $^{11}/_{7}$ 1911.

1907 nr. 33 16. nóv.

Lög um metramæli og vog.

1. gr. Mæli og vog skal af metrakerfi leiða á Íslandi. — Tugakerfi skal ráða í skiftingu mælis og vogar. — 2. gr. Lengd metra og þyngd kílógramms skal jafnt þeirri fyrirmynd mælistærða þessara, sem ákveðin er af allsherjarstofnuninni fyrir mæli og vog í Parísarborg. — 3. gr. Í mæli og vog skal hafa frumeiningar þær og skiftinefni, sem nú skal greina. Lengdarmál. Frumeinig lengdarmáls er metri. 1 desímetri er $^1/_{10}$ metra. 1 sentímetri er $^1/_{100}$ metra. 1 mílímetri er $^1/_{1000}$ metra. 1 dekametri er 10 metrar. 1 hektómetri er 100 metrar. 1 kílómetri er 1000 metrar. 10 kílómetrar er metramíla. Flatarmál. Frumeining flatarmáls er fermetri. Einn ari er 100 fermetrar. Einn hektari er 100 arar. Einn ferkílómetri er 100 hektarar. Rúmmál. Frumeining rúmmáls er teningsmetri. Þúsundasti hluti teningsmetra (teningsdesímetri) er lítri. 1 desilítri er $^1/_{10}$ lítra. 1 sentilítri er $^1/_{100}$ lítra. 1 dekalítri er 10 lítrar. 1 hektólítri er 100 lítrar. Vog. Frumeining vogar er 1 lítri vatns og nefnist kílógramm. 1 kílógramm er 1000 grömm. 1 desígramm er $^1/_{10}$ úr grammi. 1 sentígramm er $^1/_{100}$ úr grammi. 1 mílígram er $^1/_{1000}$ úr grammi. 1 dekagramm er 10 grömm ($^1/_{100}$ úr kílógrammi). 1 hektógramm er 100 grömm ($^1/_{10}$ úr kílógrammi). 1 tonn er 1000 kílógrömm. — Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hver íslenzk heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum og hverjar styttingar skuli hafa til þess að tákna frumeiningar þær og skiftinefni, sem talin eru í þessari lagagrein.[1]) — 4. gr. Konungur ákveður tímatakmark, er þó má eigi síðar vera en þrem árum eftir staðfesting laga þessara, en upp frá því skal eingöngu nota metrakerfi í mæli og vog við útreikning á tollgjöldum til landssjóðs og öðrum opinberum gjöldum, sem teljast í vog eða mæli.[2]) — Frá sama tíma má

---

1) Augl. $^{30}/_{12}$ 1909.
2) Augl. $^{27}/_{12}$ 1909.

nota metramæli og metravog í verzlun og viðskiftum, þegar þeim, er skiftin eiga, kemur saman um það. Að tveim árum liðnum eftir nefnt tímatakmark skal eingöngu nota metramál og metravog; þó getur konungur ákveðið, að vogarlóð og reizlur, er gjörðar eru eftir vogarkerfinu frá 1. desbr. 1865 sé notuð fyrst um sinn; svo má og framvegis nota vogarlóð þau, sem löggilt eru til meðalasölu og viktar dýrindismálma, til þess, er þau eru ætluð. Á því tímabili, þegar nota má metrakerfið jafnhliða núgildandi mæli og vog, skal í hverri þeirri búð eða byrgi, þar er verzlun er rekin í smásölu, vera upp hengd eða á annan auðveldan hátt höfð til sýnis kaupendum, tafla, staðfest af stjórnarráðinu, er sýni breytingu mælis og vogar úr einu kerfinu í annað. — Aðfluttar vörur, sem eigi er raskað umbúðum á, má hafa til sölu eftir mæli þeim og vog, sem þær eru seldar eftir í landi því, er þær fluttust frá. — 5. gr. Hlutfallið milli núgildandi mælis og vogar og metramælis og metravogar skal telja svo sem nú skal greina, bæði í opinberum erindum og einstakra manna skiftum: 1 míla á landi 7.532 kílómetra. 1 sjómíla 1.855 kílómetra (1 vika sjávar 7.408 kílómetra). 1 faðmur 1.8831 metra. 1 alin 0.6277 metra. 1 fet 0.31385 metra. 1 þumlungur 2.615 sentímetra. 1 lína 2.18 mílímetra. 1 fermíla 56.7383 ferkílómetra. 1 túndagslátta 0.31914 hektara. 1 engjateigur (dagslátta) 0.56736 hektara. 1 ferfaðmur 3.546 fermetra. 1 feralin 0.394 fermetra. 1 ferfet 0.0985 fermetra. 1 ferþumlungur 6.84 fersentímetra. 1 teningsfet 0.030916 teningsmetra. 1 brennifaðmur (72 teningsfet) 2.226 teningsmetra. 1 pottur ($\frac{1}{32}$ teningsfet) 0.9661 lítra. 1 almenn tunna (lýsistunna 120 pottar) 1.1593 hektólítra. 1 öltunna (136 pottar) 1.3139 hektólítra. 1 korntunna (144 pottar) 1.3912 hektólítra. 1 kornskeppa 17.39 lítra. 1 anker (39 pottar) 37.68 lítra. 1 skippund 160 kílógrömm. 1 pund 0.5 kílógrömm. 1 tunna smjörs (224 pund) 112 kílógrömm. — Þegar reiknað er aðflutningsgjald og útflutningsgjald skal þó,

1907 nr. 33 16. nóv.

1907 nr. 33 16. nóv.

ef ekki er öðruvísi ákveðið í sérstökum lögum, telja 1 pott sama sem 1 lítra. — Stjórnarráð Íslands getur, ef þörf gjörist, sett nánari ákvarðanir um hlutföllin milli metrakerfis og núgildandi mælis og vogar, þar á meðal um styttan tugabrotareikning við útreikning annara opinberra gjalda. — **6. gr.** Brot á móti næstsíðustu málsgrein 4. greinar varða sektum til landssóðs frá 5—50 kr., og skulu mál út af þeim brotum rekin sem opinber lögreglumál. — **7. gr.** Eldri lagaákvæði um mæli og vog, sem koma í bága við þessi lög, eru úr gildi feld jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda samkvæmt 4. gr, — Tilsk. 25. júní 1869 um mæling skipa og önnur lagaákvæði um það efni skulu þó óhögguð standa.

nr. 34 16. nóv.

Lög um skipun læknishéraða o. fl.[1])

1. gr. Íslandi skal skift í 43 læknishéruð, þau er hér segir: 1. Reykjavíkurh rað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi, að meðtaldri Engey og Viðey. Læknissetur í Reykjavík. — Læknirinn í h raði þessu er ennfremur skyldugur til, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Kjósar- og Kjalarneshreppi. 2. Hafnarfjarðarhérað: Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog, Mosfellsheppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur í Hafnarfirði. 3. Skipaskagahérað: Ytri Akraneshreppur, Innri Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Strandarhreppur. Læknissetur á Skipaskaga. 4. Borgarfjarðarhérað: Skorradalshreppur, Andakílshreppur,Lundareykjadalshreppur,Reykholtsdalshreppur Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur. 5. Borgarneshérað:Borgarneshreppur, Álftaneshreppur,Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur. Læknis-

1) L. nr. 40, $^{11}/_{7}$ 1911.

setur í Borgarnesi. 6. Ólafsvíkurhérað: Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis og Neshreppur innan Ennis. Læknissetur í Ólafsvík. 7. Stykkishólmshérað: Eyrarsveit, Stykkishólmshreppur, Helgafellshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur. Læknissetur í Stykkishólmi. 8. Dalahérað: Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar. 9. Reykhólahérað: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. 10. Flateyjarhérað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði. Læknissetur í Flatey. 11. Patreksfjarðarhérað: Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur og Barðastrandarhreppur vestan Vatnsdalsár. Læknissetur í Patreksfjarðarkauptúni. 12. Bíldudalshérað: Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur. Læknissetur í Bíldudalskauptúni. 13.[1]) Þingeyrarhérað: Vestur-Ísafjarðarsýsla. Læknissetur á Þingeyri. 14. Ísafjarðarhérað:[2]) Hólshreppur, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur. Læknissetur í Ísafjarðarkaupstað. 15. Hesteyrarhérað: Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur á Hesteyri. 16. Strandahérað:[3]) Strandasýsla að undanskildum Bæjarhreppi. 17. Miðfjarðarhérað: Húnvatnssýsla vestan Gljúfurár, og Bæjarhreppur í Strandasýslu. 18. Blönduóshérað: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár. Læknissetur á Blönduósi. 19. Sauðárkrókshérað: Skefilsstaðahreppur, Sauðárhreppur, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Ripurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki. 20. Hofsóshérað: Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi. 21. Siglufjarðarhérað: Hvanneyrarhreppur. Læknissetur í Siglufjarðarkauptúni. 22. Svarfdæla-

1907 nr. 34. 16. nóv.

1) L. nr. 59, $^{30}/_{7}$ 1909.
2) L. nr. 60, $^{30}/_{7}$ 1909 og l. nr. 77, $^{28}/_{11}$ 1919.
3) L. nr. 45, $^{27}/_{6}$ 1921.

1907 nr. 34 16. nóv.

hérað: Þóroddstaðahreppur, Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur innan við Hillur. Læknissetur í Dalvík. 23. Akureyrarhérað: Arnarneshreppur innan við Hillur, Skriðuhreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Illugastaðasókn í Hálshreppi. Læknissetur í Akureyrarkaupstað. 24. Höfðahverfishérað: Grýtubakkahreppur, Flateyjarhreppur, Draflastaða- og Hálssóknir í Fnjóskadal. 25. Reykdælahérað: Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. 26. Húsavíkurhérað: Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldælahreppur, Húsavíkurhreppur og Grímsey. Læknissetur í Húsavík. 27. Axarfjarðarhérað: Kelduneshreppur, Axarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. 28. Þistilfjarðarhérað: Svalbarðshreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn. 29. Vopnafjarðarhérað: Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur í Vopnafjarðarkauptúni. 30. Hróarstunguhérað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. 31. Fljótsdalshérað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár fyrir ofan Gilsá, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur og Vallahreppur. 32. Seyðisfjarðarhérað: Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Mjóafjarðarhreppur. Læknissetur í Seyðisfjarðarkaupstað. 33. Reyðarfjarðarhérað:[1]) Norðfjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur. Læknissetur í Eskifjarðarkauptúni. 34. Fáskrúðsfjarðarhérað: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur og Norðurdalur í Breiðdalshreppi. Læknissetur í Búðakauptúni. 35. Berufjarðarhérað: Breiðdalshreppur að undanskildum Norðurdal, Beru-

1) L. nr. 40, $^{11}/_{7}$ 1911.

neshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi. 36. Hornafjarðarhérað: Austur-Skaftafellssýsla að undanskildum Hofshreppi. 37. Síðuhérað: Hofshreppur, Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Álftavershreppur og Skaftártunguhreppur. 38. Mýrdalshérað: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur. 39. Vestmannaeyjahérað: Vestmannaeyjar. 40. Rangárhérað: Rangárvallasýsla, að undanskildum Austur og Vestur-Eyjafjallahreppum. 41. Eyrarbakkahérað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka. 42. Grímsneshérað: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Þingvallahreppur. 43. Keflavíkurhérað: Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalaneshreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík. — Ráðherra getur, eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda, gjört breytingu á takmörkunum milli hinna einstöku læknishéraða, og verða læknar að sætta sig við þá breytingu endurgjaldslaust. — Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök, að hægra er að ná til hans en viðkomandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldu til að vitja sjúklingsins, eins og héraðsbúi hans ætti í hlut. — **2. gr.** Konungur skipar héraðslækna í héruð þau öll, er talin eru í 1. gr. — Auk þess skulu skipaðir aðstoðarlæknar héraðslæknunum í Ísafjarðarhéraði og Akureyrarhéraði. Aðstoðarlækna þessa skipar ráðherra. — Í þeim héruðum, þar sem lög þessi ekki kveða beint á um það, hvar læknissetrið skuli vera, skal héraðslæknir skyldur til að setjast þar að, er ráðherra ákveður með ráði viðkomandi sýslunefndar eða sýslunefnda. — Héraðslæknarnir í

1907 nr. 34 16. nóv. Reykjavíkurhéraði, Ísafjarðarhéraði, Akureyrarhéraði og Seyðisfjarðarhéraði skulu skyldir að takast á hendur án sérstakrar borgunar lækniseftirlit við sóttvarnarhús þau, er þar eru bygð samkvæmt 6. gr. laga 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands. — 3. gr.[1]) — — — 6. gr. Lög 13. oktbr. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. eru úr gildi numin. — 7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

nr. 35 16. nóv. **Lög um ákvörðun tímans.**

1. gr. Hvervetna á Íslandi skal telja eyktir eftir meðal sóltíma á 15. lengdarstigi fyrir vestan Greenwich. —2. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

nr. 36 16. nóv. **Lög um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.**

1. gr. Í hverri kirkjusókn landsins skal vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju héraðsnefnd til að annast þau kirkjuleg málefni, sem sóknina og prófastsdæmið varða. — 2. gr. Sóknarnefndin skal halda að minsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins. — Aukafundi skal halda þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það. — Sóknarnefndin kýs sér oddvita úr sínum hóp. Oddviti stýrir fundum nefndarinnar, en að öðru leyti skifta nefndarmenn störfum með sér. — Sóknarnefndin skal gefa presti kost á, að sækja fundi sína. — 3 . gr. Safnaðarfund skal boða með hálfs mánaðar fyrirvara, á kirkjufundi eða á annan hátt, sem tíðkanlegur er í sókninni. — Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum manna, skal sóknarnefnd boða fund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna í söfnuðinum sækir ekki fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þó að meiri hluti kjósenda sé ekki mættur. — Um mál þau, er að lögum liggja undir samþykki safn-

1) L. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 34. gr., sbr. 12. gr.

aðarfundar, skal sóknarnefndin auglýsa tillögur sínar um leið og fundurinn er boðaður. Sóknarnefndin ber síðan tillögurnar fram til samþyktar á fundinum, og má þá þær einar breytingar á þeim gjöra, er sóknarnefndin aðhyllist. — Afl atkvæða ræður málsúrslitum á safnaðarfundum. — **4. gr.** Aðalsafnaðarfund skal ætíð halda í maímánuði, eða fyrri hluta júnímánaðar. Til hins fyrsta aðalfundar eftir að lög þessi koma í gildi kveður í hverri sókn sóknarnefnd sú, er þar var seinast kosin, og stjórnar hún honum og stendur fyrir kosningu nýrrar sóknarnefndar. — Á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa menn í allar sóknarnefndir á landinu. Þar sem 1,000 manns eða fleiri eru í sókninni, skal kjósa 5, en þar sem færri eru, 3. — **5. gr.** Hver sóknarmaður, karl eða kona, sem telst til þjóðkirkjunnar, er fullveðja og hefir óflekkað mannorð, hefir atkvæðisrétt á safnaðarfundi og kosningarrétt og kjörgengi til sóknarnefndar, kjörgengi þó því að eins, að löglega eigi með sig sjálfur. — **6. gr.** Kosningin gildir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, skulu, að þrem árum liðnum, 2 eða 3 ganga úr nefndinni, eftir því hvort tala nefndarmanna er 3 eða 5. — Geti nefndarmenn ekki komið sér saman um, hverjir úr skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fara frá að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávalt hinar tvær deildir nefndarmanna frá 3. hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá sérlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosinn fyrir, skal sá, er kosinn verður í hans stað, að eins sitja í nefndinni þann tíma af þeim 6 árum, sem eftir er. Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur að taka aftur við kosningu, fyr en liðinn er jafnlangur tími, og hann hafði verið í nefndinni. Þessi ákvörðun á einnig við gömlu sóknarnefndirnar, við fyrstu sóknarnefndarkosningar eftir lögum þessum (sbr. 4. gr.). — Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu.

1907 nr. 36 16. nóv.

— 7. gr. Sóknarnefndin skal, auk starfa þeirra, sem henni eru eða verða fengin með sérstökum lögum, stuðla til þess, að guðsþjónusta safnaðarins fari sómasamlega fram, vera prestinum til aðstoðar í því, að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, styðja með honum kristindómsfræðslu ungmenna og vera honum samhent um, að halda uppi samlyndi og friðsemi á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum. — 8. gr. Sóknarnefndin annast kirkjusöng og hljóðfæraslátt samkvæmt lögum nr. 21, frá 22. maí 1890, og útvegar meðhjálpara við guðsþjónustuna. — **9. gr.** Sóknarnefndin annast um kirkjugarða, samkvæmt lögum nr. 39, frá 8 . nóv. 1901. — **10. gr.** Nú hefir söfnuður umsjón og fjárhald kirkju, og skal þá sóknarnefnd hafa á hendi skyldur þær, er af því leiða — **11. gr.**[1]) Skyldu vinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er bygð, skal sóknarnefnd jafna niður. Hafa skal nefndin og umsjón með því, hvernig verkinu er hagað. — **12. gr.** Nú hefir sóknarnefnd tekið að sér innheimtu kirkjutekna, samkvæmt lögum nr. 20, frá 22. maí 1890, og fer um þá innheimtu eins og segir í nefndum lögum.[2]) — **13. gr.** Sóknarnefndin hefir á hendi innheimtu sóknartekna samkvæmt lögum um laun presta.[2]) — 14. gr. Sóknarnefndin býr til kjörskrá til prestskosninga og tekur að öðru leyti þann þátt í undirbúningi undir kosningu presta, sem mælt er fyrir um í lögum um það efni. — **15. gr.** Sóknarnefnd hver heldur: 1. Gjörðabók, er rita skal í nákvæma skýrslu um það, er gjörist á fundum nefndarinnar og á safnaðarfundum, svo og bréf, er hún ritar, og 2. Sjóðbók (kassabók), er rita skal í skýrslur um peninga, er nefndin tekur móti og greiðir út, og alla reikninga, — Bækur þessar löggildir prófastur, en andvirði þeirra jafnar sóknarnefndin niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn. — **16. gr.** Á aðalsafn-

1) Sjá l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 5. gr.
2) Sjá l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909.

aðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sókn- 1907
ina til 6 ára í senn, enda séu safnaðarfulltrúar kosnir nr. 36
um land alt á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðl- 16. nóv.
ast gildi. Um kosningu hans og kjörgengi gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um kosningu sóknarnefndarmanna í 5. gr. — Safnaðarfulltrúar hafa 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru utan heimilis vegna héraðsfunda, og jafnar sóknarnefndin þeim kostnaði niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn. — 17. gr. Héraðsprófastur skal á ári hverju, í júní eða september, halda héraðsfund og kveðja til fundarins alla presta og safnaðarfulltrúa héraðsins, til að ræða og útkljá þau kirkjuleg málefni, er héraðið varða. — Prófastur stýrir fundinum. — 18. gr. Þá er héraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa í því héraði eru á fundi. Það mál er samþykt á héraðsfundi, sem hlotið hefir meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. — 19. gr. Prófastur leitar álita fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni. Á fundinum leggur prófastur fram endurskoðaða reikninga kirkna í héraðinu fyrir síðastliðið reikningsár, til umræðu og úrskurðar. — 20. gr. Hverjum fundarmanni er rétt að bera upp á héraðsfundi tillögur sínar um sérhvert það atriði, er lýtur að kirkjulegum málum og skipun þeirra, svo sem uppeldi og kristindómsfræðslu barna, reglu og siðsemi í söfnuðinum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptöku, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknum og prestaköllum. — Allar samþyktir héraðsfundar sendir prófastur biskupi. Ef fundarmenn úr sóknum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt, að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþyktina, og er prófasti skylt, að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með fundarsamþyktinni. — 21. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908 og eru lög nr. 5, frá 27. febrúar 1880, lög nr. 11, frá 12. maí 1882, að því er snertir

1907 nr. 36 16. nóv. byggingu kirkna, og lög nr. 18, frá 16. sept. 1893 jafnframt úr gildi numin.

nr. 38 16. nóv. **Lög um stofnun lagaskóla á Íslandi.**

1. gr.[1]) – – – 4. gr. Þeir einir, sem leysa af hendi próf við skólann, eiga aðgang að embættum þeim hér á landi, er lögfræðingar skipa.[2]) Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra manna, sem tekið hafa lögfræðispróf við Kaupmannahafnarháskóla áður en 3 ár eru liðin frá því er lagaskólinn tekur til starfa.

nr. 39 16. nóv. **Lög um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga.**

1. gr. Þegar maður er dæmdur samkvæmt hinum almennu hegningarlögum til hegningar, sem eigi er þyngri en sektir eða fangelsi, enda séu málsbætur fyrir hendi, svo sem æska, góð hegðun undanfarið, hreinskilin játning, afbrotið smáfelt og skaðabætur greiddar eða boðnar fram, má kveða svo á í dóminum, að fullnustu hans skuli fresta. Frestun má vera því skilyrði bundin, að dómþoli greiði þeim, er misgjört var við, skaðabætur innan ákveðins tíma, og eftir atvikum, að honum verði komið fyrir á siðbætandi heimili, er nánara sé til tekið. — Sæti dómfeldi innan 5 ára frá fullnaðar-uppsögn slíks skilorðsbundins dóms ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé hann í því máli dæmdur til þyngri hegningar en sekta, þá skal hann einnig sæta hegningu þeirri, er frestað var. Að öðrum kosti fellur niður fullnægjugjörð dómsins. Sé síðara afbrotið, er svo þung hegning var við lögð, ekki framið af ásettu ráði, ákveður dómarinn eftir öllum málavöxtum, hvort eldra dóminum skuli fullnægt eða ekki. — Nú er afbrot drýgt innan hinna ákveðnu 5 ára, en mál eigi höfðað fyr en þau eru liðin, og skal þá skilorðs-

1) L. nr. 35, $^{30}/_{7}$ 1909.
2) Sjá l. nr. 36, $^{11}/_{7}$ 1911, 4. gr.

brotið tekið til greina sem hegningarauki, þá er hegningin fyrir hið nýja afbrot er metin. — Ef skilyrði, sem sett eru fyrir hegningarfrestun samkvæmt öðrum lið 1. málsgreinar, er rofið, skal dómþoli einnig sæta hegningunni, nema hann sanni, að hann hafi eigi getað fullnægt skilyrði dómsins af ástæðum, sem honum verður eigi gefin sök á. Þegar svo stendur á, getur dómþoli krafist úrskurðar hins sama dómstóls, sem áður hefir dæmt í málinu, um það, hvort dómi skuli fullnægt, eða skilorðið falla burt, eða því skuli eftir atvikum breytt. Úrskurði þessum getur dómþoli eigi áfrýjað til æðri réttar. — **2. gr.** Verði hegningu, sem frestað hefir verið, eigi fullnægt, telst henni sætt við dómsuppsögn. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn nýtur þá dómþoli allra réttinda, er fást með uppreist á æru, án þess uppreist sé veitt. — **3. gr.** Nú sætir maður, sem feldur hefir verið til skilorðsdóms, innan 5 ára frá fullnaðar-uppsögn dómsins, ákæru í opinberu máli fyrir hegningarvert athæfi, er hann hefir drýgt, áður en skilorðsdómurinn var uppkveðinn yfir honum í héraði, og lögð er við önnur hegning en sú, sem fresta má fullnustu á samkvæmt 1. gr., og skal rétturinn þá ákveða nýja hegningu í einu lagi fyrir bæði afbrotin, sbr. 63. og 65. gr. hinna almennu hegningarlaga. — Sé hins vegar hegning sú, sem á við það brot, er síðar kemst upp, þess eðlis, að kveða megi upp skilorðsbundinn hegningardóm fyrir brotið, þá skal rétturinn, að athuguðum þeim málavöxtum, sem fram eru teknir í 1. gr., úrskurða, hvort ákveða beri hegningu, er þegar verði fullnægt í einu lagi, eða hvort uppkveða eigi nýjan skilorðsbundinn hegningardóm. — **4. gr.** Í niðurlagi hvers skilorðsbundins hegningardóms skal með skírskotun til laga þessara, með berum orðum taka fram, að hegningin falli niður eftir 5 ár, ef haldin séu skilorð laganna og dómsins. — **5. gr.** Börn skulu eigi sæta hegningu fyrir afbrot,, sem þau drýgja innan fullnaðs 14 ára aldurs, en í þess stað skal, eftir að venjuleg sakamálsrannsókn hefir farið

1907 nr. 39 16. nóv.

fram, beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum gegn slíkum börnum, svo sem með því að beina aðvörun til barnsins og forsjármanns þess, með því að skipa áreiðanlegan mann eða konu, er til þess er fús og fallin, til þess að hafa umsjá með forsjármanni að því er snertir uppeldi barnsins, með fyrirskipun um, að forsjármaður barnsins skuli veita því hæfilega refsingu í heimahúsum undir því eftirliti, sem fullnægjandi er talið, eða með því, að koma barninu fyrir annarstaðar á góðu heimili í sveit, ef um kaupstaðarbörn er að ræða, þannig, að uppeldisrétturinn sé fenginn í hendur þar til hæfum manni. Þyki þetta síðastnefnda eigi nauðsynlegt, skal forsjármanni þó jafnan tjáð, að hann megi búast við því, að barnið verði tekið frá honum og fengið öðrum til uppeldis, ef hinum fyrirskipuðu ráðstöfunum er eigi hlýtt, eða það að öðru leyti þyki nauðsynlegt vegna barnsins. — Um þær ráðstafanir, sem eigi lúta að því að taka barnið burt frá heimili þess og koma því fyrir annarstaðar, getur lögreglustjóri tekið ákvörðun. Úrskurði hans geta foreldrar eða forsjármaður þó áfrýjað til stjórnarráðsins. Ákvörðun um, að barni skuli komið burt frá heimili þess og að uppeldisrétturinn skuli tekinn af foreldrum eða þeim, sem hafa hann að lögum, og falinn öðrum, verður því að eins framkvæmd, að stjórnarráðið skipi svo fyrir, nema foreldrar eða forsjármaður samþykki. Fyrirskipa má, að slík ráðstöfun skuli haldast til 18 ára aldurs, og þyki stjórnarráðinu sérstakar ástæður til bera, getur það ákveðið, að dvöl ungmennisins á tilteknum stað utan heimilis þess skuli haldast alt að því 3 ár fram yfir þann tíma. — Við sakamálsrannsókn gegn börnum má ekki setja þau í gæzluvarðhald, nema ómögulegt sé að ná tilganginum með því að fela áreiðanlegum mönnum eftirlit með barninu. Allan kostnað, sem leiðir af uppeldis- og öryggisráðstöfunum þeim, er um ræðir í þessari grein, skal greiða eftir sömu reglum og annan sakamálskostnað, og skal framfærslumaður endurgreiða

landssjóði framfærslukostnað til 16 ára aldurs samkvæmt reglum fátækralaganna. — **6. gr.** Ákvæði þau, sem gilda um málshöfðun og hegningu fyrir afbrot, er drýgð eru af unglingum, sem eru frá 15 til 18 ára að aldri, skulu einnig gilda um þau afbrot, sem unglingar á 14 til 15 ára aldri fremja, með þeirri einni breytingu, að ef pilti á þessum aldri er dæmd hýðing, þá skal hún á lögð með vendi en eigi með reyrpriki. — Ef álíta má, að hegning unglings, sem er frá 14 til 18 ára að aldri, fari ekki fram úr lágu stigi hegningarvinnu, getur stjórnarráðið ákveðið, að málshöfðun skuli falla niður með því skilyrði, að sakborning sé komið fyrir á góðu heimili í sveit um tiltekinn árafjölda, alt að fullum 21 árs aldri, og að hann þann tíma sé háður eftirliti, er hæfa þykir, svo sem umsjón tiltekinna manna, félaga eða stofnana, er til þess þykja fallin, eða á annan hátt. Til slíkrar ráðstafanar þarf ekki samþykki foreldra eða forsjármanns. Geri hinn seki sig á þessum tíma beran að nýjum glæp, eða brjóti hann í einhverju verulegu gegn þeim reglum, sem settar eru af hinni skipuðu tilsjón, skal málið tekið upp að nýju eftir fyrirskipun stjórnarráðsins. Kostnaður við þessar ráðstafanir greiðist á sama hátt sem sakamálskostnaður. Um endurgjald á framfærslukostnaði fer eins og segir í niðurlagi 5. greinar. — **7. gr.** Þær breytingar, sem lög þessi hafa inni að halda á fullnustu hegningar og ákvæði um afbrot barna og unglinga, skulu koma til framkvæmda í öllum málum, sem fá endileg dómsúrslit eftir að lög þessi ganga í gildi. Þó koma ákvæðin í 6. gr., um afbrot unglinga á 14—15 ára aldri, eigi til framkvæmda um brot, sem drýgð eru áður lögin öðlast gildi, ef hinn seki verður við það fyrir þyngri hegning heldur en eftir lögum þeim, sem nú eru í gildi.

1907 nr. 39 16. nóv.

Lög um verndun fornmenja.

1. kafli. Skifting fornmenja og skýr-

nr. 40 16. nóv.

1907 nr. 40 16. nóv.

ingar orða. — **1. gr.** Fornmenjar eru annaðhvort staðbundnar eða lausar eða hvorttveggja. — Staðbundnar fornmenjar eru í lögum þessum nefndar fornleifar, en lausar fornmenjar forngripir. — Þær fornmenjar, sem eru hvorttveggja, staðbundnar og lausar, teljast til fornleifa og nefnast lausar fornleifar. — **2. gr.** Til fornleifa teljast: a. Þingbúðarústir, gömul mannvirki á fornum þingstöðum, sögustöðum og öðrum merkisstöðum, sem nokkurs er um vert fyrir menningarsögu landsins, rústir af hofum, hörgum og hverskonar blótstöðum frá heiðni, af kirkjum og kirkjugörðum, kapellum og bænahúsum, forn vígi eða rústir af þeim, forn garðlög, rústir af fornum bæjum, seljum, búpeningshúsum, farmannabúðum, naustum og öðrum fornbyggingum, enn fremur fornir öskuhaugar. b. Fornar grafir, haugar, dysjar og leiði í jörðu eða á, er menn hafa verið grafnir, heygðir eða dysjaðir í. c. Hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af mannahöndum. d. Áletranir og myndir gjörðar af manna höndum á jarðfasta steina eða berg eða annað jarðfast efni. e. Fornar kirkjur, bæjarhús og önnur hús, sem ekki framar eru notuð til þess, sem upphaflega var til ætlazt. f. Alt annað, er telja má til fornra mannvirkja. — **3. gr.** Til lausra fornleifa teljast: a. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum haugum, dysjum eða leiðum, þar á meðal leifar af líkömum manna og dýra. b. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum hofrústum, eða hafa verið notaðir í hofum, svo sem blótbollar og því um líkt. c. Öll minningarmörk dáinna manna, bautasteinar, legsteinar, krossar, minnisvarðar og annað þess háttar, sem ekki er jarðfast, og eins þó að eitthvað af þessu hafi verið jarðfest með steinlími eða öðru af mannavöldum. — **4. gr.** Til forngripa teljast: a. Lausir steinar, sem mannaverk eru á og ekki komast undir 3. grein, svo sem steinar með fangamörkum eða öðrum áletrunum eða myndum. b. Allskonar fornir kirkjugripir. c. Forn handrit, skjöl

og bréf úr skinni eða pappír d. Allskonar gamlar myndir og gripir með myndum eða letri á. e. Fornir peningar, úr hverjum málmi sem er. f. Gamlir dúkar, ofnir eða saumaðir, ábreiður, bönd og allskonar forn vefnaður og hannyrðir, fornir vefstólar eða partar af þeim og öll forn áhöld, er til hannyrða hafa verið höfð eða vefnaðar. g. Allskonar fornir skrautgripir og listasmíði, úr hverju efni sem er. h. Gamlir búningar og búningsskraut karla og kvenna, þar á meðal hringir, belti og því um líkt, ennfremur allskonar gömul vopn, hlífar, verjur, hnífar o. s. frv. i. Allskonar gamall húsbúnaður og búsáhöld, þar á meðal borðbúnaður og reiðskapur, fornar matarleifar, forn skip, skipspartar og skipabúnaður, ef það kemst ekki undir 3. grein, forn smíðatól, veiðarfæri og önnur forn verkfæri og því um líkt. j. Gömul taflborð og taflmenn og önnur tafláhöld. k. Fjalir og stokkar úr fornum húsum og hirzlum. l. Allir gamlir munir, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á. — 2. kafli. Um fornleifar. — **5. gr.** Fornmenjavörður skal semja skrá yfir allar fornleifar, taldar í 2. grein, sem nú eru kunnar og honum þykir ástæða til að friða, og skal tiltaka staðinn svo nákvæmlega, sem unt er. Nú kemst fornmenjavörður að raun um, að fornleifar, sem hann telur nauðsyn á að friða, séu til á einhverjum stað, og skal hann þegar taka þær á fornleifaskrá. — **6. gr.** Allar þær fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, skulu friðaðar, og sér stjórnarráðið um, að friðhelginni sé þinglýst á því þingi, er hver einstök fornleif liggur til. Friðhelgi telst frá þinglýsingardegi. — Ef landeigandi eða ábúandi verður fyrir nokkru tjóni við það, að friðhelgi er á lögð, skal greiða skaðabætur úr landssjóði. Nú rís ágreiningur milli þess, er hlut á að máli, og stjórnarráðsins um það, hvort nokkrar skaðabætur skuli greiða eða um upphæð skaðabóta, og skulu óvilhallir, dómkvaddir menn skera úr því máli. Skaðabótakröfur skulu komnar til stjórnarráðsins, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þinglýsingardegi, ella falla

1907 nr. 40 16. nóv.

þær niður. — **7. gr.** Allar lausar fornleifar, sem taldar eru í 3. grein og eru eldri en 150 ára, eru friðaðar án þinglýsingar, og eru eign landsins. Fornleifar þessar skal setja á sérstaka skrá, svo fljótt sem því verður við komið. — **8. gr.** Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi né leiguliði né nokkur annar, spilla, granda né breyta, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyft sé í lögum þessum, og skal þá fara eftir þeim reglum, sem lögin setja. — **9. gr.** Skyldur er ábúandi eða leiguliði að gjöra lögreglustjóra viðvart, ef friðuð fornleif liggur undir skemdum af völdum náttúrunnar eða er skemd af manna völdum. Gjörir þá lögreglustjóri þær bráðabirgða-ráðstafanir, sem þarf til að varna skemdum, og skýrir þegar stjórnarráðinu frá málavöxtum, en stjórnarráðið ákveður með ráði fornmenjavarðar, hvað gjöra skuli. Aðgjörðin greiðist úr landssjóði, nema skemdin sé af manna völdum; þá greiðir sá, er skemdi. — Vilji landeigandi eða leiguliði gjöra jarðrask það nokkuð, er haggar við friðuðum fornleifum, eða gjöra nokkuð það, er þeim geti spilt, skal hann skýra lögreglustjóra frá því og um leið lýsa fornleifunum og gjöra skýra grein fyrir þeim breytingum, er hann vill gjöra. Þá skýrslu ber þegar að senda til stjórnarráðsins, er ákveður með ráði fornmenjavarðar hvað gjöra megi og með hvaða skilmálum. — Ef landeigandi eða leiguliði við gröft eða á annan hátt finnur fornleifar, er teljast verða til menja þeirra, er nefndar eru í 2. eða 3. gr., skal hann jafnskjótt skýra frá því, eins og nú var sagt, og líti út fyrir, að um mikilsverðar fornleifar sé að ræða, skal hætta vinnu að svo miklu leyti, sem hún kann að hagga við fornleifunum, þangað til úrskurður stjórnarráðsins er fenginn. Bætur fyrir tjón það, er af því kann að leiða, að vinnu er hætt, greiðast úr landssjóði, og skera óvilhallir dómkvaddir menn úr, ef ágreiningur verður um skaðabæturnar. — Grasi vaxnar fornmenjar, sem nú eru slegnar eða beittar, má framvegis nota á þann hátt, ef engin

hætta er á, að þær spillist við það. — **10. gr.** Ef ómögulegt er að komast hjá því að eyða eða spilla fornleifum við vegagjörð eða önnur mannvirki í þarfir landsins, sýslu eða sveitar, nema þá með mjög mikilli fyrirhöfn og kostnaði, skal verkstjóri eða það stjórnarvald, sem hlut á að máli, skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum, áður en nokkuð er haggað við fornleifunum, og ákveður þá stjórnarráðið, hvað gjöra skuli. — **11. gr.** Stjórnarráðið hefir ætíð rétt til að gjöra eða láta gjöra alt það, er því þykir þörf á vera til þess að rannsaka fornleifar með grefti eða á annan hátt, eða til verndar fornmenjum, viðhalds eða endurbóta, en þó skal eiganda eða umráðanda jafnan gjört viðvart um það áður. Eftir gröft og aðrar rannsóknir, er jarðraski valda, skal sá, er rannsókn stýrði, koma öllu í samt lag aftur, nema honum þyki betur fara á annan veg. — Valdi slíkar rannsóknir eða aðgjörðir eigendum eða umráðendum fornleifanna nokkru tjóni eða tilkostnaði, skal sá skaði bættur úr landssjóði, ef krafist er. Náist samkomulag ekki um skaðabætur, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum. 3. kafli. Um forngripi. **12. gr.** Hver sá, er finnur forngripi í jörðu eða á, er skyldur til að skýra lögreglustjóra þegar í stað nákvæmlega frá fundinum. Jafnframt skal hann afhenda lögreglustjóra það, sem fundist hefir, nema hætt sé við, að það skemmist í flutningnum, þá skal hann varðveita það á þann hátt, sem hann best getur, unz lögreglustjóri ráðstafar því. Ef líkur eru til, að fleiri forngripir þeir, er mikilsverðir eru, muni dyljast á fundarstaðnum, skal finnandi við engu hagga, en skýra þegar lögreglustjóra frá. Fundarstað skal finnandi jafnan greina skilmerkilega. — Ef forngripur finst við mannvirki þau eða störf, sem framkvæmd eru samkvæmt 10. grein, skal finnandi afhenda hann verkstjóra eða því stjórnarvaldi, sem hlut á að máli, og skal viðtakandi gefa lögreglustjóra nákvæma skýrslu um fundinn og fari með, sem að framan er greint. Nú finst

1907 nr. 40 16. nóv.

1907 nr. 40 16. nóv.

forngripur við rannsókn þá eða aðgjörð, sem getur í 11. grein, og skal þá sá, er rannsókninni eða aðgjörðinni stýrir, annast um hlutinn og sjá um, að hann komist til Forngripasafns Íslands og að ágrip af skýrslu um fundinn sé birt, sem síðar segir (sbr. 14. grein). — Skylt er lögreglustjóra að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku forngrips, ef þess er óskað. — **13. gr.** Jafnskjótt sem lögreglustjóri hefir fengið skýrslu um fund forngrips, skal hann skýra þeim manni eða mönnum frá, sem land eiga undir, þar sem forngripur fanst, og jafnframt senda stjórnarráðinu skýrsluna með þeim viðaukum frá sjálfum sér, sem honum virðast nauðsynlegir. Enn fremur sendir hann þá forngripi, sem honum hafa verið afhentir, til stjórnarráðsins, nema hætt sé við, að þeir skemmist í flutningi, þá skal lögreglustjóri geyma gripina, uns stjórnarráðið ráðstafar þeim. — Ef lögreglustjóra virðast líkur til, að fleiri forngripir muni dyljast þar, sem forngripur fanst, skal hann geta þess í skýrslu sinni til stjórnarráðsins og sjá um, að engu verði rótað á fundarstaðnum, þangað til rannsókn getur fram farið. — **14. gr.** Ágrip af þeim skýrslum um fundna forngripi, sem stjórnarráðið fær frá lögreglustjóra eða þeim manni, er rannsókn eða aðgjörð stýrir samkvæmt 11. grein (sbr. 13. og 12. grein), svo framarlega sem líkur eru til, að nokkur geti sannað eignarrétt sinn að forngripunum, skal birta þrisvar í því blaði, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með áskorun til eiganda, ef nokkur sé, að gefa sig fram. — Alla þá forngripi, sem nefndir eru í fundarskýrslu, skal fornmenjavörður taka á sérstaka skrá, og skulu þeir geymdir á sérstökum stað í Forngripasafni Íslands, unz útséð er um, hvort eigandi finst (sbr. 15. og 16. grein). — **15. gr.** Nú gefur eigandi sig fram, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, og sannar eignarrétt sinn, og skal þá afrenda eiganda hann gegn því, að hann greiði lögbirtingarkostnað, en jafnframt skal forn-

menjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef honum þykir hann þess verður, og legst þá á hann sú kvöð, er þeirri skrásetning er samfara. — **16. gr.** Nú líða svo 4 mánuðir frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, að enginn eigandi leiðir sig að honum, og verður hann þá eign landssjóðs að þriðjungi, finnanda að þriðjungi, og að þriðjungi eign þess, sem land á undir, þar sem hluturinn fanst. — Ef gripurinn hefir fundist við framkvæmd á vegagjörðum eða öðrmannvirkjum, samkvæmt 10. grein, eða í almenningum, afréttarlöndum, eða á heiðum uppi, sem ekki teljast til heimalanda, telst landssjóður sem landeigandi, og sömuleiðis ef hann hefir fundist á kirkjujörðum, eða ef hreppsfélag, sýslufélag eða bæjarfélag á land undir; eignast landssjóður þá forngripinn að tveim þriðjungum, en finnandi að þriðjungi. — Ef forngripur hefir fundist við rannsókn þá eða aðgjörð, er ræðir um í 11. grein,, telst landssjóður sem finnandi og eigandi gripsins að tveim þriðjungum, en landeigandi að þriðjungi, nema um þá hluti sé að ræða, sem eru óskift eign landsins samkvæmt 7. gr. — Ef fleiri eru finnendur en einn, skiftist eignarrétturinn að finnanda þriðjungi jafnt milli þeirra. Ef landeigendur eru fleiri en einn, skiftist eignarrétturinn að landeiganda þriðjungi milli þeirra í réttri tiltölu við eign hvers eins í landinu. — **17. gr.** Ef finnandi leynir fundi forngrips og skýrir ekki lögreglustjóra frá honum (sbr. 12 gr.), eða spillir honum eða lógar af ásettu ráði, telst það sem ólögleg meðferð á fundnu fé eða skemd á eigum annara, og fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga 249., 296. og 298. grein, enda missir þá finnandi tilkall til síns þriðjungs. — **18. gr.** Landssjóður á kauprétt að þeirri hlutdeild í fundnum forngrip, sem hann á ekki, eftir mati fornmenjavarðar. Því mati getur meðeigandi skotið til stjórnarráðsins, og nefnir það þá til 3 óvilhalla lögmetendur, er vit hafa á forngripum, og skal standa við mat þeirra. Sé það hærra en mat fornmenja-

1907 nr. 40 16. nóv.

1907 nr. 40 16. nóv.

varðar, greiðir landssjóður kostnað við yfirmatið, en ella áfrýjandi. — Ef forngripurinn er úr gulli eða silfri, eða sé um silfurpeninga eða gullpeninga að ræða, skal meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði, og fær meðeigandi landssjóðs, eða meðeigendur, að réttri tiltölu, ef fleiri eru, það andvirði óskert, eins og landssjóður ætti ekkert í. — Ef kaupréttar landssjóðs er eigi neytt áður ár sé liðið frá því, er lögreglustjóra var skýrt frá fundinum og sé fornmenjaverði eða stjórnarráði um dráttinn að kenna, missir landssjóður eignarréttar til síns hluta í forngripnum, og skal þá afhenda hann meðeiganda, eða meðeigendum, landssjóðs gegn borgun lögbirtingarkostnaðar, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef hann telur hann þess verðan, og fellur þá á hann sú kvöð, sem þeirri skrásetningu er samfara. — Ef fornmenjavörður telur fundinn forngrip einskisverðan fyrir menningarsögu landsins, eignast finnandi og landeigandi hann að helmingi hvor, og skal þá afhenda þeim hann gegn kvittun þeirra, jafnskjótt sem lögbirtingarfrestur er liðinn, ef þeir vitja hans. En vitji þeir hans ekki áður fjórir mánuðir eru liðnir frá því, er þeim var skrifað um, að landið mundi eigi nota kauprétt sinn, má lóga hlutnum. — **19. gr.** Fornmenjavörður skal setja þá forngripi, sem einstakir menn eiga, á sérstaka forngripaskrá, ef eigendur beiðast þess eða leyfa. Skal beiðnin eða leyfið vera skriflegt og undirskrifað af eiganda í viðurvist vitundarvotta eða lögbókanda (notarii publici) og geymist í skjalasafni Forngripasafnsins. Á þessa skrá skal fornmenjavörður og setja alla forna kirkjugripi, svo fljótt sem því verður við komið, og þarf ekki neitt leyfi til þess, ennfremur þá gripi, sem á þessa skrá skal setja samkvæmt 15. og 18. grein. — Þá muni, sem á þessa skrá eru settir, skal auðkenna með sérstöku skrásetningarmarki, ef því verður við komið, án þess að gripurinn skemmist við. — **20. gr.** Þeir forngripir, sem á

skrá standa, eru friðaðir á sama hátt og friðaðar fornleifar (sjá 8. gr.). Þó er eiganda heimilt, að flytja þá úr stað, en ekki af landi burt. — Ef eigandi gefur öðrum skrásettan forngrip, skal hann láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin. — Forngripasafnið á forkaupsrétt að skrásettum forngrip, og skal eigandi því ávalt bjóða fornmenjaverði hlutinn, áður en hann selji öðrum hann, ella er sala ógild og fellur þá hluturinn ókeypis til Forngripasafnsins. Nú notar Forngripasafnið eigi forkaupsrétt sinn, þá má eigandi selja hlutinn, en þó skal hann láta fornmenjavörð vita, hverjum hann selur. — Ef skrásettur forngripur gengur að erfðum, skal skiftaráðandi eða, ef erfingjaskifti eru, þá erfingi sá, er eignast gripinn, láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin. — Í hvert skifti, sem eigandaskifti verða að skrásettum forngrip, skal ávalt láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin, ella er eignarheimildin ógild, og fellur þá hluturinn endurgjaldslaust til Forngripasafnsins. — Fornmenjavörður skal ávalt geta þess í forngripaskrá, ef eigandaskifti verða að skrásettum forngrip. — 4. kafli. Um útflutning fornmenja og geymslu. **21. gr.** Engar fornmenjar, eldri en 150 ára, má flytja úr landi, nema með leyfi stjórnarráðsins. Sé vafi á um aldur slíkra hluta, sker fornmenjavörður úr. — **22. gr.** Allir forngripir, sem landssjóður eignast eftir lögum þessum eða á annan hátt, skulu geymdir í Forngripasafni Íslands. Þó skal Landsbókasafnið eða Landsskjalasafnið taka við fornum handritum, skjölum og bréfum. — 5. kafli. Almenn ákvæði. **23. gr.** Ef fundi forngrips er leynt, varðar eftir 17. gr. Önnur brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 20 til 500 kr.; auk þess má taka munina eða andvirði þeirra af hinum seka. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál. — **24. gr.** Stjórnarráðið skipar sérstakan fornmenjavörð, og hefir hann jafnframt umsjón með Forngripasafninu. Fornmenjavörður skal hafa .... kr. í árslaun. Fela má

1907 nr. 40 16. nóv. stjórnarráðið fornmenjaverði að hafa á hendi og framkvæma að öllu eða nokkru leyti þau réttindi eða störf, sem því eru lögð í lögum þessum, þó þannig, að jafnan geti sá, sem óánægður er með ákvæði fornmenjavarðar, skotið málinu til stjórnarráðsins. — **25. gr.** Opið bréf 7. ágúst 1752, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi numin.

nr. 44 16. nóv.

Lög um gjafsóknir m. m.

1. gr. Stjórnarráðið veitir gjafsókn bæði fyrir undirrétti og yfirrétti. — **2. gr.** Gjafsókn má veita kirkjum, sjúkrahúsum og stofnunum, sem ætlaðar eru fátækum til framfærslu, og ennfremur snauðum mönnum, sem fátækravottorð hafa frá hlutaðeigandi sveitarstjórn og sóknarpresti. — **3. gr.** Þá er beiðst er gjafsóknar, kemur málstaður beiðanda til álita. — **4. gr.** Gjafsókn nær eigi einungis til aðalmálsins, heldur og til vitnaleiðslu og annara dómstarfa, er af því leiða. — **5. gr.** Kostnaður af gjafsóknarmálum, sem eftir fullnaðardómi á að greiða af almannafé, lúkist úr landssjóði. — **6. gr.** Stjórnarráðið má og veita öðrum en þeim, sem taldir eru í 2. gr., gjafsókn, að því er snertir borgun til setudómara fyrir störf hans og ferðakostnað. — Slíka gjafsókn má því að eins veita, að gjafsóknarbeiðandi færi fram líkur fyrir því, að málstaður hans sé góður, að málefni það, er deilt er um, sé áríðandi fyrir hann, og að ekki verði eða hafi orðið hjá því komist, að fá setudómara skipaðan, ef málið skyldi fram ganga. — Að öðru leyti fer um gjafsókn þá, er um ræðir í þessari grein, eins og um almenna gjafsókn samkvæmt 1. gr. til 5. gr. þessara laga. — **7. gr.** Lög 12. júlí 1878 um gjafsóknir og tilskipun 27. sept. 1799, um takmörk prentfrelsisins, 10. gr. 1. og 2. liður og 11. gr., eru úr gildi numin.

nr. 45 16. nóv.

Lög um skipun prestakalla.

1. gr. Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú

skal greina: I. Norður-Múlaprófastsdæmi. 1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn. 2. Hof í Vopnafirði: Hofs og Vopnafjarðarsóknir. 3. Hofteigur: Hofteigs, Brúar og Möðrudalssóknir. 4. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar, Hjaltastaðar og Eiðasóknir. 5. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar og Áss-sóknir. 6. Desjarmýri: Desjarmýrar, Njarðvíkur og Húsavíkursóknir. II. Suður-Múlaprófastsdæmi. 7. Dvergasteinn: Vestdalseyrar og Klippstaðarsóknir. 8. Mjóifjörður: Brekkusókn. 9. Vallanes: Vallaness og Þingmúlasóknir. 10. Norðfjörður: Nessókn. 11. Hólmar í Reyðarfirði: Hólma og Eskifjarðarsóknir. 12. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðarsókn. 13. Eydalir: Eydala og Stöðvarsóknir. 14. Hof í Álftafirði: Hofs og Djúpavogs, Berufjarðar og Berunessóknir. III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi. 15. Bjarnanes: Bjarnaness og Stafafellssóknir. 16. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar og Einholtssóknir. 17. Sandfell: Sandfells og Hofssóknir. IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi. 18. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka og Kálfafellssóknir. 19. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar, Langholts og Grafarsóknir. 20. Mýrdalsþing: Höfðabrekku, Reynis og Skeiðflatarsóknir. V. Rangárvallaprófastsdæmi. 21. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla, Ásólfsskála og Stóradalssóknir. 22. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð: Breiðabólsstaðar og Hlíðarendasóknir. 23. Landeyjaþing: Kross, Voðmúlastaða og Sigluvíkursóknir. 24. Oddi: Odda, Stórólfshvols og Keldnasóknir. 25. Landprestakall: Skarðs, Haga og Marteinstungusóknir. 26. Kálfholt: Kálfholts, Áss, Háfs og Árbæjarsóknir. 27. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn. VI. Árnesprófastsdæmi. 28. Stórinúpur: Stóranúps, Hrepphóla og Ólafsvallasóknir. 29. Hruni: Hruna og Tungufellssóknir. 30. Torfastaðir: Torfastaða, Haukadals, Bræðratungu, Úthlíðar og Skálholtssóknir. 31. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells, Miðdals, Klausturhóla og Búrfellssóknir. 32. Þing-

1907 nr. 45 16. nóv.

vellir: Þingvalla og Úlfljótsvatnssóknir. 33. Hraungerði: Hraungerðis, Laugardæla og Villingaholtssóknir. 34. Stokkseyri: Stokkseyrar, Eyrarbakka og Gaulverjabæjarsóknir. 35. Arnarbæli: Arnarbælis, Hjalla, Reykja og Strandarsóknir. VII. Kjalarnessprófastsdæmi. 36. Staður í Grindavík: Staðar, Krísuvíkur og Kirkjuvogssóknir. 37. Útskálar: Útskála, Hvalsness og Njarðvíkursóknir. 38. Garðar á Álftanesi: Garða, Bessastaða og Kálfatjarnarsóknir. 39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir. 40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir. VIII. Borgarfjarðarprófastsdæmi. 41. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar og Leirársóknir. 42. Garðar á Akranesi: Skipaskaga og Innrahólmssóknir. 43. Hestþing: Hvanneyrar, Bæjar, Lundar og Fitjasóknir. 44. Reykholt: Reykholts, Stóra-Áss, Gilsbakka og Síðumúlasóknir. IX. Mýraprófastsdæmi. 45. Stafholt: Stafholts, Hjarðarholts, Hvamms og Norðtungusóknir. 46. Borg: Borgar, Álftaness og Álftártungusóknir. 47. Staðarhraun: Staðarhrauns, Akra og Kolbeinsstaðasóknir.[1]) X. Snæfellsnessprófastsdæmi. 48. Staðarstaður: Staðarstaðar, Búða, Miklaholts og Rauðamelssóknir. 49. Nesþing: Ólafsvíkur, Ingjaldshóls og Hellnasóknir.[2]) 50. Setberg: Setbergssókn. 51. Helgafell: Stykkishólms, Helgafells og Bjarnarhafnarsóknir. 52. Breiðabólsstaður á Skógarströnd: Breiðabólsstaðar og Narfeyrarsóknir. XI. Dalaprófastsdæmi. 53. Suðurdalaþing: Sauðafells, Snóksdals, Stóravatnshorns og Hjarðarholtssóknir. 54. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms, Staðarfells og Dagverðarnessóknir. 55. Staðarhóll: Staðarhóls, Skarðs og Garpsdalssóknir. XII. Barðastrandarprófastsdæmi. 56. Flatey: Flateyjar og Múlasóknir. 57. Staður á Reykjanesi: Staðar, Reykhóla og Gufudalssóknir. 58. Brjánslækur:

---

1) L. nr. 27, $^{20}/_{10}$ 1917, 1. gr.
2) L. nr. 27, $^{20}/_{10}$ 1917, 2. gr.

Brjánslækjar og Hagasóknir. 59. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals, Breiðuvíkur og Saurbæjarsóknir. 60. Eyrar: Eyra og Stóra-Laugardalssóknir. 61. Bíldudalur: Bíldudals og Selárdalssóknir. XIII. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. 62. Rafnseyri: Rafnseyrar og Álftamýrarsóknir. 63. Dýrafjörður: Sanda, Hrauns, Mýra og Núpssóknir. 64. Holt í Önundarfirði: Holts, Kirkjubóls og Sæbólssóknir. 65. Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði. XIV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. 66. Ísafjörður: Ísafjarðarsókn og Hólssókn í Bolungarvík.[3]) 67. Ögurþing: Ögurs og Eyrarsóknir. 68. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdalssóknir. 69. Staður í Grunnavík: Staðarsókn. 70. Staður í Aðalvík: Staðarsókn. XV. Strandaprófastsdæmi. 71. Árnes: Árnessókn. 72. Staður í Steingrímsfirði: Staðar og Kaldrananessóknir. 73. Tröllatunga: Tröllatungu, Fells og Óspakseyrarsóknir. 74. Prestsbakki: Prestsbakka og Staðarsókn í Hrútafirði. XVI. Húnavatnsprófastsdæmi. 75. Melstaður: Melstaðar, Kirkjuhvamms, Staðarbakka og Núpssóknir. 76. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar og Vesturhópshólasóknir. 77. Breiðabólsstaður í Vesturhópi: Breiðabólsstaðar og Víðidalstungusóknir. 78. Þingeyraklaustur: Þingeyra, Undirfells og Blönduóssóknir. 79. Auðkúla: Auðkúlu og Svínavatnssóknir. 80. Bergstaðir: Bergstaða, Bólstaðarhlíðar og Holtastaðasóknir. 81. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða, Hofs og Spákonufellssóknir. XVII. Skagafjarðarprófastsdæmi. 82. Hvammur í Laxárdal: Hvamms og Ketusóknir. 83. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar og Sauðárkrókssóknir. 84. Glaumbær: Glaumbæjar og Víðimýrarsóknir. 85. Mælifell: Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjarsóknir. 86. Miklibær: Miklabæjar, Silfrastaða og Flugumýrarsóknir. 87. Viðvík: Viðvíkur, Hóla, Hofstaða og Rípursóknir. 88.

1907 nr. 45 16. nóv.

3) L. nr. 36. $^{27}/_{6}$ 1925.

1907 nr. 45 16. nóv. Fell í Sléttuhlíð: Fells og Hofssóknir. 89. Barð í Fljótum: Barðs, Holts og Knappsstaðasóknir. XVIII. Eyjafjarðarprófastsdæmi. 90. Grímsey: Miðgarðasókn. 91. Hvanneyri: Hvanneyrarsókn. 92. Kvíabekkur: Kvíabekkjarsókn. 93. Vellir í Svarfaðardal: Valla, Stærra-Árskógs, Tjarnar, Urða og Upsasóknir. 94. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla, Bægisár, Bakka og Myrkársóknir. 95. Akureyri: Akureyrar, Lögmannshlíðar og Glæsibæjarsóknir. 96. Grundarþing: Grundar, Munkaþverár, Kaupangs, Saurbæjar, Möðruvalla, Miklagarðs og Hólasóknir. XIX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi. 97. Laufás: Laufáss, Svalbarðs, Grenivíkur og Þönglabakkasóknir. 98. Háls í Fnjóskadal: Háls, Illugastaða, Draflastaða og Brettingsstaðasóknir. 99. Þóroddsstaður: Þóroddsstaðar og Ljósavatnssóknir. 100. Skútustaðir: Skútustaða, Reykjahlíðar og Lundarbrekkusóknir. 101. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar, Ness, Einarsstaða og Þverársóknir. 102. Húsavík: Húsavíkursókn. XX. Norður-Þingeyjarprófastsdæmi. 103. Skinnastaður: Skinnastaðar, Garðs, Presthóla og Víðihólssóknir. 104. Svalbarð í Þistilfirði: Svalbarðs og Ásmundarstaðasóknir. 105. Sauðanes: Sauðanessókn. — **2. gr.** Í Reykjavíkurprestakalli skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar, dómkirkjuprestur og annar prestur honum jafnhliða. Landstjórnin, í samráði við biskup, skipar fyrir um aðstöðu þeirra hvors til annars, samband sín á milli og verkaskiftingu í söfnuðinum.[1]) — **3. gr.** Landsstjórnin hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt sem því verður við komið. — **4. gr.** Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla eða leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá mál það koma fyrir safnaðarfund eða safnaðafundi, ef fleiri en einn

1) Stjr.br. $^{28}/_{5}$ 1909.

söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin við kemur að eins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðirnir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðirnir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki héraðsfundur tillögu safnaðarfundar (eða safnaðafunda), er rétt, að landstjórnin, í samráði við biskup, veiti leyfi til að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga. — **5. gr.** Þegar lénskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju, eða þeirra kirkna, sem söknin er lögð til. Svo er og um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta), og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa. — **6. gr.** Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908. Frá sama tíma eru úr gildi numin: Lög um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880. Lög frá 4. nóv. 1881 um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla. Lög frá 12. jan. 1884, um breytingu á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar og Vestur-Skaftafellsprófastsdæmum. Lög frá 2. nóv. 1885, um breyting á 1. gr. í lögunum frá 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Lög frá 22. marz 1890, um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandarprófastsdæmum. Lög frá 22. marz 1890, um breyting á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla. Lög frá 24. nóvbr. 1893, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla. Lög frá 13. desbr. 1895, um breyting á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla. Lög frá 5. desbr. 1899 um breyting á lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

1907 nr. 45 16. nóv.

Lög um laun sóknarpresta. nr. 46

1. gr.[1]) — — — **2. gr.**[2]) — — — **3. gr.** Auk launa 16. nóv.

1) L. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 22. gr., sbr. l. nr. 16, $^{13}/_{6}$ 1925.
2) L. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 34. gr.

1907 nr. 46 16. nóv.

þeirra, sem ákveðin eru í undanförnum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eftir gildandi lögum, þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfir þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk. — **4. gr.** Þar sem presturinn hefir hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrétti á því framvegis. — **5. gr.** Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjald á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans, samkv. 1. og 2. gr., undir sjálfum sér, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgjörð, er fari fram 10. hvert ár. — **6. gr.** Ákvæðisverð gjalda þessara um næstu 2 ár eftir að lög þessi öðlast gildi, fer eftir mati því, er fram fór 1899. En ákvæðisverð fyrir næsta 10 ára tímabil þar á eftir skal finna þannig: Jafnskjótt eftir að lög þessi öðlast gildi, skal prestur hver senda prófasti tvíritaða skýrslu um afgjald prestsetursins, að fráskildu íbúðarhúsi, með arði af lóðargjöldum á landi þess, ítökum og prestsmötu, eftir fyrirmynd, er biskup semur, sem og matsgjörð dómkvaddra manna. Skýrsla þessi skal einnig bera með sér, hverju tekjugreinar þær, sem þar hafa taldar verið, hafi numið, hver um sig, næstu 5 ár á undan. — **7. gr.** Þá er skýrslur þær, sem nefndar eru í 6. gr., eru komnar til prófasts, sendir hann landsstjórninni annað eintak þeirra. En stjórnin setur síðan í krónutali — samkvæmt skýrslum þessum — ákvæðisverð á tekjur þær, sem nefndar eru í 5. gr. Skal svo á sama hátt ávalt undirbúa ákvæðisverð í hönd farandi 10 ára tímabils. — Skýrslu um ákvæðisverð þetta í öllum prestaköllum landsins skal birta í Stjórnartíðindunum, þegar er það er ákveðið, og auk þess senda hverjum presti og hverri sóknarnefnd sérprentun af skýrslunum. — **8. gr.** Hreppstjóri hefir umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og ítökum þeim,

er presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eftir- 1907
gjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim innan þriggja nr. 46
mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau eftir 16. nóv.
ráðstöfun stjórnarráðsins. Í umboðslaun fá hreppstjór-
ar 6% af eftirgjöldunum.[1]) — **9. gr.** Hreppstjórar hafa
byggingarráð á kirkjueignum þeim, er þeir hafa umráð
yfir, samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur; þó skal
bygging á jörðum því aðeins fullgild, að sýslumaður
hafi ritað samþykki sitt á byggingarbréfið. — Þegar
kirkjujarðir eru framvegis bygðar, skal eftirgjaldið á-
kveðið í peningum og gjaldagi 31. desbr. ár hvert. Ef
lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en
leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávalt ákveð-
inn leigutími til nefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um
byggingarlóðir sé að ræða, og er slíkur leigusamningur
eigi fullgildur, nema samþykki landstjórnarinnar komi
til. — **10. gr.** Hreppstjóranum ber að hafa eftirlit með
því, að kirkjujarðirnar séu vel setnar, og að ekkert
gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefir og fylgja
ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún
eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan
hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leigu-
liði láti eigi innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um
skör fram, og er það á hreppstjórans ábyrgð, ef hann
vanrækir þetta. Eftirlit með prestssetrum og úttekt á
þeim fer eftir sömu reglum og hingað til. — **11. gr.**
Jafnóðum og launaákvæði laga þessara koma til fram-
kvæmda í hverju prestakalli fyrir sig, skal fram fara
skoðun á öllum þeim kirkjueignum, er hreppstjóri á
við að taka eftir 8. gr., og fer skoðun sú fram eftir regl-
um er stjórnarráðið setur.[2]) — — — **12. gr.**[3]) — — —
18. gr. Sóknarnefndarmenn bera allir ábyrgð á því, að

1) Reglugj. $^{6}/_{8}$ 1908 fyrir hreppstj. um umsjón yfir kirkju-
jörðum.

2) Reglur $^{25}/_{8}$ 1908 um skoðun við afhending kirkjujarða
í hendur hreppstjórum.

3) Sjá l. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 13. gr.

1907 nr. 46 16. nóv.

reikningurinn sé réttur, og að full skil séu gjörð fyrir fé því, er sóknarnefndinni ber að inheimta. — **19. gr.** Prófastur yfirskoðar reikninga sóknarnefndanna og gjörir við þá athugasemdir, sem honum þykir ástæða til. Athugasemdir þessar sendir hann sóknarnefndinni og ber henni að svara þeim tafarlaust. Prófastur úrskurðar síðan reikninginn, en vilji sóknarnefnd eigi hlíta þeim úrskurði, getur hún skotið honum til landstjórnarinnar, er fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Svo getur og landstjórnin af eigin hvötum breytt úrskurði prófasts. — Sóknartekjureikningarnir í hverju prófastsdæmi skulu sendast til landstjórnarinnar. — **20. gr.** Prófastur hefir umsjón með því, að prestar í prófastsdæmi hans fái laun sín greidd samkvæmt lögum þessum. — **21. gr.** Þar sem tekjur þær, sem prestur tekur undir sjálfum sér samkv. 5. gr. hrökkva eigi fyrir launum hans, ávísar prófastur honum af sóknartekjunum í prestakalli hans eða af niðurjöfnunargjaldi svo miklu, sem með þarf. Hrökkvi sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið eigi, greiðir prófastur presti það, sem á vantar, af fjárhæð þeirri, er hann fær úr prestlaunasjóði samkvæmt 22. gr. — Nú nema tekjur þær, sem presturinn tekur undir sjálfum sér, samkv. 5. gr. meiru en launum prestsins, og skilar hann þá fyrir fardaga því, sem umfram er til prófasts. — **22. gr.** Prófastur sendir landstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sér, og um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið það árið, fyrir lok nóvembermánaðar, og greiðir landstjórnin þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þá fjárhæð, sem samkvæmt skýrslunni vantar til þess að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár. — **23. gr.** Prófastur skal gjöra ársreikning fyrir hvert fardagaár yfir tekjur þær og útgjöld, sem hann hefir haft á hendi fyrir prestlaunasjóðinn, og sendir síðan reikninginn ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninginn. — **24. gr.** Tekjur prest-

launasjóðs eru þessar: 1. Eftirgjald af fasteignum prestakallanna, arður af ítökum og prestsmata. 2. Sóknartekjur.[1]) — — — 3. Vextir af innstæðufé eða peningum prestakallanna. 4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fé það, sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eftirlaun sín af hinum öðrum tekjum sjóðsins. 5. Sektir samkvæmt lögum. — **25. gr.** Landstjórnin stjórnar prestlaunasjóðnum, gjörir árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindunum. — **26. gr.**[2]) — — — Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eftir eldri ákvæðum, en óskar þó að verða leystur frá innheimtu á sóknartekjunum, er sóknarnefndum skylt að taka þessa innheimtu að sér eftir 12.—19. gr. laga þessara. — Um borgun fyrir bráðabirgðaþjónustu prestakalla fer eftir hinum almennu reglum um laun settra embættismanna, miðað við byrjunarlaun.[3]) — Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, eru öll lagaákvæði, er koma kynnu í bága við þau, úr gildi numin.

1907 nr. 46 16. nóv.

Lög um laun prófasta.[4])

nr. 47 16. nóv.

1. gr. Auk þeirra launa, sem prófastar hafa hingað til haft fyrir starfa sinn samkvæmt gildandi lögum, skulu þeim veitt úr prestlaunasjóði ákveðin árslaun svo sem segir í lögum þessum. — **2. gr.** Árslaun þau, sem gjört er ráð fyrir í 1. gr., ákveðast þannig: Prófastarnir í Norður-Múlaprófastsdæmi, Suður-Múlaprófastsdæmi, Rangárvallaprófastsdæmi, Árnesprófastsdæmi, Kjalarnessprófastsdæmi, Snæfellsnessprófastsdæmi, Barðastrandarprófastsdæmi, Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, Húnavatnsprófastsdæmi, Skagafjarðarprófastsdæmi, Eyja-

1) L. nr. 40, $^{30}/_{7}$ 1909, 1. gr.
2) L. nr. 39, $^{30}/_{7}$ 1909 og l. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 34. gr.
3) Sbr. tilsk. $^{3}/_{2}$ 1836, IV og l. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 3. og 4. gr.
4) L. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 22. gr., sbr. l. nr. 16, $^{13}/_{6}$ 1925.

1907 nr. 47 16. nóv. fjarðarprófastsdæmi og Suður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 200 kr. hver. Prófastarnir í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi, Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, Borgarfjarðarprófastsdæmi, Mýraprófastsdæmi, Dalaprófastsdæmi, Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, Strandaprófastsdæmi og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 100 kr. hver. — **3. gr.** Prestar tilnefna prófastsefni á sama hátt og nú, en landstjórnin skipar prófasta með ráði biskups.

nr. 48 16. nóv.

Lög um ellistyrk presta og eftirlaun.[1])

1. gr. Hver sá, er fengið hefir veiting fyrir prestsembætti hér á landi, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða, og skal prestur árlega verja 2% af föstum byrjunarlaunum sínum í því skyni. – **2. gr.** Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landstjórnin tekur gildan, en trygging fyrir lífeyri skal kaupa í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Landstjórnin geymir eignaskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni. — **3. gr.** Landssjóður ábyrgist greiðslu árgjaldanna samkvæmt 1. gr., en hefir aftur lögtaksrétt, samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, gagnvart kaupanda ellistyrksins eða lífeyrisins. — **4. gr.** Þegar prestur fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum, og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann og keypt sér æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hluta af honum. Sá ellistyrkur, sem prestur á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign. — **5. gr.** Auk ellistyrks eða lífeyris samkvæmt 1.—4. gr., skal prestur hver, er veitt hefir verið prestsembætti, hafa rétt til árlegra eftirlauna, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, sem honum er ósjálfrátt um. — **6. gr.** Eftirlaun nema 15 kr. fyrir hvert þjón-

2) L. nr. 51, $^{27}/_{6}$ 1921.

ustuár, talið frá veitingu prestsembættis, og greiðast úr prestlaunasjóði. Sjötugur prestur á rétt á að fá lausn frá embætti með eftirlaunum eftir lögum þessum. — **7. gr.** Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig, eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, fær 360 kr. að árlegum eftirlaunum, þótt hann hafi ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eftirlaun hans nemi því. — **8. gr.** Prestur sá, er fyrirgjörir kjóli og kalli, missir rétt til eftirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aftur, og hefir hann þá rétt til eftirlauna eftir 5. og 6. gr. — **9. gr.** Nú hefir prestur fengið eftirlaun, og missir hann þau: 1, ef hann fær aftur embætti, er ekki fylgja lægri laun en eftirlaunin. 2, ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annara ríkja. 3, ef hann tekur sér bústað í öðru ríki án samþykkis konungs. 4, ef hann verður sannur að því, að hafa kastað trú þjóðkirkjunnar. 5, ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svift mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, hvort sem brotið hefir verið framið áður en hann fekk lausn frá embætti eða eftir það. — **10. gr.** Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakalli til ábúðar, og skal hann þá eiga forgangsrétt fyrir öðrum að öðru jöfnu. — **11. gr.** Ákvæðin í 1.—4. gr. ná eigi til presta þeirra, sem nú sitja í embætti, meðan þeir halda sama embætti og launakjörum sínum annars óbreyttum, en að öðru leyti öðlast lögin gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir prestar, sem fá lausn frá þeim tíma eða síðar, fá eftirlaun eftir lögum þessum. Þó halda þeir prestar, er kunna að eiga tilkall til hærri eftirlauna, eftir hingað til gildandi lögum, rétti sínum óskertum. Eftirlaun uppgjafapresta þeirra, sem fengið hafa lausn áður en lög þessi ganga í gildi, og taka eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af fyrverandi embættum sínum, greiðast úr prestslaunasjóði jafnóðum og prestaköll þau losna, sem eftirlaununum eiga að svara, eða á annan hátt kom-

1907 nr. 48 16. nóv. ast undir ákvæði hinna nýju launalaga. Uppgjafaprestar halda þeim eftirlaunum úr landssjóði, er þeir hingað til hafa notið. — Lög nr. 4, frá 27. febr. 1880, um eftirlaun presta, og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi, ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ganga fram.

nr. 49 16. nóv. **Lög um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.**[1])

1. gr. Hver prestur í þjóðkirkjunni, sem hefir rétt til eftirlauna og kvænzt hefir innan 60 ára aldurs, er skyldur að tryggja ekkju sinni árlegan lífeyri, er ekki sé minni en 300 kr. — Kosti lífeyririnn prestinn meira en 65 kr. á ári, greiðist það, sem umfram er, úr landssjóði, eigi prestur í hlut, sem situr í embætti þegar lög þessi ganga í gildi. — **2. gr.** Lífeyrinn skal kaupa hjá lífsábyrgðarstofnun ríkisins, enda geymir landstjórnin eignarskírteini fyrir lífeyrinum. — **3. gr.** Landssjóður ábyrgist, að iðgjöldin eða sá hluti þeirra, sem presti ber að leggja fram samkvæmt 1. gr., verði greidd í gjalddaga, en hefir aftur lögtaksrétt, samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, fyrir þeim framlögum sínum á hendur presti. Nú deyr prestur og landssjóður hefir ekki getað komið fram lögtaki fyrir iðgjaldi, og má þá landssjóður halda inni af lífeyri ekkjunnar því, er hann lagði fram fyrir prest, en ekki náði með lögtaki. — **4. gr.** Ekki má gefa prest innan 60 ára aldurs saman í hjónaband, fyr en presturinn hefir sannað með vottorði prófasts síns, að hann hafi sent landstjórninni beiðni til lífsábyrgðarstofnunarinnar um að mega kaupa lífeyri handa ekkju sinni. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs. — **5. gr.** Nú er hjónabandi prests slitið til fulls, og fellur þá jafnframt niður framfærsluskylda hans eftir lögum þessum. — **6. gr.** Deyi prestur frá jólum til fardaga, á ekkjan heimt-

1) L. nr. 51, $^{27}/_{6}$ 1921.

ing á ábúð hálfs prestssetursins fyrir sjálfa sig afgjaldslaust næsta fardagaár. Þó nær réttur þessi ekki til hlunninda hálflendunnar, svo sem æðardúns, selveiði, fuglatekju og þess háttar. — **7. gr.** Nú æskir ekkja eftir prest, er dó í embætti, að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hún þá eiga forgangsrétt fyrir öðrum að öðru jöfnu. — **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir, sem fá veitingu fyrir prestsembætti frá þeim tíma eða síðar, eru skyldir að sjá fyrir ekkjum sínum samkvæmt lögum þessum. Þær ekkjur, sem samvæmt hingað til gildandi lögum hafa fengið eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af embættum manna sinna, skulu, jafnóðum og hin eftirlaunaskyldu prestaköll losna, eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga, fá þau eftirlaun sín greidd úr landssjóði, svo sem þær ekkjur, er fengið hafa eftirlaun sín úr landssjóði að öllu eða nokkru leyti, einnig halda eftirlaununum óbreyttum. Loks greiðist og úr landssjóði eftirlaun ekkna eftir þá presta, sem deyja í þeim embættum, er þeir höfðu, er lög þessi ganga í gildi. — Lög nr. 13, frá 3. oktbr. 1884 og lög nr. 36, frá 13. des. 1895 ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ná gildi. — Svo er og konungsbréf 5. júní 1750 sbr. 5. gr. 4. málsgr. í tilsk. 15. des. 1865 og 4.—5. gr. í tilsk. 6. jan. 1847 um fardaga presta m. m. að sama skapi úr gildi numin

1907 nr. 49 16. nóv.

Lög um sölu kirkjujarða.

nr. 50 16. nóv.

1. gr. Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á kirkjujörð sitja, ábýli þeirra, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir. **2. gr.**[1]) Heimild þessi nær eigi til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða að áliti sýslunefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota. —

1) L. nr. 51, $^{11}/_{7}$ 1911.

1907 nr. 50 16. nóv.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á kirkjujörð, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skamms, eða sýslunefnd hyggur jörðina sérstaklega fallna til sundurskiftingar á milli margra grasbýla og má þá eigi selja jörðina án sérstakrar lagaheimildar í hvert skifti. — Ef óskað er kaups á fasteign, sem er í umráðum prests, er embætti hefir fengið, áður en lög þessi koma í gildi, og nýtur launa eftir núgildandi ákvæðum, þá má hann einskis í missa við söluna. — **3. gr.** Þegar kirkjujörð er seld, samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kynnu í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rétt til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur, eftir óvilhallra manna mati, fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir. — **4. gr.** Nú er fleirbýli á kirkjujörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja. — **5. gr.** Nú er kirkjujörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur. — **6. gr.** Sá, er leita vill kaups á kirkjujörð, semur um það beiðni, stílaða til landstjórnarinnar, og sendir hana til oddvita sýslunefndar. — Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því, að geta fengið jörðina keypta eftir lögum þessum, leggur oddviti beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi álit sitt um, hvort hún telji jörðina til þeirra kirkjujarða, sem getur um í 2, gr. 1. og 2. lið. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa og önnur jarðargögn, önnur en náma. — **7. gr.** Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr. 1. og 2. lið, og dómkveður þá sýslumaður tvo óvilhalla menn, til þess að gjöra lýsingu á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og til þess að meta jörðina til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í

peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigumáli, að dómi matsmanna, hefir verið hæfilegur og honum hefir á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskifti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt, eftir leigumála jarða í því bygðarlagi. Jarðabótakvöð skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tíðkast hefir við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aur. í öðru eftirgjaldi. — Nú hefir sýslunefnd látið í ljósi það álit, samkvæmt 6. gr., að undan sölu kirkjujarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra. — **8. gr.** Nú hefir ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks frá umráðamanni jarðar, gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á kirkjujörð um fram það, er byggingarbréf áskildi, og skulu þá matsmenn meta jörðina, eins og engar slíkar bætur hefðu verið gjörðar, þegar ábúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur. — **9. gr.** Jafnframt því, er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr. skal hann útvega frá umráðamanni jarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa, samkvæmt 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni; lætur sýslumaður skýrslur þessar fylgja útnefningarbréfum til matsmanna. Umráðamanni jarðar er skylt, að láta skýrslur þessar í té innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur. — **10. gr.** Lýsingu og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn, ásamt öllum tilheyrandi skjölum, til sýslumanns, er síðan lætur matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rétti, að tilkvöddum kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar. — Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgjörðina, ásamt öllum öðrum málsskjölum, sendir sýslumaður að því búnu umráðamanni jarðarinnar, en hann afgreiðir málið áleiðis til landstjórnarinnar, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt, sem því verður við komið. — **11. gr.** Nú vill eigandi jarðar, sem kirkjujörð á ítak í,

1907 nr. 50 16. nóv.

leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við umráðamann kirkjujarðar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um kirkjujarðir eftir 6.—10. gr. — **12. gr.** Landstjórnin getur, þyki henni sérstakar ástæður til, skipað fyrir um yfirmat á jörðum þeim og ítökum, sem til kaups eru föluð. Yfirmatsmenn skulu vera þrír og fer um kvaðning þeirra, sem segir í 7. gr.. — Nú vill stjórnin ekki hlíta yfirmati og þarf þá sérstakrar lagaheimildar til þess, að jörðin sé seld. — Borgun fyrir útnefningu matsmanna, matsgjörðina og staðfesting hennar, greiðir kaupandi sjálfur. — **13. gr.** Nú kaupir ábúandi kirkjujörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gjörð. En um eftirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabréf fyrir þeim með fyrsta veðrétti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu með jöfnum árgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum. — Kaupandi skal með hverri afborgun senda vottorð hlutaðeigandi hreppstjóra um, að jörðin sé í sjálfsábúð — Nú gengur jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga. — **14. gr.** Nú er kirkjujörð eða ítak selt eftir lögum þessum, og ákveður ráðherra söluverðið, sem þó aldrei má vera minna en verð það, sem metið hefir verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbréf fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar. — Um selda kirkjujörð fer, að því er skatt og gjaldheimtu snertir, sem um bændajörð. — **15. gr.** Andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skal leggja í sérstakan sjóð, er nefnist kirkjujarðasjóður, og stendur beint undir landstjórninni. Í þenna sjóð skal ennfremur leggja peningaeign prestakalla. — **16. gr.** Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega

leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í prestlaunasjóð, til að launa sóknarpresta þjóðkirkjunnar. — **17. gr.** Höfuðstól kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem tryggilegast. — Skal það gjört annaðhvort með því, að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Landsbanka Íslands eða önnur jafntrygg verðbréf, eða þá með útlánum eftir sömu reglum og gilda um lán af ómyndugra fé. — Séu verðbréf keypt handa sjóðnum eða veðskuldabréf tekin fyrir útlánum, skal geta þess á bréfunum, að þau tilheyri kirkjujarðasjóðnum og að eigi megi afhenda þau án leyfis landstjórnarinnar. — **18. gr.** Landstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna og síðan leggja fyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum. 1907 nr. 50 16. nóv.

Lög um bygging vita. nr. 52 16. nóv.

1. gr. Vita skal reisa við Dalatanga. Til þess að koma upp vitanum og bústað handa vitaverði, má verja 20,000 kr. úr landssjóði. — **2. gr.** Nýjan vita skal reisa á Reykjanesi, og má til þess verja 84,000 kr. úr landssjóði. — **3. gr.** Vita má reisa á Siglunesi fyrir árslok 1909. Til þess að koma upp vitanum má verja 10,000 kr. úr landssjóði. — **4. gr.** Veitt skal á fjárlögunum það fé, sem árlega þarf til starfrækslu fyrnefndra vita.

Lög um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.[1] nr. 53 16. nóv.

1. gr. Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverzlunar, getur kaupmaður sá, er tolli á að svara, fengið frest á tollgreiðslu, ef hann leggur til hús eða herbergi það, er lögreglustjóra þykir fulltryggilega útbúið, og flytur þar inn hinar tollskyldu vörur, er frestað er að greiða toll af, og skal lögreglustjóri innsigla dyr hússins eða

1) Sbr. l. nr. 54, $^{11}/_{7}$ 1911, 4. gr.

1907 nr. 53 16. nóv.

herbergisins svo og glugga, ef þess gjörist þörf. — Ef vörugeymsluhús fyrir tollskyldar vörur verða reist í kaupstöðum landsins til almennings afnota, og stjórnarráðið telur þau fulltryggileg, getur það leyft, að kaupmenn á þeim stöðum sendi kaupmönnum á öðrum höfnum innanlands ,svo og til útlanda, tollskyldar vörur, er þar hafa verið geymdar, án þess að svara tollinum. Tollvöruskrá frá lögreglustjóra í hlutaðeigandi kaupstað skal fylgja skipsskjölunum þangað, sem tollvaran á að fara í land hér á landi, og ber skipstjóra, að viðlagðri 10—200 kr. sekt, að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans tollvöruskrána um leið og varan er afhent frá skipi. — Lögreglustjóri innheimtir svo toll af slíkum vörum, á sama hátt og þær kæmu frá útlöndum. — Lögreglustjóri skal rannsaka hve miklar tollvörur eru látnar í geymslu, og ber eiganda að greiða tollinn af þeim að fullu, þótt svo reynist, að rýrnun hafi átt sér síðar stað, eða vörurnar farist á annan hátt. **2. gr.** Það er á ábyrgð kaupmanns að innsiglum sé ekki raskað né í húsið eða herbergið farið á neinn hátt, án þess að lögreglustjóri sé þar við, eða umboðsmaður hans, eða leyfi hans komi til (sbr. 3. gr.). — Nú er innsiglum raskað eða í húsið farið eða herbergið án leyfis lögreglustjóra, og er það kaupmanni sjálfrátt, eða vangeymslu hans um að kenna, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af hinum geymdu vörum, og greiði kaupmaður tvöfalt tollgjald við það, er ella hefði verið. — En sé innsiglum raskað eða í húsið farið án vitundar kaupmanns eða vilja, svo sem með innbroti eða á annan þann hátt, er kaupmanni verður ekki gefin sök á, enda tilkynni hann þetta lögreglustjóra tafarlaust, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af þeim vörum öllum, er þar voru geymdar inni, en kaupmaður sé vítalaus að öðru leyti. — **3. gr.** Nú vill kaupmaður fá lögreglustjóra til að rjúfa innsigli, svo að út verði teknar tollskyldar vörur, og innsigla húsið eða herbergið á ný, og skal kaupmaður greiða lögreglustjóra borgun fyrir ómak hans

og ferðakostnað að auki, ef hann á sér stað. Svo er og um borgun fyrir innsiglun samkvæmt 1. gr. Þyki kaupmanni sá reikningur of hár, verður hann að greiða hann engu að síður, en skjóta má hann honum til úrskurðar stjórnarráðs Íslands, og er það fullnaðar úrskurður. — Nú vill kaupmaður taka út allar þær vörur, er hann á í tollgeymslu, og er þá rétt að lögreglustjóri leyfi honum að rjúfa sjálfur innsiglin, en greiða skal kaupmaður áður fyrir fram að fullu tollinn af þeim vörum öllum, sem þá eru í geymslu þar, og ber þá lögreglustjóra engin borgun fyrir leyfið. — **4. gr.** Lögreglustjóri getur, ef hann vill, látið löggiltan umboðsmann sinn framkvæma þau störf, er honum eru falin með lögum þessum. — **5. gr.** Tolli skal að fullu lokið innan árs frá því er tollvaran var flutt inn í landið eða úr tollvörugeymslu í kaupstað til annara hafna á Íslandi. — **6. gr.** Lögreglustjóri heldur sérstaka bók yfir allar þær vörur, sem í tollgeymslu eru látnar, og skal bókin bera með sér: 1. Hvenær varan er innflutt. 2. Hvenær sett í tollgeymslu. 3. Hvað mikið er af hverri vörutegund. 4. Hvenær vörurnar eru teknar út og hvert þær fara. 5. Hvenær tollurinn er greiddur. — **7. gr.** Lög um tollgreiðslu 22. maí 1890 eru úr gildi numin.

1907 nr. 53 16. nóv.

Lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.[1]) nr. 54 22. nóv.

1. gr. Skógrækt skal hefja með því markmiði að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hér á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógs og gróðursetning. Í sambandi við það skal stund leggja á varnir gegn uppblæstri lands og sandfoki, þar sem því verður við komið. Yfirstjórn skógræktarmála og sandfoksmála hefir stjórnarráðið. **2. gr.** Skipa skal forstjóra fyrir skógræktarmál landsins.[2]) – – – Hann skal hafa stundað skógrækt á Norður-

1) Sbr. l. nr. 51, $^{30}/_{7}$ 1909.
2) Sjá l. nr. 45, $^{20}/_{6}$ 1923.

1907 löndum, og int af hendi próf, er stjórnarráðið tekur gilt.
nr. 54 Hann nefnist skógræktarstjóri og hefir að launum
22. nóv. 3,000 kr. á ári.[1]) — **3. gr.** Ráðherra skipar skógarverði eftir þörfum. Tala þeirra og laun skulu ákveðin á fjárlögum. Þeir skulu hafa aflað sér sérstakrar þekkingar á skógrækt, og staðizt próf, sem stjórn skógræktarmálanna kveður nánar á um. Skógarverðir skulu settir yfir skógræktarjarðir og trjáræktunarsvæði landssjóðs, annast framkvæmd á skógræktarstörfum þar, hafa eftirlit með meðferð og rækt skóga, hver á því svæði, sem honum er skipað, og í hvívetna aðstoða skógræktarstjóra í starfi hans til eflingar skóggræðslu í landinu. — — — **4. gr.** Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugjörð, sem stjórnarráðið setur. — **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1 janúar 1908.

nr. 56 **Lög um stjórn landsbókasafnsins.**[2])
22. nóv. **1. gr.** Stjórnarráðið hefir á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins, skipar starfsmenn þess, sér um hinn fasta sjóð þess, og auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum. — **2. gr.**[1]) Skipa skal landsbókavörð með 3,000 kr. árslaunum. Hann hefir á hendi daglega stjórn bókasafnsins og gegnir þeim störfum, sem stjórnarnefnd bókasafnsins hefir haft til þessa. — **3. gr.**[1]) Skipa skal til aðstoðar tvo bókaverði; hinn fyrri hefir að árslaunum 1,500 kr., en hinn síðari 1,000 kr. — **4. gr.** Skipa skal 5 manna nefnd landsbókaverði til ráðaneytis við kaup bóka og handrita, og sitja í þeirri nefnd kjörnir menn af kennurum embættaskólanna og hins almenna mentaskóla, einn maður frá hverjum skóla, og landsskjalavörður hinn fimti. — **5. gr.** Ákvæðin um stjórn safnsins í stofnskrá 15. nóv. 1826 eru úr gildi feld. — **6. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

---

1) L. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 19. og 32. gr., sbr. l. nr. 16, $^{13}/_{6}$ 1925.
2) Reglur um afnot safnsins, $^{12}/_{4}$ 1909.

Lög um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn. 1907 nr. 60 22. nóv.

I. kafli. Um lausamenn. **1. gr.** Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 200 kr. eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fé. — **2. gr.** Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri, eða að fullu fjár síns ráðandi, þótt yngri sé, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbréf hjá lögreglustjóra. — Fyrir leyfisbréf skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fé í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfélagi, er hann var síðast vistfastur í. — Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbréfið, án þess, að greiða gjald þetta. — Sá, er leyfisbréfið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist. — **3. gr.** Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr. fyrir útgáfu leyfisbréfs hvers. — **4. gr.** Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðanda, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð. — **5. gr.** Rétt er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á réttum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum. — **6. gr.** Láti nokkur, sem fengið hefir leyfisbréf til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eftir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört þeim rétti sínum, er leyfisbréfið veitir honum, en veita má honum leyfisbréf að nýju eftir eitt ár. — **7. gr.** Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í

1907 nr. 60 22. nóv.

vist, komi sér hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grenslast eftir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum. — Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbréf, hafi fast heimili og séu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—10 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa. — **8. gr.** Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefir eigi gjört það, né heldur keypt leyfisbréf það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbréf eftir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki. — **9. gr.** Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sér undan skyldu sinni að fara í vist, skal eftir málavöxtum sektast um helming eða allt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan. — II. kafli. Um húsmenn og þurrabúðarmenn. **10. gr.** Nú vill maður setjast að í húsmensku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því, að minsta kosti 4 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minsta kosti. — Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gjörast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem bygðarleyfi. — **11. gr.** Nú sezt maður að í húsmensku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 10. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur. — Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann eða þurrabúðarmann tekur, er eigi hefir bygðarleyfi samkvæmt 10. gr. — **12. gr.** Ákvæði 10. og 11. gr. ná og til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað — **13. gr.** Enginn má selja á leigu þurrabúðir utan kaupstaðar eða

verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sérstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum: a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minsta kosti sé 900 ferh.-faðmar að stærð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni; b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau séu viðunanlega loftgóð og hlý, eftir dómi skilríkra manna; c. að þurrabúðin sé afhent viðtakanda með löglegri úttekt. — Nú byggir þurrabúðarmaður sjálfur hús þurrabúðar með heimild umráðamanns jarðar, og gilda þá sömu reglur um úthlutun lóðar, enda fullnægi húsin þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir í þessari grein. — 14. gr. Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eftirgjaldi af lóðinni þessi ár. — **15. gr.** Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt bygð að minsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbréf, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, réttindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Eigi má tiltaka leigumálann í vinnukvöðum, nema þær séu ætlaðar til umbóta þurrabúðarlóðinni eða húsum á henni. Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbréf, og skal þurrabúðin þá álítast bygð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið. — **16. gr.** Þegar ábúendaskifti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, ræktun, úttekt og bygging. — **17. gr.** Sýslunefndir geta eftir tillögum hreppsnefnda gjört undantekningar frá fyrirmælum 13. greinar, að því er snertir stærð þurrabúðarlóða í einstökum bygðarlögum, þar sem landshættir mæla með því. Þó má sýslunefnd aldrei ákveða stærð þurrabúðarlóða minni en 300 ferh. faðma og ekki stærri en 1800 ferh. faðma. — **18. gr.** Nema öðruvísi sé ákveðið í ein-

1907 stökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 2—
nr. 60 100 kr. sekt. — Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar
22. nóv. gefa sýslumönnum skýrslur um þurrabúðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 13.—15. greinar í lögum þessum sé fylgt. Skulu skýrslur þessar gjörðar eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur. — Sektir eftir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helmingurinn renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki í hreppnum. — **19. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. — **20. gr.** Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lög 2. febrúar 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

nr. 63 **Lög um kennaraskóla í Reykjavík.**[1])
22. nóv. **1. gr.** Kennaraskóla skal stofna í Reykjavík og má verja til skólahúss, áhalda og innanstokksmuna alt að 30,000 kr. úr landssjóði. — **2. gr.** Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kenslan veitist ókeypis. — **3. gr.** Þrjár árstleildir eru í skólanum.[2]) – – – Utanskólanemendum má yfirstjórn fræðslumálanna leyfa að ganga undir árspróf skólans, og þeim, sem fengizt hafa við barnakenslu um tveggja ára bil, að minsta kosti, má leyfa að ganga undir burtfararpróf skólans. — **4. gr.** Kenslugreinir kennaraskólans eru þessar: Íslenzka, danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það, er Ísland snertir, reikningur, rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði, og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu. — **5. gr.**[3]) Við skóla

1) Reglugj. 64, $^{25}/_{9}$ 1924.
2) L. nr. 10, $^{4}/_{6}$ 1924.
3) L. nr. 71, $^{28}/_{11}$ 1919, 25. gr., sbr. l. nr. 16, $^{13}/_{6}$ 1925.

þennan skipar ráðherrann 3 fasta kennara. Einn þeirra er skólastjóri. – – – Skólastjóri hefir alla umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans. — **6. gr.** Kennarar skólans eru skyldir til, að hafa á hendi ókeypis um tveggja mánaða tíma á ári, kenslu og æfingar við framhaldskensluskeið fyrir lýðskólakennara, eftir nánari reglum, er yfirstjórn fræðslumála setur. — **7. gr.** Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugjörð fyrir hann. — **8. gr.** Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði. 1907 nr. 63 22. nóv.

Lög um breyting á lögum um manntal í Reykjavík nr. 18, 13. septbr. 1901. nr. 64 22. nóv.

1. gr. Manntal í Reykjavík, er fyrirskipað er með lögum nr. 18, 13. septbr. 1901, skal fara fram á tímabilinu frá 20. til 30. nóvbr. ár hvert. — **2. gr.** Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1908.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Kirkjuvogi í Hafnarhreppi í Gullbringusýslu. (St. A. 430). nr. 65 22. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu. (St. A. 432). nr. 66 22. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu. (St. A. 434). nr. 67 22. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu. (St. A. 436). nr. 68 22. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu. (St. A. 438). nr. 69 22. nóv.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi. (St. A. 440). nr. 70 22. nóv.

1907 nr. 71 22. nóv. **Lög um löggilding verzlunarstaðar að Eysteinseyri við Tálknafjörð.** (St. A. 442).

nr. 72 22. nóv. **Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar og hafnarinnar í Keflavík.**

1. gr. Hin löggilta höfn og verzlunarlóð fyrir Keflavíkurkauptún skal talin að ná inn að Vogastapa. — **2. gr.** Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, ákveðið stærð og takmörk verzlunarlóðarinnar að öðru leyti milli hinnar núverandi verzlunarlóðar og Vogastapa.

nr. 73 22. nóv. **Lög um útflutning hrossa.**

1. gr. Á erlendan markað má ekki flytja mögur hross og illa útlítandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt eða með öðrum verulegum lýtum og göllum. — Ennfremur er bannað að flytja til sölu á útlendum markaði yngri hross en 4 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 3 vetra má þó flytja út, ef þau eru stór og falleg útlits. — Öll hross, sem útflutt eru, skulu vera tamin eða að minsta kosti bandvön. — Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá þessum ákvæðum eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, ef sérstakar ástæður mæla með því. — **2. gr.** Öll skip, er flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu vera hagkvæmlega búin í því skyni.[1]) – – – Hrossin skal hafa í stíum hæfilega stórum og traustgjörðum, og sje þeim ætlað nægilegt rúm. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gjöra ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa. — Á hverju skipi, er flytur hross til útlanda, skal skipstjóri sanna, að hann hafi nægilegan mannafla til að gæta hrossanna á leiðinni, og skal vera hentugur útbúnaður við fóðrun hrossanna og vötnun. Hrossunum skal ætla nægilegt fóður og vatn á leiðinni,

1) L. nr. 47, $^{3}/_{11}$ 1915.

og má fóður ekki vera minna en 10 pd. af góðu heyi á dag fyrir hvern hest, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar í öðru fóðri. — **3. gr.** Í þeim kauptúnum landsins, sem hross eru flutt frá til sölu á erlendum markaði, skal ráðherra Íslands skipa mann, er hefir á hendi umsjón og eftirlit með útflutningi hrossa. Þeir, sem slík hross vilja senda til útlanda, tilkynna það umsjónarmanni með nægum fyrirvara. Umsjónarmaður skoðar hrossin nákvæmlega áður en þau eru flutt á skip, og kyrsetur þau hross, sem að hans áliti eru eigi hæf til útflutnings. Útflytjandi er skyldur að láta umsjónarmanni í té næga aðstoð við skoðunina. Umsjónarmaður hefir efirlit með útskipun hrossanna, og sér um að útbúnaður skipsins og fóðurbirgðir fullnægi fyrirmælum laganna, og má lögreglustjóri ekki afgreiða skipið fyr en umsjónarmaður hefir ritað á skipsskjölin vottorð um það. — Umsjónarmenn skulu senda stjórnarráðinu við lok hvers árs skýrslu um tölu útfluttra hrossa, og hvenær og með hvaða skipi þau hafi verið flutt. — Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn hæfilega þóknun úr landssjóði, og skal fje til þess veitt á fjárlögum. — **4. gr.** Ráðherra Íslands semur nánari reglur um útflutning hrossa, sérstaklega um meðferð þeirra á leið milli landa, og gefur út erindisbréf handa umsjónarmönnum.[1]) — **5. gr.** Brot móti lögum þessum og reglum þeim, er ræðir um í 4. gr., varða sektum frá 10 til 1,000 kr., er renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál. — **6. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

1907 nr. 73 22. nóv.

Lög um afnám fátækrahlutar af fiskiafla.

nr. 74 22. nóv.

Eigi skal framar skylt að gjalda fátækrahlut af fiskiafla, fimtung af allskonar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum.

---

1) Reglugj. $^{10}/_{12}$ 1908, og erindisbréf $^{22}/_{12}$ s. á.

1907 nr. 75 22. nóv.

Lög um bæjarstjórn í Hafnarfirði.[1])

1. gr. Hafnarfjarðarverzlunarstaður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eftir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eftir þeim vegi í Engidal. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan bein stefna yfir neðanverðan Kaplakrika í vörðu á háholtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglstapaþúfu efri beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur til, að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og viðhalda þeim. — Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins. — **2. gr.** Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn, og skal hann launaður af bæjarsjóði. — Bæjarstjóri hefir því að eins atkvæðisrétt á fundum, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. — **3. gr.** Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórnin gjörir, og í bæjarmálefnum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki, að framkvæma einstök bæjarstörf, eftir reglum, sem hún sjálf setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim. — **4. gr.**[2]) — — — **12. gr.** Bæjarstjóri stjórnar umræðum á fundum, og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gjörðabókina. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það. — Til þess að lögmæt

1) L. nr. 26, $^{9}/_{7}$ 1909.
2) L. nr. 43, $^{15}/_{6}$ 1926, 37. gr.

ákvörðun sé gjörð, verður, auk bæjarstjóra, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti.[1]) — Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjórn þykir nauðsyn til bera, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. — Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á að fá ágreiningsákvæði sitt stuttlega bókað. — Bæjarsjórnin setur sjálf þingsköp sín, en ráðherrann samþykkir þau. — **13. gr.** Virðist bæjarstjóra, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út yfir valdsvið hennar, eða að ákvörðun sé gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt um það í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherranum skýrslu; en hann leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en hún fer til ráðherrans. — **14. gr.** Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefir formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar. — **15. gr.** Bæjarstjórnin kýs 4 menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa. — **16. gr.** Bæjarstjórnin kýs tvo menn til að sitja í hafnarnefnd ásamt bæjarstjóra; skal annar þeirra kosinn úr flokki bæjarfulltrúa. — **17. gr.**

1) L. nr. 31, 4/6 1924.

1907 nr. 75 22. nóv.

Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og veitir honum árlega þóknun. Skal hann skyldur til að hafa starf sitt á hendi að minsta kosti 3 ár, nema honum sé fyrirmunað það af einhverjum atvikum, er bæjarstjórnin tekur gild. — **18. gr.** Bæjarstjórnin skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna. — **19. gr.**[1]) — — — **25. gr.** Bæjarstjórn og sérstaklega bæjarstjóri skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar, og í tækan tíma; ennfremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til að borga útgjöld hans. — Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins. — **26. gr.** Gjaldkeri skal að minsta kosti einu sinni á hverjum 3 mánuðum gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýnir bæði, hvað goldizt hefir í bæjarsjóð, og hvað úr honum hefir verið borgað. Eigi má gjaldkeri borga neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og séu þær yfir 100 krónur, þá einnig að minsta kosti af 2 bæjarfulltrúum. — **27. gr.** Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neit. — **28. gr.** Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landstjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins. — **29. gr.** Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis ráðherrans, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé kaupstaðarins, ekki selja né veðsetja fast-

1) L. nr. 46, 1926, 35. gr.

eignir hans, né kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán, né lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum. — **30. gr.** Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, og senda bæjarstjóranum fyrir lok janúarmánaðar. Bæjarstjóri lætur reikning þennan liggja öllum bæjarbúum til sýnis hálfan mánuð, og skal um birtingu þess, svo og um athugasemdir við reikninginn, fara á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sé því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sé af kaupstaðarbúum þeim, er hafa kosningarrétt samkvæmt 5. gr. Skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa starfið á hendi í 3 ár. Yfirskoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fekk hann. Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn, ásamt athugasemdum endurskoðanda og svari gjaldkera, fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns, og veitir bæjargjaldkera kvittun. Enginn má taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sérstaklega falin á hendur (3. gr.). — Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sé réttur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. — Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, getur bæjarstjórnin birt á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins. — **31. gr.** Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherranum reikning yfir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæj-

1907 nr. 75 22. nóv.

arstjórnarinnar á þeim. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal ráðherrann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum. — **32. gr.** Ráðherrann gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlast fult gildi 1. dag júnímánaðar 1908. — Á k v a r ð a n i r u m s t u n d a r s a k i r. Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hins vegar gjöra milli sín samning um skifti á eigum og skuldum sýslusjóðsins og sýsluvegasjóðsins. Ef nokkur ágreiningur verður um þau skifti, liggur hann undir fullnaðarúrskurð ráðherrans. — Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd hins nýja Garðahrepps gjöra einnig milli sín samning um skifti á eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Garðahrepps. Rísi nokkur ágreiningur út af þeim skiftum, sker ráðherrann einnig úr. — Fyrsta fjárhagsár kaupstaðarins telst frá 1. júní 1908 til 31. desember sama ár.

nr. 76 22. nóv.

Lög um breyting á 1. gr. í lögum 3. október 1903 um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað.

Undanþegin hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað eru öll fiskiskip, hvort sem þau eru eign utanríkis- eða innanríkismanna.

nr. 77 22. nóv.

Lög um að skifta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög.

1. gr. Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Húnavatnssýslu skift í tvö sýslufélög. — Annað sýslufélagið heitir Austur-Húnavatnssýsla, og eru í því þessir hreppar: Vindhælishreppur, Engihlíðarhreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Svínavatnshreppur Torfalækjarhreppur, Sveinsstaðahreppur og Áshreppur. — Hitt sýslufélagið heitir Vestur-Húnavatnssýsla og eru í því þessir hreppar: Staðarhreppur, Fremri Torfustaðahreppur, Ytri-

Torfustaðahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. — Hvort sýslufélagið hefir sinn fjárhag út af fyrir sig. — **2. gr.** Í hvoru sýslufélaginu skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitarmálefna þeirra, sem varða sýslufélagið, samkvæmt lögum um sveitarstjórn 10. nóvbr. 1905. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns, sem er oddviti beggja nefnda, einn maður úr hverjum hreppi, er sé kosinn eftir reglum þeim, sem settar eru í nefndum lögum um kosningu sýslunefndarmanna. — **3. gr.** Eignum, skuldum og skuldbindingum, er útgjöld hafa í för með sér í Húnavatnssýslu, skal skift milli hinna nýju sýslufélaga eftir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða hvors um sig.

1907 nr. 77 22. nóv.

Lög um farandsala og umboðssala.

nr. 78 22. nóv.

1. gr. Farandsalar og umboðssalar, sem ekki hafa fast aðsetur hér á landi, og bjóða til kaups útlendan varning, eða gefa kost á að útvega eða gjöra um kaup á vörum, er síðar koma frá útlöndum, skulu leysa leyfisbréf áður en þeir hefja atvinnurekstur hér á landi. Leyfisbréfið gefur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem farandsalinn kemur fyrst við land, eða byrjar atvinnurekstur sinn. Gildir það fyrir 1 ár, reiknað frá dagsetningardegi. — **2. gr.** Í leyfisbréfinu skal tekið fram, hvort leyfishafi reki atvinnu fyrir sjálfan sig eða í umboði annara, og þá fyrir hvert eða hver nafngreind firma eða verksmiðju. Skal leyfishafi, áður en leyfisbréfið er afhent honum, lýsa skriflega yfir því, að viðlögðum drengskap, að hann reki eigi umboðsstörf fyrir aðra eða fleiri en þá, er tilgreindir eru. — **3. gr.** Fyrir leyfisbréfið skal leyfishafi greiða 200 króna gjald, hafi hann að eins umboð eða vörur til framboðs frá einu firma eða verksmiðju. En hafi hann vöruframboð fyrir fleiri, greiði hann 50 króna viðbótargjald fyrir hvern; þannig, að sá, sem hefir umboð fyrir 2, greiði 250 kr., fyrir 3, 300 kr. o. s. frv. Leyfisbréfsgjaldið greiðist til lögreglustjóra

1907 nr. 78 22. nóv.

fyrir fram, og rennur í landssjóð. — **4. gr.** Hafa skulu lögreglustjórar eftirlit með leyfisbréfum farandsala, sérstaklega að því er snertir nöfn og tölu þeirra firma og verksmiðja, er þeir reka störf fyrir. Sýna skal farandsali leyfisbréf sitt hlutaðeigandi lögreglustjóra, áður en hann byrjar atvinnurekstur í því lögsagnarumdæmi. Ritar lögreglustjóri ókeypis vottorð á bréfið um, að honum hafi það sýnt verið. — **5. gr.** Leyfisbréf farandsala skulu bundin við nafn. Að öðru leyti skipar ráðherra fyrir um fyrirkomulag þeirra og efni. — **6. gr.**[1]) — — — **7. gr.** Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál, og sæta þau sektum frá 10 til 500 krónur. — Sé brotið fólgið í því, að farandsali eða umboðsali hafi eigi leyst leyfisbréf samkvæmt lögum þessum, skal hann auk sektanna greiða gjald það, er honum bar að greiða. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landssjóð.

nr. 80 22. nóv.

Lög um breyting á lögum um prentsmiðjur 4. desember 1886.[1])

1. gr. Allar prentsmiðjur þær, er nú eru, eða síðar kunna stofnaðar að verða hér á landi, eru skyldar, að láta Landsbókasafni Íslands og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn ókeypis í té 2 eintök hvoru af hverju því, sem prentað er í þeim, stóru og smáu, sem og endur- og sérprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír. — Amtsbókasöfnin á Akureyri, Stykkishólmi og Seyðisfirði og háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn skulu einnig fá ókeypis hjá öllum prentsmiðjum landsins 1 eintak hvert af öllu því prentmáli, sem í þeim er prentað. — Prentsmiðja sendi tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuði, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, alt það prentmál, sem henni ber

---

1) L. nr. 52, $^{27}/_{6}$ 1925, 16. gr.
1) L. nr. 43, $^{30}/_{7}$ 1909.

að standa áður nefndum söfnum skil á, ásamt skrá yfir það, sem prentað hefir verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til hlutaðeigandi safna. Slíkt hið sama gildir um afhending blaða, er Landsskjalasafnið á lögum samkvæmt að fá. Vanskil á prentmáli varða sektum frá 5—500 kr., ef eigi er bætt úr vanræktinni, þegar ámint er um það. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda bókaverði Landsbókasafnsins skrá yfir alt það, stórt og smátt, sem prentað hefir í þeim verið á árinu. — **2. gr.** Með lögum þessum er 2. gr. laga um prentsmiðjur, 4. desember 1886, úr gildi numin. 1907 nr. 80 22. nóv.

Lög um breyting á lögum nr. 66, frá 10. nóvbr. 1905, um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi. nr. 81 22. nóv.

1. gr. Íslandsbanka er heimilað að hækka hlutafé sitt úr 3 miljónum króna upp í 5 miljónir. — **2. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Lög um heimild fyrir Landsbankann í Reykjavík til að gefa út bankaskuldabréf.[1]) nr. 82 22. nóv.

1. gr. Landsbankanum í Reykjavík veitist heimild til að gefa út og selja bankaskuldabréf, og má öll upphæð þeirra samanlögð nema alt að 2 miljónum króna; skulu greiðast af þeim 4½ af hundraði í ársvexti. — **2. gr.** Trygging fyrir bankaskuldabréfunum er eign bankans og ábyrgð landssjóðsins, og skal tryggingin vera jafnt fyrir vöxtum sem höfuðstól skuldabréfanna. — **3. gr.** Upphæð skuldabréfanna skal vera 100 kr., 1,000 kr. og 10,000 kr., og skulu þau undirskrifuð af ráðherra Íslands og stjórn Landsbankans. — **4. gr.** Þá er liðin eru 5 ár frá því er auglýst hefir verið, að bankinn sé farinn að gefa út áminst skuldabréf, skal bankinn taka að innleysa þau aftur eftir hlutkesti. Skal innleysa $\frac{1}{20}$ bankaskuldabréfanna á ári, þannig, að bankinn hafi leyst þau öll til sín á næstu 20 árum þar á eftir. — **5. gr.** Útgáfa

1) Sbr. l. nr. 50, $^{10}/_{11}$ 1913.

1907 nr. 82 22. nóv. og innlausn bankaskuldabréfanna liggur undir eftirliti landstjórnarinnar og endurskoðunarmanna Landsbankans. — 6 gr. Með reglugjörð,[1]) er stjórnarráð Íslands gefur út samkvæmt tillögum bankastjórnarinnar, skal setja hin nánari fyrirmæli, er nauðsynleg eru, um útgáfu og innlausn bankaskuldabréfanna, form þeirra og fyrirkomulag, um eftirlit landstjórnarinnar með þessu starfi bankans, og önnur atriði, er hér að lúta.

nr. 83 22. nóv. **Lög um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883.**

1. gr. Með hafnarreglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað, er stjórnarráðið gefur út eftir tillögu bæjarstjórnar Akureyrar, má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og leggja sektir við brotum gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. — Fyrirmæli þessi ná einnig til afnota af hafnarvirkjum og öðrum mannvirkjum við höfnina. — 2. gr. Með reglugjörð, er stjórnarráðið staðfestir, getur bæjarstjórnin stofnsett og komið skipulagi á almenna vatnsveitu fyrir kaupstaðinn, og fráræslu. — Þegar þessi fyrirtæki, eða annaðhvort þeirra, er komið til framkvæmdar, má eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið staðfestir, leggja alment gjald til bæjarsjóðsins á notendur fyrir afnot þess. Gjald þetta má taka lögtaki eftir lögum 16. des. 1885. — 3. gr. Nú reynist nauðsynlegt að taka eignarnámi lóðareignir einstakra manna eða önnur réttindi til almennings nota við höfnina eða skipakvína, eða þurfi að taka óbygða lóð eða lóðarafnot, til þess að koma í framkvæmd fyrirtækjum þeim, er nefnd eru í 2 gr., og skulu þá eigendur skyldir að láta þær eignir eða réttindi af hendi við bæjarstjórnina, en greiða skal eigendum fult endurgjald úr sjóði kaupstaðarins. — 4. gr. Rísi ágreiningur milli bæjarstjórnar og eiganda út af eignarnámi, skal skorið úr ágreiningnum á þann hátt, er fyrir er mælt í lögum nr. 57, 10. nóv. 1905, um

1) Reglugj. $^{20}/_{7}$ 1908.

skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landi með fram henni. — Tilnefning matsmanna skal fara fram á þann hátt, er ákveðið er í nefndum lögum. 1907 nr 83 22. nóv.

Lög um vatnsveitu fyrir Reykjavík.[1] nr. 84 22. nóv.

1. gr. Bæjarstjórn Reykjavíkur veitist einkaleyfi til þess, að leggja vatnsveitu í pípum neðanjarðar til Reykjavíkur og um kaupstaðinn. Landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórnin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í té nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir séu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir bæjarstjórnin einn mann, landeigandi annan og stjórnarráðið hinn þriðja. Tilnefni landeigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans. Innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal eignarnámið framkvæmt af tveim dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn. Bæjarsjóður Reykjavíkur greiðir allan mats-

1) Sbr. l. nr. 56, $^{3}/_{11}$ 1915.

1907 nr. 84 22. nóv.

kostnað. — 2. gr. Þá er bæjarstjórnin hefir komið á vatnsveitu til bæjarins og um bæinn, skal hún hafa einkarétt til að selja neyzluvatn í lögsagnarumdæminu. — 3. gr. Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal bæjarstjórninni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í lögsagnarumdæminu (sbr. 4. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ákveður bæjarstjórnin, en hún má eigi fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingu húseigna,[1]) er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af brunabótavirðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið. — Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars, en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Bæjarstjórn semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrétt sem öðrum bæjargjöldum.[2]) — 4. gr. Bæjarstjórnin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt, fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórnin leggur í götur og vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað. Þó má bæjarstjórnin gjöra samning við húseigendur um innlagning á vatnsæðum í hús þeirra með öðru, er þar að lýtur, gegn því, að kostnaðurinn endurgjaldist bænum á 10 árum með jöfnum afborgunum auk vaxta, og skal hann tryggður með veðrétti í húseigninni, er hafi forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum

---

1) L. nr. 36, 4/6 1924, 6. gr.
2) Reglugj. 20/12 1910.

eftir samningi. — 5. gr. Bæjarstjórnin hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir að hlíta vinnukauptaxta, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin fyrirskipar. — Engir aðrir en þeir, er þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá bæjarvatnsveitunni inn í hús í bænum. — 6. gr. Bæjarstjórninni skal heimilt að loka vatnsæðum bæjarins fyrir þeim, er vanrækja að gjöra við leka á pípum eða hönum, eða eyða vatni að óþörfu, eða fara óhreinlega með það. — 7. gr. Hver, sem af ásettu ráði skemmir vatnsæðar bæjarins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatnsveitunni, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við, eftir hinum almennu hegningarlögum. Séu skemdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum, og að auk bæta skaðann að fullu. — 8. gr. Bæjarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir reglugjörðina. — 9. gr. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál. 1907 nr. 84 22. nóv.

Lög um brunamál. nr. 85 22. nóv.

I. kafli. Um tilhögun húsa og eldstæða. 1. gr. Þá er ný húseign er reist, hvort heldur er einstakt hús eða fleiri hús en eitt, sem ætluð eru til sameiginlegra afnota og standa á sömu lóð, skulu vera auð millibil milli hennar og annara húseigna, svo stór sem hér segir: a. 20 álnir, ef báðar húseignirnar eru úr timbri, ójárnvarðar. b. 15. álnir, ef önnur húseignin er

1907 nr. 85 22. nóv.

úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en hin úr timbri ójárnvarin. c. 10 álnir, ef báðar húseignir eru úr steini, torfi eða úr timbri járnvarðar. d. 5 álnir, ef eldvarnarveggur er fyrir annari húseigninni, að minsta kosti 6 þumlungum hærri en veggir þess húss, sem eldvarnarveggurinn stendur við, enda sé það hús með eldtraustu þaki, en eldtraust þök skulu talin járnþök og önnur málmþök, helluþök og tjörupappaþök einföld eða tvöföld, ef þykt pappans eða pappalaganna til samans er að minsta kosti $1\frac{3}{10}$ linu. e. Loks mega húseignir vera samfastar, ef milli þeirra er sameiginlegur eldvarnarveggur, að minsta kosti 6 þuml. hærri en hærri húseignin. — Eldvarnarveggir skulu vera að minsta kosti 7 þuml. þykkir, hlaðnir úr steinlímdu grjóti eða úr steinsteypu, og mega eigi vera í þeim viðir eða neinskonar op. — Nú er húseign að nokkru leyti úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en að nokkru leyti úr timbri ójárnvarin, og má þá enginn hluti hennar vera nær annari húseign, eða hluta af annari húseign, en svo, að hver einstakur hluti fullnægi þeim fjarlægðarákvæðum, er að framan eru sett um heila húseign af sömu gjörð. — **2. gr.** Lýsisbræðsluhús, tigulofna og kalkofna má eigi byggja nær öðrum húseignum, en 50 álnir frá þeim.—**3. gr.** Eigi má byggja hús til að geyma í skotelda, eða til þess að búa til í skotelda, nær öðrum húsum en 100 álnir frá þeim. — Hús til þess að geyma í púður eða önnur sprengiefni má eigi byggja, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra. — **4. gr.** Nú vill maður gjöra viðbót við húseign sína og skal þá fylgt framangreindum reglum um fjarlægð frá öðrum húseignum eftir gjörð viðbótarinnar, nema viðbótin komi eigi nær öðrum húseignum en hinn eldri hluti húseignarinnar og sé eigi miður eldtraust en hann. — **5. gr.** Framangreind ákvæði um fjarlægð nýrra húseigna frá öðrum húseignum skulu einnig gilda, þá er húseignir eru endurreistar, eftir að þær hafa brunnið eða verið rifnar niður, ef hlutaðeigandi hefir nægilega stóra lóð til þess.

Sé lóðin eigi nægileg til þessa, eða ef að eins nokkur hluti húseignarinnar hefir brunnið eða verið rifinn niður, má endurreisa hana á sama stað og með sömu gjörð og áður. Þessi undanþága nær þó eigi til slíkra bygginga, sem ræðir um í 2. og 3. gr. — **6. gr.** Í smiðjum og trésmíðavinnustofum, þar sem eldstæði er, eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steini eða steinsteypu, eða reyrlagðir og kalkaðir eða með sementshúð innan, ef þeir eru úr tré; loftin skulu og vera reyrlögð og kölkuð, ef þau eru úr tré, eða klædd með járnþynnum á listum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða trésmíðavinnustofa er sérstakt hús eða er í útihúsi, þar sem eigi er íbúð né önnur eldstæði og eigi geymd eldfim efni, ef ekki verður álitið, að öðrum húsum stafi brunahætta af smiðjunni. — **7. gr.** Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur þess konar eldfim efni, skulu greind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með steinveggjum eða steyptum veggjum eða tréveggjum reyrlögðum og kölkuðum eða klæddum með járnþynnum á listum eða með sementshúð þeim megin, er veit að herbergi því, sem eldstæði er í. — Dyr mega eigi vera að slíkum geymsluherbergjum frá eldhúsum með opnum eldstæðum eða frá smiðjum eða trésmíðavinnustofum, slíkum er ræðir um í 6. gr. — **8. gr.** Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum, sem trégólf er í eða trébitar í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sé skemra en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stoðum eða öðrum viðum. — Um ofna og eldavélar, sem eftirleiðis verða sett upp, skulu þær reglur gilda, sem hér segir. 1. Ofna og eldavélar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 8 þuml. séu í milli. 2. Pípur frá ofnum og eldavélum mega eigi koma nær tré en svo, að 8 þuml. séu í milli: þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni. 3. Eldavélar má setja á trégólf, ef 4¼ þuml. að minsta kosti er frá gólfi upp

1907 nr. 85 22. nóv.

að botni eldavélarinnar og gólfið undir eldavélinni þakið með járnþynnu eða öðru eldtraustu efni. 4. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfyltum eða opnum járnfæti; sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er fyllir út í holið, 2 þuml. frá gólfi að minsta kosti. 5. Þar sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðinu þakið með einhverju efni, sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 12 þuml. fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldavélina og að minsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn eða eldavélina til hliðanna og að aftanverðu. — Herbergi, sem ætluð eru gufukötlum eða vatnskötlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa veggi og gólf úr steini eða steinsteypu og loft af sömu gjörð, þó má í þess stað koma tréloft, reyrlagt og kalkað, eða klætt járnþynnum á listum, ef ketillinn kemur eigi nær loftinu, en 2 álnir frá því. — **9. gr.** Reykháfar skulu hlaðnir upp rambyggilega úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfsins eigi vera þynnri en 4½ þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring sem og þar sem hann gengur í gegnum þakið, og vera skal að minsta kosti 6½ þml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna. Ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða liggja á hvelfingu milli tveggja steinvegja, en má eigi standa á bitum eða trégólfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en 9 þml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minsta kosti 1½ alin upp úr þekjunni utan mænis. — Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg

sópgöt, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgjörð. Inn í 9 þml. víðan reykháf má eigi setja reykpípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu þannig gjörðan, að pípan geti ekki ýtzt inn í reykháfinn. — Eigi má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sé alt í kringum reykháfinn í því herbergi, að minsta kosti 1 alin frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum. — **10. gr.** Enginn má, án leyfis bæjarstjórnar í kaupstöðum eða hreppsnefndar og lögreglustjóra í verzlunarstöðum, byggja verksmiðju, sem brunahætta stafar af, nema verksmiðjan standi að minsta kosti 50 álnir frá nágrannalóð. Úrskurði bæjarstjórna eða hreppsnefnda um þetta má þá skjóta til stjórnarráðsins til úrslita. Sá, sem fær leyfi til að byggja slíka verksmiðju nær nágrannalóð en 50 álnir frá henni, skal skyldur, að gjöra þær ráðstafanir gegn brunahættu, sem heimtaðar kunna að verða. — **11. gr.** Stjórnarráðið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum þeim, er að framan eru sett, ef staðhættir krefja og eigi verður álitið, að brunahætta stafi af. — **12. gr.** Brjóti nokkur gegn ákvæðum þeim, er að framan eru sett, skal hann sæta sektum frá 4 til 100 kr. Þar að auki má knýja hann með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi framangreindum ákvæðum. — Hafi sá, er hús lætur gjöra, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið framangreind ákvæði beinlínis eftir skipun þess, er hús lætur gjöra. — II. kafli. Um meðferð á eldi, ljósum o. fl. **13. gr.** Allir eru skyldir að fara varlega með eld, ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra

1907 nr. 85 22. nóv.

1907 nr. 85 22. nóv.

þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sér svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandi eða umráðamaður hans hafa gætur á því, að leiguliðar þeirra, eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanræki það ekki, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eftir því sem unt er, koma í veg fyrir það og hindra. — **14. gr.** Það skal með öllu bannað: að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey og annað því um líkt, við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm; að reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefir verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, loft eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum; að geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi og öðru þvílíku ,nema það sé í kössum úr málmi, steini eða leir, eða að snara því út, fyr en helt hefir verið í það vatni eða með öðru móti komizt hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni; að hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu; að kveikja skotelda og tendra blys eða bikhringa, nema með leyfi lögreglustjóra, og er þá skylt að fara eftir reglum þeim, er hann setur. — **15. gr.** Sérhver húseigandi hefir ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykpípum sé haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tæka tíð hefir skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd eða hreppsnefnd, ef nauðsyn krefur. — Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gjörist, og eigi sjaldnar en 2 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri. Húseigandi ber ábyrgð á því, að hreinsað sé, ef hann býr í húseigninni eða ef hann hefir leigt hana fleirum en einum leigjanda; sé húseign leigð einum manni eða

á annan hátt leyfð honum einum til notkunar, ber hann ábyrgð á því, að reykháfar séu hreinsaðir, svo sem hér er fyrir mælt. — Ekki má hreinsa reykháfa með því að brenna sótið innan úr þeim. Ofna og eldavélar, og pípur frá þeim til reykháfa, skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavélarnar eru í. — **16. gr.** Stjórnarráðið getur eftir tillögum hreppsnefnda ákveðið, að sótara skuli skipa í verzlunarstöðum, sett þeim reglur fyrir hreinsuninni og um þær skyldur, er á þeim hvíla, og ákveðið gjöld fyrir hreinsanir. — Þá er ákveðið hefir verið að skipa sótara, skal hreppsnefnd útvega hæfan mann til starfans, og skulu húseigendur í verzlunarstaðnum þá skyldir til að nota hann og má taka hreinsunargjöldin lögtaki. Ber sótari þá ábyrgð á framkvæmd hreinsunarinnar, en ábyrgð húseiganda eða leigjanda samkvæmt 15. gr. fellur niður, nema hann eða þeir aðhafist eitthvað það, er tálmað getur hreinsuninni eða hindrað hana. — Um hreinsun reykháfa í kaupstöðum fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 29, 13. sept. 1901. — **17. gr.** Eigi má hafa birgðir af eldivið, steinkolum, mó eða öðru eldsneyti fast við hús að utan; birgðir af trjávið og borðum má eigi hafa utan húss nær húsum, en 10 álnir frá þeim. — **18. gr.** Sérhver sá, sem í húsi hefir forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það uppi undir þaki fyrir ofan efstu bita. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt. Samt skal það vera leyft að hafa alt að 4 pundum af púðri í búð eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum ílátum úr pjátri eða eiri. Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal tvisvar á ári grenslast eftir því hjá þeim, sem verzla með púður, hvort það sé geymt á þann hátt, sem hér er fyrir mælt. Sérhver sá, er flytur púður, dýnamít, nítróglyserin, skotbaðmull og þess konar sprengiefni til bæjar eða kauptúns, skal senda

1907 nr. 85 22. nóv.

lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni hans ritaða tilkynningu um það, og skal hann sjá um, að fylgt sé þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þar til það er komið til geymslu á óhultan stað. — **19. gr.** Eigi má hafa birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða þess háttar eldnæmum vökvum, nema þar sem lögreglustjóri eða hreppstjóri álítur, að eigi geti stafað af þeim sérstök brunahætta. Þó má geyma alt að 20 tunnur (3.500 potta) af steinolíu í kjöllurum undir húsum, sem engin íbúð er í, og þar að auki skulu kaupmenn og verksmiðjur hafa leyfi til að geyma alt að því 800 potta af fyrnefndum vökvum í tréílátum eða í flöskum í sölubúðarkjöllurum og smiðjukjöllurum, en alt að því 200 potta af hinum sömu vökvum í sölubúðum eða smíðahúsum ofanjarðar. Í íbúðarhúsum má geyma til heimilisþarfa alt að 200 pottum af steinolíu í tréílátum og annað eins í járnílátum og flöskum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í samráði við lögreglustjóra setur nánari varúðarreglur um geymslu og meðferð á steinolíubirgðum. — **20. gr.** Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trésmiða og járnsmiða og bökunarhús, skulu háð sérstöku eftirliti lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal öllum skylt að fylgja í þeim bæði hinum almennu varúðarreglum, og hinum sérstöku reglum, sem bæjarstjórn eða hreppspnefnd álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Sérstaklega skulu spænir úr trésmíðahúsum fluttir burt á hverjum degi og látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós. — **21. gr.** Hver sá, sem brýtur ákvæði 13.—20. greinar, skal sæta sektum frá 2—100 kr., jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotizt. — III. kafli. Um slökkviáhöld, slökkvilið og eldsvoða. **22. gr.** Í öllum verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, svo og í öllum öðrum verzlunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal jafnan vera til að minsta kosti ein slökkvidæla að stærð og gjörð eftir því, sem stjórnarráðið tekur gilt,

ásamt tilheyrandi nauðsynlegum slöngum og brunastútum. Hver hreppsnefnd skal útvega dæluna á kostnað sveitarsjóðs og halda henni við og geyma hana á þeim stað, er greiður gangur er að, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. — **23. gr.** Í öllum verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, svo og í öllum öðrum verzlunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal stofna slökkvilið. Skulu í því vera allir verkfærir karlmenn 20 til 60 ára að aldri, þeir, er búsettir eru í verzlunarstaðnum. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar alt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. — Hreppsnefnd kýs slökkviliðsstjóra til 3 ára í senn, og skal hann vera búsettur í verzlunarstaðnum. Sá, sem hefir verið slökkviliðsstjóri í 3 ár eða lengur, getur skorazt undan starfinu um jafnlangan tíma og hann hefir haft það á hendi samfleytt.– Slökkviliðsstjóri kveður slökkvilið til æfinga og stýrir þeim, svo stjórnar hann og slökkvitilraunum, þá er eldsvoða ber að höndum. Hann hefir og umsjón með slökkviáhöldum verzlunarstaðarins eða hreppsins. — Hreppsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, sett nánari reglur um slökkvitól og slökvilið, og má í slíkri reglugjörð ákveða sektir fyrir brot á henni. — **24. gr.** Allir húseigendur eru skyldir til að útvega á eigin kostnað og eiga þessi slökkvitól: brunastiga, brunakrókstjaka og að minsta kosti 2 skjólur. Áhöldum þessum skal jafnan haldið í tilhlýðilegu standi. Þau skulu ávalt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi eða lögtaki út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta né aðra skuld. — **25. gr.** Það er skylda allra, sem verða varir við, að eldsvoði sé að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gjöra slökkviliðsstjóra við vart. Eigandi húss þess, sem eldur kemur upp í, eða sé hann eigi viðstaddur, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu hið fyrsta unt er annast um, að hreppstjóra eða lögreglustjóra, sé hann búsettur þar á staðnum, verði sagt til um brunann. — **26. gr.** Hver og einn

1907 nr. 85 22. nóv.

skal, þá er bruni kemur upp í húsi hans eða híbýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna til með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má eigi fyrir þá sök láta hjá líða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan. — **27. gr.** Sérhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð með slökkvivélar og önnur áhöld, og láta sér það lynda, að það verði gjört með því að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er. Eigi getur heldur neinn bannað það, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins. — **28. gr.** Þær skemdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 27. gr., teljast brunaskemdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemdir, skal svo fljótt, sem auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga, frá því að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sér um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unt er, í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfélagi, og að öðrum kosti með því, að láta 2 menn, sem sérstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Þeir menn, sem til þess eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin lengur yfir en 8 klst., fá þeir fæðispeninga fyrir 2 daga. Borgunin greiðist, eins og aðrar brunaskemdir, af hlutaðeigandi ábyrgðarfélagi. Sé húseign sú, er fyrir skemdum varð, óvátrygð, skal hlutaðeigandi sveitarfélag bæta eiganda skaðann að tveim þriðju hlutum. — **29. gr.** Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í té, til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, hvort sem er með því að leggja sjálfur hönd á verkið eða með því að láta af hendi vatnsforða, slökkvitól, hesta, vagna eða aðra hluti. — **30. gr.** Enginn má, þegar eldsvoða ber að

höndum, undir nokkru yfirskini ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar eða slökkviliðsstjóra um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur í því, má þegar taka fastan. — **31. gr.** Enginn má við eldsvoða kasta hlutum út úr húsum ofan á stræti, torg eða húsgarða, þar sem menn eru fyrir við slökkvitilraunir. — **32. gr.** Með húsum þeim, sem eru svo skamt frá brunanum, að hætt er við að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eftirlit, og skal hann þar að auki gjöra alt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra, hreppstjóra eða lögreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir. — **33. gr.** Enginn getur meinað lögreglustjóra, hreppsnefnd eða bæjarstjórn eða þeim, sem eru útsendir af henni, inngöngu á lóð sína, eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda rannsóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og er sérhver húseigandi skyldur til að sýna slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafizt af bæjarstjórn, hreppsnefnd eða þeim, sem hún hefir út sent. — IV. kafli. Ýms ákvæði. **34. gr.** Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver innan síns sveitarfélags, hafa eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt. Í kaupstöðunum og í verzlunarstöðum með 300 íbúum eða meira skal slökkviliðsstjóri eða annar sá, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs til þess, einu sinni á ári hverju rannsaka alla ofna, eldavélar, reykháfa og pípur, hvort þetta fullnægi ákvörðun laga þessara um gjörð og hreinsun. Jafnframt skal hann og rannsaka, hvort slökkviáhöld þau, er húsum eigi að fylgja, séu fyrir hendi og í gildu standi. Leiði skoðunargjörðin það í ljós, að einhverju

1907 nr. 85 22. nóv.

sé ábótavant, skal skoðunarmaður heimta, að það sé lagfært, annaðhvort þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af því, eða innan ákveðins tíma, og skal hann síðan rannsaka, hvort skipuninni hafi verið fylgt. Hafi það eigi verið gjört, skal hann tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. — **35. gr.** Hver sá, er óhlýðnast fyrirmælum skoðunarmanns um að lagfæra það, sem ábótavant er, skal sæta sektum frá 5—100 kr. Auk þess er hann skyldur, að viðlögðum dagsektum, að lagfæra það, sem ábótavant er. — **36. gr.** Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem unt er, eftir að eldsvoði er afstaðinn, halda réttarpróf, til þess að komast fyrir orsök brunans, og skal réttarprófið haldið á vættvangi eða svo nálægt vættvangi, sem kostur er. Réttarprófi má þó sleppa, ef bruninn er lítill og stjórn Brunabótafélags Íslands leyfir það. — **37. gr.** Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. — **38. gr.** Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál. — **39. gr.** Lög þessi gilda fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verzlunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi falla undir lög 20. oktbr. 1905, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

1908 14. febr.

Gjaldskrá fyrir héraðslækna.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 34, 16. nóvbr. 1907, um skipun læknishéraða o. fl., hefir með ráði landlæknis verið samin og sett eftirgreind gjaldskrá um borgun fyrir störf héraðslækna. — **1. gr.** Ef ágreiningur verður milli héraðslæknis og sjúklings út af gjaldi fyrir læknisverk og ekki er samið fyrir fram við lækni um gjaldið, svo sem um vissa þóknun á ári, þá skal fara eftir ákvæðum gjaldskrár þeirrar, er hér fer á eftir, hvort sem læknisverkið er unnið í þarfir hins opinbera eða einstakra manna. — **2. gr.** Nú er eigi tiltekið í þessari gjaldskrá, hversu gjalda skal fyrir eitthvert verk, og skal þá gjaldið fara eftir ákvæðum um svipuð verk, og

fellur ágreiningur um það efni undir árskurð land- 1908
læknis. — 3. gr. Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. maí 14. febr.
1908. A. Almenn læknisverk. 1. fyrir að vitja sjúklings eigi lengri veg en nemi $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað læknis skal greiða 5 fyrstu skiftin, sem sjúklings er vitjað í sama sjúkdómi, fyrir hverja vitjan kr. 1.00. En fyrir ferð í skip, sem liggur á höfn, skal greiða fyrir fyrstu ferð kr. 4.00. 2. Fyrir hverja vitjan þar á eftir í sama sjúkdómi komi hálft gjald. 3. Fyrir fyrsta viðtal við sjúkling heima hjá lækni kr. 1.00. 4. Fyrir hvert viðtal síðan um sama sjúkdóm komi hálft gjald. 5. Gjaldið fyrir vitjan eða viðtal nær yfir rannsókn á sjúklingnum, ráðleggingar læknis og lyfseðil. — Þó má taka 1—2 kr. meira, ef rannsóknin er einkar nákvæm og til hennar þarf augna-, barkakýlis eða leggangs spegil, eða smásjá. — 6. Ekkert sérstakt gjald má taka fyrir vitjan eða viðtal, ef læknis er leitað til þess eins að vinna án rannsóknar eitthvert ákveðið læknisverk, t. d. draga út tönn, taka þvag af manni, eða önnur þau verk, sem gjald er sett fyrir í þessari gjaldskrá, er nemi jafn miklu eða meiru en venjulegt viðtals eða vitjunargjald. 7. Eigi má heimta gjald fyrir fleiri vitjanir en eina á dag, nema þær séu gerðar í samráði við sjúklinginn eða sifjalið hans eða megi teljast sjálfsagðar vegna sjúkdómshættunnar. 8. Ef læknir hefir til meðferðar fleiri sjúklinga en einn í senn, og eru þeir allir úr sama sifjaliði og á sama heimili, þá skal koma fult gjald, samkvæmt 1.—4. lið, fyrir fyrsta sjúklinginn, en hálft fyrir hvern hinna. 9. Fyrir vitjan eða viðtal á næturþeli, frá náttmálum til miðs morguns, skal koma tvöfalt gjald á við það, sem til er tekið í 1.—4. lið og 7. lið. 10. Nú er læknir kvaddur til aðstoðar öðrum lækni, og skal þá gjalda honum 1—3 kr. 11. a) Stutt vottorð um heilbrigði eða sjúkleik manns kr. 1.00. b) Nákvæm sjúkdómsskýrsla kr. 3.00. c) Nákvæm sjúkdómslýsing og rökstutt álit, t. d. um geðveika menn kr. 5.00. 12. Að skrifa bréf eftir

1908 14. febr. beiðni um meðferð á sjúklingi kr. 1.00. 13. Líkskoðun og stutt dánarvottorð kr. 2.00. 14. Lík krufið eftir einstaklings bón kr. 5.00. 15. Lík krufið eftir kröfu lögreglustjóra kr. 16.00. Ef tveir læknar hjálpast að, skiftist gjaldið jafnt á milli þeirra. 16. Fyrir efnarannsókn eða smásjárrannsókn, þá er um eitran er að ræða, ásamt skýrslu um málið kr. 4.00. Þegar lík er krufið, skal þó ekkert greiða sér í lagi fyrir slíka rannsókn. Ef meira en 5 stundir ganga til starfsins, skal greiða tvöfalt gjald. 17. Tilraun til að lífga mann úr dauðadái kr. 2.00. 18. Fyrir rannsókn á matvöru, lyfjum, húsum, vatnsbólum og því um líku, ásamt skýrslu um málið kr. 3.00. 19. Að sjá um bað á sjúklingi kr. 1.00. Að svæfa sjúkling kr. 3.00. 21. Nuddaðgerð kr. 1.00. 22. Vatnslækningaaðgerð kr. 1.00. 23. Rafmagnsaðgerð með jöfnum (konstant) straumi kr. 2.00. 24. Rafmagnsaðgerð með hvikulum (induktion) straumi kr. 1.00. 25. Dæling lyfja í holdið (auk lyfjaverðsins); dæling í þvaggang eða þarfagang kr. 1.00. Ef nákvæmrar sóttkveikjuvarúðar þarf við, skal gjalda helmingi meira. 26. Þinill (bougie) settur inn eða þvagleggur (katheter) eða þarfagangsleggur, með ídælingu eða án, og svipuð verk kr. 1.00. 27. Settur inn magakanni eða kokleggur kr. 1.00. Ef þrengsli eru í vælindanu eða skola þarf magann eða rannsaka innihald hans eftir máltíð, skal gjalda kr. 2.00. 28. Skylt er að leggja lækni til eða gjalda honum fullu verði verkfæri og umbúðir, er eigi verða notuð nema einu sinni, eða nauðsyn ber til af einhverjum ástæðum að ónýtt séu, eða sjúklingur heldur þeim til afnota framvegis. 29. Ef þau verk, sem getur um í 22.—27. lið, eru gerð margsinnis fyrir sama sjúkling, þá er ekki fult gjaldið nema þrjú fyrstu skiftin, en hálft úr því. 30. Blóðtaka kr. 1.00. B. Sérstök læknisverk. Handlæknisaðgerðir. 31. að skera í grunna ígerð, eða víkka sár kr. 1.00. 32. Að skera í djúpa ígerð kr. 5.00. 33. Sár skafið með beittum skefli, án þess að skorið sé til, kr. 1.00. 34. Að

binda um lítið sár í fyrsta sinn: a) án saums kr. 1.00. 1908
b) sárið saumað kr. 2.00. 35. Að sauma saman stórt 14. febr.
sár og binda um í fyrsta sinni kr. 5.00. 36. Að setja á meiri háttar fastar umbúðir, eða teygingarumbúðir, í hvert sinn kr. 3.00. 37. Að binda fyrir meiri háttar æð, eitt um sig, eða gera við útæðarhnút (aneurisma) kr. 8.00. 38. Að skera sundur sin kr. 3.00. 39. Að sauma saman sin kr. 5.00. 40. Taug losuð, eða skorin sundur, eða teygð, eða saumuð saman kr. 6.00. 41. Að ná út aðskotahlutum (corpora aliena): a) úr opum líkamans, án skurðar kr. 2.00. b) úr barkakýli eða vælinda án skurðar kr. 4.00. c) úr holdi, með skurði kr. 1.00—5.00. 42. Að ná aðskotahlutum eða beinflísum úr skotsári kr. 3.00. 43. Að ná út vökva með ástungu: a) úr vatnshaulvi (hydrocoele) kr. 2.00. b) úr brjóstholi, kviðholi, blöðru eða eggjastokk kr. 3.00. 44. Tekin af lítil, auðveld æxli, eða sullir, sem eru utan á líkamanum kr. 2.00. 45. Að taka af stór og erfið æxli eða sulli, er vaxið hafa utan á líkamanum kr. 8.00. Að setja legg í nefgang eyrans (tuba Eustachii) og blása inn lofti eða þrýsta inn vökva kr. 1.00. Ef oft er gjört, þá fult gjald þrjú fyrstu skiftin, en hálft úr því. 47. Að stífla nefið kr. 1.00. 48. Að brenna innan nefið eða taka úr því með galvanbrennara kr. 3.00. 49. Smáaðgjörðir á hljóðhimnu og hljóðholu kr. 2.00. 50. Erfið aðgerð á miðeyranu, inn um hlustina kr. 6.00. 51. Að bora inn í klettbeinið (proc. mastoideus) eða meitla kr. 7.00. 52. Að taka burt: a) tungukirtil kr. 2.00. b) beræxli (polyp) úr nefi eða koki kr. 4.00. c) kirtilauka úr koki kr. 4.00. 53. Smáaðgerðir á barkakýlinu, lyf sett inn í það o. þ. h. kr. 2.00. 54. Stórar aðgerðir innan í barkakýli, æxli tekin úr því kr. 15.00. 55. Að laga beinbrot og binda um: a) einn eða fleiri fingur eða tær, brotið andlitsbein eða viðbein eða herðablað, eða rif, eitt eða fleiri; brotið bein í mjaðmagrind, í úlflið, þar með talinn úlfliðsendi geislabeinsins (fractura Collesii), eða ristarkrók, í handarbaki eða rist kr. 2.00. b) upphandleggur, fram-

1903 14. febr.

handleggur, fótleggur kr. 3.00. c) lærleggur, lærbeinsháls kr. 6.00. d) hnéskel kr. 3.00. e) hnéskel saumuð saman kr. 8.00. 56. Ef bein er brotið og standa brotin út úr húðinni, hækka gjöldin í 55. lið um kr. 1.00—5.00. 57. Að taka af limi um liðamót, eða millum þeirra: a) lærleggur, upphandleggur kr. 10.00. b) fótleggur, framhandleggur kr. 8.00. c) fótur eða hönd kr. 6.00. d) fingur eða tá eða einstakir kögglar kr. 2.00. 58. Að taka nögl af fingri eða tá kr. 2.00. Ef 2 eða fleiri neglur eru teknar í senn, þá er fult gjald fyrir þá fyrstu, en hálft fyrir hverja hinna. 59. Að skilja samvaxna fingur eða tær kr. 4.00. 60. Að miðhluta leggi (resectio) kr. 10.00. 61. Að miðhluta liði eða efri kjálka, eða neðri kr. 15.00. 62. Að miðhluta rif kr. 5.00. 63. Höfuðskelin opnuð kr. 10.00. 64. Opnuð kjálkaholan kr. 4.00. 65. Að þrautrétta kreptan lim, eða brjóta upp aftur ranggróið bein kr. 6.00. 66. Að opna lið til útræslu eða til að ná út aðskotahlut kr. 6.00. 67. Bein meitlað til mergjar kr. 8.00. 68. Bein skorið sundur (osteotomi) kr. 7.00. 69. Ef það er í mjöðminni kr. 10.00. 70. Aðgerð á njórafæti (pes varoequinus) kr. 8.00. 71. Aðgerð á liðhlaupi og fyrstu umbúðir: a) kjálkaliður kr. 1.00 b) axlarliður kr. 2.00. c) augnakarlar kr. 4.00. d) ölnbogaliður, hnjáliður, öklaliður eða úlfliður kr. 3.00. e) fingurliður, táliður kr. 1.00. 72. Ef liðhlaupið er gamalt, er gjaldið tvöfalt á við það, sem til er tekið í 71. lið. 73. Hinar meiri sköpulagsaðgerðir: gert augnalok, nef, vör eða gómur; gert við margbrotið skarð í vör kr. 10.00. 74. Gert við einfalt skarð í vör kr. 6.00. 75. Að stýfa af tungunni eða tunguna af kr. 8.00. 76. Að opna barkakýlið eða barkann kr. 8.00. 77. Að skera stykki úr barkakýlinu 15.00. 78. Að opna kokið eða vælindið kr. 15.00. 79. Að skera til graftar í lungnasekknum kr. 8.00. 80. Að opna þarfagang, þvaggang eða leggang, ef luktir eru að utan kr. 3.00. 81. Að opna, ef lukt er inni fyrir í þarfagangi, þvaggangi, leggangi eða legopi kr. 7.00. 82. Aðgerð á innýflum í kviðarholi, skor-

in úr æxli, sullir skornir úr kviðarholi eða brjóstholi kr. 20.00. 83. Að ýta inn hræranlegu kviðsliti eða þarfagangssigi kr. 2.00. 84. Að þrýsta kviðsliti úr sjálfheldu kr. 6.00. 85. Aðgerð á sjálfheldu kviðsliti, fullnaðarviðgerð á kviðsliti, gerður þarfagangur, eða lokað skökkum þarfagangi (anus præternat.) kr. 15.00. 86. Aðgerð á þarfagangsfistli, eða þarfagangssigi, eða gylliniæð kr. 6.00. 87. Tekinn út þarfagangurinn kr. 15.00. 88. Tekið þvag af manni kr. 2.00. 89. Tekið þvag af konu kr. 1.00. 90. Ef aðgerðir þær, sem um getur í 88. og 89. lið, eru iðkaðar um langan tíma, þá er fult gjald í fyrsta skifti, en hálft úr því. 91. Skorin „phimosis“ eða „paraphimosis“ kr. 3.00. 92. Löguð „paraphimosis“, án skurðar kr. 1.00. 93. Þvaggangsskurður kr. 6.00. 94. Aðgerð á þvaggangsfistli kr. 6.00. 95. Að taka „penis“ af kr. 6.00. 96. Að spegla blöðruna, það eitt kr. 5.00. 97. Að skola blöðruna, það eitt kr. 1.00. 98. Að skera til steins, eða mylja stein (í einni eða fleiri lotum) kr. 20.00. 99. Aðgerð á æðahaulvi (varicocoele) kr. 5.00. 100. Að vefja heftiplástri um eista kr. 1.00. 101. Að skera í vatnshaul kr. 6.00. 102. Að taka úr annað eða bæði eistu kr. 8.00. 103. Blóðgjöf (transfusio) kr. 8.00. 104. Skift umbúðum eftir hinar meiri aðgerðir, þar sem þörf er á fullri sóttkveikjuvarúð kr. 2.00. 105. Sama eftir hinar minni aðgerðir kr. 1.00. 106. Ef oft er skift umbúðum eftir sömu aðgerð, þá er fult gjald fyrir 3 fyrstu skiftin, en hálft úr því. Augnlæknisverk. 107. Að rannsaka sjónina kr. 2.00. Ef vottorð er veitt kr. 3.00. 108. Aðgerð á of þröngri hvarmagátt, eða of víðri, eða samvaxinni kr. 4.00. 109. Aðgerð á augnaloki, ef vaxið er við augað kr. 8.00. 110. Aðgerð á úthverfðu augnaloki kr. 6.00. 111. Að skera af augnaloksfellingu, ef augahimnan er bólgin kr. 2.00. 112. Aðgerð á innhverfðu eða lafandi augnaloki (ptosis) í einni eða fleiri lotum kr. 6.00. 113. Að kanna táragöngin kr. 1.00. Ef oft er gert, þá er fult gjald fyrir 3 fyrstu skiftin, en hálft úr því. 114. Að-

1908
14. febr.

1908 14. febr. gerðir á tárasekksfistli, eða tekinn úr tárasekkur, eða gert við fistil frá tárakirtli kr. 7.00. 115. Tekinn úr tárakirtill kr. 7.00. 116. Tekið vængský (pterygium) af auga kr. 6.00. 117. Að taka út aðskotahluti: a) úr augahimnu (conjunctiva) kr. 1.00. b) úr sjáaldri (cornea) kr. 2.00. c) úr augnatótt kr. 4.00. d) úr miðju auga kr. 8.00. 118. Aðgerð á rangeygð kr. 10.00. 119. Að galvanbrenna augahimnu eða sjáaldur kr. 3.00. 120. Að lita vagl á auga (macula corneæ), í einni eða fleiri lotum kr. 7.00. 121. Skorið inn í fremra augnahólf kr. 4.00. 122. Skarð skorið í lithimnu (iris), gert ljósop i auga kr. 10.00. 123. Aðgerð á stari (cataracta) eða dreri (glaucoma) kr. 15.00. 124. Að skera starleifar úr auga, í einni eða fleiri lotum kr. 10.00. 125. Að taka auga úr manni kr. 10.00. 126. Að velja gervi-auga og setja í kr. 1.00. 127. Að setja í gerviblóðsugur kr. 2.00. Hjálp i barnsnauð og aðgerðir við kvensjúkdómum. 128. Að rannsaka, hvort kona er barnshafandi, hvort hún hefir alið barn, hvort getnaðarfærin eru heilbrigð kr. 2.00. 129. Að sitja yfir konu við eðlilegan barnsburð kr. 4.00. 130. Þegar tvíburar fæðast, þriðjungi hærra gjald. 131. Ef lengur stendur á fæðingu en 2 tíma, skal greiða fyrir hverja hálfa stund upp frá því 25 aura. 132. Að taka barn: a) með höndunum kr. 3.00. b) venda barni eða taka það með töngum kr. 4.00. c) vending, útdráttur og töng í einu; eða höfuðstunga með eða án þess að kremja höfuðið á eftir (kranioklasi); eða sundurlimun; eða nárabeinsskurður (symphyseotomi) kr. 8.00. d) þegar fylgjuna ber að, í viðbót kr. 3.00. 133. Að hjálpa þegar konu leysist höfn kr. 4.00. 134. Að koma á stað fæðingu fyrir tímann, eða fósturláti kr. 6.00. 135. Keisaraskurður á lifandi konu kr. 20.00. 136. Keisaraskurður á andaðri konu kr. 5.00. 137. Að taka fylgju, en hafa ekki hjálpað þegar barnið fæddist kr. 4.00. 138. Að stöðva blóðlát eftir barnsburð, en hafa ekki tekið barnið kr. 4.00. 139. Aðgerð á nýrri klofrifu kr. 2.00. 140.

Aðgerð á gamalli klofrifu kr. 8.00. 141. Ef rifan nær aftur að þarfaganginum kr. 10.00. 142. Aðgerð á fistli milli þarfagangs og leggangs, milli þvagblöðru og leggangs, þvagstokks og leggangs, eða því um líkt kr. 15.00. 143. Að setja lyfstauta (bacilli) inn í legið, eða skola það, eða brenna innan legháls eða legbol kr. 2.00. 144. Að setja inn leghring og laga legið kr. 2.00. 145. Að laga umhverft leg kr. 5.00. 146. Óblóðug víkkun á legopi og leghálsi kr. 3.00. 147. Blóðug víkkun á legopi kr. 4.00. 148. Saumuð saman gömul leghálsrifa kr. 7.00. 149. Að skafa innan legið kr. 4.00. 150. Að stýfa af legi út um leggánginn kr. 8.00. 151. Að taka úr legið alt kr. 20.00. 152. Að rannsaka barnfóstru kr. 2.00. Tannlæknisverk. 153. Að hreinsa allar tennur kr. 1.00. 154. Að draga úr tönn eða rót kr. 1.00. Ef margar tennur eða rætur eru dregnar úr í sama sinn, þá er fult gjald fyrir fyrstu tönn, en hálft fyrir hverja hinna. 155. Að fylla holu í tönn: a) brætt í holuna kr. 2.00. b) gull í holuna kr. 5.00. c) tin og gull í holuna kr. 3.00. 156. Að hylja bert hold í tönn, eða taka úr eða deyða kr. 1.00. Ef hold er deytt í mörgum tönnum í senn, þá er fult gjald fyrir fyrstu tönn, en hálft úr því. 157. Öll sóttkveikjuhreinsun á holri tönn eða tannfari kr. 1.00. 158. Að opna ígerð inn í munni og aðrar, einfaldar, blóðgar aðgerðir kr. 1.00. 159. Meiri háttar, blóðgar aðgerðir í munninum kr. 3.00. 160. Sorfnar randir af tönn kr. 1.00. Ef margar eru sorfnar í senn, fult gjald fyrir hina fyrstu, en hálft úr því. 161. Að deyfa tannhold, þá er gert er að tönn kr. 1.00. 162. Að stilla mikla blóðrás eftir tannaðgerð kr. 1.00. 163. Að gera gervitannaflögu úr kásúki kr. 5.00. 164. Viðgerð á tannflögu, hálft gjald. 165. Fyrir hverja tönn, sem fest er í flöguna (163), kr. 3.00. Fyrir hvern jaxl, í viðbót, kr. 3.00. 166. Krókar eða spengur úr dýrum málmi, til þess að festa eða styrkja flöguna, kr. 3.00. 167. Tannflaga úr dýrum málmi, auk málmverðs, kr. 7.00. 168. Hver tönn fest á þá flögu (167) kr. 5.00. 169. Fyrir stingtönn kr. 5.00.

1908 14. febr.

1908 14. febr. 170. Fjaðrir og fjaðrahöld úr gulli á heilan tanngarð kr. 7.00.

14. febr. **Prófreglugjörð fyrir Gagnfræðaskólann á Akureyri.**[1])

Samkvæmt 11. gr. í auglýsingu 11. nóvbr. 1905, um reglugjörð fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri, eru hér með settar eftirfarandi reglur um það, hvernig hagað skuli gagnfræðaprófi við téðan skóla. — 1. kafli. Um skólanemendur. **1. gr.** Burtfararpróf gagnfræðaskólans á Akureyri nefnist gagnfræðapróf. Þeir, sem undir það ganga, skulu reyndir í því, sem þeir hafa lesið í gagnfræðadeildinni, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvörðunum þeim, er hér fara á eftir. Skólameistari ákveður í samráði við kennara og með samþykki stjórnarráðs, að hve miklu leyti sleppa megi ýmsum köflum úr því, sem lesið hefir verið í allri deildinni. — **2. gr.** Ekkert gagnfræðapróf skal halda í: 1) teiknun, 2) handavinnu, 3) leikfimi, 4) söng. En leggja skal fram teikningar þær og handavinnu, sem nemendur hafa leyst af hendi í skólanum síðasta skólaár, og skal gefa einkunn fyrir hvort um sig. Sýna skal í lok skólaársins leikni í líkamsæfingum og söng þeirra nemenda, er gagnfræðapróf eiga að taka. Hinir skipuðu prófdómendur skulu ásamt kennara dæma um teikningar og handavinnu. — **3. gr.** Gagnfræðaprófinu skal haga þannig: I. Íslenska. a. Munnleg. Nemendur skulu hafa til prófsins að minsta kosti 200 bls. í 8vo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum; skal það bæði vera bundið mál og óbundið, valið úr fornbókmentunum, og einkum úr bókmentum síðari alda, ýmislegs efnis. Hver nemandi skal látinn lesa kafla úr óbundnu máli, er hann hefir ekki lesið áður í skólanum; má kaflinn ekki vera þyngri að efni né máli en það, sem lesið hefir verið í skólanum; hann skal og látinn lesa kafla í ljóðum. Gjöra skal hann grein fyrir efni þess,

1) Augl. 36, $^{22}/_{11}$ 1918.

sem hann er látinn lesa. Ennfremur skal kennarinn taka til meðferðar hefilega langan kafla af því, sem til prófs hefir verið ætlað, láta nemandann sega frá efni hans með eigin orðum, og gjöra nokkra grein fyrir einstökum orðum og setningum. Við einkunnargjöfina skal taka sérstakt tillit til þess, hvernig lesið er. — b. Skrifleg. Nemendur skulu skrifa endursagnarstíl og ritgjörð, annaðhvort frásögulegs efnis, eða lýsingu á einhverju, er þeir þekkja eða hafa fyrir augunum. Eigi skal verkefnið vera mjög umfangsmikið. — II. Danska. a. Munnleg. Nemendur skulu hafa til prófsins að minsta kosti 100 bls. í 8vo af því, sem þeir hafa lesið í skólanum. Skal reyna þá í kafla úr þessu og í stuttum ólesnum kafla auðveldum. Prófið fari fram sumpart með samtali á dönsku um kaflann eða endursögn hans, sumpart með því að þýtt sé á íslenzku svo mikið sem þurfa þykir til þess að ganga úr skugga um, að nemandinn skilji kaflann. Í málfræði sé nemandinn aðallega reyndur á þann hátt, að hann sé látinn setja saman óflóknar smásetningar, er sem mest séu leiddar út úr kaflanum, sem prófað er í. — b. Skrifleg. Nemendur skulu snúa hæfilegum kafla úr íslenzku á dönsku. — III. Enska. Prófið er bæði munnlegt og skriflegt, og skal haga því á sama hátt og prófinu í dönsku. — IV. Saga. Prófið er munnlegt, og skal láta nemandann segja frá kafla í samhengi og sömuleiðis svara einstökum spurningum, sem fyrir hann eru lagðar. — V. Landafræði. Prófið er munnlegt, og á að styðjast við uppdrætti landa, myndir eða önnur áhöld við landafræðiskenslu. — VI. Náttúrusaga. Prófið er munnlegt og skal leggja aðaláherzlu á það, að nemendur geti glögglega lýst náttúrugripum eða myndum, sem þeim eru sýndar, og kunni að gjöra grein fyrir líffærum, gerð þeirra og störfum. Spurningar úr heilsufræði þarf ekki að leggja fyrir alla nemendur, og eigi skal velja aðalspurninguna handa nokkrum nemanda úr henni. — VII. Eðlisfræði. Prófið er munnlegt, og skal nota myndir eða önnur kenslu-

1908
14. febr.

1908 áhöld við það eftir föngum. Hverjum nemanda skal fá
14. febr. eitt eða tvö verkefni, eftir því hve yfirgripsmikil þau eru. Séu þau tvö, má annað þeirra vera efnafræðislegs efnis, en eigi skal það vera aðalúrlausnarefnið. — VIII. Stærðfræði. Prófið er bæði munnlegt og skriflegt. a. Reikningur. Munnlega prófinu skal þannig haga, að það sýni, hve vel nemendur skilji reikningsreglurnar og leikni þeirra í að hagnýta sér þær. Við skriflega prófið skulu nemendum fengin til úrlausnar að minsta kosti tvö dæmi. Skal velja þau þannig, að þeir geti beint hagnýtt sér reikningsreglur, sem þeir hafa lært. — b. og c. Talnafræði og flatarmálsfræði. Við munnlega prófið skal einkum reyna nemendur í flatarmálsfræði, og ber við prófdóminn að taka sérstaklega tillit til þess, hvort nemandinn getur gert nákvæma og skýra grein fyrir því, sem hann hefir lært. Við skriflega prófið skal fá nemendum tvö verkefni til úrlausnar. Þau skal þannig velja, að hægt sé beint að hagnýta sér við úrlausnina einhverja þá setningu, eða aðferð, sem þeim hefir verið kend í skólanum. Skal annað dæmið vera uppdráttardæmi (Konstruktion), en hitt reikningsdæmi, eða líking. Við prófdóminn skal hafa hliðsjón af því, hvernig teikningin er af hendi leyst. — 4. gr. Þrír prófdómendur skulu dæma um hina skriflegu og munnlegu frammistöðu í hverri grein. Skal einn þeirra vera kennarinn í þeirri námsgrein, sem prófið er í, en af hinum tveim velur stjórnarráðið annan, en hinn skólameistari. — 5. gr. Allar einkunnir hafa sama gildi. Einkunnir fyrir skriflegar úrlausnir á ekki að leggja saman við einkunnir fyrir munnlega frammistöðu í sömu námsgrein. Að eins eina einkunn skal gefa fyrir alla hina munnlegu frammistöðu í held sinni í hverri námsgrein, og aðra einkunn fyrir skriflega, og það eins þótt lagt sé fyrir nemandann fleiri en eitt verkefni til úrlausnar, eða þótt námsgreinir skiftist í fleiri deildir. – 6. gr. Einkunnir eru þrennskonar: 1. Prófseinkunnir eru þær einkunnir, sem gefnar eru fyrir munnlega eða skriflega

frammistöðu við gagnfræðapróf í hverri einstakri náms- 1908
grein. Sömuleiðis einkunnir þær, sem gefnar eru við 14. febr.
gagnfræðaprófið fyrir teikningu og handavinnu. Við munnlegt próf eiga prófdómendurnir, að afloknu prófi í hverri námsgrein, að bera saman einkunnirnar, sem þeir hafa gefið, og kveða upp að því loknu prófseinkunn hvers nemanda í námsgreininni. — 2. Árseinkunnir eru meðaltal þeirra þriggja einkunna, er hver kennari gefur í sinni kenslugrein, eða sínum kenslugreinum, til þess að láta í ljósi álit sitt um ástundun og kunnáttu nemenda í þeim námsgreinum, sem hann kennir. Skulu þær einkunnir ritaðar í bók, sem til þess er ætluð, og meðaltal þeirra reiknað út við lok kensluársins og fært inn í bók þessa. — 3. Fullnaðareinkunnir. Fullnaðareinkunn er sú einkunn, sem kemur út, þegar lögð er saman prófseinkunn, sem gefin hefir verið fyrir munnlega frammistöðu í námsgrein, eða fyrir skólavinnu þá, sem lögð hefir verið fram til þess að um hana sé dæmt, og árseinkunn í námsgreininni, og því, sem út kemur, síðan deilt með 2. Prófseinkunn fyrir skriflega úrlausn í námsgrein er fullnaðareinkunn í henni. Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum (ritleikni), söng og leikfimi, skal vera fullnaðareinkunn í greinum þessum. Í öllum þeim námsgreinum, sem munnlegt próf er haldið í, skal fullnaðareinkunn gefin eftir framanrituðum reglum. Í öllum þeim námsgreinum, sem munnlegt próf fellur burt í samkvæmt ákvæðum þeim, sem um það kunna að vera gerð, skal árseinkunn vera fullnaðareinkunn. Skólameistari sér um samlagning árseinkunna og fullnaðareinkunna, og að allar árseinkunnir, prófeinkunnir og fullnaðareinkunnir sé ritaðar í sérstaka bók. — 7. gr. Við gagnfræðapróf skal gefa þessar einkunnir: 8, 6, 4, 0. Við samlagning á þessum einkunnum geta komið fram millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1. Einkunnina 8 skal að eins gefa þá er frammistaða nemanda er óvenjulega góð, en einkunnina 0 aftur á móti, er frammistaðan er afaraumleg. Fyrtaldar einkunnir: 8, 6, 4, 2 og 0, skal og gefa á skólaárinu og reikna árseinkunnina út eftir þeim. Við þann útreikning geta

1908 14. febr. komið fram síðartaldar einkunnir (millieinkunnirnar 7, 5, 3 og 1). Sleppa skal öllum brotum, en halda einungis heilu tölunum, þegar deilt er einkunnum þeim, sem gefnar eru á skólaárinu, og sömuleiðis þegar meðaltal er tekið af árseinkuninni og prófseinkuninni. — Árseinkunn fyrir frágang á skriflegum úrlausnum kemur út við það, að lagðar eru saman einkunnir þær, sem allir kennarar í námsgreinum þessum hafa gefið á skólaárinu, og útkomunni síðan deilt með tölu einkunnanna; komi út meira brot en ½, sé það hækkað upp í heilan, en ½ og þaðan af minna broti sé slept. — 8. gr.[1]) Til þess að standast gagnfræðapróf má meðaleinkunn í íslenzku, dönsku, ensku, sagnfræði, landafræði, náttúrusögu, eðlisfræði, stærðfræði, teiknun og frágangi á skriflegum úrlausnum eigi vera lægri en 3,5, reiknað eftir framanskráðum reglum. Þó skal nemanda þeim, sem við munnlegt eða skriflegt próf fær prófseinkunnina 0 tvisvar sinnum, vísað frá prófi. — 2. kafli. Um utanskólanemendur. 9. gr. Foreldrar eða vandamenn utanskólanemenda, sem ætlað er að ganga undir burtfararpróf gagnfræðaskólans, skulu senda skólameistara umsókn um það fyrir 15. dag aprílmánaðar, ásamt vottorði frá manni eða mönnum, sem lokið hafa burtfararprófum við gagnfræðaskólann eða hinn almenna mentaskóla eða öðrum jafngildum prófum, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið og numið. — 10. gr. Utanskólanemendur skulu hafa lesið og numið alt það, er lesið er og numið í allri gagnfræðadeildinni eða jafngildi þess, og skulu ganga undir próf í því öllu, svo og í teiknun og handavinnu. Er kennurum skylt að haga svo prófinu í samráði við prófdómendur, að nægileg vissa fáist um það, að nemendur hafi náð tilætlaðri kunnáttu og þroska. Prófseinkunn utanskólanemenda er fullnaðareinkunn þeirra.

1) Augl. 36, $^{22}/_{11}$ 1918.

II. BINDI, 6.—10. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON
PRÓFESSOR JURIS

REYKJAVÍK
ÚTGEFANDI; EGILL GUTTORMSSON
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN
1926

Hvað eru lög í landi voru?

Þessari spurningu getur hver og einn svarað sér sjálfur, hvenær sem er, með því að kaupa og eiga þetta nauðsynlega lagasafn, sem heldur nú áfram að koma út árlega, þar til öll íslensk lög sem í gildi eru, eru komin á prent í heild. Aftan við lagasafnið kemur mjög greinilegt efnisyfirlit, svo að afar auðvelt verður að finna þau lög sem leitað er eftir.

Lög Íslands eiga að vera til á hverju einasta heimili á landinu.

Áskrifendur fá sérstök vildarkjör.

Menn óskast um land alt til að safna áskrifendum.

Lög Íslands inn á hvert heimili, það er markið.

Egill Guttormsson.
Pósthólf 181. Reykjavík.

II. BINDI, 11.—12. HEFTI

LÖG ÍSLANDS

ÖLL ÞAU, ER NÚ GILDA

SAFNAÐ HEFIR

EINAR ARNÓRSSON

PRÓFESSOR JURIS

REYKJAVÍK

ÚTGEFANDI; EGILL GUTTORMSSON

FÉLAGSPRENTSMIÐJAN

1927